Kostnaður við breytingu í hægri umferð var áætlaður 34.6 m.kr. í fjárlögum 1968. Á móti voru tekjur af sérstökum bifreiðaskatti áætlaðar 16.2 m.kr., en ákveðið var með sérstökum lögum að fjárhagna mismuninn, 18.4 m.kr., með lántöku. Gert er ráð fyrir, að sérstakur bifreiðaskattur, 17.0 m.kr., sem færður er tekna megin í fjárlög, gangi til endurgreiðslu á láninu, og eru þau útgjöld færð á liðinn „Ýmis lán ríkissjóðs" undir fjármálaráðuneytinu. Fjárveiting til almannavarna lækkar um 3.0 m.kr., en þar sem framkvæmd var sama lækkun eftir samþykkt fjárlaga 1968 með framangreindum lögum, er um óbreytta fjárveitingu að ræða. Kostnaður við löggæzlu er áætlaður 4.1 m.kr. lægri en í fjárlögum 1968, en miðað við lækkun þess liðs um 6.8 m.kr. með sérstökum lögum kemur fram 2.7 m.kr. hækkun, eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir. Á móti hækkar framlag til landhelgisgæzlu sökum framlags í landhelgissjóð um 4.2 m.kr., enda þótt um verulegan sparnað sé að ræða í rekstri, sbr. skýringar hér á eftir. Loks hækkar kostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur um samtals 1.1 m.kr.

Heilbrigðismál. Á þessum málefnaflokki verður 49.0 m.kr. hækkun, sem stafar að verulegu leyti af því, að í sambandi við kerfisbreytingu á ríkisframfærslunni, sem komin er til framkvæmda, er framfærsla fávita nú á sviði þessa ráðuneytis, en útgjöld vegna þeirrar framfærslu eru áætluð 29.7 m.kr. árið 1968. Hins vegar á hækkunin rætur að rekja til aukningar framlaga til ríkisspítala, samtals 18.8 m.kr., og er þá miðað við sömu daggjöld og í fjárlögum 1968. Vísast til greinargerðar um þessi efni í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir.

05 Félagsmálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum á sviði þessa ráðuneytis:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968	Breyting vegna ráðst. tekjust.
Yfirstjórn	+ 0.6	0.2	
Almannatryggingar	202.6		45.8
Húsnæðismál	22.8	5.7	28.8
Önnur félagsmál	156.3	2.5	0.9
Samtals	68.5	8.4	75.5

Yfirstjórn. Lækkunin, 0.6 m.kr., stafar af starfsmannafækkun í sambandi við tilfærslu ríkisframfærslunnar til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá var gert ráð fyrir 0.2 m.kr. lækkun á útgjöldum aðalskrifstofu ráðuneytisins með lögum nr. 5/1968, þannig að raunveruleg lækkun nemur 0.4 m.kr.

Almannatryggingar. Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnuleysistryggingasjóðs hækka um 202.6 m.kr. Af þeirri hækkun stafa 45.8 m.kr. af auknum iðgjaldatekjum, sem teljast til ráðstafaðra tekjustofna, en í mismuninum, 156.8 m.kr., er meðtalinn kostnaður við ríkisframfærslu, sem nam 121.6 m.kr. í fjárlögum 1968. Aukning á beinu framlagi ríkissjóðs er því 35.2 m.kr., sem skiptast þannig: Til sjúkratrygginga að meðtalinni ríkisframfærslu 40.3 m.kr., til atvinnuleysistrygginga 4.0 m.kr., en sökum inneignar um s. l. áramót lækkar framlag til lífeyristrygginga um 9.2 m.kr. Framlag til sjúkratrygginga er hér áætlað samkv. eldri lögum, þar sem ekki er enn þá fengin niðurstaða um framkvæmd laga nr. 83/1967, um breytingu á almannatryggingalögunum.

Húsnæðismál. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 22.8 m.kr. frá fjárlögum 1968, en með lögum nr. 5/1968 var kostnaði við skyldusparnað, 5.7 m.kr., létt af Húsnæðismálastjórn, þannig að raunverulega er um 28.5 m.kr. hækkun að

ræða. Skýrist hún fyrst og fremst af áætlaðri hækkun ráðstafaðra tekjustofna, þ. e. launaskatts og byggingarsjóðsgjalda af innflutningi og tekju- og eignarskatti.

Önnur félagsmál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 156.3 m.kr. lækkun, sem stafar einkum af áðurnefndri tilfærslu á ríkisframfærslu, sem færð var undir þennan lið í fjárlögum 1968. Enn fremur lækkar liðurinn um 2.5 m.kr. vegna kostnaðar við framkvæmd orlofslaga, sem nú er borinn af Pósti og síma, sbr. lög nr. 5/1968, og merkir því ekki raunverulega lækkun. Loks lækka byggingarstyrkir til nokkurra félagssamtaka um samtals 4.6 m.kr.

06 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar, sem tilheyra fjármálaráðuneytinu, breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968	Breyting vegna ráðst. tekjust.
Yfirstjórn	1.3	0.4	0.8
Toll- og skattheimta	2.0		0.3
Lífeyrissj., styrktarfé og eftirl.	÷ 6.4		
Annað	19.3	11.0	÷ 1.0
Samtals	16.2	11.4	0.1

Yfirstjórn. Kostnaður við yfirstjórn hækkar um 1.3 m.kr. frá fjárlögum 1968. Af lækkun á kostnaði við stjórnarráðið með lögum nr. 5/1968 komu 0.4 m.kr. í hlut aðalskrifstofu ráðuneytisins, þannig að hækkunin verður 1.7 m.kr. miðað við það. Af þeirri hækkun stafa 0.8 m.kr. af hækkun ráðstafaðs tekjustofns, sérstaks bifreiðaskatts vegna hægri umferðar, sem nú rennur til endurgreiðslu láns eins og fyrr greinir. Að öðru leyti á hækkunin rætur að rekja til aukinna vaxtagreiðslna af ýmsum lánum ríkissjóðs svo og vegna nýtingar skýrsluvéla í sambandi við ríkisbókhaldið.

Toll- og skattheimta. Á þessum flokki verður 2.0 m.kr. hækkun, sem stafar að verulegu leyti af verðlagsuppbótum á laun í viðkomandi stofnunum, en 0.3 m.kr. af hækkuninni eiga rætur að rekja til hækkunar á ráðstöfuðum tekjustofni, tollstöðvargjaldi.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Framlög til lífeyrissjóða munu hafa verið ofáætluð í fjárlögum 1968, og stafar lækkunin á þessum málefnaflokki, 6.4 m.kr., að mestu leyti af því.

Annað. Hér kemur fram 19.3 m.kr. hækkun, og með tilliti til 10.0 m.kr. lækkunar á framlagi til ríkisábyrgðasjóðs með lögum nr. 5/1968 verður hækkunin 30.3 m.kr., en ráðstafaður tekjustofn, áhættuiðgjald vegna ríkisábyrgða, lækkar um 1.0 m.kr.

Vextir af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum hækka um 10.0 m.kr., og tekinn er inn nýr liður, dómkröfur og málskostnaður, 1.0 m.kr. Loks hækkar framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 9.0 m.kr. frá fjárlögum 1968, en um 19.0 m.kr. með tilliti til framangreindrar lækkunar á framlagi árið 1968.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið. Á málefnaflokkum, sem tilheyra þessu ráðuneyti, verða þessar breytingar:

	Breyting frá fjárl. 1968	Lækkun skv. lögum nr. 5/1968	Breyting vegna ráðst. tekjust.
Yfirstjórn	0.1	0.1	
Vegamál	159.2		165.9
Önnur samgöngumál	17.4	1.5	
Iðnaðarmál	÷ 0.2		0.7
Annað	÷ 0.5		
Samtals	176.0	1.6	166.6

Vegamál. Framlög til vegamála hækka um 159.2 m.kr. Skýrist sú hækkun af ráðstöfuðum tekjustofnum, er renna í vegasjóð, samtals 165.9 m.kr., en mismunurinn á hækkun tekna og útgjalda, 6.7 m.kr., er vegna lækkunar á beinu framlagi ríkissjóðs um sömu upphæð, annars vegar lækkun á framlagi til Kísilvegar um 7.3 m.kr. og hins vegar hækkun á öðrum beinum framlögum um 0.6 m.kr. Hér er um bráðabirgðatölur varðandi tekjur og gjöld vegasjóðs að ræða, þar sem vegaáætlun liggur ekki fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. Vísast að öðru leyti til athugasemda við Vegagerð ríkisins hér á eftir.

Önnur samgöngumál. Meginbreytingarnar innan þessa málefnaflokks eru 25.0 m.kr. hækkun vegna smíði tveggja strandferðaskipa og 8.1 m.kr. lækkun á vitamálum í sambandi við yfirtöku Landhelgisgæzlunnar á rekstri vitaskipsins „Árvakurs". Þá voru með lögum nr. 5/1968 lækkuð framlög til Ferðaskrifstofu ríkisins um 0.9 m.kr. og til vitabygginga um 0.6 m.kr., og er miðað við, að sú lækkun haldist í fjárlögum 1969.

08 **Viðskiptaráðuneytið.** Helztu breytingar á málefnaflokkum, er tilheyra viðskiptaráðuneytinu, eru þessar:

	Breyting frá fjárlögum 1968
Yfirstjórn	1.4
Niðurgreiðslur	1.0
Annað	÷ 0.2
Samtals	2.2

Yfirstjórn. Hækkun á þessum lið, 1.4 m.kr., stafar að mestu af kostnaði vegna athugunar á aðild að EFTA, 0.8 m.kr., og vegna tveggja nefnda um athugun á verðmyndun og samkeppnishömlum, 0.4 m.kr.

Niðurgreiðslur. Sú 1.0 m.kr. hækkun, sem áætluð er á niðurgreiðslum, er einungis afleiðing eðlilegrar neyzluaukningar í sambandi við fólksfjölgun.

09 **Hagstofa Íslands.** Hækkun 0.7 m.kr. og

10 **Ríkisendurskoðun,** hækkun 0.2 m.kr., stafar að mestu af verðlagsuppbótum á laun.

Tekjuhlið.

Sökum mikillar óvissu um efnahagshorfur á árinu 1969 við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, er tekjuáætlun óvenjumiklum vandkvæðum bundin. Verður raunar að líta á tekjuáætlun frumvarpsins með allmiklum fyrirvara, og er gert ráð fyrir, að hún verði endurskoðuð, þegar líður að samþykkt fjárlaga og horfur í efnahagsmálum taka að skýrast. Þessi áætlun er í stórum dráttum byggð á svipuðu atvinnustigi og umfangi viðskipta og á yfirstandandi ári.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 6 592.1 m.kr., sem er 350.6 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1968, eða 5.6%. Fyrirfram ráðstafaðir tekjustofnar nema 1 469.4 m.kr., en það er 240.9 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1968, eða 19.6%. Stafar sú hækkun að verulegu leyti af hækkun tekjustofna, er renna í vegasjóð. Tekjur að frátöldum ráðstöfuðum tekjustofnum hækka því um 109.7 m.kr., eða 2.2%.

Persónuskattar. Skv. frumvarpinu hækka persónuskattar um 46.0 m.kr., er stafar einkum af þeirri 10% hækkun gjalda til almannatrygginga, sem framkvæmd var um s. l. áramót.

Eignarskattar. Eignarskattar hækka um 3.1 m.kr., og er þá gert ráð fyrir óbreyttri skattgjaldseign frá 1968 og líku innheimtuhlutfalli. Hækkunin stafar þannig eingöngu af aukinni innheimtu eftirstöðva, en sem kunnugt er hækkuðu eignarskattar að mun á árinu 1968.

Tekjuskattar. Tekjuskattar hækka um 47.3 m.kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 55.0 m.kr., en tekjuskattur félaga lækkar um 8.1 m.kr. Er þá gert ráð fyrir 4% hækkun álagningar og óbreyttu innheimtuhlutfalli á skatti einstaklinga,

en óbreyttri álagningu og nokkurri lækkun innheimtueftirstöðva af skatti félaga. Þá verður 0.4 m.kr. hækkun á byggingarsjóðsgjaldi.

Gjöld af innflutningi. Þessi skattaflokkur hækkar um 139.0 m.kr. Aðflutningsgjöld hækka um 49.4 m.kr., aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum um 10.0 m.kr., tekjur vegasjóðs af gúmmígjaldi og innflutningsgjaldi af benzíni um 88.7 m.kr. Hins vegar lækkar gjald af bifreiðum og bifhjólum um 10.0 m.kr., en nettóhækkun á öðrum liðum nemur 0.9 m.kr.

Gjöld af framleiðslu. Heildarhækkun á þessum lið, þ. e. gjöld af innlendum tollvörum, sælgætisgjald og flöskugjald, nemur 3.9 m.kr.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu hækka í heild um 21.9 m.kr. Söluskattstekjur eru áætlaðar 14.7 m.kr. lægri en í fjárlögum 1968, en þar var reiknað með 45.0 m.kr. vegna söluskatts á þjónustu pósts, síma og útvarps, sem síðar var fallið frá að leggja á, þannig að raunverulega er um 30.3 m.kr. hækkun að ræða. Launaskattur er áætlaður 28.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1968 sökum vanáætlunar þar. Áætluð er 22.5 m.kr. aukning á rekstrarhagnaði ÁTVR, m. a. vegna verðhækkunar á áfengi og tóbaki snemma árs 1968. Loks lækkar síldargjald um 10.8 m.kr., en tekjur af gjaldinu voru hækkaðar vegna mistaka í meðförum þingsins í fyrra, og hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum lækkar um 2.4 m.kr. Óverulegar breytingar verða á öðrum liðum, eða 0.7 m.kr. lækkun í heild.

Aðrir óbeinir skattar. Bifreiðaskattur, sem rennur í vegasjóð, hækkar um 77.2 m.kr., en litlar breytingar verða á öðrum liðum, eða samtals 5.7 m.kr. hækkun, þannig að í heild hækkar þessi flokkur skatta um 82.9 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Á þessum lið kemur fram 8.6 m.kr. hækkun, þar af 2.3 m.kr. frá Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli og 4.5 m.kr. frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, en þar hafa tekjur verið hækkaðar um 3.5 m.kr., sem áætlaðar voru til fjárfestingarframkvæmda. Er gert ráð fyrir, að þingið taki ákvörðun um þetta mál, þegar nánari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir liggja fyrir. Loks er tekinn inn nýr liður, Landshafnir, en þar er um að ræða það fjármagn, sem er til ráðstöfunar úr rekstri hafnanna, og er ætlazt til, að það gangi til endurgreiðslu landshafnalána.

Ýmsar tekjur. Á liðnum verður 2.1 m.kr. lækkun. Vaxtatekjur eru áætlaðar 5.0 m.kr. lægri en í fjárlögum 1968, en inn kemur nýr liður, tekjur af sameignum ríkisins, 2.7 m.kr. Að öðru leyti er um óverulegar breytingar að ræða.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

101 **Embætti forseta Íslands.** Allir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1968.

201 **Alþingi.** Þingfararkaup alþingismanna hækkar um 1 600 þús. kr. vegna hækkunar launa, húsnæðiskostnaðar svo og dvalar- og ferðakostnaðar. Er hér um að ræða hækkun, sem orðið hefur frá árinu 1967. Hins vegar lækkar annar kostnaður verulega, einkum vegna þess að lokið er umfangsmiklum viðgerðum á Alþingishúsinu, þannig að heildarfjárveiting lækkar um 276 þús. kr.

401 **Hæstiréttur.** Laun hæstaréttardómara eru færð undir þennan lið, en eðlilegra þykir, að liðurinn sé undir æðstu stjórn ríkisins heldur en dómsmálaráðuneytinu, svo sem var í fjárlögum 1968.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Undir þennan lið eru færðar fjórar deildir menntamálaráðuneytisins, og er það breyting frá uppsetningu í fjárlögum 1968. Kostnaður við skólarannsóknir hækkar um 251 þús. kr. vegna ráðningar nýs sérmenntaðs starfsmanns og útgáfukostnaðar. Kostnaður við aðrar deildir lækkar um svipaða upphæð, þannig að í heild er um óbreytta fjárveitingu að ræða.

102 **Efnahagsstofnunin.** Liðurinn hækkar um 241 þús. kr., sem er afleiðing af sí-

vaxandi verkefnum, er stofnuninni eru fengin í hendur. Er hér um að ræða þriðja hluta við rekstur stofnunarinnar, sem borinn er af ríkissjóði.

201 **Háskóli Íslands.** Heildarhækkun fjárveitingar til háskólans nemur 3 millj. kr. Meginorsökin er sú, að tekin verður upp kennsla í náttúrufræði við verkfræðideild, og er kostnaður við hana áætlaður 1 250 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að auka starfslið á skrifstofu um ritara og fulltrúa, sem m. a. mun hafa með höndum skráningu stúdenta og umsjón með prófum, en sýnt er, að óbreytt starfslið skrifstofunnar hefði vart annað hinum síauknu verkefnum. Þá er bætt við dósentsembætti í almennum bókmenntum. Kostnaðarauki vegna starfsliðs á skrifstofu og dósentsembættis er 472 þús. kr., og aukning vegna stundakennslu og verðlagshækkana nemur 870 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar að öðru leyti um rösklega 400 þús. kr. vegna verðlagshækkana.

202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Launaliður hækkar um 1 064 þús. kr., annars vegar vegna ráðningar eins læknis og tilfærslu starfsmanns á læknakjör, 828 þús. kr., og hins vegar vegna verðlagsuppbótar og aldursflokkahækkana, 236 þús. kr. Aðrir liðir hækka um 86 þús. kr. nettó, þannig að heildarhækkun útgjalda nemur 1 150 þús. kr. Hins vegar hækka tekjur um svipaða upphæð, þannig að fjárveiting er nánast óbreytt.

203 **Raunvísindastofnun Háskólans.** Liðurinn hækkar um 680 þús. kr., þar af laun 508 þús. kr. vegna ráðningar nýs sérfræðings og verðlagshækkana, og önnur rekstrargjöld um 172 þús. kr.

205 **Handritastofnun Íslands.** Liðurinn hækkar um 232 þús. kr. vegna nýs sérfræðings, sem látið hefur af störfum í Árnasafni, en samkomulag hafði verið gert um það, að sérfræðingar í Árnasafni verði samþykktir sem starfsmenn handritastofnunar, eftir því sem þeir létu af störfum í Kaupmannahöfn.

271 **Reiknistofnun Háskólans.** Hækkun á þessum lið nemur 424 þús. kr. vegna þess að gert er ráð fyrir ráðningu í eitt og hálft sérfræðingsstarf. Miðast sú ráðstöfun við það, að stofnunin verði undir það búin að taka í vaxandi mæli að sér rannsóknir fyrir opinbera aðila og aðra. Er ráðgert, að á næsta ári geri stofnunin ýmsar athuganir og rannsóknir á sviði heilbrigðismála, er orðið gætu grundvöllur að bættum rekstri og skipulagi þeirra mála.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Fjárveiting til skólans er áætluð 1 544 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968, sökum þess að fimm nýjum bekkjardeildum verður bætt við haustið 1968.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Liðurinn hækkar um 888 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 208 þús. kr. Mismunurinn, 680 þús. kr., er fólginn í hækkun launaliðs um 382 þús. kr. og annarra rekstrargjalda, 298 þús. kr., og stafar af fjölgun bekkjardeilda og nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1968.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Liðurinn hækkar um 888 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 111 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launahækkanir sökum verðlagsuppbótar.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Af hækkuninni, 333 þús. kr., eru vextir af byggingarlánum 111 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launahækkanir sökum verðlagsuppbótar.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Hækkun áætlaðrar fjárveitingar nemur 4 664 þús. kr., en nemendum fjölgar um 160 í sjö bekkjardeildum haustið 1968.

321 **Kennaraskólinn.** Liðurinn hækkar í heild um 1 489 þús. kr. Liðirnir vextir og gjaldfærður stofnkostnaður lækka um samtals 558 þús. kr., þannig að aðrir rekstrarliðir hækka um rösklega 2 millj. kr., en veruleg aukning verður á kennarafjölda og nemendum skólans haustið 1968.

322 **Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans. Byggingarstyrkur.** Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. framlagi ríkisins árið 1969, sem er 700 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1968. Er þá gert ráð fyrir, að með 2.4 millj. kr. framlagi ríkisins árið 1970 muni byggingunni ljúka á því ári.

336 **Húsmæðrakennaraskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 153 þús. kr., einkum vegna aukinnar stundakennslu, en nemendum fjölgar um helming haustið 1968.

401 **Fræðslumálaskrifstofan.** Fjárveiting er áætluð 1 627 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968. Kostnaður við yfirstjórn lækkar um 767 þús. kr., vegna þess m. a. að hluti af starfseminni hefur flutzt yfir á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. Liðurinn námsstjórar lækkar um 1 284 þús. kr. í samræmi við lög nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda. Á móti hækkar kostnaður við sundskyldu í skólum um 300 þús. kr. og aðrir liðir um 124 þús. kr. samtals.

422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Kostnaður við rekstur er áætlaður 1 270 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968 vegna aukningar á bókaútgáfu. Þar sem afborganir lána lækka um 1 040 þús. kr. verður hækkun fjárveitingar að meðtöldum tekjum af námsbókagjaldi 230 þús. kr., og er þá miðað við sama námsbókagjald og 1968.

431 **Iðnfræðsluráð.** Liðurinn hækkar um 192 þús. kr., þar af 47 þús. kr. vegna hækkunar á þóknun til iðnfulltrúa, 50 þús. kr. vegna nauðsynlegs útbúnaðar í spjaldskrá og 95 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og aukins rekstrarkostnaðar.

501 **Tækniskólinn.** Fjárveiting er áætluð 2 364 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968 og stafar af minni byggingarframkvæmdum, sem námu 4.5 millj. kr. árið 1968. Er nú tekin inn fjárveiting að upphæð kr. 1 750 þús. kr. til að ljúka innréttingum á húsnæði skólans. Starfsemi skólans verður óbreytt að öðru leyti en því, er varðar fjölgun nemenda, og stafar hækkun rekstrarkostnaðar um 386 þús. kr. af þeirri fjölgun.

514 **Iðnfræðsla.** Kostnaður við iðnfræðslu er áætlaður um 100 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968. Heildarkostnaður nemur 22 104 þús. kr., þar af 16 564 þús. kr. rekstrarkostnaður og 5 540 þús. kr. stofnkostnaður, sem er óbreyttur frá fjárlögum 1968.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Liðurinn hækkar um 777 þús. kr., þar af vextir af byggingarlánum 121 þús. kr. Mismunurinn, 656 þús. kr., stafar af aukinni stundakennslu og verðlagsuppbótum á laun, 426 þús. kr., gjaldfærðum stofnkostnaði, 170 þús. kr. (sem er þegar áfallinn kostnaður), og annar kostnaður hækkar um 160 þús. kr. Nemendum við skólann mun fjölga um 30 haustið 1968.

541 **Húsmæðraskólinn í Reykjavík.** Liðurinn hækkar um tæplega 500 þús. kr., einkum vegna tilfærslu viðhalds af sameiginlegum kostnaði húsmæðraskólanna.

608 **Gagnfræðamenntun.** Kostnaður er áætlaður 7 839 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968. Heildarupphæðin er 161 365 þús. kr., þar af 149 931 þús. kr. vegna rekstrar, og kemur öll kostnaðarhækkunin fram á þeim lið. Stofnkostnaður er áætlaður hinn sami og í fjárlögum 1968, þ. e. 11 434 þús. kr.

622 **Héraðsskólinn á Núpi.** Gert er ráð fyrir að fresta byggingarframkvæmdum á Núpi árið 1969, og lækkar fjárveiting vegna stofnkostnaðar af þeim sökum um 2 550 þús. kr. Inn er tekin 2 millj. kr. fjárveiting til þess að greiða stofnkostnað, sem áfallinn verður í árslok 1968. Rekstrarliðir hækka um 370 þús. kr., einkum vegna vanáætlunar fyrir árið 1968, þannig að nettólækkun fjárveitingar nemur 2 180 þús. kr.

631 **Heyrnleysingjaskólinn.** Mjög veruleg aukning verður á starfsemi skólans haustið 1968, þar sem nýr árgangur 4 ára barna hefur þá nám, og mun nemendafjöldi aukast úr 25 í 55. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að ráða 6 nýja kennara og 7 manns í heimavist skólans. Er þetta meginorsök þess, að launaliður hækkar um 1 878 þús. kr. Þá hefur íbúð skólastjóra í skólahúsinu verið keypt, og verður hún gerð að heimavist nemenda. Er kostnaður við breytingu íbúðarinnar og nauðsynleg áhaldakaup áætluð 566 þús. kr.,

þannig að stofnkostnaður eykst um 489 þús. kr. frá fjárlögum 1968. Annar kostnaður hækkar um 114 þús. kr., m. a. vegna þess að tekið hefur verið á leigu húsnæði fyrir kennslu. Heildaraukning fjárveitingar verður þannig 2 481 þús. kr.

649 **Barnafræðsla.** Kostnaður við barnafræðslu hækkar um 32 748 þús. kr. og verður í heild 359 974 þús. kr. Rekstrarkostnaður er 260 020 þús. kr. og hækkar um 33 546 þús. kr. Stofnkostnaður er 99 954 þús. kr. og lækkar um 791 þús. kr., þar af eru 84 954 þús. kr. framhaldsfjárveitingar, og 15 000 þús. kr. eru ætlaðar til nýrra skóla almennt og nýrra áfanga.

650 **Til endurgreiðslu rekstrarkostnaðar skóla fyrir janúar—ágúst 1968.** Hér er um að ræða kostnað, sem ríkissjóður hefur greitt eftir á skv. lögum nr. 41/1955, en skv. hinum nýju skólakostnaðarlögum (nr. 49/1967) verður kostnaður þessi, þ. e. ljós, hiti, ræsting og annar rekstrarkostnaður, svo og aukalaun að frádregnum fyrirframgreiðslum, greiddur úr ríkissjóði jafnóðum. Er því hér um að ræða greiðslu í eitt skipti fyrir öll fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1968, samtals 34 500 þús. kr.

771 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Fjárveiting er áætluð 634 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968. Þá er ekki tekið með framlag til byggingarframkvæmda, þar sem ekki hafði borizt áætlun um kostnað við að fullgera bygginguna, er gengið var frá fjárlagafrumvarpinu.

772 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 3 380 þús. kr., og er þá tekið tillit til fjölgunar námsmanna, verðlagshækkana innan lands og erlendis svo og áhrifa gengisbreytingarinnar í nóvember 1967 á ferðakostnað, en það hafði ekki verið gert að fullu í fjárlögum 1968, þar sem fargjöld höfðu að verulegu leyti verið greidd fyrir gengisbreytinguna.

Með þessari aukningu fjárveitingar, svo og lántökum og aukningu eigin fjár sjóðsins verður unnt að auka lánveitingar um 9.7 millj. kr. frá árinu 1968.

781 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Liðurinn hækkar um 608 þús. kr., þar af framlag til Félagsstofnunar stúdenta um 593 þús. kr. og til starfsemi stúdenta um 15 þús. kr.

801 **Landsbókasafn.** Fjárveiting hækkar um 201 þús. kr. Kostnaður við bókakaup hækkar um 275 þús. kr., en ekki hafði verið tekið tillit til áhrifa gengisbreytingarinnar í fjárlögum 1968. Aðrir liðir hækka lítillega vegna verðlagshækkana, en á móti lækkar viðhald um rösklega 100 þús. kr.

831 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting lækkar um 500 þús. kr., og er þá miðað við óbreyttan kostnað frá 1968 með tilliti til laga nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda.

871 **Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.** Áætlun í fjárlögum 1968 mun reynast talsvert of lág, og er útlit fyrir, að aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum verði 30 millj. kr. árið 1969, eða 10 millj. kr. hærri en fjárlagatalan 1968.

872 **Þjóðleikhús, framlög.** Fjárveiting er óbreytt frá 1968. Er þá gert ráð fyrir sömu tekjum og í fjárlögum 1968, en þess ber að geta, að almennt rekstrarfé eykst nokkuð, m. a. vegna minni viðhaldskostnaðar.

873 **Sinfóníuhljómsveitin.** Framlag hækkar um 200 þús. kr., og er hér um að ræða hluta ríkissjóðs í eðlilegum verðlagsuppbótum á laun og kostnaði við endurbætur á hljómburði í hljómleikasal.

875 **Menningarsjóður.** Hækkunin, 200 þús. kr., er vegna áætlaðrar hækkunar á sektargjöldum, sem einnig færast sem tekjur í fjárlagafrumvarpinu.

876 **Byggingarsjóður safnahúss.** Hér kemur fram 1 millj. kr. lækkun, sem þó er ekki raunhæf m. t. t. laga nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda.

882 **Listir, framlög.** Liðurinn hækkar um 754 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlög til tónlistarskóla hækka um 884 þús. kr., til lúðrasveita um 50 þús. kr. og til listkynningar erlendis um 20 þús. kr., en niður fellur framlag til norrænnar tónlistarhátíðar, 200 þús. kr.

885 **Félagsheimilasjóður.** Hækkunin, 500 þús. kr., stafar af áætlaðri hækkun á hluta sjóðsins af skemmtanaskatti.

886 **Íþróttamál.** Liðurinn lækkar um 281 þús. kr. vegna þess, að framlag vegna þátttöku í Olympíuleikunum, 300 þús. kr., fellur niður, en lítilsháttar hækkun verður á öðrum liðum vegna verðlagsuppbótar á laun o. fl.

888 **Kaup og endurbætur á Viðeyjarstofu.** Gert er ráð fyrir 1 millj. kr. framlagi til endurbóta, þannig að lækkunin frá fjárlögum 1968 nemur 9 millj. kr., en með lögum nr. 5/1968 hafði fjárveiting verið lækkuð um 4 000 þús. kr.

899 **Ýmislegt.** Á þennan lið er færður kostnaður við jarðfræðirannsóknir, sem áður voru undir Rannsóknastofnun iðnaðarins, svo og kostnaður við sérstakar vísindarannsóknir, sem áður var undir Raunvísindastofnun Háskólans. Verið er að taka endanlega ákvörðun um framtíðarskipan þessara mála, en niðurstaða lá ekki fyrir við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Kostnaður við þessa starfsemi er áætlaður samtals 1 584 þús. kr. Þá eru undir þennan lið færð laun viðbótarkennara við barnaheimilið, Lyngási, sem áður voru greidd af almennum kennaralaunum, þ. e. 203 þús. kr. Út falla liðirnir minnisvarði um Stefán skáld Ólafsson, minnisvarði um Guðmund góða, styrkur til tímarits, sem einkum er ætlað til að gefa ungu fólki tækifæri að birta tilraunir sínar í listsköpun, og til Glímusambands Íslands til greiðslu kostnaðar við söfnun heimilda og útgáfu rits um sögu íslenzkrar glímu, samtals 145 þús. kr. Aðrar hækkanir nema 10 þús. kr., þannig að nettóhækkun á liðnum er 1 652 þús. kr.

02 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður er áætlaður 939 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1968, m. a. vegna minni viðhaldskostnaðar á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað, svo og lækkunar á kostnaði við gerð kvikmyndar. Þess ber enn fremur að geta, að gert er ráð fyrir, að tveir starfsmenn sendiráða verði kallaðir heim, og eru laun þeirra, samtals 505 þús. kr., færð á þennan lið (sjá aths. við sendiráðin í Kaupmannahöfn og París).

102 **Varnarmáladeild.** Liðurinn lækkar um 408 þús. kr., m. a. vegna minni kostnaðar við varnarmálanefnd.

301 **Sendiráðið í Bonn.** Þessi liður lækkar um 695 þús. kr., sem stafar einkum af því, að í fjárlögum 1968 var sérstök fjárveiting vegna þess að skipta þurfti um þak á byggingu sendiráðsins svo og vegna bifreiðakaupa.

302 **Sendiráðið í Kaupmannahöfn.** Kostnaður lækkar um 651 þús. kr., m. a. vegna þess að fækkað verður um einn sendiráðsritara.

306 **Sendiráðið í París.** Lækkunin, 1 302 þús. kr., stafar af fækkun um tvo sendiráðsritara frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1968. Auk þess lækkar viðhaldskostnaður nokkuð, en í athugun er að selja sendiráðsbústaðinn og kaupa annan hentugri, þar sem núverandi bústaður hefur reynzt mjög viðhaldsfrekur og mun reynast það áfram, eftir því sem horfir í því efni.

310 **Sendinefnd Íslands hjá NATO, Bruxelles.** Sendinefndinni var komið á fót í sambandi við flutning höfuðstöðva NATO þangað. Var í fjárlögum 1968 m. a. fjárveiting til ýmiss stofnkostnaðar, sem niður fellur nú, þannig að heildarkostnaður lækkar um 1 069 þús. kr.

400 **Aþjóðastofnanir.** Á þessum lið verður 1 736 þús. kr. hækkun. Nýir liðir eru tillag til flóttamannaaðstoðar S.Þ. við Palestínuflóttamenn 570 þús. kr. og framlag vegna heimssýningar í Japan 1970 200 þús. kr. Auk þess hækka eftirtaldir liðir: Tillag til S.Þ. 490 þús. kr., tillag til tækniaðstoðar S.Þ. 340 þús. kr., tillag til NATO 276 þús. kr., framlag til I.L.O. 126 þús. kr., tillag til Evrópuráðsins 103 þús. kr., tillag til UNESCO 90 þús. kr., tillag til FAO 70 þús. kr. og annað 26 þús. kr. Á móti lækka eftirtaldir liðir: Þingmannasamband NATO 198 þús. kr., heimildarkvikmynd um Ísland á vegum kvikmynda-

deildar NATO 112 þús. kr., framlag til GATT 94 þús. kr., heimssýningin í Montreal 75 þús. kr., tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunar 49 þús. kr. og tillag til OECD 27 þús. kr.

03 Atvinnumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Liðurinn hækkar um 730 þús. kr., sem stafar að miklu leyti af því, að í tillögum til fjárlaga 1968 hafði láðst að áætla útgjöld vegna nefndarlauna, ferðakostnaðar og ýmissa óvissra útgjalda.

171 **Jarðeignir ríkisins, framlag.** Hækkunin, 400 þús. kr., stafar af því að auk venjulegs framlags þykir eðlilegt, að afgjöld af ríkisjörðum renni til starfseminnar. Eru þau áætluð 400 þús. kr. í tekjuhlið frumvarpsins.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Fjárveiting er áætluð 524 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968 vegna kostnaðarhækkana, sem dreifast á fjölmarga rekstrarliði. Er hér um að ræða um 2.6% hækkun fjárveitingar.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Liðurinn hækkar um 1 544 þús. kr., vegna endurbóta á Sámsstöðum 750 þús. kr., ráðningar matselju í mötuneytið á Keldnaholti 134 þús. kr., verðlagsuppbótar á laun 199 þús. kr., viðhalds rannsóknartækja o. fl. 150 þús. kr. og kostnaðarhækkunar margvíslegra annarra rekstrarliða á stofnuninni og tilraunabúum, 311 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Fjárveiting lækkar um 7 500 þús. kr. Með lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda var fjárveiting til landnámsins lækkuð um 7 500 þús. kr., og er því raunar um óbreytta fjárveitingu að ræða.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Liðurinn lækkar um 869 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlög til bygginga á vegum laxeldisstöðvar í Kollafirði lækka um 1 000 þús. kr., en á móti hækka laun og önnur rekstrargjöld um samtals 131 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar og annarra kostnaðarhækkana.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Lækkun á þessum lið nemur 721 þús. kr. Stafar lækkunin af því, að framlagi til útrýmingar búfjársjúkdóma, sem var á þessum lið í fjárlögum 1968, samtals 2 000 þús. kr., er skipt milli þessarar stofnunar og Sauðfjárveikivarna. Er talið eðlilegt að halda fjárveitingu í þessu skyni, jafnvel þótt notkun hennar sé ekki afráðin á þessu stigi máls.

286 **Landbúnaður, framlög.** Framlög hækka um 31 656 þús. kr. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 22 000 þús. kr., jarðræktarframlög um 5 000 þús. kr., framræslustyrkir um 5 000 þús. kr. og framlög til búfjárræktar um 166 þús. kr. Á móti lækka framlög til fyrirhleðslna skv. áætlun vitamálastjóra um 510 þús. kr.

302 **Hafrannsóknastofnunin.** Liðurinn hækkar um 1 464 þús. kr., fyrst og fremst vegna aukningar fisk- og síldarleitar svo og þorskrannsókna.

311 **Fiskmat ríkisins.** Með lögum nr. 5/1968 var ákveðið að lækka fjárveitingar til fiskmats og ferskfiskeftirlits um 3 000 þús. kr., og var gert ráð fyrir, að sá sparnaður næðist með sameiningu þessara stofnana og endurskipulagningu. Sameiningin hefur nú farið fram, og er talið, að fjárveitingin í heild geti lækkað um 4 000 þús. kr. á ársgrundvelli af þeim sökum.

374 **Aflatryggingasjóður.** Framlag til sjóðsins í fjárlögum 1968 var lækkað um 11 000 þús. kr. með lögum nr. 5/1968. Hér er gert ráð fyrir sömu fjárveitingu og 1968 eftir framangreinda lækkun, og verður leitað heimildar til þess í sérstöku lagafrumvarpi.

386 **Sjávarútvegur, framlög.** Lækkunin, 30 000 þús. kr., stafar af afnámi framlags til Fiskveiðasjóðs. Framlagið í fjárlögum 1968 var afnumið með lögum nr. 5/1968, og verður leitað framhaldsheimildar til þess í sérstöku lagafrumvarpi, ef auðið reynist að leysa fjárhagsörðugleika sjóðsins án sérstaks fjárlagaframlags.

399 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Liðurinn lækkar um 500 þús. kr., vegna þess að niður fellur framlag til sjóminjasýningar.

403 **Rafmagnseftirlit ríkisins.** Útgjöld stofnunarinnar hækka um 1 235 þús. kr., og stafar sú hækkun af miklum vexti í starfseminni, einkum í sambandi við stórframkvæmdirnar við Búrfell, Straumsvík og Mývatn. Hefur af þeim sökum m. a. orðið að lausráða tvo tæknifræðinga. Tekjur af útseldri vinnu koma til frádráttar, þannig að hrein aukning útgjalda nemur 935 þús. kr., en undir henni er staðið með rafmagnseftirlitsgjaldi, sem fært er teknamegin í fjárlagafrumvarpinu.

471 **Orkusjóður.** Fjárveiting lækkar um 1 940 þús. kr. Rafvæðing í sveitum lækkar um 40 þús. kr., rafstöðvalán til bænda, 4 000 þús. kr., falla niður, en á móti hækka framlög vegna jarðhitaleitar um 2 100 þús. kr. Rétt er að taka fram, að þó að framlag vegna rafstöðvalána til bænda falli niður, hefur það ekki í för með sér minnkuð útlán, þar sem sú deild sjóðsins, sem annast þessi lán, mun af eigin rammleik geta afgreitt þær lánsbeiðnir, sem sennilegt má telja að berist.

559 **Húsmæðraskólar utan kaupstaða.** Á þessum lið verður 950 þús. kr. lækkun, sem stafar að mestu leyti af lægri áætluðum viðhaldskostnaði.

911 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 1 248 þús. kr. Vegna sívaxandi verkefna skrifstofunnar verður ráðinn bókari, og hefur það í för með sér 143 þús. kr. útgjaldaaukningu. Ræstingarlaun hækka um 190 þús. kr. og verðlagsuppbætur á laun um 105 þús. kr. Þannig hækkar launaliður í heild um 438 þús. kr. Önnur rekstargjöld hækka um 810 þús. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við byggingarnar á Keldnaholti og fasteignagjalda af þeim, en á árinu 1969 tekur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til starfa þar. Allur kostnaður af þessu tagi færist sem kunnugt er á skrifstofuna.

999 **Ýmislegt.** Á þessum lið verður 250 þús. kr. lækkun, vegna þess að framlag til kvikmyndartöku vegna kynningar á sjóvinnu í sjónvarpi fellur niður.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting lækkar um 194 þús. kr. Launaliður hækkar um 664 þús. kr., og stafa 350 þús. kr. af því, að þar hafa verið færð laun veitingahúsaeftirlitsmanna, en kostnaður þessi er innheimtur af veitingahúsum og færður aftur sem tekjur aðalskrifstofunnar. Aðrar launahækkanir eru að mestu vegna eðlilegra verðlagsuppbóta og launaskatts, tryggingagjalda o. fl. Á móti lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 200 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 308 þús. kr.

202 **Hæstiréttur.** Lækkun sú, er fram kemur á þessum lið, 1 920 þús. kr., stafar að verulegu leyti af því, að laun hæstaréttardómara eru færð á sérstakan lið undir æðstu stjórn landsins, eins og fram kemur í athugasemdum við þann lið.

203 **Saksóknari ríkisins.** Sú 368 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skýrist af verðlagsuppbótum á laun, aukinni sérfræðilegri aðstoð við rannsóknir og aukavinnu.

204 **Borgardómaraembætti.** Liðurinn lækkar um 853 þús. kr., vegna þess að lokið er öllum greiðslum í sambandi við flutning embættisins í nýtt húsnæði.

205 **Borgarfógetaembætti.** Fjárveiting hækkar um 1 260 þús. kr., sem stafar m. a. af því, að stofnunin mun flytja í nýtt húsnæði, og hækkar við það húsaleiga auk þess sem leggja þarf í ýmsan stofnkostnað. Er gert ráð fyrir, að kostnaður af þessu tagi valdi um 900 þús. kr. af hækkuninni. Þess skal getið í þessu sambandi, að núverandi húsnæði embættisins er talið mjög ófullnægjandi, og stendur það í vegi fyrir nauðsynlegum skipulagsbreytingum á rekstri embættisins, sem ákveðið hefur verið að ráðast í, þegar aðstæður skapast í hinu nýja húsnæði. Að öðru leyti stafar hækkunin af ráðningu nýs ritara, 191 þús. kr., verðlagsuppbótum á laun, 80 þús. kr. og kostnaðarhækkun á ýmsum liðum, 89 þús. kr.

207 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Á þessum lið verður 1 310 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram, að vextir, sem voru 1 322 þús. kr. í fjárlögum 1968, eru nú færðir á sérstakan lið, Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Á móti hækkar rekstrarkostnaður vegna verðlagsuppbóta á laun og annarra kostnaðarhækkana um samtals 312 þús. kr., en leigutekjur af nýju lögreglustöðinni eru áætlaðar 300 þús. kr.

208 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Sjá skýringar á næsta lið á undan varðandi vexti. Byggingarframlag er óbreytt frá fjárlögum 1968.

210 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Liðurinn hækkar um 600 þús. kr., en hér er eingöngu um tilfærslu að ræða af liðnum Dómsmál, þ. e. pappír, prentun, einkennisbúningar o. fl., sem eðlilegra er talið að séu á þessum lið.

228 **Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.** Á þessum lið verður 238 þús. kr. hækkun, sem stafar að verulegu leyti af því, að heimiluð hefur verið ráðning fulltrúa, en það var talið nauðsynlegt vegna erfiðleika í samgöngumálum innan umdæmisins, sem hefur í för með sér tímafrek ferðalög.

229 **Sýslumaðurinn, Hvolsvelli.** Á liðnum verður 386 þús. kr. hækkun, og er meginorsökin fólgin í því, að ráðgert er að ráðast í bráðnauðsynlegar endurbætur á sýslumannsbústað. Er miðað við, að verkið skiptist á tvö ár.

233 **Sýslumaðurinn og bæjarfógetinn, Hafnarfirði.** Liðurinn lækkar um 489 þús. kr., einkum vegna þess að kostnaði við flutning embættisins í nýtt húsnæði lýkur á árinu.

244 **Vinnuhælið á Litla Hrauni.** Á þessum lið verður 818 þús. kr. hækkun að meðtalinni 300 þús. kr. tekjulækkun. Launaliður hækkar um 384 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta, aukavinnu vegna veikindaforfalla og hækkunar læknislauna, og önnur rekstrargjöld hækka um 134 þús. kr., er skiptast á ýmsa liði.

247 **Landhelgisgæzla.** Liðurinn hækkar um 4 228 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir framlagi til Landhelgissjóðs að upphæð 5 440 þús. kr. vegna vaxta og afborgana af lántöku í sambandi við smíði hins nýja varðskips Ægis, þannig að kostnaður við rekstur lækkar um 1 212 þús. kr. Sú breyting er fyrirhuguð, að Landhelgisgæzlan yfirtaki rekstur vitaskipsins Árvakurs og annist þjónustu við vitana og hafnir í samráði við vitamálastjórn. Sé tekið tillit til kostnaðarlækkunar hjá vitamálastjórn vegna þessarar skipulagsbreytingar verður um að ræða heildarsparnað, er nemur 9 212 þús. kr.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Gert er ráð fyrir, að fjárveiting hækki um 454 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun, nálægt 380 þús. kr., og kostnaðarhækkana á ýmsum öðrum rekstrarliðum. Þá virðast laun hafa verið nokkuð vanáætluð í fjárlögum 1968.

253 **Almannavarnir.** Í lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda var fjárveiting til almannavarna lækkuð um 3 000 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að fjárveiting eftir lækkun verði óbreytt frá 1968.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Fjárveiting er áætluð 1 238 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968, og kemur hækkunin þannig fram: Málskostnaður hækkar um 1 750 þús. kr., laun meðdómsmanna um 221 þús. kr., setu- og varadómara um 125 þús. kr. og aðrir liðir um 9 þús. kr. Á móti fellur út ýmis sameiginlegur kostnaður, sem færður er á liðinn sýslumenn og bæjarfógetar, sbr. athugasemdir við þann lið hér að framan, og var sá kostnaður áætlaður 567 þús. kr. í fjárlögum 1968. Enn fremur er áætluð 300 þús. kr. tekjuaukning á liðnum, og er þar um að ræða endurgreiddan málskostnað.

282 **Löggæzla.** Með lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda var ákveðið að lækka fjárveitingu vegna löggæzlu um 6 800 þús. kr. Hafa verið undirbúnar bráðabirgðatillögur um endurskipulagningu löggæzlunnar, en gert er ráð fyrir, að endanleg ákvörðun verði tekin um þessi mál í meðferð fjárlaga á Alþingi. Verður þá unnt að framkvæma skiptingu á einstök viðfangsefni. Liðurinn sýnir 4 078 þús. kr. lækkun, sem er mismunurinn á framangreindum 6 800

þús. kr. og óhjákvæmilegum kostnaðarhækkunum vegna verðlagsuppbóta á laun og gildandi reglum um fjölda lögregluþjóna o. fl., en slík atriði valda 2 722 þús. kr. hækkun.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Lækkunin, 4 425 þús. kr., er fólgin í eftirfarandi: Framlag til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík, 3 150 þús. kr., er fært undir annan lið; framlag til byggingar fangahúsa var lækkað um 560 þús. kr. og til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla um 800 þús. kr. með lögum nr. 5/1968, og er gert ráð fyrir, að sú lækkun haldi sér í fjárlögum 1969. Samtals er hér um að ræða 4 510 þús. kr. lækkun á þessum þremur liðum, en á móti hækka framlög til fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík um 77 þús. kr., til fangahúsa utan Reykjavíkur um 26 þús. kr. og til fangahjálpar um 20 þús. kr., og loks hækka tekjur um 38 þús. kr.

301 **Landlæknisembættið.** Liðurinn hækkar um 1 442 þús. kr., og kemur hækkunin þannig fram, að kostnaður við berklavarnir, samtals 904 þús. kr., sem áður var færður á ríkisframfærslu, er nú færður undir þennan lið. Auk þess koma til laun læknis vegna síldveiðanna á norðurhöfum, 313 þús. kr., og ljósmæðralaun hækka um 227 þús. kr. Óverulegar breytingar verða á öðrum liðum.

313 **Rannsóknarstofa Háskólans.** Fjárveiting er áætluð 1 087 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1968. Af þeirri hækkun nemur viðbótarkostnaður vegna sérfræðings í meinafræði, sem tekinn var í fjárlög í meðförum á Alþingi, 400 þús. kr., tilfærsla milli launaflokka og verðlagsuppbætur nema 375 þús. kr. og ýmsar aðrar hækkanir 312 þús. kr.

371—377 **Ríkisspítalar.** Framlög til rekstrar ríkisspítala eru miðuð við óbreytt daggjöld frá því, sem er í fjárlögum 1968. Eftirfarandi yfirlit sýnir hækkun rekstrarframlaga frá fjárlögum 1968, skipt á einstök sjúkrahús:

	Þús. kr.
Landspítalinn	7 377
Fæðingardeild Landspítalans	1 493
Geðveikrahælið á Kleppi	6 823
Heilsuhælið á Vífilsstöðum	2 580
Heilsuhælið í Kristnesi	÷ 49
Fávitahælið í Kópavogi	1 980
Hækkun samtals	20 204

Byggingarframlög til viðbyggingar og eldhúss Landspítalans eru óbreytt frá fjárlögum 1968, samtals 37 000 þús. kr. og einnig byggingarframlag til Heilsuhælisins í Kristnesi, 1 000 þús. kr. Niður falla hins vegar sérstök framlög vegna viðbótarbyggingar Fæðingardeildar Landspítalans, 2 000 þús. kr. og Fávitahælisins í Kópavogi, 400 þús. kr. Verður því 1 400 þús. kr. heildarlækkun á byggingarframlögum til ríkisspítala, þannig að heildarframlög til rekstrar og bygginga hækka um 18 804 þús. kr.

Af hækkun rekstrarframlaga, 20 204 þús. kr., stafa 16 462 þús. kr. af verðlagsuppbótum á laun og tilfærslum milli launaflokka og aldurshækkunum svo og fjölgun sjúkraliða og auknum ræstingarkostnaði. Samþykktir hafa verið tveir nýir sérfræðingar á Landspítalann í hálft starf hvor, annar í nýrnasjúkdómum og hinn í hjartaþræðingum. Er hér um bráðnauðsynleg verkefni að ræða, því að með því er annars vegar sköpuð aðstaða til meðferðar vissra nýrnasjúkdóma, er hingað til hefur orðið að gerast á sjúkrahúsum erlendis, en möguleikar munu ekki lengur fyrir hendi til að senda viðkomandi sjúklinga úr landi sökum mikils álags í heimalöndunum. Hins vegar skapast aðstaða til greiningar hjartasjúkdóma, sem ekki heldur hefur verið fyrir hendi hérlendis, en tækjum til þess hefur verið komið upp í Landspítalanum. Er talið, að af þessu geti leitt mjög verulegan sparnað í

sambandi við utanfarir sjúklinga. Kostnaðarauki vegna þessara sérfræðinga er áætlaður 721 þús. kr.

Viðhaldsfé ríkisspítalanna er haldið óbreyttu frá fjárlögum 1968, en hækkun á ýmsum öðrum rekstrargjöldum nemur 3 021 þús. kr.

382 **Fávitar, framfærsla.** Hér er um að ræða nýjan lið, sem áður var innifalinn í ríkisframfærslu. Er áætluð 2 014 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1968 vegna fjölgunar vistdaga.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Á þessum lið verður 906 þús. kr. lækkun. Kostnaður við eyðingu meindýra lækkar um 505 þús. kr., en með lögum nr. 5/1968 var ákveðið að hætta þátttöku ríkissjóðs í þeim kostnaði. Byggingarstyrkur til NLFÍ, 320 þús. kr. í fjárlögum 1968, er ekki tekinn inn, þar sem beiðni hefur ekki borizt. Styrkir vegna utanfara sjúklinga, 663 þús. kr., eru ekki teknir inn, þar sem fjárlagabeiðni hefur ekki borizt. Á móti hækka framlög til að bæta héraðslæknisþjónustu um 300 þús. kr., kostnaður vegna héraðshjúkrunarkvenna um 212 þús. kr. og ýmsir aðrir liðir um 70 þús. kr.

401 **Þjóðkirkjan.** Lækkun á þessum lið nemur 2 367 þús. kr., og hafa þá 2 187 þús. kr. verið færðar á nýjan lið, Prestakallasjóð. Þegar tekið er tillit til þess, að í lögum nr. 5/1968 voru útgjöld vegna presta í Kaupmannahöfn og á Keflavíkurflugvelli lækkuð um samtals 670 þús. kr., kemur fram 490 þús. kr. nettóhækkun á kostnaði við þjóðkirkjuna vegna fasteignagjalda og annars rekstrarkostnaðar við biskupsbústað, prentunar kirkjubóka o. fl.

473 **Prestakallasjóður.** Framlög í prestakallasjóð voru talin með fjárveitingum til þjóðkirkjunnar í fjárlögum 1968, sbr. athugasemdir við næsta lið á undan. Eðlilegra þykir, að aðskilja þessa liði í fjárlögum.

05 Félagsmálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum verður 628 þús. kr. lækkun, en tveir menn hafa hætt störfum í ráðuneytinu vegna tilfærslu á ríkisframfærslu til Tryggingastofnunar ríkisins.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Heildarframlag vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga að meðtöldum iðgjöldum atvinnurekenda og hinna tryggðu nemur 1 490 200 þús. kr., sem er 196 500 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1968. Þar af nemur hækkun iðgjaldatekna 43 700 þús. kr., þ. e. almannatryggingaiðgjald 28 300 þús. kr. og lífeyristryggingagjald atvinnurekenda 15 400 þús. kr. Tekjur af slysatryggingaiðgjöldum atvinnurekenda og áhættuiðgjöldum eru áætlaðar óbreyttar frá 1968. Mismunurinn, 152 800 þús. kr., er aukning á framlagi ríkissjóðs og er þar með talinn kostnaður við ríkisframfærslu, sem nú er á vegum Tryggingastofnunar ríkisins. Sá kostnaður nam 121 600 þús. kr. í fjárlögum 1968, þannig að kostnaðaraukning ríkisins nemur 31 200 þús. kr. Heildarkostnaður við sjúkratryggingar að meðtalinni ríkisframfærslu hækkar um 40 300 þús. kr., og er þá tekið tillit til skuldar frá fyrra ári, 6 900 þús. kr. Hins vegar verður lækkun til lífeyristrygginga um 9 200 þús. kr., en þar var um að ræða 24 200 þús. kr. inneign um s. l. áramót.

Þess skal getið, að áætlun um framlag til sjúkratrygginga er byggð á eldri lögum, þar sem ekki er enn þá fengin endanleg niðurstaða um framkvæmd laga nr. 83/1967, um breytingu á almannatryggingalögum. Er því gert ráð fyrir, að framangreindar tölur svo og aðrar viðkomandi sjúkrakostnaði geti komið til endurskoðunar í meðförum þingsins, þegar niðurstaða um framkvæmd liggur fyrir. Við samþykkt nýju laganna var gengið út frá því, að hin nýja skipan myndi ekki auka hlutfallslega byrði ríkissjóðs vegna sjúkratryggingganna.

272 **Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs.** Framlag hækkar um 6 100 þús. kr., þar af iðgjöld atvinnurekenda um 2 100 þús. kr. og framlag ríkissjóðs um 4 000 þús. kr.

371 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga nemur 23 032 þús. kr., sem kemur þannig fram: Launaskattur hækkar um 28 000 þús. kr. og byggingasjóðsgjöld af innflutningi og tekju- og eignarskatti um 756 þús. kr., en á móti fellur niður kostnaður við skyldusparnað í samræmi við lög nr. 5/1968, 5 700 þús. kr., og rekstrarkostnaður stofnunarinnar lækkar um 24 þús. kr.

601 **Skipulagsstjóri.** Á þessum lið verður 492 þús. kr. hækkun vegna kostnaðarhluttöku ríkissjóðs í skipulagi kaupstaða, 451 þús. kr., og vegna mælinga, loftmynda og kortateikninga, 191 þús. kr. Á móti lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 150 þús. kr.

699 **Sveitarfélög, framlög.** Liðurinn hækkar um 905 þús. kr., vegna heimilishjálpar, 380 þús. kr., vinnumiðlunar, 750 þús. kr., en ólögboðin framlög til vatnsveitna falla niður, 225 þús. kr.

981 **Vinnumál.** Lækkun á þessum lið nemur 3 489 þús. kr. vegna þess, að kostnaður við framkvæmd orlofslaga, 2 450 þús. kr., færist yfir á Póst og síma, sbr. lög nr. 5/1968, kostnaður við hagræðingarstarfsemi á vegum samtaka vinnumarkaðarins lækkar um 997 þús. kr., og aðrar lækkanir nema 42 þús. kr.

999 **Ýmis framlög.** Á þessum lið verður 4 352 þús. kr. lækkun. Eftirfarandi liðir hækka: Framlag til elliheimila um 60 þús., meðlög skv. lögum nr. 87/1947 um 780 þús. kr., en meðlög voru hækkuð um 10% um s. l. áramót, framlag til Slysavarnarfélags Íslands um 233 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns í sambandi við tilkynningarskyldu skipa, og aðstoð við blinda, þ. e. hluti sælgætisgjalds, um 100 þús. kr. Út falla eftirfarandi liðir: Sjálfsbjörg, byggingarstyrkur, 1 500 þús. kr., SÍBS, byggingarstyrkur, 2 500 þús. kr., dagheimili, byggingarstyrkir, 575 þús. kr., norrænn byggingamáladagur, 250 þús. kr., til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra, útgáfustyrkur 50 þús. kr. og framlag til Kvenfélagasambands Íslands, 650 þús. kr., en sökum mistaka var þessi styrkur á tveimur stöðum í fjárlögum 1968.

06 Fjármálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 1 657 þús. kr. hækkun, sem stafar af tilfærslu kostnaðar við launadeild af ríkisbókhaldi yfir á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

102 **Ríkisbókhald og ríkisféhirzla.** Á liðnum verður 1 525 þús. kr. lækkun, sem felur raunar í sér 132 þús. kr. hækkun, þegar tillit hefur verið tekið til tilfærslu kostnaðar við launadeild, sbr. skýringar á næsta lið á undan. Sú hækkun stafar af aukinni notkun skýrsluvéla, en gert er ráð fyrir, að framvegis verði skýrsluvélar nýttar í sambandi við ríkisbókhaldið.

181 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Áætlað er, að vaxtagreiðslur af lánum, sem færð eru á þennan lið, aukist um 1 177 þús. kr. á árinu 1969. Af hækkun afborgana, 19 607 þús. kr., eru 17 000 þús. kr. vegna lántöku í Seðlabanka Íslands í sambandi við framkvæmdir og annan kostnað vegna hægri umferðar. Er ákveðið, að bifreiðaskattur, sem færður er í tekjuhlið fjárlaga, standi undir kostnaðinum að fullu.

201—211 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Heildarútgjöld á þessum liðum hækka um 1 530 þús. kr. Er hér einkum um að ræða kostnaðaraukningu á tveimur stofnunum, embætti ríkisskattstjóra og skattstofunni í Reykjavík. Kostnaður við embætti ríkisskattstjóra hækkar um 565 þús. kr., þar af vegna verðlagsuppbóta á laun og aldursflokkahækkana 300 þús. kr., ráðningar manns í hálft starfs, sem heimild hefur verið fyrir, 110 þús. kr. og vegna byggingar eldfastrar skjalageymslu 155 þús. kr. Kostnaðarhækkun við skattstofuna í Reykjavík nemur 489 þús. kr., þar af um 120 þús. kr. vegna hækkunar á húsaleigu, 229 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og 140 þús. kr. vegna ýmissa annarra rekstrarliða. Hækkun á öðrum skattstofum stafar fyrst og fremst af verðlagsuppbótum á laun.

262 **Tollgæzlan í Reykjavík.** Á þessum lið verður 399 þús. kr. hækkun. Verðlagsuppbætur á laun nema 648 þús. kr., en á öðrum liðum verður hrein lækkun um 249 þús. kr.

263 **Tollgæzla utan Reykjavíkur.** Liðurinn hækkar um 313 þús. kr., einkum vegna verðlagsuppbótar á laun.

Gjaldkerar	2	12.	
Sendimaður	1	12.	
Bókari	1	11.	
Ritari	1	07.	
Samtals	14		2 105

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
11 101	**Póstur og sími:**			
	Póst- og símamálastjóri	1	28.	
	Forstjórar hagdeildar o. fl.	4	26.	
	Yfirverkfræðingar	3	25.	
	Bæjarsímastjóri í Reykjavík	1	24.	
	Deildarverkfræðingar	2	24.	
	Aðalbókari	1	23.	
	Aðalendurskoðandi	1	23.	
	Ritsímastjóri í Reykjavík	1	23.	
	Aðalgjaldkeri	1	22.	
	Póstmálafulltrúi	1	22.	
	Yfirmaður skýrsludeildar	1	22.	
	Fulltrúi	1	21.	
	Póstmeistari	1	21.	
	Skrifstofustjóri	1	21.	
	Stöðvarstjórar	7	21.	
	Yfirmaður starfsmannadeildar	1	21.	
	Deildartæknifræðingar	4	20.	
	Fulltrúar	2	20.	
	Stöðvarstjóri	1	20.	
	Umsjónarmaður	1	20.	
	Birgðastjóri	1	19.	
	Stöðvarstjórar	4	19.	
	Tæknifræðingar	3	19.	
	Umsjónarmenn sjálfvirkra stöðva	3	19.	
	Yfirdeildarstjórar	6	19.	
	Deildarstjórar	5	18.	
	Innheimtugjaldkeri	1	18.	
	Eftirlitsmaður díselstöðva	1	17.	
	Fulltrúar	39	17.	
	Stöðvarstjórar	8	17.	
	Aðstoðarinnheimtugjaldkeri	1	16.	
	Póstvarðstjórar	2	16.	
	Stöðvarstjórar	6	16.	
	Vélstjóri	1	16.	
	Yfirsímaverkstjórar	6	16.	
	Yfirsímvirkjaverkstjórar	18	16.	
	Yfirumsjónarmaður talsamb. við útlönd	1	16.	
	Yfirumsjónarmenn símritunar	8	16.	
	Eftirlitsmenn símritunar	16	15.	
	Stöðvarstjórar	12	15.	
	Undirverkstjórar símvirkja	7	15.	
	Yfirumsjónarmenn	3	15.	
	Fulltrúar	22	14.	
	Gjaldkerar	2	14.	
	Símaverkstjórar	27	14.	
	Símvirkjameistarar	28	14.	
	Stöðvarstjórar	16	14.	
	Verkstjórar iðnaðarmanna	2	14.	
	Yfirpóstafgreiðslumenn	12	14.	
	Yfirsímritarar	29	14.	
	Flokksstjórar símvirkja	3	13.	
	Stöðvarstjórar	3	13.	

Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
Yfirteiknari	1	13.	
Fulltrúar	6	12.	
Gjaldkerar	3	12.	
Iðnaðarmenn	4	12.	
Póstafgreiðslumenn	20	12.	
Símritarar	22	12.	
Símvirkjar	33	12.	
Stöðvarstjórar	6	12.	
Umsjónarmaður bifreiðavarahluta	1	12.	
Verkstjóri	1	12.	
Yfirvarðstjórar á langlínumiðstöð	3	12.	
Birgðavörður með sérþekkingu	1	11.	
Bókarar	38	11.	
Loftskeytamenn	28	11.	
Ritsímaritarar	7	11.	
Símaflokksstjórar	8	11.	
Stöðvarverðir endurvarpsstöðva	2	11.	
Talsímaverðir með sérþekkingu	14	11.	
Birgðaverðir	2	10.	
Iðnaðarmenn	8	10.	
Næturverðir	9	10.	
Póstaðstoðarmenn	20	10.	
Ritarar	8	10.	
Símsmiðir	25	10.	
Teiknarar	4	10.	
Tækjaviðgerðarmaður	1	10.	
Viðgerðarmenn lóranstöðva	3	10.	
Fjarritarar	7	09.	
Flokksstjórar línumanna	2	09.	
Gjaldkerar	2	09.	
Talsímakona við utanlandsafgreiðslu	1	09.	
Varðstjórar á langlínumiðstöð	9	09.	
Verkstjóri	1	09.	
Bifreiðastjórar	2	08.	
Bókarar	10	08.	
Húsvörður	1	08.	
Línumenn	19	08.	
Póstafgreiðslumenn	13	08.	
Talsímakonur við eftirlit	6	08.	
Yfirbréfberar	3	08.	
Yfirsendimenn	2	08.	
Bréfberar	26	07.	
Sendimenn	10	07.	
Talsímakonur	305	07.	
Tækjagæzlumenn lóranstöðvar	8	07.	
Ritarar	2	04.	
Samtals	1039		159 804

	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun þús. kr.
11 101	**Póststofan í Reykjavík:**			
	Póstmeistari	1	23.	
	Skrifstofustjóri	1	21.	
	Yfirdeildarstjórar	2	19.	
	Deildarstjórar	2	18.	
	Fulltrúar	12	17.	
	Póstvarðstjórar	12	16.	
	Yfirgjaldkeri	1	16.	
	Fulltrúar	28	14.	
	Bifreiðastjórar	3	12.	
	Póstafgreiðslumenn	36	12.	
	Póstaðstoðarmenn	11	10.	
	Póstafgreiðslumaður	1	08.	
	Yfirbréfberar	9	08.	
	Bréfberar	50	07.	
	Samtals	169		26 070
11 101	**Umferðarmálaskrifstofa:**			
	Fulltrúi	1	14.	
	Eftirlitsmaður með sérleyfisferðum	1	14.	
	Samtals	2		307

Fylgiskjal III.

Skýringar við talnalykil fjárlagafrumvarps 1969.

Eins og ljóst er af lestri frumvarpsins, hefur verið gerður sérstakur talnalykill til að merkja ráðgerðar fjárveitingar í frumvarpinu á sambærilegan hátt. Þessi talnalykill kann að virðast flókinn við fyrstu sýn og þarfnast því nokkurra skýringa.

Talnalykillinn miðar að því, að hver greiðsla, sem ráðgert er að heimila í frumvarpinu sé tölumerkt þannig, að af talnamerkingunni einni saman megi ráða eftirtalin atriði:

Hvort greiðsla tilheyri A- eða B-hluta fjárlagafrumvarps.
Hvaða ráðuneyti greiðslan heyrir til.
Hvaða stofnun greiðslan heyrir til.
Hvaða viðfangsefni greiðslan heyrir til, ef við á.
Hvers eðlis greiðslan er (rekstrargjöld, rekstrartekjur, inn- eða útborgun lána eða fjármunahreyfinga).
Ef um er að ræða rekstrarútgjöld, þá hvaða tegund útgjalda um er að ræða.

Talnalykillinn, sem notaður er til að ná þessu markmiði hefur 11 tölustafi eða sæti:

Sæti:	1	2—3	4—6	7—8	9	10—11	
	x	xx	xxx	xx	x	xx	
Dæmi:	1	03	286	07	0	93	50.000

Hér er um að ræða 50 m.kr. fjárveitingu.

1 í fremsta sæti merkir, að hér sé um að ræða A-hluta frumvarpsins.
03 í 2. og 3. sæti merkir, að fjárveitingin heyri til atvinnumálaráðuneyti.
286 í 4.—6. sæti er númer stofnunar, í þessu tilfelli gervistofnunar, sem heitir landbúnaður, framlög.
07 í 7.—8. sæti er viðfangsefnanúmer undir „stofnun“ nr. 286 og heitir jarðræktarframlög.
0 í 9. sæti merkir, að hér sé um að ræða rekstrarútgjöld.
9 í 10. sæti merkir, að tegund útgjalda sé yfirfærsla.
3 í 11. sæti merkir, að yfirfærslan sé yfirfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega.

Í heild er talnalykillinn þannig:

	Númer					
	x	xx	xxx	xx	x	xx	
Sæti 1:	1						A-hluti frumvarps.
	2						B-hluti frumvarps.
Sæti 2—3:		00					Æðsta stjórn ríkisins.
		01					Forsætis- og menntamálaráðuneytið.
		02					Utanríkisráðuneytið.
		03					Atvinnumálaráðuneytið.
		04					Dómsmálaráðuneytið.
		05					Félagsmálaráðuneytið.
		06					Fjármálaráðuneytið.
		07					Samgöngumálaráðuneytið.
		08					Viðskiptaráðuneytið.
		09					Hagstofa Íslands.
		10					Ríkisendurskoðun.
		11					Póstur og sími.
Sæti 4—6:			xxx				Stofnananúmer. Um lykilnúmer þessi undir hverju ráðuneyti vísast til efnisyfirlits og frumvarpsins sjálfs.
Sæti 7—8:				xx			Viðfangsefnanúmer stofnunar.
Sæti 9:					0		Rekstrargjöld.
					1		Rekstrartekjur.
					3		Lánahreyfingar út[1]).
					4		Lánahreyfingar inn[1]).
Sæti 10:					(0)	1	Laun.
						2	Önnur rekstrargjöld.
						27	Viðhald.
						7	Vextir.
						8	Gjaldfærður stofnkostnaður[2]).
						9	Yfirfærslur.
					(1)	1	Seldar vörur og þjónusta[3]).
						3	Vaxtatekjur[3]).
						8	Framlög úr ríkissjóði[3])
						9	Aðrar tekjur[3]).
							Í frumvarpinu er ekki gerð frekari skipting nema á yfirfærslum.
Sæti 11:					(0)	(9)1	Yfirfærslur til fyrirtækja í B-hluta.
						2	— — sveitarfélaga.
						3	— — fyrirtækja og atvinnuvega.
						4	— — einstaklinga, heimila og samtaka.

1) í B-hluta merkja þessar tölur fjármunahreyfingar út (fjárfestingar auk lánahreyfinga) og inn (þ. á m. afskriftir).

2) Í B-hluta standa 6 í 10. sæti fyrir hráefni og vörur til endursölu og í 8. sama sæti fyrir afskriftir.

3) Þessi skipting er einungis notuð í B-hluta.

Í reikningshaldi er reiknað með lengri talnalykli, sem gerir frekari sundurliðun útgjalda mögulega.

Dæmi: 1 01 302 xx 027.
Menntaskólinn á Akureyri, viðhaldskostnaður. Viðfangsefnasundurliðun er ekki til og á raunar ekki við.

Dæmi: 1 02 400 03 94.
Alþjóðastofnanir, tillag til Sameinuðu þjóðanna, yfirfærsla til samtaka.

Notagildi talnalykilsins.

Í fjárlagafrumvarpinu er notagildi talnalykilsins aðallega fólgið í því, hversu aðgengilegt er að vísa til hverrar stofnunar og fjárveitingar.
Samræmd merking greiðslutegunda auðveldar sömuleiðis gerð heildaryfirlita mismunandi tegunda tekna og gjalda stofnana og fyrirtækja.
Notagildi þessa lykils verður hins vegar fyrst verulegt við reikningsfærslu, þegar rafeindatækni verður tekin í notkun við reikningshald og skýrslugerðir um fjárreiður ríkisins.

Skrá yfir stofnanir og sjóði í stafrófsröð.

A-HLUTI

1	07	499	06	Aðlögun og endurskipulagning í iðnaði.
1	05	999	49	Aðstoð við blinda.
1	03	374		Aflatryggingasjóður.
1	03	386	03	Aflatryggingasjóður vegna togara.
1	04	253		Almannavarnir.
1	01	881		Almenningsbókasöfn.
1	00	201		Alþingi.
1	04	401	05	Alþjóðasamvinna, þjóðkirkjan.
1	02	400		Alþjóðastofnanir.
1	01	899	30	Alþjóðleg skákmót, styrkur.
1	05	981	10	Alþýðusamband Íslands.
1	01	625		Alþýðuskólinn á Eiðum.
1	05	973		Atvinnujöfnunarsjóður, framlag.
1	05	272		Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag.
1	03	101		Atvinnumálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	03	286	11	Aukastyrkur til súgþurrkunar.
1	04	981	02	Áfengisvarnir.
1	04	401	20	Álag vegna afhendingar kirkna.
1	05	999	35	Bandalag íslenzkra farfugla.
1	01	899	18	Bandalag íslenzkra leikfélaga.
1	01	899	22	Bandalag íslenzkra listamanna.
1	05	999	29	Bandalag íslenzkra skáta, hjálparsveitir.
1	05	999	28	Bandalag íslenzkra skáta, styrkur.
1	05	981	12	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.
1	05	999	10	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, orlofsheimili.
1	01	649		Barnafræðslan.
1	01	899	37	Barnaheimilið Lyngás, kennaralaun.
1	05	999	41	Barnaheimilið Sólheimar í Grimsnesi.
1	01	882	03	Barnamúsikskólinn í Reykjavík.
1	01	702	02	Barnaverndarráð.
1	05	999	05	Barnavinafélagið Sumargjöf.
1	04	301	11	Berklavarnir.
1	04	252		Bifreiðaeftirlit.
1	04	981	03	Bindindismál, önnur.
1	04	981		Bindindisstarfsemi.
1	04	401	12	Biskupsbókasafn.
1	04	401	26	Biskupsbústaður.
1	05	972		Bjargráðasjóður.
1	04	971	03	Bláa Bandið.
1	01	899	09	Blindrastarfsemi.
1	01	899	14	Blindravinafélag Íslands vegna reksturs blindraskóla.
1	04	318		Blóðbankinn.
1	04	204		Borgardómaraembætti.
1	04	205		Borgarfógetaembætti.
1	04	401	12	Bókasafn prestsembætta.

1	01	401	07	Bókmenntakynning í skólum.
1	03	581	03	Bréfaskóli SÍS og ASÍ.
1	03	286	14	Búfjárrækt skv. lögum nr. 21/1965.
1	03	286	14	Búfjártryggingar skv. lögum nr. 20/1943.
1	03	201		Búnaðarfélag Íslands.
1	03	201	22	Búreikningaskrifstofa.
1	01	884	51	Bygging norræna hússins í Reykjavík.
1	04	401	25	Bygging prestsseturs í Odda.
1	03	372		Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.
1	04	283	06	Bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla.
1	07	321	05	Bygging strandferðaskipa.
1	04	401	23	Byggingaeftirlit þjóðkirkjunnar.
1	04	401	16	Byggingar á prestssetrum.
1	04	381	03	Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.
1	03	371		Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.
1	03	372		Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.
1	01	876		Byggingarsjóður safnahúss.
1	03	373		Byggingarsjóður síldarleitarskips.
1	05	371	05	Byggingarsjóðsgjald.
1	05	372		Byggingarsjóður verkamanna.
1	04	211		Bæjarfógetinn, Akranesi.
1	04	232		Bæjarfógetinn, Keflavík.
1	04	234		Bæjarfógetinn, Kópavogi.
1	04	226		Bæjarfógetinn, Neskaupstað.
1	04	222		Bæjarfógetinn, Ólafsfirði.
1	04	221		Bæjarfógetinn, Siglufirði.
1	04	230		Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum.
1	03	532		Bændaskólinn á Hólum.
1	03	531		Bændaskólinn á Hvanneyri.
1	04	399	05	Bætt héraðslæknisþjónusta l. 43/1965.
1	04	101		Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	04	281		Dómsmál, ýmis kostnaður.
1	05	999	38	Dýraverndunarfélag Íslands.
1	01	102		Efnahagsstofnunin.
1	03	299	13	Efnarannsóknastofa Norðurlands.
1	04	401	15	Eftirlaun presta og prestsekkna, viðbót.
1	06	382		Eftirlaun samkvæmt launalögum.
1	04	399	12	Eftirlit með deyfilyfjum.
1	03	399	03	Eftirlit með hvalvinnslustöðvum.
1	04	401	24	Eftirlit með kirkjugörðum.
1	01	401	11	Eftirlit með veikindaforföllum.
1	05	699	05	Egilsstaðakauptún skv. lögum nr. 58/1957.
1	05	999	02	Elliheimili.
1	00	101		Embætti forseta Íslands.
1	06	201		Embætti ríkisskattstjóra.
1	04	210		Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.
1	03	247		Embætti yfirdýralæknis.
1	04	401	17	Endurbætur á prestssetrum.
1	01	650		Endurgreiðsla rekstrarkostnaðar skóla fyrir janúar-ágúst 1968.
1	05	971		Erfðafjársjóður, framlag.
1	01	781	03	Erlendir námsmenn í íslenzkum skólum, styrkir.
1	04	399	02	Eyðing meindýra.

1	04	283	04	Fangahjálp og eftirlit með brotamönnum.
1	04	283	03	Fangahús, byggingar.
1	04	283	02	Fangahús utan Reykjavíkur.
1	04	283	01	Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík.
1	04	283		Fangamál, ýmis kostnaður.
1	06	402		Fasteignamat.
1	04	376		Fávitahælið í Kópavogi.
1	05	999	42	Fávitahælið í Skálatúni.
1	04	382		Fávitar, framfærsla.
1	01	886	04	Ferðakennsla í íþróttum.
1	07	351		Ferðamál.
1	07	333	04	Ferjubryggjur.
1	03	299	10	Félag áhugamanna um fiskrækt.
1	05	981	02	Félagsdómur.
1	01	885		Félagsheimilasjóður.
1	05	101		Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	01	781	12	Félagsstofnun stúdenta.
1	03	301		Fiskifélag Íslands.
1	03	302	06	Fiskileit og veiðarfæratilraunir.
1	03	311		Fiskmat ríkisins.
1	01	402		Fjármálaeftirlit skóla.
1	06	101		Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	07	321	04	Flóabátar, byggingarstyrkur.
1	07	321	03	Flóabátar og vöruflutningar.
1	07	369		Flugbjörgunarsveitir, framlög.
1	07	371		Flugmálastjórn.
1	01	101		Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	01	781	10	Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis.
1	05	981	04	Framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi.
1	01	401	12	Framkvæmd sundskyldu í skólum.
1	03	286	10	Framlag til bænda.
1	05	671		Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga.
1	03	286	16	Framleiðnisjóður landbúnaðarins.
1	03	286	08	Framræsla.
1	01	899	26	Frjálsíþróttasamband Íslands.
1	01	101	02	Fræðileg rannsókn á skólakerfinu.
1	01	401	01	Fræðslumálaskrifstofan.
1	01	421		Fræðslumyndasafn.
1	05	999	39	Fuglaverndunarfélag Íslands.
1	03	286	03	Fyrirhleðslur.
1	04	372		Fæðingardeild Landspítalans.
1	01	781	07	Færeyskur fræðimaður, styrkur.
1	01	608		Gagnfræðamenntun.
1	03	299	02	Garðyrkjufélag Íslands.
1	03	533		Garðyrkjuskólinn á Reykjum.
1	04	373		Geðveikrahælið á Kleppi.
1	05	999	22	Geðverndarfélag Íslands.
1	04	321		Geislavarnir ríkisins.
1	07	359		Gisti- og veitingastaðaeftirlit.
1	06	251		Gjaldheimtan í Reykjavík.
1	01	401	17	Gjöld skv. 28. og 40. gr. laga um almannatryggingar.
1	03	299	11	Gróðurvernd í Búðahrauni.

1	01	781	04	Grænlenzkur stúdent, styrkur til námsdvalar.
1	04	971		Gæzluvistarsjóður, framlag.
1	03	302	02	Haf- og fiskirannsóknir.
1	07	333	07	Hafnarbótasjóður, framlag.
1	07	333	05	Hafnarlán.
1	07	333		Hafnarmál.
1	07	333	06	Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga.
1	07	333	03	Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
1	07	333	02	Hafnarrannsóknir og mælingar.
1	03	302		Hafrannsóknarstofnun.
1	08	999	02	Hagráð.
1	09	101		Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.
1	04	401	22	Hallgrímskirkja.
1	01	205		Handritastofnun Íslands.
1	01	201		Háskóli Íslands.
1	04	243		Hegningarhúsið í Reykjavík.
1	04	375		Heilsuhælið í Kristnesi.
1	04	374		Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
1	05	371	03	Heilsuspillandi húsnæði.
1	01	882	11	Heimildarkvikmyndir um merka Íslendinga.
1	05	699	06	Heimilishjálp skv. lögum nr. 10/1952.
1	03	299	08	Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
1	05	999	17	Herferð gegn hungri.
1	04	399	17	Heyrnardaufir, aðstoð.
1	05	999	20	Heyrnarhjálp.
1	01	631		Heyrnleysingjaskólinn.
1	04	399	07	Héraðshjúkrunarkonur, skv. lögum nr. 43/1965.
1	04	301	02	Héraðslæknar.
1	01	628		Héraðsskólar, almennt.
1	01	627		Héraðsskólinn á Laugarvatni.
1	01	622		Héraðsskólinn á Núpi.
1	01	621		Héraðsskólinn á Reykholti.
1	01	623		Héraðsskólinn á Reykjanesi.
1	01	624		Héraðsskólinn á Reykjum.
1	01	626		Héraðsskólinn á Skógum.
1	04	401	11	Hið íslenzka biblíufélag.
1	01	899	15	Hið íslenzka náttúrufræðifélag.
1	04	399	26	Hjartavernd.
1	01	521		Hjúkrunarskóli Íslands.
1	06	972		Hlutabréf ríkisins.
1	03	299	12	Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ.
1	04	377		Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.
1	03	302	04	Humar- og rækjuleit.
1	04	901		Húsameistari ríkisins.
1	01	336		Húsmæðrakennaraskóli Íslands.
1	01	544		Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt.
1	03	559		Húsmæðraskólar utan kaupstaða almennt.
1	01	544		Húsmæðraskólinn á Akureyri.
1	03	553		Húsmæðraskólinn á Blönduósi.
1	03	557		Húsmæðraskólinn á Hallormsstað.
1	01	542		Húsmæðraskólinn á Ísafirði.
1	03	555		Húsmæðraskólinn á Laugalandi.
1	03	558		Húsmæðraskólinn á Laugarvatni.

1	03	556		Húsmæðraskólinn á Laugum.
1	03	554		Húsmæðraskólinn á Löngumýri.
1	01	541		Húsmæðraskólinn í Reykjavík.
1	03	552		Húsmæðraskólinn á Staðarfelli.
1	03	551		Húsmæðraskólinn á Varmalandi.
1	05	371		Húsnæðismálastofnun ríkisins.
1	04	202		Hæstiréttur.
1	00	401		Hæstiréttur (laun hæstaréttardómara)
1	01	899	05	Iceland Review.
1	07	499		Iðja og iðnaður, framlög.
1	07	400		Iðnaðarmálastofnun Íslands.
1	01	431		Iðnfræðsluráð.
1	07	499	02	Iðnlánasjóður.
1	05	981	11	Iðnnemasamband Íslands.
1	07	499	03	Iðnráð.
1	01	514		Iðnskólar.
1	07	499	05	Iðnþróunarráð.
1	01	899	19	Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn.
1	01	899	20	Íslenzka stærðfræðifélagið.
1	01	331		Íþróttakennaraskóli Íslands.
1	01	886	02	Íþróttasamband Íslands.
1	01	886	03	Íþróttasjóður.
1	01	886	05	Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar.
1	03	172		Jarðeignasjóður ríkisins.
1	03	171		Jarðeignir ríkisins, framlög.
1	01	899	41	Jarðfræðirannsóknir.
1	03	286	09	Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir.
1	03	286	07	Jarðræktarframlög.
1	01	883	06	Jöklarannsóknir og mælingar.
1	01	899	34	Kanadasjóður.
1	04	401	18	Kaup á eignum á kirkjujörðum.
1	01	321		Kennaraskólinn.
1	01	899	12	K.F.U.M., styrkur til starfsemi í Vatnaskógi.
1	01	471		Kirkjubyggingarsjóður.
1	01	472		Kirkjugarðasjóður.
1	01	401	02	Kirkjuráð.
1	01	401	03	Kirkjuþing.
1	06	999	05	Kjarasamningar, kostnaður.
1	04	399	01	Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisaðgerðir.
1	04	399	16	Kostnaður vegna laga nr. 16/1938.
1	04	399	25	Krabbameinsfélag Íslands.
1	03	299	07	Kvenfélagasamband Íslands, laun ráðunautar.
1	03	299	06	Kvenfélagasamband Íslands til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar, garðyrkju.
1	05	999	36	Kvenréttindafélag Íslands.
1	04	399	19	Kynsjúkdómavarnir skv. lögum nr. 91/1932.
1	05	672		Landakaup kaupstaða og kauptúna.
1	03	286		Landbúnaður, framlög.
1	03	235		Landgræðsla.

1	03	271		Landgræðslusjóður, framlag.
1	04	247		Landhelgisgæzla.
1	04	247	07	Landhelgissjóður.
1	04	301		Landlæknisembættið.
1	07	356		Landmælingar.
1	03	241		Landnám ríkisins.
1	07	499	04	Landssamband iðnaðarmanna.
1	03	299	04	Landssamband íslenzkra hestamannafélaga.
1	03	299	05	Landssamband ísl. hestamannafélaga til leiðbeinga um hestamennsku.
1	05	981	13	Landssamband verzlunarmanna.
1	01	801		Landsbókasafn.
1	04	371		Landspítalinn.
1	03	286	04	Landþurrkun.
1	05	371	04	Launaskattur.
1	01	772		Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
1	05	671		Lánasjóður sveitarfélaga.
1	01	781	06	Leiðbeiningar námsmanna um val á námsefni.
1	03	999	06	Leiðbeiningar um starfsfræðslu utan Reykjavíkur.
1	01	899	17	Leikfélag Reykjavíkur.
1	01	882	08	Leiklistarstarfsemi.
1	01	882	14	Listamenn.
1	01	806		Listasafn Ásgríms Jónssonar.
1	01	807		Listasafn Einars Jónssonar.
1	01	808		Listasafn ríkisins.
1	01	882	12	Listasöfn.
1	01	882		Listir, framlög.
1	01	882	13	Listkynning í skólum.
1	01	882	10	Listkynningar erlendis.
1	01	882	09	Listmálarahús, byggingarfé.
1	06	381		Lífeyrissjóðir, framlög.
1	04	301	09	Ljósmæðralaun
1	04	566		Ljósmæðraskóli Íslands.
1	04	399	27	Lyfjabúðaeftirlitið.
1	04	399	23	Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit.
1	04	399	20	Lyfjaverðlagsnefnd.
1	04	301	03	Læknaráð.
1	04	301	08	Lækningaferðir sérfræðinga.
1	04	378		Læknishéraðasjóður.
1	01	899	06	Lögberg-Heimskringla.
1	03	201	23	Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta.
1	03	921		Löggildingarstofan.
1	03	581	04	Löggiltir endurskoðendur, kostnaður við próf.
1	04	282		Löggæzla.
1	04	216		Lögreglustjórinn, Bolungarvík.
1	02	201		Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.
1	04	207		Lögreglustjórinn í Reykjavík.
1	04	208		Lögreglustöð í Reykjavík, bygging.
1	03	242		Mat á landbúnaðarafurðum.
1	01	899	33	Matthíasarsafnið á Akureyri.
1	07	569		Matsveina- og veitingaþjónaskólinn.
1	04	399	03	Matvælarannsóknir.
1	01	899	39	Málnefnd, nýyrðasöfnun o. fl.
1	04	281	01	Málskostnaður.

1	04	281	02	Meðdómsmenn.
1	05	999	43	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga.
1	05	999	44	Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947.
1	01	899	35	Menningarsamband við Vestur-Íslendinga.
1	01	899	11	Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands.
1	01	875		Menningarsjóður, framlag.
1	01	884	06	Menningarsjóður Norðurlanda.
1	01	101	03	Menntamálaráðuneytið, byggingardeild.
1	01	101	04	Menntamálaráðuneytið, fjármáladeild.
1	01	306		Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur.
1	01	305		Menntaskóli á Ísafirði, byggingarstyrkur.
1	01	302		Menntaskólinn á Akureyri.
1	01	304		Menntaskólinn við Hamrahlíð.
1	01	303		Menntaskólinn á Laugarvatni.
1	01	301		Menntaskólinn í Reykjavík.
1	01	781	08	Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi.
1	01	401	08	Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf.
1	04	399	24	Minningarsjóður Landspítalans.
1	01	899	32	Minningarlundir og skrúðgarðar.
1	03	286	12	Mjólkurbú og smjörsamlög.
1	04	301	10	Mjólkureftirlitið.
1	01	702	06	Munaðarlausir, vanræktir eða fatlaðir unglingar, námsstyrkir.
1	01	561		Myndlista- og handíðaskólinn.
1	05	999	12	Mæðrastyrksnefndir.
1	03	286	15	Nautgriparæktunarsambönd.
1	01	781		Náms- og fræðimenn, framlög.
1	01	702	05	Náms- og hælisvist unglinga, styrkur.
1	04	301	07	Námsferðir héraðslækna og embættislækna.
1	01	401	09	Námsflokkar.
1	03	301	03	Námskeið í meðferð fiskileitartækja.
1	04	399	08	Námskeið sjúkraliða.
1	04	379		Námslán læknastúdenta skv. lögum nr. 43/1965.
1	01	401	02	Námsstjórar.
1	01	231		Náttúrufræðistofnun Íslands.
1	01	899	02	Náttúrugripasafn Akureyrar.
1	01	899	03	Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.
1	01	899	04	Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.
1	01	841		Náttúruverndarráð.
1	05	999	37	Neytendasamtökin.
1	08	201		Niðurgreiðslur á vöruverði.
1	01	883	07	Norræn rannsóknastofnun í fræðilegum atómvísindum.
1	01	884		Norræn samvinna.
1	04	399	21	Norræn samvinna í lyfsölumálum.
1	03	299	03	Norræna búfræðifélagið.
1	01	884	03	Norræna félagið.
1	01	884	50	Norræna húsið, bifreiðastæði.
1	01	884	08	Norræna læknakennslusambandið.
1	01	884	07	Norræna tölfræðistofnunin.
1	01	884	02	Norrænt samstarf.
1	01	206		Orðabók Háskólans.
1	03	471		Orkusjóður, framlag.
1	03	401		Orkustofnun.
1	05	981	06	Orlofsheimili verkalýðssamtakanna.

1 05 999 48 Orlofssjóður húsmæðra.
1 06 999 09 Óviss útgjöld.

1 04 473 Prestakallasjóður.
1 04 401 13 Prestar og prófastar.
1 04 401 17 Prestsembættisbústaðir, viðhald.
1 04 401 19 Prestssetur, heimtaugagjöld.
1 04 281 04 Próf málflytjenda.

1 03 403 Rafmagnseftirlit ríkisins.
1 03 472 Rafmagnsveitur ríkisins, framlag.
1 01 232 Rannsóknaráð ríkisins.
1 04 313 Rannsóknastofa Háskólans.
1 07 402 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
1 03 303 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
1 07 401 Rannsóknastofnun iðnaðarins.
1 03 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
1 05 999 19 Rauðikross Íslands.
1 01 203 Raunvísindastofnun Háskólans.
1 03 301 02 Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins.
1 01 271 Reiknistofnun Háskólans.
1 04 381 02 Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa skv. lögum.
1 01 884 04 Rekstur Norræna hússins í Reykjavík.
1 01 899 21 Rithöfundasamband Íslands.
1 01 881 06 Rithöfundasjóður Íslands.
1 01 899 40 Ritun og útgáfa sögu stjórnarráðsins.
1 06 971 Ríkisábyrgðasjóður, framlag.
1 06 981 Ríkisbifreiðar, framlag.
1 06 102 Ríkisbókhald og ríkisféhirzla.
1 10 101 Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa.
1 02 201 03 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.
1 04 303 Ríkisspítalar, skrifstofa.
1 00 301 Ríkisstjórn.
1 01 422 Ríkisútgáfa námsbóka.
1 01 871 Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.

1 01 805 Safnahúsið.
1 04 206 Sakadómarinn í Reykjavík.
1 04 203 Saksóknari ríkisins.
1 01 899 23 Samband íslenzkra barnakennara til menningar- og félagsstarfsemi.
1 01 671 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni.
1 07 101 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1 03 581 02 Samvinnuskólinn.
1 03 243 Sauðfjárveikivarnir.
1 05 981 03 Sáttanefndir í vinnudeilum.
1 02 310 Sendinefnd Íslands hjá NATO, Bruxelles.
1 02 309 Sendinefnd Íslands hjá S.Þ., New York.
1 02 301 Sendiráðið í Bonn.
1 02 302 Sendiráðið í Kaupmannahöfn.
1 02 303 Sendiráðið í London.
1 02 304 Sendiráðið í Moskvu.
1 02 305 Sendiráðið í Osló.
1 02 306 Sendiráðið í París.
1 02 307 Sendiráðið í Stokkhólmi.
1 02 308 Sendiráðið í Washington.

1	04	281	03	Setu- og varadómarar.
1	07	374		Sérleyfissjóður.
1	04	281	05	Siglingadómur.
1	01	873		Sinfóníuhljómsveitin.
1	05	999	26	S.Í.B.S., læknislaun.
1	05	999	27	S.Í.B.S., styrkur.
1	03	302	05	Síldarleit.
1	03	312		Síldarmat ríkisins.
1	06	999	04	Símakostnaður og símastöð fyrir stjórnarráðið.
1	05	999	21	Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra.
1	03	386		Sjávarútvegur, framlög.
1	05	999	15	Sjómannaheimili, rekstrarstyrkir.
1	07	571		Sjómannaskólahúsið.
1	05	999	14	Sjómannastofur, byggingar.
1	07	357		Sjómælingar og sjókortagerð.
1	03	286	02	Sjóvarnargarðar.
1	05	999	08	Sjúkraflug.
1	04	401	14	Sjúkrahúsaprestur.
1	04	283	05	Sjúkrakostnaður refsifanga.
1	06	207		Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.
1	06	206		Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra, Akureyri.
1	06	205		Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra, Siglufirði.
1	06	210		Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði.
1	06	202		Skattstofan í Reykjavík.
1	06	208		Skattstofa Suðurlands, Hellu.
1	06	204		Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði.
1	06	209		Skattstofa Vestmannaeyja.
1	06	203		Skattstofa Vesturlandsumdæmis, Akranesi.
1	06	211		Skattstofur, sameiginleg útgjöld.
1	01	899	10	Skáksamband Íslands.
1	04	401	21	Skálholtsstaður, framlag.
1	07	358		Skipaskoðun ríkisins.
1	07	321	02	Skipaútgerð ríkisins.
1	05	601		Skipulagsstjóri.
1	01	401	13	Skíðakennsla í barnaskólum.
1	01	401	14	Skíðakennsla í gagnfræðaskólum.
1	03	230		Skógrækt ríkisins.
1	04	301	04	Skólayfirlæknisembættið.
1	03	911		Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.
1	05	999	50	Slysavarnafélag Íslands.
1	04	381	04	St. Jósefs- og Fransiscusarspítalar, framlög.
1	04	381	05	St. Jósefsspítali, byggingarstyrkur.
1	01	781	11	Starfsemi stúdenta.
1	03	399	02	Starfsfræðsla sjávarútvegsins.
1	04	102		Stjórnartíðindi.
1	01	899	16	Stjórnunarfélag Íslands til fræðslustarfsemi.
1	03	374	03	Stofnfé almennrar deildar togaraflotans.
1	03	286	06	Stofnlánadeild landbúnaðarins.
1	04	981	05	Stórstúka Íslands.
1	07	321		Strandferðir, framlög.
1	04	381	06	Styrkir til heilsuverndarstöðva.
1	05	999	13	Styrktar- og sjúkrasjóðir.
1	06	384		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn.
1	06	383		Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.

1	05	999	24	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.
1	05	999	23	Styrktarfélag vangefinna.
1	05	999	40	Styrktarfélag vangefinna, dagheimili.
1	05	974		Styrktarsjóður fatlaðra.
1	05	975		Styrktarsjóður vangefinna.
1	06	999	03	Styrkur til dagblaða.
1	01	781	05	Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga.
1	01	882	07	Styrkur til lúðrasveita samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
1	01	782		Styrkur til myndlistarskóla.
1	04	399	13	Styrkur til sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs að fengnum tillögum landlæknis gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins.
1	01	781	09	Styrkur til útgáfustarfa.
1	07	568		Stýrimannaskólinn.
1	04	401	10	Sumarbúðir þjóðkirkjunnar.
1	05	999	06	Sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum.
1	01	883	04	Surtseyjarfélagið.
1	05	699		Sveitarfélög, framlög.
1	01	899	27	Svifflugfélag Íslands.
1	01	882	15	Sýningarskáli á Miklatúni, bygging.
1	04	223		Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri.
1	04	233		Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði.
1	04	224		Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík.
1	04	217		Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði.
1	04	220		Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki.
1	04	225		Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði.
1	04	219		Sýslumaðurinn, Blönduósi.
1	04	212		Sýslumaðurinn, Borgarnesi.
1	04	214		Sýslumaðurinn, Búðardal.
1	04	227		Sýslumaðurinn, Eskifirði.
1	04	218		Sýslumaðurinn, Hólmavík.
1	04	229		Sýslumaðurinn, Hvolsvelli.
1	04	215		Sýslumaðurinn, Patreksfirði.
1	04	231		Sýslumaðurinn, Selfossi.
1	04	213		Sýslumaðurinn, Stykkishólmi.
1	04	228		Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal.
1	04	401	04	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
1	01	899	29	Taflfélag Reykjavíkur.
1	04	981	04	Templarahöllin, byggingarstyrkur.
1	05	999	45	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis.
1	01	401	16	Til fyrrverandi barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra.
1	01	783		Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla.
1	04	399	06	Til lækningatækja skv. lögum nr. 43/1965.
1	04	381		Til sjúkrahúsa og læknabústaða.
1	01	401	19	Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra.
1	01	202		Tilraunastöð Háskólans á Keldum.
1	01	899	07	Tímaritið Veðrið.
1	02	201	02	Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli.
1	06	263		Tollgæzla utan Reykjavíkur.
1	06	262		Tollgæzlan í Reykjavík.
1	06	261		Tollstjórinn í Reykjavík.
1	06	281		Tollstöðvar, framlag.

1	01	882	02	Tónlistarskólar.
1	01	882	04	Tónlistarstarfsemi.
1	05	271		Tryggingastofnun ríkisins.
1	03	999	02	Tækninýjungar.
1	01	501		Tækniskólinn.
1	04	399	15	Umbúðasmíði vegna fatlaðra.
1	01	899	36	Umbætur við Geysi í Haukadal.
1	07	373		Umferðamiðstöð.
1	05	999	31	Ungmennafélag Íslands, skógrækt í Þrastaskógi.
1	05	999	30	Ungmennafélag Íslands, styrkur.
1	03	299	09	Ungmennafélag Íslands til starfsíþrótta.
1	03	286	13	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
1	01	702	07	Uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur.
1	01	771		Upptökuheimilið í Kópavogi.
1	04	401	08	Utanfarir presta.
1	02	101		Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	01	886	06	Útgáfa handbóka um skólaíþróttir.
1	04	281	06	Útgáfa norræns dómasafns.
1	04	401	06	Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan.
1	06	481		Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.
1	04	401	27	Útihús á prestssetrum.
1	02	102		Varnarmáladeild.
1	02	201	04	Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar.
1	05	699	02	Vatnsveitur skv. lögum.
1	07	352		Veðurstofan.
1	07	211		Vegagerð.
1	03	246		Veiðimálaskrifstofan.
1	03	205		Veiðistjóri.
1	03	244		Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.
1	03	321		Verðlagsráð sjávarútvegsins.
1	08	902		Verðlagsskrifstofan.
1	07	400	02	Verkstjórnarnámskeiðin.
1	04	971	04	Vernd.
1	01	702		Vernd barna og ungmenna.
1	03	581		Verzlunarskólar.
1	03	581	01	Verzlunarskóli Íslands.
1	04	401	07	Vestur-íslenzkar kirkjur.
1	06	999	02	Vextir af yfirdráttarlánum sjá Seðlabanka Íslands.
1	03	272		Vélasjóður, framlag.
1	01	506		Vélskólinn.
1	01	888		Viðeyjarstofa, kaup og endurbætur.
1	08	101		Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa.
1	04	245		Vinnuhælið á Kvíabryggju.
1	04	244		Vinnuhælið á Litla-Hrauni.
1	05	981		Vinnumál.
1	05	699	07	Vinnumiðlun.
1	01	701		Vistheimilið Breiðavík.
1	07	331		Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa
1	07	332		Vitamál.
1	04	399	18	Vírusrannsóknir.
1	01	883	03	Vísinda- og fræðimenn.
1	01	899	42	Vísindarannsóknir.

1 01	874		Vísindasjóður.
1 08	999	03	Vörusýningar erlendis.
1 05	999		Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið.
1 04	399		Ýmis heilbrigðismál.
1 06	181		Ýmis lán ríkissjóðs.
1 03	299		Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.
1 01	883		Ýmis vísindaleg starfsemi.
1 08	999		Ýmis önnur mál, viðskiptaráðuneytið.
1 03	999		Ýmislegt, atvinnumálaráðuneytið.
1 06	999		Ýmislegt, fjármálaráðuneytið.
1 01	899		Ýmislegt, forsætis- og menntamálaráðuneytið.
1 03	399		Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.
1 01	899	25	Zontaklúbbur Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi.
1 01	899	13	Þjóðdansafélagið.
1 01	831		Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.
1 04	401		Þjóðkirkjan.
1 01	872		Þjóðleikhús, framlög.
1 01	803		Þjóðminjasafnið.
1 01	804		Þjóðskjalasafnið.
1 09	102		Þjóðskráin.
1 01	322		Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans, byggingarstyrkur.
1 05	999	33	Æskulýðsnefnd Borgarfjarðar- og Mýrasýslu.
1 05	999	34	Æskulýðsnefnd Eyjafjarðar.
1 05	999	32	Æskulýðssamband Íslands.
1 04	401	09	Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan.
1 07	403		Öryggiseftirlit.

B-HLUTI

2 03	374	Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.
2 06	931	Arnarhvoll.
2 05	973	Atvinnujöfnunarsjóður.
2 05	272	Atvinnuleysistryggingasjóður.
2 03	211	Áburðarsala ríkisins.
2 06	911	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
2 07	211	Áhaldahús vegagerðarinnar.
2 04	332	Bifreiðalánasjóður héraðslækna.
2 05	972	Bjargráðasjóður Íslands.
2 01	881	Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
2 05	931	Brunabótafélag Íslands.
2 03	372	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.
2 03	371	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.
2 01	808	Byggingarsjóður Listasafns ríkisins.
2 01	276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.
2 05	371	Byggingarsjóður ríkisins.
2 01	876	Byggingarsjóður safnahúss.
2 03	373	Byggingarsjóður síldarleitarskips.

2 05 372 Byggingarsjóður verkamanna.
2 03 532 Bændaskólabúið á Hólum.
2 03 531 Bændaskólabúið á Hvanneyri.

2 05 971 Erfðafjársjóður.

2 04 376 Fávitahælið í Kópavogi.
2 07 372 Ferðaskrifstofa ríkisins.
2 03 311 Fiskimálasjóður.
2 07 371 Flugmálastjórn.
2 02 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.
2 03 236 Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti.
2 02 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli.
2 04 372 Fæðingardeild Landspítalans.

2 03 533 Garðyrkjuskólabúið á Reykjum.
2 04 373 Geðveikrahælið á Kleppi.
2 03 235 Gunnarsholtsbúið.
2 04 971 Gæzluvistarsjóður.

2 07 333 Hafnarbótasjóður.
2 01 201 Happdrætti Háskólans.
2 01 211 Háskólabíó.
2 04 375 Heilsuhælið í Kristnesi.
2 04 374 Heilsuhælið á Vífilsstöðum.
2 06 972 Hlutabréf ríkisins.
2 04 377 Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.

2 08 101 Innkaupastofnun ríkisins.

2 03 172 Jarðeignasjóður ríkisins.
2 03 171 Jarðeignir ríkisins.

2 04 471 Kirkjubyggingarsjóður.
2 04 472 Kirkjugarðasjóður.
2 04 922 Kópavogsbúið.

2 05 672 Landakaup, kaupstaða og kauptúna.
2 03 271 Landgræðslusjóður.
2 04 247 Landhelgissjóður.
2 07 323 Landshöfn, Keflavík, Njarðvík.
2 07 324 Landshöfn, Rifi.
2 07 322 Landshöfn, Þorlákshöfn.
2 04 371 Landspítalinn.
2 03 431 Landssmiðjan.
2 03 411 Landsvirkjun, eignarhluti ríkissjóðs.
2 03 412 Laxárvirkjun, eignarhluti ríkissjóðs.
2 03 246 Laxeldisstöð í Kollafirði.
2 01 772 Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
2 05 671 Lánasjóður sveitarfélaga.
2 06 912 Lyfjaverzlun ríkisins.
2 04 378 Læknishéraðasjóður.
2 04 101 Lögbirtingablaðið.

2 01 875 Menningarsjóður.

2 04 379 Námslán læknastúdenta.

2 03 471 Orkusjóður.

2 11 Póstur og sími.
2 04 473 Prestakallasjóður.

2 03 472 Rafmagnsveitur ríkisins.
2 01 271 Reiknistofnun Háskólans.
2 06 971 Ríkisábyrgðasjóður.
2 04 911 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
2 01 422 Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð.
2 01 870 Ríkisútvarp, hljóðvarp.
2 01 871 Ríkisútvarp, sjónvarp.

2 02 121 Sala varnarliðseigna.
2 06 923 Sameignir ríkisins.
2 01 671 Sameignir skólanna að Laugarvatni.
2 03 432 Sementsverksmiðja ríkisins.
2 07 374 Sérleyfissjóður.
2 01 873 Sinfóníuhljómsveit.
2 03 331 Síldarútvegsnefnd.
2 03 321 Síldarverksmiðjur ríkisins.
2 07 571 Sjómannaskólahúsið.
2 07 321 Skipaútgerð ríkisins.
2 06 922 Skuldabréf ríkisins.
2 05 974 Styrktarsjóður fatlaðra.
2 05 975 Styrktarsjóður vangefinna.

2 03 206 Tilraunabúið á Hesti.
2 03 208 Tilraunastöðin á Akureyri.
2 03 207 Tilraunastöðin á Reykhólum.
2 03 210 Tilraunastöðin á Sámsstöðum.
2 03 209 Tilraunastöðin á Skriðuklaustri.
2 05 271 Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris- og sjúkratryggingar.
2 05 271 Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar.
2 03 323 Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2 07 373 Umferðamiðstöð.
2 01 771 Upptökuheimilið í Kópavogi.

2 03 272 Vélasjóður ríkisins.
2 04 321 Vistheimilið í Gunnarsholti.
2 07 331 Vitamálastjórn, áhaldahús.
2 04 921 Vífilsstaðabúið.
2 01 874 Vísindasjóður.

2 06 932 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

2 01 872 Þjóðleikhúsið.
2 04 311 Þvottahús ríkisspítalanna.

Efnisyfirlit.

	Bls.
A-hluti: Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	1
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs	1
Rekstrarreikningur	2
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda	8
Ædsta stjórn ríkisins	8
Forsætis- og menntamálaráðuneytið	9
Utanríkisráðuneytið	24
Atvinnumálaráðuneytið	28
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	38
Félagsmálaráðuneytið	50
Fjármálaráðuneytið	54
Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	58
Viðskiptaráðuneytið	63
Hagstofa Íslands	64
Ríkisendurskoðun	64
B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign	65
Heimildir	101
Sérstök yfirlit	103
1. Heildarútgjöld eftir tegund útgjalda. A-hluti	103
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta	103
3. Samandregið yfirlit yfir útgjöld ríkisins eftir tegundum útgjalda	104
4. Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli	104
5. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum	105
6. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir tekjustofnum	106
7. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa. Skipting eftir viðtakendum	107
8. Hlutfallsleg skipting tekna eftir tegundum skatta og gjalda	109
9. Skipting á lögbundnum og ólögbundnum eftirlaunum og styrktarfé	110
Athugasemdir	117
Yfirlit og samanburður við fjárlög 1968	117
Gjaldahlið	117
Tekjuhlið	123
Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins	124
Fylgiskjöl: I. Drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1969 fyrir opinberar framkvæmdir	137
II. Starfsmannaskrá	139
III. Talnalykill	181
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð	184

Nd. **2. Frumvarp til laga** [2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI

1. gr.

Forseti lýðveldisins skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.

Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar starfsmann Forsætisráðuneytis ritara ráðherrafunda.

Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók, er ráðherrar hafa staðfest fundargerðina.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:

Forsætisráðuneyti,
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
Félagsmálaráðuneyti,
Fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,
Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
Iðnaðarmálaráðuneyti,
Landbúnaðarráðuneyti,
Menntamálaráðuneyti,
Samgöngumálaráðuneyti,
Sjávarútvegsmálaráðuneyti,
Utanríkisráðuneyti og
Viðskiptamálaráðuneyti.

5. gr.

Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

6. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun, er lúta fjármálaráðherra, eru sjálfstæðar stjórnardeildir innan Fjármálaráðuneytis.

Ákvæði laga þessara um ráðuneyti gilda jöfnum höndum um Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun, eftir því sem við á.

7. gr.

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum.

8. gr.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

9. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyri, og sker forsætisráðherra þá úr.

10. gr.

Ráðuneyti hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana.

II. KAFLI

11. gr.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneyti undir yfirstjórn ráðherra.

Ríkisendurskoðandi stýrir Ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 6. gr.

Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á.

Ráðuneytisstjóri Forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara Ríkisráðs Íslands.

Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

Slíka skipan sem í 5. mgr. greinir getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

12. gr.

Starfsdeild ráðuneytis, sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis, og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans.

Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri eða skrifstofustjóri þess ráðuneytis, og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.

Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

13. gr.

Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra.

14. gr.

Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra.

Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem deildarstjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá hálfra launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

16. gr.

Með reglugerð forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsmenn ráðuneyta,

starfsháttu og meðferð mála í ráðuneytum, og svo um skipulag og stjórn einstakra ríkisstofnana og starfsgreina, sem lög fjalla eigi um sérstaklega.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 3. október 1903, 1. gr.

Lög nr. 1 2. jan. 1917 um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Auglýsing um breyting á konungsúrskurði 12. febrúar 1917 um skipting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands nr. 1 5. janúar 1922.

Lög nr. 58 11. júní 1938 um breyting á lögum nr. 17 3. október 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Önnur lagaboð, er fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, skulu ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar, sem þá eru fastir starfsmenn án skipunar í embætti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr., sjálfkrafa hljóta veitingu embætta sinna samkvæmt nefndu lagaboði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. maí 1958 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktun:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á löggjöf um Stjórnarráð Íslands og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um þetta efni, svo fljótt sem verða má".

Forsætisráðherra skipaði hinn 18. október 1958 til þessa starfa nefnd, er samdi um nefnt efni frumvarp, en eigi var það lagt fyrir Alþingi. Núverandi ríkisstjórn hefur tekið mál þetta upp af nýju og látið semja frumvarp það, er hér liggur fyrir. Um Stjórnarráð Íslands og ákvæði frumvarps þessa þykir rétt að taka fram það, er nú skal greina.

A.

Með stjórnskipunarlögum nr. 16/1903 var kveðið á um það, að ráðherra Íslands skyldi hafa aðsetur í Reykjavík. Og með lögum nr. 17/1903 var ákveðið að „stofna stjórnarráð fyrir Ísland í Reykjavík og skipa í það landritara og þrjá skrifstofustjóra". Stjórnarráðið, sem tók til starfa 1. febrúar 1904, skiptist samkvæmt greindu lagaboði í þrjár stjórnardeildir eða skrifstofur. Fór I. skrifstofa með dóms-, kirkju- og kennslumál, II. skrifstofa með atvinnu- og samgöngumál og III. skrifstofa með fjármál. Er ráðherrum var fjölgað með lögum nr. 1/1917, var embætti landritara, sem verið hafði sérstakur aðstoðarmaður ráðherra, lagt niður. Jafnframt var með konungsúrskurði 17. desember 1917 nöfnum stjórnarráðsskrifstofanna breytt í **dóms- og kirkjumáladeild, atvinnu- og samgöngumáladeild** og **fjármáladeild.** Með auglýsingu nr. 1/1922 var aftur breytt heitum stjórnardeildanna og þær þá nefndar **dóms- og kirkjumálaráðuneyti, atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti** og **fjármálaráðuneyti.** Hefur heitinu **ráðuneyti** verið haldið síðan. Með lögum nr. 58/1938 var skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands fjölgað í fjóra. Var hinum nýja skrifstofustjóra falin umsjá stjórnardeildar, er fjallað hafði um utanríkismál frá því á árinu 1929, en síðan stjórn Utanríkisráðuneytis Íslands, er lög um það höfðu verið sett, sbr. lög nr. 31/1941. Á grundvelli greindra lagaboða eru fjögur núverandi ráðuneyti stofnuð, þ. e. Atvinnumálaráðuneyti, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Fjármálaráðuneyti og Utanríkisráðuneyti. Önnur ráðuneyti hafa ekki verið stofnuð með sérstökum lögum. Ríkisstjórnir hafa hins vegar auk nefndra ráðuneyta sett á stofn sjö ráðuneyti án

atbeina löggjafans. Fé til þeirra hefur síðan verið veitt í fjárlögum. Þannig var Viðskiptamálaráðuneyti stofnað 1939, Félagsmálaráðuneyti 1946, Menntamálaráðuneyti 1947, Samgöngumálaráðuneyti 1947 og Efnahagsmálaráðuneyti 1959, en það ráðuneyti var lagt niður, er Efnahagsstofnun var komið á fót, sbr. nú II. kafla laga nr. 66/1966. Á árinu 1956 var ákveðið, að Hagstofa Íslands skyldi vera sérstakt ráðuneyti. Eftir að ráðherrar urðu fleiri en einn, tók sérstök skrifstofa að annast málefni, sem lögð voru til forsætisráðherra. Varð sú skrifstofa síðan núverandi Forsætisráðuneyti og því ráðinn skrifstofustjóri árið 1947.

Samkvæmt því, sem rakið var, eru ráðuneytin nú þessi:

Forsætisráðuneyti, Atvinnumálaráðuneyti, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félagsmálaráðuneyti, Fjármálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, Menntamálaráðuneyti, Samgöngumálaráðuneyti, Utanríkisráðuneyti og Viðskiptamálaráðuneyti.

B.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 15. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 17. júní 1944.

Ráðherrar hafa stjórnarskrifstofur sínar í Stjórnarráði Íslands í Reykjavík, og eru ákvæði 2. mgr. við það miðuð.

Um 2. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. og 2. málsl. 17. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 17. júní 1944.

Samkvæmt 2. mgr. skulu öll málefni, sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar, sbr. 16. gr. stjórnarskrárinnar, áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi. En tíðkazt hefur að leggja fyrir forseta ýmis mál, án þess að ráðherrafundur hefði áður um þau fjallað.

3. mgr. er í samræmi við 3. málsl. 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar, sem ekki þarfnast skýringa, eru nýmæli í lögum, en í samræmi við venjubundna starfsháttu hin síðari ár.

Um 4. gr.

Lagt er til, að ráðuneyti verði þau, sem talin eru í þessari grein. Miðað við núverandi skipan, eru þessar breytingar fyrirhugaðar: Atvinnumálaráðuneyti verði lagt niður; heilbrigðismál, sem nú lúta Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og tryggingarmál, sem nú ber undir Félagsmálaráðuneyti, verði lögð til nýs ráðuneytis, Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytis; Landbúnaðarráðuneyti, Sjávarútvegsmálaráðuneyti og Iðnaðarmálaráðuneyti verði stofnuð, þ. e. sérstakt ráðuneyti fyrir hvern höfuðatvinnuveg þjóðarinnar um sig. Er skipan ráðuneytanna miðuð við það annars vegar, að unnt sé í sem ríkustum mæli að skipa skyldum og samstæðum málum til eins og sama ráðuneytis, sbr. 9. gr., og hins vegar að skapa grundvöll fyrir því, að mikilvæg stjórnarmálefni fái vandaða og örugga meðferð á vegum ráðuneyta. Forsætisráðherra er samkvæmt 5. mgr. 11. gr. heimilt að ákveða, að ráðuneytisstjóri veiti fleirum en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi sameiginlegt starfslið og húsnæði. Þess má vænta, að heimild þessi verði notuð, þannig að alger starfsleg sérgreining ráðuneytanna verði framkvæmd í áföngum. Hin formlega fjölgun ráðuneytanna, sem fyrirhuguð er, mun því eigi fyrst um sinn hafa í för með sér aukinn kostnað ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Er einsætt, að eðlilegra er og hagkvæmara, að einn og sami ráðherra fari með æðsta vald í ráðuneyti, heldur en að starfslið þess

og málefni lúti fleirum en einum ráðherra, svo sem nú tíðkast, vegna þess hve sundurleit stjórnarmálefni eru lögð til sumra ráðuneytanna.

Um 6. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun var stofnsett innan Fjármálaráðuneytis á árinu 1966. Hagsýslustjóri veitir stofnun þessari forstöðu sem sjálfstæðri stjórnardeild undir beinni yfirstjórn fjármálaráðherra. Ríkisendurskoðun er og sjálfstæð stjórnardeild innan sama ráðuneytis undir yfirstjórn ríkisendurskoðanda og fjármálaráðherra, sbr. lög nr. 61/1931. Þykir rétt, að þessi skipan haldist. Og þar sem stjórnardeildir þessar eru algerlega sjálfstæðar undir yfirstjórn ráðherra, þykir hlýða, að ákvæði laga um ráðuneyti gildi jöfnum höndum um þær.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ráðuneytum sé skipt í starfsdeildir eftir verkefnum og forsjá deildanna falin deildarstjórum, sbr. 1. mgr. 12. gr. Gert var ráð fyrir slíkri deildaskipan í launalögum nr. 92/1955, og er hún orðin föst í framkvæmd. Lagt er á vald ráðherra að ákveða deildaskiptingu og tölu deildarstjóra í hverju einstöku ráðuneyti.

Um 8. gr.

Stofnun ráðuneytis er svo mikilvæg ráðstöfun, að rétt þykir, að bein lagafyrirmæli komi til. Sama gildir um afnám ráðuneytis, er stofnað hefur verið.

Um 9. gr.

Með ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er lagt til, að forseti lýðveldisins ákveði samkvæmt tillögum forsætisráðherra með reglugerð verksvið ráðuneyta, þ. e. hver stjórnarmálefni skuli lögð til hvers einstaks ráðuneytis. Við setningu þeirrar reglugerðar ber að gæta þess að leggja til ráðuneytis málefni, sem eðli sínu samkvæmt ber undir það, sbr. 4. gr. Með hliðsjón af síauknum verkefnum og breytingum á sviði opinberrar stjórnsýslu þykir hentara að skipa málum með þessum hætti en með lagasetningu, sem þyngri er í vögum.

Þá er lagt til, að forsætisráðherra skeri úr vafa um, hvaða ráðuneyti skuli með stjórnarmálefni fara.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til, að kveðið verði á um eftirlit ráðuneytis með stofnunum, sem því lúta, og eignum á vegum þeirra. Fjármálaráðuneyti fer hins vegar vitaskuld með eignamál ríkisins almennt.

C.

Um II. kafla.

Um 11. gr.

Æðstu embættismenn ráðuneyta eru ráðuneytisstjórar, og hinum sérstöku stjórnardeildum, Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Ríkisendurskoðun, stýra hagsýslustjóri og ríkisendurskoðandi, sem hafa skulu sömu lögkjör sem ráðuneytisstjórar. Lagt er til, að ráðuneytisstjóri Forsætisráðuneytis gegni jafnframt starfa ríkisráðsritara. Hin almenna regla er sú, að ráðuneytisstjóri skuli einungis fara með mál eins ráðuneytis. Hins vegar er lagt til, að forsætisráðherra megi ákveða, að ráðuneytisstjóri veiti fleirum en einu ráðuneyti forstöðu, ef því verður við komið, og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi sameiginlegt starfslið og húsnæði. Slíka skipan getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju ráðuneyta þeirra, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

Um 12. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Eigi þarf að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954, sé starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri eða skrifstofustjóri þess ráðuneytis.

Um 13. og 14. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Hér er um nýmæli að tefla þess efnis, að ráðherra sé heimilt að ráða mann utan ráðuneytis sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, svo sem tíðkast með öðrum þjóðum. Virðist réttmætt, að ráðherra hafi slíka heimild, enda geta ýmsar eðlilegar ástæður legið til þess, að ráðherra kjósi sér við hlið aðstoðar- og trúnaðarmann eftir eigin vali.

Um 16. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Gildistaka laganna 1. janúar 1970 er við það miðuð, að hæfilegur tími gefist til að undirbúa framkvæmd þeirra. Má í því sambandi meðal annars og sérstaklega nefna setningu reglugerðar samkvæmt 9. gr., um skiptingu starfa og málefna milli ráðuneyta.

Meðal lagaboða, sem fara í bága við hin fyrirhuguðu lög og eiga því að falla úr gildi, eru sérákvæði í lögum, er skipa stjórnarmálefnum til tilgreindra ráðuneyta.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt eftir tillögu landlæknis að breyta skipan læknishéraða skv. 1. gr. þessara laga og sameina í eitt læknishérað tvö eða fleiri nágrannahéruð eða hluta úr héraði (héruðum), svo fremi að staðhættir og aðrar aðstæður leyfi. Skal hið nýja læknishérað hljóta nafn þess héraðs, þar sem læknamiðstöð verður sett á stofn. Áður en slík sameining er framkvæmd, skal leita álits stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem sameina á, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum.

Í nýju læknishéraði skv. þessari grein skal setja á stofn læknamiðstöð, og skal hún að jafnaði vera aðsetur héraðslækna þeirra, er gegna störfum í héraðinu. Til læknamiðstöðvar teljast íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni. Ráðherra ákveður með ráði landlæknis og að fengnu áliti þeirra aðila, sem upp eru taldir í 1. mgr., hve margir héraðslæknar skuli vera í læknishéraði, sem stofnað hefur verið skv. 1. mgr., en aldrei mega þeir þó vera færri en tveir.

Kostnaður við byggingar vegna stofnunar læknamiðstöðvar skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum í hverju tilviki, en um kostnað við síðari breytingar og aukningu á húsakynnum fer eftir ákvæðum sjúkrahúsalaga. Byggingar og búnaður, sem er í eigu einstakra héraða þar sem læknamiðstöð

er sett á stofn, skal ganga til stöðvarinnar. Nú er ekki til læknisbústaður í læknishéraði, þar sem læknamiðstöð er sett á stofn, og skulu þá sveitarfélög þess héraðs greiða framlög til byggingar einnar læknisíbúðar skv. ákvæðum sjúkrahúsalaga.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður læknamiðstöðvar, annar en laun héraðslækna skv. 2. mgr., greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda.

Nú fer fram í læknamiðstöð starfsemi, sem sérstök lög gilda um, og fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þá starfsemi skv. þeim lögum.

Í stjórn læknamiðstöðvar skulu eiga sæti þrír menn, einn héraðslæknir, skipaður af ráðherra, og tveir menn kosnir af oddvitum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til 4 ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis í þéttbýliskjarna utan læknamiðstöðvar, og skal þá landlæknir, að fengnu áliti hlutaðeigandi héraðslækna, gera tillögur til ráðherra um tíðni slíkra viðtalstíma á hverjum stað, en ríkissjóður greiðir ferðakostnað læknis skv. taxta, er ráðherra setur. Að öðru leyti fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað vegna slíkrar þjónustu eins og um læknamiðstöð væri að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heimild 4. gr. núgildandi læknaskipunarlaga (nr. 43/1965) til að sameina læknislaus héruð nágrannahéraði og setja á stofn læknamiðstöðvar fyrir hin sameinuðu héruð hefur enn ekki verið notuð. Til lengdar verður þó varla komizt hjá því að taka upp þessa skipan, þar sem staðhættir og aðrar aðstæður leyfa. Um rökstuðning vísast til greinargerðar með frumvarpi til núgildandi læknaskipunarlaga, en því má bæta við, að ungir læknar virðast nú að kalla einhuga um, að hin gamla læknishéraðaskipan með einum lækni í héraði sé úrelt og að læknar muni ekki fást til héraðslæknisstarfa, nema tveir eða fleiri starfi saman og starfsaðstöðu þeirra verði jafnframt breytt, þannig að héraðslæknar fái hjálparstarfslið.

Með bréfi dags. 25. febrúar 1967 vakti landlæknir athygli á því að nauðsynlegt verði að nota heimild 4. gr. læknaskipunarlaga nr. 43 1965 um stofnun læknamiðstöðva og lagði til, að þegar yrði hafizt handa um að setja reglur um skipun læknamiðstöðva, sérstaklega um afstöðu læknanna hvers til annars og verkaskiptingu þeirra.

Í samræmi við þessar tillögur skipaði heilbrigðismálaráðherra hinn 10. marz 1967 þá Þór Vilhjálmsson, prófessor, Ólaf heitinn Björnsson, héraðslækni og Helga Valdimarsson, lækni, í nefnd til að „semja reglur um fyrirkomulag og rekstur læknamiðstöðva samkvæmt 4. gr. læknaskipunarlaga nr. 43 12. maí 1965, og sérstaklega um afstöðu læknanna hvers til annars og verkaskiptingu þeirra."

Nefndin skilaði tillögum í lok september 1967 og lagði til að sett yrði reglugerð um læknamiðstöðvar héraðslækna og gerði drög að slíkri reglugerð.

Við athugun á tillögum nefndarinnar hjá ráðuneyti og landlækni kom í ljós að núverandi 4. gr. læknaskipunarlaganna er að ýmsu leyti ófullnægjandi til raunhæfra framkvæmda um stofnun og starfrækslu læknamiðstöðvar og fól því ráðherra landlækni, í samráði við þá sem sæti áttu í nefnd þeirri, er vann að samningu læknaskipunarlagafrumvarpsins 1964, að gera tillögu að nýjum lagaákvæðum um stofnun og rekstur læknamiðstöðva.

Er lagafrumvarp þetta árangur af því starfi. Einnig hafa sömu aðilar endurskoðað tillögur framangreindrar nefndar að reglugerð um læknamiðstöðvar héraðslækna og er reglugerðartillagan þannig endurskoðuð prentuð hér á eftir sem fylgiskjal.

Aðalbreytingarnar frá núgildandi 4. grein eru fólgnar í eftirfarandi: 1) Fellt er niður ákvæði um, að læknishérað þurfi að vera læknislaust til þess að heimilt

sé að sameina það nágrannahéraði, og þá jafnframt skyldan til að auglýsa héraðið þrívegis án árangurs. 2) Gert er ráð fyrir, að hérað megi búta sundur, ef hagkvæmt þykir, og skipta því milli tveggja (eða fleiri) héraða. 3) Leita ber álits tiltekinna aðila, áður en breyting á héraðaskipan og stofnun læknamiðstöðvar er framkvæmd. 4) Niður er fellt ákvæði um, að ráða skuli að jafnaði lækni til viðbótar fyrir hvert hérað, sem sameinað er öðru héraði (héruðum). 5) Sett eru ákvæði um kostnað við nýbyggingar og rekstur læknamiðstöðva. 6) Sett er ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu vegna kostnaðar við fasta viðtalstíma utan læknamiðstöðvar.

Um 1 og 2: Það gæti komið í veg fyrir heppilegustu skipan læknishéraða framvegis, ef svæði það, sem læknamiðstöð á að þjóna, yrði bundið við það eitt, að sameina megi læknislaust hérað nágrannahéraði, enda getur það verið tilviljun, hvaða hérað verður læknislaust svo lengi, að fullnægt sé ákvæði 4. gr., eins og það er nú. Ef á annað borð er reist læknamiðstöð, getur sums staðar hagað svo til, að sjálfsagt sé að leggja niður og fella inn í hið nýja hérað læknishérað, sem kann að vera skipað lækni, þegar breytingin fer fram. Enn fremur getur verið hagkvæmt eða nauðsynlegt að hluta sundur núverandi hérað og skipta því á milli héraða (stöðva).

Um 3: Læknamiðstöð má að sjálfsögðu aðeins stofna að vandlega athuguðu ráði, og er því sett inn í greinina ákvæði um, að leita beri álits þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við slíka breytingu eða ráða yfir þekkingu, sem stuðningur geti orðið að. Er ekki sjáanlegt í fljótu bragði, að fleiri aðilar en upp eru taldir, komi hér til greina. Sérstaklega skal á það bent, að vafningaminnst þykir, að stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga sé til fyrirsvars fyrir sveitarfélögin, í stað þess að ráðherra þurfi að leita beint til margra sveitarfélaga í hverju tilviki, enda ætti þessi tilhögun að tryggja fyllilega, að réttur sveitarfélaganna til að láta í ljós rökstutt álit verði ekki fyrir borð borinn. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að álit og tillögur hinna tilgreindu aðila bindi hendur ráðherra.

Um 4: Ekki þykir rétt að binda fjölda héraðslækna í læknamiðstöð við neina fasta tölu, svo sem raunverulega er gert í 4. grein læknaskipunarlaganna. Ef þeir fá aðstoðarfólk, svo sem til ritarastarfa og lyfjaafgreiðslu, svo og a. m. k. á stærri stöðvum ljósmóður og hjúkrunarkonu, þarf færri lækna en ella. Verður því að meta það á hverjum tíma með hliðsjón af aðstæðum, hve margir héraðslæknar skuli sitja í hverri stöð.

Um 5: Í 4. gr. læknaskipunarlaganna er ekkert ákvæði um, hvernig greiddur skuli kostnaður við að reisa læknamiðstöðvar ásamt nýjum læknisbústöðum í sambandi við þær, og verður því tvímælalaust að líta svo á, að um hann fari skv. 10. gr. núgildandi sjúkrahúsalaga, þ. e. að ríkissjóður greiði tvo þriðju hluta, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir einn þriðja. Nú er þess að gæta, að í langflestum læknishéruðum hafa þegar verið reistir læknisbústaðir, og hafa sveitarfélögin lagt sinn skerf til þeirra. Læknisbústaði í héruðum, sem lögð yrðu niður við stofnun læknamiðstöðva, yrði vafalaust að nota áfram að nokkru leyti vegna fastra viðtalstíma, sbr. síðustu málsgr. hinnar nýju greinar, en íbúðir í þeim mætti t. d. leigja. Ekki þýðir að dyljast þess, að hlutaðeigandi sveitarfélög munu í flestum tilfellum vera andvíg niðurlagningu læknishéraða, og er það vorkunn, enda þótt hin nýja skipan ætti að tryggja fullkomnari læknisþjónustu en nú er unnt að veita af einum og aðstoðarlausum héraðslækni. Það er því varla hægt að ætlast til þess, að sveitarfélög sætti sig við hvort tveggja, að héraðslæknir sé „tekinn af þeim“, eins og þeim mun að líkindum finnast, og að þeim verði gert að skyldu að taka á sig fjárhagslegar byrðar við að reisa læknamiðstöðvar í „öðru héraði“. Og varla þarf heldur að gera ráð fyrir, að sveitarfélög í læknishéraði, þar sem læknamiðstöð verður stofnuð, verði fús til þátttöku í kostnaði við að reisa stofnun, sem þau

munu ekki sjá sér teljandi hag í, að rísi upp, þar sem þau fengju hvort sem er að halda sínum héraðslækni. Eftir atvikum þykir því réttlátt og kann jafnvel að reynast óhjákvæmilegt, til þess að unnt sé yfirleitt að koma á fót læknamiðstöðvum, að ríkissjóður beri einn kostnað af öllum nýbyggingum vegna stöðvanna. Á það er rétt að benda sérstaklega, að fjárveiting til læknamiðstöðva verður hverju sinni í höndum Alþingis, og getur það því í reynd ráðið því, hvort, hvar, og hvenær tiltekin læknamiðstöð er reist, þótt formleg hlið læknishéraðaskipanarinnar verði í höndum ráðherra skv. fyrstu málsgr. hinnar nýju greinar. Aftur á móti þykir eðlilegt, að hlutaðeigandi sveitarfélög greiði allan kostnað við rekstur læknamiðstöðva að undanskildum föstum launum héraðslækna. Leigu eftir læknisbústaði geta héruðin tekið á sama hátt og nú.

Um stjórn læknamiðstöðvar skv. hinni nýju grein þykir óþarft að fara orðum.

Um 6: Í flestum tilvikum verður óhjákvæmilegt að halda uppi föstum viðtalstíma lækna utan læknamiðstöðvar, þegar læknishéruðum hefur verið slegið saman. Á undanförnum árum hefur einn læknir iðulega gegnt tveimur læknishéruðum og þá jafnan haft fasta viðtalstíma í því héraði, þar sem hann sat ekki. Ríkissjóður mun hafa greitt ferðakostnað lækna vegna þessara viðtalstíma, þegar fram á það hefur verið farið, skv. úrskurði dómsmálaráðuneytis hverju sinni. Verður varla komizt hjá því að bæta héruðum upp læknismissi með því að hafa þennan hátt á, þegar læknamiðstöðvar eru teknar til starfa. Að öðru leyti þarf síðasta málsgrein ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Reglugerð um læknamiðstöðvar héraðslækna.

1. gr.

Læknamiðstöð er stofnun, sem starfrækir heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa tiltekins svæðis. Stærð og rekstur stöðvarinnar fer eftir þéttbýli og öðrum aðstæðum á hverjum stað.

2. gr.

Læknir, sem starfar við læknamiðstöð, er rekin er eftir reglugerð þessari, skal, með þeirri undantekningu, sem greinir í 3. grein, og með þeim undantekningum, sem ákveðnar kunna að vera með heimild í 6. grein, gegna öllum störfum héraðslæknis í því héraði skv. 1. gr. laga nr. 43/1965, sem tilgreint er í skipunarbréfi hans eða við setningu hans eða ráðningu.

3. gr.

Lækni, sem starfar við læknamiðstöð, skal skylt að taka þátt í læknaverði á því svæði, sem læknamiðstöðin þjónar. Reglur hér að lútandi skulu miða að því, að læknar hafi til skiptis gegningarskyldu eftir kl. 5 síðdegis og til kl. 8 að morgni, frá kl. 12 á hádegi á laugardögum og til kl. 8 að morgni á mánudögum, svo og á helgidögum og almennum frídögum. Reglur þessar skulu ákveðnar með þeim hætti, sem segir í 6. gr. Þegar reglurnar hafa verið staðfestar, eru læknar, sem eigi eru á vakt, undanþegnir gegningarskyldu skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 43/1965.

Lækni, sem starfar við læknamiðstöð, skal skylt að taka að sér störf annarra lækna við stöðina í orlofi þeirra eða öðrum forföllum.

4. gr.

Læknar, sem starfa við læknamiðstöðvar, taka embættislaun skv. ákvæðum um laun í því héraði, sem tilgreint er sem starfssvæði þeirra skv. 2. gr. Um greiðslur vegna orlofs og veikinda fer eftir almennum reglum. Fyrir önnur störf en embættis-

störf fá læknarnir hver um sig greiðslur fyrir verk sín eftir 8. gr. laga nr. 43/1965. Í samningi, sem gerður er eftir 6. gr., er heimilt að hafa ákvæði um aðra skiptingu greiðslna milli lækna.

5. gr.

Áður en læknir er skipaður, settur eða ráðinn til starfa við læknamiðstöð, skal læknum, er þar eru fyrir í starfi og hafa skipun, setningu eða ráðningu þannig, að þeir verða samstarfsmenn hins nýja læknis í a. m. k. 6 mánuði, gefinn kostur á að setja fram óskir sínar um, hver skuli koma til starfa við læknamiðstöðina. Nú eru tveir eða fleiri læknar samtímis fengnir til starfa, og skulu þeir þá eiga hins sama kost.

6. gr.

Læknum, sem starfa við læknamiðstöð, skal vera heimilt að semja sín í milli um frekari verkaskiptingu. Samningur þessi skal vera skriflegur, og tekur hann gildi, þegar hann hefur verið staðfestur af landlækni.

Nú er læknir skipaður, settur eða ráðinn að læknamiðstöð, og er þá heimilt að ákveða, að hann skuli, unz nýr samningur kann að verða staðfestur, hlíta ákvæðum samnings, sem fyrir hendi er um störf lækna við viðkomandi læknamiðstöð.

Heimilt skal héraðslæknum, sem starfa við læknamiðstöð, að semja við lækna, sem ekki eru héraðslæknar, um, að þeir starfi við læknamiðstöðina. Um staðfestingu landlæknis á samningnum fer eftir 1. mgr., og má við staðfestinguna takmarka starfsskyldur héraðslækna á grundvelli samningsins.

Aðili samnings, sem gerður er eftir þessari grein, getur sagt honum upp með 6 mánaða fyrirvara. Landlæknir getur afturkallað staðfestingu samnings með sama fyrirvara.

7. gr.

Eftir því sem við getur átt, skal að því stefnt, að

— heilsuverndarstöðvar skv. lögum nr. 44/1955 og nr. 28/1957 séu reknar í tengslum við læknamiðstöðvar,
— læknar, sem starfa við læknamiðstöð, eigi aðgang að sjúkrahúsum eða sjúkraskýlum,
— greitt sé fyrir sjúklingum með skipulagningu viðtalstíma eftir pöntunum fyrirfram og á annan hátt,
— önnur heilbrigðisþjónusta sé í tengslum við læknamiðstöðvar, t. d. tannlækningar, og að héraðshjúkrunarkonur og ljósmæður starfi á vegum stöðvanna,
— haldnar séu heilsufarsskrár um sjúklinga, sem til læknamiðstöðva leita.

Um framkvæmd framantalinna atriða fer eftir réttarákvæðum, sem við eiga. Landlæknir hefur eftirlit með framkvæmd greinar þessarar og gefur fyrirmæli um lágmarkskröfur til læknamiðstöðva að fengnu áliti Læknafélags Íslands og samþykki ráðherra heilbrigðismála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4., 11. og 18. gr. laga nr. 43/1965, og tekur hún þegar gildi.

Nd. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Sveitarfélög annast heilbrigðiseftirlit hvert fyrir sig með þeim undantekningum, sem ákveðnar kunna að vera í sérstökum lögum og reglum, en yfirstjórn heilbrigðiseftirlitsins í landinu skv. þessum lögum er í höndum ráðherra heilbrigðismála.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum innan sama læknishéraðs, öðrum en kaupstöðum og kauptúnshreppum, heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvo eða fleiri hreppa.

Sveitarstjórn ákveður tölu heilbrigðisnefndarmanna, en þó skulu ekki færri en 3 menn eiga sæti í nefndinni.

Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Heilbrigðisnefnd samkvæmt fyrri málsl. 1. málsgr. skal kosin hlutfallskosningu, ef einn fjórði hluti sveitarstjórnarmanna krefst þess, en um kosningartilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt öðrum málsl. skulu vera ákvæði í samningum hreppa um sameiningu umdæma.

Sveitarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, svo og heilbrigðissamþykkta einstakra sveitarfélaga, ef til eru, og sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva starfrækslu eða notkun, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar eða fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfrækslu eða húsnæði það, land eða tæki, sem notað er.

Almennar fyrirskipanir og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

4. gr.

Sveitarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

5. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir eins og annars staðar í lögum þessum, þar sem vikið er að héraðslæknum) er faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar. Hann getur krafizt þess, að heilbrigðisnefndarfundur sé haldinn, þegar honum þykir þörf, og sömuleiðis getur hann krafizt þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum.

Héraðslækni er skylt að sitja heilbrigðisnefndarfundi í því sveitarfélagi, þar sem hann er búsettur, þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni, og heimilt er honum að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans. Á fundum hefur hann mál-

frelsi og tillögurétt. Skal tilkynna honum í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers fundar. Nú situr héraðslæknir ekki heilbrigðisnefndarfund, og skal þá senda honum afrit af fundargerð þegar að fundi loknum.

Héraðslækni skal gefinn kostur á að sitja sveitarstjórnarfund, þegar heilbrigðismál eru til umræðu, og hefur hann þar sama rétt og á fundum heilbrigðisnefnda.

6. gr.

Héraðsdýralækni skal gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfund, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Í hverjum kaupstað með 10 000 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, sem er sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þannig að ekki komi að jafnaði fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur landlæknir þó heimilað, að ráðinn sé annar maður í starfið um stundarsakir, eða þar til völ er á sérmenntuðum manni. Starf heilbrigðisfulltrúa samkvæmt þessari málsgr. skal teljast fullt starf.

Í hverjum kaupstað með færri en 10 000 íbúum og í hverjum kauptúnshreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kauptúninu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa, og ákveður sveitarstjórn daglegan eða vikulegan starfstíma hans.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem um getur í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal ráða heilbrigðisfulltrúa með sama hætti og segir í 2. málsgr., þegar sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Heimilt er sveitarfélögum með samningi að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en ekki mega að jafnaði koma fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis, og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.

Áður en ráðinn er heilbrigðisfulltrúi samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, skal leita álits landlæknis um undirbúningsmenntun umsækjenda, og má ráða þann einn, sem er sérmenntaður til slíks starfs að dómi hans, sbr. þó annan málsl. 1. málsgr.

Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum í heilbrigðisreglugerð og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Heilbrigðisfulltrúi annast, undir umsjón héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar samkvæmt nánari fyrirmælum erindisbréfs.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er ekki, skipta heilbrigðisnefndarmenn eftirlitsstarfseminni með sér undir umsjón héraðslæknis og eftir nánari ákvörðun formanns heilbrigðisnefndar.

8. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Skal það skipað forstöðumanni (yfirlækni, ef um lækni er að ræða) og fyrst í stað tveimur heilbrigðisráðunautum honum til aðstoðar. Heimilt skal að fjölga ráðunautum eftir tillögum landlæknis, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur aðalaðsetur í Reykjavík, en þegar heilbrigðisráðunautum verður fjölgað skv. heimildarákvæði 1. málsgr. þessarar greinar, er ráðherra heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna þriggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Ekki skulu þó færri en tveir ráðunautar, auk forstöðumannsins, hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar forstöðumann (yfirlækni) Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunauta, að fengnum tillögum landlæknis, sem leitar álits prófessorsins í heil-

brigðisfræði við Háskóla Íslands. Forstöðumaðurinn skal vera læknir eða dýralæknir með sérmenntun í heilbrigðisfræði, maður með háskólaprófi í heilbrigðisfræði eða maður með aðra háskólamenntun, er fullnægir kröfum um sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti að mati ráðherra. Heilbrigðisráðunautar skulu hafa aflað sér þeirrar undirbúningsmenntunar, sem ráðherra metur gilda.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkvæmt þessum lögum, heilbrigðisreglugerð og þeim ákvæðum annarra laga og reglna, er hollustuhætti varða og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á. Það er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla. Það skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðra neyzluvöru. Ráðherra setur forstöðumanni og heilbrigðisráðunautum starfsreglur.

Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunautar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Ráðherra setur með ráði landlæknis heilbrigðisreglugerð, og gildir hún fyrir öll sveitarfélög landsins, eftir því sem við getur átt. Skal tekið fram í reglugerðinni, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að taka af tvímæli, hvaða ákvæði hennar gilda einungis fyrir þéttbýli (skipulagsskylda staði) og hver einungis fyrir dreifbýli. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur um endurskoðun heilbrigðisreglugerðar.

Heimilt er að setja sérstakar heilbrigðissamþykktir, er gilda fyrir einstök sveitarfélög a) um þætti, sem ekki eru ákvæði um í heilbrigðisreglugerð, enda sé þá gætt ákvæða fyrri málsgr. 11. greinar, b) til að gera um einstök atriði ríkari kröfur en gerðar eru í heilbrigðisreglugerð. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis, og ef með þarf annarri sérfræðilegri aðstoð, frumvarp að heilbrigðissamþykkt og frumvarp til breytinga á henni og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar, að fengnum tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á því, til þess að það geti hlotið staðfestingu.

Heilbrigðisreglugerð og staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefndar;
2. hreinlæti og þrifnað utan húss, svo sem á torgum, götum eða öðrum alfaraleiðum, opnum eða umgirtum svæðum í þéttbýli, fjörum, hafnarbökkum og bryggjum, görðum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna;
3. vatnsveitur, vatnsból, salerni og frárennsli;
4. hirðingu á sorpi og hvers kyns öðrum úrgangi;
5. meindýr hvers konar, svo og ónytjadýr í óskilum;
6. íbúðarhúsnæði;
7. vinnustöðvar úti og inni, svo sem verksmiðjur hvers konar, verkstæði eða vinnustofur fyrir iðnað, sláturhús, frystihús, útgerðar- og fiskverkunarstöðvar, matvælagerðar(vinnslu)-stöðvar, verzlanir hvers konar, útisölu, vörugeymslur, verbúðir og verkamannaskýli, afgreiðslustöðvar flutninga- og farartækja, þvottahús, skrifstofur, bókasöfn og annað tilsvarandi;

8. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði;
9. skóla og aðra kennslustaði;
10. rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur;
11. barnaheimili, þ. á m. sumardvalarheimili, upptökuheimili svo og leikvelli;
12. heilbrigðisstofnanir skv. sjúkrahúsalögum, heilsuverndarstöðvar, fávitahæli og tilsvarandi, lyfjabúðir og lækningastofur;
13. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, almenn baðhús, gufubaðstofur, almenna baðstaði og því um líkt;
14. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna;
15. kirkjur og hvers konar samkomuhús;
16. kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka;
17. báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. s. frv.;
18. gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þ. á m. hunda;
19. eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og um húsakynni og tæki til matvælaframleiðslu, matvælaiðnaðar, matvælageymslu og matvæladreifingar, sbr. og 7. lið;
20. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum.

Enn fremur er heimilt að setja ákvæði um:

21. hávaða, hvort heldur af starfrækslu hvers konar eða umferð á landi eða í lofti;
22. loftmengun.
23. Heilbrigðisreglugerð skal ljúka með því að kveða á um heimild til að veita undanþágur frá reglugerðinni og hvaða takmörkunum slík heimild skuli háð.

11. gr.

Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, sem ekki verður heimfært undir neinn tölulið 10. greinar, og skal þá heimilt að taka atriðið upp í reglugerðina eða samþykktina, enda sé það sambærilegt við þau atriði, sem hér eru talin upp.

Ákvæði heilbrigðisreglugerðar og heilbrigðissamþykkta skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglum um sama efni og aldrei vægari en þau.

12. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skulu aðilar leggja málið fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Nú tekst því ekki að miðla málum, og má þá leita úrskurðar ráðherra. Sömu málsmeðferð má hafa, ef héraðslæknir eða héraðsdýralæknir fá ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.

13. gr.

Nú telur landlæknir nauðsyn á heilbrigðisráðstöfun, sem varðar almenningsheill, en hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að gefa út fyrirmæli um framkvæmd ráðstöfunarinnar. Í slíkum tilvikum skal landlæknir jafnan ráðgast við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, svo fremi að honum hafi ekki þegar borizt tillögur þess um málið.

Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg hætta stafi af tiltekinni starfrækslu eða notkun, að aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt til bráðabirgða að stöðva starfræksluna eða notkunina, en tilkynna skal það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Nú fellst heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfunina, og skal þá Heilbrigðiseftirlitið, er heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Ein greinargerð frá hvorum aðila skal fylgja

málsskotinu. Frestur heilbrigðisnefndar til málsskots skv. þessari málsgr. skal vera 1 vika, frá því er henni berst tilkynningin, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlitið hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra. Málsskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

14. gr.

Nú er öðrum aðila eða aðilum en heilbrigðisnefnd falið með sérstökum lögum eftirlit með starfrækslu, stofnun eða notkun, sem þessi lög taka til, og fara fyrirmæli þess eða þeirra aðila í bág við fyrirmæli heilbrigðisnefndar, og reynast tilraunir til samræmingar fyrirmælanna árangurslausar, og skal þá leggja málið fyrir landlækni, sem sker úr um ágreininginn. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurðinn, og má hann þá skjóta málinu til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

15. gr.

Heilbrigðiseftirliti ríkisins, héraðslæknum, heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, þar sem fram fer starfræksla eða notkun, sem ákvæði 10. gr. fjalla um.

16. gr.

Rannsóknarstofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlits skv. lögum þessum. Þó er sveitarfélögum heimilt að láta rannsaka sýnishorn á öðrum rannsóknarstofnunum, enda hafi ráðherra úrskurðað þær fullgildar til slíkra rannsókna.

17. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, heilbrigðissamþykktum einstakra sveitarfélaga eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refsa með sektum, en með varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda.

Kostnað og dagsektir samkvæmt 2. málsgr. má innheimta með lögtaki.

18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970. Með gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lög nr. 19/1962, um breytingu á þeim lögum. Einnig falla úr gildi fyrri málsl. 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., svo og annað í síðast nefndum lögum og öðrum lögum, er fer í bág við þessi lög. Starfsemi sú, er ofangreind ákvæði laga nr. 24/1936 og laga nr. 53/1963 fjalla um, skal þó ekki niður falla, fyrr en fullnægt er fyrsta málsl. 1. málsgr. 8. gr. þessara laga.

Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

Með bréfi, dags. 10. marz 1967, skipaði ráðherra heilbrigðismála, Jóhann Hafstein, fjögurra manna nefnd „til þess að endurskoða lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og gera tillögur, eftir því sem þurfa þykir, til nýskipunar, sem stuðli að því að tryggja raunhæfa og hagkvæma framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins á þessu sviði."

Í nefndina voru skipaðir:
Grímur Jónsson, héraðslæknir í Hafnarfirði,
Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi,
Þórhallur Halldórsson, framkvæmdarstjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, og
Benedikt Tómasson, læknir, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt alls 26 fundi. Hún kynnti sér eftir föngum íslenzka löggjöf, sem varðar á einhvern hátt heilbrigðiseftirlit, beint eða óbeint. Einnig kynnti hún sér löggjöf og tilhögun heilbrigðiseftirlits í Svíþjóð og Noregi. Í Danmörku er unnið að endurskoðun löggjafar um heilbrigðiseftirlit, og taldi nefndin því gagnslaust að kynna sér að ráði tilhögun þess þar. Auk þess áttu nefndarmenn viðtöl við ýmsa þá aðila, sem hafa með höndum eftirlit sérstakrar tegundar, er kemur jafnframt inn á hið almenna eftirlit, svo og við nokkra bæjarstjóra og héraðslækna.

Með bréfi dagsettu 29. nóvember 1967 sendi nefndin heilbrigðismálaráðherra tillögur sínar í formi frumvarps þess til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem prentað er hér að framan, ásamt athugasemdum sínum við frumvarpið, sem fara hér á eftir, ásamt skrá um löggjöf sem fylgiskjal.

I. Helztu nýmæli frumvarpsins.

1. Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um heilbrigðisnefnd með vissum takmörkunum.
2. Heilbrigðisnefnd skal öll kosin af sveitarstjórn, þ. e. skylda lögreglustjóra og héraðslækna til setu í nefndunum er felld niður.
3. Ákvæði er um vald heilbrigðisnefnda til stöðvunar á starfrækslu eða notkun.
4. Héraðslæknir er gerður faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar.
5. Heimila má héraðsdýralækni að sitja heilbrigðisnefndarfund.
6. Kaupstaðir með 10 000 íbúum eða fleiri skulu ráða sér sérmenntaðan heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi, einn eða fleiri eftir íbúafjölda. Í kauptúnum með 800 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, en undirbúningsmenntun og starfstími er ótiltekið. Sveitarfélögum er heimilað með vissum takmörkunum að sameinast um heilbrigðisfulltrúa. Heilbrigðisnefndir annast, undir umsjón héraðslæknis, heilbrigðiseftirlit, þar sem ekki er heilbrigðisfulltrúi.
7. Komið skal á fót nýrri stofnun, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, er hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu. Hún tekur einnig að sér yfireftirlit skv. lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Í staðinn er felld niður heimild þeirra laga til að fela yfirumsjónina sérstökum „kunnáttumönnum". Skv. því verður starf sérstaks mjólkureftirlitsmanns lagt niður. Stofnunin tekur einnig að sér eftirlit með gisti- og veitingastöðum skv. lögum nr. 53/1963. Starf sérstaks eftirlitsmanns verður því lagt niður.
8. Ráðherra setur heilbrigðisreglugerð fyrir allt landið. Þó er sveitarfélögum heimilað að fá settar sérstakar heilbrigðissamþykkir sem viðauka með tilteknum takmörkunum.

9. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er málamiðlunaraðili, ef ágreiningur verður milli sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar, en ráðherra er fengið úrskurðarvald.
10. Ráðherra er heimilað að gefa út fyrirmæli skv. tillögu landlæknis um brýna heilbrigðisráðstöfun, ef heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða kemur því ekki fram.
11. Heilbrigðiseftirliti ríkisins er heimilað að stöðva starfrækslu eða notkun í brýnni nauðsyn og ef málið þolir enga bið. Heilbrigðisnefnd má skjóta slíkri ráðstöfun til úrskurðar ráðherra.
12. Úrskurðaraðili er settur, ef ágreiningur verður milli heilbrigðisnefndar og annars aðila, sem fer með sams konar eftirlit.
13. Rannsóknarstofnunum ríkisins er gert skylt að annast rannsóknir á sýnishornum.
14. Viðurlög við brotum eru þyngd.

Um núgildandi lög nr. 35/1940 vísast til næsta kafla athugasemda með frumvarpi þessu.

II. Núverandi skipan heilbrigðiseftirlits skv. lögum nr. 35/1940.

Samkvæmt núgildandi lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir fara heilbrigðisnefndir með almennt heilbrigðiseftirlit, þ. e. eftirlit með hreinlæti og öðrum hollustuháttum, hver í sínu umdæmi, en umdæmi er eitt sveitarfélag. Skylt er, að heilbrigðisnefnd sé starfandi í hverjum kaupstað og hverju kauptúni með yfir 500 íbúum, en önnur sveitarfélög eru sjálfráð að því, hvort þar er heilbrigðisnefnd eða ekki, nema ráðherra mæli beinlínis svo fyrir. Samkvæmt skýrslum héraðslækna voru alls 59 heilbrigðisnefndir í landinu í árslok 1965, og er ekki vitað til, að þeim hafi fjölgað síðan. Í kaupstöðum er heilbrigðisnefnd skipuð 3 eða 5 mönnum, en annars staðar 3 mönnum. Lögreglustjóri er lögskipaður formaður heilbrigðisnefndar, þar sem hann er búsettur, en annars staðar kemur hreppstjóri í hans stað. Héraðslæknir er lögskipaður nefndarmaður, þar sem hann er búsettur, en annars staðar fulltrúi hans, tilnefndur af honum. Aðrir nefndarmenn eru kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, og skal einn þeirra a. m. k. eiga sæti í henni. Ef nefndarmenn eru 5, skal einn þeirra vera verkfræðingur, sérfróður um heilbrigðistækni. Héraðslæknir er heimilt að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans og sömuleiðis sveitarstjórnarfundi, þegar heilbrigðismál eru til umræðu.

Heilbrigðisnefnd semur frumvarp að heilbrigðissamþykkt fyrir umdæmi sitt, svo og breytingar á henni, þegar þurfa þykir, en sveitarstjórn leitar staðfestingar ráðherra, þegar hún hefur samþykkt frumvarpið. Í heilbrigðissamþykkt skulu (eða mega) í aðalatriðum vera ákvæði um: a. hreinlæti og þrifnað úti og inni, b. hvers konar meindýr, d. vatn, frárennsli, salerni og sorphirðingu, e. húsakynni til hvers konar nota, f. stöðvar úti við til vinnu, íþróttaiðkana eða annarra nota, g. farar- og flutningatæki, h. eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum, i. aðstoð við sóttvarnir. Ákvæði heilbrigðissamþykktar skulu vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði sérstakra laga og reglugerð um sama efni **og aldrei vægari.**

Í kaupstöðum skulu vera heilbrigðisfulltrúar, sem annast daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd nefndarinnar undir eftirliti héraðslæknis. Í öðrum sveitarfélögum má ráða heilbrigðisfulltrúa, þegar sveitarstjórnir ákveða. Laun fulltrúanna skulu greidd úr sveitarsjóði. Engin ákvæði eru um undirbúningsmenntun heilbrigðisfulltrúa, og sveitarstjórnir ákveða vinnutíma þeirra. Í Reykjavík eru nú 8 heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi (að meðtöldum framkvæmdarstjóra), og hafa þeir allir hlotið nokkra undirbúningsmenntun og flestir lokið tilskildu námi til slíkra starfa erlendis. Í árslok 1965 var skv. skýrslum héraðslækna einn heilbrigðisfulltrúi í hverjum eftirtalinna kaupstaða: Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Vestmannaeyjum, Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Samkvæmt þessu hafa 5 kaupstaðir ekki farið að ákvæðum laganna í þessu efni. Einn heilbrigðisfulltrúi

er skráður utan kaupstaða (í Garðahreppi). Allir hafa þessir fulltrúar starfið sem aukastarf, sumir aðeins sem mjög óverulegan hluta af starfi, og enginn þeirra mun hafa hlotið sérstaka undirbúningsmenntun til þess.

Sveitarstjórn ber að leita umsagnar heilbrigðisnefndar um allar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál.

Ákvæði eru um viðurlög við brotum á heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

III. Önnur löggjöf, er varðar heilbrigðiseftirlit.

Um flestalla þá þætti, sem upp eru taldir í lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er í gildi sérstök löggjöf, sem varðar heilbrigðiseftirlit meira eða minna. Verður hér á eftir gerð grein fyrir þeirri löggjöf, sem þykir skipta mestu máli með sérstöku tilliti til hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits, en að öðru leyti vísað til sérstakrar skrár um löggjöf (fylgiskjal). Fylgt er sömu röð og í upptalningu 10. gr. frumvarpsins og tölusett á sama hátt. Vísast að nokkru leyti til þessa kafla sem greinargerðar um þá grein frumvarpsins.

1. **Valdsvið o. s. frv. heilbrigðisnefndar. Sjá 10. gr.**

2. **Hreinlæti utan húss.**

   Engin sérlöggjöf.

3. **Vatn og frárennsli.**

   Vatnalög (nr. 15/1923).

   Bæjarstjórn er heimilt að koma upp vatnsveitu og hefur þá einkasölu á vatni. Hreppsnefnd er rétt að koma upp vatnsveitu, ef það er hagfellt fyrir a. m. k. helming fasteigna í hreppnum. Sveitarfélögum er einnig heimilt að leggja holræsi og krefjast notkunargjalds. Rétt er mönnum að gera með sér félag um vatnsveitu og holræsi. Atvinnumálaráðherra hefur yfirstjórn vatnamála, en verkfræðilegur ráðunautur hans er vegamálastjóri. Bannað er að spilla vatni, svo að það verði hættulegt mönnum eða búpeningi.

4. **Sorphirðing.**

   Engin sérlöggjöf.

5. **Meindýr o. s. frv.**

   Lög um eyðing á rottum (nr. 27/1945).

   Sveitarstjórnir skulu sjá um rottueyðingu undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar (svo). Rottueyðingu í skipum annast sóttvarnarnefndir skv. sóttvarnarreglugerð.

6. **Íbúðarhúsnæði.**

   Sjá sérskrá um löggjöf varðandi skipulag og húsakynni, sem á einnig við um aðra liði 10. gr., þá er um húsakynni fjalla. Útdrættir óþarfir.

7. **Vinnustöðvar úti og inni.**

   Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum (nr. 23/1952) (með breytingum) ásamt reglugerðum.

   Starfsmenn eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og umdæmisskoðunarmenn hver í sínu umdæmi. Tilgangur eftirlitsins er slysavarnir, almenn heilsuvernd og vernd gegn atvinnusjúkdómum. Auk ákvæða um öryggiseftirlit í þrengri merkingu (þ. e. um vélar, tæki og efni) eru ákvæði um gerð og búnað húsakynna þeirra, sem lögin taka til, svo sem loftrými, loftræstingu, upphitun, almennt hreinlæti o. s. frv. Starfsmenn eftirlitsins hafa

m. ö. o. á hendi bæði sérhæft og almennt eftirlit. Hafa skal samband við héraðslækni um allt, er snertir heilbrigði verkamanna.

8. **Gisti- og veitingastaðir.**

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. (nr. 53/1963) ásamt reglugerð.

Sérfróður eftirlitsmaður hefur eftirlit með gisti- og veitingastöðum undir stjórn landlæknis. Þó er landlækni heimilt að fela eftirlit í kaupstöðum „sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum". (Mun átt við heilbrigðisfulltrúa.) Lögin gera einnig ráð fyrir afskiptum heilbrigðisnefnda og héraðslækna. Ákvæði eru um gerð og búnað veitingastaða, þrifnað o. s. frv.

9. **Skólar og kennslustaðir.**

Lög um heilsuvernd í skólum (nr. 61/1957) ásamt reglugerð.

Skólayfirlæknir og skólalæknar hafa eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum í skólum. Dýralæknar (eða héraðslæknar) hafa eftirlit með ógerilsneyddri neyzlumjólk í heimavistarskólum skv. sérstökum reglum (skv. l. nr. 24/1936). Engin sérlöggjöf er um kröfur til skólahúsnæðis, að undanskildum leikfimihúsum.

10. **Rakara-, hárgreiðslu- og aðrar snyrtistofur.**

Engin sérlöggjöf.

11. **Barnaheimili og leikvellir.**

Lög um vernd barna og ungmenna (nr. 53/1966) (með breytingu) ásamt reglugerðum fyrir einstök sveitarfélög.

Barnaverndarnefndir hafa, undir yfirumsjón barnaverndarráðs, eftirlit með barnaheimilum og uppeldisstofnunum, þar með talin sumardvalarheimili barna (sérstök reglugerð, þar sem gerðar eru tilteknar kröfur um húsakynni og aðbúð).

12. **Heilbrigðisstofnanir o. fl.**

Sjúkrahúsalög (nr. 54/1964).

Undir lögin falla sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaðir, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir. Ákvæði er um, að heilbrigðisyfirvöld skuli jafnan eiga greiðan aðgang að stofnunum þeim, er lögin taka til. Engin ákvæði eru um kröfur til húsakynna eða útbúnaðar.

Lyfsölulög (nr. 30/1963).

Eftirlit með lyfjabúðum er í höndum sérstaks eftirlitsmanns (kennara í lyfjafræði lyfsala skv. lögum um Háskóla Íslands).

13. **Íþróttir.**

Íþróttalög (nr. 49/1956) ásamt reglugerð um skólaíþróttir.

Íþróttafulltrúi ríkisins hefur eftirlit með íþróttamannvirkjum og búnaði þeirra. Í reglugerðinni eru ákvæði um gerð og búnað íþróttahúsa fyrir skóla, þ. á m. um hitastig, loftræstingu, baðvörzlu, leikfimitæki, svo og um skólaleiksvæði úti við og áhöld þar. Engin sérlöggjöf er um gerð sund- eða baðstaða, almennra baðhúsa, gufubaðstofa eða almennra baðstaða, þó að því undanskildu, að settar hafa verið reglugerðir um rekstur nokkurra sundlauga.

14. **Fangahús.**

Sjá sérskrá um löggjöf.

15. **Kirkjur og almenn samkomuhús.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

16. **Kirkjugarðar o. s. frv.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

17. **Bátar, skip o. s. frv.**
Lög um eftirlit með skipum (nr. 50/1959) ásamt reglugerðum.
Starfsmenn eru skipaskoðunarstjóri, ásamt sérfróðum fulltrúum. Landinu er skipt í 5 eftirlitssvæði, og skipar skipaskoðunarstjóri eftirlitsmann á hvert svæði. Í löggjöfinni eru ákvæði um gerð og skoðun skipa og nákvæm fyrirmæli um vistarverur og aðbúð, hreinlæti, svo og aðbúð sjúkra, lyf og læknisáhöld. Eftirlitið er m. ö. o. bæði sérhæft og almennt.
Umferðarlög (nr. 26/1958) ásamt reglugerð.
Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (nr. 83/1966) ásamt reglugerð.
Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skoðun og eftirlit ökutækja. Í fyrrnefndu löggjöfinni eru m. a. ákvæði um, að ekki megi stafa af ökutækjum óþarfa hætta né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur, svo og um útbúnað til varnar því, að kolsýrlingur berist inn í bifreiðar, um loftræstingu og um, að þannig skuli gengið frá farmi, að ekki stafi af óþrifnaður né óþarfa hávaði. Í síðarnefndu löggjöfinni er ákvæði um, að bifreiðum skuli halda þrifalegum að utan og innan, eftir því sem við verði komið.
Lög um stjórn flugmála (nr. 119/1950).
Flugmálastjóri annast undir stjórn flugráðs og ráðherra rekstur og viðhald flugvalla og öll önnur störf, sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu.

18. **Gripahús o. s. frv.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

19. **Matvæli o. s. frv.**
Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (nr. 24/1936) ásamt reglugerðum.
Lögin ná yfir hvers konar matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, þar með talið drykkjarvatn, og er tilgangur þeirra að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því að neyta þeirra eða nota þær. Almennt eftirlit með framkvæmd laganna hafa lögreglustjórar með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna. Auk þess er ráðherra heimilt að fela sérstökum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins eða jafnvel stjórn þess í heild.
Með reglugerð skv. þessum lögum (nr. 17/1939) er almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum og dreifingu þeirra falið héraðslæknum með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra. Skal héraðslæknir skoða eða láta skoða allt viðkomandi tilkynningarskyldri starfsemi minnst einu sinni á ári og taka sýnishorn til rannsóknar, þegar þurfa þykir. Ef sérstökum mönnum er falið eftirlit með einstökum greinum, má leysa héraðslækni undan eftirlitsskyldu í þeim greinum, en eftir sem áður hefur hann rétt til eftirlits í þeim greinum sem öðrum. Ákvæði er um, að ráðherra ráði sérstakan lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild. — Auk áðurnefndrar reglugerðar og reglugerðar um tilbúning og dreifingu á mat-

vælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (nr. 49/1936), sem er almenns efnis, hafa verið settar allmargar reglugerðir um einstakar vörur skv. lögunum.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum (nr. 30/1966) ásamt reglugerðum.

Ákvæði eru m. a. um löggildingu sláturhúsa og frystihúsa, heilbrigðisskoðun á sláturfénaði, kjöti og slátri, mat og flokkun á kjöti, gerð sláturhúsa og frystihúsa, svo og um hreinlætiskröfur, svo sem vatn, frárennsli, loftræstingu o. s. frv. Kjötmat er falið sérstökum matsmönnum, en kjötskoðun dýralæknum (eða þeim, sem yfirdýralæknir fær til hennar). Hvort tveggja er utan verkahrings heilbrigðisnefnda, en þó geta þær fyrirskipað sérstaka skoðun á kjöti og slátri, sem þegar hefur verið löglega skoðað. Dýralæknum er falin skoðun á sláturhúsum og eftirlit með þeim. Skv. lögunum getur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar (svo), sett reglur um útbúnað kjötbúða (nú í heilbrigðissamþykktum) og annað, er lýtur að verzlun með sláturafurðir o. s. frv., svo og um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu og fleira, en heimild til að setja reglur um þetta er einnig í 6. lið 6. greinar laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. (Hin nýja heimild ætti því að vera óþörf.)

Lög um hvalveiðar (nr. 26/1949) ásamt reglugerð.

Auk ákvæða um mat á hvalkjöti og eftirlit dýralækna með því eru ákvæði um meðferð á kjötinu, til þess að það spillist ekki, um hreinlæti við hvalskurð, útbúnað og hollustuhætti á vinnustöðvum, þ. á m. um kröfur til vatns.

Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. (nr. 101/1966).

Hér er aðeins ástæða til að geta um ákvæði 28. gr., þar sem héraðslækni eða mjólkureftirlitsmanni er heimilað að stöðva sölu á mjólk, ef þessir aðilar telja hana óhæfa til neyzlu.

Lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. (nr. 32/1933) ásamt reglugerðum.

Sérstökum eftirlitsmanni er falið eftirlit með smjörlíkisgerðum (má vera forstöðumaður „efnarannsóknarstofu ríkisins"), en lögreglustjórar hafa eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann. Ákvæði eru um gerð smjörlíkis, hollustuhætti o. s. frv. (Enginn eftirlitsmaður mun nú vera starfandi og því aðeins um eftirlit heilbrigðisnefnda og héraðslækna að ræða.)

Lög um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski (nr. 46/1948) og lög um ferskfiskeftirlit (nr. 42/1960) ásamt reglugerðum.

Starfslið skv. lögum um fiskmat er fiskmatsstjóri, 8 yfirfiskmatsmenn og fiskmatsmaður (-menn) á hverri fiskverkunarstöð. Ferskfiskeftirlitið annast eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks og fer á því sviði með þau störf, sem fiskmatsstjóra eru falin í lögum um fiskmat. Yfirstjórn þess er í höndum Fiskmatsráðs. Auk ákvæða um mat og gæðaflokkun á fiski eru í löggjöfinni ákvæði um útbúnað, viðhald og hreinsun lesta á fiskiskipum, fiskflutningaáhöld og gerð, útbúnað og hreinlætiskröfur í fiskmóttökuhúsum og aðgerðarhúsum, þ. á m. ákvæði um, að vatn skuli fullnægja sömu kröfum og neyzluvatn. Eftirlitið er m. ö. o. bæði sérhæft og almennt.

Lög um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis (nr. 42/1933) ásamt reglugerð.

Lýsisvinnslustöðvar skulu löggiltar. Ráðherra skipar yfirlýsismatsmann, en lögreglustjórar lýsismatsmenn. Ákvæði eru um útbúnað við lýsisvinnslu,

meðferð á lýsi, hreinlætiskröfur o. s. frv. (Kaldhreinsun á lýsi fer nú eingöngu fram í Reykjavík undir eftirliti lýsismatsmanns og Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, en yfirlýsismatsmaður mun enginn.)

20. **Þátttaka í sóttvörnum.**
Sjá sérskrá um löggjöf.

21. **Hávaði.**
Engin sérlöggjöf. Heimildin er ný.

22. **Loftmengun.**
Sjá sérskrá um löggjöf. Heimildin er ný.

IV. Yfirlit.

Eftirlit heilbrigðisnefnda er almennt, en staðbundið, þ. e. það tekur til einstakra sveitarfélaga. Að sjálfsögðu lýtur það stjórn yfirstjórnar heilbrigðismála, en í reynd er ekki um að ræða samræmt yfireftirlit fyrir landið í heild með framkvæmd laganna um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, með því að ekki er til nein stofnun eða starfslið, sem er ætlað það hlutverk sérstaklega. Landlæknisembættið hefur alltaf verið og er enn svo liðfátt, að það hefur engin tök á að sinna slíku yfireftirliti, þótt stöku sinnum beri við, að heilbrigðisnefndum eða héraðslæknum sé veitt aðstoð í einstökum málum, þegar sérstaklega er eftir því leitað. (Um „kunnáttumenn“ skv. löggjöf um eftirlit með matvælum o. s. frv. verður rætt síðar.)

Eftirlit dýralækna er bæði sérhæft (heilbrigðisskoðun á sláturfénaði og kjöti) og almennt, og það er einnig staðbundið, þ. e. bundið við dýralæknisumdæmi, en er undir umsjón yfirdýralæknis. Eins og ljóst er af framanskráðum útdráttum úr löggjöf, er sérhæft heildareftirlit, þ. e. eftirlit sérstakrar tegundar, með ýmsum þáttum. Veigamestu þættirnir eru öryggiseftirlit, kjötmat, fiskmat og ferskfiskeftirlit og skipaeftirlit. Sumt af þessu eftirliti verður ekki talið til heilbrigðiseftirlits (t. d. gæðaflokkun á matvælum), og sumt er á mörkum, en þeir aðilar, sem þetta sérhæfða eftirlit er falið, hafa einnig með höndum almennt eftirlit með hollustuháttum á tilteknum, takmörkuðum sviðum. Hér koma því til ýmsir aðilar, sem hafa á hendi sams konar eftirlit og heilbrigðisnefndir. Hið almenna eftirlit getur m. ö. o. í mörgum tilfellum orðið tvöfalt eða jafnvel fleirfalt. Þessi tilhögun er sennilega eðlileg og óhjákvæmileg að vissu marki, þó að hún gæti virzt sóun á starfskröftum og kunni í sumum tilvikum að stafa af því, að ekki hafi verið höfð hliðsjón af ákvæðum, sem fyrir voru í löggjöf, þegar ný löggjöf var sett. En hún léttir engum skyldum af heilbrigðisnefndum og hnekkir vitaskuld ekki heldur valdi þeirra til afskipta. Hins vegar hafa sennilega fæstar heilbrigðisnefndir haft skilyrði til að halda einar uppi öllu hinu almenna eftirliti, svo víðtækt og fjölþætt sem það er skv. lögunum, með því að utan Reykjavíkur hafa þær ýmist mjög takmörkuðum eða engum starfskröftum á að skipa til daglegrar eftirlitsstarfsemi. Úr þessu mætti að vísu bæta með verulegri fjölgun heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaga, og að fjölgun þeirra verður að vinna á næstunni, þótt nefndin vilji fara mjög gætilega í að lögbjóða hana, svo sem frumvarpið ber með sér. En jafnvel þótt slíkri fjölgun yrði komið á, væri varhugavert að taka allt almennt heilbrigðiseftirlit úr höndum hinna sérstöku eftirlitsaðila og kæmi raunar í sumum tilvikum ekki til greina. Hver eftirlitsaðili lítur málin frá nokkuð sérstöku sjónarmiði, sem m. a. fer eftir því, hvert hið sérhæfða eftirlit er. Eftirlit fleiri en eins aðila getur m. ö. o. bætt hvað annað upp. Aðalhætturnar við þessa tilhögun eru annars vegar fólgnar í hugsanlegri togstreitu milli eftirlitsaðila og hins vegar í því, að þeir treysti um of hver á annan. Kröfur um hollustuhætti eru eðli sínu samkvæmt mjög oft matsatriði, sem ekki verða ákveðin með skýlausum ákvæðum í löggjöf. Fyrirmæli gætu því orðið misströng eða jafnvel stangazt á. Í reynd munu þó hafa orðið mjög lítil brögð að þessu, sízt þannig að um óþarfa afskipti eða óhóflegar

kröfur hafi verið að ræða. Núgildandi löggjöf gerir ekki ráð fyrir neinum úrskurðaraðila, ef til árekstra kæmi, og er bætt úr þeirri ávöntun með 14. gr. frumvarpsins. Nefndin telur það m. a. hlutverk forstöðumanns hins nýja Heilbrigðiseftirlits ríkisins að fylgjast með nýrri löggjöf um sérhæft eftirlit, sem sett kann að verða og kemur jafnframt inn á hið almenna eftirlit, svo og að taka til athugunar í samvinnu við hlutaðeigandi eftirlitsaðila sams konar löggjöf núgildandi og gera tillögur um, hvenær eðlilegt sé, að aðrir aðilar en heilbrigðisnefndir eigi þátt í almenna eftirlitinu. Könnun á þessu og tillögur um samræmdar breytingar er miklu umfangsmeira verkefni en svo, að þessi nefnd telji sér kleift að færast hana í fang.

Eftirlitið með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum er kafli fyrir sig. Samkvæmt lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, er lögreglustjórum falið almennt eftirlit með framkvæmd þeirra laga með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna. Í reglugerð skv. þessum lögum nr. 17/1939 er héraðslæknum falið hið almenna eftirlit „með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum . . . og dreifingu þeirra“ með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra. Loks er svo heilbrigðisnefndum með lögum nr. 35/1940 falið hið almenna „eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum“, en tekið fram, að í heilbrigðissamþykktum skuli sérstaklega kveðið á um verksvið nefndanna til fullnægingar ákvæðum laga nr. 24/1936. Hið almenna eftirlit er m. ö. o. falið tveimur aðilum, sem eiga sæti í heilbrigðisnefndum, en auk þess nefndunum í heild með áðurnefndum fyrirvara, en enga vísbendingu er um það að finna, í hverju hann skuli fólginn, og ekki hefur nefndin séð þess merki, að neitt tillit hafi verið tekið til hans við samningu heilbrigðissamþykkta. Í 7. gr. laga nr. 24/1936 er ráðherra heimilað að fela sérstökum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir matvælaeftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Þar er m. ö. o. heimild fyrir samræmdu yfireftirliti fyrir allt landið. Í áðurnefndri reglugerð (nr. 17/1939) eru bein fyrirmæli um, að ráðherra skuli ráða lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild. Heimild laganna hefur aðeins verið notuð í einu tilviki, þ. e. til ráðningar mjólkureftirlitsmanns, sem hefur verið starfandi sl. 20 ár. Ákvæði reglugerðarinnar um ráðningu læknis hefur ekki verið framfylgt. Er því aðeins um að ræða yfireftirlit fyrir allt landið með einni tegund matvæla skv. matvælalöggjöfinni, þ. e. mjólk, en með öðrum tegundum matvæla og annarra neyzlu- eða nauðsynjavara er aðeins staðbundið eftirlit. Löggjöf þessi er nú orðin úrelt um margt, og er mikil nauðsyn að endurskoða hana, svo og sérlöggjöf um einstakar vörutegundir, með hliðsjón af ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður. Virðist nefndinni hið nýja Heilbrigðiseftirlit ríkisins sjálfsagður aðili að þeirri endurskoðun, þótt naumast verði ætlazt til, að það annist hana aðstoðarlaust.

Í lok þessarar almennu greinargerðar skulu dregin saman nokkur atriði, þótt ýmis þeirra hafi komið fram beint eða óbeint hér á undan. Sum löggjöf um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er úrelt eða hefur ekki verið framfylgt. Sett hafa verið lög og reglur án nægilegrar samræmingar innbyrðis vegna vöntunar á heildaryfirsýn. Heilbrigðisfulltrúar eru alltof fáir í landinu, og utan Reykjavíkur er starf þeirra aukastarf og víðast raunar mjög óverulegur hluti af starfi. Í nokkrum kaupstöðum eru engir fulltrúar þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli. Löggjöfin ætlar héraðslæknum meiri þátt í eftirlitinu en hægt er að ætlast til af þeim nú orðið a. m. k. sökum annríkis við lækningastörf, er farið hafa sívaxandi undanfarna áratugi. Er þar að nefna skyldusetu þeirra í heilbrigðisnefndum, eftirlitið allt (með aðstoð annarra heilbrigðisnefndarmanna), þar sem heilbrigðisfulltrúar eru ekki (sbr. síðari málsgr. 6. gr. laga nr. 35/1940), og síðast en ekki sízt eftirlitið með framkvæmd matvælalaganna (nr. 24/1936), sbr. reglugerð nr. 17/1939, en það verkefni getur krafizt mikillar vinnu í þéttbýli. Mjög aukið los á héraðslæknaþjónustu kemur hér

einnig til, þar sem í mörgum héruðum sitja ungir og reynslulausir læknar e. t. v. aðeins nokkra mánuði hver, svo að þeir fá hvorki tóm til að kynnast ástandinu né nægilega æfingu í heilbrigðiseftirliti. Yfireftirlit fyrir landið í heild er aðeins á takmörkuðum sviðum, eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, og verður ekki varizt þeim grun, að tilviljun hafi stundum ráðið, hvaða atriði voru tekin út úr. Almennt hreinlæti í landinu hefur að vísu farið mjög batnandi á undanförnum áratugum, en þó er því í ýmsum efnum mjög ábótavant, og er hættan að sjálfsögðu mest, að því er varðar meðferð á hvers konar neyzluvöru, og því meiri sem meira er framleitt af unninni matvöru. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherzlu á, að almennur skilningur á iðkun hreinlætis er eitt frumskilyrði góðra hollustuhátta og jafnframt þess, að heilbrigðiseftirlit beri tilætlaðan árangur. Að því er varðar matvæli, valda tíð mannaskipti við vinnslu og meðhöndlun þeirra vandkvæðum. T. d. fer starfsmaður við matvælaiðnað eða matvælaafgreiðslu iðulega í annað starf, þegar hann er vel á vegi að temja sér nauðsynlega hreinlætissiði, og í stað hans kemur annar, sem ef til vill ber ekki skyn á að þvo sér um hendur, þegar við á, eða kann ekki að þvo sér að gagni (sbr. óhreinindi á handklæðum, sem iðulega má sjá á opinberum stöðum, sem almenningur sækir). Af þessum sökum er nauðsyn á fræðslu og öflugu eftirliti enn ríkari. Því hefur lengstum verið trúað, að hér á landi væri heilnæmt vatn og óspilltur sjór, en hætta á mengun þessa er jafnan fyrir hendi, eins og rannsóknir hafa sýnt. Þess vegna gaf Fiskmatsráð út fyrirmæli hinn 8. okt. 1962 til fiskverkunarstöðva þess efnis, að setja skyldi klór í allan sjó, sem stöðvarnar notuðu til þvotta á fiski eða þrifa á húsum. Og hinn 23. des. 1963 gaf Fiskmat ríkisins út fyrirmæli til hraðfrystihúsanna um að blanda klóri í „allt vatn eða sjó, sem notað er til þvotta á fiski, áhöldum, húsnæði eða til handþvotta fyrir verkafólk". Nefndinni er ekki kunnugt um, að klórað vatn sé notað við meðferð og vinnslu annarra matvæla og þá vitaskuld ekki heldur til drykkjar.

Nefndin telur þarflaust að rökstyðja nauðsyn góðra hollustuhátta og öflugs heilbrigðiseftirlits, en vill þó leggja áherzlu á, að sífellt er verið að herða á hreinlætiskröfum á erlendum matvælamarkaði, og varðar því afar miklu, að útflutt matvæli héðan standist þær kröfur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði fyrri málsliðar er efnislega samhljóða 10. gr. g. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Lagt er til, að heilbrigðisnefnd skuli vera í öllum sveitarfélögum landsins, og er það nýmæli. Að sjálfsögðu verður hlutverk nefndanna mjög lítið í fámennum sveitarfélögum með engum eða óverulegum þéttbýliskjarna, en þó er í öllum sveitarfélögum einhver sú starfræksla, notkun eða stofnun, sem heilbrigðisnefndum er ætlað að hafa eftirlit með. Um það var allmikið rætt í nefndinni, hvort unnt mundi að binda umdæmi heilbrigðisnefnda við aðrar einingar en sveitarfélög, til þess að umdæmin yrðu ekki mjög fámenn, en af fámenni getur m. a. leitt, að örðugt reynist að skipa nefndirnar hæfum mönnum, og auk þess er óheppilegt, að þær séu svo verkefnasnauðar, að þær líti á sig eingöngu sem málamyndastofnanir. Á þessu fann nefndin þó ekki lausn. Læknishéruð eru ekki stjórnarfarsleg eining og þóttu því ekki koma til greina sem umdæmi. Mörg sýslufélög eru hins vegar svo víðlend, að nefndarmenn yrðu að ferðast langar leiðir, hvort heldur til fundarhalda eða til að kynna sér ástand á hverjum stað. Auk þess eru sum með nokkrum þéttbýliskjörnum, sem hver um sig er nægilega fjölmennt umdæmi. Sem millileið valdi nefndin það úrræði að heimila sveitarfélögum, með þeim takmörkunum, sem í greininni segir, að sameinast um heilbrigðisnefnd, en engu verður um það

spáð, hvort sveitarstjórnir vilja notfæra sér heimildina eða ná samkomulagi um framkvæmd hennar.

Óþarft þykir að binda tölu heilbrigðisnefndarmanna, að því tilskildu, að þeir séu 3 hið fæsta (efri mörk nú 5 manns). Vafalaust verður þorri nefndanna skipaður aðeins 3 mönnum, en vel gæti komið til mála, að Reykjavík og ef til vill aðrir stærstu kaupstaðir vildu hafa nefndarmenn fleiri en 5 til þess að koma inn mönnum með mismunandi sérþekkingu.

Lagt er til, að heilbrigðisnefnd skuli öll kosin af sveitarstjórn. Skylda lögreglustjóra (og hreppstjóra) og héraðslækna til setu í nefndunum er m. ö. o. felld niður. Nefndin sér hvorki ástæðu til að skylda þessa aðila til setu í heilbrigðisnefndum né til að taka af sveitarstjórnum vald til að skipa nefndirnar að eigin vild. Að sjálfsögðu er svo sveitarstjórnum eftir sem áður heimilt að kjósa þessa menn í nefndirnar. Með nýju ákvæði fyrstu málsgr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem tekið er fram beinum orðum, að héraðslæknar skuli vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda, ætti aðstaða þeirra til að beita faglegu áhrifavaldi sínu að vera sízt lakari og sennilega betri en með því að skylda þá til setu í nefndunum. Héraðslæknir getur ekki heldur átt sæti nema í einni nefnd í læknishéraði (þ. e. í búsetusveitarfélagi), og þar sem fyrirsjáanleg er stofnun læknamiðstöðva og þar með fækkun læknishéraða á næstu árum, fækkar enn þeim nefndum, sem læknarnir gætu setið í.

Að því er varðar lögreglustjóra vísast til eftirfarandi sérgreinargerðar bæjarfógetans í Kópavogi, Sigurgeirs Jónssonar, sem er eini nefndarmaður, er skipar formannssæti í heilbrigðisnefnd:

„Nokkuð hefur verið um það í íslenzkri löggjöf, að sýslumönnum, bæjarfógetum og lögreglustjórum hafi verið falin seta í nefndum. Þekktustu dæmin eru störf sýslumanna sem oddvitar sýslunefnda, störf bæjarfógeta og sýslumanna sem oddvitar yfirskattanefnda (nú úr lögum numið) og störf sömu aðila og lögreglustjóra sem formenn heilbrigðisnefnda. Nú upp á síðkastið hafa nokkrar bæjarstjórnir gert lögreglustjóra að formönnum eða nefndarmönnum í umferðarnefndum. Eðlilegar ástæður lágu til þess, að þessi háttur var hafður á áður fyrr, þar sem lögfræðiþekking var ýmist nauðsynleg eða æskileg í nefndum þessum, en utan stærstu kaupstaða yfirleitt ekki öðrum til að dreifa með þá þekkingu en sýslumönnum og bæjarfógetum. Sá mikli galli er þó á þessari skipan, að sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar þurfa síðar oft sem stjórnvöld (lögreglustjórar) eða (sjaldnar) sem héraðsdómarar að meta verulegan hluta af meiri háttar ákvörðunum nefndanna. Einkum á þetta við um heilbrigðisnefndir, þar sem fá verður aðstoð lögreglu og stundum dómstóla til framkvæmdar ýmissa af vandasömustu og viðkvæmustu ákvörðunum nefndanna. Þetta leiðir til þess, að í dómi víkur héraðsdómari sæti í slíkum málum, en það bindur hendur hans sem lögreglustjóra til sjálfstæðs mats, ef hann hefur áður tekið afstöðu til máls sem nefndarmaður á fundi í fjölskipaðri nefnd án þeirrar sjálfstæðu athugunar, sem gerð mundi í góðu tómi sem undanfari mikilvægrar lögregluaðgerðar. Sem dæmi um, til hve fráleitra niðurstaðna hin lögskipaða formennska lögreglustjóra í heilbrigðisnefndum getur leitt, má benda á, að í sumum heilbrigðissamþykktum eru ákvæði um, að formönnum heilbrigðisnefnda **(lögreglustjórum)** beri að framkvæma samþykktir meiri hluta heilbrigðisnefnda, þótt þeir telji þær rangar, ef bæjarstjórn hefur fallizt á gerðir meiri hluta heilbrigðisnefndar. Með slíkum ákvæðum, sem væntanlega mundu metin ógild af dómstólum, er ráðagerð höfð um, að meiri hluti sveitarstjórnar geti haft skipunarvald um, hvernig þessir tilteknu embættismenn beiti embættisvaldi sínu sem lögreglustjórar. Þar sem sú aðalástæða, sem áður var fyrir setu lögreglustjóra í heilbrigðisnefndum (lagaþekkingin), er þýðingarminni nú, með því að flestar sveitarstjórnir geta nú haft aðgang að lögfræðilegum upplýsingum og leiðbeiningum, þykir ekki ástæða til að lögákveða setu þessara embættismanna í heilbrigðisnefndum með þeim verulegu göllum, sem því

fylgja og lýst hefur verið hér að framan. Þá á einnig við, það sem sagt er um héraðslækna í greinargerð nefndarinnar hér að framan, að lögreglustjóri getur einungis verið formaður heilbrigðisnefndar í búsetusveitarfélagi. Nú eru í landinu alls 25 lögreglustjórar, sem til greina koma til formennsku í heilbrigðisnefnd, en sveitarfélög hins vegar hartnær 230. Yrði því ekki um formennsku lögreglustjóra að ræða nema í örlitlum hluta heilbrigðisnefnda í landinu og þá fyrst og fremst í þeim sveitarfélögum, þar sem auðveldast á að vera fyrir nefndirnar að fá lögfræðilega aðstoð.“

Önnur atriði greinarinnar ættu ekki að þarfnast skýringa.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgr. er efnislega óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga. Ákvæði 2. málsgr. eru efnislega í flestum heilbrigðissamþykktum, en rétt þykir, að í lögunum sjálfum séu ákvæði um vald heilbrigðisnefnda til að stöðva starfrækslu eða notkun, sem er óviðunandi eða hættuleg af hollustuástæðum að dómi nefndarinnar. Að sjálfsögðu á valdbeiting ekki að koma til nema í brýnni nauðsyn og því aðeins, að fortölur, fræðsla og leiðbeiningar beri engan árangur, en þetta eru þau vopn, sem heilbrigðisnefndum og starfsmönnum þeirra er framar öllu ætlað að beita í viðskiptum við eftirlitsskylda aðila. Rétt er þó að leggja áherzlu á, að heilbrigðisnefndum er aðeins skylt að veita almennar leiðbeiningar, en ekki sérfræðilegar, sbr. upphaf 10. gr.: „Í heilbrigðisreglugerð skulu vera **almenn** ákvæði um“. — Þriðja málsgr. er efnislega óbreytt frá 5. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 7. gr. núgildandi laga.

Um 5. gr.

Um fyrri málslið fyrstu málsgr. vísast til athugasemda við 2. gr. Ákvæðið um, að héraðslæknir geti krafizt heilbrigðisnefndarfundar, er tekið inn í frumvarpið úr heilbrigðissamþykktum. Jafnframt þykir nauðsynlegt að tryggja honum rétt til að krefjast þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum. Sjálfsagt þykir að gera héraðslækni skylt að sitja fundi heilbrigðisnefndar í búsetuhéraði sínu. Að öðru leyti er greinin efnislega óbreytt frá síðustu málsgr. 2. gr. núgildandi laga, að því undanskildu að heilbrigðisnefnd skuli senda héraðslækni afrit af fundargerð, ef hann situr ekki fund. Er þetta ákvæði sett til þess, að hann fylgist jafnan með gerðum heilbrigðisnefnda.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Þegar núgildandi lög voru sett, voru aðeins 6 dýralæknar í landinu og enginn yfirdýralæknir. Hlutur þeirra í heilbrigðiseftirliti hlaut því að verða óverulegur. Nú er skipaður sérstakur yfirdýralæknir, dýralæknisumdæmi eru orðin 20, en 4 þeirra að vísu óskipuð ennþá, og dýralæknar búsettir í landinu eru 22. Lögum samkvæmt eru dýralæknum faldir veigamiklir þættir í heilbrigðiseftirliti, eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir. Þykir því einsætt, að þeim skuli gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfundi, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, eða m. ö. o. þegar til umræðu eru mál, sem varða sérstaklega verkahring dýralækna.

Um 7. gr.

Hér vísast til 6. gr. núgildandi laga. Hert hefur verið á ákvæðum um ráðningu heilbrigðisfulltrúa, og eru nýmæli greinarinnar skylda kaupstaða með yfir 10 000 íbúum til að ráða sérmenntaðan heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi með hámarkstölu á hvern fulltrúa, skylda kauptúna með yfir 800 manns til að ráða heilbrigðisfulltrúa og heimild sveitarfélaga til að sameinast um heilbrigðisfulltrúa. Miðað við

manntal 1. des. 1965 ættu a. m. k. 12 sveitarfélög að ráða sér heilbrigðisfulltrúa skv. ákvæðinu um skyldu kauptúna. Skyldan til að ráða heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi er miðuð við þá reynslu, að 10 000 manns í þéttbýli skapi næg verkefni handa einum fulltrúa, ef eftirlit á að verða sómasamlegt. Fjölgun heilbrigðisfulltrúa, frá því sem nú er, er mikil nauðsyn. Varla er hugsanlegt að halda uppi eftirliti, sem er meira en að nafni til, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður, með því að annars er engum til að dreifa nema heilbrigðisnefndarmönnum. Ákvæði núgildandi laga, um að héraðslæknir annist eftirlitsstarfsemina, þar sem ekki er heilbrigðisfulltrúi, er fellt niður, enda eru héraðslæknar yfirleitt alltof störfum hlaðnir til þess að ætla þeim slíkt hlutverk. Eftir sem áður ber þeim samkvæmt erindisbréfi þeirra að hafa vakandi auga á öllu því, sem miður fer, bæði í þessu og öðrum heilbrigðismálum héraðs síns, og berjast fyrir umbótum.

Vissulega er mjög æskilegt, að sem flestir heilbrigðisfulltrúar hafi fengið nokkra sérmenntun, bæði fræðilega og í reynd. Starfsreynslu má fá innanlands og þá fyrst og fremst með því að leita samninga við borgarlæknisembættið í Reykjavík um að taka að sér heilbrigðisfulltrúaefni og leyfa þeim að fylgjast með daglegum störfum hinna sérmenntuðu fulltrúa, sem það embætti hefur á að skipa, og hefur þessi leið þegar verið farin. Fræðilegan undirbúning verður hins vegar að sækja til annarra landa, þar sem óhugsandi er að setja hér upp skóla í náinni framtíð sökum tilkostnaðar. Víðast mun þó erfitt að komast inn í skóla eða á námskeið erlendis, og gæti þurft til þess aðstoð yfirstjórnar heilbrigðismála. Það verður m. a. hlutverk hins nýja Heilbrigðiseftirlits ríkisins að hvetja sveitarfélög til að ráða sér heilbrigðisfulltrúa, ýmist hvert í sínu lagi eða sameiginlega eftir íbúafjölda og verkefnum, svo og að veita sveitarfélögum fyrirgreiðslu um að koma fulltrúaefnum til náms, ef óskað er.

Ákvæði greinarinnar valda einhverjum viðbótarútgjöldum nú eða síðar þeim kaupstöðum, sem skyldaðir eru til að hafa heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi og ekki hafa þá þegar. (Ákvæðið um 10 000 íbúa.) Sama máli gegnir um kauptúnshreppa með yfir 800 íbúum í kauptúni, en þar er það þó algerlega á valdi sveitarstjórnanna sjálfra að ákveða vinnutíma fulltrúanna og þar með útgjöld sín til eftirlitsins.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli. Heilbrigðiseftirliti ríkisins er ætlað að hafa yfirumsjón með öllum þeim þáttum, sem heilbrigðisnefndir eiga að fjalla um, sbr. 10. gr. frumvarpsins, svo og með matvælum og annarri neyzlu- og nauðsynjavöru skv. lögum nr. 24/1936. Stofnun þessi kemur því m. a. í stað kunnáttumanna þeirra eða stofnana, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, sem ráðherra er heimilað að ráða skv. fyrri málsl. 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 24/1936. Er lagt til, að sá málsliður verði úr gildi numinn, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Fellur þá jafnframt úr gildi ákvæði reglugerðar nr. 17/1939 um sérfróðan lækni (sem aldrei hefur verið ráðinn), sbr. almennu greinargerðina hér að framan, og starf sérstaks mjólkureftirlitsmanns skv. reglugerð nr. 157/1953, um mjólk og mjólkurvörur, verður lagt niður. Þá gerir nefndin það að tillögu sinni, að ákvæði um sérstakan eftirlitsmann með veitinga- og gististöðum, sbr. 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., verði úr gildi numið og að hin nýja stofnun taki einnig að sér verkefni hans. Eftirlit þetta er undir stjórn landlæknis, það er almenns eðlis og fellur því eðlilega í verkahring heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sbr. og heimild 19. gr. laganna til að fela það heilbrigðisfulltrúum í kaupstöðum, en sú heimild hefur þegar verið notuð í Reykjavík.

Með því að fela framangreint eftirlit einni stofnun nýtast starfskraftar betur og eftirlitið á að geta orðið miklu samræmdara og heilsteyptara og tvímælalaust hlutfallslega til muna ódýrara heldur en með því að slíta það sundur og fela hvern þátt sérstökum manni, er vinnur einangraður og þarf sérstaka bækistöð ásamt sérstakri aðstoð. Þá hefur stofnun tvímælalaust sterkari aðstöðu til áhrifa

en einstakir eftirlitsmenn. Nefndin fær ekki séð, að nein þeirra stofnana, sem ríkið heldur nú uppi, hafi tök á að taka að sér matvælaeftirlitið sem aukaverkefni, svo sem heimilað er í matmælalöggjöfinni, auk þess sem slík tilhögun gæti ekki bætt úr brýnni þörf á samræmdu yfireftirliti með störfum heilbrigðisnefnda.

Að því er varðar sérstakan mjólkureftirlitsmann, verður ekki efazt um, að ráðning hans hafi verið nauðsyn á sínum tíma, eins og aðbúnaði að mjólkurframleiðslu í landinu var háttað og með tilliti til fæðar dýralækna þá. Nú horfir málið hins vegar öðru vísi við. Dýralæknar sitja nú í öllum þeim dýralæknaumdæmum, þar sem mjólkurvinnsla og mjólkursala að nokkru ráði fer fram. Þeim er falið sérstaklega að hafa eftirlit með fjósum og heilbrigði kúa og ættu að vera einfærir um það eftirlit undir umsjón yfirdýralæknis. En auk þess veita mjólkurbúin mjólkurframleiðendum aðhald um vöruvöndun, og verður það aðhald að sjálfsögðu því áhrifaríkara sem gerðar eru meiri kröfur til búanna. Strangt eftirlit með mjólkurbúum er því nauðsynlegt, þó að vafasamt sé, að til þess þurfi mann í fullu starfi. Nefndin leggur ekki dóm á, hve umfangsmikið veitingahúsaeftirlitið er, en þykir ólíklegt, að eftirlitsmanni, sem á annað borð ferðast um landið til að líta eftir veitingahúsum, geti ekki unnizt tími til að líta jafnframt eftir fleiri stofnunum. En jafnvel þótt löggjafinn teldi þetta eftirlit a. m. k. fyrst í stað nægilegt starf einum manni, ætti sá maður tvímælalaust að vera starfsmaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins af þeim rökum, sem þegar hafa verið talin fram. — Áður en skilizt er við þetta atriði, vill nefndin taka skýrt fram, að tillögur hennar um að leggja niður framangreind störf, ber vissulega ekki að skilja svo, að hún geri á nokkurn hátt lítið úr störfum hinna tveggja eftirlitsmanna, sem ekki verður efazt um, að hafi rækt þau af fyllstu samvizkusemi. En hún kemst ekki hjá að benda á, hversu gífurlegt ósamræmi er í því að ætla svo ríflegan starfskraft til yfireftirlits með aðeins tveimur þáttum hins margþætta heilbrigðiseftirlits, en láta aðra þætti þess afskiptalausa. Ef núverandi skipan á eftirliti með mjólk og veitingahúsum yrði látin haldast og koma ætti á fót sambærilegu eftirliti með öllum öðrum álíka mikilvægum þáttum hreinlætis- og hollustuhátta, mundu yfireftirlitsmenn í fullu starfi sennilega skipta tugum.

Nefndin hefur ákveðið lágmarkstölu starfsmanna Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ef mjólkureftirlitið og veitingahúsaeftirlitið verður falið stofnuninni, er aðeins um að ræða fjölgun um einn starfsmann, frá því sem nú er. Að vísu er nefndinni ljóst, að hér er um algert lágmark að ræða, ef eftirlitið á að vera meira en nafnið, og þess vegna er sett heimild um fjölgun heilbrigðisráðunauta, þegar Alþingi telur hana fjárhagslega kleifa. Æskilegast teldi nefndin, að heilbrigðisráðunautar yrðu sex þegar í upphafi, þrír þeirra sætu í Reykjavík, en þrír úti á landi. Með þeim mannafla ætti að vera allvel fyrir eftirlitinu séð. En það er hvort tveggja, að nefndin vill fara eins gætilega í sakirnar og unnt er af sparnaðarástæðum, enda eru þarfirnar margar í heilbrigðismálum, og að engar líkur eru til, að völ verði á svo mörgum hæfum ráðunautum fyrst um sinn. Aðalatriðið er, að stofnuninni verði komið á fót, en síðan verði hún látin þróast, eftir því sem nauðsyn þykir og fjárhagsleg geta leyfir. Við fjölgun heilbrigðisráðunauta þykir bæði réttlátt og að ýmsu leyti hentugt, að þeim verði dreift um landið, þannig að með tímanum sitji einn ráðunautur í hverjum hinna þriggja landshluta, sem tilgreindir eru í greininni, en þó aldrei færri en tveir í Reykjavík auk forstöðumannsins. Er þá miðað við, að menntun ráðunautanna verði svo alhliða, að þeir séu færir um að rækja alla þætti hins almenna eftirlits, þ. e. skipti landinu á milli sín. Hefur sú skipan verið höfð á í Reykjavík og þykir reynast allvel. Við þetta vinnst mikill tími og að því ætti einnig að verða verulegur sparnaður, þar sem aðeins einn maður þarf að heimsækja hvern stað á takmörkuðu svæði, í stað þess að hver ráðunautur verði að hafa allt landið undir, þannig að allir heimsæki sömu staði, einn líti t. d. eftir vatni og frárennsli, annar eftir matvælaiðnaði o. s. frv. Vel má þó vera, að síðar meir þyki nauðsynlegt, að Heilbrigðiseftirlitið hafi einnig á að

skipa ráðunautum, er séu sérhæfðir á þröngu sviði og hafi þá allt landið í umsjá sinni, en úr því sker reynslan.

Í greininni eru ábendingar um menntun forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins. Ákjósanlegast telur nefndin, að læknir, sérmenntaður í heilbrigðisfræði, skipi stöðuna. Hins vegar er hún ekki bjartsýn á, að læknir fáist, og þýðir ekki að dyljast þess, að meginástæðan eru launakjörin. Jafnvel þótt hann væri settur í 26. launaflokk opinberra starfsmanna — og í þeim launaflokki telur nefndin hiklaust, að forstöðumaðurinn eigi heima — bæri hann ekki úr býtum nema hluta af því, sem læknar geta nú haft í tekjur við klínisk læknisstörf. Við þetta bætist, að áhugi lækna beinist nær undantekningarlaust að eiginlegum lækningum eða rannsóknarstörfum í sambandi við þær. Dýralækni með sérmenntun í heilbrigðisfræði telur nefndin einnig vel hæfan, og væri fremur von til, að hans væri kostur í starfið. Enginn maður er nú til með háskólaprófi í heilbrigðisfræði, en síðar kynni að verða völ á slíkum manni. Af mönnum með annars konar menntun, sem sömuleiðis væru vel hæfir, má t. d. nefna háskólamenntaðan matvælatæknifræðing, verkfræðing eða gerlafræðing, er hefðu aukalega undirbúningsmenntun í heilbrigðiseftirliti. Ekki er gefin nein bending í frumvarpinu um menntun heilbrigðisráðunauta, og má gera ráð fyrir, að þeir kunni að hljóta mismunandi undirbúning. Nefndin telur þó prýðilega hæfa menn, sem lokið hafa námi við Statens Institut för Folkhälsan í Svíþjóð, en þar hafa nokkrir heilbrigðisfulltrúanna í Reykjavík lokið prófi. Inntökuskilyrði munu nú vera stúdentspróf, og er próf úr stærðfræðideild að sjálfsögðu ákjósanlegast. Vegna skorts á sérmenntuðum mönnum má búast við, að talsverður aðdragandi geti orðið að því, að Heilbrigðiseftirlitið geti tekið til starfa, og kann að reynast óhjákvæmilegt, eftir að stöðurnar hafa verið auglýstar, að senda menn utan til náms og bíða þeirra. Gæti þetta átt við jafnt um forstöðumanninn sem ráðunautana.

Ekki gerir nefndin ráð fyrir, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins þurfi að hafa teljandi afskipti af eftirlitinu í Reykjavík né öðrum þeim stöðum, sem síðar meir kunna að hafa sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúum á að skipa (Kópavogi, Akureyri, og sennilega Hafnarfirði), enda verða verkefni þess ærin samt. Að sjálfsögðu yrði Heilbrigðiseftirlitið þó að kynna sér eftirlitið í Reykjavík, m. a. vegna samræmingar á ráðstöfunum í landinu í heild, og rétt hefur það til hverra þeirra afskipta, sem það telur nauðsynlegar. Eins á Reykjavík vitaskuld rétt á að leita til Heilbrigðiseftirlitsins um stuðning til að koma fram málum til jafns við önnur sveitarfélög landsins.

Nefndin hefur reynt að gera sér grein fyrir, hvernig eftirlitinu yrði skipað, þegar það verður komið í það horf, sem að er stefnt í frumvarpinu, þ. e. sérmenntaðir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi í Kópavogi, á Akureyri og í Hafnarfirði, auk Reykjavíkur, og heilbrigðisráðunautar í þeim þremur landshlutum, sem tilgreindir eru í frumvarpinu. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins mundi, auk þess sem hann stjórnar eftirlitinu í heild og samhæfir það, ferðast um landið, eftir því sem hann teldi ástæðu til. Ráðunautarnir, sem búsettir yrðu í Reykjavík, mundu þá aðallega hafa yfireftirlit á eftirtöldum svæðum (mannfjöldatölur frá 1. des. 1965): Keflavík 5128, Gullbringusýslu 6815, Kjósarsýslu 3148, Rangárvallasýslu 3059, Árnessýslu 7604, Vestmannaeyjum 5012, V-Skaftafellssýslu 1387, Borgarfjarðarsýslu 1489, Mýrasýslu 963, Snæfellsnessýslu 1978, Dalasýslu 580, Akraneskaupstað 4178, **samtals 41341 manns.** Ráðunautur á Vestfjörðum hefði í umsjá sinni: Barðastrandarsýslu, 512, Ísafjarðarkaupstað 2696, Ísafjarðarsýslur báðar 3711, Strandasýslu 1485, **samtals 10435 manns.** Ekki er gert ráð fyrir sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúa á þessu svæði. Ráðunautur á Norðurlandi hefði aðallega í umsjá sinni: Húnavatnssýslur báðar 3765, Sauðárkrókskaupstað 1390, Skagafjarðarsýslu 2640, Siglufjarðarkaupstað 2472, Ólafsfjarðarkaupstað 1048, Eyjafjarðarsýslu 3886, Húsavíkurkaupstað 1841, Þingeyjarsýslur báðar 4733, **samtals 21775 manns.** Aðeins er gert ráð fyrir sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúa á Akureyri. Ráðunautur á Austurlandi hefði í

umsjá sinni: Seyðisfjarðarkaupstað 853, Neskaupstað 1514, Múlasýslur báðar 7221, A-Skaftafellssýslu 1429, samtals 11017 manns. Ekki er gert ráð fyrir sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúa á þessu svæði.

Meginmáli skiptir, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins nái góðri samvinnu við heilbrigðisnefndir, gangi ekki fram hjá þeim og fái þeim í hendur framkvæmd ráðstafana, sem það telur nauðsynlegar. Eftirlitið verður m. ö. o. að vekja ábyrgðartilfinningu nefndanna til sjálfstæðra athafna, en leyfa ekki þeim skilningi að festa rætur, að nefndirnar geti varpað áhyggjum sínum yfir á Heilbrigðiseftirlitið og setið auðum höndum. Á því hvernig þetta tekst veltur ekki sízt, hvert gagn verður að þessari nýju stofnun.

Stofnun Heilbrigðiseftirlitsins er eina nýmæli frumvarpsins, sem veldur ríkissjóði auknum útgjöldum. Nefndin telur ekki unnt á þessu stigi að áætla kostnaðinn nákvæmlega, en með hliðsjón af því, að rekstrarkostnaður mjólkureftirlitsins og veitingahúsaeftirlitsins er áætlaður samtals tæplega 930 þús. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1968, ætti heildarrekstrarkostnaður Heilbrigðiseftirlitsins varla að fara fram úr 1.5 milljónum króna, eða um 500—600 þús. kr. viðbót. Mjólkureftirlitsmaðurinn og veitingahúsaeftirlitsmaðurinn hafa alls um 1½ ritara, en ef Heilbrigðiseftirlitið hefði bækistöð á skrifstofu landlæknis, sem væri langheppilegast, kemur ekki til mála, að þar þyrfti að bæta við nema einum ritara vegna eftirlitsins, og ef til vill mundi ritari í hálfu starfi nægja, að landlæknisembættinu óbreyttu að öðru leyti. Húsakostur vegna Heilbrigðiseftirlitsins ætti varla að þurfa að verða meiri en núverandi húsakostur þessara tveggja eftirlitsmanna. Hins vegar má gera ráð fyrir, að ferðakostnaður á hvern starfsmann hækkaði eitthvað, þ. e. að starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins yrðu að ferðast meira en núverandi mjólkureftirlitsmaður og veitingahúsaeftirlitsmaður. Um þetta verður þó ekki vitað, fyrr en stofnunin er komin í gang og nokkur reynsla fengin af starfstilhögun hennar. Áður hefur verið vikið að því, að nefndin telur óhjákvæmilegt, að forstöðumaðurinn verði í 26. launaflokki, sbr. til dæmis öryggismálastjóra, og hæpið er, að hæfir heilbrigðisráðunautar fáist til starfs, sem krefst mjög mikilla ferðalaga, nema þeir séu í 20. — 21. launaflokki. Nánari greinargerð um kostnað treystir nefndin sér ekki til að láta í té.

Um 9. gr.

Í greininni er það nýmæli, að ein heilbrigðisreglugerð skuli gilda fyrir allt landið, og komi hún í stað núgildandi heilbrigðissamþykkta einstakra sveitarfélaga. Vera má, að ótrúlegt þyki í fljótu bragði, að þetta sé unnt sökum ólíkra staðhátta í kaupstað, þorpi og sveit. En málið leysist á þann einfalda hátt í langflestum tilvikum, að landsreglugerðin gildir fyrir hvern stað, eftir því sem við getur átt, þ. e. aðeins að svo miklu leyti sem þar er til sú starfræksla, stofnun eða notkun, sem um er fjallað í reglugerðinni, og í sveitum gildir hún augljóslega að mjög litlu leyti. Sem dæmi má nefna ákvæði um kjötverzlanir. Ef kjötverzlun er ekki til í sveitarfélagi, á kaflinn um kjötverzlanir ekki við um það sveitarfélag, en tæki gildi, jafnskjótt og slík verzlun væri sett þar á stofn. Þetta er raunar engin nýjung, og má finna næg dæmi um þessa tilhögun í heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga. Inn í þær hafa iðulega verið tekin ákvæði um ýmislegt, sem ekki var til í sveitarfélaginu, þegar samþykktin var samin. En sveitarstjórn hefur gert ráð fyrir, að tiltekin starfræksla eða stofnun gæti orðið þar til síðar og viljað hafa ákvæðin tilbúin, þegar að því kæmi. Hins vegar skiptir meginmáli, að gerðar séu sömu hollustukröfur til starfrækslu eða stofnunar, t. d. kjötbúðar, svo að það dæmi sé endurtekið, hvort sem hún er staðsett í Reykjavík eða á Þórshöfn, og á þessi krafa vitaskuld ekkert skylt við kröfur um íburð í húsakynnum og innréttingu. Aðeins um örfá atriði verður að hafa fyrirvara í reglugerðinni, eftir því hvort um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli, en óþarft þykir að reifa það hér.

Fleira en samræming á ákvæðum mælir með því, að sett sé landsreglugerð. Það er mikið verk og kostnaðarsamt að endursemja og prenta fjölda heilbrigðissam-

þykkta á nokkurra ára fresti, en hjá því verður ekki komizt, ef þær eiga ekki að úreldast. Er heilbrigðisnefndum varla ætlandi að annast slíka endurskoðun lengur, sökum þess hve löggjöf, sem varðar heilbrigðiseftirlit á einn eða annan hátt, er orðin gífurlega umfangsmikill bálkur, enda hefur orðið mikill misbrestur á endurnýjun heilbrigðissamþykkta. Nú munu vera í gildi heilbrigðissamþykktir fyrir 56 sveitarfélög, og eru þær frá þessum áratugum: 1900—1910: 18; 1911—1920: 5; 1921—1930: 5; 1931—1940: 5; 1941—1950: 3; 1951—1960: 11 og eftir 1960: 9. Eins og sjá má á þessu, eru aðeins 20 þessara heilbrigðissamþykkta samdar eða endursamdar eftir 1950, en eldri samþykktir a. m. k. eru meira eða minna úreltar og hinar elztu vitaskuld gersamlega úreltar. Þá er þess að geta, að árið 1955 var staðfest heilbrigðissamþykkt með nokkuð nýju sniði. Heita má, að þær samþykktir, sem síðan hafa verið staðfestar, séu endurprentun hver á annarri, a. m. k. í öllum aðalatriðum. Verður að álykta, að þetta sé vitnisburður um, að heilbrigðisnefndum hafi verið ljós nauðsyn á samræmingu ákvæða, og er þá orðið skammt yfir í það að setja eina reglugerð fyrir allt landið, eins og hér er lagt til. Sjálfsagt þykir þó að heimila sveitarfélögum að setja til viðbótar heilbrigðisreglugerð landsins samþykktir hvert fyrir sig, að svo miklu leyti sem reglugerðin þykir ekki fullnægjandi, en ekki er líklegt, að mörg sveitarfélög þurfi á því að halda.

Nefndin telur það í verkahring Heilbrigðiseftirlits ríkisins að gera tillögur um endurskoðun á heilbrigðisreglugerð, og væntanlega mundi stofnuninni falið að vinna verkið, en ekki þykir þó rétt að skylda hana til þess. Öllum heilbrigðisnefndum er svo að sjálfsögðu frjálst að gera tillögur um endurskoðun.

Um 10. gr.

Greinin er í aðalatriðum efnislega óbreytt frá 3. gr. núgildandi laga. Felldur er niður fyrsti liður þeirrar greinar, skipt hefur verið um röð á nokkrum liðum, efnisatriði hafa verið flutt milli liða, skipt hefur verið um nokkur heiti, nokkrum nýjum atriðum hefur verið bætt inn í, sleppt er tilvitnunum í löggjöf og gert ráð fyrir, að fullkomin skrá um löggjöf verði jafnan látin fylgja heilbrigðisreglugerð, heimildarákvæði um liði 13—18 er fellt niður, þannig að skylt verður að taka þá liði inn í heilbrigðisreglugerð, og loks eru tvær síðustu málsgreinarnar teknar út úr greininni og gerðar að sérstakri grein, þ. e. 11. gr. frumvarpsins. Í lok greinarinnar er sett heimild til að veita undanþágur frá heilbrigðisreglugerð. Hugsar nefndin sér þá undanþáguheimild notaða þannig, að heilbrigðisnefndum verði heimilað að veita undanþágur, ef um minni háttar atriði er að ræða, þó aldrei gegn mótmælum héraðslæknis, en tilkynna skuli þær Heilbrigðiseftirliti ríkisins ákvörðunina. Um allar meiri háttar undanþágur þurfi hins vegar að leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða landlæknis, sem geti, hvenær sem ástæða þykir til, lagt undanþágubeiðnina fyrir ráðherra. Framangreind tilhögun er að sjálfsögðu aðeins lausleg ábending frá nefndinni. Að öðru leyti þykir ekki þörf á skýringum við greinina.

Um 11. gr.

Sjá aths. við 10. gr.

Um 12. gr.

Í heilbrigðissamþykktum, a. m. k. hinum nýrri, eru ákvæði um, að ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar megi skjóta til úrskurðar yfirstjórnar heilbrigðismála, og sami réttur er veittur héraðslækni. Rétt þykir að taka þetta ákvæði inn í lögin, en þar er Heilbrigðiseftirlit ríkisins gert að millilið, en þó aðeins til málamiðlunar. Er það gert til að létta af ráðherra óþörfu ónæði af hugsanlegum ágreiningi framangreindra aðila.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli. Með fyrri málsgr. er heilbrigðisnefndum veitt aðhald, með því að vel er hugsanlegt, að þær skirrist við að beita valdi sínu, ef við mikla and-

spyrnu er að etja, jafnvel þótt um brýna ráðstöfun sé að ræða. Til þess hins vegar að forðast, að gripið sé fram í fyrir heilbrigðisnefndum að óþörfu eða í smávægilegum atriðum, er tekið fram, að ráðstöfunin verði að varða „almenningsheill", og landlæknir er gerður ábyrgur fyrir málsskoti til ráðherra.

Síðari málsgreinin, um heimild Heilbrigðiseftirlits ríkisins til að stöðva starfrækslu eða notkun fyrirvaralaust, á aðeins við, þegar mikil hætta er á ferðum, svo sem af háskalegum óþrifnaði, hættulegum efnum eða yfirvofandi smitun manna af menguðum matvælum eða menguðu vatni. Til að koma í veg fyrir misbeitingu heimildarinnar, er viðkomandi heilbrigðisnefnd heimilað að skjóta ráðstöfuninni til úrskurðar ráðherra, ef hún er henni ósamþykk.

Um 14. gr.

Um rökstuðning fyrir þessari grein vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan. Landlækni er falið fyrsta úrskurðarvald, en ekki Heilbrigðiseftirliti ríkisins, með því að sumir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að, verða að teljast jafngildir Heilbrigðiseftirlitinu um faglega þekkingu.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar er til þess sett að taka af öll tvímæli um rétt heilbrigðisnefndar til skoðunar og eftirlits, en slíkt ákvæði er í flestum heilbrigðissamþykktum. Sett er inn sams konar ákvæði um Heilbrigðiseftirlit ríkisins, svo og um héraðslækna, sem ekki hafa lengur skyldusetu í heilbrigðisnefnd.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt þykir að tryggja, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins og sveitarfélög eigi aðgang að rannsóknarstofnunum til rannsókna á sýnishornum, og er skyldan lögð á rannsóknarstofnanir ríkisins. Með síðari málsl. greinarinnar er það haft í huga, að t. d. Reykjavík kynni að koma sér upp eigin rannsóknarstofnun, og mætti þá einnig, ef ástæða þætti til, leita samninga um rannsóknir fyrir fleiri sveitarfélög á þeirri rannsóknarstofnun.

Um 17. gr.

Í núgildandi lögum eru sektarákvæði við brotum á staðfestum heilbrigðissamþykktum, og renna sektir í sveitarsjóð. Í frumvarpinu eru tekin upp refsiákvæði við brotum á lögunum og reglugerð, svo og heilbrigðissamþykktum, og renna sektir í ríkissjóð. Einnig er heimilað að beita varðhaldsrefsingu, ef miklar sakir eru, og er það nýmæli. Þá eru felld niður ákvæði um ramma sektarfjárhæðar. Dagsektarfjárhæð er hækkuð úr 1000 krónum í 2000 krónur.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Sbr. 9. gr. núgildandi laga.

Um 19. gr.

Frestur á gildistöku laganna til 1. jan. 1970 er m. a. miðaður við það, að tími hafi unnizt til að semja heilbrigðisreglugerð, þegar þau taka gildi. Má ætla, að það verk taki alllangan tíma, ef það verður unnið í hjáverkum, og væri sennilega rétt að miða við ekki skemmri tíma en hálft ár. Málsliður sá, sem lagt er til, að feldur verði úr gildi í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, hljóðar svo: „Ráðherra má auk þess, svo sem nauðsyn krefur, fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild." Brottfelling hans raskar ekki lögunum að öðru leyti. 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., hljóðar svo: „Ráða skal sérfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftir-

litsmaður undir stjórn landlæknis. Heimilt er landlækni að fela sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum, sem starfandi eru í kaupstöðum, eftirlit þar.

Eftirlitsmaður skal leita aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðslækna, þar sem hann eða landlæknir telja þess þörf. Ákvörðunum eftirlitsmanns (svo og heilbrigðiseftirlits) má skjóta til ráðuneytis". Brottfelling þessarar greinar krefst nýrrar greinar og auk þess breytinga á nokkrum öðrum greinum laganna, en að vísu smávægilegra, þ. e. að í stað „eftirlitsmanns" komi, eftir því sem við á, „heilbrigðisnefnd" eða „Heilbrigðiseftirlit ríkisins". Nefndin telur það þó ekki verkefni sitt að gera beinar tillögur um þessar breytingar.

Að lokum vill nefndin benda á nauðsyn þess að gefa út handbók handa heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum, og væri heppilegast, að hún yrði gefin út sem lausblaðabók. Í bókinni ættu að vera þessi lög (ef samþykkt verða), heilbrigðisreglugerð, hin almenna matvælalöggjöf, þeir kaflar úr sérlöggjöf, þar sem fjallað er um almenna hollustuhætti, og fullkomin skrá yfir löggjöf, er varðar heilbrigðiseftirlit á einhvern hátt. Bók þessi mundi einnig verða héraðslæknum til ómetanlegs léttis. Yfirstjórn heilbrigðismála þyrfti að sjá um útgáfuna og gefa út viðbætur jafnóðum, en ástæðulaust telur nefndin að selja ekki bókina fullu verði, hvort sem sala kynni að standa að öllu leyti undir kostnaði eða ekki. Þó að lög séu aðgengileg í lagasafni, svo langt sem það nær, verður að leita til Stjórnartíðinda um reglugerðir, og iðulega hefur komið í ljós, að héraðslæknar og heilbrigðisnefndir vita ekki, að til er ýmis löggjöf, sem þesir aðilar eiga að vinna eftir.

Fylgiskjal.

Skrá um löggjöf.

Á meðfylgjandi skrá eru taldar upp allar núgildandi heilbrigðissamþykktir, svo og löggjöf um þau atriði, sem um er fjallað í 10. gr. frumvarpsins (3. gr. laga nr. 35/1940). Ekki er tekin fyllsta ábyrgð á, að öll löggjöf skrárinnar sé enn í gildi, þótt öll viðleitni hafi verið höfð til að ganga úr skugga um það, og því síður verður fullyrt, að ekkert vanti í, t. d. ákvæði um heilbrigðiseftirlit, sem dreifð kunna að vera innan um löggjöf um annars óskyld efni. Þá getur vitanlega orkað tvímælis, hvað eðlilegt sé að telja upp af löggjöf, sem á einhvern hátt varðar atriði 10. greinar frumvarpsins, en sennilega er þó fremur gengið óþarflega langt en of skammt í því efni. Þótti rétt að ganga hér heldur lengra en skemmra til hægðarauka þeim mönnum, sem síðar yrði falið að semja heilbrigðisreglugerð fyrir landið í heild, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Tölur í svigum á eftir fyrirsögn eru liðatölur 10. gr. Lög eru talin fyrst og síðan reglugerðir skv. þeim lögum. Innan hvers flokks er lögum raðað eftir aldri, þó þannig að hvert atriði er sér, ef fleiri en eitt atriði er undir sömu fyrirsögn (t. d. kjöt, fiskur o. fl.).

A. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Br. nr. 19/1962.
Akraneskaupstaður. Hbs. nr. 108/1947.
Akureyrarkaupstaður. Hbs. nr. 57/1955.
Bíldudalur, Litla-Eyri og Hóll. Hbs. nr. 57/1908.
Blönduóshreppur. Hbs. nr. 91/1936.
Borgarneshreppur. Hbs. nr. 60/1927.
Breiðdalshreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 107/1904.
Búðahreppur, Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 94/1910.
Dalvíkurkauptún. Hbs. nr. 44/1935.

Eskifjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 30/1964.
Eyrarbakkahreppur, Árnessýslu. Hbs. nr. 12/1908.
Eyrarhreppur, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 79/1906.
Flatey á Breiðafirði. Hbs. nr. 71/1928.
Flateyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 137/1961.
Fljótsdalshreppur í Norður-Múlasýslu. Hbs. nr. 121/1916.
Garðahreppur. Hbs. nr. 17/1960.
Geithellnahreppur, Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 137/1908.
Hafnarfjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 127/1955.
Hafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu. Hbs. nr. 24/1949.
Kauptúnið Haukadalur, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 68/1908.
Kauptúnið Hellissandur og sjóþorpið Keflavík í Snæfellsnessýslu. Hbs. nr. 89/1914.
Hjalteyrarkauptún. Hbs. nr. 62/1914.
Hofsóshreppur. Hbs. nr. 93/1961.
Hólshreppur, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 78/1906.
Hríseyjarhreppur. Hbs. nr. 116/1934.
Hrófbergshreppur, Strandasýslu. Hbs. nr. 97/1913.
Húsavíkurkaupstaður. Hbs. nr. 223/1952.
Hvammshreppur, Skaftafellssýslu. Hbs. nr. 56/1907.
Ísafjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 90/1954.
Kaldrananeshreppur í Strandasýslu. Hbs. nr. 77/1932.
Keflavíkurkaupstaður. Hbs. nr. 132/1954.
Kirkjuhvammshreppur, Vestur-Húnavatnssýslu. Hbs. nr. 95/1910.
Kópavogskaupstaður. Hbs. nr. 16/1958, br. nr. 108/1965.
Laxárdalshreppur í Dalasýslu. Hbs. nr. 99/1960.
Litla-Árskógssandssjóþorp, Eyjafjarðarsýslu. Hbs. nr. 80/1904.
Miðneshreppur. Hbs. nr. 162/1965.
Mosfellshreppur. Hbs. nr. 150/1963, br. nr. 8/1966.
Neskauptún í Norðfirði. Hbs. nr. 8/1928.
Njarðvíkurhreppur, Gullbringusýslu. Hbs. nr. 177/1966.
Norðfjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 105/1904.
Ólafsfjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 34/1954.
Ólafsvíkursjóþorp. Hbs. nr. 70/1903.
Patreksfjarðarkauptún. Hbs. nr. 9/1928.
Reyðarfjarðarhreppur í Suður-Múlasýslu. Hbs. nr. 106/1904.
Reykjavík. Hbs. nr. 11/1950, br. nr. 140/1951 og nr. 220/1963.
Sauðárkrókskaupstaður. Hbs. nr. 106/1951.
Seltjarnarneshreppur. Hbs. nr. 59/1961.
Seyðisfjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 22/1966.
Siglufjarðarkaupstaður. Hbs. nr. 83/1929, br. nr. 106/1936 og viðauki nr. 71/1945.
Skagastrandarkauptún. Hbs. nr. 90/1936.
Stokkseyrarkauptún, Árnessýslu. Hbs. nr. 86/1912.
Stykkishólmskauptún. Hbs. nr. 69/1903.
Suðureyrarhreppur. Hbs. nr. 215/1962.
Súðavíkurhreppur, Norður-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 80/1906.
Vestmannaeyjakaupstaður. Hbs. nr. 21/1960.
Vopnafjarðarkauptún. Hbs. nr. 104/1904.
Þingeyri. Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hbs. nr. 69/1908.

B. Önnur löggjöf.

Vatn og frárennsli (3):

Vatnal. nr. 15/1923.
L. nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna.

R. um vatnafélög og holræsi einstakra staða eða sveitarfélaga, sem ekki verða taldar upp.

Meindýr (5):

L. nr. 27/1945, um eyðing á rottum.
Sóttvarnarl. nr. 34/1954.
Sóttvarnarr. nr. 112/1954.

Húsakynni (6 o. fl.):

L. nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir. (Br. nr. 84/1943).
A. nr. 23/1967, um fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur.
Byggingarsamþykktir einstakra sveitarfélaga, sem ekki verða taldar upp.
L. nr. 57/1929, um íbúð í kjöllurum.
L. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (III. kafli).
L. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl. (IV. kafli).
R. nr. 5/1956, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.
R. nr. 114/1958, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Skipulagsl. nr. 19/1964.
R. nr. 217/1966, um gerð skipulagsáætlana.

Vinnustöðvar (7):

L. nr. 23/1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
(Br. nr. 57/1954; nr. 52/1955; nr. 39/1967).
R. nr. 10/1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.
(Viðauki nr. 91/1933; nr. 15/1934; Br. nr. 95/1941).
R. nr. 56/1929, um eftirlit með lyftum.
R. nr. 49/1947, um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar.
R. nr. 201/1952, um öryggisráðstafanir gegn slysahættu við vinnu í kötlum, kerum og geymum.
R. nr. 202/1952, um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun.
R. nr. 145/1953, um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.
R. nr. 69/1953, um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa.
R. nr. 83/1954, um flutning á ammóníumnítratáburði á landi og geymslu hans.
Starfsr. nr. 21/1953, fyrir öryggiseftirlit ríkisins. (Br. nr. 17/1955; nr. 41/1964).
Starfsr. nr. 124/1955, fyrir öryggisráð.
R. nr. 154/1956, um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu.
R. nr. 24/1956, um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma.
R. nr. 12/1965, um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum.

Gisti- og veitingastaðir (8):

L. nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.
R. nr. 129/1964, um gisti- og veitingastaði.

Skólar og kennslustaðir (9):

Berklavarnal. nr. 66/1939 (9. gr.).
L. nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum.
R. nr. 214/1958, um heilsuvernd í skólum.
(Br. nr. 196/1965; nr. 284/1966).
R. nr. 217/1960, um eftirlit með neyzlumjólk í heimavistarskólum.
(L. nr. 24/1936).
Farsóttal. nr. 10/1958 (11. gr.).

Almennar r. nr. 132/1934, um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (13. og 23. gr., skv. farsóttal.).
R. nr. 204/1964, um iðkun leikfimi og annarra íþrótta í skólum.

Börn (11):

L. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.
(Br. nr. 8/1967).
R. nr. 31/1963, um sumardvalarheimili barna.
R. einstakra sveitarfélaga um vernd barna, sem ekki verða taldar upp.

Heilbrigðisstofnanir o. s. frv. (12):

Heilsuverndarl. nr. 44/1955.
Lyfsölul. nr. 30/1963.
Sjúkrahúsal. nr. 54/1964.
L. um fávitastofnanir nr. 53/1967.

Íþróttir (13):

Íþróttal. nr. 49/1956.

Fangahús (14):

L. nr. 18/1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli.
L. nr. 21/1961, um héraðsfangelsi.
Tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl.

Kirkjur og samkomuhús (15):

Tilskipun 24. júlí 1789, um ráðstafanir til viðhalds á eignum kirkna o. s. frv.
L. nr. 77/1947, um félagsheimili.

Kirkjugarðar o. s. frv. (16):

L. nr. 42/1913, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
L. nr. 41/1915, um líkbrennslu.
R. nr. 4/1951, um framkvæmd líkbrennslu.
L. nr. 21/1963, um kirkjugarða.
R. nr. 83/1934, um kirkjugarða.
R. nr. 159/1941, um flutning líka (sbr. 6. gr. farsóttal.).

Flutninga- og farartæki (17):

L. nr. 50/1959, um eftirlit með skipum.
Hleðslumerkjareglugerð nr. 45/1943.
R. nr. 260/1947, um smíði tréskipa.
R. nr. 160/1949, um gerð bjargbelta, bjargvesta, bjarghringa o. fl.
R. nr. 11/1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.
(Br. nr. 3/1957; nr. 32/1963; nr. 52/1965).
R. nr. 61/1953, um flutning á hættulegum varningi.
R. nr. 80/1954, um flutning á ammoníumnítratáburði í skipum.
R. nr. 2/1957, um gúmmíbjörgunarbáta á skipum.
R. nr. 59/1960, um smíði skarsúðaðra tréskipa.

R. nr. 242/1966, um lyf og læknisáhöld í ísl. skipum.
(Br. nr. 45/1967).
Umferðarl. nr. 26/1958 (II).
R. nr. 51/1964, um gerð og búnað ökutækja o. fl.
L. nr. 83/1966, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.
R. nr. 82/1956, um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

L. nr. 32/1929, um loftferðir.
L. nr. 24/1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar.
L. nr. 119/1950, um stjórn flugmála (sbr. l. nr. 56/1954).
Sóttvarnal. nr. 34/1954 (8. gr., sbr. IV. kafla r. nr. 112/1954).
Farsóttal. nr. 10/1958 (7. gr., sbr. 8. gr. r. nr. 132/1934).

Húsdýr (18):

L. nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.
(Br. nr. 41/1965).
R. nr. 201/1957, um varnir gegn sullaveiki.
L. nr. 21/1957, um dýravernd.
L. nr. 44/1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.
R. nr. 209/1966, um varnir gegn útbreiðslu hundapestar. (Sbr. l. um dýralækna nr. 124/1947).

Matvæli og önnur neyzluvara (19):

L. nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
R. nr. 49/1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
R. nr. 50/1936, um aldinsultu og aldinmauk.
R. nr. 51/1936, um aldinsafa og aldinsöft.
R. nr. 128/1936, um edik og ediksýru.
R. nr. 111/1936, um gosdrykki. (Br. nr. 196/1943; nr. 273/1964).
R. nr. 53/1936, um kaffi.
R. nr. 52/1936 um kaffibæti og kaffilíki.
R. nr. 54/1936, um kakaó og kakaóvörur.
R. nr. 129/1936, um krydd og kryddvörur.
R. nr. 17/1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.
A. nr. 186/1940, um nokkrar vörur úr fiski.
A. nr. 185/1940, um nokkrar vörur úr kjöti.
Bráðabirgðar. nr. 57/1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís, með eða án bragðbætandi efna.
A. nr. 201/1950, varðandi meðferð og útlát á tetraklórkolefni og tríklóretýlen o. s. frv.
R. nr. 157/1953, um mjólk og mjólkurvörur.
(Br. nr. 247/1963).
R. nr. 217/1960, um eftirlit með neyzlumjólk í heimavistarskólum.
A. nr. 97/1962, um sérstakar varúðarráðstafanir í sambandi við notkun eiturefna við úðun trjágarða.
L. nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.
R. nr. 155/1949, um kjötmat o. fl. (I. kafli úr gildi).
(Br. nr. 19/1951; nr. 132/1951; nr. 186/1953).
R. nr. 43/1958, um útbúnað sláturhúsa og kjötfrystihúsa.
L. nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.
R. nr. 22/1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.
R. nr. 160/1962, um gæðamat á smjöri og ostum.
R. nr. 162/1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis.
L. nr. 42/1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.
R. nr. 31/1935, um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva, lýsisverkunarstöðva o. fl.
R. nr. 32/1935, um flokkun meðalalýsis o. fl.
L. nr. 92/1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

R. nr. 161/1966, um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.
L. nr. 53/1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.
R. nr. 89/1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.
(Br. nr. 103/1938; nr. 153/1939; nr. 146/1940).
R. nr. 113/1954, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar.
(Br. nr. 87/1957).
L. nr. 46/1948, um fiskmat, meðferð, verkun og útflutning á fiski.
R. nr. 56/1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.
(A. um viðauka nr. 117/1953. Br. nr. 218/1966).
R. nr. 124/1953, um verkun og mat á skreið til útflutnings.
(Br. nr. 169/1956).
R. nr. 127/1953, um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.
(Br. nr. 26/1954).
R. nr. 35/1956, um fiskmat (II. og III. kafli úr gildi).
R. nr. 247/1966, um mat á frystum hrognum til útflutnings.
L. nr. 26/1949, um hvalveiðar.
R. nr. 105/1949, um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.
L. nr. 42/1960, um ferskfiskeftirlit.
R. nr. 1/1961, um ferskfiskeftirlit.
(Br. nr. 37/1961; nr. 279/1964).
R. nr. 215/1966, um eftirlit með ferskum humar og rækju.
L. nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta.
L. nr. 32/1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.
(Br. nr. 61/1935).
R. nr. 104/1923, um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.
R. nr. 118/1934, um eftirlit með smjörlíkisgerðum.
R. nr. 41/1935, um fjörefnablöndun smjörlíkis.
(Br. nr. 9/1942; nr. 24/1955).
L. nr. 22/1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.
R. nr. 80/1949, um blöndun undanrennudufts í brauð og aðrar brauðgerðarvörur.
L. nr. 30/1947, um að tryggja manneldisgildi hveitis.
Farsóttal. nr. 10/1958 (10. gr. sbr. 7. og 13. gr. r. nr. 132/1934).

Þátttaka heilbrigðisnefnda í sóttvörnum (20):

Farsóttal. nr. 10/1958 (2. gr., sbr. 4. gr. r. nr. 132/1934).

Loftmengun (22):

L. nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.
R. nr. 190/1964, um skoðun tækja, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla.

Annað:

L. nr. 124/1947, um dýralækna.
(Br. nr. 8/1963; nr. 51/1965).
Erindisbréf héraðslækna nr. 35/1964 (sjá einkum 1. og 5. gr.).
Lögreglusamþykktir einstakra staða, en í þeim eru atriði varðandi heilbrigðiseftirlit.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bergsson, Konny Mitsi, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku, 1. júlí 1937.
2. Cristensen, Helge Sigurd, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku, 10. júlí 1934.
3. Dam, Thorlak, sjómaður á Akureyri, f. í Færeyjum, 24. febrúar 1930.
4. Gudmundsson, Gudrun Viola, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku, 19. nóvember 1935.
5. Haraldsson, Greta Angelo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi, 30. janúar 1945.
6. Joensen, Heinz Peter, blikksmiður í Hafnarfirði, f. í Danmörku, 1. janúar 1943.
7. Johannesen, Anna Malena Salomina Leo, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum, 6. september 1911.
8. Mitchell, Michael Bruce Mackinnon, leikari í Vestmannaeyjum, f. í Englandi, 18. desember 1942.
9. Müller, Einar, sjómaður á Akureyri, f. í Færeyjum, 18. júní 1942.
10. Petersen, Jensa Kitty, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Færeyjum, 26. júní 1935.
11. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, f. í Þýzkalandi, 6. marz 1932, húsmóðir í Borgarnesi.
12. Toftum, Edith Maria, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum, 9. maí 1942.
13. Woods, Russell Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, f. í U.S.A., 26. júlí 1911.

2. gr.

Þeir sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. nr. 460 á 88. löggjafarþingi 29. marz 1968.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um innflutningsgjald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 20% innflutningsgjald, er rennur í ríkissjóð. Um innheimtu gjaldsins gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 63/1968 um tollskrá o. fl. og lög nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

Innflutningsgjaldið skal greitt af öllum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 3. september 1968. Hafi innflytjandi fyrir 3. september 1968

afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan því aðeins afgreidd án greiðslu innflutningsgjalds, skv. 1. mgr., að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. september 1968.

Innflutningsgjald skal einnig greitt af vörum, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði bætur vegna verðhækkana, sem innflutningsgjaldið hefur í för með sér á eftirtöldum vörum: brennsluolíu og umbúðum sjávarútvegsins, veiðarfærum, sem ekki eru framleidd innanlands, svo og fóðurvörum landbúnaðarins.

3. gr.

Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttrar vöru, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af, og sama gildir um birgðir iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af og ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem af innflutningsgjaldinu leiðir.

4. gr.

Nú er vara, sem innflutningsgjald hefur verið greitt af, flutt inn með erlendum greiðslufresti með leyfi réttra yfirvalda, og skal þá ríkissjóði heimilt að endurgreiða gjaldið eða hluta þess, að svo miklu leyti, sem skuldarupphæðin í krónum kann að hækka á greiðslufreststímanum vegna ráðstafana íslenzkra yfirvalda. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slíka endurgreiðslu.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að lagt skuli allt að 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis, sem renna í ríkissjóð. Setur hún nánari reglur um tilhögun og innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 30. nóvember 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem borið er fram í samræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um innflutningsgjald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna óhagstæðrar þróunar á erlendum mörkuðum og lítillar síldveiði, það sem af er þessu ári, horfi alvarlega bæði um afkomu sjávarútvegsins og útflutningstekjur þjóðarinnar á þessu ári. Hefur þetta leitt til þess, að þróunin í gjaldeyrismálum

hefur að undanförnu verið mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir, jafnframt því sem ríkissjóður hefur orðið að taka á sig viðbótarskuldbindingar vegna erfiðleika atvinnuveganna. Nauðsynlegt er að fá nokkurt svigrúm til þess að kanna rækilega allar aðstæður og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar og ræða skilyrði til almenns samstarfs stjórnmálaflokka um lausn vandans, svo að Alþingi geti á sínum tíma tekið endanlegar ákvarðanir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til þess að draga úr gjaldeyrisnotkun og greiðsluhalla ríkissjóðs. Ríkisstjórnin telur því brýna nauðsyn bera til, að gerðar verði nú þegar bráðabirgðaráðstafanir í þessu skyni, með því að lagt verði á 20% innflutningsgjald á allar innfluttar vörur, svo og samsvarandi skattur á útgjöld til ferðalaga erlendis. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið, að takmarkaðar verði að sinni, svo sem föng eru á, allar yfirfærslur fyrir duldum greiðslum til útlanda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 20% innflutningsgjald, er rennur í ríkissjóð. Um innheimtu gjaldsins gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 63/1968 um tollskrá o. fl. og lög nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

Innflutningsgjaldið skal greitt af öllum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 3. september 1968. Hafi innflytjandi fyrir 3. september 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan því aðeins afgreidd án greiðslu innflutningsgjalds, skv. 1. mgr., að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. september 1968.

Innflutningsgjald skal einnig greitt af vörum, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði bætur vegna verðhækkana, sem innflutningsgjaldið hefur í för með sér á eftirtöldum vörum: brennsluolíu og umbúðum sjávarútvegsins, veiðarfærum, sem ekki eru framleidd innanlands, svo og fóðurvörum landbúnaðarins.

3. gr.

Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttrar vöru, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af, og sama gildir um birgðir iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur, sem innflutningsgjald hefur ekki verið greitt af og ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem af innflutningsgjaldinu leiðir.

4. gr.

Nú er vara, sem innflutningsgjald hefur verið greitt af, flutt inn með erlendum greiðslufresti með leyfi réttra yfirvalda, og skal þá ríkissjóði heimilt að endurgreiða gjaldið eða hluta þess, að svo miklu leyti, sem skuldarupphæðin í krónum kann að hækka á greiðslufreststímanum vegna ráðstafana íslenzkra yfirvalda. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slíka endurgreiðslu.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að lagt skuli allt að 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis, sem renna í ríkissjóð. Setur hún nánari reglur um tilhögun og innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 30. nóvember 1968.

Gjört að Bessastöðum, 3. september 1968.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út B-flokk hlutamiða, svo og nýjan flokk, C-flokk, sem báðir séu tengdir við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk háskólaráðs.

Með lögum nr. 86, 31. desember 1963 var Happdrætti Háskóla Íslands heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk. Flokkur þessi var upp tekinn til þess að bæta úr brýnni fjárþörf háskólans, en sem kunnugt er, er það verkefni Happdrættisins að kosta allar nýbyggingar Háskólans, viðhald eldri bygginga, tækjakaup, umönnun lóða og fleira.

Háskóli Íslands hefur stækkað mjög á síðustu árum, en fyrirsjáanlegt er, að hann mun þó vaxa mun meira á komandi árum en hingað til. Aukinn fjöldi stúdenta og kennara kallar auðvitað á aukið húsrými, tækjakost og fleira. Mörg brýn verkefni bíða úrlausnar, og má þar á meðal benda á, að nauðsynlegt er að reisa hús fyrir læknadeild. Jafnframt þarf að auka húsrými fyrir ýmsar aðrar stofnanir háskólans til kennslu og rannsókna, bæði þær, sem þegar eru til, og ýmsar, sem eru í uppsiglingu.

Fjárþörf háskólans er því gífurlega mikil og eykst fyrirsjáanlega mjög næstu árin eftir því, sem háskólinn eflir starfsemi sína, en sú hlýtur þróunin að verða, ef vel á að vera. Aukin fjárráð háskólans eru forsenda þess, að honum megi takast að sinna þeim verkefnum, sem honum eru ætluð að lögum, og sífellt fara vaxandi í þjóðfélagi voru sem öðrum.

1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir, að heimilað sé að gefa út nýjan flokk hlutamiða, C-flokk, sem verði hliðstæður þeim tveim flokkum, sem nú eru, A-flokki og B-flokki. Sú tilhögun að gefa út nýjan flokk hlutamiða, svo sem gert var með

lögum nr. 86, 31. desember 1963, hefur gefizt mjög vel. Sparar það mikla vinnu við drátt og hefur notið vinsælda hjá viðskiptamönnum Happdrættisins. Er nú svo komið, að hvergi nærri er hægt að fullnægja eftirspurn eftir hlutamiðum. Er þessi breyting því jafnframt í þágu viðskiptamanna Happdrættisins.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á 2. kafla:
   Athugasemd c við kaflann orðist svo:
   c. Dýrafeiti, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 02.05 (15. kafli).
2. Á 3. kafla:
   a. Í stað orðsins „Athugasemdir“ í byrjun kaflans komi:
   Athugasemd.
   b. Athugasemd 1b við kaflann orðist svo:
   b. Fiskur (þar með talin hrogn og lifur), krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis vegna uppruna síns eða ástands (5. kafli), eða
   c. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
3. Á 4. kafla:
   Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
   2. Mjólk og rjómi í loftþéttum dósum telst niðursoðin mjólk og rjómi og heyrir þannig til nr. 04.02. Hins vegar telst mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuriserað, dauðhreinsað eða peptoniserað, ekki niðursoðið, nema vörurnar hafi verið lagðar niður í loftþéttar dósir.
4. Á 5. kafla:
   Nr. 05.07 orðist svo:
   05.07 Hamir og aðrir hlutar af fuglum með áföstum fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (hvort heldur jaðrarnir hafa verið jafnaðir eða ekki) og dúnn, óunnið eða ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða frágengið til geymslu; duft, fjaðraúrgangur eða hlutar af fjöðrum.
5. Á 8. kafla:
   Nr. 08.11 orðist svo:
   08.11 Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteinsdíoxydgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða annari niðurlagningarupplausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað.
6. Á 13. kafla:
   Nr. 13.03 orðist svo:
   13.03 Jurtasafar og extraktar úr jurtarikinu; pektínefni, pektinöt og pektöt; agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu.
7. Á 15. kafla:
   Nr. 15.12 orðist svo:
   15.12 Feiti og olía úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin.

8. Á 17. kafla:
Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Kemískt hreinn sykur, nema sykrósi, glúkósi og laktósi (nr. 29.43); eða

9. Á 25. kafla:
a. Athugasemd 2 h við kaflann orðist svo:
h. Rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít (nr. 98.05).
b. Nr. 25.13 orðist svo:
25.13 Vikursteinn (pimpsteinn); smergill; náttúrlegt kórund, náttúrlegt granat og önnur náttúrleg slípiefni, einnig hitameðfarin.
c. Nr. 25.17 orðist svo:
25.17 Smásteinar og mulinn og brotinn steinn (einnig hitameðfarið), mulningur, asfalthúðaður mulningur og önnur möl, sem venjulega er notuð í steinsteypu, til vega- eða járnbrautarlagningar o. þ. h.; tinna og fjörumöl, einnig hitameðfarið; korn og spænir (einnig hitameðfarið) og duft þeirra steintegunda, sem teljast til nr. 25.15 eða 25.16.
d. Nr. 25.32 orðist svo:
25.32 Náttúrlegt strontíumkarbónat (einnig brennt), þó ekki strontíumoxyd; jarðefni, ót. a.; brotin leirvara.

10. Á 26. kafla:
Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Orðið málmgrýti í nr. 26.01 tekur til jarðefna, sem notuð eru í málmiðnaði til vinnslu á kvikasilfri eða málmum þeim, sem teljast til nr. 28.50 eða til XIV. eða XV. flokks, einnig þótt þau séu í einstökum tilvikum ætluð til annars. Nr. 26.01 tekur hins vegar ekki til jarðefna, sem hafa sætt meðferð, sem ekki getur talizt venjuleg í málmiðnaði.

11. a. Á 27. kafla:
Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
a. Aðgreind kemískt skýrgreind lífræn efnasambönd, önnur en hreint metan, sem telst til nr. 27.11; eða
b. Í stað orðanna „Sem jarðolía eða skifuolía“ í upphafi athugasemdar 3 við kaflann komi: Sem jarðolía og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum.
c. Í stað orðanna „tjara framleidd úr blöndu af biki ....“ í nr. 27.06 og texta númersins þar á eftir komi: tjara framleidd úr blöndu af biki ásamt kreósótolíu eða ásamt annarri olíu framleiddri úr koltjöru með eimingu.
d. Nr. 27.09 orðist svo:
27.09 Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar.
e. Nr. 27.10 orðist svo:
27.10 Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, hreinsaðar; vörur ótaldar annars staðar, sem í er minnst 70% af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga, enda séu þessar olíur einkennandi fyrir vörurnar.
f. Nr. 27.14 orðist svo:
27.14 Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum.

12. Á 28. kafla:
a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
Auk díthíonita (hydrósúlfit), sem haldið er í óbreyttu ástandi með lífrænum efnum, og súlfooxylata (nr. 28.36), karbónata og perkarbónata ólífrænna basa (nr. 28.42), einfaldra og komplexra cyanída ólífrænna basa (nr. 28.43), fúlminata, cyanata og tíócyanata ólífrænna basa (nr. 28.44), lífrænna efna, sem teljast til nr. 28.49—28.52 og karbída málmleysingja og málma (nr. 28.56), teljast einungis eftirtalin kolefnasambönd til þessa kafla:
a. Oxyd kolefnis, blásýra, fúlmín-, ísócyan-, tíócyan- og aðrar einfaldar eða komplexar cyanósýrur (nr. 28.13);

b. Oxyhalógenid kolefnis (nr. 28.14);
c. Dísúlfíð kolefnis (nr. 28.15);
d. Tíokarbónöt, selenókarbónöt, tellúrkarbónöt, selencyanöt, tellúrócyanöt, tetratíócyandíammínókrómöt og önnur komplex cyanöt lífrænna basa (nr. 28.48);
e. Fast vatnsefnisperoxyd (nr. 28.54), kolefnisoxysúlfíð, tíókarbónylhalógenid, cyanógen — halógeníð og cyanamíð og málmderívatar þeirra (nr. 28.58) aðrir en kalsíumcyanamid, sem inniheldur ekki meira en 25% af köfnunarefni miðað við þunga, og þurrt anhydríð (31. kafli).

b. Í athugasemd 5 við kaflann komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Nema annað leiði af orðalagi einstakra tollskrárnúmera, teljast tvöföld sölt og komplexsölt til nr. 28.48.

c. Nr. 28.05 orðist svo:
28.05 Alkalí-, jarðalkalí- og sjaldgæfir jarðalkalímálmar; yttríum og scandíum; kvikasilfur.

d. Nr. 28.15 orðist svo:
28.15 Súlfíð málmleysingja; fosfórtrísúlfíð.

e. Í stað orðsins „upplausn“ í lok nr. 28.16 komi: vatnsupplausn.

f. Nr. 28.27 orðist svo:
28.27 Blýoxyd; blýmenja og gul menja.

g. Nr. 28.28 orðist svo:
28.28 Hýdrazín og hydroxylamín og ólífræn sölt þeirra, aðrir ólífrænir basar og málmoxyd, hydroxyd og peroxyd.

h. Orðin „þar með talin“ í nr. 28.35 falli niður.

i. Orðin „þar með talin“ og sviginn í nr. 28.42 falli niður.

j. Nr. 28.44 orðist svo:
28.44 Fúlmínöt, cyanöt og tíocyanöt.

k. Nr. 28.45 orðist svo:
28.45 Sílíköt, venjulegt natríum- og kalíumsilíkat.

l. Nr. 28.52 orðist svo:
28.52 Ólífræn eða lífræn sambönd thóríums, úraníums, sem breytt hefur verið í U 235, sjaldgæfra jarðalkalímálma, yttríums eða scandíums, einnig þótt þeim sé blandað saman.

m. Nr. 28.53 orðist svo:
28.53 Fljótandi andrúmsloft (einnig þótt eðalgösin hafi verið fjarlægð), samþjappað andrúmsloft.

n. Nr. 28.54 orðist svo:
28.54 Vatnsefnisperoxyd (þar með talið fast vatnsefnisperoxyd).

o. Nr. 28.58 orðist svo:
28.58 Önnur ólífræn sambönd (þar með talið eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika); amalgöm önnur en amalgöm góðmálma.

13. Á 29. kafla:

a. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Blöndur af tveimur eða fleirum jafnhlutaefnum (isomers) hins sama lífræna sambands (einnig þótt séu blönduð óhreinindum), þó ekki blöndur af ísómerum acyklískra karbonhydrída (nema stereóísómerum), jafnt mettuð sem ómettuð (27. kafli).

b. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
Vörutegundir, sem teljast til nr. 29.38—29.42, að báðum númerum meðtöldum, eða sykureter og sykurester og sölt þeirra, sem teljast til nr. 29.43, eða vörutegundir, sem teljast til nr. 29.44, einnig þótt þær séu ekki kemískt skýrgreindar.

c. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Metan (nr. 27.11).

d. Athugasemd 5 b við kaflann orðist svo:
b. Esterar myndaðir úr etanóli eða glyceróli með sýrueinkennandi lífrænum samböndum, sem teljast til undirkaflanna I—VII, flokkast í sama tollskrárnúmer og viðkomandi sambönd með sýrueinkennum.

e. Aftan við orðin „innri etera“ í 1. línu athugasemdar 7 við kaflann bætist: innri hemi-acetala, og aftan við orðin „anhydrída marggildra sýrna“ í 4. línu bætist: hringliða estera af margliðuðu alkóhóli með marggildum sýrum.

f. Nr. 29.24 orðist svo:
29.24 Kvaterner ammóníumsölt og hydroxyd; lesítín og önnur fosfóramínólípíd.

g. Nr. 29.35 orðist svo:
29.35 Mishringliða (heterócyclísk) sambönd; núkleinsýrur.

h. Nr. 29.37 orðist svo:
29.37 Súltón og súltöm.

i. Nr. 29.38 orðist svo:
29.38 Próvítamín og vítamín, náttúrleg eða tilbúin (þar með talin náttúrleg konsentröt), derivatar þeirra notaðir aðallega sem vítamín, og blöndur þessara efna, einnig í upplausn.

j. Nr. 29.39 orðist svo:
29.39 Hormón, náttúrleg eða tilbúin, og derívatar þeirra, notaðir aðallega sem hormón.

14. Á 30. kafla:
a. Aftan við orðin „í mældum skömmtum“ í athugasemd 1 b við kaflann komi: eða mótuð.
b. Orðin (þó ekki hlaupkenndir (collodial) góðmálmar) í athugasemd 1 A 2 við kaflann falli niður.

15. Á 31. kafla:
Í stað „16“ í athugasemd 1 A 1 við kaflann komi: 16.3.

16. Á 32. kafla:
Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
a. b. Tannöt og aðrir tanninderívatar þeirra efna, sem teljast til nr. 29.38—29.42, 29.44 eða 35.01—35.04.
b. Í stað orðsins „Málmduft“ í athugasemd 6 b komi: Málmur.
c. Orðið „önnur“ í 2. línu í nr. 32.09 falli niður.

17. Á 34. kafla:
a. Í stað orðanna „eða skífuolíur“ í athugasemd 3 við kaflann komi: eða tjörukenndum efnum.
b. Nr. 34.03 orðist svo:
34.03 Smurefni og efnablöndur notaðar við olíu- og fitumeðferð vefnaðar, leðurs eða annara efna, þó ekki efnablöndur, sem innihalda 70% eða meira, miðað við þunga, af olíum unnum úr jarðolíu eða olíum unnum úr tjörukenndum efnum.

18. Á 35. kafla:
Nr. 35.05 orðist svo:
35.05 Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkjuklístur.

19. Á 36. kafla:
Í stað orðanna „annað svipað eldsneyti“ í athugasemd 2 a við kaflann komi: annað svipað tilbúið eldsneyti.

20. Á 37. kafla:
Nr. 37.01 orðist svo:
37.01 Ljósnæmar plötur og blaðfilmur, ólýstar, úr hvers konar öðru efni en pappír, pappa eða vefnaði.

21. Á 39. kafla:
Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Rósól, fljótandi polyísóbútylen og áþekk tilbúin efni framleidd með pólýmerisation eða pólýkondensation.

22. Á 40. kafla:
a. Athugasemd 2 a við kaflann orðist svo:
a. Prjónavoð og heklvoð eða vörur úr þeim, teygjanlegur vefnaður eða vefnaður með innsettu eða innofnu gúmmíi (annað en flutnings-, færi- eða lyftibönd eða belti, úr gúmmíkenndu prjónuðu eða hekluðu efni, sem telst til nr. 40.10); aðrar teygjanlegar spunavoðir eða vörur úr þeim.
b. Athugasemd 2 b við kaflann orðist svo:
b. Slöngur úr spunaefnum og áþekkar leiðslur úr spunaefni með gúmmíþynnu að utan- eða innanverðu (nr. 59.15).
c. Úr athugasemd 2 c við kaflann fari: nr. 40.06 og
d. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi, eða með gúmmí sem bindiefni, hver sem þyngdin er á hvern fermeter, og vörur úr honum.
e. Síðasta málsgreinin í athugasemd 2 orðist svo:
Plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi, í tengslum við spunaefni, og vörur úr þeim, skulu þó teljast til 40. kafla, ef spunaefnið er aðeins notað til styrktar.
f. Í stað orðanna „teygja við 15° til 20° C hita“ í 5. og 6. línu athugasemdar 4 a við kaflann komi: mynda ósveigjanleg efni, sem við 15° til 20° C hita má teygja, og aftan við orðin „upphafleg lengd“ í 8. línu sömu athugasemdar bætist: sín.
g. Athugasemd 5 við kaflann orðist svo:
5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki:
a. Náttúrlegt og tilbúið gúmmílatex (þar með talið forvúlkaníserað gúmmílatex) blandað vúlkaníseringsefnum eða hvetjandi efnum, fylliefnum eða styrktarefnum, mýkingarefnum, litarefni (þó ekki litarefni, sem aðeins er bætt við til auðkenningar) eða öðrum efnum; þó telst latex, sem aðeins hefur verið stabílíserað eða innsoðið, og latex, sem er viðkvæmt fyrir hita, og elektrópositívt latex, til nr. 40.01 eða 40.02, hvort sem við á.
b. Gúmmí, sem hefur verið blandað sóti (einnig með viðbót af jarðolíu) eða kísilsýru (einnig með viðbót af jarðolíu) á undan útfellingu eða hvers konar efni eftir útfellingu.
c. Blöndur þeirra efna, sem tilgreind eru í athugasemd 1 við þennan kafla, einnig með viðbót annarra efna.
h. Athugasemd 8 við kaflann orðist svo:
8. Í nr. 40.06 telst forvúlkaníseruð gúmmíkvoða (latex) vera óvúlkaníseruð gúmmíkvoða (latex).
Í nr. 40.07—40.14 skal balata, gúttaperka og áþekk náttúrleg teygjanleg efni, og faktis unnið úr olíu, og slík efni endurunnin úr þessum vörutegundum, teljast vúlkaníserað gúmmí, einnig þótt þær hafi ekki verið vúlkaníseraðar.
i. Nr. 40.01 orðist svo:
40.01 Náttúrlegt gúmmílatex, einnig blandað tilbúnu gúmmílatexi; forvúlkaníserað náttúrlegt gúmmílatex; náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og áþekk náttúrleg teygjanleg efni.
j. Nr. 40.02 orðist svo:
40.02 Tilbúið gervilatex; forvúlkaníserað gervilatex; gervigúmmí; faktis unnið úr olíum.

k. Nr. 40.04 orðist svo:
40.04 Úrgangur og afklippur af toggúmmíi; slitnar vörur úr toggúmmíi, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmíi; duft unnið úr úrgangi eða slitnum vörum úr toggúmmíi.

l. Nr. 40.05 orðist svo:
40.05 Plötur, þynnur og bönd úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi tilbúið til vúlkaniseringar; óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí, sem fyrir eða eftir útfellingu hefur annað hvort verið blandað sóti (með eða án viðbótar af jarðolíu) eða kísilsýru (með eða án viðbótar af jarðolíu) í þess konar lögun, sem þekkt er undir heitinu „masterbatch".

m. Nr. 40.06 orðist svo:
40.06 Óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí þar með talin gúmmíkvoða (latex) annars konar lögunar eða í öðru ástandi (t. d. stengur, pípur og snið — prófílar —, upplausnir og jafnblöndur); vörur úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi (t. d. húðað eða gegndreypt spunaefni; hringir og skífur).

23. Á fyrirsögn VIII. flokks:
Í stað „handtöskur o. þ. h." í fyrirsögninni komi: handtöskur og áþekk ílát.

24. Á 41. kafla:

a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
c. Húðir eða skinn með hárum, óunnin, sútuð eða unnin (43. kafli).
Til nr. 41.01 teljast þó óunnar húðir eða skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), af hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persían, astrakan, karakúl og áþekk lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum geitum og kiðlingum), svínum (þar með moskussvín), hreindýrum, gemsum, gazellum, rádýrum, elgum, krónhjörtum og af hundum.

b. Nr. 41.08 orðist svo:
41.08 Lakkleður og gervilakkleður; málmþakið leður.

25. Á 42. kafla:

a. Í stað „handtöskur o. þ. h." í fyrirsögn 42. kafla komi: handtöskur og áþekk ílát.

b. Nr. 42.02 orðist svo:
42.02 Ferðabúnaður (t. d. ferðaskrínur, fataskrínur, hattöskjur, ferðatöskur, bakpokar), innkaupatöskur, handtöskur, skólatöskur, skjalatöskur, veski, pyngjur, snyrtiskrín, verkfæraskrín, tóbakspungar, slíður, skrín, öskjur (fyrir vopn, hljóðfæri, sjónauka, skartgripi, flöskur, hálsbúnað, skófatnað, bursta) og áþekk ílát, úr leðri, leðurlíki, vúlkanfiber, plastplötum, plastþynnum, pappa eða vefjarefnum.

c. Aftan við orðin „Vörur úr þörmum" í nr. 42.06 komi innan sviga: (þó ekki silkiormaspuna).

26. Á 43. kafla:
Aftan við orðin „loðskinnshlutar og afklippur" í nr. 43.02 komi: sútað eða unnið.

27. Á 44. kafla:

a. Nr. 44.14 orðist svo:
44.14 Viður sagaður, skorinn eða flagaður eftir endilöngu, en ekki frekar unninn og ekki yfir 5 mm að þvkkt; spónaþynnur og þynnur í krossvið, ekki yfir 5 mm að þykkt.

b. Nr. 44.15 orðist svo:
44.15 Krossviður og aðrar áþekkar límdar trjávörur (þar með talinn spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur); innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri).

28. Á 48. kafla:
Nr. 48.08 orðist svo:
48.08 Síublokkir, þynnur og plötur úr pappírsmassa.

29. Á athugasemdum við XI. flokk:
a. Upphafið á athugasemd 2 A við flokkinn orðist svo:
2. A. Vörur, sem geta talizt til einhvers númers í 50.—57. kafla og eru úr tveimur eða fleiri trefjarefnum, flokkast samkvæmt eftirgreindum reglum:
b. Athugasemd 3 A c 1 við flokkinn orðist svo:
1. Pólerað eða fágað, þegar lengdin á kílógramm, margfölduð með tölu þráðanna, er minni en 7.000 metrar.
c. Upphafið á athugasemd 6 b við flokkinn orðist svo:
b. Vörur fullofnar og saumaðar og tilbúnar til notkunar.

30. Á 58. kafla:
Fyrri málsliður athugasemdar 2 við kaflann orðist svo:
Nr. 58.01 og nr. 58.02 taka auk gólfteppa (þar með taldir gólfdreglar og mottur) einnig til annarra áþekkra vara, enda þótt þær séu ætlaðar til annarrar notkunar.

31. Á 59. kafla:
a. Athugasemd 3 við kaflann orðist svo:
3. Með spunavörum gegndreyptum, húðuðum eða límdum saman með gúmmíi í nr. 59.11 er átt við:
a. Spunavörur gegndreyptar, húðaðar eða límdar saman með gúmmíi:
1. að þunga ekki yfir 1½ kg/m², eða
2. að þunga yfir 1½ kg/m², þegar magn spunatrefjanna er yfir 50% af þunga vörunnar.
b. Efni úr samhliðalögðu garni límdu saman með gúmmíi, hver sem þungi þess er á fermeter, og
c. Plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi í sambandi við spunavöru, þó ekki þær vörur, sem teljast til 40. kafla, sbr. síðustu málsgrein athugasemdar 2 við 40. kafla.
b. Nr. 59.03 orðist svo:
59.03 Trefjadúkur, önnur sams konar trefjaefni, og vörur úr slíkum efnum, einnig gegndreypt eða húðuð.
c. Í stað orðanna „og annar vefnaður til hattagerðar eða svipaðra nota“ í lok nr. 59.07 komi: og aðrar áþekkar vörur til hattagerðar eða svipaðra nota.

32. Á 64. kafla:
Í stað orðanna „(nema úr flóka)“ í athugasemd 1 a við kaflann komi: (nema úr flóka eða trefjadúk).

33. Á 69. kafla:
Eftirgreindur nýr liður, b-liður, skal koma í athugasemd 2 við 69. kafla og skulu núverandi bókstafstákn á hinum liðunum breytast úr b—g í c—j:
b. „Cermets“, sem telst til 81.04.

34. Á 73. kafla:
a. Í stað orðanna „þykkt mest 125 mm“ í fyrri málslið athugasemdar 1 n við kaflann komi: af hvaða þykkt sem er.
b. Í athugasemd 1 p við kaflann komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Skýrgreiningin tekur einnig til steypustyrktarjárns, sem — að slepptum minniháttar raufum, brúnum og annarri missmíði framkominni við völsunina — svarar til ofangreindrar skýrgreiningar.

c. Nr. 73.16 orðist svo:
73.16 Eftirgreindar vörur til lagningar á járnbrautum og sporvagnabrautum: Teinabrautir, öryggisteinar, skiptiteinar, tengispor, skiptistykki, trjónustengur, tannhjólateinar, brautarbitar, tengispangir, teinafestingar, festingafleygar, undirstöðuplötur, teinagrip, teinastengur, festiplötur og annað efni sérstaklega ætlað til lagningar járnbrauta og smíði þeirra.

d. Nr. 73.37 orðist svo:
73.37 Katlar (þó ekki gufukatlar, sem teljast til nr. 84.01) og miðstöðvarofnar, ekki rafmagnshitaðir, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli; lofthitarar og lofthitadreifarar (þar með slíkir, sem geta dreift köldu eða fersku lofti), ekki rafmagnshitaðir, með innbyggðri hreyfilknúinni viftu eða blásara, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli:
01 Miðstöðvarkatlar og hlutar til þeirra 35%
02 Miðstöðvarofnar og hlutar til þeirra, þar með talin ofnrif 35%
03 Hálfunnir miðstöðvarofnar og hálfunnin ofnrif, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 15%
09 Annað 35%

35. Á 74. kafla:
Í stað orðanna „(þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir)“ í lok nr. 74.10 komi: (þó ekki einangraðar raftaugar og rafstrengir).

36. Á 76. kafla:
a. Í stað „0.15“ í athugasemd 1 c við kaflann komi: 0.20.
b. Í stað „0.15 mm“ í nr. 76.04 komi: 0.20 mm.
c. Í stað orðanna „þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir“ í nr. 76.12 komi: þó ekki einangraðar raftaugar og rafstrengir.

37. Á 81. kafla:
a. Á eftir orðinu „úranium“ í fyrri málslið athugasemdarinnar við kaflann komi: breytt í U 235.
b. Á eftir síðari málslið athugasemdarinnar við kaflann komi: og „cermets“.
c. Á eftir „cermets“ í nr. 81.04 komi: óunnið og unnið, og vörur úr því.

38. Á 82. kafla:
Athugasemd 1 b orðist svo:
b. Málmkarbíð.

39. Á athugasemdum við XVI. flokk:
a. Athugasemd 1 a við flokkinn orðist svo:
a. Vélareimar, færi- eða lyftubönd eða reimar úr plasti, sem telst til 39. kafla, eða úr vúlkaniseruðu gúmmíi (nr. 40.10); eða aðrar vörur úr toggúmmíi til tækninota, t. d. undirlagsskífur (nr. 40.14).
b. Athugasemd 1 g við flokkinn orðist svo:
g. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
c. Athugasemd 1 n við flokkinn orðist svo:
n. Skiptiverkfæri, er teljast til nr. 82.05, og burstar, sem eru hlutar af vélum og teljast til nr. 96.02. Áþekk skiptiverkfæri flokkast eftir efninu í þeim hluta tækisins, sem afköst þess velta á (t. d. í 40., 42., 43., 45. eða 59. kafla, eða nr. 68.04 eða 69.09); eða

40. Á 84. kafla:
a. Í stað orðanna „ávallt til einhvers af fyrrnefndum númerum, en eigi til hinna síðar nefndu“ í athugasemd 2 við kaflann komi: eftir því, sem við á, til einhvers af nr. 84.01—84.21.
b. Nr. 84.07 orðist svo:
84.07 Vatnsaflsvélar og hreyflar (þar með talin vatnshjól og vatnshverflar).
c. Aftan við orðið „graftrar“ í nr. 84.23 komi: uppfyllingar.

41. Á 85. kafla:
   a. Aftan við orðin „og/eða útvarpstæki“ í nr. 85.15.11 komi: og/eða segulbandstæki.
   b. Aftan við orðin „einnig með innbyggðum grammófón“ í nr. 85.15.21 komi: og/eða segulbandstæki.
   c. Orðin „sjálfvirkir spennustillar, byggðir á viðnámi, spani eða hreyfilknúnir með tifandi snertum“ í nr. 85.19 falli niður.
   d. Í stað orðanna „kristaltvískautar, kristalþrískautar og aðrir kristallokar“ í nr. 85.21 komi: innbyggðir kristallokar (transitorar) og áþekkir innbyggðir hlutar af hálfleiðurum.
42. Á athugasemdum við XVII. flokk:
   Athugasemd 2 b við flokkinn orðist svo:
   b. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
43. Á 86. kafla:
   Nr. 86.02 orðist svo:
   86.02 Rafknúnir dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir, knúnir af rafhlöðu eða utanaðkomandi raforku.
44. Á 87. kafla:
   Á eftir orðinu „snjóplógar“ í nr. 87.03 komi: götuhreinsibifreiðar.
45. Fyrirsögnin á XVIII. flokki orðist svo:
   Optísk-, ljósmynda-, kvikmynda-, mæli-, prófunar-, nákvæmni-, skurðlækna- og lækninga-tæki og áhöld: Úr og klukkur; hljóðfæri; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki; segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp; hlutar til þeirra.
46. Á 90. kafla:
   a. Á eftir „til nr. 70.07“ í athugasemd 1 d við kaflann bætist: nr. 70.11.
   b. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:
   e. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
   c. Aftan við athugasemd 6 c við kaflann komi nýr undirliður d.
   d. Sjálfvirkir stillar fyrir rafmagnsstærðir, og tæki eða áhöld til sjálfvirkrar stjórnunar á stærðum, sem ekki eru rafmagnsstærðir, og byggist rekstur þeirra á rafmagnsfyrirbæri, sem er breytilegt eftir því hvað það er, sem þau eiga að stjórna.
47. Á 91. kafla:
   Athugasemd 3 við kaflann orðist svo:
   3. Til þessa kafla teljast ekki hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07). Kaflinn tekur ekki heldur til lóða, úra- eða klukkuglerja, úrfesta eða úrarmbanda, hluta til rafbúnaðar, kúlulega eða kúlna í þær. Fjaðrir í klukkur og úr flokkast sem hlutar til úra og klukkna (nr. 91.11).
48. Á 92. kafla:
   a. Fyrirsögn kaflans orðist svo:
   Hljóðfæri, hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki; segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp; hlutar og fylgitæki til þessara tækja.
   b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
   b. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).

c. Nr. 92.11 orðist svo:

92.11 Grammófónar, hljóðritarar og önnur hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, þar með taldir plötu- og segulbandsspilarar, með eða án hljóðhöfuðs; tæki fyrir segulupptöku og segulendurskil á hljóði og myndum fyrir sjónvarpsstarfsemi:

01	Grammófónar og plötuspilarar	75%
02	Tæki fyrir segulupptöku og segulendurskil á hljóði og myndum fyrir sjónvarpsstarfsemi	35%
09	Annað	75%

d. Nr. 92.12 orðist svo:

92.12 Grammófónplötur og aðrar hljóðupptökur; mót til framleiðslu á grammófónplötum; óskornar grammófónplötur tilbúnar til hljóðupptöku, filmur til vélrænnar hljóðupptöku, vírþráður, ræmur og annað þess háttar af því tagi, sem almennt er notað til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku.

e. Nr. 92.13 orðist svo:

92.13 Aðrir hlutar og fylgiáhöld til tækja, sem teljast til nr. 92.11.

49. Á 93. kafla:

Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:

b. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).

50. Á 94. kafla:

a. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:

e. Hlutar til almennra nota eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07); enn fremur peningaskápar, er teljast til nr. 83.03.

b. Nr. 94.04 orðist svo:

94.04 Rúmbotnar; rúmfatnaður eða áþekkur húsbúnaður, með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni, eða úr útþöndu frauð- eða svampgúmmíi, eða úr útþöndu frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklæði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssængur, sessur, púðar og koddar).

51. Á 97. kafla:

Athugasemd 1 k við kaflann orðist svo:

k. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málmum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).

52. Á 98 kafla:

a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:

c. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk úr ódýrum málmum (XV. kafli), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).

b. Nr. 98.07 orðist svo:

98.07 Dagsetningar-, innsiglis- og tölusetningarstimplar (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumiða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar.

c. Í stað orðanna „og fatahluta“ í nr. 98.13 komi: eða fatahluta.

2. gr.

Á 3. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „til númera í 13.,“ í 33. lið 3. gr. komi: 17.,

2. Aftan við 33. lið 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þá skal ráðuneytinu heimilt að ákveða, að tollar af eftirtöldum vörum, sem breytast við gildistöku laga þessara, skuli vera þeir sömu og áður: Fast vatnsefnisdíoxyd, plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi, í tengslum við spunaefni, skófatnaður úr trefjadúk, án viðfests sóla, og alúmíníumplötur af þykktinni 0.15 mm að 0.20 mm.

3. gr.

Í A-lið, um tollverð og verðtollun, í II. kapítula laganna breytast greinar þannig:

1. 5. gr. orðist svo:
Tollverð (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er **eðlisverð** (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar.
Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað,
a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld, sem falla á vöruna í innflutningslandinu.
Innflutningsstaður vöru telst sá staður, þar sem hún er affermd úr farartæki, sem flutti hana til landsins.

2. 6. gr. orðist svo:
Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsgr. þessarar greinar, skulu innifalin í eðlisverði, og telst þar til m. a.:
1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging..
3. Umsýsluþóknun.
4. Miðlaraþóknun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl, sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld, sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.
Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð, eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki, skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

3. 7. gr. orðist svo:
Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvorir öðrum, skal við það miðað,

a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
b. að það hafi ekki áhrif á verðið, að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila, sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.

Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef
a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til rétts eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vörum, sem keyptar eru til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því, að kaup eru gerð og þar til vörurnar eru teknar til tollmeðferðar.

4. 8. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli, hvað sé eðlilegt flutningsgjald í eðlis- og tollverði og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í þeim verðum.

4. gr.

Á 16. gr. er gerð þessi breyting:

Síðari málsliður 12. liðs orðist svo:

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 38. gr. þessara laga,
að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt,
að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,
að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,
að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðlækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,
að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendrar myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu, má setja fyrirmæli um það, að þessi atriði skuli vera skráð á framlagðan vörureikning.

5. gr.

Á 19. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við 2. tölulið 2. málsgr. 19. gr. bætist:

Enn fremur hvaða dag sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.

2. 12. liður 19. gr. orðist svo:
   12. Yfirlýsing seljanda um það,
   að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki,
   að vörurnar séu tilgreindar með því verði, sem þær séu seldar fyrir, og
   að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra, skal einnig tilgreina það á reikningnum.
3. Síðari málsliður 4. málsgr. 19. gr. orðist svo:
   Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sendingin er send til Íslands, og hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði, skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi, ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

6. gr.

Á 25. gr. er gerð þessi breyting:

Í stað orðanna „undir almennu tollverði“ í fyrri málsgr. 25. gr. komi: undir eðlilegu verði.

7. gr.

Á 34. gr. er gerð þessi breyting:

Á eftir 1. málsgr. 34. gr. og framhaldi af þeirri málsgrein komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

8. gr.

Á 38. gr. er gerð þessi breyting:

Í stað orðanna „Hver sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu, sbr. 15. gr.“ í upphafi 38. gr. komi: Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 63, 31. maí 1968, um tollskrá o. fl., svo og önnur þau lög um breyting á þeim lögum og þessum, sem í gildi kunna að vera 1. janúar 1968, og gefa svo út tollskrárlögin í heild þannig samfelld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

1.

Frumvarp þetta er fyrst og fremst borið fram til þess að samræma íslenzku tollskrána þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á Brüsseltollskránni frá því árið 1959, en eins og kunnugt er, er íslenzka tollskráin gerð eftir tollskrárfyrirmynd Tollsamvinnuráðsins í Brüssel, hinni svo nefndu Brüsseltollskrá, eins og hún var árið 1959, en upphaflega Brüsseltollskráin er frá 1950 og samþykktin um hana frá sama tíma. Hafa nú meira en 93 þjóðir í öllum heimsálfum sniðið tollskrá sína eftir Brüsseltollskránni, en þær hafa ekki allar staðfest samþykktina.

Eins og sagt var er íslenzka tollskráin gerð eftir Brüsseltollskránni eins og hún var árið 1959, en eftir það hafa verið samþykktar á henni 13 breytingaskrár, nr. 4—16, án þess að íslenzku tollskránni hafi verið breytt í samræmi við þær. Höfum

við þannig dregizt aftur úr og því ekki fyllilega notið þess hagræðis, sem því er samfara, að hafa sama tollskrárform og allar helztu viðskiptaþjóðir okkar. Til þess að bæta úr þessu og til þess að færa íslenzku tollskrána til samræmis við gildandi Brüsseltollskrá er því frumvarp þetta flutt. Eftirleiðis verður svo stefnt að því að breyta íslenzku tollskránni jafnóðum þannig, að ekki komi til misræmis við aðrar þjóðir, sem nota sömu fyrirmynd. Þá er samræming aðkallandi nú, þegar við höfum nú gerzt fullgildir aðilar að Gattsamkomulaginu, en allar aðildarþjóðir þess í Evrópu hafa hjá sér tollskrár í samræmi við Brüsseltollskrá og Gattsamþykktir eru gerðar í samræmi við hana. Þá mun samræmi við Brüsseltollskrá verða nauðsynlegt, ef við gerumst aðilar að EFTA.

Í 1. gr. frumvarpsins eru teknar upp í íslenzku tollskrána allar þær breytingar, sem eru í hinum fyrrnefndum 13 breytingarskrám á Brüsseltollskránni. En eins og þessar breytingar bera með sér, og skýrt er frá síðar hér á eftir í greinargerðinni fyrir einstökum breytingum, valda Brüsseltollskrárbreytingarnar ekki eins miklum breytingum á tollflokkun vara og tollum eins og ætla mætti og eins og breytingarnar eru margar. Stafar þetta af því, að tolltaxtar íslenzku tollskrárinnar eru ekki eins margvíslegir og víðast hvar annars staðar og sömu tolltaxtar eru hér fyrir skyldar vörur og fyrir vörur innan sama flokks og kafla. Þó að vörur færist þannig milli flokka, kafla og númera, breytist ekki tollurinn af þeim eða þá aðeins óverulega, eins og nú skal greint frá.

A. Samkvæmt eftirgreindum liðum frumvarpsins færast þar taldar vörur milli tollskrárnúmera án þess að tollurinn breytist á þeim. Með öðrum orðum það er og verður sami tollurinn samkvæmt númerinu, sem varan fer úr og á því, sem hún fer í.
   a. Hreint metan fer úr nr. 29.01.20 í nr. 27.11.09. 35% tollur samkvæmt báðum númerunum.
   b. Tíócyanat úr nr. 28.43.00 í nr. 28.44.00. 35% tollur í báðum.
   c. Límbönd með undirlagi úr óvúlkaniseruðu gúmmíi úr nr. 40.06.00 í nr. 40.05.09. 35% tollur í báðum.
   d. Vörur til hattagerðar, þaktar gúmmílími, sterkjuklistri og öðru þess háttar, úr 65.07.00 í nr. 59.07.09. 40% tollur í báðum.
   e. Lofthitadreifarar úr járni og stáli úr nr. 84.12.00 í nr. 73.37.09. 35% tollur í báðum.
   f. Segulupptöku- og segulflutningstæki fyrir sjónvarpsstarfsemi úr nr. 85.15.32 í nr. 92.11.02. 35% tollur í báðum númerunum eftir breytinguna á seinna númerinu.
   g. Sjálfvirkir spennustillar úr nr. 85.19.00 í nr. 90.28.09. 35% tollur í báðum.

B. Í eftirgreindum liðum frumvarpsins breytast þó tollar:
   a. Tollur á föstu vatnsefnisdíoxýdi er 50% samkvæmt nr. 38.19.19, en verður 35% samkvæmt nr. 28.54.00.
   b. Við lögfestingu á 22. lið e í frumvarpinu getur breytzt tollur á plötum, þynnum og ræmum úr blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi, í tengslum við spunaefni, þannig, að þessar vörur komi í nr. 59.11.09 með 40% tolli í stað nr. 40.08.09 með 35% tolli. Fer þetta eftir því, hvort spunaefnið í vörunni er aðeins til styrktar eða hefur aðra og frekari þýðingu.
   c. Skófatnaður úr trefjadúk, án viðfests sóla, telst eftir breytinguna til nr. 64.04.00 með 65% tolli í stað 80% samkvæmt nr. 62.05.09.
   d. Við lögfestingu á 32. lið frumvarpsins breytast tollar af alúmíníumþynnum með þykktinni 0.15 mm að 0.20 mm þannig, að þær fara úr nr. 76.05.00 með 5% tolli í 35% toll samkvæmt nr. 76.06.09.

Ef það kemur í ljós, að þessar 4 breytingar hafa einhver teljandi áhrif, er ráðuneytinu gefin heimild í 2. gr. frumvarpsins til þess að ákveða, að tollarnir verði þeir sömu og áður. **Að öðru leyti hefur frumvarpið ekki tollbreytingar í för með sér.**

2.

Þann 15. desember 1950 eða sama dag og undirrituð var í Brüssel samþykktin um sameiginlega tollskrárfyrirmynd, sem gerð var að undirlagi Sameinuðu þjóðanna, var einnig undirrituð samþykkt sú um verðákvörðun vara við tollútreikning, sem fylgir með frumvarpinu sem fylgiskjal I. Voru báðar samþykktirnar undirritaðar 15. desember 1950 af hálfu 13 Evrópuþjóða, einnig af hálfu Íslands. Höfðu þessar þjóðir fylgzt með samningu beggja samþykktanna. Nú hafa að minnsta kosti 19 þjóðir staðfest verðákvörðunarsamþykktina, en fleiri tekið í tolllög sín reglur verðskýrgreiningarinnar, sem samþykktin er byggð á og fylgir henni sem óaðskiljanlegur hluti, sbr. 3. gr. samþykktarinnar. Danir tóku verðskýrgreininguna, Brüsselverðskýrgreininguna svonefndu, upp í tolllög sín árið 1959 um leið og þeir samræmdu tollskrá sína Brüsseltollskránni. Norðmenn tóku aftur á móti ekki verðskýrgreininguna upp í tollskrárlög sín fyrr en 1963, en það dróst þangað til vegna þess, að um það leyti, sem þeir endurskoðuðu tollskrárlög sín í samræmi við Brüsseltollskrána og árin þar á eftir, voru uppi ráðagerðir um Tollabandalag Norðurlanda, og var í því sambandi áformað, að Brüsselskýrgreiningin kæmi þar með. En þessi frestur Norðmanna, sem við vissum ekki ástæðuna fyrir þegar tollskrárlögin voru í endursamningu 1961—1963, olli því, að hún var þá ekki nema að hluta tekin inn í tollskrárlögin og þá aðeins til skýringar á því, hvað væri almennt heildsöluverð. En nú þegar við höfum gerzt fullgildir aðilar að Gattsamkomulaginu — en samþykktir samkvæmt því eru gerðar í samræmi við Brüsselsamþykktir — verður það ekki dregið lengur að taka Brüsselskýrgreininguna að öllu leyti upp í íslenzku tollskrárlögin, og er 3. gr. frumvarpsins um það.

Eins og fyrr greinir fylgir samþykktin um verðákvörðun vara við tollútreikning frumvarpinu sem fylgiskjal I við það, ásamt verðskýrgreiningunni sjálfri, fylgiskjal I við samþykktina, athugasemdum við hana, fylgiskjal II við samþykktina, og bókun, fylgiskjal III við samþykktina, en þetta fylgiskjal snertir ekki okkur og eru þess vegna engin ákvæði úr því.

Þó að ákvæði Brüsselskýrgreiningarinnar séu tekin inn í tollskrárlögin, breytist ekki niðurstaðan varðandi tollverð varanna. Það verður eftir sem áður verð varanna á innflutningsstað hér á landi. En það, sem breytist, eru reglurnar um uppbyggingu tollverðsins.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum er tollverðið verð vöru í útflutningslandinu, að viðbættum sendingarkostnaði og öðrum kostnaði, sem fellur á vöruna unz hún kemur í íslenzka höfn, sbr. 5. gr. tollskrárlaganna. Eftir Brüsselskýrgreiningunni verður tollverðið það verð, sem myndi fást fyrir hana á frjálsum markaði á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar, og verður eins og áður miðað við innflutningsstað hér á landi eða cif-skilmála. Hinar einstöku greinar frumvarpsins, sem eru teknar eftir 1. og 2. gr. verðskýrgreiningarinnar og athugasemdarinnar við hana, fela svo í sér nánari útfærslu á eðlisverðinu eða normalverðinu, en það orð er notað við skýrgreininguna á tollverði (tollútreikningsverði). Um ákvæði frumvarpsgreinanna um tollverðið og um einstök atriði í því sambandi er rætt síðar hér á eftir við hverja frumvarpsgrein.

Ákvæði annarra greina frumvarpsins en nú hafa verið rakin eru aðallega gerð vegna framangreindra 2ja breytinga, og er gerð grein fyrir hverri þeirra hér á eftir.

II. Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gerð er grein fyrir hverri einstakri breytingu og tekur hver töluliður til þeirra flokka og kafla, þar sem ætlazt er til að breyting verði, en stafliðir töluliðanna taka til athugasemdarákvæða flokka og kafla og til tollskrárnúmera, sem ætlazt er til að breytist.

Um 1. Nýtt orðalag á athugasemd 2 c við 2. kafla.

Um 2. a. Við 3. kafla kemur orðið „Athugasemd“ í stað orðsins „Athugasemdir“ og stafar það af því, að athugasemd 2 við kaflann fellur niður.

b. Athugasemd 1 b við 3. kafla er orðuð að nýju.

c. Athugasemd 2 við 3. kafla fellur niður, þar eð ákvæði hennar koma í athugasemd b við kaflann.

Um 3. Athugasemd 2 við 4. kafla orðuð að nýju og bætt við skýringu um loftþéttar dósir.

Um 4. Upptalning varanna í nr. 05.07 stytt og gerð greinilegri.

Um 5. Upptalning varanna í nr. 08.11 gerð skýrari m. a. með viðbótinni um upplausnarefnið brennisteinsdíoxýdgas.

Um 6. Nr. 13.03 gert greinilegra m. a. með fleiri vöruheitum.

Um 7. Í nr. 15.12 er kveðið nánar á um herzlu (vetningu) o. þ. h. vinnsluaðferðir.

Um 8. Til samræmis við nr. 29.43 kemur orðið sykrósi í athugasemd 1 b við 17. kafla í stað orðsins „sakkarósi“, og við upptalninguna í athugasemdinni er bætt sykurtegundunum glúkósa og lakósa, sem eru teknar undan í nr. 29.43. Kemiskt hreinar sykurtegundir eru stundum notaðar til lyfja og með hliðsjón af því og með fordæmi í dönsku tollskrárlögunum um lægri tolla af slíkum sykurtegundum kemiskt hreinum, er í breytingunni í 2. gr. frumvarpsins 17. kafla bætt við upptalninguna í lækkunarheimildinni í 33. lið 3. gr. tollskrárlaganna.

Um 9. a. Undantekningin í athugasemd 2 h gerð ótvíræðari með því að taka þar inn bæði klæðskera- og billiardkrít, sem teljast til nr. 98.05

b. Sem náttúrlegt slípiefni telst náttúrlegt granat einnig nú til nr. 25.13, enda þótt það sé ekki talið upp sérstaklega. Þá breytir viðbótin um hitameðferð varanna ekki til um flokkun þeirra. Tollskrárnúmerið verður greinilegra eftir breytinguna.

c. Þótt breytt sé til um nafngreiningu varanna í nr. 25.17, er eftir sem áður um sömu og sams konar vörur að ræða og fyrir eru í númerinu. Ekki breytir viðbótin um hitameðferð varanna til um flokkun þeirra.

d. Náttúrlegt strontíumkarbónat tekið inn í nr. 25.32 til að taka af allan vafa um flokkun þess, og strontíumoxyd, sem telst til nr. 28.18, tekið undan til skýringar.

Um 10. Orðalag athugasemdar 2 við 26. kafla stytt og gert skýrara.

Um 11. a. Hreint metan telst nú til nr. 29.01.20 með 35% tolli. Eftir breytinguna á athugasemd 1 a við 27. kafla telst það til nr. 27.11.09 með sama tolli.

b, d, e og f. Breytingarnar á athugasemd 3 við 27. kafla, nr. 27.09, 27.10 og nr. 27.14 eru í því fólgnar, að í stað orðsins „skífuolía“, sem er fyrir í þessum númerum, kemur: olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum. Þykir sú nafngreining vöru þeirrar, sem við er átt, eiga betur við en orðið skífuolía. Þá er orðalaginu á seinni hluta nr. 27.10 breytt lítilsháttar.

c. Orðalagsbreyting í nr. 27.06.

Um 12. a. Engin önnur breyting í fyrri hluta athugasemdar 2 við 28. kafla en sú, að í 6. línu kemur orðið einungis í stað orðsins „enn fremur“.
Um undirliðina a—e er eftirfarandi tekið fram:

a. Tegundir cyanósýrna taldar upp til þess að taka af vafa um flokkun þeirra.

b. og c. Aðeins breytt til um vöruheiti. Kolefnisoxydhalógenið er sama og oxyhalógenið kolefnis, og brennisteinskolefni er sama og disulfíð kolefnis.

d. Talin upp ýmis ný vöruheiti til að aðgreina 28. kafla betur frá öðrum köflum en áður.

e. Svarar til núgildandi athugasemdar 2 d við kaflann, en vöruheitum bætt við í sama tilgangi og nefndur er í d-lið hér næst á undan. Eftir breytinguna telst þó fast vatnsefnisperoxyd, eins og annað vatnefnisperoxyd, til nr. 28.54.00 með 35% tolli, en nú telst það til nr. 38.19.19 með 50% tolli. Hér er um svo óverulegan innflutning að ræða, að lækkunin á ekki að skipta máli fyrir tolltekjur af tollskrárnúmerinu, en sanngjarnt er að sú vara sé í sama tolli og annað vatnsefnisperoxyd.

b. Nánari skýring í athugasemd 5 við 28. kafla á flokkun tvöfaldra salta og komplexsalta.

c. og d. Ný uppsetning á númerunum 28.05 og 28.15.

f. Blýmenju og gulri menju, sem báðar teljast nú til nr. 28.27, bætt við upptalninguna í nr. 28.27.

g., h. og i. Nýjar uppsetningar á nr. 28.28, 28.35 og 28.42.

j. Tíócyanöt flutt úr 28.43 í nr. 28.44. Sami tollur í báðum númerunum.

k. Uppsetningunni í nr. 28.45 breytt þannig, að í stað „venjulegt natríumkalíumsílíkat“ kemur: verzlunarvörurnar natríum- og kalíumsílíköt.

l, m, n og o. Nýjar uppsetningar og vörunafngreiningar í nr. 28.52, 28.53, 28.54 og 28.58. Í 12 e hér að framan var talað um breytinguna í nr. 28.54 varðandi fast vatnsefnisperoxyd.

Um 13. a. Með athugasemd 1 b við 29. kafla eru mörkin gagnvart 27. kafla gerð gleggri.

b. Skýrari framsetning á athugasemd 1 c við 29. kafla.

c. Sjá umsögn um 11 a hér að framan.

d. Framsetningin á athugasemd 5 b við 29. kafla gerð nákvæmari. Sykuresterar og sölt þeirra teljast eftir sem áður til 39.43.00.

e. Nánari takmörkun á nr. 29.35. Hemiacetöl teljast eftir sem áður til nr. 29.10.

f og g. Ný uppsetning á nr. 29.24 og 29.35.

h. Frágangi breytt á nr. 29.37.

i. og j. Breytt orðalag í nr. 29.38 og 29.39.

Um 14. Orðaskipti í athugasemdum 1 b og 1 A 2 við 30. kafla. Hlaupkenndir góðmálmar teljast eftir sem áður til nr. 28.49.

Um 15. Töluviðmiðun í athugasemd 1 A 1 við 31. kafla breytt úr 16% í 16.3%.

Um 16. Orðalagsbreytingar í athugasemd 1 b við 32. kafla til nánari glöggvunar. Proteinsýrur af sútunarsýrum teljast eftir sem áður til nr. 35.01—35.04. Hinar breytingarnar tvær (b og c) skýra sig sjálfar.

Um 17. Bæði í athugasemd 3 við 34. kafla og í nr. 34.03 kemur olía unnin úr tjörukenndum efnum í stað skífuolíu. Þá er uppsetning í nr. 34.03 lagfærð.

Um 18.—21. Breytingar á orðalagi í nr. 35.05, athugasemd 2 a við 36. kafla, nr. 37.01 og athugasemd 2 c við 39. kafla.

Um 22. a. og b. Nýtt orðalag á athugasemd 2 a og b við 40. kafla.

c. Nr. 40.06 á að falla niður úr athugasemd 2 c við 40. kafla vegna breytingar á því númeri. Varðandi þá breytingu vísast til m-liðar hér á eftir.

d. og e. Breytt orðalag á tveimur ákvæðum í athugasemd 2 við 40. kafla. Af seinni breytingunni getur leitt, að einstaka vara, sem nú telst til nr. 48.08.02 með 50% tolli, teljist eftir breytinguna til nr. 59.11.09 með 40% tolli. Þetta getur varla skipt máli vegna hins litla tollmunar.

f. Orðalagsbreyting í athugasemd 4 a við 40. kafla.

g. Uppsetningu breytt og aukið við skýringum á nr. 40.01 og 40.02.

h. Uppsetningu á athugasemd 8 við kaflann breytt.

i., j. og k. Nr. 40.01, 40.02 og 40.04 orðuð um og gerð skýrari.

l. Nr. 40.05 breytt í samræmi við fyrr umrædda breytingu á athugasemd 8 við kaflann.

m. Sú breyting er gerð á nr. 40.06, að límbönd með hvers konar undirlagi úr efni, sem í er óvúlkaniserað gúmmí, eru felld úr númerinu, en eftir breytinguna koma þessi bönd úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi í nr. 40.05.09 með 35% tolli eða sama tolli og er á þeim samkvæmt 40.06.00.

Um 23. Í stað „handtöskur o. þ. h.“ í fyrirsögninni á VIII. flokki kemur: handtöskur og önnur áþekk ílát.

Um 24. a. Ný uppsetning á athugasemd 1 c við 41. kafla.

b. Gervilakkleðri bætt við í nr. 41.08. Telst nú til þess númers samkvæmt 5. skýringarreglu í 2. málsgr. 1. gr. tollskrárlaganna.

Um 25. a. Sama breyting á fyrirsögn 42. kafla og gerð var á fyrirsögninni á VIII. flokki, sbr. umsögn um 23. lið hér á undan.

b. Ný uppsetning á nr. 42.02.

c. Silkiormaspuna bætt við í nr. 42.06 til leiðbeiningar.

Um 26. Viðbótarskýring á nr. 43.02.

Um 27. Ný uppsetning á nr. 44.14 og 44.15.

Um 28. Þynnur og plötur úr pappírsmassa eru nú taldar til nr. 48.08, enda blokkirnar samsettar ýmist af þynnum eða blokkum. Eðlileg útfærsla á númerinu.

Um 29. a. Nýtt orðalag á upphafinu á athugasemd 2 A við XI. flokk.

b. og c. Nánari skýringar á athugasemdunum 3 c 1 og 6 c við XI. flokk.

Um 30. Nýtt orðalag á athugasemd 2 við 58. kafla.

Um 31. a. Nýtt orðalag á athugasemd 3 við 59. kafla.

b. Sams konar trefjaefni og trefjadúkur eru nú talin til nr. 59.03 og því ekki um að ræða breytingu, sem skiptir máli um flokkun eða tolla.

c. Í stað „vefnaður“ í lok nr. 59.07 kemur: vörur. Reynslan sker úr því, hvort þessi breyting hefur áhrif á tollflokkun, en í Danmörku og Noregi hefur slíkt ekki komið fram.

Um 32. Þessi breyting á athugasemd 1 a við 64. kafla leiðir til þess, að skófatnaður úr trefjadúk, án viðfests sóla, telst eftir breytinguna til nr. 64.04.00 með 65% tolli í stað 80% samkvæmt nr. 62.05.09. Ef einhver innflutningur verður á trefjaskófatnaði án sóla, verður hann sjálfsagt svo óverulegur, að þessi tolllækkun á ekki að geta skipt máli.

Um 33. Viðbótin í athugasemd 2 við 69. kafla um „Cermets“ eðlileg, þar eð „cermets“ er bæði úr leir og málmi. „Cermets“ telst til nr. 81.04.

Um 34. a. Það felst í breytingunni á athugasemd n við 73. kafla, að þykktarmarkinu, sem nú er tiltekið 125 mm, er sleppt, og á því athugasemdin eftir breytinguna einnig við 73.13.10 og 73.13.20.

b. Nánari skýring á athugasemd 1 p við 73. kafla.

c. Ný uppsetning á upptalningunni í nr. 73.16.

d. Ný uppsetning á vöruliðnum 73.37 og bætt við lofthitadreifurum með innbyggðri hreyfilknúinni viftu eða blásara, og hlutum til þeirra. Þessi lofthitadreifarar teljast nú til nr. 84.12.00 með 35% tolli og eftir breytinguna teljast þeir til nr. 73.37.09 með sama tolli, svo að hér verður engin tollbreyting.

Í 1. gr. nýlögfestra laga nr. 3/1968, um breytingu á tollskrárlögunum, var nr. 73.37.02 breytt þannig, að felld voru niður orðin „og hlutar til þeirra (þar með talin ofnrif (element))“. Um leið kom inn nýtt undirnúmer 03 eða nánar tiltekið 73.37.03: Hlutar til miðstöðvarofna (þar með talin ofnrif (element)), og með 15% eða lægri tolli en samkvæmt hinum númerunum. Ætlunin var, að undirliðurinn 03, sem tekinn var inn til styrktar innlendum iðnaði, tæki aðeins til hálfunninna miðstöðvarofna og hálfunninna ofnrifa. Báðir undirliðirnir eru því orðaðir

að nýju og í samræmi við það, sem fyrirhugað var, og að fjármálaráðuneytið kveði nánar á um skýrgreiningu og framkvæmd nr. 73.37.03.

Um 35. Í undantekninguna er bætt við: raftaugar, og „rafmagnsstrengir“ er breytt í rafstrengir (kaplar) í samræmi við nafngreiningu vöru þessarar í nr. 85.23, þar sem einangraðar rafmagnsleiðslur eru.

Um 36. a. og b. Í athugasemd 1 c við 76. kafla og í nr. 76.04 er „0.15 mm“ þykktarmarki á alúmíníumþynnum breytt í „0.20 mm“. Þessi millistærð á alúmíníumplötum frá 0.15 mm að 0.20 mm kemur nú í nr. 76.03 með aðeins 5% tolli samkvæmt nýlögfestri tollskrárbreytingu frá 17. febrúar s. l., nr. 3/1968, en tollurinn samkvæmt nr. 76.03 var áður 15%. Miðað við þennan toll og tollinn á millistærðinni, 35%, eins og hann verður á henni eftir breytingu samkvæmt nr. 76.04.09, hækkar tollurinn á henni um 20%, en ekki þykir ástæða til að lækka tollinn aðeins fyrir þessa millistærð. Efni í hettur á mjólkurflöskur er ekki af þessari stærð.

c. Hér er um að ræða sams konar breytingu á nr. 76.12 og getið er um varðandi nr. 74.10 í 35. lið hér á undan.

Um 37 og 38. Um að ræða lagfæringar varðandi úranium í athugasemdinni við 81. kafla, varðandi „cermets“ í sömu athugasemd á nr. 81.04 og á málmkarbíð í athugasemd 1 b við 82. kafla.

Um 39. Orðalag lagfært og gert skýrara í athugasemdunum 1 a, 1 g og 1 n við XVI. flokk.

Um 40. a og b. Orðalag gert skýrara í athugasemd 2 við 84. kafla og í nr. 84.07.

c. Í nr. 84.23 er bætt við: (til) uppfyllingar. Kemur það fyrir enska orðið „tamping“, sem bætt er við númerið í Brüsseltollskránni. Uppfyllingatæki geta nú komið undir orðin „til annars þess háttar“, sem eru fyrir í númerinu.

Um 41. a og b. Í nr. 85.15.11 og nr. 85.15.21 bætist: og/eða segulbandstæki. Leiðir af ákvæðum athugasemdar 1 c við 92. kafla.

c. Vörur felldar niður úr nr. 85.19 og koma eftir niðurfellinguna í nr. 90.28.09 með sama tolli.

d. Orðalagsbreyting á nr. 85.21. Transistorar og aðrir áþekkir hálfleiðarar teljast eftir sem áður til tollskrárnúmersins, en gerð þessarra tækja útheimtir það, að þau séu innbyggð.

Um 42, 46b, 47, 48b, 49, 50a, 51 og 52a. Hér er um að ræða samhljóða athugasemd við XVII. flokk og 90.—94. og 97.—98. kafla, og er athugasemdin um það, að hlutar til almennra nota og áþekkar vörur úr plasti teljist ekki til nefnds XVII. flokks eða 7 nefndra flokka, heldur til XV. flokks, ef vörurnar eru úr ódýrum málmum, eða yfirleitt til nr. 39.07, ef þær eru úr plasti. Þá eru nokkrar fleiri vörur teknar undan 91. og 94. kafla.

Um 43. Orðalagsbreyting á nr. 86.02. Í stað „án eigin afls“ kemur: knúnir rafhlöðu eða utanaðkomandi raforku.

Um 44. Í nr. 87.03 er bætt við orðinu: götuhreinsibifreiðar. „Road sweeper lorries“ í Brüsseltollskrá. Breytingin skiptir ekki máli um tollflokkun eða toll, þar eð nefndar bifreiðar geta nú talizt til orðanna „bifreiðar til sérstakrar notkunar“, sem eru fyrir í númerinu.

Um 45. Hér er breytt fyrirsögninni á XVIII. flokki. Í stað „hljóðritunartæki“ kemur: hljóðupptökutæki og í stað „hljóðvarpstæki“ kemur: hljóðflutningstæki, en það orð er fyrir í fyrirsögninni á 92. kafla. Þá er þessu bætt við í fyrirsögnina: segulmögnuð mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp.

Um 46. a. Nýtt skýringaratriði við athugasemd 1 d við 90. kafla.
c. Nánari skýring á vörum, sem teljast til nr. 90.28.
Um 48. a. Tilsvarandi breyting á fyrirsögninni á 92. kafla og fyrirsögninni á XVIII. flokki í 45. lið.
c. Bæði í vöruliðinn sjálfan nr. 92.11 og í undirliðinn 02 við þann vörulið kemur: tæki fyrir segulupptöku og segulendurskil á hljóði og myndum fyrir sjónvarpsstarfsemi. Undirliðurinn 02 verður með 35% tolli, eins og segultækin fyrir sjónvarpið sjálft hafa verið og því engin tollbreyting. Eftir breytinguna á 02 koma hljóðupptökutæki og bandspilarar, sem voru í þeim undirlið og eru til annars en sjónvarpsstarfsemi, í undirliðinn 09 með 75% tolli, eins og er af þessum tækjum nú.
d. og e. Nýjar uppsetningar á nr. 92.12 og 92.13.
Um 50. b. Ný uppsetning á nr. 94.04 og taldar upp fleiri vörur, sem nú koma þar undir safnorð.
Um 52. b. og c. Ný uppsetning á nr. 98.07 og í stað „og“ í nr. 98.13 kemur: eða.

Um 2. gr.

Um 1. Vísast til umsagnar um 8. lið 1. gr.
Um 2. Vísast til B-liðs 1 í hinum almennu athugasemdum.

Um 3. gr.

Um 1. Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. 5. gr. tollskrárlaganna, eins og hún verður eftir breytinguna, eru tekin eftir (1) og (2) í 1. gr. Verðskýrgreiningarinnar á fylgiskjali I með Samþyktinni um verðákvörðunina á fylgiskjali I við frumvarpið.

Innflutningsstaður er ákveðinn í 3. málsgr. í samræmi við það, sem á undan er komið.

Um 2. Ákvæðin í 1. málsgr. 6. gr. tollskrárlaganna, eins og hún verður, eru tekin eftir athugasemd 2 í Athugasemdunum við Verðskýringuna.

Í 2. málsgr. 6. gr. eru tekin ákvæði úr núgildandi 6. gr. tollskrárlaganna um þau tilvik, að vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, eða afferma þarf farm á fleiri stöðum. Ákvæði þessi verða að gilda áfram.

Ákvæðin í 3. málsgr. 6. gr., eins og hún verður, eru tekin eftir 3. gr. Verðskýrgreiningarinnar. Þó að ekki hafi enn verið sett hér lög um mynsturvernd, er þó gert ráð fyrir henni í ákvæðunum í 3. málsgr. 6. gr.

Um 3. Ákvæðin í 1. málsgr. 7. gr. eru tekin eftir 2. gr. Verðskýrgreiningarinnar.

Ákvæðin í 2. og 3. málsgr. 7. gr. eru tekin eftir núgildandi ákvæðum 6. og 7. málsgr. núgildandi 5. gr. tollskrárlaganna, sem eru í samræmi við 1. málsgr. 139. gr. dönsku tolllaganna um sama efni.

Ákvæðin í 4. málsgr. 7. gr. eru tekin eftir 2. málsgr. 139. gr. dönsku tolllaganna.

Um 4. Ákvæðin í 8. gr. koma í stað núgildandi 7. gr. tollskrárlaganna að því er varðar afslætti. Önnur ákvæði í greininni skýra sig sjálf.

Núgildandi ákvæði í 9.—14. gr. A-liðar II. kapítula tollskrárlaganna um verðtollun eru látin halda sér, enda raskar Brüsselverðskýrgreiningin ekki gildi þeirra og þau eru nauðsynleg eftir sem áður. Ákvæðin í 11. gr. um gengi eru í samræmi við athugasemd 4 í Athugasemdinni við Verðskýrgreininguna.

Um 4. gr.

Yfirlýsingarformálanum er breytt vegna hins breyttra tollverðs, og jafnframt er gert ráð fyrir því, að formálinn geti bæði verið í aðflutningsskýrslu eða á vörureikningi, en víða erlendis, t. d. í 5. lið 152. gr. dönsku tolllaganna og við framkvæmd hennar, á formálinn, þó aðeins varðandi reikninginn sjálfan, að vera á honum

en ekki í aðflutningsskýrslunni, eins og nú er hjá okkur. Af sama toga er spunnið, einnig eftir erlendri fyrirmynd, t. d. 4. lið 152. gr. dönsku tolllaganna, að viðtakandi afhendi vörureikning með árituðum tollflokkum og tollverði umreiknuðu í mynt móttökulandsins.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir 3 breytingum á 19. gr. tollskrárlaganna.

Um 1. Til þess að það komi enn betur fram við hvaða sendingu vörureikningur á, er það gert að skyldu, að tilgreina þann dag, sem sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.

Um 2. og 3. Oft er talað um „tvöfalda“ vörureikninga og því er fyrsti yfirlýsingarliðurinn látinn taka til þess, að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki.

Þá kemur markaðsverð fyrir heildsölu, sem miðað er við eftir núgildandi tollverðsreglum, og sé ekkert markaðsverð fyrir hendi, skal sendandi tilgreina framleiðsluverð eða áætlað notagildi.

Um 6. gr.

Breytingin á 25. gr. leiðir af breyttri orðanotkun.

Um 7. gr.

Sams konar ákvæði og hér um ræðir var í 21. gr. hinna eldri tollskrárlaga, en var fyrir vangá ekki tekið upp í tollskrárlögin 1963. Reynslan hefur sýnt, að þetta ákvæði er ekki síður nauðsynlegt en ákvæðið um úrskurðarvaldið um tollflokkun, sem er fyrir í greininni.

Um 8. gr.

Leiðir af breytingunni í 4. gr.

Um 9. gr.

Vegna hinna miklu textabreytinga og lagfæringa, sem með samþykkt þessa frumvarps verða á fyrirsögnum, flokkum, köflum og númerum tollskrárinnar, þó ekki á tollum, hefur hagstofustjóri óskað eftir því vegna verzlunarskýrslna og annarra þeirra hagskýrslna um innflutning, sem miðast við áraskipti, að gildistaka laganna sé bundin við áramót.

Þá er nauðsynlegt vegna hinna miklu breytinga, sem verða, að tollskrárlögin í heild verði felld saman og einnig komi þar með aðrar breytingar, sem samþykktar kunna að verða á tímabilinu til áramóta.

Fylgiskjal I með frumvarpinu.

Samþykkt um verðákvörðun vara við tollútreikning.

Undirrituð í Brüssel þann 15. desember 1950.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samþykkt þessa, óska eftir því að auðvelda alþjóðleg viðskipti, alþjóðasamninga um tollamál og samanburð á tölfræðilegum skýrslum um milliríkja viðskipti, þar eð slíkur samanburður reynist nákvæmari, ef hann byggist á samræmdri verðákvörðun vara við tollútreikning.

Ríkisstjórnir þessar eru sannfærðar um að sem víðtækust samræming á verðákvörðunum vara við tollútreikning muni verða mikilvægt spor í áttina að slíku markmiði.

Þessar sömu ríkisstjórnir hafa tekið tillit til þess starfs, sem þegar hefur verið unnið í Brüssel á þessu sviði af hálfu hinnar evrópsku tollrannsóknarsamvinnunefndar, og líta jafnframt svo á, að árangursríkasta leiðin til þess að ná árangri á þessu sviði sé í því fólgin að gera alþjóðasamþykkt hér að lútandi.

Því hafa ríkisstjórnir þessar gert með sér eftirfarandi samkomulag:

1. gr.

Í samþykkt þessari skulu eftirfarandi hugtök hafa þá merkingu, sem hér greinir:

(a) „Samþykktin um stofnun ráðsins“ skal merkja samþykkt þá um stofnun Tollsamvinnuráðs, sem legið hefur frammi til undirskriftar í Brüssel frá 15. desember 1950.

(b) „Ráðið“ skal merkja Tollsamvinnuráð það, sem nefnt er í staflið (a) í þessari grein.

(c) „Aðalframkvæmdastjórinn“ skal merkja aðalframkvæmdastjóra Ráðsins.

2. gr.

Með þeim fyrirvara, sem felst í ákvæðum 4. gr., skal sérhvert aðildarríki taka upp í lög sín ákvæði það um skýrgreiningu á verðmæti (hér á eftir nefnd „skýrgreiningin“), sem felst í fylgiskjali 1 með samþykkt þessari, og skal slíkt ákvæði koma til framkvæmda frá þeim degi að telja, er samþykktin öðlast gildi, að því er til skýrgreiningarinnar tekur.

3. gr.

Við beitingu skýrgreiningarinnar skal sérhvert aðildarríki fara eftir þeim ákvæðum, sem felast í skýringum þeim (hér á eftir nefndar „skýringar“), sem fólgnar eru í fylgiskjali 2 með samþykkt þessari.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki skal mega staðfæra orðalag skýrgreiningarinnar:

(a) með því að taka upp í orðalagið þau ákvæði skýringanna, sem það telur við þurfa;

(b) með því að haga orðalagi skýrgreiningarinnar á þann veg, sem nauðsynlegt má teljast, til þess að hún fái fullt gildi í lögum landsins, ef nauðsyn krefur með því að bæta við orðalag hennar ákvæðum, er feli í sér nánari skýringu á tilgangi hennar.

5. gr.

(a) Ráðið skal hafa umsjón með framkvæmd þessarar samþykktar og á þann veg að það tryggi sem bezt samræmda túlkun á ákvæðum hennar og beitingu þeirra.

(b) Í þessu sambandi skal ráðið stofna tollverðsnefnd og skal sérhver meðlimur ráðsins, sem þessi samþykkt tekur til, eiga rétt á því að hafa fulltrúa í þeirri nefnd.

6. gr.

Tollverðsnefnd skal hafa með höndum þau störf, sem tilgreind eru hér á eftir, en þau skulu unnin undir yfirstjórn ráðsins og í samræmi við hver þau fyrirmæli, sem það kann að láta frá sér fara:

(a) safna saman og dreifa meðal samningsaðila upplýsingum um verðákvörðun vara við tollútreikning, af hálfu samningsaðilanna;

(b) að kynna sér ákvæði laga, framkvæmd þeirra og venjur hjá samningsaðilum að því er tekur til skýrgreiningarinnar og skýringanna, og bera fram tillögur til ráðsins eða samningsaðila til þess að tryggja samræmi í túlkun og framkvæmd skýrgreiningarinnar og skýringanna, svo og að koma á samræmdri framkvæmd og venjum;

(c) að semja leiðbeiningar um það, hvernig beita skuli skýrgreiningunni;

(d) að láta samningsaðilum í té, annað hvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, upplýsingar eða ráðleggingar um hvert það atriði, sem varðar verðákvörðun vara við tollútreikning;

(e) að leggja fyrir ráðið tillögur um hverjar þær breytingar, sem nefndin telur æskilegt að gerðar verði á ákvæðum þessarar samþykktar;
(f) að fara með það vald og sjá um þær aðgerðir, sem ráðið að öðru leyti kann að fela nefndinni og varða verðákvörðun vara við tollútreikning.

7. gr.

(a) Tollverðsnefnd skal koma saman til fundar að minnsta kosti þrisvar á ári hverju.
(b) Nefndin skal sjálf kjósa sér formann og einn eða fleiri varaformenn.
(c) Nefndin skal sjálf setja sér starfsreglur samkvæmt ákvörðun, sem hlotið hefur stuðning að minnsta kosti tveggja-þriðju hluta.

8. gr.

Fylgiskjöl þau, sem eru með samþykkt þessari, skulu teljast vera óaðskiljanlegur hluti hennar og skal sérhver tilvitnun til samþykktarinnar einnig talin fela í sér tilvitnun til fylgiskjalanna.

9. gr.

Samningsaðilarnir samþykkja ákvæði þau, sem felast í bókun þeirri, er fylgir samþykkt þessari um sérstaka aðferð við tollun vara, sem taldar eru í 30. kafla og í tollskrárnúmeri 33.06 í vörunafnaskrá þeirri, sem fylgir samþykkt þeirri um nafnanotkun við flokkun vara í tollskrám, sem lögð var fram til undirritunar í Brüssel á sama degi og þessi samþykkt.

10. gr.

(a) Við gildistöku þessarar samþykktar falla úr gildi allar þær skuldbindingar, sem í gildi hafa verið milli samningsaðila samkvæmt ákvæðum annarra alþjóðasamninga, að svo miklu leyti, sem þær brjóta í bága við ákvæði þessarar samþykktar.
(b) Ákvæði þessarar samþykktar skulu ekki draga úr gildi þeirra skuldbindinga, sem eitthvert samningsríki kann að hafa tekizt á hendur samkvæmt sérhverjum öðrum alþjóðasamningi, áður en samþykkt þessi gekk í gildi, að því er tekur til samskipta þess við sérhverja þá ríkisstjórn, sem ekki er aðili að samþykkt þessari. Samningsaðilar skulu, samt sem áður og svo skjótt sem unnt er, og að minnsta kosti við endurnýjun slíkra samninga, gera ráðstafanir til þess að á þeim verði gerðar þær breytingar, sem nauðsynlegar mega teljast til þess að ákvæði þeirra séu í fullu samræmi við ákvæði þessarar samþykktar.

11. gr.

(a) Leitast skal við af fremsta megni að finna lausn á sérhverri deilu, sem kann að rísa milli tveggja eða fleiri samningsaðila varðandi túlkun eða framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar, með samningum þeirra í milli.
(b) Sérhverri þeirri deilu, sem ekki fæst lausn á með samningum, skulu deiluaðilar vísa til tollverðsnefndar, sem skal taka deiluna til yfirvegunar og gera tillögur um lausn hennar.
(c) Ef tollverðsnefndin getur hins vegar ekki fundið lausn á deilunni, skal hún vísa málinu til ráðsins, er skal gera tillögur um lausn deilunnar í samræmi við ákvæði stafliðs (e) í 3. gr. samþykktarinnar um stofnun ráðsins.
(d) Samningsaðilum, sem í deilu eiga, skal heimilt að koma sér saman um það fyrirfram, að tillögur nefndarinnar eða ráðsins um lausn deilu skuli vera bindandi fyrir þá.

12. gr.

Samþykkt þessi skal liggja frammi til 31. marz 1951 til undirskriftar af hálfu sérhverrar ríkisstjórnar, sem hefur undirritað samþykktina um stofnun ráðsins.

13. gr.

(a) Samþykkt þessi skal vera háð fullgildingu.

(b) Fullgildingarskjölin skulu afhent utanríkisráðuneyti Belgíu, sem skal tilkynna sérhverja slíka afhendingu fullgildingarskjala öllum þeim ríkisstjórnum, sem hafa undirritað samþykktina og gerzt aðilar að henni, svo og aðalframkvæmdastjóranum. Hins vegar skal engri ríkisstjórn heimilt að afhenda skjöl um fullgildingu þessarar samþykktar nema hún hafi áður afhent skjöl sín um fullgildingu sína á samþykktinni um stofnun ráðsins.

14. gr.

(a) Þremur mánuðum frá þeim degi að telja, er utanríkisráðuneyti Belgíu hefur tekið á móti fullgildingarskjölum frá sjö ríkisstjórnum, skal samþykkt þessi öðlast gildi að því er tekur til þessarra sömu ríkisstjórna.

(b) Þá skal samþykktin öðlast gildi fyrir hverja þá ríkisstjórn, sem undirritar hana og fullgildir síðar en fram er tekið í næsta staflið hér á undan, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá þeim degi að telja, er sú hin sama ríkisstjórn afhenti utanríkisráðuneyti Belgíu fullgildingarskjöl sín.

15. gr.

(a) Ríkisstjórn þess ríkis, sem ekki hefur undirritað þessa samþykkt, en sem hins vegar hefur fullgilt eða gerzt aðili að samþykktinni um stofnun ráðsins, getur gerzt aðili að samþykkt þessari frá 1. apríl 1951 að telja.

(b) Skjöl um aðild að samþykkt þessari skulu afhent utanríkisráðuneyti Belgíu, sem skal tilkynna sérhverja slíka afhendingu öllum þeim ríkisstjórnum, sem hafa undirritað samþykktina og gerzt aðilar að henni, svo og aðalframkvæmdastjóranum.

(c) Samþykkt þessi öðlast gildi fyrir hverja þá ríkisstjórn, sem gerizt aðili að henni, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá þeim degi að telja, er hún afhenti aðildarskjöl sín, en þó eigi fyrr en hún öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 14. gr. (a).

16. gr.

(a) Samþykkt þessi gildir í ótakmarkaðan tíma, en hvenær sem er, eftir að liðin eru fimm ár frá því að hún öðlaðist gildi samkvæmt ákvæðum 14. gr. (a), skal sérhverjum samningsaðila heimilt að segja samþykkt þessari upp. Slík uppsögn skal öðlast gildi þá eitt ár er liðið, frá þeim degi að telja, er utanríkisráðuneyti Belgíu tók á móti tilkynningu um slíka uppsögn. Utanríkisráðuneyti Belgíu skal senda tilkynningu um hverja slíka uppsögn öllum þeim ríkisstjórnum, sem hafa undirritað og öðlast aðild að samþykktinni, svo og aðalframkvæmdastjóranum.

(b) Sérhver samningsaðili, sem ekki er lengur aðili að samþykktinni um stofnun ráðsins, er þar með ekki lengur aðili að samþykkt þessari.

17. gr.

(a) Sérhverri ríkisstjórn skal vera heimilt, þegar hún fullgildir samþykkt þessa, eða gerist aðili að henni, eða hvenær sem er að því búnu, að lýsa því yfir með skriflegri tilkynningu til utanríkisráðuneytis Belgíu, að samþykkt þessi skuli taka til sérhverra þeirra landssvæða, er hún fer með utanríkismál fyrir. Þremur mánuðum eftir að utanríkisráðuneyti Belgíu hefur móttekið slíka tilkynningu skal samþykktin taka til þeirra landssvæða, sem þar eru tilgreind, en þó eigi fyrr en samþykktin öðlast gildi fyrir þá ríkisstjórn, sem í hlut á.

(b) Sérhverri þeirri ríkisstjórn, sem hefur sent frá sér tilkynningu samkvæmt ákvæðum stafliðs (a) hér að framan þess efnis, að samþykkt þessi taki til einhvers þess landssvæðis, sem hún fer með utanríkismál fyrir, skal heimilt að lýsa því yfir, með tilkynningu til utanríkisráðuneytis Belgíu, að samþykktin taki ekki lengur til slíks landssvæðis, í samræmi við ákvæði 16. gr.

(c) Utanríkisráðuneyti Belgíu skal tilkynna öllum þeim ríkisstjórnum, sem hafa undirritað og gerzt aðilar að samþykktinni, svo og aðalframkvæmdastjóranum, um hverja þá tilkynningu, sem það hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

18. gr.

(a) Ráðinu skal heimilt að gera tillögur til samningsaðila um breytingar á samþykkt þessari.
(b) Sérhvert það aðildarríki, sem samþykkir breytingu, skal tilkynna það skriflega til utanríkisráðuneytis Belgíu, en utanríkisráðuneytið skal síðan tilkynna öllum þeim ríkisstjórnum, sem hafa undirritað og gerzt aðilar að samningnum, svo og aðalframkvæmdastjóranum, um móttöku slíkrar tilkynningar.
(c) Breyting á ákvæðum þessarar samþykktar skal öðlast gildi, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því að utanríkisráðuneyti Belgíu hefur tekið á móti tilkynningu frá öllum samningsaðilum þess efnis, að þeir séu breytingunni samþykkir. Hvenær sem einhver breyting hefur hlotið samþykkt allra samningsaðila, skal utanríkisráðuneyti Belgíu senda öllum þeim ríkisstjórnum, sem hafa undirritað og öðlazt aðild að samþykktinni, svo og aðalframkvæmdastjóranum, tilkynningu um slíkt samþykki og jafnframt hvaða dag breytingin öðlast gildi.
(d) Eftir að breyting hefur öðlazt gildi, má engin ríkisstjórn fullgilda eða öðlast aðild að samþykkt þessari, nema hún jafnframt samþykki breytinguna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, með fullu umboði ríkisstjórna sinna, ritað nöfn sín undir samþykkt þessa.

Gert í Brüssel hinn 15. dag desembermánaðar 1950, á ensku og frönsku, og skulu báðir textar vera jafngildir. Samþykktin er gerð í einu frumriti, sem ríkisstjórn Belgíu ber að varðveita í skjalasafni sínu, og skal hún jafnframt láta hverri þeirri ríkisstjórn, sem hefur undirritað og gerzt aðili að samþykktinni, í té staðfest eftirrit af henni.

Fylgiskjal I með samþykktinni.

Verðskýrgreiningin.

1. gr.

(1) Þegar leggja skal toll á vöru, sem flutt er inn til notkunar í innflutningslandinu, skal verðmæti hennar teljast vera normalverð hennar, það er að segja það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar.

(2) Við ákvörðun normalverðs sérhverrar innfluttrar vöru skal miða við þau atriði, sem hér segir:
(a) að vörurnar séu afhentar kaupanda í innflutningshöfn eða á innflutningsstað í innflutningslandinu; og
(b) að seljandi beri allan kostnað, gjöld og útgjöld við sölu og afhendingu vörunnar í innflutningshöfn eða á innflutningsstað; en
(c) að kaupandinn greiði alla tolla og önnur gjöld, sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

2. gr.

(1) Sala á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, skal miðast við það, sem hér segir:
(a) að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna; og
(b) að það hafi ekki áhrif á verðið, að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupandans eða einhvers aðila í viðskipta-

legum tengslum við hann, hins vegar (annað en það samband, er orðið hefur til vegna sölu þeirrar vöru, sem í hlut á); og

(c) að enginn hluti þess arðs, sem orðið hefur til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila, sem stendur í sérstöku viðskiptalegu sambandi við hann.

(2) Tveir aðilar skulu taldir standa í sérstöku viðskiptalegu sambandi hvor við annan, beint eða óbeint, ef annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða ef báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða ef einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

3. gr.

(a) Þurfi að ákveða verð vöru, sem framleidd er samkvæmt uppfyndingu, sem nýtur einkaleyfisverndar, eða vöru, sem hefur skrásett mynstur, eða

(b) sem er innflutt með erlendu vörumerki, eða flutt inn til þess að seljast með erlendu vörumerki,

skal telja í normalverðinu verðmæti réttarins til þess að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

Fylgiskjal II með samþykktinni.

Athugasemdir við verðskýrgreininguna.

Viðauki við 1. gr.

Athugasemd 1.

Þar sem í 1. gr. tölulið (1) segir „á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar", má það samkvæmt ákvæðum í lögum hvers lands um sig, annað hvort taka til þess tímamarks, þegar innflutningsskýrsla er afhent eða skrásett, þegar tollur er greiddur eða þegar varan er tollafgreidd.

Athugasemd 2.

„Kostnaður, gjöld og útgjöld" þau, sem tilgreind eru í 1. gr. tölulið (2) (b), skulu meðal annars taka til þess, sem hér greinir:

- flutningskostnaðar og flutningsgjalds,
- vátryggingar,
- umsýsluþóknunar,
- miðlaraþóknunar,
- kostnaðar, gjalda og útgjalda við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl, sem þarf til þess að unnt sé að flytja vöruna inn í innflutningslandið, þar með talin gjöld til ræðismanna:
- nettóupphæðar (eftir að tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi, eða eftir er að inna af hendi) tolla og gjalda, sem koma til greiðslu utan innflutningslandsins;
- kostnaður umbúða, að frátöldum þeim umbúðum, sem teljast vera sérstök vara, að því er varðar álagningu tolls; pökkunarkostnaðar (hvort heldur um er að ræða kostnað vegna vinnu, efnis eða annars);
- fermingarkostnaðar.

Athugasemd 3.

Þegar normalverðið er bundið við það magn, sem er selt, skal það ákveðið þannig, að sala sé sala þess magns, sem ákveða þarf verð á.

Athugasemd 4.

Þegar svo stendur á, að ákvörðun verðmætis eða þess verðs, er greitt hefur verið eða á að koma til greiðslu, byggist á atriðum, sem tilgreind eru í öðrum gjaldmiðli en þeim, sem gildir í innflutningslandinu, skal umreikna hinn erlenda gjaldmiðil í gjaldmiðil innflutningslandsins samkvæmt því opinbera gengi, sem gildir í því landi.

Athugasemd 5.

Tilgangurinn með verðskýrgreiningunni er sá, að gera það mögulegt, að reikna toll þann, er koma á til greiðslu, ávallt út á grundvelli þess verðs, sem sérhver kaupandi getur fengið innflutta vöru keypta á hindrunarlaust á frjálsum markaði í innflutningshöfn eða á innflutningsstað í innflutningslandinu. Hugtakið má nota almennt og því má beita eins, þótt varan sé í raun og veru flutt inn samkvæmt sölusamningi og hverjir sem skilmálar slíks samnings kunna að vera.

Notkun skýrgreiningarinnar leiðir aftur af sér rannsókn á gangverði vöru á þeim tíma, sem verðákvörðunin á sér stað. Í reynd verður þessu því þannig varið, að þegar sala innfluttrar vöru á sér stað í góðri trú, má venjulega líta svo á, að verð það, sem greitt hefur verið eða greiða á fyrir hana, sé gildur mælikvarði um normalverð það, sem nefnt er í skýrgreiningunni. Þar sem þessu er þannig varið, má með sanngirni nota verð það, sem greitt hefur verið, eða greiða á, sem grundvöll til ákvörðunar á verðmæti vörunnar, og er lagt til við tollyfirvöld, að þau viðurkenni þetta verð sem verðmæti þeirrar vöru, sem um er að ræða, að því tilskildu þó:

(a) að hæfilegum varúðarráðstöfunum megi beita, er miði að því að koma í veg fyrir tollsvik af völdum tilbúinna eða vafasamra samninga eða verðs; og
(b) að gera megi þær leiðréttingar á samningsverðinu, er teljast mega nauðsynlegar sökum aðstæðna, sem valda því, að samningurinn byggist ekki á þeirri fræðilegu reglu, er felst í skýrgreiningunni á verðmæti.

Leiðréttingar samkvæmt tölulið (b) hér að framan, geta sérstaklega komið til álita í sambandi við flutningsgjöld og aðra kostnaðarliði, sem taldir eru í 1. gr. tölulið (2), og athugasemd 2 í viðauka við 1. gr., svo og í sambandi við afslátt eða aðrar verðlækkanir, sem veittar hafa verið einkaumboðsmönnum eða þeim, sem hafa einir á hendi sölu og dreifingu vörunnar, svo og í sambandi við sérhvern óeðlilegan afslátt eða sérhverja lækkun á venjulegu samkeppnisverði.

Viðauki við 3. gr.

Athugasemd 1.

Ákvæði 3. gr. (b) má einnig beita við vöru, sem inn er flutt og selja á með erlendu vörumerki eftir frekari vinnslu hennar.

Athugasemd 2.

Heimilt skal að færa út ákvæði það, sem felst í 3. gr. staflið (b), eða eins og það kann að vera, er því hefur verið breytt samkvæmt athugasemd 1. hér á undan, á þann veg, að það taki ekki til vörumerkis, sem skrásett er í innflutningslandinu, nema því aðeins að það sé vörumerki, sem nota skal í þeim tilgangi að gefa til kynna að vörur þær, sem merkið er notað á, heyri til þeim aðilum, er hér greinir:

(a) sérhverjum þeim aðila, sem hefur ræktað, framleitt, unnið að og valið vöru þá, sem meta á til verðs, boðið hana til sölu eða séð á annan hátt um meðferð á henni utan innflutningslandsins; eða
(b) aðila, sem stendur í viðskiptasambandi við hvern þann, sem tilgreindur er í staflið (a) hér á undan; eða
(c) aðila, sem einhver þeirra, sem tilgreindir eru í staflið (a) og (b) hér á undan, hefur látið í té þá viðskiptavild, sem tengd er notkun vörumerkis.

Almennur viðauki.

Mælt er með því, að hugtakið verðmæti, eins og það er tilgreint í skýrgreiningunni og þessum skýringarathugasemdum, verði notað við verðákvörðun allra vara, sem gefa þarf tollskýrslu um, þar með taldar tollfrjálsar vörur og vörur þær, sem greiða skal af sérstök innflutningsgjöld.

Fylgiskjal III með samþykktinni.

Bókun um sérstaka tollmeðferð vara, sem teljast til 30. kafla og nr. 33.06 í nafnaskránni við flokkun vara í tollskrám.

Þær þjóðir, sem hafa undirritað samþykktina um verðákvörðun vara við tollútreikning (kölluð Samþykktin hér á eftir), hafa við undirskrift Samþykktarinnar orðið sammála um eftirfarandi:

1. Þær þjóðir, sem hafa undirritað Samþykktina og við gildistöku hennar viðhafa tollmeðferð byggða á smásöluverði varanna innanlands í stað normalverðs, mega áfram nota þessa tollunaraðferð varðandi eftirgreindar vörur, það er:
   a) lyfjavörur, sem teljast til 30. kafla í viðaukanum við Samþykktina um nafnanotkun við flokkun vara í tollskrám, eða
   b) ilmvötn, snyrti- og hreinlætisvörur, sem teljast til nr. 33.06 í sama viðbæti.
2. Hlutaðeigandi ríkisstjórnir viðurkenna jafnframt þýðingu þess að koma tollmeðferð nefndra vara í samræmi við reglur Samþykktarinnar og gera það eins fljótt og hægt er.
3. Þessi bókun öðlast gildi sama dag og Samþykktin. Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað þessa bókun.

Gjört í Brüssel 15. desember 1950 á ensku og frönsku, báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Belgíu, sem skal senda staðfest eftirrit af því til þeirra ríkisstjórna, sem undirrita og gerast aðilar að Samþykktinni.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um Landsbókasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra,
2. að afla erlendra rita í öllum greinum vísinda, bókmennta, lista, tækni og samtíðarmálefna,
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði,
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar innan lands og utan,
5. að leiðbeina þeim, er til safnsins leita, og örva til bóklestrar og fræðaiðkana.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentmáli, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafn varðveitir handritasöfn þau, er það hefur viðað að sér frá öndverðu, en skal jafnframt vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu.

Það skal vinna að öflun mynda af íslenzkum handritum, ef frumrit eru ekki fáanleg. Landsbókasafnið og Handritastofnun Íslands skulu hafa samráð um þetta síðasta atriði, skipta þar með sér verkum, svo að ekki komi til tvíverknaðar.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum (og öðrum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í lögunum um afhendingu slíkra eintaka) og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal halda uppi og greiða fyrir bókaskiptum við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við önnur bókasöfn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er að skipta safninu í deildir.

Menntamálaráðherra skipar bókaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum landsbókavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og annarra fastra starfsmanna skulu vera samkvæmt hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

Bókaverðir skulu vera landsbókaverði til fulltingis um bókaval, hver í þeirri grein eða greinum, sem hann er kunnugastur.

Háskólaráð skipar safninu jafnframt ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim greinum, er ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókaverði er heimilt að leita ráða eða hlíta tillögum enn annarra sérfróðra manna.

11. gr.

Í Landsbókasafni skal vera myndastofa, og annist þeir, sem þar starfa, alla myndagerð fyrir safnið, en þjóni jafnframt öðrum opinberum stofnunum, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

13. gr.

Í Landsbókasafni skal vera bókbandsstofa, og bindi starfsmenn hennar bækur safnsins og rit, en veiti jafnframt Þjóðskjalasafni þjónustu, svo sem verið hefur.

14. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 44/1949, um Landsbókasafn Íslands.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Landsbókasafns, Listasafns og Handritastofnunar hverjum um sig að athuga um endurskoðun löggjafar um stofnun sína í samstarfi við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins. Hafa þeir dr. Finnbogi Guðmundsson, landsbókavörður, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, samið frumvarp þetta, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Landsbókasafn Íslands (eða Stiftisbókasafn Íslands, eins og það hét í öndverðu) var stofnað 28. ágúst 1818, en tók að vísu ekki til starfa fyrr en í nóvembermánuði 1825, er það fékk inni með bækur sínar á dómkirkjuloftinu. Aðalhvatamaður að stofnun safnsins og bezti stuðningsmaður þess fyrstu áratugina var Daninn Carl Christian Rafn.

Jón Árnason varð 1848 fyrsti launaði bókavörður safnsins, en stiftsyfirvöld og sérstök stjórnarnefnd höfðu yfirumsjón með því. Eftir að Alþingi öðlaðist fjárveitingavald 1874, veitti það safninu reglulega styrk og studdi það jafnframt stundum til einstakra kaupa, svo sem á hinu merka bóka- og handritasafni Jóns Sigurðssonar.

Bækur Landsbókasafns voru fluttar í hið nýreista Alþingishús sumarið 1881, enda var í uppástungu til þingsályktunar 1879 talað um „bygging á húsi handa alþingi og söfnum landsins“. Húsnæði safnsins í Alþingishúsinu reyndist, þegar kom fram um aldamót, alls ónógt. Við þeim vanda var þó brátt snúizt, því að Hannes Hafstein, ráðherra, lagði fyrir Alþingi 1905 „Frumvarp til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga“ í sex greinum. Var stjórninni í 6. grein frumvarpsins veitt heimild til: „1. að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig byggð, að auka megi við hana síðar eftir þörfum, en í bráð skal hún rúma Landsbókasafnið og Landsskjalasafnið eins og þau eru nú ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eftir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja allt að 160 þúsund krónum.“

Smíði Safnahússins lauk 1908, og tók Landsbókasafn til starfa í hinum nýju húsakynnum í marzmánuði 1909. Þjóðminjasafnið og Náttúrugripasafnið þrengdu snemma kosti þess, en fengu húsnæði annars staðar 1950 (Þjóðminjasafnið) og 1960 (Náttúrugripasafnið). Leið ekki á löngu frá brottflutningi þeirra, að það rými, er þannig vannst, væri nýtt til fulls.

Í Landsbókasafni eru nú um 270 þúsund bindi prentaðra bóka, en rúmlega 12 þúsund bindi handrita. Auk landsbókavarðar eru níu bókaverðir, þar af tveir í handritadeild safnsins. Þá er ritari, myndagerðarmaður, húsvörður og þrír bókbindarar. Tvær konur vinna að viðgerð handrita, en þær hafa aðsetur í Þjóðskjalasafni og starfa fyrir bæði söfnin og síðar jafnframt fyrir Handritastofnun Íslands.

Landsbókasafn gefur út Árbók, þar sem birtar eru skrár um árlegan íslenzkan ritauka, en jafnframt skýrsla landsbókavarðar um starfsemi safnsins og greinar um bókfræði og bókmenntir. Skrár um handritaauka safnsins eru birtar á nokkurra ára fresti, og unnið er að Íslenzkri bókaskrá, áfanganum 1534—1844.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er í öllum aðalatriðum sniðið eftir gildandi lögum nr. 44/1949, um Landsbókasafn, enda var þeim, svo sem segir í athugasemdum bókasafnsnefndar þeirrar, er samdi þau, „ætlað að marka stefnuna í vísindalegum bókasafnsmálum þjóðarinnar". Í þeirri nefnd áttu sæti: Dr. Björn Sigfússon, háskólabókavörður, dr. Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, dr. Jakob Benediktsson, orðabókarritstjóri, dr. Sigurður Nordal, prófessor, og dr. Þorkell Jóhannesson, prófessor. Í lögunum er gert ráð fyrir, að Landsbókasafnið verði þjóðbókasafn Íslands, þ. e. höfuðbókasafn þjóðarinnar. Jafnframt því sem það annist söfnun og varðveizlu íslenzkra rita, prentaðra og óprentaðra, og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, skuli safnið halda uppi almennum erlendum bókakosti, svo víðtækum sem kostur sé á.

Safnið skuli fyrst og fremst ætlað fræðimönnum, og er rétt að minna hér á, að það heiti á ekki við skólagengna menn eina, heldur engu síður fræðimenn úr öðrum stéttum þjóðfélagsins, er jafnan hafa mjög sótt til safnsins og unnið þar að margvíslegum fræðistörfum.

Í athugasemdum fyrrgreindrar bókasafnsnefndar segir svo orðrétt:

„Fram til síðustu áratuga hefur Landsbókasafn verið hið eina vísindalega bókasafn þjóðarinnar. En nú hafa risið upp eða eru að rísa nokkur önnur vísindaleg bókasöfn. Stærst þeirra er Háskólabókasafn. En auk þess hafa ýmsar stofnanir efnt til bókasafna vegna starfsemi sinnar eða rannsókna, svo sem Atvinnudeild Háskólans, Náttúrugripasafnið o. fl. Hvert þessara safna er miðað við þarfir sinnar stofnunar og ætlað það hlutverk framvegis. En samvinna allra slíkra safna er eðlileg og nauðsynleg, og er Landsbókasafni ætlað að gangast fyrir henni.

Koma á upp skráningarmiðstöð safnanna. Er gert ráð fyrir því, að Háskólabókasafn annist hana, að fengnu samþykki háskólaráðs. Það er talið heppilegt fyrirkomulag, því að mörg sérsafnanna eru tengd háskólanum.

Með þeirri skráningarmiðstöð notast bókakostur safnanna að fullu, hvar sem bækurnar eru varðveittar. Menn geta gengið að skránni og fengið þar yfirlit um bókakost safnanna og gengið síðan að bókunum, þar sem þær eru.

Auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir hina fyllstu notkun bókakosts þess, sem til er, stuðlar það einnig að hagkvæmri meðferð þess fjár, sem til bókakaupa er varið, og kemur í veg fyrir óþörf kaup sama rits til tveggja bókasafna eða fleiri.

Gert er ráð fyrir því, að söfnin komi sér saman um nánara fyrirkomulag þessarar samvinnu, svo sem skráningu bókanna, röðun þeirra og notkun og lán bókasafna á milli. En hvert safn, sem þátt tekur í þessari samvinnu, skuldbindur sig um leið til að hlíta þeim reglum, sem um hana verða settar."

Menntamálaráðuneytið gaf út 6. júlí 1956 reglugerð um skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn, og er þar kveðið svo á, að sú miðstöð verði í Landsbókasafni. En þetta mikla nauðsynjamál hefur því miður ekki enn komizt í framkvæmd, forráðamenn safnsins ekki talið fært að sinna því með þeim starfskröftum, er það ræður yfir. Vonir hljóta þó að standa til, að Alþingi veiti hið fyrsta fé til þessarar starfsemi, enda löngu ráð fyrir henni gert bæði í lögum og reglugerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1968 er efnt til Byggingarsjóðs safnahúss með 1.5 milljón króna framlagi, sem með lögum nr. 5/1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var lækkað í hálfa milljón króna. Má segja, að þar sé tekinn upp þráðurinn frá þingsályktun þeirri um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns, er samþykkt var 29. maí 1967. Var sú ályktun árangur af starfi nefndar, sem skipuð var 11. september 1956, og áttu sæti í nefndinni: Dr. Þorkell Jóhannesson, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, dr. Björn Sigfússon, háskólabókavörður, og Bjarni Vilhjálmsson, skjalavörður.

Ályktunin er þannig:

„Alþingi ályktar:

1. Að sameina beri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé þá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara.
2. að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt.
3. að nú þegar verði svo náið samstarf upp tekið milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sem við verður komið að áliti forráðmanna þeirra, og hliðsjón höfð af væntanlegri sameiningu safnanna."

Nýtt hús undir þjóðbókasafn í nágrenni Háskólans er auðvitað forsenda þeirrar sameiningar bókasafnanna, sem stefnt er að. Og vert er að taka fram þegar, að nýtt hús leysir ekki aðeins húsnæðisvanda Landsbókasafns og Háskólabókasafns, heldur jafnframt fjölmargra stofnana, er koma munu eldra bókakosti sínum í aðalsafnið til geymslu, — og Þjóðskjalasafns, er hlýtur að fá geymslurými gamla Safnahússins til umráða, eftir því sem bækur Landsbókasafnsins verða fluttar þaðan.

Vegna fjárveitingar Alþingis er hægt að velja hinu nýja bókasafnshúsi stað og hefja annan nauðsynlegan undirbúning. En meðan unnið er að honum og unz fyrsta áfanga í byggingu hússins verður náð, þarf að sjá til þess, að söfnin fái hvort í sínu lagi — og sameiginlega, þar sem það á við — gegnt sívaxandi hlutverki sínu. Söfnin þurfa bæði á auknu starfsliði að halda til þess að anna brýnustu verkefnum. Því betur sem þau standa hvort um sig, þegar til hinnar raunverulegu sameiningar kemur, því auðveldari mun hún reynast.

Ástæða þykir ekki til að svo stöddu að segja nákvæmlega fyrir í lögum um tilhögun sameiningarinnar. Það hlýtur að bíða síns tíma.

Tilkoma Handritastofnunar Íslands breytir engu um hlutverk Landsbókasafns og handritadeildar þess. Safnið hlýtur sem þjóðbókasafn eftir sem áður að leggja mikla rækt við þá deild. Nauðsynlegt er, að samráð sé haft í einstökum tilvikum, og er í lögunum bent á atriði sem öflun mynda af íslenzkum handritum í erlendum söfnum. En auðvitað kemur þar fleira til greina.

Myndastofa Landsbókasafns gegnir sívaxandi hlutverki og ræður þegar yfir góðum vélakosti. Þykir einsýnt, að vænlegast sé að efla hana svo að tækjum og starfsliði, að hún geti jafnframt veitt öðrum opinberum stofnunum fullkomna þjónustu. Myndatöku- og úrvinnsluvélar eru mjög dýrar og því fyrir miklu, að þær séu nýttar sem bezt, og gildir hið sama um starfslið stofunnar.

Ákvæði er nú í fyrsta sinn sett í lög um bókbandsstofu í Landsbókasafni. Er mikið hagræði að slíkri stofu í safninu, þótt þar verði ekki bundinn nema hluti þeirra rita, er binda þarf, því að bókbindarar eru þar jafnmargir nú og þeir voru fyrir hálfri öld.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um Handritastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau,, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfunefndar háskólans.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Landsbókasafns, Þjóðskjalasafns, Listasafns og Handritastofnunar hverjum um sig að athuga um endurskoðun löggjafar um stofnun sína í samstarfi við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins. Hefur þetta frumvarp verið samið í framhaldi af því. Í frumvarpinu felast eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum um Handritastofnun Íslands (l. nr. 36/1962):

1. 1. gr. laga nr. 36/1962, þar sem segir, að komið skuli á fót Handritastofnun Íslands, er felld niður, en heiti stofnunarinnar fellt inn í 2. gr., er verður 1. gr. í frv.
2. 4. gr. laganna, um að kveðið skuli á um það í reglugerð, hvar Handritastofnunin sé til húsa, er felld niður.
3. Niðurlag 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands, hljóðar svo: „Til aðstoðar honum (þ. e. forstöðumanni) séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina.“ Lagt er til með frumvarpi þessu, að þessum ákvæðum sé breytt þannig, að tala aðstoðarmanna sé ekki takmörkuð við tvo, heldur fari eftir fé því, sem veitt er til í fjárlögum. Einnig er tekið fram, að aðstoðarmennirnir skuli vera sérfræðingar, og fer þá um sérgrein þeirra eftir því, hvað stofnunin hefur þörf fyrir hverju sinni.

   Um skipun forstöðumannsins, sem jafnframt er prófessor í heimspekideild, fari eftir sömu reglum og um aðra prófessora, en aðrir fastir starfsmenn skulu settir eða skipaðir eða ráðnir af menntamálaráðuneytinu.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir Listasafninu árlega a. m. k. ⅙ af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk Listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
f. að efna til farandsýninga um landið,
g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið,
h. að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalda á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, safnverði og annað nauðsynlegt starfslið, að fengnum tillögum forstöðumanns, og þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðuneytið skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenzkir myndlistarmenn skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum, tveir listmálarar og einn myndhöggvari. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa sérstaklega eins marga varamenn og á skortir fulla tölu. Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, sem kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs. Á henni skulu vera þeir myndlistarmenn, sem voru á kjörskrá við kosningu í safn-

ráð 1961 og á lífi eru, svo og þeir, sem voru félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Mynlistarfélaginu 1. janúar 1965, en eigi voru á kjörskrá 1961. Enn fremur skal jafnan bæta á kjörskrána þeim íslenzkum myndlistarmönnum, sem tvö af eftirtöldum atriðum eiga við um:

1. að hafa átt verk á opinberri listsýningu, innanlands eða utan, sem íslenzka ríkið beitir sér fyrir eða styður,
2. að hafa a. m. k. einu sinni hlotið listamannalaun af fé því, sem Alþingi veitir árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri nefnd, er Alþingi kýs, og
3. að verk hafi verið keypt eftir hann til Listasafns Íslands eftir að lög nr. 53/1961, um Listasafnið, tóku gildi.

Skal skráin liggja frammi í Listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr.. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur.

Ef ágreiningur rís milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,
b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir.
d. önnur mál, er forstöðumaður æskir, að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess og á sýningum, sem það heldur, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundarréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 53/1961, sbr. lög nr. 58/1965, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bág við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Listasafns, Landsbókasafns, Þjóðskjalasafns og Handritastofnunar hverjum um sig að endurskoða löggjöf stofnana sinna í samstarfi við ráðuneytisstjórann í menntamálaráðuneytinu. Hafa þau Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Selma Jónsdóttir, forstöðumaður, og Árni Gunnarsson, stjórnarráðsfulltrúi, samið frumvarp þetta, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Um Listasafnið gilda nú lög nr. 53/1961 með breytingu, sem gerð var með lögum nr. 58/1965. Þá eru sérstök lög um byggingarsjóð Listasafnsins, nr. 41/1959.

Breytingar frá gildandi lögum, sem felast í þessu frumvarpi, eru:

Í 4. gr. gildandi laga segir, að skipa skuli safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. Í frumvarpinu er þetta orðað á þann veg, að safnverði og annað nauðsynlegt starfslið skuli skipa, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. Eins og lögin eru nú, virðist gert ráð fyrir einum safnverði, og mun það ekki fá staðizt, þegar fram líða stundir. Aftur á móti ræður Alþingi jafnan með fjárveitingum, hvort og þá hvenær safnvörður eða safnverðir yrðu ráðnir.

Í 5. gr. er orðalagi ákvæða um kosningu varamanna í safnráð breytt á þann veg, að skýrt komi fram sú meginregla, að þeir skuli ekki kosnir sérstaklega, heldur verði þeir varamenn, sem næstflest atkvæði hljóta við kjör aðalmanna. Við þær tvær safnráðskosningar, sem fram hafa farið, hafa varamenn verið kjörnir sérstaklega, og ræður þá sami hópur aðalmönnum og varamönnum. En ef sú aðferð er við höfð, sem hér er gert ráð fyrir, þá verða þeir varamenn, sem fá mest atkvæðamagn næst hinum kjörnu aðalmönnum. Ýmis rök má færa fyrir hvorri aðferðinni um sig,

en við kjör í safnráð telur ráðuneytið, að það kosningafyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, tryggi betur, að fleiri sjónarmið fái að njóta sín.

Þess skal getið, að safnráð er samþykkt þeim breytingum, sem frv. felur í sér.

Hér fara á eftir nokkrar upplýsingar um Listasafnið og starfsemi þess:

Stofnun og fyrstu ár.

Listasafn Íslands var stofnað árið 1885 af Birni Bjarnarsyni (1853—1918), síðar sýslumanni og alþingismanni í Dalasýslu. Stofn safnsins var 36 málverk, flest eftir danska málara, eða 29 þeirra, 6 eftir Norðmenn, 1 eftir Svía, 1 eftir Austurríkismann og 1 eftir Þjóðverja. Kristján konungur IX. gaf tvö málverk og Lovísa, síðar drottning, gaf einnig 2 málverk. Flest málverkanna voru gjafir frá listamönnunum sjálfum. Norski málarinn A. Askevold gaf t. d. 2 olíumálverk eftir sig. Málverk þessi voru að berast til landsins á árunum 1885—1887. Magnús Stephensen, landshöfðingi, veitti þeim móttöku og kom þeim fyrir í Alþingishúsinu. Olíumálverkin, sem skráð eru í Listasafninu sem nr. 39, 40, 41 og 42 eru eign Alþingis, þótt þau séu skráð í safninu.

Næst bættust við myndir þær, 29 að tölu, sem Edvald J. Johnsen, læknir, (1838—1893) ánafnaði safninu eftir sinn dag, og bárust þær til landsins árið 1895.Árið 1896 bættust enn í safnið tvö málverk. En fyrsta myndin, sem Listasafnið eignaðist eftir Íslending, var höggmyndin „Útilegumaður" eftir Einar Jónsson frá Galtafelli (1874—1954). Gaf Ditlev Thomsen, ræðismaður, safninu myndina árið 1902. Hún er nú í Listasafni Einars Jónssonar. Árið 1911 gáfu nokkrir menn í Reykjavík safninu olíumálverkið „Áning" eftir Þórarin B. Þorláksson (1867—1924), og var það fyrsta málverkið, sem safnið eignaðist eftir íslenzkan mann.

Nokkrir áfangar.

Samkvæmt tilmælum þjóðminjavarðar til Stjórnarráðs og Alþingis, fólu forsetar þingsins honum með bréfi, dagsettu 16. september 1915, „alla umsjón, niðurskipun og skrásetning allra málverka og listaverka þeirra, er Alþingi á eða landið" og kváðust ætlast til, að safn þetta yrði „framvegis sem sérstök deild af Þjóðmenjasafni landsins" og að ekki yrði keypt „neitt af listaverkum til þessa safns, nema með samráði við þjóðmenjavörðinn." Veitti Alþingi um leið fé til aðstoðar við umsjón með sýningu Listasafnsins á næstu tveimur árum. Í byrjun næsta árs eða 24. janúar 1916. ákvað Stjórnarráðið eftir tillögu þjóðminjavarðar, að „Listasafn Íslands, hér undir telst málverkasafn landsins og önnur listaverk, sem landið á, skal vera undir umsjón þjóðmenjavarðar og vera ein deild af Þjóðmenjasafninu. Öll listaverk, sem landið síðar kann að eignast, skulu jafnóðum lögð til Listasafnsins."

Þannig var Listasafnið komið í umsjá þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar, og lét hann sér jafnan mjög annt um það. Alþingi veitti nokkurt fé til kaupa á erlendum listaverkum, auk þess sem safnið eignaðist svo að segja árlega myndir eftir hina upprennandi íslenzku listamenn. Við áramót 1915—1916 eru taldar í höggmyndasafninu 7 myndir. Í skrá um málverkasafnið, sem prentuð var í árslok 1916, eru taldar 93 myndir, en 174 í annarri útgáfu skrárinnar árið 1922.

Árið 1928 voru sett lög (nr. 7/1928) um Menntamálaráð og samkvæmt þeim var því falið „að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fé, sem kann að vera veitt í því skyni á fjárlögum" og „að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unnt er, byggingu listasafns í Reykjavík". Í lögum um Menningarsjóð nr. 54/1928, segir, að ⅓ af tekjum sjóðsins skuli varið til þess m. a. að kaupa listaverk fyrir landið, og „sá hluti sjóðsins, sem á að styðja listir, stendur undir beinni stjórn Menntamálaráðs."

Menntamálaráð fól þjóðminjaverði að hafa eftirlit með verkum Listasafnsins fyrir nokkra árlega þóknun, og hélzt sú skipan þar til í októbermánuði 1950, að Menntamálaráð réði Selmu Jónsdóttur M.A. til að hafa á hendi alla umsjón safnsins.

Eins og áður segir, var Listasafninu upphaflega komið fyrir í Alþingishúsinu, og var nokkur hluti málverkanna, bæði innlendra og erlendra, til sýnis þar allt fram til ársins 1950. Einnig voru nokkur málverk til sýnis í Safnahúsinu við Hverfisgötu, meðan Þjóðminjasafnið var þar til húsa.

Menntamálaráð lánaði fjölda íslenzkra málverka í skóla landsins og húsakynni annarra ríkisstofnana og embætta, en flest erlendu málverkin og nokkuð af þeim íslenzku voru í geymslum í Arnarhváli.

Árið 1950 var ákveðið, að Listasafnið fengi samastað og sýningarsali í nýreistu húsi Þjóðminjasafnsins við Hringbraut. Þegar hafinn var undirbúningur að opnun Listasafnsins þar, kallaði Menntamálaráð bréflega eftir öllum listaverkum, sem lánuð höfðu verið í opinberar byggingar, skóla og aðrar ríkisstofnanir, og endurheimtust flest þeirra. Ennþá hefur þó ekki tekizt að fá aftur 25 málverk, og þar að auki eru 9 skrásett málverk ófundin.

Samkvæmt 11. gr. gildandi laga um Listasafn Íslands er „óheimilt ... að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði.“ Samhljóða ákvæði er í þessu frumvarpi.

Menntamálaráð fól listmálurunum Gunnlaugi Scheving og Þorvaldi Skúlasyni, ásamt dr. Selmu Jónsdóttur, er þá hafði verið ráðin umsjónarmaður við safnið, að koma myndum safnsins fyrir í sýningarsölum þess á annarri hæð í Þjóðminjasafnshúsinu. Að því búnu var safnið opnað 27. ágúst 1951 af Birni Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra, að viðstöddum mörgum listamönnum og öðrum.

Löggjöf.

Hinn 11. janúar 1957 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja frumvarp til laga um listasafn. Í nefndinni áttu sæti: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, dr. Selma Jónsdóttir, forstöðumaður safnsins, Björn Th. Björnsson, listfræðingur, Gunnlaugur Scheving, listmálari, og dr Gunnlaugur Þórðarson, stjórnarráðsfulltrúi. Var frumvarp, sem nefndin samdi, lagt fyrir Alþingi 1959, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram á ný 1961 og voru á því þingi samþykkt lög um Listasafn Íslands, og eru þau nr. 53/1961, með breytingu, sem gerð var með lögum nr. 58/1965. Samkvæmt þessum lögum, nr. 53/1961, varð Listasafnið sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Hinn 1. júlí sama ár skipaði menntamálaráðherra dr. Selmu Jónsdóttur forstöðumann safnsins. Samkvæmt 5. gr. laganna skyldi mynda 5 manna safnráð, þannig skipað: 2 listmálarar og 1 myndhöggvari kosnir af listamönnum, einn skipaður af menntamálaráðherra og forstöðumaður Listasafnsins, sem jafnframt er formaður safnráðs. Í lögunum sagði, að Menningarsjóður skyldi greiða Listasafninu a. m. k. 500 000.00 krónur árlega til listaverkakaupa. Með fyrrgreindri breytingu á lögum nr. 58/1965, um Listasafnið, var hinni föstu krónutölu breytt þannig, að Menningarsjóður greiði Listasafninu árlega a. m. k. ⅙ af tekjum sínum til listaverkakaupa, auk þess fær safnið fé í fjárlögum til launa starfsmanna og annars rekstrarkostnaðar. Enn fremur var gerð breyting á ákvæðum um kosningu til safnráðs.

Listaverkakaup og gjafir.

Hér að framan er gerð nokkur grein fyrir fjárhagsgrundvelli Listasafnsins á hverjum tíma, en listaverkakaup safnsins hafa verið sem hér segir:

Íslenzkar myndir, keyptar til safnsins:

Ár:	Olíumálverk:	Aðrar myndir:
1885—1927	52	17
1928—1950	238	138
1951—1961	151	26
1962—1967	118	15

Erlendar myndir, keyptar til safnsins:

Ár:	Olíumálverk:	Aðrar myndir:
1885—1927	10	16
1928—1950	35	131
1951—1961	1	3
1962—1967	4	5

Í safninu voru alls 656 íslenzk olíumálverk í árslok 1967.

Safninu hafa fyrr og síðar borizt ýmsar góðar listaverkagjafir. Má þar til nefna, auk þeirra, sem þegar er getið, fimm íslenzk og tvö erlend olíumálverk, sem Guðjón Sigurðsson, úrsmiður, (1864—1915) arfleiddi safnið að og komu í eigu þess árið 1915. Sama ár gaf Bjarni Jónsson frá Galtafelli andlitsmynd eftir Ásgrím Jónsson. Árið 1919 barst safninu gjöf sú, er Helgi prestur Sigurðsson að Melum (1815—1888) ánafnaði því í arfleiðsluskrá sinni 24. júlí 1888. Eru þetta 43 myndir eftir hann sjálfan, flest skólateikningar, en þrjú olíumálverk og mynd sú, sem hann gerði af Jónasi Hallgrímssyni látnum. Ludvig Kaaber, bankastjóri, gaf árið 1925 olíumálverk eftir Joakim Skovgaard og árið 1926 tvær vatnslitamyndir eftir Finn Jónsson og þar að auki 12 örsmáar konumyndir gerðar af ókunnum, erlendum listamanni.

Árið 1937 gaf Kristian Kirk, verkfræðingur, stórt olíumálverk eftir Frits Syberg. Árið 1947 gaf Christian Gierlöff, rithöfundur í Ósló, safninu fimmtán svartlistarmyndir eftir norska málarann Edvard Munch. Sama ár gáfu nokkrir menn í Reykjavík átta olíumálverk eftir danska málarann Carl V. Meyer.

Frú Kristín Andrésdóttir, ekkja Markúsar Ívarssonar forstjóra, og dætur hennar, Guðrún, Helga og Sigrún afhentu safninu 56 málverk að gjöf 27. ágúst 1951, en þann dag var safnið opnað í húsi Þjóðminjasafnsins. Eru málverk þessi öll eftir íslenzka menn. Sama ár gaf Magnus Grönvold, yfirkennari í Ósló, safninu 27 blýantsteikningar eftir bróður sinn, Bent Grönvold, og síðar sama ár gaf Ragnar Moltzau, útgerðarstjóri í Ósló, safninu 51 svartlistarmynd eftir norska listamenn. Árið 1952 afhenti Ólafur Jónsson, framkvæmdastjóri, safninu að gjöf frá sér og systrum sínum brjóstlíkan af föður sínum, Jóni Ólafssyni, bankastjóra, eftir Ríkarð Jónsson. L. Foght, forstjóri í Kaupmannahöfn, gaf safninu 11 olíumálverk og 24 svartlistarmyndir árið 1953. Eru þær myndir allar eftir danska listamenn.

Síðast, en ekki sízt, ber að geta þess, að Ásgrímur Jónsson, listmálari, ákvað árið 1952, að ríkissjóður skyldi eftir sinn dag eignast öll málverk sín og húseign. Mælir hann jafnframt svo fyrir, að málverkin skuli varðveitt í húsi hans, „þar til listasafn hefur verið byggt, þar sem myndum mínum sé tryggt svo mikið rúm, að gott yfirlit sé unnt að fá um safn mitt.“ Mun þessi mikla gjöf því væntanlega koma í Listasafnið, þegar húsrýmið svarar til þess, sem gefandinn mælti fyrir um.

Alexandrina drottning ánafnaði Listasafninu eftir sinn dag 2 olíumálverk, annað eftir Jón Stefánsson, en hitt eftir Jóhannes Sv. Kjarval. Komu þau í safnið árið 1953. Jóhannes Sv. Kjarval gaf árið 1954 olíumálverk eftir sig, og sama ár barst höggmynd eftir Gerhard Marchs að gjöf frá Þýzkalandi. Ásgrímur Jónsson gaf stórt olíumálverk eftir Gunnlaug Scheving á árinu 1956. Listasafnsfélagið gaf olíumálverk eftir franska málarann Auguste Herbin árið 1957. Sama ár gaf Júlíana Sveinsdóttir sjálfsmynd gerða árið 1931. Árið 1958 gaf Elof Risebye prófessor allt safn sitt af verkum Guðmundar Thorsteinssonar, sem alls eru 46 myndir, olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar, klippmyndir og útsaumur. Tómas Tómasson ölgerðarmaður og kona hans gáfu Listasafninu olíumálverk og teikningu eftir Sigurð Guðmundsson, málara. Halldór Jónasson frá Eiðum gaf olíumálverk af sjálfum sér eftir Ásgrím Jónsson. Aðra andlitsmynd eftir Ásgrím fékk safnið að gjöf frá Rósu Friðriksdóttur, vestur-íslenzkri konu. Þá gaf Sveinn Björnsson, listmálari, olíumálverk eftir sig.

Á árinu 1962 fékk safnið 5 myndir að gjöf, stórt olíumálverk eftir Jóhannes Sv. Kjarval., sem bræðurnir G. M. Björnsson, stórkaupmaður, og Friðrik Björnsson,

læknir, gáfu til minningar um móður sína, Margréti Magnúsdóttur. I. C. Möller, stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, gaf 2 olíumálverk eftir danska málara, og tveir sænskir listmálarar, þeir Lennart Ason og Jens Matthiasson gáfu hvor sína grafikmyndina eftir sig.

Á árinu 1963 fékk safnið 17 myndir að gjöf, Júlíana Sveinsdóttir gaf olíumynd eftir sjálfa sig, I. C. Möller, stórkaupmaður, gaf 6 málverk eftir danska listamenn, Raymond Olivier, veitingamaður í París, gaf 10 myndir eftir franska listamenn. Eftirtaldir listamenn gáfu á árinu 1966 olíumálverk eftir sig: Jóhann Briem 2, Jóhannes Sv. Kjarval 1 og Þorvaldur Skúlason 1. Á árinu 1967 gaf Ragnheiður Jónsdóttir Ream olíumálverk eftir sig, og sænskur málari, Torbjörn Zetterholm, 10 tréristumyndir, sem hann hafði gert á Íslandi. Gunnar Stefánsson, stórkaupmaður, ánafnaði safninu eftir sinn dag 8 olíumálverk eftir Jóhannes Sv. Kjarval og 1 vatnslitamynd eftir Gunnlaug Scheving. Nína Sæmundsson arfleiddi safnið að 18 höggmyndum, 23 olíumálverkum og 3 litkrítarmyndum eftir sig. Frú Kristín Andrésdóttir og dætur hennar gáfu stórt olíumálverk eftir Jóhannes Sv. Kjarval í safn Markúsar Ívarssonar. Dorothy Miller, safnvörður í New York, gaf olíumálverk af eiginmanni sínum, Holger Chaill (Sveinn Kristján Bjarnarson) eftir Nínu Tryggvadóttur.

Gjafir eru alls 458, útlendar 252, íslenzkar 206.

Listaverkaeign Listasafnsins er í árslok 1967 80 höggmyndir og 1418 málverk, vatnslitamyndir, teikningar og grafik, íslenzk og erlend verk, þar af eru olíumálverk 806.

Aðsókn og sýningar.

Árið sem Listasafnið var opnað, 1951, var aðgangseyrir að safninu fimm krónur fyrir manninn. Komu í safnið frá því að það var opnað í lok ágústmánaðar 1951 til ársloka 817 menn á 123 sýningardögum. Um áramótin næstu (1951— 1952) var hætt að selja aðgang að safninu og hefur eigi verið gert síðan. Aðsókn að safninu hefur verið sem hér segir:

Ár:	Sýningardagar:	Gestir:
1952	91	6 079
1953	194	9 162
1954	147	7 884
1955	161	7 788
1956	137	5 571
1957	191	9 257
1958	214	11 893
1959	130	5 132
1960	194	11 420
1961	232	24 415
1962	234	10 730
1963	244	14 422
1964	208	15 550
1965	242	19 170
1966	245	20 915
1967	231	21 287

Árið 1927 var í fyrsta sinn efnt til íslenzkrar listsýningar erlendis af opinberri hálfu. Var sú sýning haldin í Kaupmannahöfn. Hún var síðan send til Berlínar og sýnd þar árið 1928.

Árið 1932 var haldin sýning á íslenzkri myndlist í Stokkhólmi, og fór sú sýning sama ár til Óslóar.

Árið 1939 var haldin sýning á íslenzkri myndlist í sambandi við heimssýninguna í New York. Var sú sýning einnig send til Chicago.

Árið 1937 efndi Menntamálaráð til sýningar í Reykjavík á úrvali verka Listasafnsins. Voru þar sýnd 107 málverk, þar af 17 erlend.

Efnt hefur verið til fjölmargra sýninga í safninu á árunum 1950—1967. Einnig hafa verið valdar þar íslenzkar sýningar, sem sendar hafa verið til útlanda á vegum íslenzka ríkisins:

Árið 1950: Yfirlitssýning á íslenzkri myndlist.
— 1951: Sama sýning, send til Noregs.
Sýning í tilefni af opnun Listasafnsins.
— 1952: Íslenzk myndlistarsýning send til Brüssel.
Yfirlitssýning á verkum Jóns Stefánssonar.
— 1953: Sýning á myndagjöf Louis Foght.
— 1954: Íslenzk myndlistarsýning sýnd í ráðhúsi Kaupmannahafnar.
Yfirlitssýning á norskri myndlist.
— 1955: Yfirlitssýning á verkum Jóhannesar Sv. Kjarvals.
— 1956: Yfirlitssýning á danskri myndlist.
Yfirlitssýning á verkum Ásgríms Jónssonar.
— 1957: Sýning á íslenzkum málverkum, sýnd í Bifröst.
Yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur.
— 1958: Sýning á myndagjöf Elof Risebye.
Sýning á rússneskri myndlist.
— 1959: Sýning á málverkagjöf Ásgríms Jónssonar.
Sýning á íslenzkri málaralist send til Sovétríkjanna og opnuð í Moskva í apríl 1959, og seinna send til Póllands.
Sýning á pólskri myndlist.
— 1960: Yfirlitssýning á verkum Svavars Guðnasonar.
— 1961: Yfirlitssýning á verkum Gunnlaugs Blöndals.
Sýning á færeyskri myndlist.
— 1962: Íslenzk myndlistarsýning send til sýningar í Louisiana-safninu í Danmörku.
Sýning á íslenzkri málaralist á Akureyri á 100 ára afmæli kaupstaðarins.
— 1963: Íslenzk málverkasýning send til Sovétríkjanna og opnuð í Moskva í febrúar 1963.
— 1964: Valin sýning á verkum Jóhannesar Sv. Kjarvals, sem var sýnd í heiðurssölum á Charlottenborg í Kaupmannahöfn.
— 1965: Íslenzk málverkasýning send til Bandaríkjanna.
— 1966: Sýning á verkum Jóhannesar Sv. Kjarvals vegna 80 ára afmælis listamannsins.
Valin verk eftir íslenzka málara til sýningar í Strasbourg.
Sýning á safni Markúsar Ívarssonar.
Sýning á verkum listamanna, sem komu heim frá námi á árunum 1930—1942.
Árið 1967: Yfirlitssýning á verkum Þórarins B. Þorlákssonar.
Sýning á verkum listamanna, sem komu heim frá námi á árunum 1918—1930.

Gjafir og styrkir.

Listasafninu hafa borizt ýmsar stórgjafir aðrar en listaverk. Á árinu 1963 arfleiddi ungfrú Sesselja Stefánsdóttir Listasafnið að ⅓ huta húseignarinnar Austurstrætis 12, að frádreginni 1 000 000.00 króna, er safnið skyldi greiða Nínu Sæmundsson, myndhöggvara. Að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins var fjárhæðin greidd úr byggingarsjóði Listasafnsins. Eigendur ⅔ hluta húseignarinnar Austurstrætis 12

voru þá Gunnar Stefánsson, stórkaupmaður, og frú Guðríður Stefánsdóttir Green, en með bréfi, dagsettu 12. apríl 1964, buðu þau systkinin afsal fyrir sínum hluta húseignarinnar, gegn því að Listasafn Íslands greiddi þeim árlega vissa fjárhæð, meðan þau lifðu. Hinn 1. nóvember 1965 undirritaði Gunnar Stefánsson afsal fyrir eignarhluta sínum og systur sinnar í Austurstræti 12. Gunnar Stefánsson, stórkaupmaður, lézt 5. júní 1967. Í arfleiðsluskrá sinni ánafnaði hann Listasafninu eignarhluta sinn í húseigninni Sóleyjargötu 31, en það hús átti hann að hálfu á móti systur sinni, frú Guðríði Stefánsdóttur Green. Þar að auki fékk Listasafnið 9 málverk úr búi Gunnars, eins og að framan getur.

Jóhannes Sv. Kjarval gaf Listasafninu 1967 sparisjóðsbók með krónum 250 000.00 til kaupa á listaverkum í safnið.

Vísindasjóður hefur styrkt Listasafnið til bókakaupa og til að láta taka ljósmyndir af lýsingum í íslenzkum handritum, kr. 165 000.00. Hefur forstöðumaður Listasafnsins þegar undirbúið framkvæmd verksins í Árnasafni og konunglegu bókasöfnunum í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Búið er að ljósmynda 73 handrit nú þegar og verður verkinu haldið áfram strax og fjárráð leyfa.

Eftirprentanir af 16 málverkum eftir íslenzka málara hafa þegar verið gerðar, og verður þessari starfsemi væntanlega haldið áfram sem kynningu á íslenzkri myndlist.

Byggingamál.

Lög um byggingarsjóð Listasafnsins voru sett árið 1959 (nr. 41/1959). Stofnfé sjóðsins var sú fjárhæð, sem Alþingi hafði veitt til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sv. Kjarval, listmálara, og var það ákvörðun listamannsins að fénu skyldi verja á þennan hátt. Síðan hefur Alþingi veitt árlega nokkurt fé til byggingarsjóðs Listasafns Íslands, og nema eignir sjóðsins pr. 1. 1. 1968 kr. 4 874 617.55.

Er það mikilvægt mál fyrir Listasafnið að fá eigið safnhús, enda þarf Þjóðminjasafnið þegar á öllu sínu húsnæði að halda í byggingunni. Með hinum öra vexti safnsins og þeim kröfum, sem gerðar eru til nútíma listasafns, sem þar að auki er ríkissafn, er núverandi húsnæði fyrir löngu orðið ófullnægjandi.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Nú eru notaðar heimildir í lögum til að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda.

Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum er heimild til að fyrirskipa atvinnurekendum að vinna við innheimtu opinberra gjalda á þann hátt að halda gjöldum eftir af kaupi fólks, sem hjá þeim vinnur, og skila fénu til innheimtumanna hins opinbera. Heimild þessi er víða notuð, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna, sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil vinna og ábyrgð, og er rangt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir, þegar aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir sín störf.

Frumvörp, samhljóða þessu, hafa verið flutt á tveim síðustu þingum, en þau hafa ekki hlotið samþykki. Á síðasta þingi bárust fjárhagsnefnd, sem fékk málið til athugunar, meðmæli með frumvarpinu frá Félagi íslenzkra iðnrekenda og Vinnuveitendasambandi Íslands. Nú er frumvarpið flutt í þriðja sinn, í von um, að loks fáist viðurkennt, að sanngjarnt sé að borga hæfilega þóknun fyrir innheimtustörfin.

Ed. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi", í 48. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Iðnaðarmálaráðherra hefur tjáð mér, að mjög mikil vandkvæði séu á því að framkvæma, án nokkurs umþóttunartíma, lög um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, aðallega vegna ákvæða laganna um að skrásetja skuli og endurnýja vörumerki fyrir ákveðna völuflokka.

Til að ákveða slíkt flokkakerfi og auglýsa, þurfi góðan tíma og sé því brýn nauðsyn að fresta gildistöku hinna nýju laga til 1. janúar 1969.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi", í 48. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Nd. **14. Frumvarp til laga** [14. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði til að geta öðlazt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. 25 ára aldur.
b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfin skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

   Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilandaferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrifstofu samkvæmt þessari grein.
d. Fjárræði og forræði á búi sínu.
e. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a—e-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 1.5 millj. kr. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs, ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins.

3. gr.

7. gr. orðist þannig:

Ferðaskrifstofur, sem öðlazt hafa leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu færa bókhald samkvæmt bókhaldslögum. Þær skulu árlega senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skylt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

4. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 5. gr. rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 5. gr. nemur.

Sé félag leyfishafi eða ef annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra

skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfyllir skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

5. gr.

10. gr. orðist þannig:

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 71 30. desember 1964 og laga nr. 36 29. apríl 1966, svo og breytingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 5 10. apríl 1968, inn í lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, og gefa lögin út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ferðaskrifstofur þær, sem öðlazt hafa leyfi og eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 2. gr. laga þessara og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 2. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því að lögin um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, tóku gildi eru senn liðin fimm ár. Á þessu tímabili hefur fengizt nokkur reynsla á I. kafla laganna, sem fjallar um almennar ferðaskrifstofur, og er með hliðsjón af þeirri reynslu nú talið æskilegt að gera ýmsar breytingar og endurbætur á þessum lagakafla.

Í athugasemdum við frumvarp til gildandi laga um ferðamál, árið 1964, sagði meðal annars: „Rekstur ferðaskrifstofu er að því leyti frábrugðinn annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlazt og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótelum og greiðasölustöðum, liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rekstrarfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til að hefja rekstur ferðaskrifstofa í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum."

Markmið laganna um ferðamál frá 1964 var að hamla gegn þessari hættu og vernda hagsmuni ferðamanna og annarra viðskiptamanna ferðaskrifstofa með opinberum afskiptum. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að gildandi ákvæði um upphæð tryggingarfjár og aðstöðu til opinbers eftirlits með rekstri ferðaskrifstofa eru ófullnægjandi og tryggja ekki á viðhlítandi hátt, að viðskiptamenn og skuldheimtumenn ferðaskrifstofa megi treysta því, að ferðaskrifstofur geti jafnan staðið við skuldbindingar sínar.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að ef eigandi ferðaskrifstofu er einstaklingur, sé hann sjálfur forstöðumaður. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að ef félag er eigandi, þurfi forstöðumaður að uppfylla hin almennu skilyrði 4. gr. laganna. Ekki þykir ástæða til að gera þennan mun eftir rekstrar-

formi og þykir eðlilegt að gera ráð fyrir, að enda þótt ferðaskrifstofa sé í eigu einstaklings, geti sá eigandi falið forstöðu hennar öðrum, á sama hátt og félag getur nú.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna eru ákvæði um, hver skuli vera skilyrði til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu. Þessi grein hefur valdið nokkrum vandræðum, þar sem ekki er nægilega skýrt tekið fram, í hverju hin tilskilda fimm ára starfsreynsla skuli vera fólgin. Í frumvarpinu er lagt til að starfsreynslan þurfi að vera þess eðlis, að hún hafi getað veitt umsækjanda nokkuð alhliða þekkingu á rekstri ferðaskrifstofu, t. d. skipulagningu ferða, útgáfu farseðla o. fl.

Þá er talið rétt, að skemmri tími nægi, ef umsækjandi hefur verið forstjóri ferðaskrifstofu. Þó myndi hinum almennu skilyrðum c-liðs greinarinnar beitt jafnt, þótt um forstjóratíma væri að ræða.

Ljóst er, að farþegaþjónusta skipa- og flugfélaga er að ýmsu leyti skyld ferðaskrifstofurekstri og þykir því eðlilegt, að ráðuneytið hafi heimild þá, sem felst í næstsíðustu mgr. gr.

Um 2. gr.

5. gr. er sú grein gildandi laga, sem mest er talið aðkallandi að breyta, en í greininni eru ákvæði um tryggingarfé, sem ákveðið er að eigi skuli vera lægra en 350 þús. kr. Í framkvæmd hefur verið miðað við lágmark tryggingarfjárins samkvæmt 5. gr. laganna, þ. e. 350 þús. kr., og þau leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sem gefin hafa verið út til þessa, byggð á 350 þús. króna bankatryggingu. Í frumvarpinu er lagt til, að lágmark þetta verði hækkað í 1.5 millj. króna.

Þá er lagt til, að fellt verði niður það ákvæði, sem nú er í 1. gr., og heimilar ráðuneytinu að falla frá kröfu um tryggingarfé, ef hlutafé fyrirtækis nær tryggingarupphæðinni. Þessi heimild hefur ekki verið notuð, enda ljóst, að allt hlutafé fyrirtækis gæti verið tapað, áður en fyrirtæki yrði lögformlega gjaldþrota.

Um 3. gr.

Ákvæði þau, sem hér er lagt til að sett verði, varðandi bókhaldsskyldu og skil á reikningum, eru nokkru víðtækari en í 7. gr. gildandi laga, þar sem hér er lagt til, að ferðaskrifstofum verði gert að skyldu að senda ráðuneytinu árlega, innan ákveðins tíma, rekstrar- og efnahagsreikning, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

Um 4. gr.

Í 9. gr. gildandi laga er ákvæði um, hvenær leyfi til ferðaskrifstofureksturs fellur niður. Í frumvarpinu er lagt til, að bætt verði inn í greinina ákvæði um, að ráðuneytið geti afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að vanskil séu orðin meiri en upphæð tryggingarfjárins nemur. Myndi þetta, ásamt nýmæli því, sem felst í 3. gr. frumvarpsins varðandi skil á rekstrar- og efnahagsreikningi, skapa ráðuneytinu aðstöðu til að fylgjast mjög vel með rekstri ferðaskrifstofa og greiðslugetu. Ef slíkt ákvæði hefði verið í lögunum frá upphafi og því beitt, hefði sennilega mátt koma í veg fyrir tjón, sem greiðsluþrot tveggja íslenzkra ferðaskrifstofa á þessu ári hafa þegar valdið.

Um 5.—7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til, að ferðaskrifstofur þær, er öðlazt hafa leyfi samkvæmt gildandi lögum og eru starfandi við gildistöku laganna, skuli innan sex mánaða frá gildistöku laganna hafa lagt fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins, í því formi, sem gildir um slíkar tryggingar, þ. e. sem bankatrygging.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. desember 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. siglingalaga, nr. 66 31. desember 1963, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar, vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. desember 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt hafi reynzt að gera ýmsar ráðstafanir til að sjá íslenzka síldveiðiflotanum fyrir birgðum af matvælum, olíu og vatni, svo og brýnni viðgerðarþjónustu, þar sem veiðisvæðin hafa í sumar verið óvenju langt frá Íslandi.

Hafi síldarflutningaskip leyst þennan vanda, en er afli minnkaði nú í ágústmánuði, hafi ferðum seinkað og veiðiskipunum einnig gengið erfiðlega að tryggja greiðslur fyrir birgðir þær og þjónustu, sem þeim hefur verið veitt.

Sé nú svo komið, að brýn nauðsyn beri til að tryggja með sjóveðrétti greiðslu fyrir úttekt vista og fyrir viðgerðarþjónustu síldveiðiflotans.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. siglingalaga, nr. 66 31. desember 1963, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar, vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. ágúst 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. **16. Frumvarp til laga** [16. mál]

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa, þar sem meðal annars sé ákvæði um sektarviðurlög um brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðuneytið hefur tjáð mér að nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

Er sérstaklega brýn nauðsyn á útgáfu slíkrar reglugerðar nú þegar, þar sem almennar veiðar á fjarlægum miðum fara í hönd.

Auk þess ber nauðsyn til af öryggisástæðum að hafa sem gleggsta vitneskju um ferðir skipa og báta við strendur landsins og á úthöfunum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 17. Fyrirspurn [17. mál]

til ríkisstjórnarinnar um íbúðarhúsabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hvenær hófust byggingar íbúðarhúsanna?
2. Hvenær var lokið byggingu fyrstu íbúðanna?
3. Hve margar íbúðir eru nú fullgerðar, og hve stórar eru þær íbúðir í hverjum stærðarflokki, að flatarmáli og rúmmáli?
4. Hvert er kostnaðarverð fullgerðra íbúða í hverjum stærðarflokki?
5. Hve margar íbúðir eru nú í byggingu?
6. Hve mörg tilbúin hús hefur framkvæmdanefndin flutt inn frá útlöndum, af hvaða stærð, og hvert er kostnaðarverð þeirra, hverrar stærðar fyrir sig, uppsettra og fullfrágenginna?
7. Hversu mikið fjármagn hefur framkvæmdanefndin fengið til bygginganna, og hvaðan?

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú eru á efnum og vélum til fiskveiða. Ríkisstjórnin skal, strax og þessari endurskoðun er lokið, leggja fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á tollalögunum í samræmi við hana.

Greinargerð.

Nær allar þjóðir keppa nú að því að auka sem mest fjölbreytni atvinnuvega sinna og renna þannig sem flestum stoðum undir afkomu sína. Fyrst og fremst er hér um að ræða aukningu margvíslegs iðnaðar, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Þótt sá samdráttur, sem er í sjávarútveginum nú, standi vonandi ekki lengi, eru engar líkur til þess, að hinir tveir fornu undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, geti tryggt þjóðinni næga atvinnu og góða afkomu á komandi árum. Hér verður að koma til viðbótar mikill og margþættur iðnaður, ef fullnægja á eðlilegum kröfum um næga atvinnu og batnandi afkomu. Því marki eiga Íslendingar vel að geta náð, ef rétt er á málum haldið, engu síður en aðrar þjóðir. En til þess að svo verði, þarf vitanlega að hlynna að iðnaði á allan hátt.

Eitt af því, sem mundi styrkja verulega aðstöðu iðnaðarins, er að fella niður að mestu eða öllu tolla á efni og vélum til hans. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn sitji hér við sama borð og fiskveiðarnar, því að báðar eru þessar atvinnugreinar lífsnauðsynlegar þjóðinni. Af bátum og vélum til fiskveiða er nú ekki greiddur tollur, en af veiðarfærum og efnum til fiskveiða 4%. Hins vegar er greiddur 10—15% tollur af vélum til fiskiðnaðarins og 25% tollur af vélum og tækjum til annars iðnaðar, þar á meðal iðnaðar, sem vinnur úr ýmsum landbúnaðarvörum. Tollar á ýmsum efnum til iðnaðar eru oft miklu og jafnvel margfalt hærri.

Loks þykir rétt að benda á það, að íslenzk iðnfyrirtæki verða að greiða 25%

toll af vélum til starfsemi sinnar og hærri tolla af efni, meðan álbræðslan, sem útlendingar eru að reisa, fær að flytja inn tollfrjálst allar vélar og efni til starfrækslu sinnar.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli og reglugerðir um útflutningsverzlun landsmanna, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlun. Nefndin skal sérstaklega kynna sér hvernig er háttað framkvæmd umræddra laga og reglugerða og hvaða endurbóta muni þörf, og semja samkvæmt því frumvarp til nýrra heildarlaga um þessi mál. Kappkosta skal, að nefndin ljúki störfum sem fyrst.

Greinargerð.

Öll útflutningsverzlun landsmanna er nú háð leyfisveitingum og hefur svo verið um langt skeið. Stafar þetta m. a. af því, að ekki hefur þótt gefast vel að hafa sölu sjávarafurða í höndum margra aðila. Slíku langvarandi kerfi leyfisveitinga fylgir hins vegar sú hætta, að ýmiss konar mistök og misbeiting eigi sér stað. Sé sama aðila lengi veitt einokun, getur hann orðið værugjarn og kærulaus. Sé hins vegar farið að veita leyfi til margra aðila, geta stjórnmálaskoðanir og handahóf ráðið leyfisveitingum og leyfi fallið óverðugum í skaut. Nýleg dæmi eru fyrir hendi um þetta hvort tveggja. Það er því ekki aðeins skylda Alþingis að vanda vel alla lagasetningu um slíkar leyfisveitingar, heldur einnig að fylgjast vel með því, hvernig framkvæmd slíkra laga er háttað.

Samkvæmt gildandi lögum er öllum hérlendum aðilum skylt að selja Seðlabankanum eða öðrum bönkum, sem hafa leyfi til gjaldeyrisverzlunar, allan erlendan gjaldeyri, sem þeir eignast, án óeðlilegs dráttar. Allt eftirlit með þessum málum hefur orðið umfangsmeira og margbrotnara hin síðari ár en áður, m. a. vegna breytinga, sem orðið hafa á skipan innflutningsmála. Gjaldeyriseftirlit mun þó ekki hafa verið eflt að sama skapi. Því er mikil nauðsyn, að Alþingi kynni sér til hlítar framkvæmd þessara mála og setji um þau ný lagafyrirmæli í samræmi við það, sem reynslan leiðir í ljós, að sé nauðsynlegt.

Af þessum ástæðum, sem hér hafa verið greindar, þykir flutningsmönnum sjálfsagt, að Alþingi kjósi milliþinganefnd til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli um útflutningsverzlunina, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlunina yfirleitt. Alveg sérstaklega þykir nauðsynlegt, að nefndin kynni sér vel, hvernig framkvæmd þessara mála er nú háttað og hvaða endurbætur komi þar helzt til greina. Að lokinni þessari endurskoðun og athugun semji nefndin frv. til heildarlaga um þessi mál.

Áherzla er lögð á, að störfum milliþinganefndarinnar verði hraðað sem mest.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um starfshætti Alþingis.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela þingforsetum ásamt einum fulltrúa frá hverjum þingflokki að íhuga og endurskoða starfshætti Alþingis.

Álit og tillögur um þetta skal síðan leggja fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Alþingi er æðsta stofnun landsins, og skiptir því æðimiklu fyrir þjóðina, hversu til tekst um störf þess. Það er skoðun flm., að starfshættir Alþingis þurfi endurskoðunar við, enda hafi þeir ekki tekið þeim breytingum undanfarna áratugi, sem nauðsyn beri til vegna breyttra þjóðfélagshátta.

Endurskoðun þingskapa hefur nýlega farið fram í nefnd, og komu þá fram ýmsar tillögur, sem margar hverjar horfa til bóta að dómi flm. og mundu verða til góðs, ef lögfestar yrðu. Lengra þarf þó að ganga og skoða nánar en gert hefur verið alla stöðu Alþingis, eins og nú er komið málum, afstöðu þess til annarra þátta í stjórnkerfinu, vinnuaðferðir þess, m. a. aðstöðu stjórnmálaflokkanna og alþingismanna til málefnalegrar vinnu og annað það, sem mestu máli skiptir.

Flm. vill gera sitt til þess að koma hreyfingu á þetta mál nú á þessu þingi með því að leggja fram þessa þingsályktunartillögu, en mun gera grein fyrir nokkrum hugmyndum sínum og persónulegum viðhorfum til málsins við umræðurnar.

Flm. lítur á flutning þáltill. sem eðlilegt framhald af þeim umræðum, sem urðu á síðasta þingi um starfshætti Alþingis, í sambandi við breytingu á kosningalögunum, er samþykkt var þá, og frv. til laga um breyting á þingsköpum, sem þá var lagt fram, en varð ekki að lögum.

Vel má vera, að heppilegra þyki að skoða málið með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í þáltill. þessari, og er þá sjálfsagt að sæta því. Mestu skiptir, að hafizt verði handa um endurbætur, en til þess þurfa að verða opinskáar og hreinskilnislegar umræður um þetta mikilsverða mál, starfshætti Alþingis, og þar með hvernig æðsta stofnun þjóðarinnar fái notið sín til fulls og orðið þjóðinni sú forsjá, sem með sanngirni má vænta og eðlilegt telja.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hver sýsla er fjallskilaumdæmi, er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum, nema sýslunefnd hafi fallizt á aðra skiptingu.

Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu, sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir, og er sérstök fjallskiladeild innan þess.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eru ein fjallskiladeild, hafa sveitarstjórnir þeirra í sameiningu á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála í því upprekstrarfélagi, eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af sýslunefnd.

3. gr.

Í fjallskilasamþykkt, er sýslunefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.

Fjallskilasamþykkt tekur ekki gildi, fyrr en staðfest hefur verið af ráðuneyti því, sem fer með landbúnaðarmál, enda komi ákvæði hennar eigi í bág við þessi lög.

II. KAFLI
Um afrétti og notkun þeirra.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

5. gr.

Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Þó getur sýslunefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeiganda. Enn fremur geta hreppsnefndir, með samþykki sýslunefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki sýslunefndar komi til. Bæjarstjórn getur tekið upp nýjan afrétt fyrir kaupstað, breytt takmörkum afréttar og lagt til hans heimalönd eða landshluta einstakra jarða innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, er kaupstaðurinn á eða hefur full umráð yfir.

6. gr.

Sýslunefnd semur, að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar, skrá yfir alla afrétti, er héraðsbúar nota. Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarrétti hverrar jarðar í sýslunni, og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki jarðeiganda eða umráðamanns jarðar. Breytingar á afréttum eða réttindum yfir þeim skulu þegar færðar í afréttaskrá. Afréttaskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar.

7. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt.

Um skyldu til að reka búfé á afrétt fer eftir því, sem fyrir er mælt í fjallskilasamþykkt. Fyrir afréttarnotkun greiðist eigi sérstakt upprekstrargjald, nema utanfélagsmaður eigi í hlut, sbr. 10. gr. laga þessara, sbr. þó c-lið 14. gr.

8. gr.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Í slíkt afréttarland má eigi taka búpening til sumargöngu af utanhreppsmönnum, sem eigi hafa þar upprekstrarrétt, nema með samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar, krafizt mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

9. gr.

Nú rís ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun afréttar samkvæmt 8. gr., og skal þá, ef hreppsnefnd tekst eigi að miðla málum, vísa ágreiningnum til sýslunefndar, er úrskurðar málið. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til dómstóla.

10. gr.

Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. eða 8. gr., nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða. Um slíkar leyfisveitingar, svo og um gjaldskyldu leyfishafa fyrir afréttarnot, skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykkt.

11. gr.

Enginn má hafa afnot afréttar fyrir sjálfan sig, svo sem grasnyt og hlunnindi, nema hreppsnefnd leyfi. Eigi tekur þó ákvæði þetta til fiskveiði eða annarra hlunninda, sem í einkaeign eru, þótt í afrétti séu.

12. gr.

Nú eru beitilönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir, og skal þá reglum laga þessara um afrétti beitt um þau eftir því, sem við getur átt og nánar er fyrir mælt í fjallskilasamþykkt.

13. gr.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vorsmölun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarbúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

14. gr.

Telji hreppsnefnd eða bæjarstjórn afrétt ofsetinn, getur hún gripið til eftirtalinna úrræða:

a. Snúið sér til gróðurverndarnefndar sýslunnar, ef til er, ella landgræðslustjóra, og óskað álits um ástand landsins eða aðstoðar til gróðureflingar.
b. Ákveðið, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram.
c. Bannað, að stóðhross séu rekin í afrétti, enda séu þau þá undanþegin fjallskilum.
d. Átt frumkvæði að ítölu í afréttinn samkvæmt III. kafla laga þessara.

15. gr.

Verja skal árlega úr ríkissjóði tiltekinni fjárhæð til gróðurverndar á afréttum og öðrum sameiginlegum sumargöngulöndum með hliðsjón af a-lið 14. gr.

Á móti framlagi ríkissjóðs komi hverju sinni fjárhæð úr fjallskilasjóði (sveitarsjóði), er nemi ⅕ kostnaðar og jafnist niður eftir sömu reglum og fjallskilakostnaður viðkomandi fjallskiladeildar.

16. gr.

Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði ¾ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og skal hún þá breyta fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveða hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttalanda fer sem hér segir:

a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri, sem skipta á, hefur frá fornu fari annazt um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.

b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

III. KAFLI
Um ítölu.

17. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

18. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt ítölu á jörðum í hreppnum, nokkrum hluta hans eða í afréttarlöndum hreppsins, enda mæli gróðurverndarnefnd sýslunnar með, að ítala verði gerð. Skal þá boða búendur hreppsins eða hreppshlutans til fundar um málið. Sá telst búandi, er jörð hefur eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hver mál verði til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef fleiri sækja en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans. Hver maður hefur eitt atkvæði og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Skrá skal í fundargerð, hve margir séu búendur á viðkomandi svæði svo og hversu margir hafi greitt atkvæði um fundarefnið. Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um ítölu, og skal hún þá boða til fundar, sem að framan segir.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt, skal málið sent viðkomandi gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp síðar.

19. gr.

Nú verður ítala jarðar svo lág, að Búnaðarfélag Íslands telur jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, og er þá eiganda rétt að bjóða hana sveitarstjórn eða upprekstrarfélagi (fjallskiladeild) til kaups. Vilji hvorugur aðili kaupa, getur eigandi farið þess á leit, að ríkið kaupi jörðina fyrir fasteignamatsverð.

20. gr.

Ef verulegur samgangur búpenings er milli heimalanda jarða eða afrétta tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 18. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar- eða bæjarfélags. Slík krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 18. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem við verður komið, send oddvita sýslunefndar svo og oddvita hreppsnefndar í þeim hreppi, sem upptök átti að ítölukröfu.

Nú fellir hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til gróðurverndarnefndar, ef til er, ella til sýslunefndar, sem tekur ákvörðun um málið að fenginni umsögn landgræðslustjóra.

21. gr.

Þegar gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd hefur borizt fundarályktun um ítölu, samkvæmt 18. eða 20. gr., skal hún taka ákvörðun um málið svo fljótt sem ástæður leyfa.

Ítala skal gerð af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, og er sá formaður nefndarinnar, Búnaðarfélag Íslands tilnefnir annan og landgræðslustjóri hinn þriðja Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

22. gr.

Ítala skal byggjast á beitarþolsrannsókn á viðkomandi landi samkvæmt 40. gr. laga nr. 17 24. apríl 1965, um landgræðslu. Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, með tilliti til beitarþols. Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, ef landið er mjög einhæft.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, má undanþiggja ítölu í heimaland, enda mæli gróðurverndarnefnd (landgræðslustjóri) með undanþágu. Nú er hluti jarðar utan girðingar, og skal þá sá hluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn eða varamenn þeirra að greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

23. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

24. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í afrétt eða heimalönd en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem völ er á, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamat var gert. Sá, er ekki vill una úrskurði sveitarstjórnar, getur skotið málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Heimilt er sveitarfélagi, sem eigi fyllir ítölu sína í afréttarland, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

25. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd, sem vill ákveða

ítölu í lönd sýslunnar, telur nauðsynlegt, að gerð sé ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til landgræðslustjóra um, að málið verði tekið til meðferðar. Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og ætla megi, að ofbeit í afréttum eða öðrum sumarhögum valdi, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka málið.

27. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

28. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfirítölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn í yfirítölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 27. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

29. gr.

Ef beitarþol lands breytist að dómi gróðurverndarnefndar, eða fimm ár eru liðin frá því er ákvörðun um ítölu tók gildi, er skylt að taka ítöluna til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af viðkomandi sýslunefnd. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

IV. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o. fl.

30. gr.

Nú gengur búfé úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefnd aðvart. Skipar hún þá fyrir um smölun ágangspeningsins og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afréttinn nota, þann er ágangsfénaður kom frá.

31. gr.

Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, og geta þeir þá krafizt girðingar á milli afréttar og heimalanda sinna skv. 7. gr. laga nr. 10 25. marz 1965 (girðingarlaga).

32. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

33. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri nefnir til, má hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

34. gr.

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelti. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur, ef handvömm er um að kenna.

V. KAFLI

Um göngur og réttir.

35. gr.

Um vorsmölun heimalanda og afrétta fer eftir því, sem fyrir er mælt í fjallskilasamþykkt. Kostnaður við smölun afrétta og annarra sameiginlegra beitilanda greiðist úr fjallskilasjóði (sveitarsjóði).

36. gr.

Á hvern afrétt skal gera tvennar almennar leitir hið fæsta á hverju hausti. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um leitir á hverjum afrétti.

37. gr.

Hver sá, sem jörð hefur til ábúðar eða umráða, svo og hver, sem hefur undir höndum búfé, er fjallskilaframkvæmd tekur til, er skyldur að taka þátt í afréttarfjallskilum, eftir því og á þann hátt, sem sveitarstjórn skipar fyrir um, hvort heldur um er að ræða framlög í vinnu eða peningum. Er hver húsbóndi skyldur að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn sína, nema hreppsnefnd leggi á þá sérstök fjallskil.

38. gr.

Hver bóndi eða landráðandi er skyldur að smala heimaland sitt á haustum, svo oft sem sveitarstjórn fyrirskipar, og það eins, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver þessa skyldu, ber sveitarstjórn að sjá um, að landið sé smalað, og skal eigandi eða umráðamaður jarðar greiða kostnað þann, er af því leiðir, eftir mati sveitarstjórnar.

39. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um reglulegar heimalandsgöngur sem og afréttargöngur. Í fjallskilasamþykkt má ákveða, að smölun heimalanda, sem afréttarpeningur gengur að jafnaði í, skuli metin til fjallskila, þegar smölun fer fram í sambandi við afréttargöngur.

40. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera ½, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, ¼ og ríkið ¼. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

41. gr.

Fjallskilum, hvort sem eru á afrétti, sameiginlegum sumarhögum eða heimalöndum, sbr. 39. gr., skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings og landverð jarða, hlunnindi ekki meðtalin.

Um niðurjöfnun fjallskilakostnaðar skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykkt.

42. gr.

Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald. Skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar. Er fjallskilaskyldum aðilum skylt að tilkynna stjórn fjallskiladeildar fyrir tiltekinn tíma, ef þeir hafa lögmætar ástæður til að vera undanþegnir fjallskilavinnu, en óska að greiða fjallskil sín í peningum.

Þeim kostnaði fjallskilasjóðs, sem ekki verður inntur af hendi með skyldu vinnu og óvissar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir, er heimilt að jafna niður eftir fyrirmælum 41. gr.

Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

43. gr.

Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal hann þá, eftir ákvörðun hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

44. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, getur hann kært til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er úrskurðar kæruna. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

45. gr.

Ákveða má með sveitarsamþykkt, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa, skuli greiddir úr sveitarsjóði. Gildir slík greiðsluheimild aðeins í eitt skipti, nema annars sé sérstaklega getið.

46. gr.

Í fjallskilasamþykkt skal ákveða um sameiginleg fjallskil á fjalllönd jarða, sem notuð eru til upprekstrar eða sem sameiginleg sumarbeitilönd, svo og á lönd jarða, sem vegna staðhátta liggja undir sérstökum ágangi, enda séu sýslunefnd færðar sönnur á, að svo sé, eða til komi mat dómkvaddra manna.

Nú er ágangur, sem um getur í síðustu málsgr., úr annarri fjallskiladeild eða öðru fjallskilaumdæmi, og getur þá sá, er fyrir ágangi verður, krafizt þess, að sá, er ágang veitir, leggi til menn í lögboðnar göngur, eftir því sem hæfilegt þykir, en kaupi ella fé sitt út, eftir samkomulagi eða því verði, sem sýslumaður úrskurðar.

47. gr.

Sýslunefnd ákveður í fjallskilasamþykkt, að fengnum tillögum sveitarstjórna, staðsetningu rétta í hverri fjallskiladeild, og skiptingu þeirra í aðalréttir og aukaréttir, sömuleiðis undir hverja aðalrétt hver aukarétt heyrir; enn fremur hvern afrétt og heimalönd skuli ganga til hverrar réttar. Sýslunefnd ákveður og með sama hætti réttardaga á hverjum stað. Með sérstakri ákvörðun fyrir eitt ár í senn getur sveitarstjórn eða fjallskilastjórn, að fengnu samþykki sýslunefndar, flýtt eða frestað leitum, ef sérstök ástæða þykir til.

48. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilastjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

49. gr.

Þegar byggja þarf rétt, er landeiganda skylt að leggja til land undir hana, þó ekki tún eða engi.

Metnar skulu landeiganda bætur fyrir jarðrask í sambandi við nýbyggingu réttar eða endurbætur, og rétt á ábúandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhalds.

50. gr.

Nú er ákveðið að reisa eða endurbyggja almenningsrétt, og skal þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið með samkomulagi aðila, kostnaður við bygginguna greiddur úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar eða deilda. Heimilt er sveitarstjórn að jafna sérstaklega niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar, sbr. 41. gr. Viðhald réttar greiðist með sama hætti.

Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

VI. KAFLI

Um hreinsun heimalanda eftir réttir.

51. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjafé komist til réttra eigenda.

52. gr.

Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið nánar á um skil afbæjarfjár.

VII. KAFLI

Um eftirleitir og öræfaleitir o. fl.

53. gr.

Eftirleitir skal gera á afrétt, ef líklegt er, að þar leynist fé. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um eftirleitir.

54. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngulöndum, og skal þá sýslunefnd eða nefndir hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti.

55. gr.

Í fjallskilasamþykkt má heimila hreppsnefnd að ákveða, að fé, sem finnst í öræfaleit, skuli lógað sama haust.

56. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim skylt, sem þess verður var, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann ráða menn, svo marga sem þarf, til björgunar. Sé björgun óframkvæmanleg að dómi björgunarmanna, eða aðstæður svo torveldar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarlaunum, er þeim skylt, sé það fært, að skjóta það.

Kostnaður við að ná fé úr ógöngum greiðist sem hér segir:

a. Náist kind lifandi, skal eigandi greiða helming verðs hennar, en sveitarsjóður, þar sem kindin á heima, afgang kostnaðar.
b. Þurfi að skjóta kindina eða hún ferst við björgun, skal sýslusjóður, þar sem landið liggur, bera kostnað. Reikninga vegna björgunar samþykkir sýslumaður.

VIII. KAFLI
Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

57. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

58. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

59. gr.

Fyrir nóvemberlok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

60. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

61. gr.

Nánari fyrirmæli um meðferð og förgun ómerkinga og annars óskilapenings má setja í fjallskilasamþykkt.

IX. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

62. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afrétta.

63. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars manns en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að

henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

64. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, hvers konar mörk megi taka upp, svo og banna tiltekin mörk, ef mikil soramörk eru.

65. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 68. gr., skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

66. gr.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki eða gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu, þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú á maður kaupamark eða gjafamark, en annar sams konar gerðarmark, og skal þá sá af bregða, er gerðarmark á, en ef báðir eiga erfðamark, skal sá hafa, er á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð.

67. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt, og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal hin fyrsta samtíma prentun fara fram tveimur árum eftir að lög þessi taka gildi. Skal hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í viðkomandi markaskrá og borga fyrir, eftir því sem stjórn fjallskilaumdæmis ákveður.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Skal markavörður annast söfnun marka og sjá um útgáfu markaskrár. Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.

Í fjallskilasamþykkt ber að setja nánari ákvæði um gerð og útgáfu markaskrár. Þar má einnig setja fyrirmæli um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sammerkingar.

68. gr.

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyzt milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan. Verði ágreiningur um mark, má skjóta málinu til markadóms, sbr. 69. gr.

69. gr.

Skipa skal markadóm, er í eiga sæti 3 menn og jafnmargir til vara. Tilnefnir landbúnaðarráðherra formann dómsins, er vera skal lögfræðingur, Búnaðarfélag Íslands tilnefnir annan og Sauðfjársjúkdómanefnd hinn þriðja. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum. Markadómur starfar fyrir allt landið og situr í Reykjavík. Markadómur ákveður, á hvaða svæðum sammerkingar séu óheimilar, og tilkynnir það hlutaðeigandi markavörðum. Skjóta má hvers konar ágreiningi um mörk til markadóms. Ákvörðun dómsins er fullnaðarákvörðun. Kostnaður við markadóm greiðist úr ríkissjóði.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

70. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 5000.00 til 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

71. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1969.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Jónsbók, Landsleigubálkur, 33., 34., 46., 47., 48., 49. og 53. kap.

Réttarbót Eiríks konungs frá 2. júlí 1294, 5., 39. og 44. gr.

Lög nr. 39/1959, um ítölu.

Enn fremur öll önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desembermánuði 1958 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra „nefnd þriggja manna til að endurskoða ákvæði laga um notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil, ágang búfjár o. fl. Var nefnd þessi skipuð samkvæmt tilmælum Búnaðarþings 1957."

Í nefndina voru skipaðir Ólafur Jóhannesson, prófessor, er var formaður hennar, Jón Gauti Pétursson, oddviti, Gautlöndum, og Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmaður.

Þetta viðamikla mál hefur nú verið áratug í deiglunni og hlotið allrækilegan undirbúning. Og enda þótt aldrei verði svo um fjallað, að eigi megi einhverju breyta til hins betra, má ætla að tími sé til kominn, að málið fái fullnaðarafgreiðslu. Ber og þess að gæta, að löggjöf um afréttarmálefni og fjallskil hlýtur, fyrir sakir margbreytilegra staðhátta og mismunandi venja, fyrst og fremst að verða eins konar umgerð, sem fjallskilasamþykktir hinna ýmsu lögsagnarumdæma fylla út í. En slíkum sérsamþykktum má breyta með breyttum tímum og nýjum viðhorfum, án þess að sjálfri umgerðinni, þ. e. lögunum, sé raskað.

Nefndin sú er áður getur, innti af hendi mikið starf og gott. Hún rannsakaði allar tilskipanir og lagaboð, sem í gildi eru og þessi mál varða og eru ævaforn sum, jafnvel allt frá 13. öld. Hún „aflaði sér upplýsinga um framkvæmd afréttarmála og fjallskila víðsvegar um land". Nefndin samdi síðan „Frumvarp til laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl." í XI köflum og 78 greinum. Frumvarpinu fylgdi ýtarleg og fróðleg greinargerð auk athugasemda við einstakar greinar. Er almenn greinargerð nefndarinnar tekin upp sem fylgiskjal með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Er nefndin hafði gengið frá frumvarpinu, sendi hún það landbúnaðarráðuneytinu, er síðan lagði frumvarpið fyrir Búnaðarþing 1962. Þingið afgreiddi málið með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing ályktar að leggja til við landbúnaðarráðuneytið, að „Frumvarp til laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl." á þskj. nr. 11 verði sent sýslunefndum og bæjarstjórnum til athugunar og umsagnar.

Að fengnum tillögum þeirra láti ríkisstjórnin taka málið fyrir á ný og leggi það fyrir næsta Búnaðarþing."

Dráttur mun hafa orðið á því, að umsagnir bærust frá sýslunefndum og bæjarstjórnum, — komu jafnvel aldrei frá sumum, — enda kom málið eigi aftur til kasta Búnaðarþings fyrr en að áliðnu þingi 1966, er frumvarpið barst frá landbúnaðarráðuneytinu. Enn var málinu frestað um sinn og afgreitt með svofelldri ályktun:

„Búnaðarþing ályktar að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að skipa þrjá menn í nefnd til að endurskoða „Frumvarp til laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.", sérstaklega með tilliti til þeirra umsagna og athugasemda, er borizt hafa heiman úr héruðum.

Skal nefndin hafa lokið störfum það snemma, að leggja megi frumvarpið fyrir næsta Búnaðarþing.“

Samkvæmt þessari ályktun skipaði stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í nefnd til þess að endurskoða frumvarpið, þá Árna G. Pétursson, sauðfjárræktarráðunaut, Reykjavík, Jón Egilsson, bónda á Selalæk, og Gísla Magnússon, bónda í Eyhildarholti, er var formaður nefndarinnar. Nefndin lauk störfum á tilsettum tíma.

Nefndin hafði til athugunar umsagnir um frumvarpið úr 14 sýslum. Bagi var að því, að engar umsagnir höfðu borizt af Suðurlandi (Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellss.), eigi heldur úr Dalasýslu, Strandasýslu né Skagafjarðars. Umsagnir þær, er nefndin hafði til athugunar, voru, sem vænta mátti, með ýmsu móti og næsta sundurleitar, sumar stuttar, aðrar langar og ýtarlegar. Í þeim fólust að sjálfsögðu margvíslegar bendingar og tillögur til breytinga. Tók nefndin sumar þeirra til greina, aðrar ekki.

Breytingar ýmsar gerði nefndin á frumvarpinu. Felldur var niður III. kafli, „Um gróðurvernd afrétta.“ Eftir að sett voru lög um landgræðslu (l. nr. 17 24. apríl 1965), á sá kafli ekki lengur heima í frumvarpi þessu. Nefndin gerði sér far um að stytta frumvarpið svo sem fært þótti, þó eigi svo að á skorti, að nægilega skýrt væri að orði kveðið. Efnisbreytingar eru nokkrar, orðalagsbreytingar margar og flestar til styttingar.

Lög um ítölu, nr. 39 frá 1959, voru tekin upp í hið eldra frumvarp. Er svo einnig gert hér. En breytingar allmargar hefur nefndin á þeim gert og allar, þær sem máli skipta, í samráði við fulltrúa landgræðslustjóra, sem er sérfræðingur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í beitarrannsóknum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins. Þeir málsliðir og málsgreinar, sem tilfærð eru innan tilvitnunarmerkja, eru tekin orðrétt eftir athugasemdum við hið eldra frumvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála (1.—3. gr.).

Um 1. gr.

Hér er eigi breytt frá þeirri venju, er skapazt hefur. Eðlilegt má telja, að kaupstaður, sem á eða hefur umráðarétt yfir afréttarlandi, sé sérstök fjallskiladeild innan þess fjallskilaumdæmis, er landið hefur áður legið undir, en sé ekki fjallskilaumdæmi út af fyrir sig.

Um 2. gr.

„Hér er kveðið á um, hverjir fari með stjórn fjallskilamála. Er þar byggt á umdæmaskiptingu 1. gr. og fylgt hinni fornu reglu, að stjórn þeirra mála sé í höndum héraðsstjórna.“

Um 3. gr.

Hér er notað orðið „fjallskilasamþykkt“ en ekki „fjallskilareglugerð“, svo sem tíðkazt hefur til þessa. Þykir það heiti eiga öllu betur við hinar staðbundnu sýslunefndarsamþykktir, er greinin fjallar um.

II. kafli.

Um afrétti og notkun þeirra (4.—16. gr.).

Um 4. gr.

„Hér er ákveðið að vald fjallskilastjórna nái til allra landsvæða, sem búfé getur farið um, hvort heldur eru afréttir eða heimalönd, hvort heldur um er að ræða heimalönd í þrengri merkingu eða úthaga, en framkvæmd fjallskilanna getur vitaskuld orðið með mismunandi móti, eftir því hvort um er að ræða afrétti, sameiginleg sumarbeitilönd eða önnur heimalönd.“

Um 5. gr.

Greinin þarf ekki skýringa við.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt verður að telja, að fyrir hendi sé í hverju fjallskilaumdæmi skilmerkileg skrá um alla afrétti, er héraðsbúar nota. Ágreiningi út af afréttarskrá má að sjálfsögðu vísa til dómstóla.

Um 7. gr.

Sú er venjan, að upprekstrarrétt á afrétt eigi allir búfjáreigendur á upprekstrarsvæðinu, nema jarðeigandi hafi afsalað jörð sinni þeim rétti og ákvæði þar að lútandi tekið upp í fjallskilasamþykkt og tilgreint í afréttarskrá. Fái maður leyfi til að nota annan afrétt en þann, þar sem hann á upprekstrarrétt, ber honum að sjálfsögðu að greiða sérstakt upprekstrargjald.

Um 8. gr.

Ef upprekstrar- eða afréttarland er í einkaeign, á eigandi rétt á upprekstrargjaldi, „nema því aðeins að notandi hafi með hefð eða á annan hátt unnið endurgjaldslausan afnotarétt og geti fært sönnur á þann rétt sinn."

Um 9.—10. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga jafnt við, hvort heldur um er að ræða almenningsafrétt eða afrétt í einkaeign.

Um 12.—13. gr.

Skýringa ekki þörf.

Um 14. gr.

Í lögum um landgræðslu frá 1965 er svo kveðið á í 19. gr., að gróðurverndarnefndir skuli starfa í hverri sýslu, „þar sem landgræðslustjóri telur þess þörf." Í a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti snúið sér til landgræðslustjóra, hafi gróðurverndarnefnd eigi verið kosin í sýslunni.

Um 15. gr.

Í landgræðslulögum eru engin ákvæði hliðstæð þeim, er hér eru sett. Hins vegar er gróðurefling í afréttarlöndum ýmsum þvílíkt nauðsynjamál, að eigi er áhorfsmál að ætla henni árlega nokkurt framlag af opinberu fé, enda komi í móti framlag frá eigendum lands eða notendum. Yrði því fé, sem þannig fengist til gróðureflingar (dreifing áburðar og/eða fræs o. fl.), að sjálfsögðu varið í samráði við þá aðila, sem með landgræðslumál fara.

Um 16. gr.

Sjá fylgiskjal I (bls. 18—19).

III. kafli.

Um ítölu (17.—29. gr.).

Um 17.—18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þrengi ítala svo að jörð, að eigi teljist ábúðarhæf að dómi Búnaðarfélags Íslands, er einsætt, að búa verður eiganda skilyrði til að geta selt jörðina við því verði, að eigi bíði halla af.

Um 20.—21. gr.

Skýringa ekki þörf.

Um 22. gr.

Samkvæmt ítölulögunum frá 1959 skal ítala grundvölluð á mati — beitarþolsmati —, enda ekki fullkomnari né öruggari aðferðum til að dreifa við ákvörðun á beitarþoli lands, er lögin voru sett. Nú er þess hins vegar auðið orðið að beita vísindalegum aðferðum við ákvörðun beitarþols, og því einsætt að byggja ítölu á beitarþolsrannsókn þess lands, er telja skal í.

Við ákvörðun búfjáreininga í ítölulandi var höfð hliðsjón af áliti sérfræðings við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Um 23.—29. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

IV. kafli.

Um ágang afréttarpenings o. fl. (30.—34. gr.).

Um 30.—34. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

V. kafli.

Um göngur og réttir (35.—50. gr.).

Um 35. gr.

„Ákvæði um smölun til rúnings á vorin munu vera í flestum fjallskilareglugerðum. Meðvitund manna um valdsvið sveitarstjórna og skyldu fjáreigenda í þessu tilliti er þó víða óljósari en gagnvart haustsmölunum, og þykir því rétt að leggja áherzlu á, að fjallskilasamþykktir setji ákveðin fyrirmæli um þetta efni.“

Enda þótt sú sé venjan, að hver fjallskiladeild hafi sinn sérstaka fjallskilasjóð og að því beri að stefna, þá mun enn eigi alls staðar vera svo. Gegnir þá sveitarsjóður hlutverki fjallskilasjóðs.

Um 36. gr.

„Víðast hér á landi mun venja að gera þrenn almenn fjallskil á afrétti á hverju hausti. Þó er aðstaða til að fullhreinsa afrétti svo breytileg, að ekki þykir ástæða til að lögbjóða skilorðslaust nema tvenn fjallskil, en fjallskilasamþykktir ákveða síðan eftir staðháttum, hvar meiri kröfur séu gerðar til hreinsunar, og er þar t. d. hægt að ákveða þrenn almenn fjallskil.“

Um 37. gr.

Hér er kveðið svo á, að fjallskilaskyldir séu eigi aðeins þeir, er búpening hafa undir höndum, heldur og hver sá, er ábúð hefur eða umráðarétt jarðar. Er það ákvæði sett með sérstöku tilliti til einstakra eyðijarða svo og hins, að sums staðar er venja að jafna nokkrum hluta fjallskilakostnaðar niður á landverð jarða, sbr. 41. gr.

Um 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Sanngjarnt má telja, enda víða tíðkað, að hreinsun víðlendra heimalanda, þar sem afréttarpeningur gengur meir eða minna, sé metin til fjallskila. Felst og í því nokkur trygging fyrir betri framkvæmd.

Um 40. gr.

Þar sem svo er ástatt, að heilar sveitir eða sveitarhlutar hafa fallið úr byggð, gefur auga leið að það er alger ofætlun þeim, er búa á næstu grösum, að inna af hendi á eigin kostnað fjallskil þeirra jarða, er lagzt hafa í auðn. Er þá eigi fyrir

hendi annar kostur en sá, að hið opinbera inni þessa skyldu af hendi og kosti nauðsynleg fjallskil. Má telja eðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands hafi þar meðalgöngu og úrskurði reikninga.

Um 41. gr.

Sú mun algengust venja, að almennum fjallskilakostnaði sé jafnað niður eftir tölu fjallskilaskylds búpenings. Þó er sums staðar nokkrum hluta fjallskilakostnaðar jafnað niður á landverð jarða. Þykir rétt að lögfesta heimildarákvæði þar um.

Um 42.—45. gr.

Skýringa ekki þörf.

Um 46. gr.

„Þar sem staðhættir eru mjög ólíkir innan sömu sýslu, getur þótt hentugt að skipa málefnum þessum með eitthvað mismunandi hætti, eftir aðstæðum í hverri sveit, og er þá eigi óeðlilegt, að það sé gert með sveitarsamþykkt."

Um 47.—48. gr.

Skýringa ekki þörf.

Um 49. gr.

„Rétt þykir að lögbinda skyldu landeiganda til að láta í té land undir réttarbyggingu, þar sem eigi er tún eða engi, enda getur staðarval réttar skipt miklu máli."

Um 50. gr.

Þarf ekki skýringar við.

VI. kafli.

Um hreinsun heimalanda eftir réttir (51.—52. gr.).

Um 51.—52. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

VII. kafli.

Um eftirleitir og öræfaleitir o. fl. (53.—56. gr.).

Um 53. gr.

Ákvæði um eftirleitir hljóta að verða með ýmsum hætti og fara eftir staðháttum og aðstöðu til hreinsunar afréttarlanda. Slík ákvæði eiga að sjálfsögðu heima í fjallskilasamþykktum.

Um 54. gr.

Rétt þykir að lögbinda sýslunefndir skyldu til að hafa eftirlit með því, að nauðsynlegar öræfaleitir fari fram.

Um 55. gr.

Fé sækir oft á sömu öræfaslóðir ár eftir ár og dregur annað með sér. Því eru þessi ákvæði sett.

Um 56. gr.

Sjá fylgiskjal I (bls. 19—20).

VIII. kafli.

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár (57.—61. gr.).

Með ákvæðum þessa kafla er reynt að samræma fyrirmæli flestra fjallskilareglugerða svo og venjur þær, sem fylgt hefur verið víðast hvar.

Um 57.—58. gr.

Skýringa eigi þörf.

Um 59. gr.

Eigi hefur um það gilt föst regla, hvaða aðilar skyldu sjá um birtingu auglýsinga um förgun eða sölu óskilapenings. Sums staðar eru það hreppstjórarnir, sem annast birtingu, annars staðar sýslumenn og í einni sýslu a. m. k. markavörður. Hér er lagt til að hreppstjórar sjái um birtingu slíkra tilkynninga. Má ætla, að þær komi fyrr fyrir augu lesenda, ef hreppstjórar senda þær Lögbirtingablaðinu milliliðalaust.

Um 60.—61. gr.

Þurfa eigi skýringa við

IX. kafli.

Um mörk og markaskrár (62.—69. gr.).

Um 62. gr.

Nokkuð mun á skorta um samræmi í markaheitum, sama mark nefnt sínu nafninu í hverjum landshluta og jafnvel ekki dæmalaust, að tvenns konar gerð marks hafi eitt og sama heiti. Þetta getur í sumum tilvikum reynzt bagalegt. Er ætlazt til að markadómur, sbr. 69. gr., vinni þarna að samræmingu, eftir því sem fært kann að þykja. Geta má þess, að góðar myndir af margvíslegum gerðum marka eru birtar í Almanaki Þjóðvinafélagsins 1912, og einnig í sumum markaskrám.

Um 63. gr.

Greinin er í samræmi við eldri ákvæði og þarfnast eigi sérstakra skýringa.

Um 64. gr.

Mörk, sem ætla má að bannað yrði í fjallskilasamþykkt að nota, eru t.a.m. netnál, hvathamrað, sýlt í hamar (sýlhamrað), hálfstúfrifað (rifa í hálfan stúf), miðhlutað í stúf, þristúfrifað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf, blaðstúfrifað, geirstúfrifað o. fl.

Um 65.—66. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 67. gr.

Allt til þessa hefur engin regla gilt um útkomu markabóka. Í einni sýslu hefur markaskrá verið prentuð þetta árið, í annarri hitt. Þá er og mjög á reiki hversu oft skrárnar eru prentaðar. Í sumum sýslum eru þær gefnar út 4. hvert ár, í öðrum 6. eða 8. hvert ár — ef þá ekki enn sjaldnar. Þetta er ótækur ruglingur og getur valdið miklum baga. Því er hér tekið upp það nýmæli, að markaskrár skulu gefnar út samtímis um allt land og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Er raunar vafasamt, hvort eigi ætti að ákveða skemmri útgáfufrest. En heimilt er að sjálfsögðu hverju fjallskilaumdæmi að stytta frestinn um helming og gefa markaskrá sína út 4. hvert ár, svo sem þau hafa sum lengi gert. Færi þá vel á að þau fjallskilaumdæmi, þar sem mikill er samgangur búpenings, hefðu um það samtök sín í milli.

Þá er svo fyrir mælt í þessari grein, að stjórn fjallskilaumdæmis skuli tilnefna sérstakan mann, markavörð (markaumsjónarmann), sem auk þess að annast útgáfu markaskrár hefur eftirlit með því í samvinnu við markaverði nágrannahéraða, að sammerkingar eigi sér ekki stað. Getur hann í því skyni leitað aðstoðar markadóms, sbr. 69. gr.

Um 68. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 69. gr.

„Hér er um nýmæli að ræða. Er markadómi ætlað að samræma markreglur, koma í veg fyrir sammerkingar og skera úr deilum um mörk. Getur markadómur bæði látið mál þessi til sín taka af sjálfsdáðum og eftir kæru frá markavörðum eða

fjáreigendum. Er eigi ólíklegt, að markadómur geti hér orðið að talsverðu gagni. Um skipun dómsins getur auðvitað verið álitamál, en eigi er óeðlilegt, að hann sé skipaður með þeim hætti, sem í greininni segir.“

X. kafli.

Ýmis ákvæði (70.—71. gr.).

Um 70.—71. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Breytingartillögur Búfjárræktarnefndar Búnaðarþings, sem samþykktar voru á Búnaðarþingi 1967, og prentaðar eru hér á eftir sem fylgiskjal I, hafa verið færðar inn í þetta frumvarp.

Fylgiskjal I.

BÚFJÁRRÆKTARNEFND

Frumvarp til laga um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Ályktun:

Búnaðarþing leggur til, að frumvarp um afréttamálefni, fjallskil o. fl., sem fyrir þinginu liggur, verði lögfest með þeim breytingum, sem hér segir:

I. Í 5. gr. falli niður orðin „og viðkomandi hreppsnefndar“.

II. Í 7. gr. komi orðin „sbr. þó c-lið 14. gr.“ á eftir 2. málsgr.

III. Í 8. gr. 2. mgr. komi orðið „sveitarstjórnar“ í stað umráðamanna.

IV. Við 11. gr. bætist: „Eigi tekur þó ákvæði þetta til fiskveiði eða annarra hlunninda, sem í einkaeign eru, þó í afrétti séu.“

V. Á eftir b-lið 14. gr. komi „c. Bannað, að stóðhross séu rekin í afrétti, enda séu þau þá undanþegin fjallskilum“.
c-liður verði d-liður.

VI. 15. gr. 1. málsgr. orðist svo: „Verja skal árlega úr ríkissjóði tiltekinni fjárhæð til gróðurverndar á afréttum og öðrum sameiginlegum sumargöngulöndum með hliðsjón af a-lið 14. gr.“

VII. Á eftir 15. gr. komi ný grein svo hljóðandi, og breytist töluröð greina í samræmi við það:

„Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði ¾ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og skal hún þá breyta fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveða hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttarlanda fer sem hér segir:

a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri, sem skipta á, hefur frá fornu fari annazt um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.

b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.“

VIII. Síðasta málsgr. 18. gr. orðist svo: „Vilji hvorugur aðili kaupa, getur eigandi krafizt þess, að ríkið kaupi jörðina fyrir fasteignamatsverð.“

IX. 29. gr. orðist svo: „Nú gengur búfé úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefnd aðvart. Skipar hún þá fyrir um smölun ágangspeningsins og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afréttinn nota, þann er ágangsfénaður kom frá.“

X. 39. gr. orðist svo: „Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera ½, hreppar þeir er fjárvon eiga í löndunum ¼ og ríkið ¼. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.“

XI. 45. gr. orðist svo:

„Í fjallskilasamþykkt skal ákveða um sameiginleg fjallskil á fjalllönd jarða, sem notuð eru til upprekstrar eða sem sameiginleg sumarbeitilönd, svo og á lönd jarða, sem vegna staðhátta liggja undir sérstökum ágangi, enda séu sýslunefnd færðar sönnur á, að svo sé, eða til komi mat dómkvaddra manna.

Nú er ágangur, sem um getur í síðustu málsgr., úr annarri fjallskiladeild eða öðru fjallskilaumdæmi, og getur þá sá, er fyrir ágangi verður, krafizt þess, að sá, er ágang veitir, leggi til menn í lögboðnar göngur, eftir því sem hæfilegt þykir, en kaupi ella fé sitt út, eftir samkomulagi eða því verði, sem sýslumaður úrskurðar.“

XII. 46. gr., síðasta málsgr. orðist svo:

„Með sérstakri ákvörðun fyrir eitt ár í senn getur sveitarstjórn eða fjallskilastjórn, að fengnu samþykki sýslunefndar, flýtt eða frestað leitum, ef sérstök ástæða þykir til.“

XIII. Fyrirsögn VII. kafla verði: „Eftirleitir, öræfaleitir o. fl.“

XIV. Aftan við 54. gr. komi ný grein (og breytist töluröð greina í samræmi við það):

„Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim skylt, sem þess verður var, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann ráða menn, svo marga sem þarf, til björgunar. Sé björgun óframkvæmanleg að dómi björgunarmanna, eða aðstæður svo torveldar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarlaunum, er þeim skylt, sé það fært, að skjóta það.

Kostnaður við að ná fé úr ógöngum greiðist sem hér segir:

a. Náist kind lifandi, skal eigandi greiða helming verðs hennar, en sveitarsjóður, þar sem kindin á heima, afgang kostnaðar.

b. Þurfi að skjóta kindina eða hún ferst við björgun, skal sýslusjóður, þar sem landið liggur, bera kostnað. Reikninga vegna björgunar samþykkir sýslumaður.“

XV. 60. gr. orðist svo:

„Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afrétta.

XVI. 65. gr. Aftan við orðin „sjá um útgáfu markaskrár“ komi: „Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.“

Gísli Magnússon. Friðbert Pétursson. Hjalti Gestsson.
Magnús Sigurðsson. Þórarinn Kristjánsson. Össur Guðbjartsson.

Samþykkt á Búnaðarþingi 1697.

Fylgiskjal II.

Úr greinargerð stjórnskipuðu nefndarinnar, sem samdi upphaflega frumvarpið.

Hinn 10. desember 1958 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna „til að endurskoða ákvæði laga um notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil, ágang búfjár o. fl“. Var nefnd þessi skipuð samkvæmt tilmælum í ályktun Búnaðarþings 1957.

Í nefndina voru skipaðir: Ólafur Jóhannesson, prófessor, er var formaður hennar, Jón Gauti Pétursson, oddviti, Gautlöndum, og Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmaður. Hefur nefndin samið frumvarp það um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., sem hér liggur fyrir.

Áður en nefndin tók frumvarpið saman, aflaði hún sér upplýsinga um framkvæmd afréttarmála og fjallskila víðs vegar um land. Enn fremur reyndi hún að kynna sér, hverjar óskir hefðu sérstaklega komið fram um breytingar á reglum varðandi notkun afrétta og fjallskil. Leitaði hún í því skyni skýrslna hjá sýslumönnum, er aftur margir hverjir lögðu málið fyrir sýslunefnd, eða fengu upplýsingar hjá hreppsnefndaroddvitum í sýslunni. Fengust með þessum hætti gagnlegar upplýsingar um málefni þau, sem frumvarpið fjallar um.

Hver afréttur er ákveðið landssvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða. Á hvern afrétt eiga tilteknar jarðir upprekstrarrétt. Sá réttur byggist í langflestum tilfellum á fornri hefð og venju, og hefur í öndverðu orðið til með þeim hætti, að bændur í ákveðinni byggð eða einhverjum byggðarhluta hafa tekið tiltekið landssvæði utan byggða til sumarbeitar fyrir geldfé sitt, og hafa svo jafnframt orðið að bindast samtökum um smölun á því landi. Hafa flestir afréttir ugglaust verið teknir í notkun mjög snemma, sennilega þegar á síðari hluta landnámsaldar, er byggðin í landinu tók að þéttast. Hefur skipting sumarbeitilanda utan byggða þá þegar komizt í nokkurn veginn fast horf, og hefur sú skipan haldizt að mestu óbreytt síðan, enda víðast hvar byggð á náttúrlegum staðháttum, þ. e. afréttarsvæðin skilin að af fjöllum eða vötnum.

Um afréttarnot og fjallskil hafa fljótlega myndazt ákveðnar venjur á hverjum stað, eða jafnvel verið um þau efni gerðar sérstakar samþykktir. Eftir að hreppar koma til sögunnar, er forstaða afréttarmála og fjallskilastjórn í þeirra höndum, og hafa jafnvel sumir viljað rekja uppruna hreppanna til þessara viðfangsefna þeirra. Hvað sem um það er, þá er víst, að langflestir afréttanna hafa, svo lengi sem vitað

er, verið tengdir ákveðnum hreppi eða hreppum. Hitt er annað mál, að nokkrir afréttir komust síðar undir yfirráð kirkjunnar eða höfðingja, er lögðu þá til einstakra jarða. En allt frá fornu fari hefur stjórn afréttarmála og fjallskilaframkvæmd að langmestu leyti verið í höndum héraðsstjórna.

Eftir stofnun allsherjarríkisins hefur þó löggjafarsamkoman sjálfsagt fljótlega látið mál þessi til sín taka, enda liggur í augum uppi, hve þýðingarmikil þau eru fyrir landbúnaðarþjóð, sem aðallega stundar kvikfjárrækt. Í þjóðveldislögum þeim, sem varðveitzt hafa til vorra daga — Grágás — eru allmörg ákvæði, sem lúta að þessum landbúnaðarmálefnum, svo sem um afréttir, almenninga, ágang búfjár o. fl.

Ákvæði Grágásar um þessi efni voru flest tekin upp í Jónsbók. Þó voru gerðar á þeim allmiklar breytingar, sem flestar voru sniðnar eftir norskum lögum. Voru sum þeirra nýmæla miðuð við norska staðháttu og áttu ekki alls kostar við hér á landi, svo sem ákvæðin um löggarða, sem landsmenn hreyfðu athugasemdum við á Alþingi 1281, enda var þeim breytt skömmu síðar með réttarbót Eiríks konungs Magnússonar frá 1294. Þrátt fyrir þessi lögbókarákvæði hefur fjallskilaframkvæmd á hverjum stað að miklu leyti farið eftir fyrirmælum hreppstjórnarmanna eða sammæli afréttareigenda.

Flest þessara Jónsbókarákvæða hafa aldrei beinlínis verið numin úr gildi, og ef frá eru skildar hinar staðbundnu fjallskilareglugerðir, sem út eru gefnar af handhöfum framkvæmdarvalds, hefur fremur lítið kveðið að nýrri lagasetningu á þessu sviði. Samt sem áður rís oft spurning um lagagildi þessara gömlu ákvæða. Vafalaust verður að telja sum þeirra úr gildi fallin, sakir þess að þau samrýmast ekki lengur breyttum búnaðarháttum og eru orðin algjörlega úrelt. En að svo miklu leyti sem hin fornu Jónsbókarákvæði ásamt síðari réttarbótum verða ekki fyrnd talin eða niðurfallin fyrir notkunarleysi, eru þau enn þann dag í dag gildandi lög um þessi efni. Þessi gömlu lagafyrirmæli hafa því orðið óvenju langlíf, en eftir þá byltingu í búskaparháttum, sem átt hefur sér stað á síðustu áratugum, henta þau auðvitað ekki jafnvel sem fyrr.

Í tilsk. um sveitastjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt, að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o. fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir fyrir sýsluna. Voru í fjallskilareglugerðirnar settar ýtarlegar reglur um þessi efni. Með lögum frá 22. marz 1890 um löggiltar reglugerðir sýslunefnda var ákveðið, að sýslunefnd skyldi leita staðfestingar amtráðs á fjallskilareglugerð. Samsvarandi ákvæði er í lögum nr. 48/1919, nema hvað þar er ákveðið, að reglugerð skuli senda stjórnarráðinu til löggildingar. Þar segir enn fremur svo í 1. gr.: „Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hvenær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög.“ Hin tilvitnuðu orð ber þó vitaskuld eigi að skilja svo, að sýslunefndum og stjórnarráði sé þar með fengið löggjafarvald, og að allt, sem í staðfestri reglugerð stendur, skuli hafa sama gildi og löggjafarfyrirmæli. Reglugerðin verður að vera í samræmi við lög. Ákvæði í fjallskilareglugerðum verða að víkja fyrir settum lögum. Í fjallskilareglugerðir má ekki setja nein fyrirmæli, sem eru gagnstæð lögum. Þessa hefur ekki ætíð verið gætt. Í fjallskilareglugerðum eru ýmis ákvæði, sem fara í bága við hin fornu Jónsbókarákvæði, en slík reglugerðarákvæði fá ekki staðizt, svo framarlega sem hin gömlu lögbókarfyrirmæli teljast í gildi. Í framangreindum réttarheimildum, hinum fornu lögbókarbrotum, sem enn eru í gildi, og í hinum staðbundnu fjallskilareglugerðum er einkum að finna gildandi réttarreglur um afréttarmálefni, fjallskil og fjárheimtur.

Af yngri lögum, sem sérstaklega varða málefni þau, sem hér er um að ræða, má nefna lög um ítölu nr. 39 frá 1959.

Þrátt fyrir allýtarlega lagasetningu frá fyrri öldum um afréttarmálefni, svo sem hér hefur verið rakið, hafa eigi verið, og eru ekki fyrir hendi nein bein lagafyrirmæli um það, hvernig háttað sé almennt eignaryfirráðum yfir afréttum. Getur því verið spurning um, hversu víðtækan rétt svokallaðir afréttareigendur eigi til af-

réttar síns, með öðrum orðum, hvort þar sé um að ræða beinan eignarrétt að afrétti eða aðeins ítaks- eða afnotarétt í sjálft afréttarlandið, sem hins vegar beri nánast að skoða sem eins konar almenning, og þar af leiðandi ríkiseign. Um þá afrétti, sem tilheyra einstökum jörðum eða kirkjum, eða sveitarfélög eða upprekstrarfélög hafa keypt eða með öðrum hætti fengið lögmæta eignarheimild fyrir, er að vísu enginn vafi. Þar á afréttareigandinn afréttarlandið með öllum þess gögnum og gæðum, en má þó ekki með hagnýtingu sinni spilla afréttarnotum annarra, sem þar eiga upprekstrarrétt, hvort sem sá réttur byggist á fornri hefð eða löggerningi. Þegar þessum tilfellum sleppir, eru skoðanir skiptar um það, hvort fremur beri að skoða sveitarfélag eða annan afréttaraðila eiganda afréttarlandsins eða aðeins eins konar ítakshafa í ríkisland. Sé hinu síðarnefnda játað, eiga afréttaraðilarnir rétt til venjulegra afréttarnota, svo og þann rétt, sem löggjöfin kann að heimila þeim sérstaklega, eða þeir hafa öðlazt með annarri hagnýtingu landsins. Sé hið fyrra rétt, er afréttarlandið bein eign afréttaraðilans, sem hann verður þá ekki að neinu leyti sviptur, nema með eignarnámi.

Af skýrslum þeim, sem nefndinni bárust, má ráða, að sveitarstjórnir telja afrétti víðast hvar eign viðkomandi hrepps, enda þótt ekki sé bent á sérstaka eignarheimild aðra en upphaflega töku og aldalöng not. Þegar litið er til dóms hæstaréttar frá 25. febr. 1955, má hins vegar ætla, að dómstólar muni almennt hallast að því, að réttur sveitarfélaga til afréttar síns sé aðeins afnotaréttur í tilteknar áttir, en afréttarlandið sjálft sé ekki háð einstaklingseignarrétti, nema það sé sérstaklega sannað, að svo sé. Í ýmsum settum lögum sýnist og byggt á svipuðu sjónarmiði, sbr. t. d. l. 100/1940, gr. 8, l. 63/1954, gr. 5, l. 50/1909, gr. 1. og l. 40/1907, gr. 16. Það verður alls ekki fullyrt, að sama regla gildi að þessu leyti um alla „almenningsafrétti", heldur er einmitt líklegra, að þetta sé með nokkuð mismunandi hætti um einstaka afrétti. Að svo vöxnu máli taldi nefndin eigi fært að orða almenna lagareglu um eignaryfirráð afrétta. Þar sem ágreiningur rís um eignarrétt að tilteknum afrétti, verða dómstólar að skera úr. Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að gerðar séu sem gleggstar skrár um afrétti, hverjir þeir séu, hver séu merki hvers þeirra og hvaða jarðir eigi upprekstrarrétt á hvern afrétt. Eiga ákvæði frumvarpsins að stuðla að því, að föst skipan komist á þessi mál. En hvað sem rétt kann að verða talið um eignarréttinn að sjálfu afréttarlandinu í „almenningsafréttum", þá eru yfirráð afréttaraðila yfir afrétti sem upprekstrar- og beitilandi ótvíræð og styðjast víðast hvar við óslitna notkun öldum saman.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst byggt á hinum fornu lögbókarfyrirmælum að svo miklu leyti sem þau samrýmast ríkjandi réttarhugmyndum og nútíma búskaparháttum. Hin gömlu lagabrot hafa verið tengd saman, færð í nýjan búning, að því er mál og framsetning varðar, og löguð til eftir breyttum aðstæðum. Jafnframt eru í frumvarpinu mörg önnur fyrirmæli. Hafa sum þeirra ákvæða hingað til verið aðeins í fjallskilareglugerðum, en eiga eftir efni sínu betur heima í lögum en staðbundnum samþykktum, önnur eru sniðin eftir framkvæmd og venju, sem upplýst hefur verið um, og loks eru nokkur algjör nýmæli, sem þörf er talin á, og gerð verður nánari grein fyrir í athugasemdum við einstakar frumvarpsgreinar. Þá þótti og eftir atvikum rétt að fella hin nýlegu lög um ítölu inn í frumvarpið, en þó voru um leið gerðar á þeim smávegis breytingar. Eftir sem áður, eru þau þó heldur flókin, og væri t. d. umsvifaminna að láta dómkveðja ítölunefnd, en ekki var að svo stöddu talið rétt að gera neinar meiri háttar breytingar á lögunum.

Samkvæmt frumvarpinu er til þess ætlazt, að eftir sem áður geti héraðsstjórnirnar ráðið miklu um framkvæmd afréttarmála og fjallskila. Því er mjög víða mælt svo fyrir, að í fjallskilareglugerð skuli sett nánari fyrirmæli um efni, sem frumvarpið geymir aðeins meginreglu um. Það er æskilegt, að hægt sé að laga reglur um framkvæmd þessara mála eftir staðháttum á hverjum stað. Reynslan sýnir, að sú skipan hefur reynzt vel hér á landi, og er því ástæðulaust að breyta henni. Afskipti

héraðsstjórna af þessum málum verða því með svipuðum hætti, sem hingað til, nema hvað vald þeirra er í sumum greinum aukið frá því, sem verið hefur, eða að minnsta kosti tekin af öll tvímæli, þar sem um ákvörðunarvald þeirra mátti áður deila. Er sú stefna í samræmi við óskir, sem fram komu í svörum sýslumanna.

Í frumvarpinu er sérstakur kafli um búfjármörk. Virðast fyrirmæli um það efni eiga heima í heildarlöggjöf um afréttarmálefni og fjallskil, þótt vitaskuld mætti allt eins vel setja sérstök lög um mörkin. Sauðfjármörkin eru merkilegt réttaratriði, og reglur íslenzkra laga um það efni munu á ýmsa lund hafa verið sérstæðar. Hin gömlu fyrirmæli um búfjármörkin eru þó að ýmsu leyti ófullkomin, t. d. að því er varðar upptöku nýrra marka og markaskrár, en um þær eru ekki almennar reglur í lögum. Hér er þörf fyllri og skýrari fyrirmæla. Mörkin gegna mikilvægu hlutverki, þar sem þau eru aðalsönnunargagnið um eignarrétt manna að sauðfénu, sem um aldir hefur verið höfuðbústofn landsmanna, en markaskrárnar eru aðalheimildarskilríkin um mörkin. Um þessi efni þurfa að vera fyrir hendi fastar, almennar og skýrar reglur. Eru ákvæði X. kafla við það miðuð.

Þess má að lokum geta, að í frumvarpinu eru fyrirmæli, sem lúta að ræktun afrétta og annarra sumarbeitilanda. Eru þau ákvæði algjör nýmæli í lögum. Er ekki vafamál, að þar er stefnt í rétta átt, svo sem nánar verður að vikið í athugasemdum við III. kafla.

Að öðru leyti vísast til skýringa við hinar einstöku greinar.

Ágangur afréttarfjár.

Í Jónsbók, landsleigub. 53, er svo fyrir mælt, að ef fé gengur úr afrétt í land þess manns, er næstur býr afrétt, þá megi hann reka féð aftur í miðjan afrétt, en einnig sé honum rétt að hafa það í sínu landi eða reka það heim til þess manns, er á það. Reki hann aftur á móti féð í annars manns land, á hann að bæta þeim manni skaða þann, sem af því hlýzt. Sama rétt eiga aðrir menn, ef afréttarpeningur er rekinn í land þeirra eða gengur þangað sjálfur. Rétt er þessum mönnum að láta féð ganga hvert sem það vill.

Hafi fjáreigandi rekið fé sitt á afrétt, varðar það hann samkvæmt þessu ekki bótum, þótt féð renni úr afréttinum í heimalönd annarra manna. Sá, sem fyrir ágangi fjárins verður, á, eftir þessu, þriggja kosta völ, þ. e. a. s. að láta féð afskiptalaust og leyfa því að renna hvert á land sem vill, og ber þá ekki ábyrgð á því, þó að það gangi af hans landi í lönd annarra manna, að reka féð til afréttar og að reka það heim til eiganda.

Þessi Jónsbókarákvæði eru enn talin í gildi, enda þótt sett hafi verið ákvæði í sumar fjallskilareglugerðir, sem eru þeim ósamþýðanleg. Þessum ákvæðum er að efni til haldið óbreyttum, sbr. 35. gr., en jafnframt eru þeim, sem fyrir ágangi afréttarfjár verða, heimilaðar aðrar leiðir, svo sem að krefjast girðingar, sbr. 33. og 34. gr. eða smölunar heimalanda og reksturs til afréttar á kostnað hrepps eða afréttarfélags, sbr. 36. gr. Eru þessi úrræði í samræmi við breyttar aðstæður og eiga sér fordæmi í nokkrum fjallskilareglugerðum og girðingalögum.

Ágangur búfjár almennt.

Samkvæmt Grágás varðaði beit á túni, ökrum eða engjum útlegð (sekt) og uslabótum og jafnvel fjörbaugsgarð, ef kúgildisskaði varð af. Þessum reglum var breytt, er Jónsbók var lögtekin. Þar var ákvæði um þetta efni í landsleigub. 31, sem virðist eiga að skilja svo, að það hvort ágangur varðaði bótum, væri undir því komið, hvort löggarður var um landið eða ekki. Þessi ákvæði voru sniðin eftir norskum lögum og voru eitt af því, sem landsmenn hreyfðu athugasemdum við, er Jónsbók var lögtekin 1281. Þessu ákvæði var því skömmu síðar breytt með 5. gr. réttarbótarinnar 1294. Samkvæmt henni skyldi greiða fullar bætur fyrir beit túns, akra eða engja, þótt eigi væri löggarður um. Þetta ákvæði réttarbótarinnar verður að telja gild lög enn þann dag í dag. Ágangur búfjár í tún, akra eða engi varðar því fjár-

eiganda bótum, án tillits til þess, hvort landið er girt eða eigi, og hvort sem fjáreiganda verður um kennt eða ekki.

Þessi ákvæði eru að efni til staðfest í 38. gr. þessara laga, er einnig lætur hið sama gilda um afgirt svæði, þótt ekki séu þar tún, engi eða matjurtagarðar. Jafnframt er þar heimiluð innsetning ágangspenings, ef um endurtekinn átroðning er að ræða, en um innsetning búfjár eru nú fyrirmæli í landsleigub. 33. Skilyrði fyrir innsetningu samkvæmt Jónsbók voru í stuttu máli þau, að búfé, sem annar á að hirða, sé komið í land manns, að búféð hafi gert skaða, sem varðar við lög. Innsetjandi á að setja fénaðinn lausan inn, án þess að leggja band á hann. Innsetjandi ábyrgist, ef féð treðst undir af húsþröng, eða hús fellur á fénaðinn eða garður, nema því aðeins að fénaðurinn felli sjálfur ofan á sig. Innsetjandi ber enga ábyrgð á því, þótt féð stangi hvert annað til bana. Samkvæmt þessu á innsetjandi að fara svo með fénaðinn sem góður og skynsamur maður myndi gera. Réttur ágangsþola liggur í því, að hann á rétt á að taka ágangsfénaðinn undir umsjón sína og halda honum unz uslagjöld eru greidd. Ef eigandi vildi eigi út leysa, skyldi féð standa inni til fimmtar, þ. e. þangað til fimm dagar eru liðnir, en að þeim fresti liðnum mátti selja það. Ákvæði 38. og 39. gr. eru að miklu leyti sama efnis og hin fornu innsetningarákvæði.

Í 5. gr. réttarbótarinnar 1294 segir, að skylt sé að hafa löggarð um, hvar sem hlaðið er korni eða töðu. Þetta ákvæði hefur verið skilið á þá lund, að menn ættu að verja hey sín eða kornstakka með löggarði, þ. e. nú með gripheldri girðingu. Sé svo um búið, fellur ágangur fénaðar í hey, sem saman er sett úti, undir 38. gr., en annars ekki, heldur kemur þá undir 37. gr.

Samkvæmt Jónsbók, landsleigub. 16, verður fjáreigandi bótaskyldur fyrir beit í haga annars manns í þessum tilvikum: Í fyrsta lagi, ef hann rekur eða lætur reka fé að landi eða í land annars manns, svo að hann vildi, að hagi hins beittist. Í öðru lagi, ef löggarður er um landið, þ. e. nú gripheld girðing. Og í þriðja lagi, ef landið var lögfest, sem kallað var. Í fyrsta tilfellinu verður fjáreigandi skaðabótaskyldur samkvæmt almennum skaðabótareglum, og breytir þessi lagasetning þar engu um. Í öðru tilfellinu verður og fjáreigandi framvegis skaðabótaskyldur samkvæmt 38. gr. Um þriðja tilvikið er það að segja, að lögfestur samkvæmt Jónsbók hafa eigi átt sér stað s. l. 90 til 100 ár, og sýnist ástæðulaust að gera ráð fyrir frambúðargildi þeirra, enda má beita lögbanni, þar sem það á við. En hvort sem beit í haga annars manns varðar skaðabótum eða ekki, þá er hún yfirleitt óheimil. Menn eru almennt ekki skyldir til að þola ágang búfjár annarra manna í haga sína, nema samkvæmt samningi eða hefð, og eiga auðvitað rétt á því sjálfir að verja þá. En það er ekki nægilegt. Það virðist réttmætt að leggja með nokkrum hætti gæzluskyldu á eigendur og haldsmenn búpenings, hafi þeir ekki náð samkomulagi um sameiginlega hagbeit eða sveitarsamþykkt verið gerð um það efni, sbr. 14. og 51. gr. þessa lagafrumvarps. Á því sjónarmiði eru ákvæði 37. gr. frumvarps þessa reist, en þar er heimilað að láta fram fara smölun ágangsfjár og rekstur þess á afrétt eða þangað, sem það má vera, allt á kostnað fjáreiganda. Kunna ákvæði þessi fljótt á litið að virðast nokkuð ströng, en sýnast þó óhjákvæmileg, nema önnur úrræði séu ákveðin í fjallskilasamþykkt eða annarri sveitarsamþykkt.

X. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

Vafalaust hafa menn þegar á landnámsöld farið að merkja búfé sitt með einhverjum hætti, enda slíkt óhjákvæmilegt, er sauðfé manna fór að ganga saman í sumarhögum á afréttum. Hitt er ekki vitað með vissu, hvenær menn hafa tekið upp eyrnamörk, en víst er, að þau eru komin í notkun á söguöld, og má vera, að þau hafi tíðkazt frá upphafi, þótt markareglurnar hafi hér orðið með talsvert öðrum hætti en hjá nágrannaþjóðum okkar. Hér voru ekki tekin upp sérmörk fyrir héruð, sveitir eða jarðir, heldur átti hver bóndi eða fjáreigandi sitt mark, er hann hélt, þótt hann

flyttist milli héraða eða jarða. Og sauðfjármark gekk í arf, eins og hver önnur eign, en fylgdi ekki neinni tiltekinni jörð.

Í Grágás eru nokkur ákvæði um mörk. Samkvæmt þeim skyldi hver maður, sem á búfé, auðkenna það. Eyrnamark var lögmark á nautum, sauðum, svínum og geitum. Oft er aðeins talað um merkingu sauða, sem auðvitað var nauðsynlegust.

Samkvæmt Grágás skyldu lömb öll mörkuð, áður en átta vikur væru af sumri. Móðir helgaði þó eiganda dilka, þótt ómarkaðir væru. Sauðfé, sem keypt var eða tekið var upp í greiðslu, átti að afmarka.

Um gerð eyrnamarka var það eitt boðið, að ekki mætti hafa alstýfingarmörk, nema þá með lögréttuleyfi. Fengi einhver sauðfé með því marki í arf, gat hann haft það á því, meðan það sauðfé var við líði, en óheimilt var honum að marka undir það mark. Enginn gat krafizt þess að fá að gjalda sektir eða skuldir með alstýfingum, og enginn mátti taka á móti slíkum sauðum sem greiðslu, nema hann lögaði þeim strax.

Mark gat maður eignazt með ýmsum hætti, svo sem við erfð (erfðamark), kaup (kaupamark) og gjöf (gjafamark), þegar maður, sem ekkert mark átti, gerðist bóndi, varð hann að taka upp nýtt mark (gerðarmark), því marki átti hann að lýsa á vorþingi, þar sem hann skyldi lýsa eftir því, hvort nokkur þeirra, sem samgöngur fjár á við hans fé, hafi áður sama mark. Þrátt fyrir það, gat árekstur um mörk átt sér stað, einkanlega þegar maður flytur úr einni sveit í aðra. Hefur Grágás allýtarlegar reglur um þau tilvik.

Ef ljóst var, að tveir innansveitarmenn hefðu sama mark, skyldi sá þeirra breyta marki, sem skemur hafði búið í sveitinni. Hafi þeir búið þar jafnlengi, er litið á með hverjum hætti þeir hafi öðlazt markið. Erfðamark gengur fyrir kaupa- og gjafamarki, þ. e. a. s. þegar annar hefur erfðamark en hinn ekki, verður sá síðarnefndi að fá sér nýtt mark. Hafi hins vegar báðir erfðamark, eða hvorugur þeirra, þá skal sá bregða af marki, sem hefur færri sauði. Hafi þeir jafnmargt, ræður hlutkesti.

Komið gat auðvitað fyrir, að sauðfé slyppi til fjalla, áður en menn yrðu þess varir, að tveir bændur áttu sammerkt. Þá áttu báðir að gefa upp tölu þess sauðfjár, er þeir höfðu sleppt, og staðfesta framtalið með eiði. Um haustið skyldi svo sauðfénu skipt milli þeirra í hlutfalli við uppgefna tölu undir eftirliti 5 búa, en þó svo, að hvor þeirra hefði eignazt það fé, er hann sannaði eignarrétt sinn á.

Þess er áður getið, að mörk gengu í arf, og að þeim skyldi skipt sem öðrum arfi. En það var einnig hægt að selja mörk og gefa þau, og var af því ljóst, að mörkin voru ekki tengd jörðum eða ákveðnum mönnum. Menn gátu og glatað rétti til marks, jafnvel þótt erfðamark væri, ef þeir ekki notuðu það. Hætti maður búskap og yrði sauðlaus, gat nefnilega hver sem var tekið það mark upp. Ef hann því síðar reisir bú, og annar þá hefur tekið upp hans gamla mark, verður hann að taka upp nýtt mark. Þó gat hann haldið markinu, ef hann lánaði öðrum fjáreiganda markið til bráðabirgða, og gat hann þá tekið það aftur, ef hann sjálfur þurfti á því að halda.

Í Grágás voru og ákvæði um viðurlög (skaðabætur og refsingar), ef maður markaði fé annarra manna. Verða þessi Grágásarákvæði eigi hér nánar rakin.

Langflest þessara ákvæða voru tekin upp í Jónsbók, landsleigub. 47 og 48, og eru enn þann dag í dag gildandi lög um mörk. Þessi gömlu lögbókarákvæði eru að ýmsu leyti ófullnægjandi. Þar vantar ýmis nauðsynleg fyrirmæli um mörk og markréttindi. Til dæmis eru þar engin ákvæði um markaskrár. Er þó ugglaust langt síðan farið var að skrá mörkin. Má sjá, að það hefur verið farið að gera á síðari hluta 13. aldar. Hefur sennilega hver hreppur haft sína skrá til að byrja með. En frá því um miðja 19. öld hefur markaskrá verið prentuð fyrir hverja sýslu á hæfilegum fresti. Úr vöntun lagafyrirmæla hefur verið reynt að bæta í sumum fjallskilareglugerðum, en þar hefur verið kveðið á um ýmis atriði, er að þessu lúta. Margar fjallskilareglugerðir hafa hins vegar alveg gengið fram hjá að setja um þessi efni nokkur fyrirmæli. Og almenn lög hafa ekki verið sett um þetta efni til þessa, þrátt fyrir nokkra

viðleitni í þá átt. Eins og tekið er fram í hinum almennu athugasemdum, þótti rétt að fella almenn ákvæði, sem hér að lúta, inn í þessa löggjöf um fjallskil og afréttarmálefni, en heimila jafnframt, að í fjallskilasamþykktir séu sett sérstök ákvæði um tiltekin atriði. Ákvæði þessa kafla um mörk og markaskrár eru að mestu sniðin eftir hinum fornu Jónsbókarákvæðum og fyrirmælum hinna einstöku fjallskilareglugerða. Þó eru þar nokkur nýmæli, og eru þau upp tekin eftir tillögum fróðra manna um þessi málefni.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í maímánuði 1968.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að eiga hlutdeild að hinum sérstaka yfirdráttarreikningi (og yfirdráttarréttindum) hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem um ræðir í breytingum þeim og viðaukum við stofnskrá sjóðsins, er í 1. gr. getur. Skal Seðlabankinn vera fjárhagslegur aðili að reikningnum fyrir ríkisins hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í borginni Rio de Janeiro í septembermánuði 1967, voru samþykktar tillögur um að koma á fót kerfi sérstakra yfirdráttarréttinda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum milli seðlabanka eða hliðstæðra stofnana aðildarríkja hans. Jafnframt var ákveðið að gera endurbætur á reglum og starfsháttum sjóðsins á grundvelli þróunar í efnahagsmálum heimsins svo og reynslu sjóðsins síðan stofnskrá hans var sett.

Stjórn sjóðsins var falið að gera tillögur að nauðsynlegum breytingum á stofnskrá sjóðsins og samþykktum. Tillögur að stofnskrárbreytingum voru tilbúnar í maímánuði 1968 og voru þá lagðar fyrir einstök aðildarríki. Ríkisstjórn Íslands hefur staðið að þessum tillögum bæði á ársfundi sjóðsins og í stjórn hans, með venjulegum fyrirvara um samþykki Alþingis.

Stofnfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var í bænum Bretton Woods í Bandaríkjum Norður-Ameríku í júlímánuði 1944, og var fundur þessi sóttur af Íslands hálfu. Þar var samþykkt af allmörgum ríkjum að stofna alþjóðagjaldeyrissjóð til að stuðla að jafnvægi og öryggi í gjaldeyris- og peningamálum aðildarríkjanna og enn fremur að stofna alþjóðabanka.

Með lögum nr. 105 21. desember 1945 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta, að Ísland gerðist stofnaðili að sjóðnum. Undirritun fór fram 27. desember 1945, sbr. auglýsingu nr. 1 16. janúar 1946. Stofnskráin er birt sem nr. 54 í ritinu Samningar Íslands við erlend ríki, sbr. auglýsingu nr. C 17/1964.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á undanförnum áratugum hefur sannað nauðsyn og gagnsemi þessarar stofnunar. Jafnframt hefur reynslan leitt í ljós, að þörf er á að auka og efla starfsemi sjóðsins til þess að hann geti enn betur sinnt hlutverki sínu.

Hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er m. a. að stuðla að alþjóðasamvinnu á sviði peninga- og gjaldeyrismála, stuðla að vexti frjálsra alþjóðaviðskipta og að stöðugu gengi gjaldeyris. Í þessu skyni getur sjóðurinn veitt aðildarríkjum fjárhagsaðstoð. Aðildarríkin leggja fram í sameiginlegan sjóð hluta af gulleign sinni, svonefndan gullkvóta, og einnig þrefalda fjárhæð hans í eigin gjaldeyri, sem geymd er í seðlabanka aðildarríkisins. Eigi ríki í gjaldeyriserfiðleikum getur það fengið yfirdráttarlán hjá sjóðnum, sem venjulega endurgreiðist á 3—5 árum. Eigi lánin að fara yfir ákveðið mark, eru þau bundin mati sjóðsins á því að takast megi að koma fram nauðsynlegum leiðréttingum á greiðslujöfnuði lántökuríkis, þannig að það geti endurgreitt yfirdráttarlánið á tilteknum tíma. Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er nú 15 millj. dollara, þar af 3.75 millj. dollara gullframlag og 11.25 millj. dollara framlag í krónum. Jafnframt hafa aðildarríki, þar sem miklar sveiflur verða á útflutningstekjum, rétt á sérstökum jöfnunarlánum allt að hálfu framlaginu.

Það kerfi yfirdráttarréttinda, sem nú er lagt til að komið verði á fót, kemur í megindráttum í beinu framhaldi af núverandi starfsemi sjóðsins, en er hins vegar ólíkt í mikilvægum atriðum. Til viðbótar hinum almennu yfirdráttarlánum er lagt til, að aðildarríki fái sérstök yfirdráttarréttindi (Special Drawing Rights — skammstafað SDR). Reglur um notkun hinna sérstöku yfirdráttarréttinda yrðu mun rýmri en hinna almennu yfirdráttarlána og endurgreiðsluskilmálar hagstæðari. Má því raunverulega líta á hin sérstöku yfirdráttarréttindi sem hluta af gjaldeyrisvarasjóði aðildarríkjanna. Þátttaka í kerfi hinna sérstöku yfirdráttarréttinda leggur jafnframt þá kvöð á aðildarríkin, að aðildarríki með hagstæða gjaldeyrisstöðu er skyldugt til þess að láta af hendi gjaldeyri gegn sérstökum yfirdráttarréttindum sem svarar til allt að tvöfaldri fjárhæð þeirra yfirdráttarréttinda, sem því hefur verið úthlutað frá upphafi.

Hinum nýju yfirdráttarréttindum verður því aðeins úthlutað aðildarríkjum, að yfirgnæfandi meirihluti þeirra telji, að þörf sé aukins framboðs alþjóðlegs gjaldmiðils til þess að tryggja eðlilega efnahagsþróun. Náist samkomulag um það, verður yfirdráttarréttindunum úthlutað með jöfnum fjárhæðum yfir fimm ára tímabil, og munu þau skiptast milli aðildarríkja í hlutfalli við framlag þeirra til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Er ólíklegt, að aukning gjaldeyrisvarasjóða yrði nokkurn tíma meira frá ári til árs af þessum orsökum en eitt til tvö prósent að meðaltali. Slík fjárhæð mundi að sjálfsögðu ekki skipta miklu máli fyrir ríki, er væri í gjaldeyriserfiðleikum, enda er tilgangur þessa kerfis ekki sá að leysa úr gjaldeyrisvandræðum einstakra ríkja, heldur að skapa almenn skilyrði efnahagslegra framfara og heilbrigðra utanríkisviðskipta í heiminum.

Enn mun þó nokkuð langt í land, líklega ekki minna en eitt til tvö ár, þangað til þetta kerfi getur komið til framkvæmda, en við það eru vissulega miklar vonir bundnar sem tæki til alþjóðlegrar hagstjórnar. Hefur sú skoðun jafnvel komið fram, að þetta eigi eftir að reynast jafnafdrifaríkt á sviði alþjóðapeningamála og útgáfa peningaseðla hefur reynzt fyrir fjármál einstakra þjóða.

II.

Bretar hafa hingað til ekki leyft hjóðvarp, sjónvarp, myndatöku eða kvikmyndatöku í deildum brezka þingsins, þar til þingsetningu var nýlega sjónvarpað og myndir teknar af þeirri athöfn í fyrsta sinn.

Mikið hefur verið um það rætt í Bretlandi undanfarin missiri, hvort ekki sé rétt að breyta þessu og taka upp útvarp frá þingi í einhverju formi. Skipaði neðri deildin nefnd til að athuga þetta á þinginu 1964—65 og aðra 1965—66. Loks var þriðja nefndin skipuð í maí 1966, og lauk hún störfum sama ár um haustið. Var skýrsla hennar mjög ýtarleg og er að ýmsu leyti fróðlegasta rit, sem til er um þessi mál.

Niðurstöður nefndarinnar voru þessar:

1. Samfellt lifandi hljóðvarp eða sjónvarp af flestum eða öllum fundum neðri deildar er hvorki framkvæmanlegt sé æskilegt.
2. Neðri deild gæti látið hljóð- og myndrita alla fundi deildarinnar og afhent brezku útvarpsfélögunum það efni, svo að þau gætu valið úr því til nota í hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám sínum. Þetta segulband gætu aðrir aðilar heima og erlendis einnig fengið að nota.
3. Ákveða skal að gera tilraun með lokað sjónvarp úr deildinni, sem þingmenn einir gætu séð. Að fenginni þeirri reynslu skal deildin ákveða, hvort gera skuli varanlegar ráðstafanir til útvarps úr deildinni.

Stöðugu sjónvarpi úr neðri deild var hafnað vegna gífurlegs kostnaðar við að koma upp sérstöku sendikerfi um land allt til þeirra nota, svo og af því, að vafasamt þótti að hafa deildina daglangt fyrir augum alþjóðar.

Annar liður gerir ráð fyrir, að komið sé fyrir í sal deildarinnar sjónvarpstækjum, sem þyrftu að vera mörg, þar sem þingmenn tala úr sætum sínum, en ræðustóll er enginn. Var hugmyndin sú, að þingið kostaði þetta kerfi og rekstur þess, en byði þeim, sem hafa vildu, hljóð- og myndritun af fundum deildarinnar. Var búizt við, að útvarpsfélögin mundu að jafnaði nota nokkrar mínútur af slíku efni á dag. Nokkuð var rætt um, hver ætti að ráða vali efnisins. Þótti sumum það vandamál, en flestir töldu sjálfsagt að treysta útvarpsfélögunum fyrir því, eins og blöðum er treyst til að segja frá því, sem þeim þóknast, frá þingi.

Lávarðadeildin samþykkti, að gerð skyldi sú tilraun með lokað sjónvarp, sem nefndin lagði til.

Miklar umræður urðu um málið í neðri deildinni 23. og 24. nóvember 1966, og lauk málinu á þá leið, að tillagan um tilraunina var felld með 131 atkvæði gegn 130. Í deildinni eiga sæti 640 þingmenn.

Brezka ríkisútvarpið, BBC, hlaut leyfi til að fjalla um deilumál 1928 og hefur síðan talið útbreiðslu á pólitískri þekkingu eitt af hlutverkum sínum. Síðasta samkomulag milli BBC og flokkanna þriggja var gert 1947. BBC er sjálfrátt um samtalsþætti, fréttaauka og annað slíkt efni um stjórnmál. Hins vegar er samkomulag um, að flokkarnir megi tilnefna menn til að flytja tiltekin erindi, sem kölluð eru „Party Political Broadcasts". Útvarpið ákveður tímann, og er venjulega gerð áætlun fyrir heilt ár í einu. Flokkarnir ákveða menn, efni erindanna og hvort þau eru notuð til að svara öðrum flokkum eða ekki. Fyrir árið 1965 varð samkomulag um eftirfarandi útsendingar:

Sjónvarp.

Verkamannaflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).
Íhaldsflokkur 5 erindi (2×15 mín. og 3×10 mín.).
Frjálslyndi flokkurinn 2 erindi (2×10 mín.).

Þessum erindum var sjónvarpað samtímis af ríkisútvarpinu, BBC, og einkasjónvarpinu, ITV, kl. 9.30 að kvöldi.

Hjóðvarp.

Verkamannaflokkur 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).
Íhaldsflokkurinn 6 erindi (3×10 mín. í almennri dagskrá, en 3×5 mín. í léttu dagskránni).
Frjálslyndi flokkurinn 2 dagskrár (1×10 mín. í almennri dagskrá, en 1×5 mín. í léttu dagskránni).

BBC hljóðvarpaði þessum erindum kl. 10.10 að kvöldi í almennu dagskránni (Home Service) og kl. 6.40 síðdegis í léttu dagskránni (Light Programme).

Þá varð samkomulag um það fyrir árið 1945 í fyrsta sinn, að þjóðernisflokkar í Skotlandi og Wales skyldu fá að koma fram í útvarpi. Fékk hvor flokkur eitt 5 mín. erindi í hljóðvarpi og annað í sjónvarpi.

Samkomulagið fyrir 1945 gerði ráð fyrir 140 mín. sjónvarpstíma, en hann hafði áður verið 175 mín. á ári. Í hljóðvarpi 105 mínútur í stað 120 áður.

12. Finnland.

Helztu útsendingar frá þingi eða um þingstörf eru þessar í Finnlandi:

1. Beint hljóðvarp frá þingsetningu, þinglausnum og veigamestu umræðum. Síðast liðið haust bað þingið þess, að ekki væri sjónvarpað beint, og mun það mál vera í athugun hvað framtíðina varðar. Telja útvarpsmenn, að rétt verði að hljóðvarpa veigamestu umræðum, en flytja aðeins stutta útdrætti í sjónvarpi.

   Reynsla hefur sýnt, að ókleift er að hljóðvarpa umræðum í heild. Hefur verið valinn sá kostur að taka aðeins frummælendur, til dæmis ráðherra, og aðalræðumann hvers flokks.

2. Útvarpað er — oft bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi — yfirliti um þingstörf dagsins, sem getur orðið allt að 30—45 mínútur að lengd. Er þetta efni oft sent með kvöldfréttum. Ræðumenn eru valdir eftir sömu reglu og að ofan var nefnd. Er venja, að menn fái sjálfir að ráða, hvaða brot úr ræðu þeirra er tekið. Einnig er venja að taka sem næst jafnlangan ræðuhluta frá hverjum.
3. Finnska hljóðvarpið flytur vikulega yfirlit um þingstörf, og er þar mikið um ræðustúfa af segulbandi til að leiða fram með eigin röddum þingmanna aðalatriði úr mikilvægustu ræðum. Þessir ræðuhlutar eru valdir af þingfréttastjóra. Sjónvarp hefur ekki sambærilegt vikuyfirlit.

Oft eru flutt stutt viðtöl eða yfirlýsingar stjórnmálamanna í almennum fréttum. Fer þá eftir eðli máls, hvort fulltrúar eru frá öllum flokkum eða ekki. Reynt er að láta fulltrúa allra flokka koma fram á löngu tímabili, en þó er talið óhjákvæmilegt, að menn stóru flokkanna komi oftar fram en hinna minni.

13. Svíþjóð.

Svíar hafa lengi hljóðvarpað frá báðum deildum Ríkisdagsins, og hefur sænska útvarpið leyfi til að taka án sérstakrar samþykktar eftir eigin vali ræður eða ræðukafla til að nota í hljóðvarpi, til dæmis í fréttum.

Fyrsta sjónvarp frá fundum Ríkisdagsins var 1957, en það jókst verulega eftir 1962. Frumkvæði að sjónvarpssendingum er hjá útvarpinu, en leyfi þarf að fá hjá þinginu og veitir Talemanskonferancen (forsetar, varaforsetar, formenn nefnda o. fl.) það. Hefur leyfi ávallt verið veitt. Er þá sjónvarpað beint frá umræðu, eins lengi og útvarpið sér ástæðu til. Síðan velur útvarpið sjálft útdrætti til að senda síðar, til dæmis í fréttum eða sérstökum yfirlitsþáttum.

Sænska útvarpið hefur heimild til að taka 16 mm kvikmyndir í þingsölum eftir vild án sérstaks leyfis og nota þær eins og því sjálfu þóknast.

Sjónvarp frá þingi þykir svo sjálfsagt í Svíþjóð, að vart er um það deilt lengur. Í fyrstu var álitið, að þingmenn töluðu að nokkru leyti fyrir sjónvarpið, en fullyrt er, að það gerist nú ekki lengur, og verði ekki betur séð en þeir viti varla um útsendingu. Stöku sinnum heyrast kvartanir um val fréttamanna útvarpsins í útdráttum, en þær kvartanir eru ekki taldar alvarlegar.

14. Danmörk.

Danir hafa hljóðvarpað frá þingfundum í meira en þrjá áratugi. Danska Ríkisútvarpið hefur aðstöðu í þinghúsinu til að taka á segulband allt, sem sagt er. Af þessu bandi notar útvarpið eins og því sjálfu sýnist án sérstaks leyfis. Er hefð að taka jöfnum höndum frá hinum ýmsu flokkum eða stjórn og stjórnarandstöðu, eftir því sem efnið leyfir. Þá er stundum (2—3 sinnum á ári) hljóðvarpað umræðum heil kvöld. Í vikuyfirliti útvarpsins af störfum þingsins er mikið notað af stuttum upptökum með ræðubrotum þingmanna.

Hér fer á eftir útdráttur úr upplýsingum, sem Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hefur útvegað um sjónvarp frá danska þinginu:

Þegar fréttastofa danska sjónvarpsins (TV-Avisen) var sett á fót, var fimm af tólf fréttamönnum falið að annast fregnir af stjórnmálum og efnahagsmálum. Þar af áttu tveir að sjá um fréttir frá þingi. Áður hafði verið gert samkomulag við forseta og skrifstofu þingsins um aðstöðu til upptöku. Var leyft að kvikmynda í þingsal og tryggt rúm í sendiherrastúku fyrir myndavél. Lýsing í salnum var aukin.

Við mikilverðustu umræður eða atburði í þjóðþinginu kemur utanhússjónvarp til skjalanna. Í öðrum þýðingarmiklum málum eru verulegir hlutar umræðu kvikmyndaðir. Er tekinn 2—3 mínútna útdráttur úr ræðu hvers þingmanns og fluttur með síðustu fréttum, en gefið örstutt yfirlit um ræðuna á undan mynd ræðumanns. Þingfréttaritarar segja frá öðrum umræðum.

Sjónvarpið hefur nýlega fengið 25 fermetra herbergi til afnota í þinghúsinu, og þar eru tekin upp stutt viðtöl eða yfirlýsingar. Að auki eru oft viðtöl við stjórnmálamenn í venjulegum sjónvarpsfréttum, og á hverju mánudagskvöldi fylgir síðustu fréttum pólitískt spjall (kronik) undir heitinu „Dagsordenen".

Samkomulag er um það við stjórnmálaflokkana, að fréttastofa sjónvarpsins ráði sjálf, hvaða yfirlýsingar stjórnmálamanna hún biðji um eða sendi út. Er því ekki gerð krafa um jöfnuð milli flokka, en hins vegar um hlutlaust fréttamat. Hefur oft komið fyrir, að flokkar hafi óskað skýringa á fréttum af þessu tagi, en þeir hafa ekki sagt samkomulaginu upp.

15. Noregur.

Norðmenn hafa hljóðvarpað mikið frá Stórþinginu síðan í ófriðarlok. Norska Ríkisútvarpið hefur frumkvæði um slíkar sendingar og fær leyfi þingforseta, en það hefur ávallt verið veitt. Þó þarf ekki sérstakt leyfi til að útvarpa broti úr ræðu þingmanns í fréttum eða fréttayfirlitum, nema hvað áskilið er, að í heild sé pólitískt jafnvægi í slíkum fréttaflutningi. Útvarpið hefur hljóðnema í ræðustólum þingsins, línu þaðan til útvarpshúss og tekur allt upp til að geta valið hvaða brot sem fréttamönnum þóknast að nota.

Stundum er hljóðvarpað heilum umræðum eða hluta af umræðum. Einnig eru umræður hljóðritaðar og gerður úr þeim útdráttur, sem er sendur út síðar til að raska sem minnst venjulegri dagskrá.

Nokkrum sinnum hefur verið sjónvarpað beint úr sölum Stórþingsins, og eru þær sendingar í röð hins merkasta og vinsælasta sjónvarpsefnis, sem Norðmenn hafa séð. Leyfi forseta þarf hverju sinni.

Norska útvarpið lætur taka fréttakvikmyndir í þinginu eins og annars staðar og velur úr þeim eftir eigin vild til nota með frásögnum þingfréttamanna.

Lokaorð.

Það er athyglisvert við þær upplýsingar, sem fyrir liggja um hljóðvarp og sjónvarp frá þjóðþingum, að þar er ekki að finna eitt einasta dæmi um útvarp frá þingi, sem svipar til þess kerfis, sem Íslendingar hafa haft á fjórða áratug. Það er líklega einsdæmi, að ákvæði um slíkt sé í þingsköpum og að skylda sé að útvarpa tilteknum umræðum. Er sú skipan mitt á milli nýsjálenzka og ástralska kerfisins annars vegar og hins vegar þess, sem flest önnur lönd búa við.

Þá er það yfirleitt regla í þeim löndum, sem hér hafa verið talin, að útvarpið hafi frumkvæði um útsendingu umræðna og fái leyfi þingsins, nema hvað yfirleitt þarf ekki leyfi fyrir brotum úr ræðum, sem notuð eru með fréttum.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrumvörp um það efni. Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber nefndinni að athuga eftirtalin atriði:

a. hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;

b. hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og
c. hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar.

Greinargerð.

Í ýmsum löndum gætir þjóðaratkvæðis talsvert sem löggjafaraðila. Þjóðaratkvæði mun t. d. allmikið notað í Sviss, Kanada og sumum öðrum brezku samveldislöndunum og í einstökum fylkjum Bandaríkjanna. Heimild til þjóðaratkvæðis er í stjórnlögum margra ríkja, svo sem Austurríkis, Tékkóslóvakíu, Danmerkur o. fl. Í sumum löndum er beinlínis stjórnarskrárbundið, að almenn atkvæðagreiðsla kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrumvörp. Annars staðar veita stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis, þ. e. a. s. veita tilteknum aðilum svo sem ákveðinni tölu þingmanna eða tilteknum fjölda kjósenda, rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar geta ýmist verið ákvarðandi um gildi þeirra laga eða lagafrumvarpa eða aðeins til leiðsagnar fyrir löggjafann.

Í þessum tilvikum byggist bein þátttaka kjósenda í löggjafarstarfi — hvernig svo sem henni er nánar fyrir komið — á stjórnarskrárákvæðum. En auk þess mun sums staðar nokkuð tíðkast, að svo sé mælt fyrir í einstökum lögum, að þau skuli ekki koma til framkvæmda eða jafnvel ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér á landi hefur kveðið lítið að þjóðaratkvæði. Samkvæmt stjórnarskránni er þó skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmál í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarp, sem horfir til breytinga á kirkjuskipuninni, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 62. gr. stjskr. Í hinu tilvikinu er um að tefla lög, sem forseti hefur synjað staðfestingar samkvæmt 26. gr. stjskr. Á hvorugt þessara tilvika hefur reynt í framkvæmd, og hefur þjóðaratkvæðagreiðsla því aldrei farið fram samkvæmt þeim. Engin ákvæði eru til í stjórnarskránni um skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. Hafa slík heimildarákvæði aldrei verið í íslenzku stjórnarskránni.

Það er að ýmissa dómi illa farið, að þjóðaratkvæði skuli ekki hafa verið notað hér meir en raun ber vitni. Eru sumir þeirrar skoðunar, að við getum þar lært af þeim þjóðum, sem áður eru nefndar. Hér skal að svo stöddu enginn dómur á það lagður, hvort aukin notkun þjóðaratkvæðis muni henta hér á landi. En það er ástæða til að taka það efni til rækilegrar rannsóknar. Og það er vissulega athugandi, hvort ekki sé rétt að breyta hér um stefnu og nota þjóðaratkvæði meira í framtíðinni en að undanförnu til þess að kanna afstöðu landsmanna til mikilvægra þjóðmála. Þjóðaratkvæði getur, ef vel tekst til, verið mikilsverður þáttur í lýðræðislegum stjórnarháttum. Má raunar segja, að í því sé fólgið hið fyllsta lýðræði að veita kjósendum þannig beina þátttöku í löggjafarstarfi. Það virðist að minnsta kosti fullkomin ástæða til að athuga, hvort ekki sé skynsamlegt að taka upp í stjórnarskrána skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. En þá rís sú spurning, hverjum nánari skilyrðum sú heimild eigi að vera bundin. Og þegar hér á að athuga möguleika til aukinnar notkunar þjóðaratkvæðis, þarf margs að gæta. Það þarf meðal annars að kynna sér löggjöf og reynslu annarra þjóða í þessu efni. Það þarf að átti sig á, hvort heppilegra sé, að þjóðaratkvæði sé ákvarðandi eða aðeins ráðgefandi. Enn fremur er spurningin, hvaða aðilar eigi að hafa rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá koma og auðvitað til athugunar hin neikvæðu atriði í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem fyrirhöfn, kostnaður, dreifing ábyrgðar o. fl., o. fl.

Það er af greindum ástæðum tímabært að dómi flutningsmanna þessarar tillögu, að fram fari rækileg rannsókn á þessu sviði. Það er eðlilegt, að sú rannsókn

sé framkvæmd af þingkjörinni nefnd, sem vitaskuld yrði að njóta aðstoðar sérfróðra manna.

Tillaga sama efnis hefur áður verið flutt á Alþingi, en náði þá eigi fram að ganga. Nú þykir flutningsmönnum rétt að hreyfa málinu á ný.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.

Ed. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
UPPHAFSÁKVÆÐI

Eiturefni og hættuleg efni.

1. gr.

Eiturefni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II í viðauka I við lögin, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati landlæknis að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.).

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V í viðauka II við lögin, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati landlæknis að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.).

Eiturefnanefnd.

2. gr.

Ráðherra skipar 4 menn í **eiturefnanefnd** til 6 ára í senn samkvæmt tillögum landlæknis. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxikolog), og er hann formaður nefndarinnar. Annar nefndarmanna skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae). Þriðji nefndarmanna skal vera efnafræðingur (efnaverkfræðingur) og fjórði skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um breytingar og viðbætur við lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist, og annað, sem að lögum þessum lýtur, í umsjá landlæknis. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnanefnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsgr.).

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem atvinnumálaráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

Nefndin getur kvatt sérfróða menn sér til ráðuneytis, ef þörf gerist.

Kostnað við störf eiturefnanefndar skal greiða úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

1) lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963 (lyf, dýralyf),
2) laga um eyðingu á minkum og refum, nr. 52 5. júní 1957, sbr. lög nr. 9 19. marz 1964, enda er notkun eiturefna og hættulegra efna í þessu skyni óheimil nema með samþykki eiturefnanefndar (sbr. einnig 5. gr. 3. málsgr.),
3) laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febr. 1952,
4) laga um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, nr. 69 23. júní 1936,
5) laga um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95 20. des. 1962.

II. KAFLI
ÁKVÆÐI VARÐANDI EITUREFNI

Framleiðsla eiturefna.

4. gr.

Eiturefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli öryggismálastjóri og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling, svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla, nema öðruvísi sé ákveðið (sbr. 5. gr. 2. málsgr.).

Viðtaka eiturefna.

5. gr.

Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku, kaupa, selja eða flytja inn eiturefni:

1) framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.,
2) forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja, er tilkynnt hafa öryggismálastjóra, að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna,
3) Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir,
4) lyfjabúðir og læknar (dýralæknar), sem hafa leyfi til lyfjasölu,
5) verzlanir, sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra,
6) spítalar og viðurkenndar rannsóknastofur,
7) einstaklingar 18 ára eða eldri, er framvísa þeim aðilum, er greinir í 1.—5. tölulið, sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 6. gr.

Fyrirtækjum, sem greind eru í 3., 4. og 5. tölulið að framan og verzla með eiturefni, er þó heimilt (sbr. 4. gr. 2. málsgr.) að vega þau sundur, blanda eða þynna og umpakka eða umhella í ný, söluhæf ílát.

Ákvæði þessi varðandi sölu og innflutning gilda einnig um eiturefni til útrýmingar á minkum og refum (sbr. 3. gr. 2. tölulið).

Eiturkaup einstaklinga.

6. gr.

Einstaklingar mega kaupa eiturefni til eigin nota, ef þeir framvísa sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. tölulið 1. málsgr. 5. gr.

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðnir. Láta má úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista I, en þrisvar sinnum, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista II. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði lútandi að útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveizlu.

Hlíta skal um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra fyrirmælum þar að lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

Útlát eiturefna.

7. gr.

Eiturefni má einungis selja eða afhenda þeim, sem er 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

Fyrirtæki og einstaklingar, er ræðir í 1.—5. tölulið 1. málsgr. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru í 2. tölulið, mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 16. gr.). Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur (sbr. 21. gr.) frá 5. gr. laganna.

8. gr.

Eiturefni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli og fóðurvörur eða önnur óskaðleg efni. Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og yztu umbúðum um eiturefni skulu vera íslenzk eiturmerki, svo og nauðsynleg varnaðarorð, sbr. 17. gr.

Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en þau, sem talin eru á listum I og II, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum.

Varðveizla eiturefna.

9. gr.

Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. gr., skulu hlíta ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum varðandi varðveizlu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum svo fremi, að nefnd lög taki til þeirra. Um Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir og lyfjabúðir (sbr. 3. og 4. tölulið 1. málsgr. 5. gr.), gilda enn fremur ákvæði lyfsölulaga.

Hlíta skal í verzlunum, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 5. tölulið 1. málsgr. 5. gr.), fyrirmælum að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

Í spítölum og viðurkenndum rannsóknastofum (sbr. 6. tölulið 1. málsgr. 5. gr.) skal varðveita eiturefni í umbúðum seljanda eða í öðrum umbúðum jafntryggum. Einstaklingar (sbr. 7. tölulið 1. málsgr. 5. gr.) skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðanda (seljanda).

Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig, að þau séu skilin frá matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

III. KAFLI
ÁKVÆÐI VARÐANDI HÆTTULEG EFNI

Útlát hættulegra efna.

10. gr.

Hættuleg efni skal láta úti og selja í **sterkum og velluktum ílátum.** Ílátin skulu vera þannig útlits eða auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli, dýrafóður eða önnur óskaðleg efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátum og yztu umbúðum skulu enn fremur vera **varnaðarorð á íslenzku,** sbr. 17. gr.

Varðveizla hættulegra efna.

11. gr.

Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljanda eða öðrum umbúðum jafntryggum.

Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig, að þau séu **skilin frá** matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Hættulegar lofttegundir.

12. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda, er ekki hafa lækningagildi og greindar eru á lista V.

IV. KAFLI
SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

Almenn ákvæði um notkun.

13. gr.

Nota ber eiturefni og hættuleg efni með **gát og varúð** og þannig, að ekki hljótist af tjón á mönnum og húsdýrum eða matvæli mengist af efnunum (sjá 15. gr.), sbr. einnig ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Nú myndast eða koma fram eiturefni eða hættuleg efni, sem úrgangsefni við iðnrekstur, annan atvinnurekstur eða á annan hátt. Skal þess þá jafnan gætt, að efnin valdi ekki tjóni á mönnum (sbr. ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum) og húsdýrum, né mengi umhverfið (andrúmsloft, jarðveg og vötn, þar með talið grunnvatn og vatnsból) þannig, að mönnum, dýrum eða plöntum geti stafað hætta af. Ráðherra setur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar í reglugerð nánari ákvæði til þess að koma í veg fyrir mengun lofts, láðs og lagar af völdum eiturefna og hættulegra efna, ef þörf gerist.

Ákvæði um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða sem útrýmingarefni, að þau hafi verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. málsgr. 2. gr. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind efni í reglugerð.

Ákvæði um matvæli og fóðurvörur.

15. gr.

Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli (þar á meðal sælgæti) eða fóðurvörur, nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Leita skal álits eiturefnanefndar um íblöndun hvers konar aukefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi.

Nú er talin hætta á, að matvæli eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig, að mönnum eða dýrum geti orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna, er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu (g, ml).

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

16. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Nánari fyrirmæli um ílát o. fl.

17. gr.

Eiturefnanefnd (sjá 2. gr.) gerir tillögur um gerð íláta og umbúðir, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi útlát, sölu og varðveizlu eiturefna og hættulegra efna. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli að þessu lútandi.

Flutningur.

18. gr.

Um flutning eiturefna og hættulegra efna með skipum, bifreiðum, loftförum, svo og í pósti, skal fara samkvæmt lögum þeim og reglum, er við eiga og í gildi eru hverju sinni. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um hvers konar flutning á eiturefnum og hættulegum efnum.

Notuð ílát. — Förgun eiturefna og hættulegra efna.

19. gr.

Tómum flöskum, öðrum ílátum, svo og umbúðum, sem hafa haft eiturefni eða hættuleg efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig, að mönnum eða dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda ílát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.

Eigi má farga meiri háttar birgðum af eiturefnum eða hættulegum efnum, nema með samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns, sbr. 20. gr. Ef um er að ræða takmarkað magn nánar tiltekinna efna, er heimilt að farga þeim án vitundar viðkomandi embættislæknis, enda skal þá fara eftir settum fyrirmælum þar að lútandi.

Framkvæmd og eftirlit.

20. gr.

Landlæknir hefur umsjá með málum, er varða eiturefni og hættuleg efni, undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara, og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr., sbr. einnig næstu málsgr.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara hefur öryggismálastjóri svo fremi, að það sé í verkahring hans, en að öðrum kosti lögreglustjórar, embættislæknar og eftirlitsmenn samkvæmt lyfsölulögum, svo og aðrir, er tilnefndir kunna að verða.

Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði.

Framangreindir embættismenn og eiturefnanefnd, svo og aðrir, sem tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verzlanir, verksmiðjur og vinnustaði þar, sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur er varningur, sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að mönnum og dýrum getur stafað hætta af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishorns getur krafizt kvittunar úr hendi þess embættismanns, er sýnishornið tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðan gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

Embættismenn þeir, er um ræðir í 3. og 5. málsgr., geta krafizt þess, að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt beztu vitund um innihald eiturefna eða hættulegra efna í tilteknum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi sá, er slíka yfirlýsingu gefur, getur krafizt þess, að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur.

21. gr.

Ráðherra getur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar heimilað, að **undanþiggja** megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi, að fullnægt sé skilyrðum, sem sett kunna að verða hverju sinni (sbr. 16. gr.) eða greind eru í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum. Auglýsa skal allar undanþágur frá ákvæðum laganna.

Refsingar.

22. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, fer að hætti opinberra mála.

23. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi, allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Með lögum þessum eru numin úr gildi fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um eiturefni og hættuleg efni, er hér liggur fyrir, er að verulegu leyti sniðið eftir tilsvarandi dönskum lögum: **Lov om gifte og sundhedsfarlige stoffer,** nr. 119 3. maí 1961. Margvíslegar breytingar hafa þó eðlilega verið gerðar á danska textanum. Þannig hefur sumu verið vikið við, öðru sleppt og enn öðru aukið við. Í stórum dráttum má segja, að allar breytingar hafi miðazt við það, að frumvarpið gæti fallið sem bezt að íslenzkum aðstæðum. Lög um eiturefni og hættuleg efni hafa eigi áður gilt á Íslandi.

Frumvarp þetta er árangur af undirbúningsstarfi, er hafið var þegar á árinu 1962 og fram var haldið árið 1965 og síðan. Hefur Þorkell Jóhannesson, læknir, haft starf þetta með höndum í umsjá landlæknis. Erling Edwald, yfirlyfjafræðingur Lyfjaverzlunar ríkisins, hefur og verið til aðstoðar við þetta starf.

Helztu atriði frumvarpsins eru:

1. Ákveðið er, hver efni skulu teljast eiturefni og hættuleg efni.
2. Stofna skal eiturefnanefnd, skipaða 4 sérfræðingum. Gerir hún tillögur um framkvæmd laganna og ákveður um flokkun nýrra efna.
3. Ákveðið er, hverjir mega hafa eiturefni og hættuleg efni með höndum og hvernig búa skuli um efnin og varðveita þau.
4. Eftirlit með framkvæmd hefur öryggismálastjóri svo fremi, að það sé í verkahring hans, og lögreglustjórar, embættislæknar, eftirlitsmenn samkvæmt lyfsölulögum og aðrir, sem til þess kunna að verða nefndir.
5. Ákvæði frumvarpsins taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum nokkurra tiltekinna laga. Enn fremur eru undanþágur heimilar.

Skal nú í nokkru gera grein fyrir hinum ýmsu greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Mjög erfitt eða ógerlegt er að skilgreina yfirleitt, svo að viðhlítandi megi kallast, hver efni skuli teljast eiturefni (sterkt eitur, eitur) eða hættuleg efni. Hefur því sá kostur verið tekinn að telja upp öll slík efni, sem máli eru talin skipta, á listum þeim, er hér fylgja (viðaukar I og II).

Á lista I eru talin þau eiturefni (sterkt eitur), er ætla má, að við inntöku gætu valdið dauða manns, enda þótt skammtur væri minni en 1 g. Á lista II eru fyrst og fremst talin vægari eiturefni (eitur), er við inntöku gætu valdið dauða manns, ef skammtur væri allt að 10 g (1—10 g).

Hættuleg efni teljast þau efni, er við inntöku gætu valdið dauða manns, ef skammtur færi fram úr 10 g. Í flokk hættulegra efna eru þó einungis talin slík efni, er við venjulega notkun fela í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra. Um viss efni gildir, að þau eru ýmist talin til eiturefna eða hættulegra efna. Í slíkum tilvikum er nánar skilgreint á listum, hvenær telja skuli tiltekið efni til eiturefna og hvenær það skuli talið til hættulegra efna.

Hættuleg efni eru talin á 4 listum: III, IV A, IV B, og V. Er það gert af hagkvæmnisástæðum, m. a. með tilliti til fyrirmæla um notkun, er sett kunna að verða í reglugerðum. Á lista III eru talin margvísleg efni, er mörg hver eru allmjög notuð

í heimahúsum. Á listum IV A og IV B eru talin svokölluð lífræn leysiefni („organiske oplösningsmidler", „organic solvents"), sem sum hver að minnsta kosti eru víða notuð í heimahúsum („blettavatn" o. s. frv.) og í iðnaði. Efni á lista IV A eru talin viðsjárverðari en efni á lista IV B og er að því stefnt, að um hin fyrrnefndu verði sett í reglugerð strangari fyrirmæli en um hin síðarnefndu (sbr. fylgiskjal 3). Loks eru á lista V taldar hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi (sjá 12. gr. á eftir).

Nú geta hin einstöku efni, sem á listum eru talin, komið fyrir í margvíslegum samsetningum efna og blöndum. Getur þá í slíkum tilvikum verið óhjákvæmilegt að skera úr um, hvar í flokk þessum efnasamsetningum skuli skipað. Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir því, að landlæknir veiti slíka úrskurði að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sjá 2. gr. á eftir).

Um 2. gr.

Lagt er til, að skipuð verði nefnd 4 manna til 6 ára í senn. Nefnd þessi kallast **eiturefnanefnd.** Skal hún gera tillögur um breytingar og viðbætur við lista þá, er frumvarpinu fylgja, svo og um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Starfssvið nefndarinnar er enn fremur ætlað svo rúmt, að hún geti haft forgöngu um framkvæmd flestra þeirra atriða, er í frumvarpinu ræðir og að því lýtur í umsjá landlæknis og undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál (sbr. einnig 20. gr. frumvarpsins). Þá er einnig ráð fyrir því gert, að kveðja megi nefndina til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist.

Sú er ástæða þess, að í eiturefnanefnd, ef skipuð verður, eiga sæti menn með svo víðtæka sérþekkingu (sbr. á eftir), að eðlilegt er að nýta þá þekkingu til hlítar, ef þörf gerist, enda þótt utan kunni að liggja ramma lagafrumvarps þessa. Er hér reyndar fyrst og fremst haft í huga mat á tiltekinni notkun annarra efna en á listum eru talin, er mikilsverð kann að vera fyrir almannaheill (sbr. 15. gr. 1. málsgr. og greinargerð).

Lagt er til, að í eiturefnanefnd eigi sæti auk eiturefnafræðings, sem er formaður nefndarinnar, lyfjafræðingur, efnafræðingur (efnaverkfræðingur) og heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu. Er svo til ætlazt, að sérfræðiþekking þessara manna sé þess eðlis, að sameiginlega hafi þeir fulla yfirsýn yfir flest þau málefni, sem um ræðir í frumvarpinu (sbr. þó næstu málsgr.).

Notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra er sérstökum aðstæðum bundin. Samkvæmt frumvarpinu er því lagt til, að um þetta atriði verði sett sérstök og víðtæk reglugerðarákvæði (sbr. einnig 14. gr.). Eiturefnanefnd skal þannig samkvæmt frumvarpinu gera tillögur um gerð lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Af þessum sökum er og lagt til, að sérfræðingur, sem atvinnumálaráðuneytið tilnefnir, taki sæti í eiturefnanefnd, þegar fjallað er um mál, er varða landbúnað, garðyrkju, grasrækt eða ræktun annarra fóðurjurta sérstaklega. Nefndarmenn geta að auki kvatt sérfræðinga í öðrum greinum sér til ráðuneytis, ef þörf gerist.

Um 3. gr.

Hér ræðir um notkun eiturefna og hættulegra efna í sérstökum tilgangi, er rétt þykir að undanskilja ákvæðum frumvarps þessa, enda eru um þetta í gildi ákvæði annarra laga. Rétt þykir þó að binda notkun eiturefna og hættulegra efna til eyðingar á minkum og refum samþykki eiturefnanefndar.

Um 4. gr.

Eigi er líklegt, að framleiðsla eiturefna hefjist hér á landi á næstunni. Réttmætt þykir engu að síður að gera ráð fyrir þessu. Réttmætt þykir enn fremur að telja blöndun og þynningu eiturefna yfirleitt sem framleiðsla væri, en veita seljendum síðan undanþágu frá þessu ákvæði (sbr. 5. gr. frumvarpsins).

Um 5. gr.

Hér eru þeir greindir, er veita mega viðtöku, kaupa og selja eða flytja inn eiturefni. Athygli er vakin á því, að einstaklingum er því einungis heimilt að kaupa eiturefni, að þeir séu 18 ára eða eldri og framvísi sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum leyfum. Svipuð fyrirmæli hafa gilt hér á landi síðan 1913 (sbr. auglýsingu landlæknis 19. nóvember 1913).

Stefnt er að því með ákvæðum þessum, að sala eiturefna yfirleitt fari einkum fram í Lyfjaverzlun ríkisins, öðrum lyfjagerðum og lyfjabúðum. Þá er að því stefnt, að sala og innflutningur eiturefna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra fari fyrst og fremst fram í verzlunum, er til þess hafa sérstakt leyfi (sbr. einnig fylgiskjal 2).

Hér skal á það bent, að ekki mun verða unnt að framfylgja ákvæðum þessum sem skyldi, nema breytingar verði gerðar á tollalögum. Í þessu sambandi er og rétt að benda á, að brýn nauðsyn ber til þess að breyta tollalögum með tilliti til framkvæmdar lyfsölulaga (sbr. lyfsölulög) á þann veg, að öll tollafgreiðsla lyfja fari fram í Reykjavík. Yfirumsjón með tollafgreiðslu lyfja ætti að hafa með höndum lyfjafræðingur sá, er annast sérlyfjaeftirlit fyrir hönd heilbrigðisstjórnarinnar. Eðlilegast væri, að sami maður hefði einnig yfirumsjón með tollafgreiðslu eiturefna, enda yrði tollafgreiðsla þeirra einnig einskorðuð við Reykjavík.

Um 6. gr.

Svo er til ætlazt, að lögreglustjórar gefi út eiturbeiðnir líkt og tíðkazt hefur undanfarin 55 ár (sbr. 5. lið í auglýsingu landlæknis frá 1913). Réttmætt þykir hins vegar að greina á milli kaupa á sterkum eiturefnum (listi I) og á eiturefnum (listi II). Þannig er lagt til, að láta megi úti þrisvar sinnum gegn sömu eiturbeiðni, ef um er að ræða efni á lista II, en einungis einu sinni, ef um er að ræða efni, sem talin eru á lista I. Eiturbeiðnir þessar gilda lengst í eitt ár. Enn fremur er lagt til iðnaðarmönnum til hægðarauka, er nota að staðaldri tiltekin eiturefni við störf sín, að þeir geti aflað efna þessara eftir þörfum gegn framvísun sérstakra leyfa, er gilda í 1—3 ár í senn. Um þetta og önnur atriði þessarar greinar er reyndar lagt til, að sett verði nánari fyrirmæli í reglugerð (sbr. fylgiskjal 1). Þá er lagt til, að sett verði í reglugerð sérstök fyrirmæli varðandi kaup á eiturefnum (efni í hættuflokkum X og A) til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 14. gr. og fylgiskjal 2).

Um fylgiskjal 1 skal þetta sérstaklega tekið fram:

Í reglugerðardrögum þessum eru ýtarleg ákvæði um útgáfu eiturbeiðna og leyfa. Í viðauka 1 við reglugerðardrögin er tillaga um gerð eiturbeiðna og í viðauka 2 er tillaga um gerð leyfa, er gilda til 1—3 ára í senn, til kaupa á tilteknum eiturefnum. Ákvæði varðandi útgáfu leyfa þessara eru mjög svipuð þeim ákvæðum, er varða útgáfu leyfa til þess að kaupa og nota eiturefni í hættuflokkum X og A og greind eru í drögum að reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. fylgiskjal 2). Í reglugerðardrögum í fylgiskjali 1 er því stuttlega vikið að útgáfu leyfa til kaupa á eiturefnum í hættuflokkum X og A, og tillaga um gerð þeirra er þannig í viðauka 3 við reglugerðardrögin, enda þótt um þetta sé að öðru leyti ýtarlega fjallað í reglugerðardrögum í fylgiskjali 2. Er það gert til hægðarauka þannig, að fyrirmæli um gerð og sýnishorn fyrirskipaðra eyðublaða og skírteina (til útgáfu eiturbeiðna og leyfa) megi finna á sama stað.

Þess skal sérstaklega getið, að svo er til ætlazt, að eiturbeiðnir gildi ekki til kaupa á eiturefnum í hættuflokkum X og A. Lagt er til, að kaup eiturefna í hættuflokkum X og A séu eingöngu bundin við fyrrgreind leyfi. Þó er lagt til, að lögreglustjóri geti, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til kaupa á takmörkuðu magni efna í hættuflokki A (sbr. 10. gr. reglugerðardraga í fylgiskjali 1 og 4. gr. reglugerðar-

draga í fylgiskjali 2). Leyfi þessi skal ekki rita á sérstök eyðublöð, enda ber að takmarka útgáfu þeirra, svo sem auðið er.

Um 7. gr.

Hér ræðir fyrst almennar varúðarreglur varðandi sölu og afhendingu eiturefna. Að öðru leyti skýrir þessi grein nánar þau ákvæði, sem greind eru í 5. gr. Þá er lagt til, að selja megi á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni, ef gætt er sérstakra fyrirmæla þar að lútandi, enda verði slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna auglýstar sérstaklega. Er lagt til, að fyrirmæli þessi verði sett í reglugerð (sbr. 16. gr. og fylgiskjal 3).

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um ákvæði varðandi ílát og umbúðir. Áherzla er lögð á, að á ílátum og yztu umbúðum skuli vera íslenzk eiturmerki. Þá er stefnt að því, að eiturmerki þessi komi ekki fyrir á ílátum og umbúðum um önnur efni en þau, sem talin eru á listum I og II, nema brýna nauðsyn beri til. Lagt er til, að um eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki, gerð íláta o. fl. að þessu lútandi, verði sett nánari fyrirmæli í reglugerð (sbr. 17. gr.).

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um varðveizlu eiturefna. Fyrirtæki og einstaklingar skulu um þetta hlíta fyrirmælum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum svo fremi, að nefnd lög taki til þeirra. Um varðveizlu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildverzlunum skal hlíta ákvæðum lyfsölulaga. Ætlazt er til, að sérstök ákvæði gildi um varðveizlu eiturefna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 14. gr. og fylgiskjal 2). Loks eru almenn fyrirmæli varðandi varðveizlu eiturefna.

Um 10.—12. gr.

10. og 11. grein fjalla um sölu, afhendingu, merkingu og varðveizlu hættulegra efna. Ætlazt er til, að sett verði í reglugerð nánari fyrirmæli að þessu lútandi (sbr. 17. gr.).

Athygli er vakin á því, að engar sérstakar hömlur eru lagðar á sölu eða kaup á hættulegum efnum.

Í 12. grein er vikið að þeim hættulegum lofttegundum, sem taldar eru á lista V. Er vikið að þeim sérstaklega til hagræðis, ef þörf gerðist að setja um þetta atriði nánari ákvæði í reglugerð.

Um 13. gr.

Auk almennra ábendinga um notkun eiturefna og hættulegra efna er hér fjallað um mjög víðtæka heimild til þess að varna mengun andrúmslofts, jarðvegs og vatna, að meðtöldum vatnsbólum og grunnvatni, af völdum eiturefna og hættulegra efna, er fram kunna að koma við iðnrekstur eða á annan hátt. Með auknu þéttbýli og sívaxandi iðnrekstri og öðrum atvinnurekstri þar, sem notuð eru eiturefni eða hættuleg efni, hlýtur stórlega að aukast hætta á mengun þess umhverfis, er menn lifa og hrærast í. Á Íslandi er ekki sízt ástæða til þess að gjalda varhuga við mengun grunnvatns á mestu þéttbýlissvæðunum, sem mörg eru á eða í nánd við hraun. Því er hér sérstaklega vikið að hugtakinu grunnvatni.

Um 14. gr.

Svo sem áður segir, þykir svo sérstökum ástæðum gegna um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, að lagt er til, að um þau atriði verði sett sérstök og víðtæk reglugerðarákvæði (sbr. 2. gr. að framan). Drög að reglugerð þessa efnis fylgja hér sem fylgiskjal (fylgiskjal 2).

Í reglugerðardrögum þessum er skilgreining á ferns konar efnum, **plöntulyfjum, örgresisefnum, stýriefnum** og **útrýmingarefnum**, sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar ýmiss konar meindýra. Mörg þessara efna eru mjög eitruð. Önnur eru mjög stöðug og óforgengileg í jarðvegi og geta því með tíð og tíma um plöntur og dýr safnazt í meira eða minna magni í líkama manna og húsdýra. Líkur benda enn fremur til þess, að sum þessara efna geti haft skaðlega verkun á menn og dýr, þegar til lengdar lætur (síðkomin eiturhrif). Full ástæða virðist þannig vera til þess að fylgjast vel með innflutningi, sölu, dreifingu og notkun þessara efna, hvort sem þau eru eitruð eða hættuleg í bráð eða lengd. Því hefur sú leið verið farin að telja öll fyrrgreind efni til eiturefna eða hættulegra efna og leyfa eingöngu innflutning, sölu og notkun þeirra efna og efnasamsetninga, er viðurkenningu hafa hlotið og skráð eru á sérstökum listum yfir slík efni (sbr. 3. gr. reglugerðardraganna). Síðan er ætlazt til, að viðurkenndum efnum og efnasamsetningum verði skipað í 4 hættuflokka, er kallast X, A, B og C (sbr. 4. gr. í drögum að reglugerð), og með þau verði farið svo sem frekar er greint frá í reglugerðardrögum. — Um útgáfu leyfa til kaupa á efnum í hættuflokkum X og A er rætt að framan (sbr. 6. gr.).

Um 15. gr.

Hér er fjallað um mengun matvæla og fóðurvara af eiturefnum og hættulegum efnum, svo og blöndun þessara efna í matvæli og fóðurvörur.

Í 1. málsgrein kemur fyrir nýyrðið **aukefni.** Með aukefnum er átt við efni, sem ekki hafa næringargildi og ekki eru talin á listum I—V, en aukið er í (bætt í, blandað í) önnur efni (efnablöndur, lausnir, vökva o. s. frv.) í því skyni að breyta útliti (litarefni), bragði (bragðefni), auka geymsluþol (rotvarnarefni) eða breyta eðliseigindum á annan hátt. Ef slíkum efnum er aukið í fæðu eða fóðurvörur, kallast þau **aukefni í fæðu** („food additives", „födetilsætningsmidler").

Notkun ýmissa aukefna, sem í raun eru venjulega svo hættulítil, að þau eiga að réttu lagi ekki heima á listum (sbr. 1. gr. frumvarpsins), fer nú mjög í vöxt. Sum þessara efna geta þó ef til vill, ef þeirra er neytt í fæðu að staðaldri og til lengdar, borizt í líkama manna og dýra í slíku magni, að þau verði að tjóni. Því þykir réttmætt að kveðja eiturefnanefnd til ráðuneytis um hvers konar íblöndun aukefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi.

Þá er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á 2. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins. Heimilt er þannig samkvæmt 2. málsgr. að takmarka við ákveðið hámark hið mesta magn tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, er fyrir kunna að koma í matvælum og fóðurvörum sökum mengunar. Heimild þessi er í eðli sínu mjög viðtæk og getur orðið að ómetanlegu gagni, ef hún hlýtur gildi að lögum.

Um 16. gr.

Grein þessa má skoða sem eins konar „lykilgrein" þannig, að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, svo sem þurfa þykir. Ekki á þetta sízt við fyrirmæli um notkun tiltekinna eiturefna eða varnings, sem hefur slík efni að geyma og undanþegin eru að nokkru eða öllu leyti ákvæðum lagafrumvarpsins (sbr. 21. gr.), t. d. að því er varðar sölu (sbr. 7. gr.). Drög að reglugerð þessa efnis fylgja hér sem fylgiskjal (fylgiskjal 3).

Bent skal á, að samkvæmt reglugerðardrögum þessum er heimilt að selja á frjálsum markaði hexicíð (lindan) til böðunar sauðfjár og benzín, er inniheldur tetraetýlblý, án takmarkana á magni, ef gætt er sérstakra fyrirmæla að þessu lútandi. Þá eru í reglugerðardrögum þessum allýtarleg ákvæði um notkun arsens, antímons, blýs og kvikasilfurs í málningu og til að nota gegn fúa í vefnaði og trjávöru. Í drögunum er og skilgreining á hugtakinu fegrunar- og snyrtiefni og kveðið á um, að slíkur varningur megi ekki innihalda leysiefni, sem talin eru á lista IV A (sbr.

1. gr. hér að framan). Raunar er miklu fyllri ákvæða þörf varðandi fegrunar- og snyrtiefni, en setning slíkra ákvæða liggur utan þess ramma, er lög um eiturefni og hættuleg efni kunna að setja. Loks eru í drögunum ákvæði, sem ætlað er að koma í veg fyrir óæskileg áhrif klóróforms á börn, er neyta kunna í óhófi sælgætis, er inniheldur það efni.

Um 17. gr.

Í grein þessari ræðir reglugerðarheimild til þess að kveða nánar á um gerð íláta og umbúðir og annað varðandi útlát, sölu og varðveizlu eiturefna og hættulegra efna. Drög liggja ekki fyrir að þessari reglugerð.

Um 18. gr.

Hér ræðir ákvæði um flutning eiturefna og hættulegra efna. Þá er fjallað um heimild til setningar reglugerðar að þessu efni lútandi, ef þörf gerist.

Um 19. gr.

Í þessari grein er fyrst fjallað um almenn ákvæði varðandi förgun eiturefna og hættulegra efna og íláta undan þeim. Samkvæmt 2. málsgrein er svo til ætlazt, að ekki megi farga meiri háttar birgðum af eiturefnum og hættulegum efnum nema til komi samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns. Verður slíkt að teljast sjálfsögð varúðarráðstöfun. Þó er lagt til, að farga megi að embættislækni forspurðum takmörkuðu magni nánar tiltekinna efna, enda skal þá farið eftir sérstökum fyrirmælum þar að lútandi. Er þetta gert til þess að torvelda ekki um of störf fagmanna, er ætla verður, að fullt skyn beri á meðferð þeirra efna, er þeir nota að jafnaði.

Um 20. gr.

Hér ræðir um framkvæmd og eftirlit. Ætlazt er til, svo sem að framan greinir (sbr. 2. gr. að framan), að eiturefnanefnd geti í umsjá landlæknis og undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál, haft forgöngu um framkvæmd laga þessara, ef þau verða sett. Eftirlit með ákvæðum laga þessara mun að nokkru verða að hvíla á öryggismálastjóra, en að öðru leyti á eftirlitsmönnum samkvæmt lyfsölulögum, og á sérstökum eftirlitsmönnum, er tilnefndir kunna að verða. Ætlazt er til, að eiturefnanefnd geri í heild tillögur um tilhögun eftirlitsins.

Eftirlit mun, ef að líkum lætur, alloft verða fólgið í því, að æskt verður drengskaparyfirlýsinga af hálfu framleiðenda eða innflytjenda þess efnis, að tiltekinn varningur innihaldi ekki eiturefni eða hættuleg efni eða hafi að öðrum kosti ekki slík efni að geyma í magni, er fer fram úr ákveðnu og nánar tilgreindu hámarki. Því er sérstaklega vikið að þessu atriði, þá rætt er um eftirlit.

Um 21. gr.

Af hagkvæmnisástæðum verður að teljast nauðsynlegt þegar í upphafi að veita nokkrar undanþágur frá ákvæðum lagafrumvarps þessa, enda skal veita undanþágur einungis svo fremi, að fullnægt sé skilyrðum að þessu lútandi, er sett kunna að verða hverju sinni í reglugerð samkvæmt ákvæðum 16. gr. lagafrumvarpsins (sbr. 16. gr. að framan) eða greind eru í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum. Lagt er til, að auglýsa skuli allar undanþágur frá ákvæðum laganna. Í fylgiskjali 4 eru drög að slíkri auglýsingu.

Þá er hugsanlegt, að í vissum ófyrirsjáanlegum tilvikum kunni að reynast mjög örðugt að framfylgja ákvæðum lagafrumvarps þessa eða sérstakar ástæður mæli með, að frá þeim verði vikið.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Nauðsynlegt er að hafa refsiákvæði allströng við brotum á lögum þessum. Þó er ekki gert ráð fyrir, að beitt verði varðhaldi eða fangelsi nema brot sé annaðhvort ítrekað eða stórfellt, en önnur brot varði sektum. Brot á ákvæðum frv. mundu í flestum tilvikum varða atvinnustarfsemi og því er nauðsynlegt að hafa ákvæði um upptöku þess, sem ólöglega er innflutt eða framleitt er eða selt, svo og hins ólöglega ávinnings, en slík ákvæði eru í 2. málsgr. Sektir þurfa einnig að vera svo háar, að ekki komi til álita, hvort hagkvæmara sé að hlýða lögunum eða brjóta þau og greiða sektir. Samkvæmt frumvarpinu er það eftirlátið dómstólunum að ákveða sektarupphæðir, enda hefur reynslan sýnt, að krónuupphæðir úreldast fljótt.

Um 24. gr.

Enda þótt ýmsar greinar frv. geymi heimildir til setningar reglugerða, þykir rétt að hafa að lokum almenna heimild til setningar reglugerða til nánari útfærslu á ákvæðum laganna.

Viðauki I: Eiturefni.

LISTI I

(Sterk eiturefni; sterkt eitur).

AMITON (O,O - díetýl - S - (2 - dietýlamínóetýl)- tíófosfat)
ARSEN og *ólífræn arsensambönd*, önnur en blý-, kalcíum- og zinkarsenöt
AZINPHOS-ETHYL (O,O - díetýl - S - (3, 4 - díhýdró - 4 - oxóbenzó - [d] - [1, 2, 3] - tríazín - 3 - ýl) - metýl - dítíófosfat)
AZINPHOS-METHYL (O,O - dímetýl - S - (3, 4 - díhýdró - 4 - oxóbenzó - [d] - [1, 2, 3] - tríazín - 3 - ýl) - metýl - dítíófosfat)
BLÁSÝRA (CÝANVETNI) og þau *sölt sýrunnar*, er í vatnslausn klofna í cýaníðjóna
CARBOPHENOTHION (O,O - díetýl - S - [4 - klórfenýltíó) - metýl] - dítíófosfat
CHLORPICRIN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, KLÓRPÍKRÍN)
CRIMIDIN (2 - klór - 4 - dímetýlamínó - 6 - metýlpýrímídín)
DEMETON - O (O,O - díetýl - O - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
DEMETON-O-METHYL (O,O - dímetýl - O - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
DEMETON-S (O,O - díetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
DEMETON-S-METHYL (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
1 - dímetýlkarbamóýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamat
DÍMETÝLSÚLFAT
DÍNÍTRÓFENÓL (2, 4 - dínítrófenól)
DINOSEB (2 - (1 - metýl - *n* - própýl) - 4, 6 - dínítrófenól)
DIOXATHION (dí - (O,O - díetýl) - 2,3 - S,S - díoxan - (1,4) - dítíófosfat)
DISULFOTON (O,O - díetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] dítíófosfat)
DNOC (2 - metýl - 4, 6 - dínítrófenól)
ENDOSULFAN (6, 7, 8, 9, 10, 10 - hexaklór - 1, 5, 5a, 6, 9, 9a - hexahýdró - 6, 9 - metanó - 2, 4, 3 - benzó - [e] - díoxatíepín - 3 - oxíð)
ENDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 6, 7 - epoxí - 1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a - oktahýdró - exó - 1, 4 - exó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
EPN (O - etýl - O - 4 - nítrófenýl - benzentíófosfat)
FENTHION (O,O - dímetýl - O - (3 - metýl - 4 - metýltíófenýl) - tíófosfat)
FOSFÍN (alkýlsambönd fosfórvetnis)
FOSFÓR, *gulur*
FOSFÓRVETNI

FOSGEN (PHOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
ISOLAN (1 - ísóprópýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamat)
KALCÍUMFOSFÍÐ
KLÓRPÍKRÍN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, CHLORPICRIN)
KVIKASILFURSSAMBÖND, *ólífræn,* að undanskildu merkúróklóríði (kalómel), merkúríoxíði og merkúrísúlfíði (zinnóber), svo og merkúrísúlfati og merkúríklóríði í þurrrafhlöðum og natríum- og kalíumamalgötum til tannfyllinga
METÝLBRÓMÍÐ (MÓNÓBRÓMMETAN)
MEVINPHOS (O,O - dímetýl - O - (2 - metoxíkarbónýl - 1 - metýlvinýl) - fosfat
MÓNÓFLÚOREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar*
NIKÓTÍN og *nikótínsölt.* Undanskildar eru duftblöndur, sem innihalda 1% (w/w) nikótín eða minna, sbr. lista II
OXYDEMETON-METHYL (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýlsúlfínýl) - etýl) - tíófosfat
PARATHION (O,O - díetýl - O - 4 - nítrófenýltíófosfat)
PARATHION-METHYL (O,O - dímetýl - O - 4 - nítrófenýltíófosfat)
PHORAT (O,O - díetýl - S - (etýltíómetýl) - dítíófosfat)
PHOSGEN (FOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
PHOSPHAMIDON (O,O - dímetýl - O - (1 - metýl - 2 - klór - 2 - díetýlkarbamóýl) - vínýlfosfat)
SCHRADAN (oktametýlpýrófosfórsýrutetramíð)
SELENSAMBÖND, *ólífræn*
STRYKNÍN og *strykninsölt*
SULFOTEP (bis - O,O - díetýltíónfosfórsýruanhýdríð)
TALLÍUMSAMBÖND, *ólífræn*
TEPP (tetraetýlpýrófosfat)
TETRAETÝLBLÝ
THIOMETON (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - dítíófosfat)
ZINKFOSFÍÐ

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal varðveita í eiturskápum samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár. Ákvæði þetta tekur þó ekki til fíknilyfja (nautnalyfja, euforetica), sbr. 6. gr. í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966.

LISTI II

(Eiturefni; eitur).

ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ (TETRAKLÓRETAN; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretan)
ALDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 1, 4, 4a, 5, 8, 8a - hexahýdró - exó - 1, 4 - endó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
ALLÝLALKÓHÓL (PRÓPENÓL; 2 - própen - 1 - ól)
ALLÝLKLÓRÍÐ (KLÓRPRÓPEN; 3 - klórprópen)
ANTÍMONKALÍUMTARTRAT
ANTÍMONSAMBÖND, *ólífræn,* önnur en antímonsúlfíð og litarefni
ANTU (*alfa*-naftýltíóþvagefni; *alfa*-naftýltíókarbamíð)
AZÓBENZEN
BARÍUMSÖLT, önnur en baríumsúlfat
BLÝARSENAT
BRÓM
beta-bútoxí-*beta*-tíócýanó-díetýleter
CHLORDAN (1, 2, 4, 5, 6, 7, 10, 10 - oktaklór - 4, 7, 8, 9 - tetrahýdró - 4, 7 - metýlenindan)

COUMAFURYL (3 - [(*beta* - acetýl - *alfa* - fúrfúrýl) - etýl] - 4 - hýdroxíkúmarín)
CYCLOHEXIMID (*beta* - [2 - (3, 5 - dímetýl - 2 - oxócýklóhexýl) - 2 - hýdroxí - etýl] - glútarímíð)
DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1, 1, 1 - tríklór - 2, 2 - dí - (4 - klórfenýl) - etan) *í blöndum og samsetningum,* sem innihalda *meira en 10%* (w/w eða w/v) DDT, sbr. lista III
DIAZINON (O,O - díetýl - O - [2 - ísóprópýl - 6 - metýl - 4 - pýrímídínýl] - tíófosfat)
DÍBRÓMETAN (1, 2 - díbrómetan), ef látið er úti *meira magn en 100 ml,* sbr. lista IV A
DICHLORVOS (O,O - dímetýl - 2, 2 - díklórvínýlfosfat)
DICUMAROL (3,3' - metýlen - bis (4 - hýdroxí - 1, 2 - benzópýrón))
DIELDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 6, 7 - epoxí - 1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a - oktahýdró - exó - 1, 4 - endó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
DÍETÝLSÚLFAT
DÍKLÓREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum,* ef styrkleiki er *meiri en 50%* (w/v), sbr. lista III
DÍKLÓRETAN (1, 2 - díklóretan), ef látið er úti *meira magn en 100 ml,* sbr. lista IV A
DIMETHOAT (O,O - dímetýl - S - (N - metýlkarbamóýlmetýl) - dítíófosfat)
DÍMETÝLHÝDRAZÍN
DÍNÍTRÓBENZEN (*meta-* og *para*-dínítróbenzen)
ENDOTHAL-Na (dínatríum - 7 - oxabícýkló - [2, 2, 1] - heptan - 2, 3 - díkarboxýlat)
ETOXÍMERKÚRÍSILÍKAT
ETÝLMERKÚRÍBRÓMÍÐ
ETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
ETÝLMERKÚRÍTÍÓÚRÓNÍUMKLÓRÍÐ
FENÝLMERKÚRÍACETAT
FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍKÍNÓLÍN
FENÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
FENÝLMERKÚRÍNAFTENAT
FENÝLMERKÚRÍNÍTRAT
FENÝLMERKÚRÍPÝRÓKATEKÍN
1 - fenýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamat
FLÚSSÝRA (FLÚORVETNI) og *alkalí- og ammóníumsölt sýrunnar*
gamma - benzenhexaklóríð, sjá HEXICÍÐ
HEPTACHLOR (1, 4, 5, 6, 7, 10, 10 - heptaklór - 4, 7, 8, 9 - tetrahýdró - 4, 7 - metýleninden)
HEXICÍÐ (LINDAN; *gamma*-benzenhexaklóríð; *gamma*-1, 2, 3, 4, 5, 6-hexaklórcýklóhexan) *í blöndum og samsetningum,* sem innihalda *meira en 2%* (w/w eða w/v) hexicíð, sbr. lista III
HÝDRAZÍN
HÝDROXÝLAMÍN og *hýdroxýlaminsölt*
KADMÍUMSAMBÖND, *ólífræn,* önnur en kadmíumsúlfíð
KALCÍUMARSENAT
KALÍUMKRÓMAT og KALÍUMDÍKRÓMAT
KALÍUMNÍTRÍT
KALÓMEL (MERKÚRÓKLÓRÍÐ)
KLÓRKAMFENAR (klóraðir kamfenar; brúttóformúla: $C_{10}H_{10}Cl_8$)
KLÓRFENÓTAN, sjá DDT
KLÓRNÍTRÓBENZEN (*para*-klórnítróbenzen)
KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN (*para*-klórnítrótólúen)

KLÓRÓFORM (TRÍKLÓRMETAN), ef látið er úti *meira magn en 100 ml,* sbr. lista IV A
KLÓRPRÓPEN (ALLÝLKLÓRÍÐ; 3-klórprópen)
KRÓMTRÍOXÍÐ, KRÓMSÝRA *og sölt sýrunnar*
LINDAN, sjá HEXICÍÐ
MALATHION (O,O - dímetýl - S - (1, 2 - díkarbetoxíetýl) - dítíófosfat)
MERKÚRÍOXÍÐ
MERKÚRÓKLÓRÍÐ (KALÓMEL)
meta-dínítróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
METAM-Na (natríum - N - metýldítíókarbamat)
METOXÍETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
METOXÍETÝLMERKÚRÍSILÍKAT
METOXÍMETÝLMERKÚRÍACETAT
METHYLCHLORTHION (O,O - dímetýl - O - (3 - klór - 4 - nítrófenýl) - tíófosfat)
METÝLHÝDRAZÍN
METÝLMERKÚRÍDÍCÝANDÍAMÍÐ [N - cýanó - N' - (metýlmerkúrígvanídín)]
METÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
MÓNÓBRÓMEDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar og estrar*
MÓNÓKLÓREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar*
NATRÍUMNÍTRÍT
NIKÓTÍN í *duftblöndum,* sem innihalda *1%* (w/w) nikótín *eða minna,* eða mest 10% af tóbaksdufti, sbr. lista I
NÍTRÓBENZEN (NITRÓBENZÓL)
para-dínítróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
para-klórnítróbenzen (KLÓRNÍTRÓBENZEN)
para-klórnítrótólúen (KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN)
PENTICÍÐ, sjá DDT
PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
PHENCAPTON (O,O - dietýl - S - (2, 5 - díklórfenýltíómetýl) - dítíófosfat)
PINDON (2 - pívalóýlindan - 1, 3 - díón)
PRÓPENÓL (ALLÝLALKÓHÓL; 2 - própen - 1 - ól)
RONNEL (O,O - dímetýl - O - (2, 4, 5 - tríklórfenýl) - tíófosfat)
SCILLA-GLÝKÓSÍÐ
STROBAN (blanda af heptaklórkamfen, heptaklórpínen og öðrum klórterpenum; inniheldur 66% klór; brúttóformúla $C_{10}H_{11}Cl_7$)
TELLÚRSAMBÖND, *ólífræn*
TETRAKLÓRETAN (ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretan)
TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN: 1, 1, 2, 2 - tetraklóretýlen), ef látið er úti *meira magn en 200 ml,* sbr. lista IV A
TETRAKLÓRMETAN (TETRAKLÓRKOLEFNI)
TRICHLOROFON (O,O - dímetýl - 2, 2, 2 - tríklór - 1 - hýdroxíetýlfosfónat)
TRÍKLÓREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum,* ef styrkleiki er *meira en 50%* (w/v), sbr. lista III
TRÍKLÓRETÝLEN (1, 1, 2 - tríklóretýlen), ef látið er úti *meira magn en 100 ml,* sbr. lista IV A
WARFARIN (3 - [(*beta*-acetýl-*alfa*-fenýl) - etýl] - 4 - hýdroxíkúmarín)
ZINKARSENAT

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal merkja eiturmerki (einum krossi) samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár og látin eru úti gegn lyfseðlum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til fíknilyfja (nautnalyfja; euforetica), sbr. 6. gr. í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966.

Viðauki II: Hættuleg efni.

LISTI III
(Hættuleg efni).

ACETALDEHÝÐ
alfa-naftól (NAFTÓL)
alfa-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)
ALKÝLNÍTRÓSAMÍN, hvers konar
AMMÓNÍAKVATN (SALMÍAKSPÍRITUS), sem að styrkleika *er meira en 3%* (w/w eða w/v)
ANILÍN — Ef anilín eða anilínsölt eru í merkibleki, skal letra á ílát eftirfarandi: *Má ekki nota til þess að merkja bleijur eða önnur klæði ungbarna*
BENZÍN, nema benzín, sem notað er á benzínhreyfla til eldsneytis
beta-naftól (NAFTÓL)
beta-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)
BLEIKIVATN (HÝPÓKLÓRÍTLAUSNIR), ef látið er úti *meira magn en 30 ml*
BLÝSAMBÖND, önnur en blýarsenat (sbr. lista II) og tetraetýlblý (sbr. lista I). — Ef uppleyst litarefni, málning eða aðrar lausnir, sem fullbúnar eru til notkunar, innihalda meira magn af blýi en nemur 50% (w/w) þurrefnis, skal letra á ílát eftirfarandi: *Varúð. Hætta á blýeitrun.*
BÓRSÝRA, *óblönduð, í duftblöndum og lausnum,* ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/w eða w/v)
BRENNISTEINSKLÓRÍÐ (KLÓRBRENNISTEINN)
BRENNISTEINSSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)
DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1, 1, 1 - tríklór - 2, 2 - dí - (4 - tríklórfenýl) - etan) *í blöndum og samsetningum,* sem innihalda *10%* (w/w eða w/v) DDT *eða minna,* sbr. lista II
DÍKLÓRAMÍN-T (N - díklór - 4 - tólúensúlfónamíð)
DÍKLÓRBENZEN (*para*-díklórbenzen)
DÍKLÓREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum,* ef styrkleiki er *50%* (w/v) *eða minni,* sbr. lista II
DÍMETÝLAMÍNÓAZÓBENZEN
DÍMETÝLNÍTRÓSAMÍN (sbr. alkýlnítrósamín)
EDIKSSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 15%* (w/v). — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Hættulegt að neyta óþynnt.*
FENÓL (PHENOL; KARBÓLSÝRA)
FENÝLENDÍAMÍN (*para*-fenýlendíamín)
FENÝLHÝDRAZÍN
FLÚSKÍSILSÝRA (hýdrógensilíciumflúoríð) og *sölt sýrunnar*
FORMALÍN (formaldehýð í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 4%* (w/w)
FOSFÓRSÝRA (*ortó* - fosfórsýra) *í blöndum og samsetningum,* ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/w eða w/v)
gamma-benzenhexaklóríð, sjá HEXICÍÐ
HEXAKLÓRETAN
HEXICÍÐ (LINDAN; *gamma* - benzenhexaklóríð; *gamma* - 1, 2, 3, 4, 5, 6 - hexaklórcýklóhexan) *í blöndum og samsetningum,* sem innihalda *2%* hexicíð (w/w eða w/v) *eða minna,* sbr. lista II
HÝDRÓGENPEROXÍÐ, sjá SÚRVATN
JOÐ
KALÍUM
KALÍUMHÝDROXÍÐ (ÆTIKALÍUM)
KALÍUMKLÓRAT. — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt í snertingu við eldnæm efni.*

KALÍUMLÚTUR (KOH í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
KALÍUMNÍTRAT
KALÍUMPERMANGANAT *í lausnum,* ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
KARBÓLSÝRA (FENÓL)
KLÓRAMÍN B (N-klór-benzensúlfónamíðnatríum)
KLÓRAMÍN T (CHLORAMINUM; N-klór-*para*-tólúensúlfónamíðnatríum)
Ef KLÓRAMÍN T er látið úti í töfluformi, skulu töflurnar vera sexstrendar lausnartöflur (solublettae) og innihalda 1 g. — Á umbúðir skal letra: *Klóramínlausnartöflur.*
KLÓRAMÍNLAUSNIR (klóramín B og T), ef styrkleiki *fer fram úr 1%* w/v)
KLÓRBRENNISTEINN (BRENNISTEINSKLÓRÍÐ)
KLÓRFENÓTAN, sjá DDT
KLÓRSÚLFÓNSÝRA
KRESÓLAR (CRESOL), m. a. klórkresól og tríkresól
KRESÓLAR *í sápuvatni* (SÁPUKRESÓLAR), ef styrkleiki *fer fram úr 1%* (w/v)
KVARTER AMMÓNÍUM-, PÝRÍDÍNÍUM-, og ÍMÍDAZÓLÍNÍUMSÖLT í *lausnum,* ef styrkleiki *fer fram úr 10%* (w/v)
LITÍUM
LINDAN, sjá HEXICÍÐ
MAURASÝRA
METALDEHÝÐ($(C_2H_4O)_n$, t. d. „þurrspritt")
METHOXYCHLOR (1, 1, 1-tríklór-2, 2-dí-(4-metoxífenýl)-etan)
NAFTALEN (NAFTALÍN)
NAFTÓL (*alfa-* og *beta-*)
NAFTÝLAMÍN (*alfa-* og *beta-*)
NATRÍUM
NATRÍUMHÝDROXÍÐ (VÍTISSÓTI; ÆTINATRÍUM)
NATRÍUMKLÓRAT. — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt í snertingu við eldnæm efni.*
NATRÍUMLÚTUR (NaOH í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
NATRÍUMNÍTRAT
NÍTRÓANILÍN
NÍTRÓSÓALKÝLAMÍN, sjá ALKÝLNÍTRÓSAMÍN
ortó-fosfórsýra, sjá FOSFÓRSÝRA
OSMÍUMTETROXÍÐ
OXALSÝRA og *sölt sýrunnar,* m. a. „sýrusalt"
para-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-fenýlendíamín (FENÝLENDÍAMÍN)
para-tólúýlendíamín (TÓLÚÝLENDÍAMÍN)
PENTAKLÓRFENÓL og *sölt þess*
PENTICÍÐ, sjá DDT
PERKLÓRSÝRA. — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt í snertingu við eldnæm efni.*
PETROLEUM, sjá STEINOLÍA
PÍKRÍNSÝRA (2, 4, 6-trínítrófenól) og *sölt sýrunnar*
SALMÍAKSPÍRITUS, sjá AMMÓNÍAKVATN
SALTPÉTURSSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)
SALTSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)
SÁPUKRESÓLAR, sjá KRESÓLAR *í sápuvatni*
SILFURNÍTRAT (VÍTISSTEINN)
STEINOLÍA (PETROLEUM), *óblönduð*

SÚRVATN (HÝDRÓGENPEROXÍÐ; „Brintoverilte"), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
TERPENTÍNA (hvers konar), *óblönduð*
TÓLÚÝLENDÍAMÍN (*para*-tólúýlendíamín)
TRÍKLÓREDIKSSÝRA og *sölt sýrunnar í lausnum eða blöndum*, ef styrkleiki er *50%* (w/v) *eða minni*, sbr. lista II
VÍTISSÓTI (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; ÆTINATRÍUM)
VÍTISSTEINN (SILFURNÍTRAT)
ZINKKLÓRÍÐ, *í lausnum* (t. d. lóðvatn), ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)
ÆTIKALÍUM (KALÍUMHÝDROXÍÐ)
ÆTINATRÍUM (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; VÍTISSÓTI)

Öll önnur efni og efnasamsetningar, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skráð eru í B og C hættuflokkum á listum yfir slík efni (sbr. 14. gr.).

LISTI IV A

(Hættuleg leysiefni (lífræn), A flokkur).

ACETÓNÍTRÍL (METÝLCÝANÍÐ)
ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRETÝLEN)
ACETÝLENTETRABRÓMÍÐ (TETRABRÓMETAN)
BENZEN (BENZÓL; STEINKOLSNAFTA)
BRENNISTEINSKOLEFNI (KARBÓDÍSÚLFÍÐ)
BÚTÝLCELLÓSOLVE (ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTÝLETER; $CH_2OH \cdot CH_2 \cdot O \cdot C_4H_9$)
BÚTÝLGLÝKÓL (ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTÝLETER; $CH_2OH \cdot CH_2 \cdot O \cdot C_4H_9$)
DÍACETÓNALKÓHÓL (4 - hýdroxí - 4 - metýl - 2 - pentanón)
DÍBRÓMETAN (1, 2 - díbrómetan), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II
DÍETÝLENDÍOXÍÐ (DIOXAN; 1, 4 - díetýlendíoxíð)
DÍÍSÓBÚTÝLKETÓN
DÍKLÓRBENZEN (1, 2 - díklórbenzen)
DÍKLÓRETAN (1, 2 - díklóretan), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II
1, 1 - díklóretan (ETÝLÍDENKLÓRÍÐ)
DÍKLÓRETÝLEN (ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ; 1, 2 - díklóretýlen)
DÍKLÓRETÝLETER (2, 2′ - díklóretýleter)
DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ)
DÍKLÓRNÍTRÓETAN (1, 1 - díklór - 1 - nítróetan)
DÍKLÓRPRÓPAN (1, 2 - díklórprópan)
DÍKLÓRPRÓPÝLEN (1, 3 - díklórprópýlen)
DÍMETÝLFORMAMÍÐ (DMF; *N*, *N* - dímetýlformamíð)
DIOXAN (DÍETÝLENDÍOXÍÐ)
ETRI (ETER; ETÝLETER)
ETÝLENDÍBRÓMÍÐ, sjá DÍBRÓMETAN
ETÝLENDÍKLÓRÍÐ, sjá DÍKLÓRETAN
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTÝLETER (BÚTÝLCELLÓSOLVE; BÚTÝLGLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER (METÝLCELLÓSOLVE; METÝLGLÝKÓL)

ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT (METÝLCELLÓSOLVEACETAT; METÝLGLÝKÓLACETAT)
ETÝLENKLÓRHÝDRÍN (1-hýdroxí-2-klóretan)
ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ (TRÍKLÓRETAN)
ETÝLFORMÍAT
ETÝLÍDENKLÓRÍÐ (1, 1-díklóretan)
FÚRFÚRÓL (FÚRFÚRAL; 2-formýlfúran)
FÚRFÚRÝLALKÓHÓL (2-hýdroxímetýl-fúran)
ISOFORON (3, 5, 5-trímetýlcýklóhexen (2)-ón (1))
KARBÓDÍSÚLFÍÐ (BRENNISTEINSKOLEFNI)
KLÓRNÍTRÓPRÓPAN (1-klór-1-nítróprópan)
KLÓRBENZEN (KLÓRBENZÓL; MÓNÓKLÓRBENZEN)
KLÓRÓFORM (TRÍKLÓRMETAN), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II
MESITÝLOXÍÐ (2-metýl-penten (2)-ón (4))
METANÓL (METÝLALKÓHÓL; TRÉSPÍRITUS)
METÝLAMÝLALKÓHÓL (METÝLÍSÓBÚTÝLKARBÍNÓL)
METÝLCELLÓSOLVE (METÝLGLÝKÓL; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
METÝLCELLÓSOLVEACETAT (METÝLGLÝKÓLACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
METÝLCÝANÍÐ (ACETÓNÍTRÍL)
METÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRMETAN)
METÝLFORMÍAT
METÝLGLÝKÓL (METÝLCELLÓSOLVE; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
METÝLGLÝKÓLACETAT (METÝLCELLÓSOLVEACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
METÝLÍSÓBÚTÝLKARBÍNÓL (METÝLAMÝLALKÓHÓL)
MÓNÓKLÓRBENZEN (KLÓRBENZEN; KLÓRBENZÓL)
NÍTRÓETAN
NÍTRÓMETAN
NÍTRÓPRÓPAN
ortó-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-tert.-bútýltólúen (1-metýl-4-tert. bútýlbenzen)
PENTAKLÓRETAN
PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
PRÓPÝLENOXÍÐ
STEINKOLSNAFTA (BENZEN; BENZÓL)
TETRABRÓMETAN (1, 1, 2, 2-tetrabrómetan)
TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1, 1, 2, 2-tetraklóretýlen), ef látið er úti *200 ml eða minna magn*, sbr. lista II
TRÉSPÍRITUS (METANÓL; METÝLALKÓHÓL)
TRÍKLÓRETAN (ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ; 1, 1, 2-triklóretan), sbr. tríklóretan, lista IV B
TRÍKLÓRETÝLEN (1, 1, 2-tríklóretýlen), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*, sbr. lista II
TRÍKLÓRMETAN, sjá KLÓRÓFORM
TRÍKLÓRPRÓPAN (1, 2, 3-triklórprópan)

LISTI IV B

(Hættuleg leysiefni (lífræn), B flokkur).

ACETÓN
alfa-metýlstýren (METÝLSTÝREN)
AMÝLACETAT
AMÝLALKÓHÓL
AMÝLBENZEN (AMÝLBENZÓL)
AMÝLFORMÍAT
ANON (CÝKLÓHEXANÓN)
BÚTANÓL (BÚTÝLALKÓHÓL)
BÚTANÓN (METÝLETÝLKETÓN)
BÚTÝLACETAT
BÚTÝLFORMÍAT
CELLÓSOLVE (ETÝLGLÝKÓL; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
CELLÓSOLVEACETAT (ETÝLGLÝKÓLACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
CUMOL (CUMEN; ÍSÓPRÓPÝLBENZEN)
CÝKLÓHEXAN (HEXAMETÝLEN; HEXAHÝDRÓBENZÓL)
CÝKLÓHEXANÓL (HEXALÍN)
CÝKLÓHEXANÓN (ANON)
CÝKLÓHEXEN (TETRAHÝDRÓBENZÓL)
CÝKLÓHEXÝLACETAT (HEXALÍNACETAT)
CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT (HEXALÍNFORMÍAT)
CYMOL (*p*-CYMEN; 1 - metýl - 4 - ísóprópýlbenzen)
DEKAHÝDRÓNAFTALEN (DEKALÍN)
DÍETÝLBENZEN (DÍETÝLBENZÓL)
DÍFLÚORDÍBRÓMMETAN
DÍMETÝLBENZEN (XÝLEN)
DÍPRÓPÝLENGLÝKÓLMETÝLETER
ETÝLACETAT
ETÝLBENZEN (ETÝLBENZÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER (CELLÓSOLVE; ETÝLGLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT (CELLÓSOLVEACETAT; ETÝLGLÝKÓLACETAT)
ETÝLGLÝKÓL (CELLÓSOLVE; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
ETÝLGLÝKÓLACETAT (CELLÓSOLVEACETAT; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
HEXAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXAN)
HEXAHÝDRÓKRESÓL (METÝLCÝKLÓHEXANÓL)
HEXALÍN (CÝKLÓHEXANÓL)
HEXALÍNACETAT (CÝKLÓHEXÝLACETAT)
HEXALÍNFORMÍAT (CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT)
HEXAMETÝLEN (CÝKLÓHEXAN)
HEXÝLACETAT (sek. hexýlacetat)
ÍSÓBÚTANÓL (ÍSÓBÚTÝLALKÓHÓL)
ÍSÓPRÓPANÓL (ÍSÓPRÓPÝLALKÓHÓL)
ÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CUMOL)
MESITÝLEN (TRÍMETÝLBENZEN; 1, 3, 5 - trímetýlbenzen)
METÝLACETAT
METÝLANON (METÝLCÝKLÓHEXANÓN)
METÝLBENZEN (TÓLÚEN)
METÝLBÚTÝLKETÓN (2 - hexanón)
METÝLCÝKLÓHEXANÓL

METÝLCÝKLÓHEXANÓN
METÝLCÝKLÓHEXÝLACETAT (METÝLHEXALÍNACETAT)
METÝLCÝKLÓHEXÝLFORMÍAT
METÝLETÝLKETÓN (BÚTANÓN)
METÝLÍSÓBÚTÝLKETÓN (METÝLPENTANÓN; 4-metýlpentanón (2))
METÝLÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CYMOL; *p*-CYMEN; 1 - metýl - 4 - ísóprópýlbenzen)
METÝLKLÓRÓFORM (TRÍKLÓRETAN; 1, 1, 1 - tríklóretan)
METÝLPENTANÓN (4 - metýlpentanón (2))
METÝLPRÓPÝLKETÓN (PENTANÓN; 2 - pentanón)
METÝLSTÝREN (METÝLSTÝRÓL; *alfa*-metýlstýren)
PENTANÓN (METÝLPRÓPÝLKETÓN; 2-pentanón)
PRÓPÝLACETAT
PRÓPANÓL (PRÓPÝLALKÓHÓL)
PRÓPÝLBENZEN (PRÓPÝLBENZÓL)
STÝREN (STÝRÓL; VÍNÝLBENZEN)
TETRAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXEN)
TETRAHÝDRÓFÚRAN
TETRAHÝDRÓNAFTALEN (TETRALÍN; 1, 2, 3, 4 - tetrahýdrónaftalen)
TRÍKLÓRETAN (METÝLKLÓRÓFORM; 1, 1, 1 - tríklóretan), sbr. tríklóretan, lista IV A
TÓLÚEN (TÓLÚÓL)
TRÍMETÝLBENZEN (1, 3, 5 - trímetýlbenzen)
VÍNÝLBENZEN (VÍNÝLBENZÓL; STÝREN)
VÍNÝLTÓLÚEN (VÍNÝLTÓLÚÓL)
XÝLEN (XÝLÓL)

LISTI V

(Hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi).

AMMÓNÍAK
BRENNISTEINSDÍOXÍÐ (SO_2)
BRENNISTEINSVETNI (HÝDRÓGENSÚLFÍÐ; H_2S)
DÍAZÓMETAN ($CH_2 = N+ = N-$)
DÍCÝAN ($(CN)_2$)
FLÚOR
KLÓR
KARBÓMÓNOXÍÐ (CO)
METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAN)
T-gas (ETÝLENOXÍÐ)

Athugasemdir við viðauka I og II.

Í upphafi voru kannaðar innkaupabækur Reykjavíkur apóteks og Lyfjaverzlunar ríkisins. Spjaldskrá var gerð um nálega öll efni og efnasamsetningar, sem þar var að finna. Úr þessu safni voru síðan tínd öll þau efni, sem ekki eru notuð til lækninga eingöngu og telja má til eiturefna eða hættulegra efna. Þá var farið yfir lista þá, er fylgja dönsku lögunum og svara til lista I—V í lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir. Megnið af öllum efnum, sem þar eru talin, voru síðan tekin til nánari athugunar. Allmörg efni eru á dönsku listunum, er ekki fundust í innkaupabókum fyrrgreindra fyrirtækja. Á hinn bóginn fundust einnig nokkur efni í innkaupabókunum, sem ætla varð, að vanta mundi á dönsku listana. Á listum um eiturefni og hættuleg efni, eins og þeir eru hér úr garði gerðir, eru því talin öll efni, sem eru

á dönsku listunum og 20—30 efni að auki, er flest komu í leitirnar við könnun innkaupabókanna. Þá hafa nokkrar breytingar verið gerðar á röðun efna á listana frá því, sem er á tilsvarandi dönskum listum. Sem dæmi má nefna, að nokkur efni, er Danir telja til hættulegra efna, hafa verið flutt í flokk eitraðra efna (listar I og II). Var það gert m. a. með tilliti til upplýsinga um tíðni eitrana af völdum þessara efna á síðustu árum. Þannig er lagt til, að hömlur verði lagðar á sölu tetraklórmetans, hexicíðs (lindan), klórfenótans (DDT), díklórediksýru og tríklórediksýru, svo að dæmi séu nefnd. Sum þessara efna eru reyndar seld hér í lausasölu samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár. Verður það að teljast varhugavert. Æskilegt er, að sömu reglur gildi um útlát tiltekinna efna úr lyfjabúðum, hvort sem þau eru látin úti sem lyf eða eiturefni.

Um rithátt atriðsorða á listunum skal þetta tekið sérstaklega fram:

Samheiti eru rituð að íslenzkum hætti (með tilliti til uppruna orða, en *ekki* ætíð eftir framburði) svo fremi, að þau séu beinlínis dregin af efnafræðilegum heitum (t. d. dímetýlsúlfat, kalcíumfosfíð o. fl.), en ella að erlendum hætti (t. d. dinoseb, endrin o. fl.). Örfá frávik eru þó frá seinni reglunni. Þannig eru klórfenótan og hexicíð rituð að íslenzkum hætti. Sú er ástæða fyrir reglu þessari, að bæði Danir og Bretar og væntanlega ýmsar aðrar þjóðir hafa í stórum dráttum komið sér saman um rithátt á slíkum samheitum. Því var talið rétt að halda þeim rithætti, unz annað ræðst. Samheiti eru rituð stórum stöfum fremst í línu, en efnafræðilegra heita er alls staðar getið í svigum þar, sem þess er talin þörf. Ef efni hefur ekkert viðurkennt samheiti, er efnafræðileg samsetning tilfærð fremst í línu með litlum stöfum og utan sviga. Ef efni hefur fleira en eitt samheiti, sem jafnþekkt mega kallast, er að jafnaði reynt að tilfæra þau öll og vísa til þeirra á víxl. Stuðzt var við Recommended Common Names for Pesticides (British Standard 1831 : 1965, British Standards Institution) og Giftnævnets oversigt over klassificerede bekæpelsesmidler 1965 (Landbrugets informationskontor, Kaupmannahöfn) um nafngiftir og efnafræðilega samsetningu efna.

Fylgiskjal I.

Reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

1. gr.

Eiturbeiðnir eru leyfi, er lögreglustjórar gefa út handa einstaklingum samkvæmt beiðni þeirra, til kaupa á eiturefnum til eigin nota. Eiturbeiðnir gilda lengst í 1 ár frá útgáfudegi og gegn sömu eiturbeiðni má eigi láta úti oftar en í mesta lagi þrisvar sinnum (sbr. 5. gr.).

Eiturbeiðnir þarf ekki til kaupa á eiturefnum eða varningi, sem inniheldur tiltekin eiturefni og leyft er að selja á frjálsum markaði (sbr. næstu málsgr.).

Sölu eiturefna mega þeir einir annast, sem greindir eru í 1.—5. tölulið 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Heimilt er þó að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), enda skal þá gæta settra fyrirmæla um notkun (sbr. 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), og slíkar undanþágur (sbr. 21. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni) frá ákvæðum 5. gr. laganna skal auglýsa sérstaklega.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til kaupa á eiturefnum, sem sérstaklega eru ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra). Sjá þó 9. og 10. gr. á eftir.

3. gr.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Seljandi ber fulla ábyrgð á því, að eiturbeiðnir séu rétt afgreiddar (sbr. einnig 5. og 6. gr.).

4. gr.

Eiturbeiðandi skal á eyðublaði (sbr. 5. gr. og viðauka 1) nákvæmlega greina, hve mikið magn (g, ml, kg, l) eiturefnis eða varnings hann hyggst nota og til hvers. Skal hann með undirskrift sinni staðfesta, að hann heiti að fara með fyllstu gát með umrætt eiturefni (eða varning) og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum, né friðuðum dýrum eða plöntum, og muni ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

5. gr.

Eiturbeiðnir skal gefa út í þríriti á sérstök eyðublöð (sbr. viðauka 1). Skal lögreglustjóri varðveita annað afrit, en eiturbeiðandi hitt. Eiturbeiðandi skal framvísa seljanda frumriti.

Seljandi skal halda eftir frumriti eiturbeiðnar, ef hún hljóðar á sterkt eiturefni (sbr. lista I við lög um eiturefni og hættuleg efni) eða samsetningu, blöndu eða varning, sem hefur slík efni að geyma og ekki er leyft að selja á frjálsum markaði, enda má einungis afgreiða einu sinni gegn slíkri eiturbeiðni. Ef eiturbeiðni hljóðar á eiturefni (sbr. lista II við lög um eiturefni og hættuleg efni) eða samsetningu, blöndu eða varning, sem hefur slík efni að geyma og ekki er leyft að selja á frjálsum markaði, skal seljandi árita eiturbeiðni í 2 fyrstu skipti, þegar henni er framvísað, þess efnis, að afgreiðsla hafi farið fram, en halda henni eftir í þriðja sinn, enda skal ekki afgreiða oftar en þrisvar sinnum gegn slíkri eiturbeiðni.

Seljandi skal í lok hvers árs senda eiturefnanefnd öll frumrit eiturbeiðna, er afgreiddar hafa verið og haldið eftir samkvæmt framanskráðu.

6. gr.

Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri. Lögreglustjóri skal krefja eiturbeiðanda, að hann sanni með skilríkjum, hver hann er. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er lögreglustjóra svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má afhenda eiturefni öðrum en eiturbeiðanda. Skal seljandi krefja eiturbeiðanda, að hann sanni með skilríkjum, hver hann er. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má gefa út eiturbeiðnir eða afhenda gegn þeim eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

7. gr.

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni í hættuflokkum X og A (sbr. 9. gr.). Enn fremur mega eiturbeiðnir hvorki hljóða á eiturefni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

8. gr.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað skírteini (sjá viðauka 2), er hlutaðeigandi skal ávallt bera á sér við störf sín og veitir leyfi til slíkra kaupa. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega, og eru þeir ábyrgir, ef tjón hlýzt af notkun þeirra. Greina skal á leyfisskírteinum þau eiturefni (sbr. 1. málsgr. 3. gr.), sem leyfð eru kaup á.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd leitar álits formanns hlutaðeigandi iðnaðarmannafélags á hverjum stað eða annarra dómbærra manna, eftir því sem við á hverju sinni, um umsækjendur. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Eiturefnanefnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald, að leyfi þessi verði numin úr gildi, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta gæti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds undir dóm ráðherra.

Seljandi má eigi afhenda eiturefni gegn leyfum þessum öðrum en þeim, er nota skal efnin (sbr. 1. málsgr.). Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að afhenda öðrum umræddan varning fyrir hönd notanda, enda hafi notandi með símtali eða á annan viðhlítandi hátt tilkynnt, að varninginn skuli afhenda þeim, er hann tilgreinir. Sá, er veita á varningnum viðtöku fyrir hönd notanda, skal þá með skilríkjum sanna seljanda, hver hann er, nema hann sé seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf. Notandi ber jafnt ábyrgð á varningnum, hvort sem hann hefur verið afhentur sjálfum honum eða öðrum, er hann hefur tilnefnt í sinn stað.

Um útgáfu leyfa og afhendingu eiturefna gegn þeim gilda enn fremur ákvæði 1. og 3. málsgr. 6. gr. svo og ákvæði 7. gr.

9. gr.

Þeir einir mega kaupa og nota eiturefni í hættuflokkum X og A, er brýna þörf hafa fyrir slík efni við störf sín og til þess hafa fengið sérstök leyfi (sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Leyfishafar skulu ávallt bera á sér við störf sín númeruð leyfisskírteini (sbr. viðauka 3), er lögreglustjóri gefur út að fengnu samþykki eiturefnanefndar.

10. gr.

Ef sérstaklega stendur á, er lögreglustjóra heimilt, enda þótt umsagnar eiturefnanefndar hafi ekki verið leitað, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni eiturefna í hættuflokki A (sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Gegn slíkum leyfum má aðeins láta úti einu sinni og skulu þau hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni (sbr. 1. málsgr. 3. gr.).

Leyfi þessi skal ekki rita á sérstök eyðublöð, enda ber lögreglustjórum skylda til þess að takmarka útgáfu þeirra svo sem frekast er auðið.

11. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi auglýsing landlæknis til lyfsala og lækna 19. nóvember 1913 um sölu á eiturefnum til annarra afnota en lækninga.

EITURBEIÐNI

Viðauki nr. 1
(prentist á gulan pappír)

Eiturbeiðnir skulu hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni, eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni. — Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri. — Eigi má afhenda eiturefni öðrum en eiturbeiðanda. — Eigi má gefa út eiturbeiðnir eða afhenda gegn þeim eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum.

Ég undirritaður beiðist leyfis til þess að kaupa:

.....
Tegund eiturefnis og magn

.....

sem ég ætla að hafa til eigin nota við .....
Notkun

Heiti ég að fara með fyllstu gát með þetta eiturefni og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum, né friðuðum dýrum eða plöntum.
Enn fremur mun ég ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

..... / 19.....

.....
Fullt nafn

.....
Atvinna eða staða

Að mínu áliti er óhætt að selja beiðanda þetta eiturefni og gef ég út eiturbeiðni þessa samkvæmt ákvæðum reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

Afgreitt (um efni á lista I)

..... / 19.....

..... / 19.....

.....
Lögreglustjóri

(um efni á lista II)

1. afgreiðsla ..... / 19.....

2. afgreiðsla ..... / 19.....

3. afgreiðsla ..... / 19.....

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni í hættuflokkum X og A. — Enn fremur mega eiturbeiðnir hvorki hljóða á eiturefni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

Viðauki nr. 2

LEYFISSKÍRTEINI

Fullt nafn Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer Heimili Staða eða atvinna Útgáfustaður, útgáfudagur og ár Gildir til Númer ..... lögreglustjóri	Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota þau eiturefni, sem skráð eru Á LISTUM I OG II, er fylgja lögum um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laganna, og hér greinir: Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út. Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skírteini þessi skulu prentuð á rauðan pappír, 10,5 cm×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum.)

Viðauki nr. 3

LEYFISSKÍRTEINI

Fullt nafn Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer Heimili Staða eða atvinna Útgáfustaður, útgáfudagur og ár Gildir til Númer ..... lögreglustjóri	Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota eiturefni Í HÆTTUFLOKKUM X OG A, sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út. Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skírteini þessi skulu prentuð á bláan pappír, 10,5×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum.)

Fylgiskjal II.

Reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Verksvið.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til *plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna* og *útrýmingarefna* til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Plöntulyf eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til varnar gegn sjúkdómum eða skemmdum í lifandi plöntum eða plöntuhlutum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, vírusar o. s. frv.), skordýra, lindýra eða annarra óæðri dýra.

Örgresisefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að deyða, draga úr eða hefta vöxt plantna (sbr. stýriefni).

Stýriefni eru efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætluð til þess að stýra vexti nytjaplantna eða hluta þeirra (hraða eða seinka vexti) eða til að draga úr öndun og spírun plantna eða plöntuhluta í geymslu.

Útrýmingarefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að verja uppskorinn jarðargróður skemmdum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, vírusar o. s. frv.), skordýra, lindýra, nagdýra eða annarra dýra með heitt eða kalt blóð, er neyta uppskorins jarðargróðurs sér til lífs og tímgunar og meindýr teljast. Útrýmingarefni eru enn fremur efni og efnasamsetningar, sem notuð eru til þess að eyða hvers konar meindýrum á víðavangi, í híbýlum manna, peningshúsum, húsbúnaði, farartækjum, vöruskemmum o. s. frv.

Fara skal með efni þessi sem eiturefni eða hættuleg efni (sbr. 1. gr. laga um *eiturefni og hættuleg efni*).

Átt er við framangreind efni, þegar að neðan er rætt um efni og efnasamsetningar án frekari skýrgreiningar.

Efni, sem notuð eru til þess að varna skemmdum í trjávið, svo sem málning og lökk, tjara, bik, menja o. s. frv., teljast ekki útrýmingarefni. Enn fremur teljast ekki til útrýmingarefna díklórbenzen (paradíklórbenzen) og naftalen (naftalín) til eyðingar á möl.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til lyfja (mannalyf, dýralyf), sem greind eru í gildandi lyfjaskrá eða öðrum hliðstæðum heimildum, enda þótt þau megi einnig nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, ef þau eru látin úti samkvæmt ákvæðum gildandi lyfsölulaga (sbr. reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966).

Nú er vafamál, hvort ákvæði reglugerðar þessarar gilda um tiltekin efni eða efnasambönd. Ráðherra skal þá að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar veita úrskurð í slíkum málum.

Framleiðsla efna og efnasamsetninga.

2. gr.

Plöntulyf, örgresisefni, stýriefni og útrýmingarefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa leyfi ráðherra, enda mæli öryggismálastjóri og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 4. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Skráning efna og efnasamsetninga.

3. gr.

Plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni má því einungis flytja til landsins, selja eða nota, að þau hafi hlotið viðurkenningu ráðherra og verið skráð á lista yfir slík efni.

Framleiðandi, umboðsmaður framleiðanda eða innflytjandi skal sækja til heilbrigðismálaráðuneytisins um viðurkenningu á þeim efnum, er hann hyggst selja eða flytja til landsins. Eiturefnanefnd gerir tillögur um gerð lista yfir slík efni (sbr. 1. málsgr.), er landlæknir semur og ráðherra gefur út. Tilgreina skal á listunum hættuflokk hvers efnis og efnasamsetningar (sbr. 1. málsgr. 4. gr.).

Umsækjandi greiðir umsóknargjald með hverri umsókn og síðan árgjald af hverju efni eða efnasamsetningu, er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir slík efni. Fella má niður skráningargjöld og árgjöld, ef sérstakar ástæður mæla með. Ráðherra tilkynnir með auglýsingu, hvernig hátta eigi umsóknum og hverjar upplýsingar og gögn skulu fylgja þeim.

Sækja má um leyfi til innflutnings á takmörkuðu magni efna, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu og verið skráð, ef um tilraunastarfsemi er að ræða, enda skulu slíkum umsóknum fylgja meðmæli sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eða annarra dómbærra manna. Í slíkum málum skal ævinlega leita álits eiturefnanefndar.

Ráðherra getur að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar fellt úr gildi viðurkenningu tiltekinna efna og efnasamsetninga, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi (t. d. upplýsingar um áður óþekkt eiturhrif). Ráðherra skal þá með tilkynningu staðfesta, að efnið hafi verið tekið af listum yfir viðurkennd efni og efnasamsetningar (sbr. 1. málsgr.).

Flokkun efna og ákvæði um notkun.

4. gr.

Eiturefnanefnd skipar viðurkenndum og skráðum efnum og efnasamsetningum eftir eiturhrifum í 4 hættuflokka: X, A, B og C. Efni í hættuflokkum X og A teljast eiturefni, en efni í hættuflokkum B og C hættuleg efni (sbr. 6. málsgr. 1. gr.), nema öðru vísi sé ákveðið.

Þeir einir mega kaupa og nota efni í hættuflokki X, er brýna þörf hafa fyrir slík efni við störf sín og til þess hafa fengið leyfi. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega og eru veitt til 1—3 ára í senn. Lögreglustjóri gefur út að fengnu samþykki eiturefnanefndar númerað leyfisskírteini (sbr. 9. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa), er leyfishafi skal ávallt bera á sér við störf sín.

Umsóknir um leyfi til þess að nota efni í hættuflokki X skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd leitar álits, eftir því sem við á hverju sinni, sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Skógræktar ríkisins og embættislækna á hverjum stað um umsækjendur. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Þeir einir mega nota efni í hættuflokki A, er leyfi hafa til þess að kaupa og nota efni og efnasambönd í hættuflokki X (sbr. þó næstu málsgr.). Leyfi til þess að nota efni og efnasamsetningar í hættuflokki A eru þó ekki bundin við leyfishafa persónulega. Leyfishafar geta því, ef svo ber við, látið aðra nota efni og efnasamsetningar í hættuflokki A undir sinni yfirstjórn, enda bera leyfishafar ábyrgð á notkun efnanna.

Lögreglustjóra er heimilt, enda þótt umsagnar eiturefnanefndar hafi ekki verið leitað, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni efna og efnasambanda í hættuflokki A, ef sérstakar ástæður mæla með. Gegn slíkum innkaupaheimildum má þó eigi láta úti oftar en einu sinni (sbr. 10. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa).

Eiturefnanefnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald (sbr. 2. málsgr.), að numin verði úr gildi leyfi til þess að kaupa og nota efni í hættuflokkum X og A, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta gæti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík

leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds undir dóm ráðherra.

Eiturefnanefnd getur sett að skilyrði fyrir veitingu leyfa til að mega nota efni í X og A hættuflokkum, að hlutaðeigendur hafi áður sótt námskeið til þess að öðlast sérþekkingu í meðferð þeirra efna, er þeir hyggjast fyrst og fremst nota við störf sín.

Nú eru efni og efnasambönd í X og A hættuflokkum notuð við tilraunir á vegum rannsóknastofnana í ríkiseign. Skal þá niður falla leyfiskvöð notenda, enda skulu vísindamenn hlutaðeigandi stofnana hafa fulla umsjá með notkun efnanna.

Sérstök leyfi þarf ekki til þess að kaupa eða nota efni og efnasambönd í B og C hættuflokkum.

Innflutningur, sala og dreifing.

5. gr.

Innflutning efna og efnasamsetninga í X, A og B hættuflokkum mega þeir einir annast, er greindir eru í 1.—6. tölulið 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Innflytjendum er heimilt að selja eða afhenda hverjum öðrum fyrrgreindan varning, en ekki þriðja aðila, nema þeir hafi til þess sérstakt leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 5. tölulið 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni). Innflytjendum, sem ekki hafa slík leyfi, er þó heimilt að selja embættislæknum fyrir hönd meindýraeyða eða annarra útrýmingarefni til nota í þágu almennings, enda skulu embættislæknar hafa efnin í sinni umsjá.

Leyfi til þess að selja efni og efnasamsetningar í X, A og B hættuflokkum eru bundin við:

a) að leyfishafi hafi í fullri dagvinnu ekki færri en einn mann, er hefur sérstaka vöruþekkingu á umræddum efnum, enda skal sá maður (menn) hafa umsjá með sölunni;
b) að efnin séu varðveitt í sérstakri geymslustúku eða herbergi þar, sem enginn annar varningur er geymdur;
c) að gólf geymslustúkunnar sé úr vatnsþéttu efni og aðskilið frá gólfi nærliggjandi herbergja;
d) að læsa megi geymslustúkunni sérstaklega.

Leyfi til þess að selja efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B gilda til 5 ára í senn. Nema skal slík leyfi úr gildi, ef misbrestur er á, að framangreindum skilyrðum sé fullnægt eða aðrar gildar ástæður mæla með því. Embættislæknar hafa á hverjum stað eftirlit með sölubúðum leyfishafa, svo og aðrir, sem tilnefndir kunna að vera (sbr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Ráðherra getur að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar veitt lyfsölum leyfi til þess að verzla með efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B, enda mæli sérstakar ástæður með veitingu slíkra leyfa (t. d. mikil fjarlægð frá viðurkenndri sölubúð, sbr. 1. og 2. málsgr.). Slík leyfi gilda til 5 ára í senn. Þau má takmarka við sölu á tilteknum efnum í X eða A hættuflokkum eða við sölu á efnum og efnasamsetningum í B hættuflokki eingöngu.

Efni og efnasamsetningar í hættuflokki X má einungis flytja til landsins á skipum. Skipafélög eða leigutaki skips ber ábyrgð á því, að slíkur varningur valdi hvorki tjóni á mönnum né öðrum vörum í vöruskemmum, unz innflytjandi sækir varninginn. Ef varningurinn er ekki fluttur úr vöruskemmu beint í geymslustúku seljanda (sbr. 1. málsgr.), skal innflytjandi geyma hann sérstaklega og þannig, að mönnum eða húsdýrum stafi ekki hætta af. Inflytjandi er bótaskyldur, ef út af þessu er brugðið. Strangari ákvæði má setja að þessu lútandi í auglýsingu, ef þörf gerist.

Seljendum ber að varast, svo sem frekast er auðið, að rjúfa umbúðir um efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A. Nú rýfur seljandi slíkar umbúðir með þeim afleiðingum, að tjón hlýzt af á mönnum eða dýrum eða matvæli og fóðurvörur mengast af efnunum. Er þá seljandi ábyrgur fyrir tjóninu og bótaskyldur.

Í sendingum innanlands skulu vera viðeigandi merkimiðar á yztu umbúðum (sbr. 7. gr.). Ráðherra getur, ef þörf gerist, sett nánari reglur um flutning efna og efnasamsetninga í öllum hættuflokkum (sbr. 18. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Afgreiðsla og afhending.

6. gr.

Seljendum efna og efnasamsetninga í X, A og B hættuflokkum (sbr. 1. og 2. málsgr. 5. gr.), er skylt að færa í innbundna bók með tölusettum blöðum og í réttri tímaröð alla sölu slíkra efna. Í bókinni skal tilgreina heiti efna, selt magn, nafn kaupenda og heimilisfang, svo og dagsetningu, er sala fór fram. Bók þessa skal í lok hvers árs senda eiturefnanefnd til yfirlits. Sömu skyldur hvíla á lyfsölum, er leyfi hafa til sölu á efnum og efnasamsetningum í fyrrgreindum hættuflokkum (sbr. 4. málsgr. 5. gr.). Seljendur skulu enn fremur halda eftir og senda eiturefnanefnd við lok hvers árs leyfi til innkaupa á efnum í hættuflokki A, er láta má úti gegn einungis einu sinni (sbr. 5. málsgr. 4. gr.).

Seljandi má eigi afhenda efni og efnasamsetningar í X hættuflokki öðrum en þeim, er nota skal efnin (sbr. 2. málsgr. 4. gr.). Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að afhenda öðrum umræddan varning fyrir hönd notanda (kaupanda), enda hafi notandi með símtali eða á annan viðhlítandi hátt tilkynnt, að varninginn skuli afhenda þeim, er hann tilgreinir. Sá, er veita á varningnum viðtöku fyrir hönd notanda, skal vera 18 ára eða eldri (sbr. 4. málsgr.). Hann skal með skilríkjum sanna seljanda, hver hann er, nema hann sé seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf. Notandi ber jafnt ábyrgð á varningnum, hvort sem hann hefur verið afhentur sjálfum honum eða öðrum, er hann hefur tilnefnt í sinn stað.

Efni og efnasambönd í A hættuflokki skal afhenda notanda eða þeim, er hann tilnefnir í sinn stað, enda skal hann vera 18 ára eða eldri (sbr. næstu málsgr.). Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að senda kaupanda efni og efnasambönd í A hættuflokki í pósti, enda skal þá gætt fyrirmæla um ílát, umbúðir og merkingu þeirra (sbr. 7. gr.).

Efni og efnasamsetningar í X og A hættuflokkum má einungis selja eða afhenda þeim, sem er 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda efni og efnasamsetningar í þessum hættuflokkum, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynni að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv. (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Ílát, umbúðir og merking þeirra.

7. gr.

Ílát og umbúðir skulu vera svo tryggar sem frekast er auðið. Efni og efnasamsetningar má ekki selja eða flytja innanlands í annars konar ílátum en þeim, sem eiturefnanefnd hefur samþykkt. Ef efni eru seld í flöskum, skulu þær vera sexstrendar og/eða rifflaðar og með skrúfloki. Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef flöskur rúma meira en 1 lítra.

Á ílátum skal standa:

a) heiti efnis eða efnasamsetningar,
b) magn (g, kg, ml, l),
c) heiti virkra efna og hundraðshluti,
d) heiti og hundraðshluti óvirkra efna,
e) nafn og heimili framleiðanda eða framleiðslufirma,
f) framleiðsludagur og ár eða innflutningsdagur og ár,
g) fyrningartími, ef einhver er,
h) helztu notkunarreglur,
i) helztu varúðarreglur,
j) ábendingar um, hvað gera skal, ef slys ber að höndum.

Eiturefnanefnd getur leyft, að framangreindar upplýsingar séu á dönsku eða norsku, ef öruggt er, að merking ílátanna hafi hlotið viðurkenningu réttra yfirvalda í Danmörku eða Noregi. Öll önnur tilskilin merking eða auðkenning íláta og umbúða skal ævinlega vera á íslenzku.

Í flutningi og sendingum innanlands skulu vera á yztu umbúðum merkimiðar, er greina hættuflokk (t. d. hættuflokkur X o. s. frv.) og aðrar upplýsingar, er þar skulu vera (sbr. á eftir), svo og varnaðarmerki, er við eiga um hvern flokk (sbr. 6.—9. málsgr.). Merkimiðar og varnaðarmerki skulu vera mismunandi stór eftir stærð umbúða, en kveða má nánar á um með auglýsingu, hvert hlutfall skuli vera milli stærðar merkimiða og varnaðarmerkja og stærðar umbúða.

Merkimiðar og varnaðarmerki skulu vera með prentuðu letri. Á merkimiðum skal vera rautt letur í hvítum eða ljósum grunni. Á merkimiðum skal ávallt greina nafn og heimilisfang seljanda.

Varnaðarmerki X flokks er hvít eða ljós hauskúpa í svörtum grunni og skulu orðin STERKT EITUR letruð stórum hvítum eða ljósum stöfum í grunninn fyrir neðan hauskúpuna. Á merkimiða á umbúðir um efni í X flokki skal enn fremur (auk flokksheitis og nafns og heimilisfangs seljanda) letra með stórum stöfum: MÁ EKKI FLYTJA INNAN UM AÐRAR VÖRUR. VARIZT AÐ SNERTA UMBÚÐIRNAR, EF ÞÆR ERU BROTNAR EÐA MENGAÐAR AF INNIHALDINU.

Varnaðarmerki A flokks er hvít eða ljós hauskúpa (sams konar og X flokks) í svörtum grunni og skal orðið EITUR letrað stórum hvítum eða ljósum stöfum í grunninn fyrir neðan hauskúpuna. Á merkimiða á umbúðir um efni í A flokki skal enn fremur (auk flokksheitis og nafns og heimilisfangs seljanda) letra með stórum stöfum: MÁ EKKI FLYTJA INNAN UM MAT OG FÓÐURVÖRUR.

Varnaðarmerki B flokks eru orðin VARÚÐ, HÆTTULEGT, sem letruð eru stórum hvítum eða ljósum stöfum í svartan grunn. Á merkimiða á umbúðir um efni í B flokki skal enn fremur (auk flokksheitis og nafns og heimilisfangs seljanda) letra stórum stöfum: VARIZT AÐ FLYTJA INNAN UM MAT OG FÓÐURVÖRUR.

Varnaðarmerki C flokks er orðið VARÚÐ, letrað stórum hvítum eða ljósum stöfum í svartan grunn.

Nú eru efni og efnasamsetningar sérstaklega hættulegar einni eða fleiri dýrategundum, t. d. fiskum eða fuglum. Ílát og umbúðir skulu þá sérstaklega merktar með tilliti til þessa, t. d. HÆTTULEGT FISKUM. Vara skal við hvimleiðum eða sérstökum eiginleikum efna, ef þess gerist þörf.

Festa skal við ílát um efni og efnasamsetningar í X, A og B hættuflokkum spjöld, 6×12 cm að stærð. Spjöldin skulu vera í þar til gerðum gagnsæjum plasthylkjum og fest rækilega með vír eða bandi við flöskur, glös, dunka, brúsa eða önnur ílát um efni og efnasamsetningar í ofangreindum hættuflokkum.

Á spjöldum, sem fest er við ílát um efni og efnasamsetningar í X flokki, skal standa beggja vegna í ramma | HÆTTUFLOKKUR X |. Annars vegar stendur varnaðarmerki X flokks (sjá að framan) og enn fremur með feitu letri orðin: GÆTIÐ FYLLSTU VARÚÐAR VIÐ NOTKUN, GEYMIST Á ÖRUGGUM STAÐ FJARRI FÆÐU OG FÓÐRI. Hins vegar stendur nafn seljanda, sú dagsetning, þegar salan fór fram, svo og nafn og heimilisfang kaupanda. Með neðri rönd skal og standa: BANNAÐ AÐ LOSA SPJALD ÞETTA FRÁ ÍLÁTI.

Á spjöldum, sem fest er við ílát um efni í A flokki, skal standa beggja vegna í ramma | HÆTTUFLOKKUR A |. Annars vegar stendur varnaðarmerki A flokks (sjá að framan) og enn fremur sömu orð á spjöldum X flokks. Hins vegar standa sömu upplýsingar og eru á spjöldum X flokks (sjá að framan).

Á spjöldum, sem fest er við ílát um efni í B flokki, skal standa beggja vegna í ramma | HÆTTUFLOKKUR B |. Annars vegar stendur varnaðarmerki B flokks (sjá að framan) og nafn seljanda. Hins vegar stendur á spjaldinu með stóru letri. VARIZT

AÐ og á eftir því með miðlungsstóru letri: „Anda að yður innihaldinu, neyta þess eða láta liggja á húð. Þvoið yður vandlega eftir að hafa notað efnið. — Geymist fjarri fæðu og fóðri og þannig, að börn nái ekki til. — Fleygið tæmdu ílátinu í sorptunnu eða brennið það“.

Nú flytur inn eða kaupir af innflytjanda rannsóknastofnun í ríkiseign eða embættislæknir fyrir hönd meindýraeyða efni í X, A og B hættuflokkum, sem eingöngu eru ætluð til nota í tilraunaskyni eða til útrýmingar á meindýrum í þágu almennings. Er þá heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum, um spjaldmerkingu íláta, er að framan greinir.

Geymsla efna og förgun tæmdra íláta.

8. gr.

Skylt er öllum þeim, er kaupa mega og nota efni og efnasamsetningar í X og A hættuflokkum, að geyma efnin í læstum skáp eða hólfi í geymsluherbergi, og skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnaðarorðum („varúð“, „eitur“ o. s. frv.). Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega kaupa og nota efni og efnasambönd í hættuflokkum X og A.

Efni og efnasambönd í hættuflokkum B og C skal varðveita fjarri mat og fóðurvöru og þannig, að börn nái ekki í.

Tæmd ílát skal brenna eða fleygja í sorptunnu, ef þess er nokkur kostur. Ella skal grafa tæmd ílát í jörð fjarri vötnum og vatnsbólum eða endursenda ílát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.

Eigi má farga meiri háttar birgðum efna og efnasambanda í X, A og B hættuflokkum nema með samþykki viðkomandi embættislæknis (sbr. 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Hegning og viðurlög.

9. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal III.

Reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Dráp loðdýra og skordýra.

1. gr.

Loðdýr má eigi deyða með *cýansamböndum* (blásýru og söltum hennar) eða með *strýknini*.

Skordýr má því aðeins veiða og deyða með cýankalíum, að efnið sé steypt í gifslag í glasi. Í hverju glasi mega í mesta lagi vera 50 g af efninu.

Böðun sauðfjár.

2. gr.

Heimilt er að selja á frjálsum markaði *hexicíð (lindan)*, sem sérstaklega er ætlað til þess að eyða óþrifum í sauðfé við böðun, enda þótt styrkleiki efnisins sé meiri en 2% (w/w eða w/v), sbr. lista II og III við lög um eiturefni og hættuleg efni. Á ílátum skulu vera notkunarreglur á íslenzku, varnaðarorð og fyrirmæli um þvott og hreinsun íveruklæða þeirra, er baða, svo og leiðbeiningar um förgun ílátanna.

Málning og litir.

3. gr.

Arsenmagn í lit til notkunar í málningu, sem seld er á frjálsum markaði, má ekki vera meira en 1 mg í hverju g af litnum þurrum eða meira en 1 mg í 1,5 g af litnum fullbúnum til notkunar. Arsenmagn má þó vera meira í lit, sem notaður er við listmálun eða í málningu á skip neðan sjávarborðs, sbr. reglugerð um ílát, merkingu, útlát og varðveizlu eiturefna og hættulegra efna.

Antimon-, arsen-, blý- og *kvikasilfurssambönd* má því einungis nota til litunar eða málningar leikfanga, að eigi sé meira magn en 0,4 mg af arseni eða kvikasilfri eða 5 mg af antímoni eða blýi í því magni litar eða málningar, er áborin hylur 100 cm^2 flöt. Ákvæði þessi taka þó eigi til kvikasilfurssúlfíðs (zinnóber) og antímonsúlfíðs.

Varnir gegn fúa í vefnaði og trjávöru.

4. gr.

Arsen- og kvikasilfurssambönd má einungis nota til þess að varna fúa í vefnaði, svo sem segldúk, ábreiðum og tjöldum, og í trjávöru, svo sem borðum, bitum, fjölum og listum, sem ætluð er til nota *utan húss*. Á ílátum um arsen- og kvikasilfurssambönd, sem notuð eru til þess að varna fúa og seld eru á frjálsum markaði, skulu vera leiðbeiningar um notkun, svo og áminning til seljanda um að benda kaupanda á, hverjum takmörkunum notkun efnanna er háð. Eftir að borin hafa verið á fúavarnandi arsen- eða kvikasilfurssambönd, skal tré og trjávara hafa annan lit en þann, er viðurinn hafði áður.

Tetraetýlblý í benzíni.

5. gr.

Tetraetýlblý má blanda í benzín, sem selt er á frjálsum markaði, ef það er litað sérstaklega og öðru vísi en benzín eða annað eldsneyti, er ekki inniheldur tetraetýlblý. Benzíngeyma, tunnur og brúsa, sem hafa að geyma benzín, er inniheldur tetraetýlblý, skal merkja þannig: „Blýbenzín: Má einungis nota á benzínhreyfla til eldsneytis“.

Fegrunar- og snyrtiefni.

6. gr.

Fegrunar- og snyrtiefni eru hrein efni, efnablöndur eða aðrar efnasamsetningar, sem borin eru á, núið er á, dyft (púðrað), úðað eða á annan hátt er dreift á líkama manna eða líkamshluta í þeim tilgangi að verja, hreinsa eða fegra og gera meir aðlaðandi en ella eða til þess að breyta útliti líkamans eða líkamshluta í öðrum tilgangi.

Fegrunar- og snyrtiefni mega *hvorki* innihalda *antímon-, arsen-, blý-* eða *kvikasilfurssambönd, né þau leysiefni í flokki hættulegra efna, sem talin eru á lista IV A*

(sjá þó 4. málsgr.). Enn fremur mega *parafenýlendíamín, paratólúýlendíamín, tetraklóretan* og *tetraklórmetan ekki* vera í fegrunar- og snyrtiefnum.

Eigi má nota til hárþvotta þau *leysiefni í flokki hættulegra efna, sem talin eru á lista IV A*. Sama gildir um *tetraklóretan* og *tetraklórmetan*. Á ílátum um *díbrómetan, díklóretan* (1,2-díklóretan), *tetraklóretýlen* og *tríklóretýlen* skal þess enn fremur sérstaklega getið, að efnin megi ekki nota til hárþvotta.

Fegrunar- og snyrtiefni, sem notuð eru til þess að lakka neglur eða fjarlægja lakk af nöglum, mega innihalda þau leysiefni, sem greinir á lista IV A, enda skal eigi láta efnin (vökvar) úti í meira magni en nemur 50 ml.

Klóróform í tannkremi og sælgæti.

7. gr.

Í tannkremi má vera allt að 4% (w/w) af klóróformi og í sælgæti má vera allt að 2% (w/w) af efninu. Skylda má framleiðendur til þess að láta getið á umbúðum, hve mikið klóróform er í nefndum varningi.

Úðunarílát („spray-brúsar").

8. gr.

Úðunarílát mega ekki innihalda *þau leysiefni, sem greind eru á lista IV A*.

Hegning og viðurlög.

9. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal IV.

Auglýsing um undanþágur frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni.

Eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar hafa eftirfarandi undanþágur verið heimilaðar frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. heimild í 21. gr. laganna:

1. Undanþegin ákvæðum 5. gr. laganna (viðtaka, kaup, sala, innflutningur) eru þessi eiturefni:
   HEXICÍÐ (Lindan) til þess að eyða óþrifum í sauðfé, **ARSEN** í lit til notkunar í málningu, **ARSEN- OG KVIKASILFURSSAMBÖND** til þess að varna fúa í vefnaði og trjávöru og **TETRAETÝLBLÝ** í benzíni til nota á benzínhreyfla til eldsneytis, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laganna.
2. Undanþegin ákvæðum 1. málsgreinar 15. gr. laganna (íblöndun eiturefna og hættulegra efna í matvæli eða fóðurvörur) er **ÍBLÖNDUN NÍTRÍTA** (kalíumnítrít, natríumnítrít) í síld, loðnu og annan bræðslufisk til þess að varna rotnun, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð, sem sett er samkvæmt heimild í öðrum lögum (sbr. reglugerð nr. 161/1966 um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski).

Nd. **28. Frumvarp til laga** [28. mál]

um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Steingrímur Pálsson.

I. KAFLI
Holl og góð vinnuskilyrði.

1. gr.

Húsakynnum vinnustaðar skal ávallt haldið vel hreinum. Atvinnurekanda ber skylda til að sjá um, að hita- og rakastig andrúmslofts sé hæfilegt og loft án ryks, óþefs, reyks, svo og án óheilnæmra lofttegunda eða gufu.

Umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg. Lýsing skal vera góð og nægilegt loftrými á vinnustað, hvort tveggja þannig, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt.

Á vinnustað eða í námunda við hann skal ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn, svo og hæfileg tala salerna.

Upphituð og vistleg kaffistofa (matstofa) af hæfilegri stærð skal jafnan vera á vinnustað.

Þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita „hjálp í viðlögum", þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Nú fullnægir vinnustaður eigi skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisútbúnað, og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. Starfsmenn skulu í hvívetna gæta reglusemi og vandaðs og góðs hátternis á vinnustað.

II. KAFLI
Vinnutími og vinnutilhögun.

2. gr.

Almennur vinnutími er á tímabilinu kl. 8 til kl. 17. Vinna milli kl. 17 og 20 telst eftirvinna, nema öðruvísi sé ákveðið í stéttarfélagasamningi, og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis telst næturvinna, og má þá ekki vinna nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags. Nú semur stéttarfélag um skemmri vinnuviku en þessi tímamörk segja til um, og gilda þá ákvæði kjarasamningsins.

3. gr.

Maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, er ekki skyldur til að vinna aukavinnu. Samfelldur hvíldartími verkamanns má aldrei vera skemmri en 9 klst. á sólarhring, og fjöldi yfirvinnu- og næturvinnutíma má aldrei fara fram úr 24 á viku. Sé um ákvæðisvinnu að ræða, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda, eða aukavinnu, ef um vaktavinnu er að ræða, ekki fara fram úr 2 á dag og eigi fram úr 6 á viku. Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum, eða störf, sem almannaheill krefst, að unnin séu.

4. gr.

Stéttarfélag getur þó gert kjarasamning um, að unnið skuli að nóttu til, og einnig má í slíkum samningum ákveða vaktaskipan og setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

5. gr.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld vera frá kl. 15 til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

6. gr.

Um bráðnauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum skal gera samning eða afla undanþágu viðkomandi stéttarfélags.

7. gr.

Vikulegir frídagar skulu jafnan, ef því verður við komið, vera á sunnudegi og mánu- eða laugardegi.

Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

8. gr.

Almennur dagvinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring, og er vinnuviku lokið eftir 40 unnar vinnustundir.

9. gr.

Almennt deilist vinnutíminn á 5 daga í viku, en leyfilegt skal þó vera að gera samning við stéttarfélag um aðra vinnutilhögun, ef brýn nauðsyn krefur.

10. gr.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika eigi vera lengri en 36 stundir.

11. gr.

Nú er unnið samfellt í námu eða jarðgöngum, og má vinnuvika þá ekki lengri vera en 36 stundir. Til vinnutíma telst einnig ferðatími í námu eða jarðgöngum.

III. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnu kvenna.

12. gr.

Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu fyrstu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Hún getur og krafizt að mega vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót og þannig, að fjarvera sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

13. gr.

Krefjast má vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg. Tilkynna verður atvinnurekanda um fjarveru fyrir fæðingu með eigi skemmri en þriggja daga fyrirvara.

14. gr.

Ef kona sýnir með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem er afleiðing af þungun eða fæðingu, getur hún krafizt að mega vera fjarverandi frá vinnu umfram það, sem áður segir, allt að sex vikum fyrir eða eftir fæðingu.

15. gr.

Konu, sem er fjarverandi frá vinnu samkv. ákvæðum 12.—14. gr., má ekki segja upp starfi, þegar atvinnurekanda er ljóst, að fjarvera hennar er af þessum ástæðum, eða hún tilkynnir honum án tafar, að þessi er ástæðan fyrir fjarveru

hennar. Hafi henni þegar verið sagt upp miðað við dag, er fellur innan ramma þess tímabils, sem getið er um í 12. gr., er uppsögnin gild, en uppsagnarfrestur lengist sem tímabilinu nemur.

Hafi vinnuráðning átt sér stað fyrir ákveðna, tímabundna vinnu, skal ákvæði þessarar greinar ekki beitt, þegar vinnunni er lokið, áður en konan mætir aftur til vinnu.

16. gr.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur krafizt frítíma, sem hún þarf vegna þess, og eigi skemur en hálfa stund tvisvar sinnum á dag.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga.

17. gr.

a. Barn er skv. lögum þessum sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri.
b. Unglingur er samkvæmt lögum þessum sérhver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

18. gr.

Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum, og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum.

19. gr.

Alger hámarksvinnutími barna er 4—6 stundir á dag.

Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

20. gr.

Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla né aðra vinnu, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu.

21. gr.

Börn og unglinga má ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis er á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska.

22. gr.

Hámarksvinnutími unglinga skal vera 7 klst. á dag án undantekninga. Öll vinna barna og unglinga, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori, er óheimil. Til vinnu í þessu sambandi telst blaðburður, sala blaða og tímarita og sendisveinastörf.

23. gr.

Atvinnurekandi skal halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu, og er skylt að afhenda viðkomandi verkalýðsfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, ef krafizt er.

V. KAFLI

Um greiðslu vinnulauna o. fl.

24. gr.

Vinnulaun skal ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró“. Greiðsla vinnulauna skal fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum.

25. gr.

Hafi verið samið um tíma-, dag- eða vikukaup, skal greiðsla fara fram ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

Fyrir ákvæðisvinnu má fresta lokauppgjöri, unz verkefni er lokið, en þó skal í viku hverri greiða hæfilega fyrirframgreiðslu fyrir þá vinnu, sem innt hefur verið af hendi. Annan uppgjörstíma má og ákveða með sérstökum samningi.

Greiðslur til starfsmanna á mánaðar- eða árskaupi skulu fram fara ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef ekki hefur verið um annað samið skriflega.

26. gr.

Engan launafrádrátt má framkvæma án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum eða um sé að ræða stéttarfélagsgjöld, útsvör eða innborganir í tryggingasjóði eða sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Þegar laun eru greidd, eða strax á eftir, getur starfsmaður krafizt skriflegs yfirlits yfir upphæð launa, hvernig þau eru reiknuð, og frádrátt, ef einhver er. Skulu fullnægjandi kvittanir ávallt fylgja um sérhvern launafrádrátt.

VI. KAFLI

Uppsagnarfrestir.

27. gr.

1. Ef um annað er ekki gerður skriflegur samningur, eða um það ákvæði í kjarasamningi, lögum eða reglugerð, gildir eftirfarandi:
   a. Fyrir starfsmenn, sem hafa tíma-, dag-, viku- eða ákvæðiskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en 14 dagar.
   b. Fyrir starfsmenn, sem taka mánaðar- eða árskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en einn mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

   Ákvæði þessi gilda ekki um starfsmenn, sem ráðnir eru til ákveðins reynslutíma eða til þess að framkvæma ákveðna vinnu, sem tímabundin er. Ef við annað verður ekki ráðið af aðstæðum, má rifta slíkri ráðningu, þótt reynslutíma sé ekki lokið, eða áður en hinu ákveðna verki er lokið, með eins dags fyrirvara.
2. Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis, eða atvinnurekanda, eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.
3. Uppsagnarfrestur er hinn sami fyrir báða aðila. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

28. gr.

Atvinnurekandi er skaðabótaskyldur, ef starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, verður að víkja úr starfi vegna uppsagnar, nema réttmætar ástæður séu tilgreindar fyrir uppsögninni.

Nú hefur starfsmanni verið ólöglega sagt upp starfi skv. 1. málsgrein þessarar greinar, og má þá dæma atvinnurekanda samkvæmt kröfu starfsmanns, sem látið hefur af starfi, til þess að ráða hann aftur til starfa í fyrirtækinu í sömu stöðu, eða stöðu, sem svarar til þeirrar, er hann hafði. Dómstólar ákveða, að hve miklu leyti starfsmaðurinn skuli einnig fá bætur fyrir þann tíma, sem hann var sviptur starfi hjá fyrirtækinu.

Bætur geta numið allt að hálfum síðustu árslaunum starfsmannsins hjá fyrirtækinu, ef hann hefur starfað þar eigi skemur en 5 ár samfleytt.

Hafi starfsmaður starfað hjá fyrirtækinu eigi skemur en 10 ár samfleytt eftir 21 árs aldur, geta bætur þó numið launum síðasta árs hjá fyrirtækinu. Hafi starfs-

maður á sama hátt starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár, geta bætur numið launum starfsmannsins hjá fyrirtækinu undanfarin 3 ár.

Mál gegn atvinnurekanda skal höfða innan tveggja mánaða frá móttöku skriflegrar uppsagnar, þar sem tilgreindur er málsóknarfrestur. Ef uppsögn er einungis munnleg, skal málsóknarfrestur vera 3 mánuðir.

29. gr.

1. Starfsmanni, sem starfað hefur full tvö ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, og verður að vera fjarverandi vegna slyss eða sjúkdóms, má ekki segja upp starfi af þeim sökum fyrstu 3 mánuði, eftir að hann varð óvinnufær, nema hann hafi slasazt eða sýkzt af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, eða hann hafi vísvitandi þagað yfir sjúkdómi, þegar hann var ráðinn.
2. Hafi starfsmaður starfað eigi skemur en 10 ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, skal uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári samfleytt.

30. gr.

Nú hefur dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slyss eða sjúkdóms, og ber atvinnurekanda þá að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, e. t. v. að lokinni nauðsynlegri þjálfun.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

31. gr.

Liggi ekki við strangari refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum, skal atvinnurekandi, eða eigandi fyrirtækis, sæta sektum, ef hann:

1. Brýtur ákvæði laganna um tryggingu heilbrigðra og öruggra vinnuskilyrða.
2. Brýtur ákvæði laganna eða fyrirmæli um nætur-, sunnu- eða helgidagavinnu, eða brýtur reglur um lengd vinnutíma eða um hvíldartíma eða sérvernd kvenna, barna og unglinga.
3. Lætur hjá líða að birta fyrirskipaðar tilkynningar eða halda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í lögunum.
4. Brýtur ákvæði um uppsagnarfresti, greiðslu vinnulauna, uppgjör við starfsmenn, eða gerist sekur um brot á öðrum ákvæðum laga þessara.

32. gr.

Foreldrar og aðstandendur, er láta börn framkvæma vinnu, sem brýtur í bág við lög þessi, skulu sæta sektum.

33. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal almennt farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna, eftir því sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt þrisvar áður, en eigi orðið útrætt. Því hefur fylgt svo hljóðandi greinargerð:

„Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi, en með sívaxandi fjölbreytni atvinnuhátta er orðið bráðnauðsynlegt, að slík löggjöf verði sett. Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípa að vísu inn á þetta svið, en eru allt of takmörkuð. Þá fjalla lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 einnig um sama efni og V. kafli þessa frumvarps. En að öðru leyti er frumvarp þetta að mestu frumsmíð í íslenzkri löggjöf, enda er við samningu þess höfð allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalandanna. — Skal það fúslega játað, að margt getur orkað tvímælis í slíkri löggjöf, og er flutningsmaður þá að sjálfsögðu til viðræðu um hugsanlegar breytingar á sérhverju því í frumvarpinu, sem betur mætti fara.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í átta köflum. Fyrsti kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allgóð skil í gildandi lögum, þ. e. lögunum frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Skýlaust ákvæði er í þessum kafla um, að loka megi vinnustað, ef hann fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað,

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um vinnutíma og hvíldartíma.

Þó að 8 stunda vinnudagur sé fyrir löngu viðurkenndur hér á landi með samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, eru engin ákvæði til í gildandi lögum um 8 stunda vinnudag. 8 stunda vinnudagurinn hefur þannig ekki enn þá verið lögfestur hér á landi. Það mundi hins vegar gert, ef frumvarp þetta yrði að lögum. Þá er í frv. ákveðin almenn 40 stunda vinnuvika á 5 dögum.

Í 2 gr. segir, að almennur vinnudagur skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, og er þá gert ráð fyrir einnar stundar miðdegishvíld.

Í 3. gr. segir, að maður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Í sömu grein segir, að samfelldur lágmarkshvíldartími fullorðins verkamanns skuli eigi skemmri vera en 9 klst. á sólarhring. Allströng ákvæði eru í þessari grein um aukavinnu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða.

Stéttarfélagi er heimilað í 4. gr. að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskipan, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðir. Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld hefjast kl. 15. Með sama hætti skulu aðrir vikulegir frídagar vera laugardagar eða mánudagar, svo að hvíldartímabil verði samfellt og notist betur.

Ef því verður með nokkru móti við komið, skal vikulegur frídagur ávallt vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja, vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, svo og námuvinnu, skal vinnuvikan eigi vera lengri en 36 stundir.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru konu tryggð þau réttindi að mega vera fjarverandi frá vinnu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Þó getur hún krafizt að vera fjarverandi

allt að sex vikum í viðbót, og má fjarvistin vera að öllu leyti eða hluta fyrir eða eftir fæðingu.

Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að sex vikum í viðbót, án þess að vistráðning eða réttur til launagreiðslu rofni.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur samkvæmt þessum kafla frumvarpsins um vinnuvernd kvenna krafizt þess að fá nauðsynlegan frítíma til þess, allt að hálfri stund tvisvar á dag.

Um IV. kafla.

Í 17.—23. gr. frumvarpsins eru ýmis sérákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkvæmt frumvarpinu sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri. Unglingur er hver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

Við því er lagt bann í 18. gr. frumvarpsins, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu. Skal skólayfirlæknir yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum.

Alger hámarksvinnutími barna er 4—6 stundir á dag. En jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast átta stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Bannað er með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. — Þá er óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska.

Alger hámarksvinnutími unglinga er 7 klukkustundir.

Bönnuð er öll barnavinna og unglingavinna frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna. Einnig er atvinnurekendum skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Um V. kafla.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „giró“. Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu ávallt fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Launagreiðsla til tíma-, dag- eða vikukaupsmanna skal fram fara eigi sjaldnar en vikulega.

Launagreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fram fara vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi.

Greiðsla til starfsmanna á mánaðarkaupi eða árskaupi skal fram fara eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, nema um annað hafi verið samið skriflega.

Um það eru strengileg ákvæði í þessum kafla frumvarpsins, að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþegin eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, útsvarsgreiðslur að lögum og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Rétt á launþegi á greinilegu skriflegu yfirliti yfir, hvernig laun hans eru reiknuð, svo og hvers konar launafrádráttur hefur verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjöri.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru mörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda.

Þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eiga aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga.

Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis eða atvinnurekanda eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, og skal uppsögn ávallt vera skrifleg.

Sé starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður fyrir uppsögn séu tilgreindar, varðar það skaðabótaskyldu.

Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandi orðið dæmdur til að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, er hann áður hafði. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, er starfsmaður var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækisins, árslaunum eftir 10 ára þjónustu og þriggja ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár.

Þá er í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um það, að ekki megi segja starfsmanni upp vegna slysfara eða sjúkdóms. Starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, má ekki segja upp fyrstu 3 mánuðina, eftir að hann varð óvinnufær. Og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári.

Hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, jafnvel þótt til þess þurfi sérstaka starfsþjálfun.

Um VII. kafla.

Þessi kafli er einungis um refsiákvæði vegna brota á lögunum. Segir þar, að brot varði sektum, nema strangari refsingar liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í 32. gr. frumvarpsins er fram tekið, að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bág við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði og sæta sektum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Um alla nánari framkvæmd laga þessara skal félagsmálaráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, svo sem þurfa þykir.

Um VIII. kafla.

Lokakafli frumvarpsins er einungis um gildistöku.

Gert er ráð fyrir, að lögin öðlist þegar gildi, og skulu þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt en í þeim greinir, úr gildi fallin.

Með því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið gerð grein fyrir flestum þeim nýmælum og réttarbótum verkafólki til handa, sem í frumvarpi þessu felast, og verður hér látið staðar numið í trausti þess, að háttvirt Alþingi sýni málinu skilning, fallist á það í meginatriðum og geri það að lögum.“

Nd. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um skipun rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík.

Flm.: Magnús Kjartansson, Geir Gunnarsson.

Neðri deild ályktar að skipa nefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka kaup Landssíma Íslands á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík. Nefndin skal skipuð fjórum innandeildarþingmönnum, tilnefndum af þingflokkunum. Skal nefndin hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að rannsókn lokinni skal nefndin birta greinargerð um niðurstöður sínar.

Greinargerð.

Kaup Landssíma Íslands á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík og lóð þess fyrir 16 milljónir króna hafa sætt mikilli gagnrýni. Hafa menn dregið í efa, að þessi viðskipti séu í samræmi við framtíðarhagsmuni Landssímans, auk þess sem verðið hefur verið talið miklum mun hærra en eðlilegt sé. Mestri gagnrýni hefur það þó sætt, að menn hafa átt erfitt með að gera mun á kaupanda og seljanda í þessum viðskiptum, annars vegar póst- og símamálaráðherra og öðrum ráðherrum Sjálfstæðisflokksins, hins vegar helztu stjórnmálaleiðtogum sama flokks. Hafa þessi viðskipti ýtt mjög undir þá gagnrýni, að stjórnmálaflokkum og valdamönnum hætti við að misnota aðstöðu sína, svo að ekki samrýmist hagsmunum almennings. Er það augljós skylda Alþingis að rannsaka, hvort slík gagnrýni sé á rökum reist, og ætti að vera mönnum jafnmikið kappsmál, hvort sem þeir telja, að kaupin á Sjálfstæðishúsinu séu eðlileg eða annarleg.

Gerð verður nánari grein fyrir tillögunni í framsöguræðu.

Sþ. 30. Fyrirspurnir. [30. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um fjárfestingu ríkisbankanna.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Hversu mikil er fjárfesting ríkisbankanna, hvers um sig, frá og með 1960 til þessa tíma, í byggingarlóðum og húsbyggingum, svo og tækjum og búnaði bankahúsa:
   a. á verðlagi hvers árs,
   b. á núverandi verðlagi?
2. Hversu mikill er áætlaður kostnaður ríkisbankanna, hvers um sig, af þeim hluta yfirstandandi fjárfestingarframkvæmda, sem nú er ólokið?
3. Eru ráðgerðar einhverjar fjárfestingarframkvæmdir hjá bönkum ríkisins, sem enn er ekki byrjað á, og ef svo er, hverjar eru þær og hvað er áætlað að þær muni kosta?

II. Til landbúnaðarráðherra um lánsfé vegna jarðakaupa.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Hverjar ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að stuðla að því, að veðdeild Búnaðarbankans geti sinnt eðlilegri lánsfjáreftirspurn vegna jarðakaupa?

III. Til dómsmálaráðherra um starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að bæta starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins?

IV. Til dómsmálaráðherra um landhelgissektir.

Frá Jónasi Árnasyni.

1. Hve margir sektardómar vegna landhelgisbrota féllu á s. l. ári?
2. Hve margar sektanna hafa verið innheimtar?

V. Til menntamálaráðherra um skólarannsóknir.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hverjar hafa orðið niðurstöður skólarannsókna varðandi aðstöðumun fólks í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar til að tryggja börnum sínum:
a. skyldufræðslu,
b. eðlilega hlutdeild í framhaldsmenntun?

VI. Til menntamálaráðherra um fjárveitingar til vísindarannsókna.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hvað eru fjárframlög til vísindarannsókna og tilrauna mikill hluti af þjóðarframleiðslu Íslendinga?
2. Hvaða ráðagerðir hefur ríkisstjórnin um að auka fjárveitingar til slíkra verkefna?

VII. Til menntamálaráðherra um endurvarp sjónvarps frá Skáneyjarbungu í Borgarfirði.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvenær má búast við því, að útsendingar frá endurvarpsstöð sjónvarpsins á Skáneyjarbungu í Borgarfirði komist í viðunandi lag?

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um ungmennahús.

Flm.: Einar Ágústsson.

1. gr.

Byggja skal samkomuhús í Reykjavík fyrir skemmtanir æskufólks og nefnist það ungmennahús. Skal haft samráð við Æskulýðsráð Reykjavíkur um stærð hússins og fyrirkomulag.

2. gr.

Í ungmennahúsi mega aðeins fara fram þær skemmtanir, sem hollar og þroskavænlegar eru fyrir æskufólk, og skal til þeirra vandað. Þær skulu undanþegnar skemmtanaskatti.

3. gr.

Áfengisneyzla skal algerlega bönnuð í ungmennahúsi.

4. gr.

Stofnkostnað ungmennahúss, þar með talin áhöld og tæki, greiði ríkissjóður að hálfu og Reykjavíkurborg að hálfu.

5. gr.

Ef um rekstrarhalla ungmennahúss verður að ræða, skal hann greiðast af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

6. gr.

Stjórn ungmennahúss skal falin Æskulýðsráði Reykjavíkur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en rekja þurfi, að mikill skortur er á hollum skemmtunum við hæfi ungs fólks í höfuðborg landsins. Æskufólk nú á tímum er myndarlegt, atorkumikið og efnilegt líkamlega og andlega og skortir hvorki vilja né getu til að reynast góðir þjóðfélagsþegnar. En það á líka rétt til þess, að hinir fullorðnu veiti orku þess og athafnaþrá möguleika til þroskavænlegra viðfangsefna og hollra skemmtana. Þessari skyldu sinni hafa hinir fullorðnu brugðizt. Í höfuðborg landsins er ekki einn einasti samkomustaður við hæfi æskufólks. Hins vegar eru þar 12 vínveitingahús, þar sem hinir fullorðnu eiga sér athvarf.

Hér verður að ráða bót á og það án tafar. Uppvaxandi ungmenni eru þjóðinni það dýrmæt, að ekkert má verða því til fyrirstöðu, að nokkru fé verði til þess varið að forða þeim frá slysum. Með þessu frumvarpi er því lagt til, að ríkið og Reykjavíkurborg taki höndum saman um að byggja reykvísku æskufólki samkomuhús, þar sem lagður verði grunnur að hollu og þroskavænlegu skemmtanalífi því til handa. Lagt er til, að stærð og fyrirkomulag hússins verði ákveðið í samráði við Æskulýðsráð Reykjavíkur, sem einnig verði falin stjórn þess. Eðlilegt væri, að ungu fólki væri falið sem mest að fylgjast með umgengni í húsinu og sjá um, að settum reglum sé fylgt. Hefur slíkt gefið góða raun, þar sem það hefur verið reynt.

Vitanlega þarf að gera margt fleira til að bæta aðstöðu ungs fólks til hollra skemmtana og tómstundaiðkana. Í Reykjavík þarf t. d. að reisa skautahöll og bæta aðra aðstöðu til íþróttaiðkana. En meðan öll helztu samkomuhús borgarinnar eru lokuð ungmennum, er fátt eða ekkert meira aðkallandi en að þeim verði séð fyrir hentugu samkomuhúsi.

Það kom fram í umræðum í borgarstjórn Reykjavíkur í fyrra, að þar er mikill og samstæður vilji fyrir því að ná samstarfi við ríkisvaldið um starfrækslu og byggingu ungmennahúss í borginni, og eru þar allir flokkar á einu máli. Enda er það sannast sagna, að þjóðfélagið allt á ekkert síður undir því en yfirvöld Reykjavíkurborgar, að uppeldi æskulýðsins takist vel. Það getur hæglega orðið ríkinu dýrt, ef þessi mál eru látin fara í ólestur, svo að til slysa leiðir.

Ég tel sanngjarnt, að ríkissjóður taki einhvern þátt í lausn æskulýðsvandamálanna í Reykjavík. Hér er að rísa upp eini vísirinn að stórborgarlífi á Íslandi. Við Íslendingar erum gjarnan nokkuð stoltir af því að geta sýnt öðrum skýjakljúfana okkar og fína veitingastaði, sem eru til afnota fyrir okkur, sem erum fullorðin, og þá gesti, sem hingað koma. En við verðum jafnframt að gera okkur ljóst, að vegsemdinni að byggja stórborg fylgir einnig mikill vandi og þá ekki hvað sízt sá að ala upp heilbrigt og hamingjusamt æskufólk.

Nánar verður um málið rætt í framsögu.

Nd. **32. Frumvarp til laga** [32. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Við 2. málsgr. 9. gr. laganna (1. gr. laga nr. 59 16. apríl 1968) bætist: Kostnaður vegna óhappa eða náttúruhamfara skal undanskilinn aðstöðugjaldi.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

a. ½% af: Rekstri fiskiskipa og flugvéla. Landbúnaði. Verzlun með kaffi, sykur og kornvöru til manneldis í heildsölu. Matvöruverzlun í smásölu. Verzlun með veiðarfæri, önnur en sportveiðitæki, fóðurvörur, tilbúinn áburð (Áburðarverksmiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Kjöt- og fiskiðnaði. Endurtryggingum.

b. 1% af: Rekstri farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðum. Matsölu. Vátryggingum ót. a. Útgáfustarfsemi (útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Verzlun ót. a. Iðnaði ót. a. Annarri gjaldskyldri starfsemi ót. a.

c. 1½% af: Sælgætis- og efnagerðum. Öl- og gosdrykkjagerðum. Gull- og silfursmíði. Hattasaumi. Rakara- og hárgreiðslustofum. Leirkerasmíði. Ljósmyndun. Myndskurði. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahúsum. Fjölritun. Persónulegri þjónustu.

d. 2% af: Skartgripa-, skrautmuna- og minjagripaverzlun. Tóbaks- og sælgætisverzlun. Söluturnum. Blómaverzlun. Umboðsverzlun. Listmunagerð. Börum. Billjarðstofum.

Nú er notuð heimild til að hækka álögð útsvör frá því, sem þau eru ákveðin í 32. gr. laganna, og er þá heimilt að bæta jafnháum hundraðshluta við álögð aðstöðugjöld.

3. gr.

Upphaf 2. málsl. síðustu málsgr. 31. gr. laganna (3. gr. laga nr. 59 16. apríl 1968) orðist svo:

Hafi gjalddagar samkvæmt a-lið 47. gr. verið ákveðnir, er skylt að auglýsa það hlutaðeigendum fyrir janúarlok álagningarárið, og er sveitarstjórn þá heimilt o. s. frv.

Greinargerð.

Allir kaupstaðirnir hér á landi, kauptúnahreppar og fleiri sveitarfélög afla tekna með því að leggja á svonefnd aðstöðugjöld, samkvæmt heimild í lögum. En aðstöðugjöldin koma mjög misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. **Veldur þetta óþolandi ranglæti, og er hér brýn þörf lagfæringar.**

Sem dæmi um ójöfnuðinn má nefna, að íbúar Reykjavíkur greiða nú aðstöðugjald, sem nemur ½% af matvörum í smásöluverzlunum, en á mörgum öðrum stöðum er gjaldið af þessum vörum 1—1½%, og dæmi má finna um, að það sé 2%, eða 300% hærra en í Reykjavík.

Verði sá ójöfnuður, sem hér er í frammi hafður, látinn haldast, mun hann fæla menn frá búsetu og atvinnurekstri á vissum stöðum á landinu.

Samkvæmt þeim reglum, sem verið hafa í gildi á undanförnum árum, hafa sveitarfélög því aðeins getað fengið aukaframlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að þau hafi hækkað álögð útsvör um 20% frá því, sem þau eru ákveðin í 32. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga. Hefur mörgum gjaldendum í sveitar-

félögum, sem hafa þurft á aukaframlagi að halda, þótt illt undir þessu að búa, og því verið bornar fram kröfur um, að lagaákvæðin um þetta álag á útsvörin yrðu niður felld eða a. m. k. verulega dregið úr heimildinni til hækkunar á útsvörunum. Á síðasta þingi var sú lagabreyting gerð, að heimildin til útsvarshækkunar var skert mjög verulega. Að þessu leyti hefur því verið gerð mikil lagfæring á lagaákvæðum um álagningu útsvara, en hins vegar er enn eftir að gera samsvarandi leiðréttingar á reglunum um álagningu aðstöðugjalda. Að því er stefnt með frumvarpinu, sem hér er fram borið. Í 1. gr. þess er lagt til, að sett verði ný ákvæði um hámark aðstöðugjalda, og eru þau í aðalatriðum í samræmi við þær reglur um álagningu gjaldanna, sem gilt hafa í Reykjavík á árunum 1967 og 1968.

Rétt þykir, að sveitarfélag, sem þarf að nota heimild laganna til að hækka álögð útsvör, fái einnig heimild til að bæta jafnháum hundraðshluta við álögð aðstöðugjöld, og er ákvæði um það sett í 1. gr. frv.

Ef álögð gjöld samkvæmt lögunum um tekjustofna sveitarfélaga reynast ekki fullnægjandi til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum einhverra sveitarfélaga, eiga þau að fá framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. En óhjákvæmilegt getur orðið að gera breytingar á lögunum um jöfnunarsjóðinn.

Reglurnar um álagningu aðstöðugjalda í Reykjavík eru birtar hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Reglur um álagningu aðstöðugjalda í Reykjavík árið 1968.

„0.5% Rekstur fiskiskipa og flugvéla. Matvöruverzlun í smásölu. Kaffi, sykur og kornvara til manneldis í heildsölu. Kjöt- og fiskiðnaður. Endurtryggingar.

1.0% Rekstur farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðir. Matsala. Landbúnaður. Vátryggingar ót. a. Útgáfustarfsemi. Útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi. Verzlun ót. a. Iðnaður ót. a.

1.5% Sælgætis- og efnagerðir, öl- og gosdrykkjagerðir, gull- og silfursmíði, hattasaumur, rakara- og hárgreiðslustofur, leirkerasmíði, ljósmyndun, myndskurður. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahús. Fjölritun.

2.0% Skartgripa- og skrautmunaverzlun, tóbaks- og sælgætisverzlun, söluturnar, blómaverzlun, umboðsverzlun, minjagripaverzlun. Listmunagerð. Barar. Billjarðstofur. Persónuleg þjónusta. Enn fremur hvers konar önnur gjaldskyld starfsemi ót. a.“

Ed. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Einar Ágústsson.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.

2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
4. Vaxtatekjur.

b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærri en ⅗ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar samkvæmt 1. málsgr. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari málsl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 24. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅗ hlutum, en ⅖ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum, og á því sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyni verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhugaverð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunnindajarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau nemi allt að ⅔ hlutum byggingarkostnaðar. Lán til verkamannabústaða eru þó mun hærri en íbúðarlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins og með mjög góðum kjörum. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema ⅔ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100—200 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stórauka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að heimilt sé að greiða nokkurn hluta lánsfjárhæðarinnar í bankavaxtabréfum.

Sþ. **34. Tillaga til þingsályktunar** [34. mál]

um þriggja ára áætlun um ferðamál.

Flm.: Björn Jónsson, Eysteinn Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gerð verði þriggja ára áætlun um ferðamál. Stefni áætlunin að því að margfalda ferðamannastraum til landsins á áætlunartímabilinu og skapa sem traustastan grundvöll að því að gera Ísland að miklu ferðamannalandi. Áætlunin miðist við, að þetta verði gert með því að bæta á skipulegan hátt öll skilyrði til að veita auknum ferðamannastraumi alla nauðsynlega þjónustu, að því, að gerðar verði hvers konar hagkvæmar ráðstafanir til að opna leiðir að hinni ósnortnu náttúru landsins fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn, og að því að byggja fjárhagslega traustar undirstöður að ferðamannaþjónustu, þannig að hér geti orðið um mikilvæga og hraðvaxandi atvinnugrein og gjaldeyrisgjafa að ræða.

Áætunargerðin skal falin nefnd manna, er sé skipuð samkvæmt tilnefningu ferðamálaráðs, Félags íslenzkra ferðaskrifstofa, Búnaðarfélags Íslands, Verzlunarráðs Íslands, Félags áhugamanna um fiskrækt, Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, Ferðafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands. Formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum það snemma á næsta ári, að áætlunin geti legið fyrir á því Alþingi, sem nú situr, og komið til byrjunarframkvæmda þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Varla þarfnast sú skoðun rökstuðnings, að Ísland uppfylli margvísleg skilyrði til þess að geta orðið mikið ferðamannaland. Kemur þar margt til: Stórbrotin náttúrufegurð, hvert sem opnum augum er litið, heilnæmt loftslag, ósnortin víðátta öræfa, fjalla og jökla, ótölulegur fjöldi fiskgengra stöðuvatna og fallvatna, hverir, eldfjöll og fjölda margt annað, sem erlendum mönnum er framandi og til þess er fallið að vekja áhuga þeirra, síðast, en ekki sízt, sú staðreynd, að meginhluti landsins er óbyggður, eins konar risavaxinn þjóðgarður, sem náttúra landsins ein hefur snortið og mótað og fáir einir hafa kynnzt og lært að meta að fullu.

Hér er vafalaust um að ræða eina mestu þjóðarauðlegð okkar Íslendinga í tvennum skilningi. Fyrst þeim, að hin stórbrotna náttúra landsins hefur mótað sögu okkar og erfðir og er því nátengd þjóðinni og hverjum einstaklingi hennar. Í annan stað þeim, að ef rétt er á haldið, getur hér verið um að ræða sterka stoð undir efnahagslega afkomu og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar. En þetta hvort tveggja leggur okkur á herðar þá skyldu að verja og vernda þessa þjóðarauðlegð og aðhafast ekkert það, sem geti spillt henni eða skert hana.

Allar þjóðir, jafnt hinar auðugustu sem hinar fátækari, hafa um langan aldur lagt þunga áherzlu á að laða til sín ferðamenn af fjárhagslegum og atvinnulegum ástæðum, og mjög víða er móttaka og þjónusta við ferðamenn meðal stærstu atvinnugreina. Sem dæmi má nefna, að í Bretlandi er ferðamannaþjónustan þriðja stærsta atvinnugreinin, og í Sviss kemur hún næst iðnaðinum að umfangi, en miklu víðar ræður hún úrslitum um þjóðarafkomu og þá ekki sízt gjaldeyrisbúskap.

Við Íslendingar stöndum nú — og munum gera í vaxandi mæli næstu áratugina — frammi fyrir því mikla verkefni að sjá sífellt stækkandi árgöngum ört vaxandi þjóðar fyrir atvinnu og afkomu við þjóðhagslega hagkvæm störf. Þetta verkefni er þeim mun vandasamara sem fullvísara er, að framleiðslutækni fleygir fram og hlutfallsleg fækkun verður í atvinnugreinunum, miðað við framleiðslumagn. Til þess að leysa þetta verkefni þarf víða að leita fanga og af hugkvæmni: efla með skipulegum

hætti okkar hefðbundnu atvinnugreinar, sjávarútveg, landbúnað og iðnað, smáan sem stóran. En við þurfum einnig að þróa þjónustugreinar atvinnulífsins á sem hagkvæmastan hátt og þá ekki sízt þær, sem samkvæmt eðli sínu eru þjóðhagslegt jafngildi framleiðslugreinanna, afla gjaldeyris og stuðla þannig að efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Hér ber fyrst að nefna til allt, er lýtur að móttöku og fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn, og hefur áður verið minnt á þá miklu möguleika, sem frá náttúrunnar hendi eru til staðar fyrir því, að hér geti orðið um að ræða umfangsmikla atvinnugrein. Reyndin er hins vegar sú, að þróun þessarar atvinnugreinar hefur orðið miklu hægari en efni standa til. Beinar gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna ferðamála eru nú aðeins um 300 millj. kr. á ári eða knapplega sú upphæð, sem Íslendingar sjálfir verja til ferðalaga erlendis á ári hverju. Ætti þetta að verða okkur sérstakt íhugunarefni nú, þegar gjaldeyrisafkoma þjóðarinnar er orðið ógnvekjandi vandamál. En flestra manna mál er það, þeirra er bezt skyn bera á, að ekki mundi torvelt að margfalda afrakstur þessarar tekjulindar, ef rétt yrði við brugðizt og nauðsynlegum grundvallarskilyrðum fullnægt.

Ekki skal hér fjölyrt um né fullyrt, hverjar ráðstafanir þurfi hér fyrst og fremst til að koma né hversu hagkvæmast yrði að verki staðið, enda yrði tillögugerð um þau efni verkefni þeirrar nefndar, sem þáltill. gerir ráð fyrir að skipuð yrði. Flm. vilja þó benda á nokkur atriði, sem þeir telja að sköpun geti skipt:

1. Skipulögð landkynningar- og auglýsingastarfsemi á vegum ríkisins og þeirra aðila, sem mestra beinna hagsmuna hafa að gæta um þróun ferðamála.
2. Miklar samgöngubætur um óbyggðir landsins, sem auðveldi aðgang að náttúruundrum landsins og að veiðisvæðum öræfanna.
3. Hagkvæmar framkvæmdir í byggingu gistihúsa og veitingastaða og sumarhúsa í óbyggðum og við veiðivötn.
4. Stóraukin laxfiskarækt í ám og vötnum, ásamt vernd þeirra fiskstofna, sem fyrir eru.
5. Fjármagnsþörf í samræmi við markmið áætlunarinnar verði gaumgæfð og þá um leið möguleikar á erlendu lánsfjármagni til að hrinda henni í framkvæmd.
6. Aukin samvinna þeirra, sem í atvinnugreininni starfa, m. a. með tilliti til öflunar fjárfestingarfjármagns og nýtingar þess.

Flm. vilja að lokum benda á, að ör þróun Íslands sem ferðamannalands væri á margvíslegan hátt til þess fallin að styðja og efla aðrar greinar atvinnulífs þjóðarinnar, svo sem verzlun og iðnað, og mundi vafalaust einnig reynast drjúgur þáttur í því að styrkja sjávarútveg og landbúnað, kynna framleiðslu þessara atvinnugreina og greiða götu þeirra á erlendum mörkuðum.

Sþ. 35. Fyrirspurnir. [35. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um vegabætur við Skeiðhól í Hvalfirði.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Jónasi Árnasyni.

a. Hve miklu fé var á liðnu sumri varið til vegabóta við Skeiðhól í Hvalfirði?
b. Hve mikið fé þarf til að koma þessari vegagerð í samband við aðalveginn?

II. Til utanríkisráðherra um bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hverjar eru þær framkvæmdir, sem nýlokið er í Hvalfirði í þágu Atlantshafsbandalagsins?

2. Hverjar aðrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Hvalfirði?
3. Hvernig verður bækistöð Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði starfrækt, þegar framkvæmdum er lokið?

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, og l. nr. 28 25. apríl 1966, um breyting á þeim lögum.

Flm. Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 5 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn af samtökum vinnuveitenda, einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skipaður af ráðherra og er sá jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti. Skipun stjórnar fer fram á fjögurra ára fresti. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til allra atvinnurekenda nema bænda, stéttarfélaga og meðlima þeirra svo og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi.

Gjaldskyldur atvinnurekandi telst hver sá, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags eða samkvæmt gildandi launataxta stéttarfélags.

Stéttarfélög teljast samkvæmt lögum þessum launþegasamtök þau, sem félagsbundin eru í Alþýðusambandi Íslands eða lögum samkvæmt eiga rétt til að vera í því.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs. Skal það miðað við vinnuviku unna í þjónustu hans og vera að upphæð fyrir vikuna 25% af umsömdu meðalkaupi viðkomandi stéttarfélags fyrir unna klukkustund í almennri dagvinnu. Nú verður breyting á kaupi stéttarfélags í almennri dagvinnu, og breytist þá iðgjaldið um næstu áramót í samræmi við það.

Sé um tímavinnu að ræða, reiknast jafnmargir tímar í vinnuviku og kaupsamningar viðkomandi stéttarfélags kveða á um, að dagvinnutímar séu margir í vinnuviku hjá meðlimum þess. Brot úr viku telst heil vika.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 5. gr. skulu skattyfirvöld leggja á með tekju- og eignarskatti og semja skrá um gjaldendur og upphæðir þær, er þeir skulu greiða. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr gerði gerðar, að skýrt sé tekið fram, fyrir hve margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Skulu skýrslurnar sýna tölu vinnuvikna í hverri starfsgrein og tilgreina það stéttarfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem hverjum launþega er greitt eftir. Þyki vafi leika

á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða framtali ekki skilað, þá eftir mati skattyfirvalda.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem unnið hafa tryggingarskyld störf, sbr. 4. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

6. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fulltrúaráð stéttarfélaga í hverju skattumdæmi, eða félögin sameiginlega, sé fulltrúaráð ekki til, skal fyrir lok hvers árs afhenda skattyfirvaldi skrá um þau stéttarfélög, sem starfandi eru í umdæminu, ásamt upplýsingum um, hverjar starfsgreinar tilheyra hverju stéttarfélagi. Starfsgrein skal tilheyra því stéttarfélagi, sem gert hefur samning við atvinnurekendur eða sett launataxta, sem viðurkenndur er varðandi launagreiðslur í starfsgreininni.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Sveitarsjóður skal greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnhátt og ⅔ af álögðum iðgjöldum atvinnurekenda.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimtumönnum, hverjum fyrir sitt umdæmi, hver eru framlög sveitarfélaganna í umdæminu, strax og henni hafa borizt skrár þær um skiptingu iðgjalda, sem um er rætt í 7. gr.

8. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, er vera skal 1½ sinnum hærra en álögð iðgjöld atvinnurekenda.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð, þegar iðgjöld atvinnurekenda hafa endanlega verið ákveðin.

9. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband fer fram í umboðum, sem eru jafnmörg og umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, og lúta umboðin sömu mörkum og umboð Tryggingastofnunarinnar, sem hver umboðsmaður annast. Í hverju umboði annast úthlutun bótafjár fimm manna nefnd, þannig skipuð, að þrjá tilnefni stéttarfélögin í umboðinu, einn samtök vinnuveitenda, en umboðsmaður Tryggingastofnunarinnar er sjálfskipaður í nefndina og formaður hennar, en nefndin kýs sér ritara. Tilnefning í nefndina gildir til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík gegnir skrifstofustjóri Tryggingastofnunar ríkisins formannsstarfi. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Sá, sem sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði úthlutunarnefndar til sjóðsstjórnar. Nefndirnar starfa eftir reglugerð, er sjóðsstjórnin lætur gera, en ráðherra samþykkir.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörfin, og greiðist hvort tveggja, sem og þóknun sjóðsstjórnar samkv. 2. gr. og kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa þeirra, sem henni eru falin með lögum þessum, af fé atvinnuleysistryggingasjóðs.

10. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa 16 ára menn og eldri, sem:

a. eru fullgildir meðlimir í stéttarfélögum, sem lög þessi taka til.
b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað a. m. k. samtals í 6 mánuði vinnu, sem goldin er samkvæmt kjarasamningi eða kauptaxta stéttarfélags. Bótaréttur glatast ekki, þó að hlutaðeigandi vinni um tíma önnur hliðstæð störf.
c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkv. lögum um vinnumiðlun, en annars vottorði oddvita, þar sem vinnumiðlun er ekki starfrækt, að þeir hafi á s. l. 6 mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 á síðustu 18 dögum. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, verið við nám eða notið atvinnuleysisbóta. Í reglugerð, sbr. 14. gr., má ákveða lengri biðtíma þeirra, sem hafa árstíðabundna vinnu, hafa tekjur af eigin atvinnurekstri eða hafa haft hærri tekjur en almennt gerist í byggðarlagi þeirra síðustu 6 mánuði, svo og um styttri biðtíma fyrir þá, sem hafa búið við skertan vinnutíma undanfarið.

11. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til.
b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkv. almannatryggingalögum.
c. misst hafa vinnu af ástæðum, er þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.
d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
e. eru ófærir til vinnu eða neita vinnu, sem þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi stéttarfélags, og ekki sé annað vandhæfi á vinnunni, sem úthlutunarnefnd samkv. 14. gr. tekur gilt. Bótaréttur glatast þó eigi, þótt hafnað sé vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, fyrr en hlutaðeigandi hefur notið bóta í 4 vikur.
f. hafa á síðustu 6 mánuðum haft tekjur, að meðtöldum tekjum maka, sem fara fram úr 75% af árstekjum verkamanna í næstliðið ár, miðað við 300 daga meðaldagvinnukaup almennra verkamanna í Reykjavík samkv. útreikningi kjararannsóknarnefndar.
g. dvelja erlendis.

12. gr.

18. gr. laganna (2. gr. l. nr. 28/1966) orðist svo:

Dagbætur atvinnuleysistrygginga skulu miðaðar við dagkaup Dagsbrúnarverkamanns fyrir 8 stunda dagvinnu greidda eftir meðaltalstímakaupi við almenna verkamannavinnu. Skulu dagbætur vera ⅔ af greindu dagkaupi til þeirra, sem sannanlega eru aðalfyrirvinna fjölskyldu sinnar, en ⅗ til annarra. Enn fremur skal greiða bótaþegum, sem eru fyrirvinna barna innan 16 ára, dagpeninga með börnunum, jafnháa með hverju barni og slysatryggingar almannatrygginga greiða með börnum slysabótaþega.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

13. gr.

19. gr. laganna falli niður, og breytist töluröð eftirfarandi greina samkv. því.

14. gr.

21. gr. laganna, sem samkv. 13. gr. verður 20. gr., orðist þannig:

Úthlutunarnefnd gerir vikulega skrá um þá menn, er hún úrskurðar bætur. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess getið á skránni og tilgreint, í hverju sá ágreiningur er fólginn. Eftir þessari skrá greiðir Tryggingastofnun ríkisins bætur í Reykja-

vík á skrifstofu sinni, nema stéttarfélögin semji við hana um annan hátt á, og skulu bótaþegar kvitta á skrána fyrir greiðslunni. Annars staðar annast umboðsmenn almannatrygginga greiðslur bóta með sama hætti.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að síðasta málsgrein 1. gr. laganna falli niður, en hún kveður svo á, að tekjum sjóðsins sé skipt á sérreikninga stéttarfélaganna. Breytingin felur í sér, að atvinnuleysistryggingasjóður verði sameignarsjóður allra stéttarfélaga í A. S. Í., enda er stjórnskipan sjóðsins í samræmi við slíkt.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að stjórn sjóðsins skipi 5 menn í stað 7 nú og þeir séu allir tilnefndir af samtökum þeirra aðila, er fyrst og fremst eiga að njóta hans, annars vegar, en hins vegar af þeim, er leggja sjóðnum til tekjurnar.

Virðist t. d. mjög óeðlilegt, að sveitarfélög, sem leggja sjóðnum árlega til stórfé, eigi enga aðild að sjórn hans, svo sem nú er. Vakin er athygli á, að svo er tekið til orða í frumvarpsgreininni, að samtök vinnuveitenda skipi einn mann í stjórn sjóðsins. Er þá átt við, að Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna velji þann mann í sameiningu, meðan þessi samtök eru deild.

Um 3. gr.

Efnisbreytingar þessarar frumvarpsgreinar eru þrjár frá gildandi lögum:

1. Lögunum er ætlað að gilda fyrir alla meðlimi stéttarfélaga í A. S. Í., en ekki verkalýðsfélaga einna, eins og núgildandi texti laganna kveður á, þótt svo sé eigi lengur í raun.
2. Lögin nái til allra launþega, jafnt í strjálbýli sem þéttbýli og hvar sem er á landinu, ef þeir eru meðlimir stéttarfélags í A. S. Í. og vinna samkv. launataxta þess.
3. Allir atvinnurekendur — nema bændur — séu gjaldskyldir til sjóðsins.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að iðgjald atvinnurekenda sé ákveðinn hundraðshluti af meðaltímakaupi í almennri dagvinnu viðkomandi stéttarfélags, þ. e. að vinnuvikugjaldið sé þannig fundið, og er það miklu einfaldara í útreikningi en núverandi iðgjald. Þá er lagt til, að iðgjald atvinnurekandans lækki ögn frá því, sem nú er, og þá haft til hliðsjónar, hve geysisterkur sjóðurinn er orðinn, atvinnuvegirnir búa við miklar álögur og að sjóðurinn fær auknar tekjur, ef þessar lagabreytingar ná fram að ganga, því að þær gera ráð fyrir fleiri gjaldskyldum atvinnurekendum til sjóðsins en nú er.

Um 5. gr.

Orðalagi 6. gr. er breytt til samræmis við breytingar þær, sem felast í 3. gr. frumvarpsins á 4. gr. laganna.

Um 6. gr.

Hér er öllu sleppt úr 7. gr. laganna, sem lýtur að skiptingu iðgjaldanna á sérreikning stéttarfélaganna, þar eð frumvarpið leggur til, að sú sérdeiling falli niður, eins og fyrr greinir.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að framlag sveitarfélaga lækki að einum þriðja frá því, sem nú er. Þykir þarflaust að knýja sveitarfélögin til svo mikils framlags til sjóðsins

sem nú er, þegar athugað er, hve öflugur sjóðurinn er orðinn, en greiðslugeta sveitarfélaga áhlaðin. Rétt er að benda á, að tekjurýrnun sjóðsins verður þó ekki sú, sem í fljótu bragði virðist af þessu, þar eð fleiri sveitarfélög verða skattskyld til sjóðsins, ef frumvarp þetta verður samþykkt, en nú eru.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að framlagshlutur ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs lækki nokkuð. Þegar haft er í huga, að atvinnuleysistryggingasjóður hefur á 12 ára tilvistarskeiði sínu orðið langöflugasti sérsjóður, sem til er í landinu, og atvinnuleysisbætur s. l. árs, sem þó var allverulegt atvinnuleysisár, námu ekki fjórðungi ársvaxta sjóðsins, ætti sjóðnum ekki að vera ofboðið með lækkun þeirri á tekjustofni hans, sem hér er lögð til.

Um 9. gr.

Talsverð brögð hafa verið að því, eins og skipan úthlutunarnefnda hefur verið, að erfiðlega gengi að fá vel hæfa menn í þær. Hér er leitazt við að fá fastara skipulag í störf úthlutunarnefndanna með því að fækka þeim og stækka starfssvæði þeirra, jafnframt því sem lagt er til, að umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins í hverju umdæmi sé gerður formaður viðkomandi nefndar, enda verður hann hvort eð er að hafa veruleg afskipti af bótaúthlutun eftir gildandi lögum. Myndaðist með þessum hætti ákveðin festa í vinnubrögð nefndanna.

Um 10. gr.

Aðalbreytingin, sem lögð er til með þessari frumvarpsgrein, er sú, að ellilífeyrisréttur útiloki menn ekki frá atvinnubótum, ef um sannanlegt atvinnutap og viðmiðað tekjufall er að ræða.

Um 11. gr.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, eru þessar:

1. Örorkubætur og slysabætur almannatrygginga, aðrar en dagpeningar, skerði ekki rétt manna til atvinnuleysisbóta, hindri önnur bótaskilyrði það ekki. Er þetta hliðstætt því, að ellilífeyrirþega sé heimilað að njóta atvinnuleysisbóta, svo sem lagt er til með breytingu á 15. gr.
2. Tekjur maka séu hafðar til hliðsjónar við mat bótaréttar auk tekna umsækjanda sjálfs.
3. Ársviðmiðunartekjur verkamanna séu byggðar á útreikningi kjararannsóknarnefndar á tekjum verkamanna í Reykjavík og gildi fyrir allt landið.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að dagbætur atvinnuleysistrygginga séu ákveðið hlutfall af dagkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri vinnu, og skilgreint nákvæmlega, hvernig það dagkaup skuli reiknað. Þetta táknar, að dagbætur mundu hækka verulega frá því, sem þær eru nú, eða fast að um helming, en dagbætur eru nú aðeins kr. 165.00 fyrir kvænta karla og kr. 146.00 fyrir einhleypa.

Um 13. gr.

19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar fjallar um sérreikninga stéttarfélaga innan atvinnuleysistryggingasjóðs og að bætur skuli ekki greiða, þrjóti þeir. Þar sem frumvarp þetta leggur til, að slík sérskipting falli niður, og ekki þarf að ætla, að sjóðþrot hindri bótagreiðslu eftir þá breytingu, er það í samræmi við aðrar greinar frumvarpsins, að 19. gr. falli niður.

Um 14. gr.

Hér er lagt til, að bótagreiðslur séu að fullu á hendi Tryggingastofnunar ríkisins, en ekki að hluta, eins og nú er. Er það einfaldara í framkvæmd og eðlileg afleiðing

af því, að umboðsmenn almannatrygginga séu sjálfsagðir formenn úthlutunarnefnda, svo sem frumvarpið leggur til.

Lokaorð.

Eins og kemur fram í athugasemdum við hinar ýmsu greinar frumvarpsins, eru meginbreytingarnar, sem frumvarp þetta leggur til að gerðar verði á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, þessar:

1. Að atvinnuleysistryggingasjóður sé óskipt sameign allra félaga í A. S. Í.
2. Lagt er til, að fækkað sé um tvo menn í sjóðssjórn og vali í hana breytt.
3. Allir atvinnurekendur — nema bændur — verði gjaldskyldir til sjóðsins.
4. Gjöld atvinnurekenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs lækkuð nokkuð.
5. Dagbætur atvinnulausra hækkaðar verulega, en kveðið skýrar á um það, við hvaða tekjur og hve háar skuli miða bótarétt.
6. Rofið er bótasamband milli atvinnuleysistrygginga og almannatrygginga, þ. e. að bætur frá almannatryggingum útiloki menn ekki frá atvinnuleysistryggingum, ef önnur skilyrði hindra ekki. Undantekning er þó áfram slysa- og sjúkradagpeningar.
7. Skipulagi á úthlutun bóta breytt.
8. Dagbætur miðist við hlutfall af tilteknu kaupi.
9. Skýrar er kveðið á um, að barnadagpeningar greiðist til þeirra, og aðeins til þeirra, sem hafa viðkomandi börn að fullu á framfæri sínu.

Samkvæmt 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 29 7. apríl 1956, er svo kveðið á, að endurskoða skuli þau lög að tveim árum liðnum frá setningu þeirra. Þetta hefur ekki verið gert, sem þó hefði verið nauðsyn. Hér er leitazt við að sníða ýmsa þá agnúa af lögum þessum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd þeirra, sem og gera þau gleggri og þeim til meiri hagsbóta, sem þeirra þurfa fyrst og fremst að njóta.

Nd. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú hlýzt slys eða tjón á skipstjóra, skipverja, hafnsögumanni eða öðrum, er vinnur í þágu skips, og er þá útgerðarmanni skylt að láta koma fébætur fyrir, enda þótt slysið eða tjónið verði eigi rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips.

Ef tjónþoli er sjálfur valdur að tjóni sínu með vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, er heimilt að lækka bætur með hliðsjón af sök tjónþola.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo háttar um íslenzkan skaðabótarétt, að úrlausnir dómstóla á því sviði hafa að mestu byggzt á eðli máls, dómvenju og fræðikenningum, en aðeins að litlu leyti á beinni löggjöf. Sú dómvenja, sem myndazt hefur og sprettur að nokkru af vissum ákvæðum íslenzkra siglingalaga, veldur því, að sjómönnum, sem fyrir slysum verða við störf sín, er í mjög ríkum mæli gert að þola tjón sitt bótalaust. Íslenzk löggjöf og dómvenja gera réttarstöðu íslenzkra sjómanna að þessu leyti mjög ótrygga. Sé

litið til annarra stétta þjóðfélagsins, svo sem fólks, er vinnur í verksmiðjum eða við stórvirkar vélar — þ. e. stundar hættuleg störf á svipaðan hátt og sjómenn — þá sést, að réttarstaða þess er miklu tryggari en sjómanna. Ábyrgð vinnuveitanda þess er **hlutlæg** (objektiv), eins og það heitir á lagamáli. Sé ábyrgðin hlutlæg, þarf ekki að vera um neina sök að ræða hjá vinnuveitanda, til þess að hann verði skaðabótaskyldur, né hjá verkstjóra eða öðrum yfirmönnum, er hann ber ábyrgð á.

Að því er varðar slys og tjón, sem sjómenn verða fyrir, er hins vegar um að ræða svonefnda **huglæga** (subjektiv) ábyrgð af hálfu útgerðarmanna. Það þarf að vera um sök að ræða hjá útgerðarmanni eða yfirmönnum, er hann ber ábyrgð á, til þess að tjónþoli fái bætur. Tjón af völdum svonefndra „óhappatilviljana“ er til að mynda ekki bætt. Óhappatilviljun nefnist það, þegar tjón verður, án þess að rekja megi orsakir þess til yfirsjónar eða vanrækslu tjónþola sjálfs eða annarra. Sem dæmi má nefna, að tjón, sem verður vegna mistaka við stjórntök skips, telst skaðabótaskylt. Komi hins vegar sjór á skip, án þess að um slík mistök sé að ræða, en með þeim afleiðingum þó, að skipsmenn verða fyrir tjóni, þá er litið svo á — samkvæmt dómvenju og orðanna hljóðan — að ekki sé við neinn að sakast og því enginn skaðabótaskyldur.

Eins og af framansögðu má ráða, gera íslenzk lög og dómstólar miklu strangari kröfur til sjómanna um aðgæzlu og varfærni við störf heldur en annarra, sem, eins og þeir, stunda hættuleg störf (til að mynda verksmiðjufólks og þeirra, sem vinna við stórvirkar vélar). Má rökstyðja þetta frekar með mörgum niðurstöðum íslenzkra dómstóla, sam hafa vakið kröfur sjómanna um, að misrétti þessu verði aflétt. Mun enda varla nokkur maður treystast til að mæla því gegn, að það sé íslenzku þjóðfélagi til næsta lítils sóma að láta sjómenn sína búa við miklu minna réttaröryggi en þá, sem í landi vinna.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að skaðabótaskylda útgerðar verði gerð ríkari en hún hefur verið hingað til, ábyrgð hennar á þessu sviði verði hlutlæg, sjálfsagður réttur íslenzkra sjómanna til skaðabóta verði skýlaust og óumdeilanlega lögfestur.

Ed. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs til vatnsveitna þeirra, er samþykktar hafa verið af ráðuneytinu (sbr. 3. gr.), skal nema helmingi af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælustöðvar, jarðboranir og önnur nauðsynleg mannvirki. Veita má þó hærra tillag úr ríkissjóði, ef sérstaklega stendur á og sýnt þykir, að helmingur kostnaðar verði ekki borinn uppi með eðlilegum vatnsskatti hin næstu 10 ár, eftir að stofnkostnaður myndast. Á sama hátt má ákveða lægri þátttöku ríkissjóðs en nemur helmingi eða synja um þátttöku hans í vatnsveitu, ef sýnt þykir, að eðlilegur vatnsskattur frá notendum sé nægur til að greiða stofnkostnað mannvirkisins innan 10 ára.

Alþingi ákveður framlag skv. lögum þessum til einstakra vatnsveitna á fjárlögum hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu taka til þeirra vatnsveitna, er eigi var lokið fyrir árið 1965.

Greinargerð.

Frumvarp að mestu samhljóða þessu flutti Jónas Magnússon á síðasta þingi, en það varð ekki útrætt. — Þessar skýringar fylgdu því þá:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að tvenns konar breyting sé gerð á gildandi lögum um stuðning ríkisins við vatnsveitur.

Annars vegar sú, að fyrirheit það, sem lög nr. 93 frá 1947 gefa um helmingsstuðning af ríkissjóðs hálfu við vatnsveitur sveitarfélaga, en ekki nálgast það mark í framkvæmd, verði gert raunhæft með því að lögbjóða afdráttarlaust, að svo skuli vera, þar sem sannanleg þörf er á og ráðuneytið hefur samþykkt, að verkið sé styrkhæft.

Breyting í þetta horf er raunverulega að skipa vatnsveitumannvirkjum á bekk með t. d. hafnarmannvirkjum og skólabyggingum, enda gera lögin ráð fyrir, að einungis sé hægt að vænta stuðnings við þær vatnsveitur, sem ráðuneytið hefur fylgzt með undirbúningi að og samþykkt nauðsyn á.

En í annan stað gerir frumvarpið ráð fyrir, að ákvörðun um fjárveitingu til hvers einstaks mannvirkis verði ákveðin af Alþingi með setningu fjárlaga hvert ár fyrir sig, en ekki, að haldið verði þeim hætti, sem nú er á í þessu efni, en hann er sá, að Alþingi ákveði heildarupphæðina, en ráðherra skipti henni milli aðila.

Einnig þetta er til samræmis við hafnir og skóla.

Eðlilegt væri þá, að regla yrði sköpuð um það, að hið áætlaða stofnverð, er á ríkissjóð félli, ásamt þeim verðhækkunum, sem á verkinu kunna að verða, meðan á byggingu stendur, yrði greitt á ákveðnu árabili, t. d. 3 árum, eins og skólakostnaðarlögin nýju gera ráð fyrir um þau mannvirki, er þau taka til.

Sérstakt tilefni til þeirrar breytingar, sem frumvarpið felur í sér, er sú staðreynd, að nú eru einungis ætlaðar 6.5 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs til vatnsveitna fyrir allt landið, en sú upphæð er eins og dropi í hafinu miðað við þær framkvæmdir, sem yfir standa og hlotið hafa samþykki ráðherra. En af framkvæmdum má t. d. nefna Vestmannaeyjaveitu og Landeyjaveitu. Hin síðarnefnda er rétt nýkomin í gagnið og mun hafa kostað 5 millj. kr., en Eyjaveitan, sem upphaflega var áætluð á rösklega 100 millj. kr., hlýtur nú eftir hina síðustu gengisbreytingu að fara yfir 130 millj. kr., og áætlaðar framkvæmdir á þessu ári einu saman munu kosta 50—60 millj. kr. Liggur því í augum uppi, hve órafjarri það er, að fjárlagaupphæðin komist í námunda við það að svara til þess að styðja vatnsveitumannvirki landsmanna að hálfu, eins og gildandi lög gefa framkvæmdaaðilum þó vonir um.

Samt sem áður hefur Alþingi þó sýnt á því verulega tregðu að leysa þessi fjárhagsvandamál eftir öðrum leiðum en einmitt vatnsveitulögunum, en til þess að þau verði til þess fullnægjandi, þarf að breyta þeim í þá átt, sem hér er lagt til, og auka fjárveitingar til að framkvæma þau.“

Ed. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Með lögum þessum heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur, samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

2. gr.

Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, eða fyrirmæla, sem sett eru eftir þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu, hvort og hvenær ákvæðum heimildarlaga þessara skuli beitt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland gerðist aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 19. nóvember 1946, samkvæmt ályktun Alþingis hinn 25. júlí 1946.

Aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum skapar ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar í samræmi við ákvæði sáttmálans. Er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni sé jafnan heimilt að gera ráðstafanir, sem miða að því að uppfylla þær skuldbindingar, þegar nauðsyn krefur. Þar sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna, eða samþykktir stofnana þeirra, binda ekki einstaka þegna hins íslenzka ríkis, er nauðsynlegt, að í lögum sé heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að verða við þeim þjóðréttarlegu skyldum, sem sáttmálinn skapar aðildarríkjunum á nánar tilteknum sviðum og láta slíkar samþykktir og fyrirmæli taka gildi að ríkisrétti.

Um 1. gr.

Í VII. kafla sáttmálans er fjallað um aðgerðir vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása. Í 41. gr. er svo fyrir mælt, að Öryggisráðinu sé heimilt að ákveða, hvaða aðgerðir, aðrar en hernaðaraðgerðir, skuli viðhafðar til þess að framfylgja ákvörðunum þess, og getur það hvatt aðila hinna Sameinuðu þjóða til þess að beita slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar mega vera fólgnar í því að slíta viðskiptasambandi að nokkru eða öllu leyti og rjúfa samgöngur með járnbrautum, á sjó, í lofti, einnig póst-, síma- og loftskeytasamband, og slíta stjórnmálasambandi.

Í 39. gr. sáttmálans er greint, að Öryggisráðið skuli úrskurða, hvort fyrir hendi sé ófriðarhætta, friðrof eða árás, og skuli gera tillögur um, eða ákveða, hvaða ráðstafanir skuli gerðar, í samræmi við 41. gr. sáttmálans og 42. gr. hans, til þess að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi. Eru ákvarðanir Öryggisráðsins, sem teknar eru á grundvelli nefndra greina, bindandi fyrir aðildarríki samtakanna.

Til þess að ofangreindum ákvörðunum Öryggisráðsins megi framfylgja hér á landi skortir heimild í íslenzkum lögum. Hefur því ríkisstjórnin lagt fyrir Alþingi *ofangreint lagafrumvarp um framkvæmd bindandi fyrirmæla Öryggisráðsins.* Með því frumvarpi er ríkisstjórninni veitt heimild til að gefa út nauðsynleg fyrirmæli og reglugerðir til þess að verða við þeim fyrirmælum, sem ráðið kann að beina til aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og þær eru skyldugar, samkvæmt 39. og 41. gr. sáttmálans, að framfylgja.

Öryggisráðið samþykkti í fyrsta sinn frá stofnun Sameinuðu þjóðanna slík bindandi fyrirmæli til aðildarríkjanna þann 16. desember 1966, er ráðið fjallaði um aðgerðir vegna ástandsins í Suður-Rhodesíu.

Þess skal hér getið, að í Svíþjóð var þann 13. maí 1966 samþykkt lagafrumvarp, sem veitir m. a. ríkisstjórninni heimild til þess að láta bindandi fyrirmæli Öryggisráðsins taka gildi í landinu.

Í Danmörku voru samþykkt slík heimildarlög þann 10. maí 1967 og reglugerð varðandi viðskiptabann gegn Suður-Rhodesíu gefin út á grundvelli þeirra 31. maí 1967.

Í Finnlandi hafa verið samþykkt lög, sem veita ríkisstjórninni heimild til þess að láta fyrirmæli Öryggisráðsins varðandi Suður-Rhodesíu taka gildi, og sérstök nefnd vinnur að undirbúningi almennrar heimildarlöggjafar um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðsins í Finnlandi.

Í Noregi hefur frumvarp um slíka heimildarlöggjöf þegar verið samið og lagt fyrir Stórþingið.

Ekki er þörf skýringa við aðrar greinar frumvarpsins.

Ed. 40. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 29. okt. 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Einar Ágústsson.	Pétur Benediktsson.	Sveinn Guðmundsson.

Nd. 41. Frumvarp til laga [40. mál]

um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf Byggðajafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna Byggðajafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Byggðajafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Byggðajafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

5. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar Byggðajafnvægissjóði og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef Byggðajafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 4. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr Byggðajafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI

Um Byggðajafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggðajafnvægissjóður, undir stjórn Byggðajafnvægisnefndar.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. a-, c- og d-lið 2. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.
2. Aðrar eignir Atvinnujöfnunarsjóðs.

Hlutverk Byggðajafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdasjóður Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum Byggðajafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdasjóðs annast endurskoðun reikninga Byggðajafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur Byggðajafnvægissjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1969, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1969.
2. Skattgjald samkv. a-lið 3. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð, enda haldi ákvæði þeirrar lagagreinar um skattgjaldið og skiptingu þess gildi sínu.
3. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr Byggðajafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum, til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Byggðajafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 200 millj. kr. á ári næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá Byggðajafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er Byggðajafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum Byggðajafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán eða framlag, samþykki hennar til ráðstöfunar þess fjár samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða sambönd sveitar- eða sýslufélaga að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir í umdæmum sínum í samræmi við tilgang þessara laga, og er Byggðajafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina.

15. gr.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Byggðajafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er samþykkir lög þessi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans fyrstu þrjú árin eftir gildistöku laga þessara. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tima um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, sem að því miðar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1965 var hann 193758. Fjölgun á aldarfjórðungi 72284 eða 59.5%

Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1965:

	1940	1965			
Kjalarnesþing (vestan Fjalls)	47460	110829	Fjölgun	ca.	133.5%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar	9936	12998	—	—	30.8%
Vestfirðir	12953	10435	Fækkun	—	19.4%
Norðurland	27406	31417	Fjölgun	—	14.7%
Austurland	10123	11017	—	—	8.8%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	17062	—	—	25.5%

Þessar tölur bera vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið á jafnvæginu í byggð landsins á einum aldarfjórðungi. Á Vestfjörðum hefur á þessum aldarfjórðungi orðið bein fólksfækkun um 19.4%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 8.8%, 14.7%, 25.5% og 30.8% á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um 59.9%, þ. e. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um 133.5% á tímabilinu 1941—65. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum, sem hagfræðingar eru farnir að kalla Stór-Reykjavík, hækkaði íbúatalan úr 43500 upp í 100469. Á því litla landssvæði á nú meira en helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og koma í veg fyrir, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er fyrir nokkru lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu," sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru

á Alþingi 1959—60 og 1960—61 flutt frv. um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um Atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og hækkandi verðlag, og það fé lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kaus, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu.

Í lögunum um Atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra fólst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna var gert. Árið 1966 voru þessi lög afnumin og jafnframt sett ný lög um svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð. Sú löggjöf var til nokkurra bóta, en gefur fyrst og fremst til kynna, að skilningur sé nú vaxandi á þeirri hættu, sem yfir landsbyggðinni vofir. Er þá mikilsvert, að áfram sé haldið sókn í málinu, enda mun ekki af veita, þar sem stóriðjan í Straumsvík með tilheyrandi aðdráttarafli er á næsta leiti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst landsbyggðar- eða byggðajafnvægisstofnun með starfskröftum, sem geta helgað sig viðfangsefninu. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægissjóður fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1967 hefðu þessar árstekjur sjóðsins það ár orðið um 94 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega 2 aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um að ræða svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum og veittur var til að „bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu“ árið 1957. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lántökuheimild allt að 200 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn um tilgang laganna og störf Byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdasjóð Íslands. Byggðajafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir Byggðajafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr Byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir

lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi Byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun, og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, eða sambönd þeirra, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr Byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr Byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að byggðajafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að Byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir Byggðajafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ekki tímabært að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum Byggðajafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlán fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi Byggðajafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið m. a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitt-

hvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að bjögulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta oft á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins í þrjú ár. Kæmi til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnt á fundarsamþykktir um þetta efni, er birtar tafa verið opinberlega, t. d. frá aðalfundum Stéttarsambands bænda, kjördæmaþingum Framsóknarmanna, fjórðungsþingum og kaupstaða- og kauptúnaráðstefnunni á Akureyri 1965. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt 1963, að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála, og 1964 á almennum héraðsmálafundi í Skúlagarði í Norður-Þingeyjarsýslu, en nú nýlega á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls. Af hálfu stjórnarvalda er talið, að árum saman hafi verið unnið að undirbúningi Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar undanfarið, en engin slík áætlun hefur enn verið birt almenningi.

Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir og sýslunefndir um land allt séu nú reiðubúnar til samstarfs við þjóðfélagið til verndar og eflingar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu á eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Í frv. eru ákvæði um afnám laganna um Atvinnujöfnunarsjóð og að Byggðajafnvægissjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framleiðslugjalds samkv. 9. gr.

Frumvarp svipaðs efnis og það, er hér liggur fyrir, hefur verið flutt í neðri deild á sex þingum (1962—67). Hér er um framtíðarmál að ræða. En kreppuástand það, sem þjóðin á nú við að stríða vegna dýrtíðarvaxtarins innanlands, hlýtur að minna á þá staðreynd, að of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólgu og að hlutfallslega jafn vöxtur allrar landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt.

Um gildistökutíma fjáröflunarákvæða frv. þarf að ræða nánar í sambandi við horfur í fjármálum ríkisins á næsta ári.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Endanlegar tölur mannfjöldans 1. des. 1967.

Landið í heild og kaupstaðir.

	Karlar	Konur	Alls
Allt landið	**101 111**	**98 809**	**199 920**
Reykjavík	39 112	40 978	80 090
Kaupst. ÷ Rvík	28 355	27 864	56 219
Sýslur	33 644	29 967	63 611
Kópavogur	5 365	5 231	10 596
Hafnarfjörður .	4 487	4 472	8 959
Keflavík	2 749	2 679	5 428
Akranes	2 085	2 101	4 186
Ísafjörður	1 394	1 316	2 710
Sauðárkrókur .	700	704	1 404
Siglufjörður ...	1 162	1 199	2 361
Ólafsfjörður ...	537	517	1 054
Akureyri	4 980	5 156	10 136
Húsavík	990	898	1 888
Seyðisfjörður ..	481	448	929
Neskaupstaður .	820	732	1 552
Vestmannaeyjar	2 605	2 411	5 016

Sýslur og hreppar.

	Karlar	Konur	Alls
Gullbringusýsla ...	**3 763**	**3 498**	**7 261**
Grindavíkur	530	460	990
Hafna	98	75	173
Miðnes	514	510	1 024
Gerða	344	281	625
Njarðvíkur	765	728	1 493
Vatnsleysustrandar .	215	174	389
Garða	1 179	1 175	2 354
Bessastaða	118	95	213
Kjósarsýsla	**1 742**	**1 649**	**3 391**
Seltjarnarnes	991	993	1 984
Mosfells	501	439	940
Kjalarnes	116	100	216
Kjósar	134	117	251

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Borgarfjarðarsýsla	**795**	**664**	**1 459**
Hvalfjarðarstrandar	119	77	196
Skilmanna	69	53	122
Innri-Akranes	67	62	129
Leirár- og Mela ..	83	79	162
Andakíls	135	116	251
Skorradals	41	33	74
Lundarreykjadals .	65	46	111
Reykholtsdals	163	154	317
Hálsa	53	44	97
Mýrasýsla	**1 094**	**1 003**	**2 097**
Hvítársíðu	58	53	111
Þverárhlíðar	56	42	98
Norðurárdals	64	64	128
Stafholtstungna ...	134	105	239
Borgar	93	87	180
Borgarnes	546	522	1 068
Álftanes	71	71	142
Hraun	72	59	131
Snæfellsnessýsla ..	**2 245**	**2 012**	**4 257**
Kolbeinsstaða	77	62	139
Eyja	50	42	92
Miklaholts	80	87	167
Staðarsveit	99	73	172
Breiðuvíkur	69	54	123
Nes	296	274	570
Ólafsvíkur	513	447	960
Fróðár	29	24	53
Eyrarsveit	381	333	714
Helgafellssveit	63	52	115
Stykkishólms	528	514	1 042
Skógarstrandar ...	60	50	110

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Dalasýsla	**602**	**558**	**1 160**
Hörðudals	39	34	73
Miðdala	87	81	168
Haukadals	49	40	89
Laxárdals	160	160	320
Hvamms	60	54	114
Fellsstrandar	44	38	82
Klofnings	17	18	35
Skarðs	41	40	81
Saurbæjar	105	93	198
A-Barðastr.sýsla	**276**	**216**	**492**
Geiradals	70	48	118
Reykhóla	117	97	214
Gufudals	35	35	70
Múla	22	14	36
Flateyjar	32	22	54
V-Barðastr.sýsla	**1 083**	**948**	**2 031**
Barðastrandar	105	90	195
Rauðasands	81	50	131
Patreks	521	506	1 027
Tálknafjarðar	140	107	247
Ketildala	20	15	35
Suðurfjarða	216	180	396
V-Ísafjarðarsýsla	**923**	**844**	**1 767**
Auðkúlu	24	20	44
Þingeyrar	240	206	446
Mýra	84	86	170
Mosvalla	56	49	105
Flateyrar	271	237	508
Suðureyrar	248	246	494
N-Ísafjarðarsýsla	**1 060**	**913**	**1 973**
Hóls	525	432	957
Eyrar	205	211	416
Súðavíkur	143	126	269
Ögur	54	35	89
Reykjarfjarðar	58	55	113
Nauteyrar	47	37	84
Snæfjalla	28	17	45
Strandasýsla	**756**	**617**	**1 373**
Árnes	130	98	228
Kaldrananes	147	116	263
Hrófbergs	39	21	60
Hólmavíkur	193	165	358
Kirkjubóls	57	39	96
Fells	37	36	73
Óspakseyrar	33	32	65
Bæjar	120	110	230

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
V-Húnavatnssýsla	**730**	**657**	**1 387**
Staðar	76	70	146
Fremri-Torfustaða	70	51	121
Ytri-Torfustaða	120	95	215
Hvammstanga	167	162	329
Kirkjuhvamms	106	89	195
Þverár	83	86	169
Þorkelshóls	108	104	212
A-Húnavatnssýsla	**1 242**	**1 103**	**2 345**
Ás	85	79	164
Sveinsstaða	72	73	145
Torfalækjar	79	71	150
Blönduós	350	320	670
Svínavatns	90	75	165
Bólstaðarhlíðar	103	89	192
Engihlíðar	66	59	125
Vindhælis	51	40	91
Höfða	287	254	541
Skaga	59	43	102
Skagafjarðarsýsla	**1 380**	**1 169**	**2 549**
Skefilsstaða	44	39	83
Skarðs	64	48	112
Staðar	81	72	153
Seilu	128	102	230
Lýtingsstaða	195	150	345
Akra	188	192	380
Rípur	68	67	135
Viðvíkur	45	39	84
Hóla	89	76	165
Hofs	124	103	227
Hofsós	163	132	295
Fells	35	33	68
Haganes	75	64	139
Holts	81	52	133
Eyjafjarðarsýsla	**2 034**	**1 825**	**3 859**
Grímseyjar	46	41	87
Svarfaðardals	182	175	357
Dalvíkur	524	488	1 012
Hríseyjar	137	154	291
Árskógs	185	152	337
Arnarnes	156	126	282
Skriðu	84	79	163
Öxnadals	52	37	89
Glæsibæjar	137	130	267
Hrafnagils	147	126	273
Saurbæjar	171	143	314
Öngulsstaða	213	174	387

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
S-Þingeyjarsýsla ..	1 482	1 370	2 852
Svalbarðsstrandar .	118	110	228
Grýtubakka	197	164	361
Flateyjar	22	19	41
Háls	127	126	253
Ljósavatns	165	132	297
Bárðdæla	99	84	183
Skútustaða	217	230	447
Reykdæla	221	204	425
Aðaldæla	211	191	402
Reykja	52	47	99
Tjörnes	53	63	116
N-Þingeyjarsýsla ..	992	883	1 875
Keldunes	114	112	226
Öxarfjarðar	93	69	162
Fjalla	15	14	29
Presthóla	153	129	282
Raufarhafnar	251	221	472
Svalbarðs	112	81	193
Þórshafnar	213	222	435
Sauðanes	41	35	76
N-Múlasýsla	1 297	1 071	2 368
Skeggjastaða	83	66	149
Vopnafjarðar	442	380	822
Hlíðar	85	84	169
Jökuldals	108	75	183
Fljótsdals	118	97	215
Fella	102	82	184
Tungu	84	64	148
Hjaltastaðar	75	75	150
Borgarfjarðar	172	130	302
Loðmundarfjarðar	2	—	2
Seyðisfjarðar	26	18	44
S-Múlasýsla	2 619	2 313	4 932
Skriðdals	75	72	147
Valla	102	95	197
Egilsstaða	313	269	582
Eiða	103	91	194
Mjóafjarðar	30	21	51
Norðfjarðar	71	56	127
Helgustaða	44	23	67
Eskifjarðar	461	428	889
Reyðarfjarðar	355	294	649
Fáskrúðsfjarðar ..	104	96	200
Búða	369	338	707
Stöðvar	118	103	221
Breiðdals	177	161	338
Berunes	75	58	133
Búlands	165	156	321
Geithellna	57	52	109

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
A-Skaftafellssýsla .	778	697	1 475
Bæjar	46	54	100
Nesja	116	98	214
Hafnar	408	375	783
Mýra	62	51	113
Borgarhafnar	76	54	130
Hofs	70	65	135
V-Skaftafellssýsla .	751	659	1 410
Hörgslands	114	98	212
Kirkjubæjar	131	105	236
Skaftártungu	53	50	103
Leiðvallar	51	42	93
Álftavers	37	29	66
Hvamms	275	261	536
Dyrhóla	90	74	164
Rangárvallasýsla ..	1 658	1 484	3 142
Austur-Eyjafjalla .	141	119	260
Vestur-Eyjafjalla ..	164	128	292
Austur-Landeyja ..	94	81	175
Vestur-Landeyja ..	98	97	195
Fljótshlíðar	188	177	365
Hvol	213	185	398
Rangárvalla	283	239	522
Landmanna	75	62	137
Holta	158	148	306
Ása	74	88	162
Djúpár	170	160	330
Árnessýsla	4 342	3 814	8 156
Gaulverjabæjar ...	128	123	251
Stokkseyrar	253	243	496
Eyrarbakka	228	230	458
Sandvíkur	74	56	130
Selfoss	1 152	1 121	2 273
Hraungerðis	139	89	228
Villingaholts	117	98	215
Skeiða	138	118	256
Gnúpverja	350	186	536
Hrunamanna	260	205	465
Biskupstungna	274	196	470
Laugardals	131	112	243
Grímsnes	170	147	317
Þingvalla	32	22	54
Grafnings	34	31	65
Hveragerðis	388	414	802
Ölfus	457	412	869
Selvogs	17	11	28

Íbúatala þéttbýlisstaða annarra en kauptúna 1. des. 1967.

Nokkrir þéttbýlisstaðir eru nú hér með öðru heiti en verið hefur til þessa. Á þeim stöðum er eldra heitið — sem hætt er að nota í mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar — tilgreint í sviga.

(Merkið * þýðir, að íbúatala þéttbýlisstaðar og hrepps sé ein og hin sama.)

Grindavík, Grindavíkurhr.*	990
Hafnir, Hafnahr.	152
Sandgerði, Miðneshr.	880
Gerðar, Gerðahr.*	625
Njarðvíkur, Njarðvíkurhr.*	1 493
Vogar, Vatnsleysustrandarhr.	239
Garðakauptún[1]), Garðahr.*	2 354
Seltjarnarnes, Seltjarnarneshr.*	1 984
Hlíðartún[2]), Mosfellshr.	122
Varmár- og Álafosshverfi, Mosfellshr.	284
Reykjahverfi, Mosfellshr.	240
Miðsandur, Hvalfjarðarstrandarhr.	32
Borgarnes, Borgarneshr.*	1 068
Hellissandur, Neshr.	509
Rif, Neshr.	61
Ólafsvík, Ólafsvíkurhr.*	960
Grundarfjörður (Grafarnes), Eyrarsveit	574
Stykkishólmur, Stykkishólmshr.*	1 042
Búðardalur, Laxárdalshr.	162
Patreksfjörður, Patrekshr.*	1 027
Tálknafjörður (Tunguþorp), Tálknafjarðarhr.	166
Bíldudalur, Suðurfjarðahr.	342
Þingeyri, Þingeyrarhr.	375
Flateyri, Flateyrarhr.*	508
Suðureyri, Suðureyrarhr.	441
Bolungarvík, Hólshr.*	957
Hnífsdalur, Eyrarhr.	331
Súðavík, Súðavíkurhr.	205
Djúpavík, Árneshr.	30
Drangsnes, Kaldrananeshr.	101
Hólmavík, Hólmavíkurhr.*	358
Borðeyri, Bæjarhr.	44
Hvammstangi, Hvammstangahr.*	329
Blönduós, Blönduóshr.*	670
Skagaströnd, Höfðahr.*	541
Varmahlíð, Seiluhr.	48
Hofsós, Hofsóshr.*	295
Grímsey, Grímseyjarhr.*	87
Dalvík, Dalvíkurhr:*	1 012
Hrísey, Hríseyjarhr.*	291
Litli-Árskógssandur, Árskógshr.	78
Hauganes, Árskógshr.	123
Hjalteyri, Arnarneshr.	88
Svalbarðseyri, Svalbarðsstr.hr.	66
Grenivík, Grýtubakkahr.	155
Flatey á Skjálfanda, Flateyjarhr.*	41
Reykjahlíð, Skútustaðahr.[3])	97
Kópasker, Presthólahr.	91
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.*	472
Þórshöfn, Þórshafnarhr.*	435
Bakkafjörður (Höfn í Bakkafirði), Skeggjastaðahr.	60
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr.	513
Borgarfjörður eystri (Bakkagerði), Borgarfjarðarhr.	155
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.*	582
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.*	889
Reyðarfjörður (Búðareyri), Reyðarfjarðarhr.	572
Fáskrúðsfjörður (Búðir), Búðahr.*	707
Stöðvarfjörður (Kirkjubólsþorp), Stöðvarhr.	198
Breiðdalsvík (Þverhamarsþorp), Breiðdalshr.	144
Djúpivogur, Búlandshr.*	321
Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.*	783
Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarhr.	58
Vík í Mýrdal, Hvammshr.	379
Hvolsvöllur, Hvolshr.	199
Hella, Rangárvallahr.	293
Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	398
Eyrarbakki, Eyrarbakkahr.*	458
Selfoss, Selfosshr.*	2 273
Búrfell, Gnúpverjahr.	278
Laugarvatn, Laugardalshr.	130
Írafoss og Ljósafoss, Grímsneshr.	91
Hveragerði, Hveragerðishr.*	802
Þorlákshöfn, Ölfushr.	456
Þéttbýlisstaðir alls	**34 314**

1) Nýtt heiti skv. tilkynningu Garðahrepps til Hagstofu 6. júní 1968.
2) (Lágafellshverfi).
3) Í fyrsta sinn á skýrslu sem þéttbýlisstaður. Samsvarandi íbúatala 1. des. 1966: 50.

Sþ. 42. Fyrirspurnir. [41. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvað líður þeirri heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar, sem Húsnæðismálastjórn var falin í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hinn 9. júlí 1965 um nokkra þætti þeirra mála?

II. Til ríkisstjórnarinnar um Áburðarverksmiðjuna o. fl.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin notað heimildarlögin frá því í apríl í fyrravetur til að kaupa hlutabréf einkaaðila í Áburðarverksmiðjunni h/f?
2. Ef svo er, hvert hefur kaupverðið verið:
   a) í hlutfalli við nafnverð hlutabréfanna,
   b) í krónum til hvers aðila um sig?
3. Hverjar ráðstafanir hafa verið til þess gerðar, að bændur eigi þess kost í framtíðinni að fá keyptan nýtari áburð en „Kjarna“ á tún sín og önnur ræktarlönd, eða að leysa þá úr einokunarviðjum þeim um áburðarkaup, sem ríkisvaldið og Áburðarverksmiðjan h/f hafa haldið þeim í á undanförnum árum?

III. Til ríkisstjórnarinnar um aðstoð við fátækar þjóðir.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hyggst ríkisstjórnin hafa frumkvæði að því, að gerð verði áætlun um skipulega aðstoð Íslendinga við fátækar þjóðir og stefnt að því marki, að aðstoðin verði 1% af þjóðarframleiðslunni árlega?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um öryggisráðstafanir vegna hafíshættu.

Frá Gísla Guðmundssyni, Jónasi G. Rafnar, Birni Jónssyni og Jóni Ármanni Héðinssyni.

1. Hverjar eru tillögur hafísnefndar um öryggisráðstafanir vegna hafíshættu?
2. Hvað hefur verið gert til að koma slíkum ráðstöfunum í framkvæmd?

Ed. 43. Fyrirspurn [42. mál]

til menntamálaráðherra um lagasetningu um aukið lýðræði í æðri skólum.

Frá Tómasi Karlssyni.

a. Hyggst hæstv. menntamálaráðherra beita sér á þessu þingi fyrir lagasetningu um aukið lýðræði í æðri skólum landsins — m. a. með verulegri hlutdeild nemenda í stjórn skólanna?
b. Ef svo er, í hvaða skólastofnunum telur hæstv. ráðherra brýnast að gera slíkar breytingar?

Ed. 44. Fyrirspurn [43. mál]

til samgöngumálaráðherra um lagningu hraðbrauta með varanlegu slitlagi.

Frá Tómasi Karlssyni.

a. Hvað líður undirbúningi, áætlunum og teikningum hraðbrauta, sem fyrirhugað er að leggja varanlegu slitlagi í framtíðinni?
b. Hvað líður undirbúningi og könnun varðandi öflun erlends lánsfjár til þessara vegaframkvæmda?
c. Hvaða bráðabirgðaáætlanir liggja nú þegar fyrir um kostnað við þessar framkvæmdir?
d. Hafa áætlanir, er gerðar voru um tekjuauka vegasjóðs af nýjum tekjustofnum, er lögfestir voru á síðasta þingi, staðizt?

Ed. 45. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. nóv. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. — Sveinn Guðmundsson, fundaskr. — Pétur Benediktsson.
Björn Fr. Björnsson. — Karl Guðjónsson. — Auður Auðuns.
Tómas Karlsson.

Ed. 46. Frumvarp til laga [44. mál]

um nýsmíði fiskiskipa.

Flm.: Tómas Árnason, Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða innanlands fiskiskip með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félögum eða bæjarfélögum í hendur til útgerðar.

Heimild þessi nái til nýsmíði fiskiskipa, samtals allt að 10 þúsund rúmlestum, og verði smíðinni dreift á árin 1969—1972.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimil lántaka, en lánin greiðist, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, hefur þann megintilgang að efla skipasmíði landsmanna, svo og iðnaðinn almennt. Enn fremur að skapa verkefni fyrir þær skipasmíðastöðvar, sem geta smíðað stálfiskiskip.

Að undanförnu hefur átt sér stað nokkur uppbygging nýrra skipasmíðastöðva og endurbætur eldri stöðva, svo að unnt væri að smíða þar stálskip. Þessa starfsemi þarf að efla á alla lund.

Meginhluti þeirra fiskiskipa, sem bætzt hafa í skipastól landsins á síðustu árum, hefur verið byggður erlendis, enda þótt unnt hefði verið að smíða sambærileg skip innanlands. Innlendar stöðvar hafa því oft á tíðum verið verkefnalitlar. Úr þessu þarf að bæta með skipulegum aðgerðum, sem ríkisvaldið hafi forustu um.

Lán til skipa, sem smíðuð eru innanlands, nema allt að 75% af kostnaðar- eða matsverði. Við umræðu um þessi mál á Alþingi í fyrra var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ætlunin væri, að lánin yrðu hækkuð upp í 85% af kostnaðarverði, a. m. k. um sinn. Ríkisstjórnin mun í samræmi við þetta hafa heitið þeim, sem eiga fiskiskip í smíðum innanlands, viðbótarláni allt að 10%. Ekki er flm. kunnugt um með hverjum hætti.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um skipabyggingar hjá innlendum stöðvum. Samkvæmt gildandi reglum um nýsmíði má ekki hefja byggingu skips, nema samið sé um það fyrir fram við ákveðinn kaupanda og Fiskveiðasjóður Íslands hafi samþykkt smíðasamninginn.

Eins og nú er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar og óvissa um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, er þess tæpast að vænta, að margir treysti sér til að gera samninga um smíði nýrra fiskiskipa, nema til kæmi forusta af hálfu ríkisvaldsins. Hins vegar er árleg endurnýjunarþörf fiskiskipa allmikil. Auk þess kemur svo til eðlileg og nauðsynleg aukning fiskiskipastólsins, ekki sízt með hliðsjón af hráefnisskorti fiskvinnslustöðvanna víðs vegar um landið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýsmíði fiskiskipa samtals allt að 10 000 rúmlestum á 4 árum. Ráð er fyrir gert, að í framkvæmdinni yrði þetta þannig, að árið 1969 yrðu smíðuð fiskiskip allt að 2000 rúmlestum. Árið 1970 yrði rúmlestatalan allt að 2300, árið 1971 allt að 2700 og 1972 allt að 3000 rúmlestum. Gert er ráð fyrir mismunandi stærðum skipa, en þó verði lögð áherzla á smíði systurskipa (seríusmíði).

Með frumvarpinu er lagt til, að breytt verði um stefnu. Í stað þess að kaupa meginhluta fiskiskipanna frá erlendum skipasmíðastöðvum, verði skipin nú byggð innanlands í vaxandi mæli.

Með vaxandi þekkingu og tæknibúnaði er þess að vænta, að Íslendingar verði fullfærir um að taka í sínar hendur nauðsynlegar fiskiskipabyggingar, a. m. k. að verulegu leyti.

Íslenzk skipasmíði gæti orðið traustur hlekkur í eflingu íslenzkra atvinnuvega. Auk þess er hér um að ræða atvinnugrein, sem mundi treysta mjög atvinnulíf víðs vegar um landið og koma í veg fyrir samdrátt og atvinnuleysi á fjölmörgum stöðum.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

(Lögð fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að sækja um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (European Free Trade Association).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í desember 1967 skipaði ríkisstjórnin í samráði við þingflokkana nefnd til að athuga möguleikana á inngöngu Íslands í Fríverzlunarsamtök Evrópu. Í nefndina voru tilnefndir dr. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráðherra, formaður, Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, Helgi Bergs, framkvæmdastjóri, Pétur Benediktsson, bankastjóri og Lúðvík Jósepsson, alþingismaður. Varamaður Helga Bergs var Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður, og varamaður Lúðvíks Jósepssonar var Haukur Helgason, bankafulltrúi. Ritarar nefndarinnar voru Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson, deildarstjóri.

Á vegum nefndarinnar hefur verið samin skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu, en með henni fylgir stofnsamningur EFTA ásamt viðaukum og enn fremur aukaaðildarsamningur Finnlands. Hefur skýrslan verið send öllum þingmönnum og vísazt til hennar um frekari upplýsingar um málið.

Með hliðsjón af þessari skýrslu, umræðum EFTA-nefndarinnar og viðræðum hennar við fulltrúa hagsmunasamtaka, telur ríkisstjórnin tímabært að fá úr því skorið með hvaða kjörum Ísland geti gengið í EFTA. Er því áformað að leggja aðildarbeiðni Íslands fyrir ráðherrafund samtakanna í Vínarborg dagana 21. og 22. nóvember n. k. Er þess vænzt, að samningaviðræður geti síðan hafizt milli fulltrúa Íslands og Fríverzlunarsamtakanna. Niðurstöður þeirra viðræðna verða, þegar þar að kemur, lagðar fyrir Alþingi og verður þá úr því skorið, hvort Ísland gerist aðili að þessum samtökum.

Ed. 48. Frumvarp til laga [46. mál]

um Póst- og símamálastofnun Íslands.

Flm.: Tómas Karlsson, Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason, Björn Jónsson.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum stofnunarinnar. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

2. gr.

Yfirstjórn Póst- og símamálastofnunar Íslands er í höndum ráðherra þess, er fer með póst- og símamál, póst- og símamálaráðs og póst- og símamálastjóra.

3. gr.

Ráðherra veitir embætti póst- og símamálastjóra. Laun póst- og símamálastjóra eru ákveðin í samræmi við lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr.

Póst- og símamálaráð skipa 5 menn, sem kosnir eru hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann póst- og símamálaráðs til 4 ára, en annan varaformann. Aðalmenn eða varamenn þeirra í póst- og símamálaráði skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi ráðsins, hvenær sem er. Póst- og símamálaráð heldur reglulega fundi minnst tvisvar í mánuði, og skal póst- og símamálastjóri gefa ráðinu skýrslur um störf stofnunarinnar. Allar meiri háttar ákvarðanir skal póst- og símamálastjóri taka með sam-

þykki póst- og símamálaráðs. Rísi ágreiningur um mál milli ráðsins og póst- og símamálastjóra, skal ráðherra kveða upp úrskurð í málinu.

5. gr.

Hlutverk póst- og símamálaráðs skal enn fremur vera að gæta í hvívetna hagsmuna almennings gagnvart Póst- og símamálastofnuninni og vera tengiliður hans og Alþingis við stofnunina. Heimilt er fulltrúum í póst- og símamálaráði að taka þar til umræðu og afgreiðslu hvert það mál, er snertir samskipti stofnunarinnar við þá, er þjónustu hennar eiga að njóta.

6. gr.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf póst- og símamálaráðs.

7. gr.

Póst- og símamálastjóra til aðstoðar skal vera í Reykjavík sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri, bæjarsímastjóri, yfirverkfræðingur og loftskeytastöðvarstjórar. Starfsmenn þessa skipar ráðherra að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og umsögn og meðmælum póst- og símamálaráðs. Ákveður ráðherra starfssvið þeirra í samráði við póst- og símamálastjóra og póst- og símamálaráð. Ráðherra skipar enn fremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og póst- og símamálaráðs, aðalgjaldkera, fulltrúa og deildarstjóra. Aðra fasta starfsmenn og aðstoðarmenn við Póst- og símamálastofnun Íslands skipar póst- og símamálastjóri að fengnu samþykki póst- og símamálaráðs og tillögum hlutaðeigandi yfirmanns — eða umdæmisstjóra, þegar um stöður utan Reykjavíkur er að ræða. Laun fastra starfsmanna við Póst- og símamálastofnun Íslands skulu ákveðin í samræmi við lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

8. gr.

Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og umsögn póst- og símamálaráðs, tölu þeirra og takmörk og skipar umdæmisstjóra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og póst- og símamálaráðs. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafgreiðslumenn og símastjórar, eftir því sem við á, og skulu þeir undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.

9. gr.

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landsímastöð, skal sami maður gegna hvoru tveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar og samþykki póst- og símamálaráðs.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmdir og starfrækslu póst- og símamála, að fengnu samþykki eða tillögum póst- og símamálaráðs og póst- og símamálastjóra, og ákveður sektir við brotum gegn þeim.

11. gr.

Allir fastir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar Íslands skulu greiða lífeyrissjóðsgjald til lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

12. gr.

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8 9. jan. 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu til laga um Póst- og símamálastofnun Íslands er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 8 9. jan. 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Að dómi flutningsmanna eru ákvæði gildandi laga um yfirstjórn póst- og símamála mjög ófullnægjandi og úrelt miðað við þá hröðu þróun, sem orðið hefur undanfarna áratugi á þessu sviði, enda eru gildandi lög frá árinu 1935 og því orðin 33 ára gömul. Segja má, að það séu aðeins 3 fyrstu málsgreinar núgildandi laga, sem fjalla um æðstu yfirstjórn póst- og símamála á Íslandi, en önnur ákvæði um yfirstjórn þessara mála fjalli um þá sameiningu þessara málasviða, póst- og símamála, undir eina yfirstjórn póst- og símamálastjóra, sem löngu er orðin að veruleika. Þau lagaákvæði, sem nú gilda um yfirstjórn póst- og símamála, eru svo hljóðandi:

„1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenzka ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.“

6 fyrstu greinum þessa frumvarps er ætlað að koma í stað þessara ákvæða og samræma lagaákvæðin nútímaaðstæðum og þróun síðustu áratuga. Í þeim er kveðið nánar á um yfirstjórn póst- og símamála og lagt til, að lögfest verði nafn þessarar stofnunar: Póst- og símamálastofnun Íslands. Lagt er til, að lögfest verði, að heimili og varnarþing stofnunarinnar sé í Reykjavík og að ráðherra veiti embætti póst- og símamálastjóra. Þá eru ákvæði um þingkjörið póst- og símamálaráð, en í öðrum greinum frumvarpsins eru tekin upp ákvæði núgildandi laga og þau samræmd þeim ákvæðum frv., sem um yfirstjórn Póst- og símamálastofnunar Íslands fjalla.

Aðalnýmæli þessa frumvarps er stofnun póst- og símamálaráðs. Lagt er til, að ráðið skipi 5 menn, sem kosnir verði hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Skal ráðherra skipa einn hinna kjörnu aðalmanna formann póst- og símamálaráðs til 4 ára, en annan varaformann. Aðalmenn eða varamenn þeirra í póst- og símamálaráði skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri höfuðborginni, að þeir geti sótt fundi ráðsins hvenær sem er. Með ákvæðum þessum er ekki komið í veg fyrir, að menn búsettir fjarri höfuðborginni verði kjörgengir til póst- og símamálaráðs, heldur sett það skilyrði, að ef þannig sé ástatt um heimili aðalmanns, skuli varamaður viðkomandi fulltrúa vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni. Ætlazt er til, að póst- og símamálaráð haldi fundi tvisvar í mánuði og póst- og símamálastjóri leggi fyrir ráðið skýrslur um framkvæmdir og starfrækslu stofnunarinnar. Allar meiri háttar ákvarðanir um starfsemi eða framkvæmdir stofnunarinnar skal póst- og símamálastjóri bera undir ráðið, en rísi ágreiningur um mál milli ráðsins og póst- og símamálastjóra, skal ráðherra kveða upp úrskurð í málinu.

Þá vilja flutningsmenn vekja athygli á ákvæði 5. gr. frumvarpsins um hlutverk póst- og símamálaráðs, en þar er kveðið á um, að ráðið skuli vera tengiliður almennings og Alþingis við Póst- og símamálastofnun Íslands og verði fulltrúum í póst- og símamálaráði heimilt að taka til umræðu og afgreiðslu í ráðinu hvert það málefni, sem snertir að dómi fulltrúa samskipti stofnunarinnar við þá, er þjónustu hennar eiga að njóta.

Hér er um mikilvæg ákvæði að ræða, er miða að því að tryggja það, að fólkið, sem á þessa stofnun og nýtur þjónustu hennar, geti rekið réttar síns og fengið leiðréttingu mála sinna, ef það telur, að brotinn hafi verið á því réttur. Gæti það þá snúið sér beint til fulltrúa eða varafulltrúa í póst- og símamálaráði, ef það að eigin dómi teldi, að það hefði ekki fengið leiðréttingu mála sinna eða á því hafi verið brotinn réttur af embættismönnum Póst- og símamálastofnunarinnar.

Í löggjöf, sem sett hefur verið undanfarna áratugi um nýjar sjálfstæðar stofnanir á vegum ríkisins, hafa jafnan verið ákvæði um þingkjörnar stjórnir slíkra stofnana til eftirlits og ráðuneytis ráðherra og viðkomandi embættismanni eða forstjóra um starfsemi stofnunarinnar. Þetta á jafnt við um hinar stærri stofnanir sem hinar smæstu. Ekkert samræmi er í því, að ein allra stærsta stofnun ríkisins, stofnun póst- og símamála, skuli enn standa utan þessa ramma, þar sem engin kjörin stjórnarnefnd hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar eða ákvörðunum embættismannsins. Allir vita, að ráðherra, sem um málefni margra ráðuneyta og stofnana fjallar í þjóðfélagi, sem verður æ flóknara, hefur enga aðstöðu eða tíma til að fylgjast svo vel með starfsemi stofnunar eins og Pósts og síma sem skyldi.

Því er haldið fram með réttu, að með þróun þjóðfélagsins og fólksfjölgun verði æ meiri hætta á því, að valdið færist um of í hendur einstakra embættismanna, sem ekki þurfa að standa þjóðinni reikningsskap gerða sinna og njóta sérstakrar verndar af löggjafans hálfu. Valdið færist til þeirra frá fólkinu og hinum kjörnu fulltrúum þess, og möguleikar þess til íhlutunar og eftirlits með aðstoð trúnaðarmanna fari minnkandi og að sama skapi minnki möguleikar fólksins til að leita réttar síns, ef það verður fyrir misrétti af hálfu embættismanna. Þessi hætta er viðurkennd í menningarríkjum í nágrannalöndum, þar sem komið hefur verið upp embætti „ombuds-manna“ eða lögsögumanna til að tryggja það, að fólk geti leitað réttar síns í slíkum tilvikum.

Einn megintilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að draga úr þessari hættu með því, að kjörnir fulltrúar Alþingis hafi eftirlit með framkvæmdum og störfum stofnunar pósts og síma.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1969 á öndverðu þessu þingi, hefur það færzt í vöxt, að ríkisstofnanir hafi farið sínar eigin leiðir og tekið vafasamar ákvarðanir um rekstur sinn á undanförnum árum og áratugum. Alþingi og fjármálaráðuneytið hafi ekki haft aðstöðu til að koma í veg fyrir slíkt eða getað haldið uppi nægu eftirliti með starfsemi þessara stofnana í eigu ríkisins. Fleiri stofnanir munu vera á vegum ríkisins en Póstur og sími, sem ekki hafa kjörna stjórn til eftirlits, en því bera flutningsmenn hér niður, að starfsemi pósts og síma verður æ umfangsmeiri og hún snertir daglegt líf nær hverrar einustu fjölskyldu og fyrirtækis í landinu.

Nú mun svo komið, að Póstur og sími hefur bundið sig miklum skuldum, og munu nú gjaldfallnar skuldir nema 120 milljónum króna. Við þær alvarlegu aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, mun stofnunin hafa gert kröfu til 20% hækkunar á afnotagjöldum síma, þegar tvísýnt er um afkomu fjölmargra heimila, en sími sjálfsagt tæki á hverju heimili. Þar á ofan hefur stofnunin við þessar aðstæður tekið ákvörðun um að kaupa nú Sjálfstæðishúsið í Reykjavík fyrir rúmar 16 milljónir króna. Hér þarf aukið eftirlit Alþingis og fólksins til að koma, og skýlaus krafa ætti það að vera, að framkvæmda- og fjárfestingaráætlanir slíkra risafyrirtækja í eigu ríkisins yrðu lagðar fyrir þingið til staðfestingar.

Ed. 49. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum nr. 86 5. júní 1947, um þjóðleikhús.

Flm.: Tómas Karlsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Heimilt skal þjóðleikhússtjóra að ráða til eins árs í senn á kjör fastra leikara, í hæsta launaflokki, rithöfund til að rita íslenzk leikrit. Skal viðkomandi leikritahöfundur skila minnst einu íslenzku leikverki í lok starfsárs, en það er í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs að ákveða, hvort eða hvenær verkið verði sýnt. Verði verkið tekið til sýningar, skal leikritahöfundurinn fá þóknun fyrir í samræmi við það, sem höfundum íslenzkra verka er greitt fyrir leikrit þau, sem tekin eru til sýningar í þjóðleikhúsinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu til laga er lagt til, að þjóðleikhússtjóra verði heimilað að ráða til starfa í þjóðleikhúsinu leikritahöfund eftir eigin vali. Skal starfstími höfundarins ákveðast til eins árs í senn. Þjóðleikhússtjóri metur það svo hverju sinni ásamt þjóðleikhúsráði, hvort verk þau, sem höfundur ritar á starfsárinu, þykja heppileg til sýningar í þjóðleikhúsinu. Ætlazt er til, að höfundurinn haldi höfundarrétti sínum óskertum til þeirra verka, er hann semur á vegum þjóðleikhússins það ár, sem hann er á starfslaunum leikhússins.

Það má öllum vera ljóst, sem eitthvað fylgjast með leiklistarlífi í landinu, að mikill hluti þeirra leikrita, sem hér eru sýnd árlega, er fenginn erlendis frá og þýddur á íslenzka tungu. Út af fyrir sig má halda því fram, að þýðingin á þjóðtunguna né nægjanleg aðhæfing og okkur beri að varast að loka gluggunum fyrir þeim gusti, sem hverju sinni fer um heimsbyggðina.

Á hitt er að líta, að þjóð, sem á sér þjóðleikhús og stendur að öflugri leikstarfsemi, bæði hér í höfuðborginni og í kaupstöðum og sveitum, stendur höllum fæti og er í nokkurri hættu menningarlega, ef hún, jafnframt þessum mikla leiklistaráhuga, eflir ekki sínar eigin leikbókmenntir. En það er um þetta atriði eins og svo margt annað í listalífi okkar, að meiri alúð hefur verið lögð við að byggja yfir leiklistina og afla henni góðra túlkunarkrafta en hyggja að hinni bráðnauðsynlegu undirstöðu hennar — íslenzkum leikbókmenntum.

Framúrskarandi leikarar íslenzkir þurfa að eyða ákveðnum tíma af dýrmætri ævi sinni við að túlka fyrir áhorfendum hugsanagang persóna í leikbókmenntum annarra þjóða. Er þar ekki átt við hinar eðlilegu og sjálfsögðu sýningar á meistaraverkum, sem fyrir löngu eru viðurkennd sem heimsbókmenntir í þessari grein, heldur þau verk erlend, sem tekin eru hér til sýningar til að fylla verkefnaskrá leikhúsa og áhugamannahópa, vegna þess að ekki er stöðugt hægt að endursýna hinn takmarkaða fjölda íslenzkra leikrita, sem samanlagt mynda leikbókmenntir okkar í dag, sem eru því miður enn of fátæklegar. Oft er í þessum erlendu leikritum lítið að finna fyrir íslenzka áhorfendur. Þau eru mörg hver léttvæg og ætluð til stundargamans með þjóðum, sem eru alls ólíkar okkur. Leikhúsgestir verða að leggja að sér við að komast inn í og skilja annarlegan heim og viðhorf, og leikarar verða að túlka tilfinningar, sem oft eiga lítið erindi til íslenzkra leikhúsgesta, m. a. vegna þess, að mannleg vandamál og mannleg gleðiefni okkar eru öll önnur. Þetta þýðir tviskinnung og takmarkanir í listaþroska, sem hættulegt er leiklistarlífi okkar í heild, þegar horft er til framtíðar.

Íslendingum er nauðsynlegt að efla leikbókmenntir sínar. Um það vottar mikill og sívakandi leiklistaráhugi, bæði meðal almennings og þeirra mörgu, sem leggja sig fram um að ná vænlegum árangri í leiklist. Bezt er að vinna að þessari eflingu innan leikhúsanna sjálfra, svo að höfundarnir séu hverju sinni í sem nánustum tengslum við leikarana og leiksviðið, þar sem verk þeirra verða flutt. Eðlilegt er, að leikhúsin setji ákveðin skilyrði og ákveðnar takmarkanir, sem miði að því að tryggja sem beztan og skjótastan árangur. En með því að tengja höfundana við leikhúsin, eins og hér er gert ráð fyrir varðandi þjóðleikhúsið, er verið að hjálpa leikhúsunum út úr þeim vítahring, sem erlendu leikritin verða þeim, ef á að styðjast við þau til langframa í jafnríkum mæli og nú og allt bendir til að verði í framtíðinni, verði íslenzk leikritun ekki stórlega efld.

Hér vantar framboð af góðum íslenzkum leikhúsverkum. Og þeir, sem fylgjast með verkefnaskrám leikhúsa, sjá, að óhjákvæmilegt er að efla íslenzkar leikbókmenntir, svo að þær reynist nægar þeim ágæta umbúnaði, sem þegar er fyrir hendi og fyrirhugaður er — og einnig til að svara miklum og sívaxandi leiklistaráhuga almennings. Með því að tengja leikritahöfundana við leikhúsin og skapa þeim hin réttu starfskilyrði ætti þetta að takast.

Hér er aðeins farið fram á, að heimild verði í lögum til handa þjóðleikhússtjóra að styðja að þeirri þróun, sem hér var drepið á, til eflingar íslenzkum leikbókmenntum, með því að ráða leikritahöfund að leikhúsinu stuttan tíma í senn, og mætti þar með reyna á nokkra efnilega rithöfunda á fáum árum. Þyki þessi tilraun skila góðum ávöxtum og þyki að henni fengur íslenzkum leikbókmenntum, mætti rýmka þessi heimildarákvæði laganna þannig, að ráða mætti fleiri en einn leikritahöfund í senn til starfa við þjóðleikhúsið. Flutningsmaður telur fráleitt að draga í efa áhuga þjóðleikhússtjóra í þessu sambandi. Að eflingu íslenzkra leikbókmennta ber þjóðleikhúsinu að stuðla. Að öðrum kosti kiknar það undir nafni, því hvað er íslenzkt þjóðleikhús án íslenzkra leikbókmennta?

Nd. 50. Breytingartillaga [25. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Framan við 44. gr. laganna komi:

Ekki má setja fund né halda áfram fundi í þingdeild eða sameinuðu þingi, nema meira en helmingur þingmanna, er þar eiga sæti, sé í fundarsal.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju.

Flm.: Ásgeir Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja skipulegar, fræðilegar rannsóknir á því, hvernig jarðhiti verði bezt hagnýttur til garðyrkju í landinu. Verði í því efni einkum kannað, hvaða efni reynist bezt til flutnings á heitu vatni og til byggingar gróðurhúsa. Þá verði og rannsakað, hvort unnt sé að draga úr byggingarkostnaði gróðurhúsa, t. d. með samræmingu í byggingaraðferðum og stærð gróðurhúsa, smíði einstakra húshluta og tæknibúnaðar þeirra. Beinist rannsóknin einnig

að því að auka hagnýta þekkingu á sviði jarðvegsfræði, áburðarþarfar og gróðurvals, á sviði gróðurhúsaræktunar og garðyrkju almennt.

Greinargerð.

Jarðhitinn á Íslandi er enn sem komið er einkum notaður til upphitunar húsa og til ræktunar í gróðurhúsum. Því fólki, sem framfæri sitt hefur af slíkri garðyrkju, fer stöðugt fjölgandi, og flatarmál þess gróðurlendis, sem er undir gleri, fer einnig vaxandi. Hefur og neyzla gróðurhúsaafurða farið vaxandi hin síðari árin. Ljóst er þó, að það er einatt handahófskennt, hvernig gróðurhús eru byggð, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hvaða byggingarefni séu haldbezt og ódýrust til þessara nota. Þá brestur einnig á um, að framkvæmdar hafi verið ýtarlegar jarðvegs- og áburðarrannsóknir, sem þó gætu orðið undirstaða aukinnar hagkvæmni um rekstur gróðurhúsa og aukið uppskeru í þeim.

Þá ber og nauðsyn til þess að rannsaka, hvaða gerð leiðslna sé endingarbezt og ódýrust, svo og hvaða tæknibúnaður við vökvun og loftræstingu sé hagkvæmastur. Kunnugt er nú, að miklar framfarir hafa orðið í plastiðnaði, og væri því ástæða til þess að rannsaka, hvort ný efni á því sviði kynnu að geta leyst glerið af hólmi, sem enn er að mestu notað til þess að klæða gróðurhúsin.

Samþykkt og framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu gæti orðið til þess að greiða talsvert fyrir garðyrkjunni í landinu og auka framleiðslu grænmetis og ávaxta. Enn fremur gæti sú framkvæmd leitt til lækkaðs framleiðsluverðs þessara þýðingarmiklu landbúnaðarafurða.

Gert er ráð fyrir því, að starfandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna framkvæmi rannsóknir þær, sem fjallað er um í þessari þingsályktunartillögu.

Ed. 52. Frumvarp til laga [49. mál]

um viðauka við lög nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Flm.: Tómas Karlsson.

Um Þýðingarsjóð.

1. gr.

Menntamálaráð fer með stjórn Þýðingarsjóðs. Hlutverk þessa sjóðs er að veita íslenzkum rithöfundum styrki til að láta þýða verk sín á erlend tungumál með útgáfu á verkunum erlendis í huga. Menntamálaráð skal árlega, eftir að sjóður þessi hefur tekið til starfa, auglýsa eftir umsóknum um styrki úr Þýðingarsjóði. Menntamálaráð úthlutar styrkjum þessum, og skal úthlutun miða að því að koma athyglisverðum íslenzkum samtímabókmenntum á framfæri erlendis.

Menntamálaráð skal aðstoða rithöfunda við útvegun hæfra þýðenda.

Þýðingarsjóður menntamálaráðs tekur til starfa, þegar fé hefur verið veitt til hans á fjárlögum. Heimilt er menntamálaráði að nota að hluta starfsfé sjóðsins til að kynna íslenzk samtímaskáldverk erlendis.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Þýðingarsjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi til laga er lagt til, að stofnaður verði Þýðingarsjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn menntamálaráðs. Skal menntamálaráð úthluta styrkjum úr

þessum sjóði til rithöfunda, sem vilja láta þýða skáldverk sín á erlendar tungur með útgáfu þeirra erlendis í huga. Flutningsmaður telur heppilegast, að rithöfundarnir sjálfir hafi hér frumkvæði og sæki um styrki úr þessum sjóði og afli sér sjálfir sambanda erlendis eða hérlendis til útgáfu verka sinna á erlendum málum. Þannig yrðu það aðeins samtímaverk, er stuðningur þessi næði til. Þá er lagt til, að menntamálaráði verði heimilað að nota starfsfé sjóðsins að hluta til að kynna íslenzk samtímaskáldverk erlendis, og er þar haft í huga, að ríkisstjórnir ýmissa menningarþjóða vinna markvisst og skipulega að því að kynna samtímaverk rithöfunda sinna meðal annarra þjóða með útgáfu og dreifingu bæklinga og bóka, þar sem getið er höfunda og verka þeirra. Er það viðkomandi rithöfundum mikill styrkur.

Flutningsmaður er hógvær í kröfum sínum nú með tilliti til þess efnahagsástands, sem ríkir í landinu, og leggur því til, að það verði í hendi meiri hluta Alþingis, yrði þetta frumvarp að lögum, hvenær fært þætti að hefja starfsemi þessa Þýðingarsjóðs, því að lagt er til í frumvarpinu, að sjóðurinn taki þá fyrst til starfa, er fé hefur verið veitt til hans á fjárlögum ríkisins.

Íslendingar telja sig bókmenntaþjóð. Því er haldið fram, að hinar fornu bókmenntir okkar Íslendinga hafi átt meiri þátt í því en nokkuð annað, að við héldum við ríkri þjóðerniskennd um dimmar aldir og hófumst til sjálfstæðis undan erlendu valdi. Enginn vafi er á því, að þessar bókmenntir hafa aukið hróður okkar mjög og skapað virðingu fyrir íslenzkri menningu. En lítil þjóð getur ekki lifað eingöngu á fornri frægð, ef hún ætlar að viðhalda sérstæðri þjóðmenningu. Það er ekki heldur nóg, að við sköpum á Íslandi við tiltölulega mjög erfiðar aðstæður góðar samtímabókmenntir. Við verðum að kynna þær bókmenntir meðal annarra þjóða, ef við viljum halda reisn okkar í þjóðafjölskyldunni.

Ísland liggur nú um þjóðbraut þvera í sífellt nánari samskiptum þjóða heimsins. En hvað snertir bókmenntir okkar og kynningu þeirra erlendis erum við enn einangraðir. Þjóðir, sem tala og skrifa á lítt þekkta tungu, eins og Finnar, Ungverjar og Íslendingar, svo að einhverjar þjóðtungur séu teknar sem dæmi, eiga við stöðuga og erfiða einangrun að stríða í menningarlegu tilliti. Einkum kemur þetta hart niður á bókmenntum þessara þjóða. Þráfaldlega hefur það komið fyrir, að úrvalshöfundar hafa ekki orðið kunnir utan heimalands síns, vegna þess að ekki var hægt að koma þeim á framfæri á fjöllesnum tungum. Hið lítt þekkta og einangraða mál, sem þeir skrifuðu á, varð þeim fjötur um fót.

Hvert og eitt ríki hefur hagsmuna að gæta í þessu efni. Og óhætt er að segja, að eftir því sem þjóðin er fámennari, eru hagsmunirnir meiri. Viðhorf milli þjóða innbyrðis mótast alltaf mikið af verðmætum, sem felast í góðum listum og sterkum menningararfi. Þar hafa framúrskarandi einstaklingar meiri áhrif en tölur, sem sýna mannfjölda. Þetta á einnig við um Ísland. Sagnahefð telja allir okkur til gildis, og þá sterku menningarlegu arfleifð, sem frá henni er runnin. Nóbelsverðlaun í bókmenntum juku miklu við stærð okkar, og rithöfundar hafa bæði fyrr og síðar aukið mjög hróður landsins út á við. Sjálfsagt hefði sá hróður getað orðið enn meiri, hefði íslenzka verið lesin af milljónaþjóðum.

Mjög hefur reynzt erfitt að koma íslenzkum skáldverkum á framfæri erlendis vegna þess, hve fáir það eru í raun og veru, sem færir eru um að þýða úr íslenzku á önnur tungumál. Frá hinum Norðurlöndunum er sömu sögu að segja, þótt ólíkt sé greiðara um þýðingar úr þeim málum en íslenzku. Samt fer forvitni um íslenzkar bókmenntir vaxandi, einkum meðal frændþjóðanna, og fer þeim höfundum fjölgandi, sem fá bækur sínar gefnar út meðal þeirra. Hins vegar liggur í augum uppi, að hvergi er nóg að gert í þeim efnum, og ráða oft frekar tilviljanir en skipuleg sókn á þessum vettvangi.

Í nokkur ár hafa tvö skáldverk verið þýdd árlega á eitthvert Norðurlandamálanna vegna aðildar Íslendinga að bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Þessar þýðingar hafa þegar leitt það af sér, að ein fimm eða fleiri skáldverk íslenzk hafa

verið gefin út í Skandinavíu og Þýzkalandi með ágætum árangri og lofsamlegum dómum. En þar sem þátttaka íslenzkra rithöfunda er árlega miðuð við tvær bækur og þýðingin miðuð við einhver tvö af Norðurlandamálunum, hefur hringurinn ekki verið víkkaður nóg, þótt þessar þýðingar hafi engu að síður borið góðan árangur.

En fyrst svona hefur tekizt til, þrátt fyrir að þýðingarnar hafi einungis náð til takmarkaðs tungumálasvæðis, þá er ástæða til að ætla, að enn betur mundi ganga, ef sviðið væri fært út, leitað væri eftir þýðingum á fleiri tungumál.

Vegna þeirrar nauðsynjar að afla eftir mætti viðurkenningar á íslenzkri sérstöðu í menningarlegu tilliti sem öðru og færa mönnum heim sanninn um, að við séum fulltækir meðlimir í samfélagi þjóðanna, einnig og ekki sízt innan virtustu listgreina, er nauðsynlegt að hlutast til um enn auknar þýðingar íslenzkra skáldrita á erlend tungumál. Höfundar, sem hafa skrifað góðar bækur, eiga að geta fengið þær þýddar. Þeir eiga sjálfir að fá að ráða því, hvaða tungumál verður fyrir valinu, en þeir eiga að fá fullan stuðning við þýðinguna. Sjálfir geta þeir unnið að því að koma verkum sínum á framfæri, eftir að þýðing á því er fengin. Og að sjálfsögðu verður að hafa þann fjölda skáldverka, sem þýddur er hverju sinni, innan skynsamlegra takmarka hvað fjölda snertir.

Það orkar ekki tvímælis, að þýðingar sem þessar yrðu ekki slæm fjárfesting, þótt ríkinu yrði aldrei reiknaður af þeim beinn hagnaður í krónum, alveg eins og menningarleg staða okkar í þjóðasamfélaginu verður aldrei lögð til jafns við fjármuni.

Nd. 53. Frumvarp til laga [50. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Hálshrepps, en hreppurinn ásamt félagssamtökum í sveitinni hefur hug á að eignast umrædda landspildu úr Hálslandi til að reisa þar fundarhús og íþróttavöll sveitarbúum til afnota. Tekið skal fram, að hér er um óræktaða hrísmóa að ræða, sem prestssetursjörðin hefur ekkert gagn af, eins og búskaparháttum er þar nú hagað, enda hefur leigjandi jarðarinnar tjáð sig samþykkan því, að umrætt land verði látið af hendi við hreppinn, svo sem fram kemur af bréfi hreppsnefndar, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu leyfir sér hér með að óska eftir því, að háttvirt Alþingi veiti kirkjumálaráðuneytinu heimild með lögum til að selja Hálshreppi landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum, næst Fnjóská, sunnan nýs vegar, er gerður var 1967.

Forsendur fyrir þessari beiðni eru, að hreppsfélagið ásamt félagasamtökum í sveitinni hefur hug á því að eignast umrætt land til að reisa á því fundarhús og íþróttavöll sveitarbúum til afnota.

Núverandi leigjandi Háls, hr. Þór Jóhannesson, er samþykkur framanrituðu og er fús að láta af hendi umrætt land.

Þar sem nota á landið til að reisa á því framkvæmdir til almenningsþarfa og nauðsynlegt er af þeim ástæðum að fá full umráð landsins, vonum við, að háttvirt Alþingi samþykki umbeðin lög.

Virðingarfyllst,

Nesi, 3. nóv. 1968.

F.h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Valtýr Kristjánsson.

Nd. 54. Frumvarp til laga [51. mál]

um Þjóðskjalsafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn og lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er:

1. að annast innheimtu og varðveizlu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma;
2. að skrásetja öll afhent skjalasöfn, hvert um sig, og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra;
3. að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan, þar með ljósritum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum;
4. að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.

3. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns, en hefur jafnframt á hendi yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sbr. lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn.

Menntamálaráðherra skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

4. gr.

Laun þjóðskjalavarðar, skjalavarða og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

5. gr.

Í Þjóðskjalasafni skal vera viðgerðarstofa skjala og handrita. Skal hún jafnframt starfa fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfshætti Þjóðskjalasafns. Í þeirri reglugerð má ákveða viðurlög við brotum á starfsreglum þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 39 3. nóvember 1915, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Landsbókasafns, Handritastofnunar, Listasafns og Þjóðskjalasafns hverjum um sig að endurskoða löggjöf stofnana sinna í samstarfi við ráðuneytisstjórann í menntamálaráðuneytinu. Frumvörp um þrjár fyrstnefndu stofnanirnar hafa þegar verið lögð fyrir Alþingi. Frumvarp það til laga um Þjóðskjalasafn Íslands, sem nú er lagt fram, hafa þeir samið Stefán Pjetursson, þjóðskjalavörður, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Segja má, að Þjóðskjalasafn Íslands væri stofnað með auglýsingu landshöfðingja um Landsskjalasafn 3. apríl 1882, þótt það hlyti þá annað nafn og héldi því þar til lög um Þjóðskjalasafn Íslands frá 3. nóvember 1915 gengu í gildi 1. janúar 1916.

Landsskjalasafnið var þó fram til aldamóta lítið annað en nafnið. Skjalasöfn æðstu embættismanna innanlands: landshöfðingja, stiftsyfirvalda, amtmanna í suður- og vesturamti, biskups, landfógeta og hins opinbera endurskoðanda, fengu að vísu með auglýsingu landshöfðingja sameiginlegan samastað á dómkirkjuloftinu í Reykjavík — þar sem Landsbókasafn og Forngripasafn höfðu áður verið til húsa — og voru geymd þar hvert í sínu herbergi, og gömul skjöl úr skjalasöfnum embættismanna úti um land fengu þar einnig eitt sameiginlegt herbergi. En enginn skjalavörður var skipaður við safnið. Sérhver nefndra embættismanna, sem allir voru í Reykjavík, varð sjálfur að sjá um sitt skjalasafn á dómkirkjuloftinu; skjölin utan af landi voru hins vegar falin forsjá landshöfðingjaritara. Um opnun skjalasafnsins til almenningsnota gat að sjálfsögðu aldrei verið að ræða við slíka skipan og aðbúnað.

En á þessu varð mikil breyting um aldamótin. Árið 1899 veitti Alþingi fé til þess að launa fastan skjalavörð við safnið sem og til þess að koma því fyrir í öðrum og betri húsakynnum á efsta lofti alþingishússins, þar sem Forngripasafnið hafði áður verið til húsa um skeið, en flutt burt einmitt það ár. Við hinni nýju stöðu landsskjalavarðar tók fyrir lok þess árs, eða 8. desember 1899, dr. Jón Þorkelsson, og reyndist sem alkunnugt er munur að því mannsliði fyrir skjalasafnið. Tæpu ári eftir að hann tók við stjórn þess, eða haustið 1900, var það opnað almenningi í hinum nýju húskynnum á efstu hæð alþingishússins, þótt ekki væri nema eina klukkustund á dag þrisvar í viku hinn fyrsta áratug aldarinnar.

Þótt hin nýju húsakynni í alþingishúsinu væru mikil framför fyrir skjalasafnið, voru þau þó engin framtíðarlausn á húsnæðismálum þess. Hún fékkst ekki fyrr en safnahúsið var reist við Hverfisgötu á árunum 1906—1908. Það var beinlínis byggt handa Landsbókasafni og Landsskjalasafni, þótt Forngripasafnið og Náttúrugripasafnið fengju þar einnig inni til bráðabirgða. Var þetta glæsilega stórhýsi — á þeirra tíma mælikvarða — vígt og opnað almenningi 28. marz 1909, og hafði skjalasafnið þá verið flutt þangað úr alþingishúsinu. Fékk það nú margfalt húsrými, miðað við það, sem það hafði áður haft: 2500 metra hillulengd í skjalageymslum, lestrarsal með sextán sætum og skrifstofu handa skjalaverði. Nægði slíkt húsrými skjalasafninu um áratugi, án þess að yfir þyrfti að kvarta.

Þegar skjalasafnið var opnað almenningi í alþingishúsinu, eða nánar til tekið 10. ágúst 1900, setti landshöfðingi því allítarlega reglugerð, þar sem skjalasöfnum allra embættismanna og opinberra stofnana og sýslana var gert að skyldu að

afhenda Landsskjalasafninu öll skjöl sín og embættisbækur, sem eldri væru en 30 ára. En aðeins ellefu árum síðar ákvað Stjórnarráðið í nýrri reglugerð um skjalasafnið 27. maí 1911, að afhendingarskyldan skyldi taka til allra þeirra skjala og embættisbóka, sem eldri væru en 20 ára. Var það ákvæði og endurtekið óbreytt í reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands 13. janúar 1916, sem enn er í gildi.

Við svo stranga og víðtæka afhendingarskyldu á öllum opinberum skjölum, sem að vísu sjaldan mun hafa verið unnt að fylgja alveg eftir bókstafnum, óx skjalasafnið ört allt frá aldamótum; og til viðbótar þeim skjalasöfnum hinna æðstu embættismanna innanlands, sem áður voru komin í safnið, meðan það var geymt á dómkirkjuloftinu í Reykjavík — þar á meðal hin gömlu skjalsöfn biskupsstólanna í Skálholti og á Hólum, svo og stiftamtmanna og landfógeta — tóku nú einnig að berast skjöl og embættisbækur í stórum stíl úr skjalasöfnum embættismanna úti um land, einkum sýslumanna og sóknarpresta, sem margir hverjir höfðu undir höndum aldagamlar embættisbækur: dóma- eða kirkjubækur. Reynt var að gera þessar ómetanlegu heimildir þjóðarsögunnar nothæfar sem fyrst fyrir fræðimenn og aðra gesti safnsins með bráðabirgðaröðun og bráðabirgðaskrám, sem út voru gefnar þegar á fyrsta áratug aldarinnar, eða nánar til tekið á árunum 1903—1910. Urðu þær þrjár, allar eftir dr. Jón Þorkelsson, en nefndust einu nafni „Skrá um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík". Fjallaði sú fyrsta um skjalasöfn stiftamtmanna og amtmanna yfir landi öllu, önnur um skjalasöfn klerkdómsins, en sú þriðja og síðasta um skjalasöfn Öxarárþings og yfirréttarins við Öxará, landsyfirdóms, sýslumanna, sveitarstjórna, sáttanefnda og umboða, þ. e. klaustra. Voru skrár þessar skjalasafninu lengi ómissandi hjálpargögn og eru það sumpart enn, þótt þrýn þörf sé nú orðin á öðrum nýjum í stað þeirra.

Í Landsskjalasafnið vantaði fram til ársins 1904 — og þó nokkru lengur — öll skjöl um æðstu stjórn Íslands, bæði fyrr og síðar, því að hún var þá enn í Kaupmannahöfn. Þar voru og að sjálfsögðu skjöl hennar, enda afhendingarskyld til Ríkisskjalasafns Danmerkur. En þegar Ísland fékk heimastjórn árið 1904 og Stjórnarráðið var stofnað í Reykjavík, þótti eðlilegt, að því væri afhent skjalasafn hinnar íslenzku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn, sem síðan 1849 hafði farið með Íslandsmál, og var það sent hingað sama ár. Var það um skeið í vörzlu Stjórnarráðsins, meðan þess þurfti við þar, en síðan afhent Landsskjalasafni sumarið 1915 — sama ár og nafni þess var breytt í Þjóðskjalasafn Íslands — , samtals 235 embættisbækur og skjalabögglar.

En þótt skjalasendingin frá Danmörku árið 1904 kæmi hinu nýstofnaða Stjórnarráði í Reykjavík í góðar þarfir og yrði Þjóðskjalasafni síðar mikið heimildasafn um æðstu stjórn Íslands á síðari hluta 19. aldar, var hitt þó miklu meira og dýrmætara, sem þá varð eftir í Ríkisskjalasafni Danmerkur af eldri skjölum og skjalagögnum um íslenzk mál og spannaði allt að þremur öldum í sögu þjóðarinnar eða allt frá því á 16. öld fram til 1848. Þau skjöl og skjalagögn voru að vísu ekki í neinu sérstöku skjalasafni, hliðstæðu skjalasafni íslenzku stjórnardeildarinnar frá 1849 — 1904, heldur á víð og dreif: í leyndarskjalasafni konungs og skjalasöfnum hinna gömlu dönsku stjórnardeilda á einveldisöld, einkum kanselliis og rentukammers, sem að vísu voru öll geymd í Ríkisskjalasafni. Var ekkert auðhlaupið að því að skilja íslenzk skjalagögn þar frá dönskum, enda var engum tilmælum þar að lútandi hreyft að sinni.

Aftur á móti var árið 1907 vakið máls á því, að skilað yrði úr Árnasafni í Kaupmannahöfn þeim skjölum og handritum, sem vitað var, að Árni Magnússon hafði fengið að láni úr íslenzkum embættisskjalasöfnum og ætlað sér að skila, þótt ekkert yrði úr því. Skoraði neðri deild Alþingis það ár á stjórnarvöld landsins að beita sér fyrir þessu. Dr. Jón Þorkelsson taldi þá í „Skýrslu um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi", birtri í Reykjavík 1908, að Árnasafni bæri að skila hátt á sjöunda hundrað fornbréfum frá gömlu biskupsstólunum, kirkjum og klaustrum, og nokkr-

um skjalabókum, þar á meðal skinnbókum, og að sjálfsögðu var það Landsskjalasafnið, sem við þeim átti að taka. En viðræður við dönsk stjórnarvöld um þetta mál báru í það sinn ekki neinn árangur.

Eftir að Ísland hafði verið viðurkennt fullvalda ríki árið 1918, var aftur tekið að hreyfa þessu máli, og því þá með, að Íslandi yrðu afhent þau skjöl og skjalagögn úr Ríkisskjalasafni Danmerkur, sem þar fyndust um íslenzk mál. Var þetta rætt ítarlega á fundum hinnar dansk-íslenzku ráðgjafanefndar á árunum 1925—1927, með þátttöku Hannesar Þorsteinssonar, þáverandi þjóðskjalavarðar, og varð niðurstaðan af þeim sú, að samið var milli Íslands og Danmerkur 15. október 1927 um skjalaskipti eða gagnkvæma afhending úr söfnum á skjölum og bókum. Mátti sá samningur í reynd þó naumast skjalaskipti heita, því að fyrir aðeins 79 embættisbækur, sem Þjóðskjalasafn Íslands varð þá að skila aftur úr skjalasafni íslenzku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn — og raunar nýlega hafa verið míkrofilmaðar fyrir Þjóðskjalasafn þar úti, — fékk það úr Ríkisskjalasafni Dana 833 skjalabækur og skjalaböggla um íslenzk mál á einveldisöld, mestmegnis úr skjalasöfnum kanselliis og rentukammers, þar á meðal slíka dýrgripi sem frumritin af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bundin í bókfell, úr skjalasafni hæstaréttar málsskjöl í íslenzkum málum 1802—1921, úr Konungsbókhlöðu safn alþingisbóka, og úr Árnasafni hin umdeildu fornbréf, sem nú urðu sjö hundruð talsins, flest skinnbréf frá Hólum, svo að ásamt 300 skinnbréfum, sem fyrir voru í skjalasafninu frá Skálholti, á það nú um 1000 skinnbréf; úr Árnasafni fékk það einnig fjórar skinnbækur, — þar á meðal elztu varðveitta biskupsbréfabók hér á landi, frá 15. öld, — sem ásamt Reykholtsmáldaga frá 12. og 13. öld og Sigurðarregistri, máldagabók Hóladómkirkju frá 16. öld, sem skjalasafnið átti áður, eru meðal mestu dýrgripa þess.

Annar eins hvalreki hefur hvorki fyrr né síðar komið á fjörur Þjóðskjalasafns; enda er „danska sendingin frá 1928“ — eins og þessi afhending er oftast kölluð — ekki aðeins sú langstærsta, sem skjalasafninu hefur nokkru sinni borizt, heldur og heimildasafn um sögu þjóðarinnar á síðari öldum, sem seint verður fullnýtt.

Um skjalasafn, sem óx svo hröðum skrefum allt frá aldamótum, var það engin furða, þótt starfsemin innan veggja þess, þar á meðal svo þýðingarmiklir þættir hennar sem röðun, skrásetning og viðgerð innkominna skjala og skjalasafna, drægist nokkuð aftur úr, enda lágu til þess ýmsar sérstakar ástæður, sem ekki er allsstaðar við að stríða. Starfslið skjalasafnsins var frá upphafi, og er það raunar enn, allt of lítið, þótt ekki verði því neitað, að veruleg breyting hafi orðið á þessu til batnaðar í seinni tíð. Fram til ársins 1911 var skjalavörðurinn, sem skipaður var 1899, eini starfsmaður skjalasafnsins, og frá þeim tíma fram til ársins 1938, hafði hann ekki nema einn aðstoðarmann sér við hlið. Þá urðu skjalaverðirnir tveir, auk þjóðskjalavarðar. Síðan 1953 hafa þeir verið fjórir. Við fámennt starfslið bættist svo það, að skjalasafnið var frá upphafi ofurselt þeirri annarlegu kvöð, að annast daglegar útskriftir vottorða úr innkomnum kirkjubókum, sem þó ekki mun hafa verið skjalasafninu tilfinnanleg hin fyrstu ár eða áratugi, en tók upp meira og meira af starfskröftum þess, þegar árin liðu og skriffinnskan í landinu óx, þar til þeirri kvöð var létt af Þjóðskjalasafni 1962.

Þrátt fyrir þessar aðstæður tókst á fimmta tug aldarinnar að skapa vísi að nokkurri verkaskiptingu milli skrásetningar og afgreiðslu í skjalasafninu, sem fyrir löngu var orðin nauðsynleg vegna vaxandi afgreiðslustarfa á lestrarsal, sem allt frá 1916 var hafður opinn almenningi fimm klukkustundir hvern virkan dag, en er nú opinn átta klukkustundir. Árangur þeirrar verkaskiptingar birtist meðal annars í þremur nýjum „Skrám Þjóðskjalasafns“, sem út komu á árunum 1952—1956: „Skjalasafn landlæknis“ eftir dr. Björn Þórólfsson, „Prestþjónustubækur og sóknarmannatöl“ eftir sira Jón Guðnason og „Biskupsskjalasafn“ eftir dr. Björn Þórólfsson. Eru þær um margt frábrugðnar hinum fyrri skrám um skjöl og bækur

í Landsskjalasafni, enda byggðar á mjög ítarlegri könnun og röðun hvers skjalasafns. Síðan þær komu út hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf að nýjum skrám um skjalasöfn stiftamtmanna, amtmanna, stiftsyfirvalda og landshöfðingja; hefur þeim skjalasöfnum og jafnharðan verið komið fyrir í nýjum og miklu haldbetri umbúðum en áður, og er þess að vænta, að ekki líði mörg ár, þar til út koma prentaðar skrár um þau.

Margskonar nýbreytni hefur verið tekin upp við Þjóðskjalasafn hin síðustu ár. Á öndverðum sjötta áratug aldarinnar, 1952, komu Mormónar hingað, fyrir hönd ættfræðifélagsins „Genealogical Society“ í Utah, og fengu að taka míkrófilmur af öllum helztu ættfræðiheimildum skjalasafnsins, þar á meðal manntölum, kirkjubókum, dómabókum og skiptabókum, eins og þeim var þá heimilað í öllum meiriháttar skjalasöfnum annarsstaðar á Norðurlöndum og raunar miklu víðar. Fékk Þjóðskjalasafn sér að kostnaðarlausu eitt eintak af hverri spólu, sem þeir tóku hér, samtals hér um bil 1000 spólur, og þar með ágæta lestrarvél. Varð þetta stofn að mjög handhægu míkrofilmusafni Þjóðskjalasafns, sem síðan hefur vaxið töluvert árlega. Árið 1959 var byrjað að afrita gömul manntöl skjalasafnsins á vél til afnota fyrir gesti þess í stað frumrita, sem fyrir löngu voru farin að láta á sjá og lágu undir skemmdum af völdum ofnotkunar. Liggja slík afrit nú fyrir í tvítaki af manntölunum 1870, 1880, 1890, 1920 og 1930, en verið er að afrita manntalið 1860. Hefur þetta verk orðið vinsælt af gestum safnsins, enda forðað dýrmætum frumritum frá eyðileggingu. Árið 1964 var í svipuðum tilgangi byrjað að ljósrita gamlar kirkjubækur skjalasafnsins, sem hafa allt of lengi sætt ofnotkun. Hefur ljósritun þeirra verið haldið áfram síðan, til þess að hlífa frumritunum.

Skyld slíku björgunarstarfi innan veggja Þjóðskjalasafns, sem er svo þýðingarmikill þáttur skjalavörzlunnar, er starfsemi skjalaviðgerðarstofunnar, sem árin 1964—1965 var innréttuð á vegum skjalasafnsins, þótt hún hafi einnig með höndum handritaviðgerð fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun. Hefur slíkrar stofnunar óvíða verið meiri þörf en við Þjóðskjalasafn, svo illa sem tímans tönn og rakir torfkofar hafa leikið sum hin eldri skjalasöfn þess á umliðnum öldum. Starfsemi skjalaviðgerðarstofunnar, sem byggð er á nýjustu og þó síbreytilegri tækni í skjala- og handritaviðgerð hefur og þegar á fáum árum gert Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni lítt metanlegt gagn.

Stærsta og dýrasta nýjungin í Þjóðskjalasafni undanfarin ár eru þó hinir nýju stálskápar á rennibrautum, sem síðan 1964 hefur verið komið fyrir í skjalageymslurými safnsins á tveimur hæðum af þeim fimm, sem það hefur til forráða í vesturenda safnahússins. Er þetta ekki aðeins stórkostleg endurbót á vörzlu skjalanna, heldur og verulegur sparnaður vegna gernýtingar á geymslurými þess, sem fyrir hálfri öld, þegar skjalasafnið var nýflutt í safnahúsið, nam ekki nema 2500 hillumetrum, en er nú 4000. Hefur sú aukning komið í góðar þarfir, þótt hún hrökkvi skammt til þess að leysa þann húsnæðisvanda, sem Þjóðskjalasafn er nú aftur komið í, eins og raunar flest opinber skjalasöfn á Norðurlöndum, af völdum þess vaxandi skjalaflóðs, sem inn streymir frá embættum landsins. Sá vandi verður ekki leystur hér til frambúðar nema með nýju safnahúsi eða stórauknu húsrými í hinu gamla.“

Nd. 55. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um Landsbókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og heimsótt Landsbókasafnið og Þjóðskjalasafnið til að kynna sér starfsemi þeirra. Hún mælir með samþykkt frv. með einni brtt., sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Þá vill nefndin taka mjög undir þau ummæli menntamálaráðherra í framsögu fyrir frv., að rík nauðsyn sé að taka sem fyrst ákvörðun um framtíð Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Gera þarf sem fyrst áætlun um byggingu bókasafnshúss, er rúmi hin vísindalegu bókasöfn Íslendinga, og stefna að því, að hún verði reist í sambandi við 1100 ára afmæli Íslands byggðar.

Alþingi, 6. nóv. 1968.

Benedikt Gröndal, form.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Magnús Kjartansson.
Hannibal Valdimarsson.	Gunnar Gíslason.	Sigurvin Einarsson.
	Birgir Kjaran.	

Nd. 56. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

3. gr. orðist svo:

Landsbókasafn skal þaulsafna prentuðu efni íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentuðu efni, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

Sþ. 57. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundi í dag, og leggur meiri hluti hennar til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1968.

Sigurður Bjarnason, form.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Pétur Benediktsson, frsm.
	Birgir Kjaran.	

Sþ. 58. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Minni hluti utanríkismálanefndar telur ekki tímabært að sækja um aðild að Fríverzlunarbandalagi Evrópu og leggur því til, að þingsályktunartillögunni á þingskjali 47 verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Íslendingar eiga nú við stórfellda efnahagsörðugleika að stríða, og ástandið í þeim efnum er mjög alvarlegt. Óséð er enn, til hvaða ráðstafana verður gripið til lausnar þessum vanda, en telja má víst, að í því sambandi verði að grípa til ráðstafana, sem mjög illa samrýmast aðildarviðræðum við EFTA. Óvissan í þessum efnum er svo mikil, að minni hlutinn telur brýna nauðsyn bera til þess að sjá, hvernig sú mynd verður af íslenzkum þjóðarbúskap, sem við mun blasa á næstunni, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar varðandi samninga við EFTA.

Í gögnum þeim, sem fylgja máli þessu, kemur fram. að því fer alls fjarri, að nauðsynlegar athuganir hafi farið fram á stöðu íslenzks iðnaðar, ef Íslendingar yrðu aðilar að EFTA, þ. á m. hvaða áhrif afnám allra verndartolla hefði á íslenzkan iðnað og íslenzkt atvinnulíf. Þá hefur alls ekki verið mótuð sú stefna í iðnaðarmálum, sem yrði að vera grundvöllur þess, að íslenzkur iðnaður hefði nokkra möguleika til þess að njóta sín á frjálsum markaði EFTA-landanna. Þá hefur engin tilraun verið gerð til þess að gera grein fyrir því, hvernig leysa mætti þau tekjuöflunarvandamál ríkissjóðs, sem fylgja mundu aðild að EFTA. Yfir höfuð skortir allar grundvallarathuganir á því, hvaða áhrif aðild að EFTA mundi hafa á íslenzkan þjóðarbúskap, enda hefur EFTA-nefndin ekki lokið störfum.

Minni hlutinn telur, að ókleift sé að taka upp viðræður um tengsli Íslands við EFTA, án þess að áður hafi farið fram þær rannsóknir og sú stefnumótun, er að framan greinir, en þar er um að ræða grundvallaratriði í íslenzkum þjóðarbúskap.

Þá bendir minni hlutinn á, að frá hans sjónarmiði hefur ekki verið gengið frá því á fullnægjandi hátt, hvaða sérákvæðum Íslendingum væri nauðsyn að sækjast eftir vegna sérstöðu þjóðarinnar, en óhugsandi er, að Íslendingar geti fyrirvaralaust gengið undir EFTA-samninginn. Má í því sambandi nefna ákvæði, sem tryggði Íslendingum vald á því, hvort erlend fyrirtæki hefðu starfrækslu á Íslandi, sérákvæði um verndartolla með tilliti til sérstöðu íslenzkra fyrirtækja, vegna þess hve þjóðin er fámenn, ákvæði til tryggingar því, að tengslin opnuðu aukna markaði fyrir fiskafurðir, svo að nokkuð sé talið.

Talað er um aðildarumsókn nú sem upphaf að könnunarviðræðum til þess að komast eftir því, með hvaða kjörum mætti tengjast EFTA. Minni hlutinn telur, að engar könnunarumræður komi að gagni fyrir Íslendinga, nema þeir mæti til þeirra eftir að þeir hafa gert sér grein fyrir því, eftir hverju þeir ætla að sækjast í viðræðunum. Taki menn upp viðræður án þess að hafa gert sér grein fyrir þessu, er verr farið en heima setið.

Minni hlutinn telur, að EFTA-nefndin ætti að halda áfram störfum og undirbúa rækilega í samráði við ríkisstjórn og Alþingi þær viðræður, sem rétt kann að þykja að fari fram á sínum tíma um tengsli Íslands við EFTA, en þessari þingsályktunartillögu vill minni hl. vísa frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki er tímabært nú að taka ákvörðun um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, m. a. vegna óvissu í efnahagsmálum, ófullnægjandi athugunar á sumum undirstöðuatriðum málsins, svo sem stöðu iðnaðarins, og nýlegrar ákvörðunar Breta um 10% toll á freðfiskflökum frá EFTA-löndum, samþykkir Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. nóv. 1968.

Eysteinn Jónsson, frsm. Ólafur Jóhannesson. Gils Guðmundsson.

Nd. **59. Frumvarp til laga** [52. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls og annarra gjalda á innfluttum vörum, þ. á m. söluskatts, reikna fob.-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif.-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum.

Í fob.-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Ákvæði 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 frá 3. september 1968 um 20% innflutningsgjald falla niður við gildistöku laga þessara að því er varðar allar ótollafgreiddar vörur, sem greiddar eru á nýja genginu. Ber að miða við bankastimplun á vöruskjöl eftir 11. nóvember 1968 sem sönnun um, að gjaldið falli niður og að varan hljóti tollmeðferð skv. 1. málsgrein.

Nú hefur innflytjandi fyrir 11. nóvember 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni, þar með talið 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, við eldra gengið, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 17. nóvember 1968.

Nú eru innflutningsskjöl, sem ekki hljóta tollmeðferð, skv. 5. málsgrein, tollafgreidd eftir 11. nóvember 1968 með bankastimpli fyrir þann dag, og skal þá greiða af hlutaðeigandi vöru 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, er miðist við tollverð hennar á gamla genginu, en tollafgreiðsla að öðru leyti miðist við nýja gengið. Það er forsenda fyrir þessari tollafgreiðslu, að varan hafi verið greidd á gamla genginu. Verði hún greidd á nýja genginu, t. d. þar sem samþykktur hefur verið víxill fyrir henni, sem ógreiddur er, þegar lögin taka gildi, ber innflytjanda að sanna það fyrir tollstjóra með vottorði Gjaldeyrisdeildar bankanna í Reykjavík eða vottorði útibús gjaldeyrisbanka utan Reykjavíkur, og fellur þá 20% innflutningsgjaldið niður og varan tollafgreiðist á grundvelli 1. og 4. málsgreina.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla, þ. m. t. greiðsla 20% innflutningsgjalds, eigi sér stað fyrir 1. desember 1968.

2. gr.

Óheimilt er vegna gengisbreytingarinnar að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 11. nóvember 1968, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem leiðir af gengisbreytingunni, og sé þá miðað við þá álagningu, sem gilti fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 68/1968. Þessi lækkun hundraðshluta

álagningar gildir þó ekki um smásölu- og heildsöluálagningu á vöru, þar sem núgildandi heildsöluálagning er 6.5% eða lægri.

3. gr.

Nú á skipafélag kröfu, sem ákvörðuð er í erlendum gjaldeyri eða miðuð við erlendan gjaldeyri, á innlendan aðila vegna farmgjalda af innfluttum vörum, er ekki hafa verið afhentar móttakanda hennar fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá einungis heimilt að innheimta slíka kröfu á hinu nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan kostnað utanlands í erlendum gjaldeyri vegna flutningastarfsemi sinnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

4. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir 15. nóvember 1968, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 11. nóvember 1968. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.

5. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 11. nóvember 1968, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt niður ákvæði 5. gr. laga nr. 68/1968, um 20% gjald á útgjöld til ferðalaga erlendis.

Bráðabirgðaákvæði.

Við uppgjör á endurgreiðslum innflutningsgjalds, skv. heimild í bráðabirgðalögum nr. 68/1968, skal heimilt að endurgreiða eða fella niður innflutningsgjald af eftirtöldum vörum:

Gasolíu, brennsluolíu, flugvélaeldsneyti, flugvélahreyflum og hlutum til flugvéla, skv. nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, svo og salti og síldarkryddi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í dag, 11. nóvember 1968, hefur Seðlabanki Íslands gefið út tilkynningu um nýtt stofngengi íslenzkrar krónu. Af þessu leiðir, að nauðsynlegt er að setja sérstök lög, er kveði á um ýmis framkvæmdaratriði varðandi gengisbreytinguna. Hafa slík lög ætíð verið sett, þegar líkt hefur á staðið. Í lagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þó eingöngu að finna þau ákvæði, sem mest liggur á að lögfesta, svo að ekki sé um nein vafaatriði að ræða, þegar gjaldeyrisviðskipti hefjast væntanlega að nýju þriðjudaginn 12. nóvember á grundvelli hins nýja stofngengis. Síðar verður nauðsynlegt að setja frekari löggjöf um ýmis vandamál, er úr þarf að skera vegna gengisbreytingarinnar.

Yfirleitt má segja, að frumvarp þetta þurfi ekki mikilla skýringa við, þar sem það er að mestu leyti byggt á þeirri reynslu og ákvæðum, er áður hafa verið sett, þegar líkt hefur á staðið. Fara hér á eftir athugasemdir við einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er hið sama og 1. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Þó hefur reynzt nauðsynlegt að bæta inn í greinina ákvæðum, sem kveða á um ýmis atriði, sem leiða af 20% innflutningsgjaldi, skv. bráðabirgðalögum nr. 68/1968.

Gert er ráð fyrir, að um innheimtu innflutningsgjalds verði farið eftir venjulegum reglum um tollafgreiðslu, þannig að eldra gengi gildi sem grunnur innflutningsgjaldsins um skamman frest fyrir þá vöru, sem tekin hefur verið til tollmeðferðar (fullgild skjöl, innlögð til tollyfirvalds) fyrir 11. nóvember 1968.

Í 6. málsgrein er ákvæði um, að vörur, sem greiddar eru á gamla genginu, en berast til tollafgreiðslu eftir 11. nóvember 1968, skuli hljóta sérstaka tollmeðferð, þannig að af þeim reiknast 20% innflutningsgjald, miðað við tollverð á gamla genginu, en tolluppgjör að öðru leyti miðast við nýja gengið. Í þessu ákvæði felst, að 20% innflutningsgjaldið, skv. lögum nr. 68/1968, heldur áfram gildi eftir 30. nóvember 1968 um vöruskjöl, sem tollafgreiðast skv. þessari grein.

Hins vegar er ráð fyrir því gert, að allir þeir, sem greiða þurfa vöru á nýju gengi sleppi við greiðslu 20% gjalds, en af hinum sé gjaldið innheimt með sama hætti og verið hefur.

Loks er sú breyting gerð frá 1. gr. áðurnefndra laga nr. 69/1967, að frestur til uppgjörs á tolli fyrir vörur, sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu, er styttur úr tveimur mánuðum í u. þ. b. þrjár vikur. Þykir ekki ástæða til lengri frests í þessu efni.

Um 2. gr.

Í fyrstu málsgrein er um að ræða samhljóða ákvæði og áður hefur verið fylgt við gengisbreytingar, og er sett til að tryggja, að ekki verði um verðhækkunargróða að ræða á þeim birgðum erlendra vara, sem greiddar eru á eldra genginu.

Í 2. málsgr. er kveðið á um þær ákvarðanir, sem þegar í stað þarf að gera í verðlagsmálum eftir gengisbreytinguna, og er hér um hliðstætt ákvæði að ræða og sett var í 3. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1968 um 20% innflutningsgjaldið, en þó þykir óhjákvæmilegt að hafa sérákvæði um þær vörur, sem allra lægst álagning hefur verið á í heildsölu.

Um 3. gr.

Samhljóða ákvæði var í lögum nr. 69/1967 um gengisbreytinguna það ár.

Skipafélög hafa haft ákvæði í farmsamningum, sem miða farmgjöld við erlendan gjaldeyri. Munu þau ákvæði byggð á því, að verulegur hluti tilkostnaðar skipa-

félaga fellur til erlendis, enda standa félögin að jafnaði í miklum erlendum rekstrarskuldum, einkum við umboðsmenn.

Að því leyti, sem skipafélag á kröfu í erlendum gjaldeyri á innlendan aðila, eins og segir í upphafi greinarinnar, þá er því aðeins heimilt að innheimta umrætt farmgjald, miðað við hið nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan erlendan kostnað vegna flutningastarfseminnar, þegar gengisbreytingin tekur gildi, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða ákvæði, sem að efni til er það sama og var í lögum nr. 69/1967. Er nú miðað við 15. nóvember 1968.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir því, að sá gjaldeyrir, sem skilað er til banka fyrir afurðir, sem framleiddar eru fyrir nefndan dag, skuli greiddur á hinu gamla gengi.

Þá er talið sjálfsagt, að þeim mismun, sem þarna kemur fram, verði varið í þágu þeirra atvinnuvega, sem þær afurðir koma frá, sem ákvæði þessarar greinar taka til.

Nánari ráðstöfun á því fé, sem hér um ræðir, fellur hins vegar ekki innan ramma þessara laga og er því gert ráð fyrir, að um það verði sett sérstök lög.

Um 5. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 5. gr. laga nr. 4/1960, 1. gr. laga nr. 28/1962 og 5. gr. laga nr. 69/1967, og er hér farin sama braut og áður um meðferð gengismunar við gjaldeyrisbankana. Aðalefni greinarinnar er, að bankarnir hvorki hagnist né bíði skaða við gengisbreytinguna, og er gengismunurinn, hagnaður eða tap, færður á gengisbreytingarreikning þann, sem stofnaður var við Seðlabankann með lögum nr. 69/1967, 5. gr. Í greininni er nú ákvæði, sem í felst, að heildaruppgjör milli Seðlabanka og gjaldeyrisviðskiptabanka skuli jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila.

Í annarri málsgrein er um að ræða hliðstætt ákvæði og sett var í nefnd lög, og gengismunur, sem til fellur í þessu sambandi, færður á sambærilegan hátt og áður hefur verið. Ákvæði greinarinnar nær þó eigi til gjaldfallinna ábyrgða með erlendum greiðslufresti, þegar hlutaðeigandi vöruskjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Jafnhliða gildistökuákvæði er hér fellt úr gildi ákvæði 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1968, um útgjöld til ferðalaga erlendis.

Um bráðabirgðaákvæði.

Vegna gengisbreytingar þeirrar, sem nú hefur verið ákveðin, verður óþarft, að Alþingi taki að öðru leyti en gert er í lögum þessum afstöðu til frumvarps til laga um staðfestingu á bráðabirgðalögum nr. 68/1968, um innflutningsgjald o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í framkvæmd laganna komu fram fjölmörg vandamál og sum þess eðlis, að ekki þykir fært að gjaldið verði innheimt. Hér er um að ræða gasolíu og brennsluolíu til annarra en sjávarútvegsins, flugvélaeldsneyti, flugvélahreyfla, hluti til flugvéla skv. sérstökum ákvörðunum fjármálaráðuneytisins, svo og salt og síldarkrydd.

Þykir rétt að leita hér lagaheimildar til endurgreiðslu eða niðurfellingar gjaldsins af þessum vörum.

Ed. 60. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um frjálsa umferð Íslendinga að og frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Tómas Karlsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á utanríkisráðherra að hlutast til um, að sérstakur vegur, afgirtur, ef þess er talin þörf, verði lagður að flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli og tryggður frjáls aðgangur Íslendinga sem annarra að og frá flugstöðinni. Þannig verði gengið frá málum, að tryggt verði, að þeir menn, sem erindi eiga í flugstöðvarbygginguna, þurfi ekki að hlíta eftirliti og leyfi bandarískra herlögreglumanna við aðalflugstöð íslenzka ríkisins.

Greinargerð.

Keflavíkurflugvöllur er orðinn miðstöð millilandaflugs Íslendinga, og mun umferð fara mjög vaxandi um flugvöllinn á næstu árum. Sá hængur er á, að flugvöllurinn er á yfirráðasvæði varnarliðs Bandaríkjanna í Keflavík, en um það er hervörður. Við flugvallarhliðið, er allir þurfa að fara um, sem erindi eiga að eða frá flugstöðvarbyggingu íslenzka ríkisins, eru herlögreglumenn ásamt íslenzkum lögreglumönnum til eftirlits með allri umferð inn og út af vellinum. Þetta er hvimleiður trafali. Það gefur og erlendum ferðamönnum ekki góða fyrstu sýn af Íslandi og hugmyndir um stöðu þjóðarinnar, að þeir skuli þurfa að fara í gegnum eftirlit bandarískra hermanna á aðalflugstöð íslenzka ríkisins.

Hér er auðvelt úr að bæta. Það þyrfti ekki annað en girða núverandi veg eða leggja sérstakan veg afgirtan að flugstöðvarbyggingunni, þannig að ekkert eftirlit þyrfti að vera af neinu tagi með umferð að og frá flugstöðvarbyggingunni. Auðvitað væri svo eins og í öllum flugstöðvum eftirlit með því, að engir kæmust út úr flugstöðvarbyggingunni og út á sjálfan flugvöllinn aðrir en starfsmenn og farþegar með rétt skilríki.

Það er auðvelt og kostnaðarlítið að leysa þetta mál með þessum hætti, og það ætti að vera eðlilegt þjóðarstolt, sem hér knýði á. Það er vansæmandi að láta þessar eðlilegu og sjálfsögðu ráðstafanir dragast lengur úr hömlu, og þar sem Alþýðublaðið, málgagn hæstv. utanríkisráðherra, hefur ásamt öðrum blöðum krafizt í forustugrein fyrir ekki ýkjalöngu, að mál þetta verði leyst, má ætla, að utanríkisráðherra muni taka áskorun háttv. þingdeildar vel. Sennilegt má og telja, að hér muni ekki skorta áhuga hæstv. flugmálaráðherra, því eins og Alþýðublaðið sagði, þá „er ófært, að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli sé lokuð af her og lögregluverði.“

Ed. 61. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einar Ágústsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. nóv. 1968.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson, frsm.
Auður Auðuns.	Björn Fr. Björnsson.	Karl Guðjónsson.

Ed. 62. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þótt nefndinni sé ljóst, að almennt er varhugavert að fjölga þeim kröfum, sem eiga sjóveðrétt í skipum, telur hún, að í því tilfelli, sem um ræðir í bráðabirgðalögunum frá 31. ágúst s. l., sé um nauðsynjamál að ræða, og leggur hún því til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. nóvember 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Jón Árnason.
Sveinn Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.
Bjarni Guðbjörnsson.
Gils Guðmundsson.

Ed. 63. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Athygli nefndarinnar hefur beinzt að óánægju út af kostnaði við tilkynningarnar. Hefur hún það atriði til nánari athugunar og áskilur sér rétt til að flytja brtt. um það efni við 3. umræðu, ef tilefni virðist til.

Alþingi, 11. nóvember 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Jón Árnason.
Sveinn Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.
Bjarni Guðbjörnsson.
Gils Guðmundsson.

Sþ. 64. Fyrirspurnir. [54. mál]

I. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hvað líður dreifingu sjónvarps um Vestfirði og Norðurland vestra, hvenær mega íbúar í þessum landshlutum búast við eðlilegum sjónvarpssendingum?
2. Hvenær er talið mögulegt bæði tæknilega og fjárhagslega, að sjónvarpið nái til allra íbúa á umræddu svæði?

II. Til fjármálaráðherra um notkun á bifreiðum í eigu ríkisins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Hafa ákveðnar reglur verið settar um notkun á bifreiðum í eigu ríkisins, sem ákveðnir embættismenn hafa til einkaafnota? Ef svo er, hvernig hljóða þá þessar reglur?

III. Til samgöngumálaráðherra um akstursmæla í dísilbifreiðum.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Hvað líður undirbúningi að notkun á akstursmælum í dísilbifreiðum vegna þungaskatts?

Nd. 65. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og gat ekki orðið sammála um það. Leggur meiri hl. til, að það verði samþykkt óbreytt. — Sigurður Bjarnason tók sæti Matthíasar Á. Matthiesen í nefndinni.

Alþingi, 11. nóvember 1968.

Sigurður Bjarnason, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.

Gunnar Gíslason.

Nd. 66. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Stórfelld gengislækkun er skollin yfir, sú fjórða á valdatíma núverandi ríkisstjórnar. Stjórnin byrjaði feril sinn með því að framkvæma mikla gengislækkun og ákvað 38 kr. verð á Bandaríkjadollar í febr. 1960. Nú hefur verð á dollar verið ákveðið 88 krónur.

Þegar gengi íslenzkrar krónu var breytt fyrir ári, var því haldið fram af ríkisstjórninni, að hún mundi leysa vanda efnahagslífsins þá og hleypa nýju fjöri í útflutningsatvinnuvegina. Reynslan var þveröfug. Aðeins einum mánuði eftir að gengislækkunin var gerð varð ríkisstjórnin að ganga til samninga við samtök útvegsmanna um margvíslegar aukastyrkveitingar. Og síðar varð ríkisstjórnin enn að bæta við ýmiss konar styrktargreiðslum til frystihúsa, fiskiðnaðar og síldarútvegsins.

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem gerðar voru fyrir ári, voru ekki aðeins fólgnar í mikilli gengislækkun og ýmiss konar beinum styrkjagreiðslum til sjávarútvegsins, heldur fylgdu einnig með miklar beinar álögur í ýmsum myndum.

Afleiðingar af þeim efnahagsráðstöfunum urðu fljótlega þær, að verðlag fór ört hækkandi.

Ætlun ríkisstjórnarinnar var, að verðhækkanirnar gengju yfir, án þess að launafólk fengi hækkun á kaupi sínu til þess að mæta aukinni dýrtíð. Þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar mistókst í aðalatriðum, með því að verkalýðssamtökin knúðu á ný fram vísitöluuppbætur á laun með almennu og miklu verkfalli í marzmánuði s. l. vetur.

Þegar komið var fram á mitt ár, var öllum orðið ljóst, að efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar frá nóvembermánuði s. l. voru gjörsamlega runnar út í sandinn og vandi atvinnuveganna var sízt minni en áður.

Þegar höfð er í huga reynslan frá gengislækkunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar frá s. l. ári, verður að telja furðulegt, að hún skuli enn á ný grípa til sams konar ráða í efnahagsmálum.

Í hvert sinn sem stjórnin hefur lækkað krónuna, hefur hún lýst því yfir, að tilgangurinn væri sá að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll. Hvernig er þá ástandið í efnahags- og atvinnumálunum nú, eftir 10 ára valdatíma núverandi stjórnarflokka?

Í stórum dráttum er þetta þannig: Erlendar skuldir þjóðarinnar hafa margfaldazt og munu nú vera 8—9 milljarðar króna, miðað við fyrra gengi. Ríkissjóður rekinn með gífurlegum halla. Undirstöðuatvinnuvegirnir á heljarþröm. Atvinnuleysi þegar skollið á víða um land.

Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir allar gengisbreytingar og aðrar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hefur vandinn í efnahags- og atvinnumálunum stöðugt farið vaxandi. Og engar líkur benda til þess, að núverandi ríkisstjórn muni frekar nú en áður leysa þann vanda, sem við er að fást. Þess vegna lýsum við andstöðu okkar við hennar framferði og leggjum til, að frv. verði fellt.

Hér þarf grundvallarstefnubreytingu í málefnum þjóðarinnar og nýja ríkisstjórn til að framkvæma þá nýju stefnu.

Alþingi, 11. nóv. 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 67. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 5. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skal færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.

Nd. 68. Breytingartillaga [52. mál]

við brtt. á þskj. 67 [Ráðstafanir vegna nýs gengis].

Frá forsætisráðherra.

Framan við tillöguna bætist:
Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að.

Ed. 69. Frumvarp til laga [52. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 59 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 11. nóvember 1968, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.

Ed. 70. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Leggur undirritaður meiri hl. til, að frv. verði samþ. með áorðnum breytingum í Nd., en aðrir nefndarmenn skila séráliti.

Alþingi, 12. nóv. 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Pétur Benediktsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 71. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd deildarinnar hefur á sameiginlegum fundi með fjárhagsnefnd Nd. athugað þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir. Enn fremur var það svo tekið fyrir á fundi fjárhagsnefndar deildarinnar, en samkomulag um afgreiðslu málsins fékkst ekki.

Með lögum frá 29. marz 1961 var gengisskráningarvaldið tekið af Alþingi og fengið í hendur Seðlabanka Íslands, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur nú í fjórða sinn á 9 árum fellt gengi krónunnar. Nemur verðhækkun á erlendum gjaldeyri nú um 54.4%.

Afleiðingar af gengisfellingunni koma fram á flestum sviðum þjóðlífsins, og margvísleg lagasetning verður því óhjákvæmileg afleiðing hennar.

Í hvert skipti sem gengi krónunnar hefur verið breytt, hefur ríkisstjórnin lýst því yfir, að gengisfellingin mundi hleypa nýju fjöri í útflutningsatvinnuvegina og leysa þar með vanda efnahagslífsins. Þegar gengið var fellt á síðasta ári, skyldi endurreisa allt athafnalíf. En hver varð raunin? Erfiðleikar útflutningsatvinnuveganna hafa aldrei verið meiri en einmitt eftir síðustu gengisfellingu. Þegar höfð er í huga reynsla frá gengislækkunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum og þó alveg sérstaklega frá s. l. ári, verður að telja það mjög furðulegt, að enn á ný skuli gripið til sams konar ráða, án þess að nokkuð bendi til þess, að grundvallarstefnubreyting í efnahagsmálum muni eiga sér stað.

Augljóst er, að afleiðingar af gengislækkuninni verða þær, að kaupmáttur launa hlýtur að minnka, m. a. sérstaklega ef sú ætlun ríkisstjórnarinnar að ógilda ákvæði gildandi kjarasamninga um vísitölubætur á laun og breyting á reglunum um hlutaskiptakjör sjómanna, sjómönnum í óhag, nær fram að ganga. Það verður að teljast mjög ótrúlegt, að ríkisstjórnin komi fram þessum kjaraskerðingaráformum gagnvart launafólki og sjómönnum. Enn fremur er það augljóst, að afleiðingar af þeirri gengislækkun, sem nú hefur verið ákveðin, hljóta óhjákvæmilega að verða miklar verðhækkanir á vörum og þjónustu.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um enn eina gengislækkun eru óraunhæfar og eru ekki líklegar til að leysa vanda atvinnuveganna. Gengisfellingin nú að óbreyttri stefnu mun valda fleiri vandkvæðum og vekja upp fleiri vandamál en hún leysir. Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir allar gengisbreytingar ríkisstjórnarinnar hefur vandinn í efnahags- og atvinnumálunum stöðugt farið vaxandi.

Það, sem nú þarf að gera í efnahagsmálum, er fyrst og fremst að breyta í grundvallaratriðum þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í atvinnu- og efnahagsmálum undanfarið. Þjóðarbúið þolir ekki skipulagslausa fjárfestingu né þá gegndarlausu sóun á gjaldeyri, sem átt hefur sér stað undanfarið.

Við undirritaðir teljum, að stefnan í efnahagsmálum hafi í grundvallaratriðum verið röng og sé það enn. Reynsla undanfarinna ára sannar, að hún fær ekki staðizt. Minni hluti fjárhagsnefndar efri deildar leggur því til, að frumv. þetta verði fellt.

Alþingi, 12. nóv. 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Tómas Karlsson. Björn Jónsson.

Ed. **72. Lög** [52. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 69 (sbr. 59).

Sþ. **73. Þingsályktun** [45. mál]

um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

(Afgreidd frá Sþ. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. **74. Tillaga til þingsályktunar** [55. mál]

um skylduþjónustu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að rannsaka möguleika á framkvæmd skylduþjónustu ungmenna á aldrinum 14—18 ára í þágu þjóðarheildarinnar, 4—6 mánuði alls hjá hverju ungmenni, við margvísleg störf fyrir ríki, sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélagsskap. Skal stefnt að því, að nefndin skili frv. að lögum um þetta efni, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Þáltill. þessa flutti ég á síðasta Alþingi. Var þá mjög liðið á þingtíma og hlaut till. því ekki afgreiðslu. Er því till. endurflutt nú óbreytt. Till. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er oft á orði haft, að við Íslendingar erum blessunarlega lausir við herskyldu. En jafnframt hvarflar það í hugann, að íslenzkt þjóðfélag hefði sannarlega þörf fyrir nokkur störf frá hinum verðandi þjóðfélagsþegnum til hinna margvíslegu umbóta- og félagsmála, sem á samfélaginu hvíla. Hitt er ekki síðra, að slík skylda til þjónustu fyrir föðurlandið knýtir bönd, sem óhjákvæmilega þurfa að bindast milli þegns og þjóðfélags. Eins og nú er ástatt, er fátt, sem sérstaklega minnir á skyldur ungmennanna við föðurland sitt. En margvísleg eru þau réttindi, sem þjóðfélagið veitir, og hafa farið ört vaxandi að undanförnu. En fyrir réttindi þurfa og hljóta að koma skyldur. Ég held, að slík þjónusta í 4—6 mánuði, sem hér er bent á, sé heppilegt form fyrir þær skyldur.

Undanfarin velgengnisár frá 1960—1966 hefur atvinna verið mikil í landinu og hver vinnufær maður átt nægra kosta völ um störf. En nú um skeið hefur orðið breyting á þessu. Á s. l. sumri var nokkurt orð á því gert, að vandkvæðum hefði verið bundið að fá atvinnu fyrir unglinga á vissu aldursskeiði. Þær horfur eru ekki betri nú, og líklegt er, að þannig horfi við á komandi árum hjá ört fjölgandi þjóð á tækniöld. Af þeim ástæðum er málið mjög tímabært. Á hinn bóginn er þörf samfélagsins á fjölmörgum sviðum til framkvæmda og þjóðfélagsbóta, sem þegnarnir verða að mæta. Á þennan hátt mega þarfir þjóðfélags og ungmenna mætast á siðbætandi og menntandi hátt. Ég nefni hér skógrækt og landgræðslu af kjörnum viðfangsefnum, en annars eru þau fjölmörg og munu koma skýrar í ljós við nánari rannsókn á þessu máli. En rétt er að gera sér strax grein fyrir því, að stjórn og umsjón þessa máls, framkvæmd skylduþjónustunnar, er vandasöm og krefst mikillar íhygli

við undirbúning. Nauðsynlegt er, að gætt sé ýtrustu hagsýni um kostnað allan við stjórn og umsjón og að umsjónarmenn og verkstjórar leggi alúð í starfið, sem krefst skyldurækni og mannbótahugarfars, jafnframt því sem keppt sé að sem drýgstum árangri í þeim þjóðfélagsumbótum, sem starfað er að. Hér skal ekki reynt að lýsa hugsanlegum starfsháttum í ýmsum efnum. En lítilsháttar reynsla mun vera fyrir hendi um vinnuflokka við skóggræðslu, og nefni ég það dæmi vegna þess, að skógræktin er mér ofarlega í huga sem verkefni í slíkri vinnuskyldu. Ég sé í anda fríðan hóp ungmenna, bæði pilta og stúlkur, með vorhug, að planta og vökva rein við rein, sem hæfu starfið dag hvern við leiðsögn einbeitts verkstjóra, og að morgni, er gengið væri til starfs, væri sungið: *Ég vil elska mitt land.*

Hugmyndin um skylduþjónustu er ekki ný. Margir muna baráttu Hermanns frá Þingeyrum fyrir þegnskylduvinnunni. Þá varð hún aldrei nema hugsjón, sem rædd var af lífi og sál. En andstæðinga marga átti þessi hugmynd, og talið er, að vísa ein, eftir Pál J. Árdal, hafi gengið af þegnskylduvinnuhugmyndinni dauðri þá. En vísan er svona:

Ó hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti hann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt.

Þá var sú tíð, að margir mokuðu skít. Nú er öldin önnur, jafnvel svo, að til er það vafalaust, að sumum yrði líkams- og sálubót að því að moka skít. En óþarft er að vera með þessar hugrenningar. Okkar stóra land býður svo mörg viðfangsefni fyrir huga og hönd starfsfúsrar æsku. Raunverulega verður þetta einn liður í skyldunámi, án efa fjölmörgum til hvað drýgstra mennta, svo framarlega að vel takist um stjórn.

Ég hef ekki kynnt mér manntalsskýrslur til þess að sjá fjölda árganganna nú, eða hve fjölmennir þeir muni verða á næstu árum. Þótt gert sé ráð fyrir í tillögunni, að unglingarnir geti innt þjónustuskylduna af hendi einhvern tíma á 5 ára bili, — og er hér stungið upp á aldursskeiðinu 14—18 ára — og lægri aldur tel ég ekki koma til greina, — þá verður að ætla, að árgangarnir verði sem jafnastir. Hér er eitt þeirra rannsóknarefna, sem fyrir nefnd þeirri liggur, er tillagan leggur til að skipuð verði. Lengd þjónustutímans hjá hverjum æskumanni er einnig vafaatriði, og í till. eru nefndir 4—6 mánuðir, sem þó má vera að sé í mesta lagi. Ég tel þó, að þessi tími eigi að vera meginhluti sumarsins, og mætti gjarna fella eitthvað af skólatíma, þegar skylduþjónustunni er fullnægt, enda er hún, svo sem áður er að vikið, ekki síður mennta- og manndómsauki heldur en skólinn, ef vel er á haldið.

Ég legg áherzlu á, að undirbúningsrannsókn málsins verði sem ýtarlegust, bæði hvað snertir þau verkefni, sem kjörið er að leysa á þennan hátt, og að gera sér glögga grein fyrir kostnaði, sem framkvæmd skylduþjónustunnar fylgir, og þó sérstaklega hinu uppeldislega gildi og hvort ekki má jafnvel stytta skyldunámstímann, sem þessu nemur, og brúa þannig að nokkru bil kostnaðar, sem af þessu leiðir.

Nd. 75. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Kristján Thorlacius.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr liður, er verði F-liður, svo hljóðandi:
Draga skal 15% frá launatekjum gjaldanda, áður en skattur er á þær lagður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér á landi er það viðurkennt, að undandráttur frá sköttum á sér stað í svo ríkum mæli, að skattar og önnur opinber gjöld koma ekki réttlátlega niður á skattþegnunum. Við Íslendingar erum síður en svo einir um þetta, og í löndum, þar sem vitað er, að miklu betra eftirlit er með framtölum og innheimtu skatta en hér, er það viðurkennt af stjórnarvöldunum, að þeim hafi ekki tekizt að komast fyrir skattsvik.

Þannig mun þetta vera t. d. í Danmörku, og er í danskri skattalöggjöf ákvæði um, að frá launatekjum skuli draga 800 d. kr.

Telja verður eðlilegt að heimila launamönnum slíkan frádrátt hér til þess að jafna aðstöðu þeirra í skattlagningu við aðra gjaldendur. Er í frumvarpinu lagt til, að í lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði tekið ákvæði um að heimila 15% frádrátt frá launatekjum gjaldanda, áður en skattar eru á þær lagðir.

Frádráttur sá, er um ræðir í frumvarpinu, gildir einnig við álagningu útsvara, sbr. 1. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um störf unglinga á varðskipunum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa allt að 30 unglingum á aldrinum 15—17 ára tækifæri til þess að vinna um borð í skipum landhelgisgæzlunnar um þriggja mánaða skeið á hverju sumri. Skal tilgangurinn með þessari þjónustu vera sá að þjálfa unglingana í sjómennsku og kenna þeim jafnframt þau störf, sem unnin eru á vegum landhelgisgæzlu og slysavarna við strendur landsins. Þess skal gætt við val umsækjenda um þessi störf, að þeir séu úr hinum ýmsu landshlutum.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til, að nokkrum unglingum skuli árlega gefinn kostur á að vinna að sumarlagi um borð í skipum landhelgisgæzlunnar í því skyni að þjálfa þá í sjómennsku. Jafnframt eiga þeir að læra þau störf, sem unnin eru á vegum landhelgisgæzlu og slysavarna við strendur landsins. Um það ríkir ekki ágreiningur, að gagnlegt er, að slík kennsla og þjálfun fari fram. Í öllum landshlutum er þörf á, að sem flestir kunni til björgunarstarfa. Það er einnig hollt ungum mönnum að kunna nokkur skil á hinum þýðingarmiklu störfum, sem unnin eru á skipum hinnar íslenzku landhelgisgæzlu. Dvölin á sjónum og kynni af sjómennsku mundu einnig verða unglingunum heilsusamleg og herðandi. Eðlilegt væri, að þeim yrðu greidd nokkur laun fyrir störf sín, t. d. allt að hálfum launum, auk fæðis og einhverra vinnu- og hlífðarfata.

Það er skoðun flm., að hér sé um tilraun að ræða, sem vel sé þess verð, að hún sé gerð. Íslendingar eru fiskveiða- og siglingaþjóð. Stefna ber að því, að siglingar verði í framtíðinni atvinnugrein, sem dregur drýgri gjaldeyristekjur í þjóðarbúið en okkar litli farskipafloti gerir nú. Þess vegna er nauðsynlegt að örva áhuga ungra Íslendinga á siglingum og farmennsku. Dvölin um borð í varðskipunum gæti einnig haft holl uppeldisáhrif á unglingana. Kynnin af löggæzlustörfum varðskipsáhafnanna gætu glætt þegnlegan þroska og ábyrgðartilfinningu hinna ungu pilta.

Það er skoðun flm., að æskilegt sé, að þeir, sem til þessarra starfa ráðast, séu úr hinum ýmsu landshlutum.

Þess skal að lokum getið, að flm. hefur rætt þessa hugmynd við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, sem telur hana athyglisverða.

Ed. 77. Frumvarp til laga [58. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Tómas Árnason, Tómas Karlsson.

1. gr.

Veðdeild Búnaðabanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—67, svo og lausaskuldum vegna véla- og fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins.

Lánstími skal vera allt að 20 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½ á ári.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.

4. gr.

Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóv. 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Nú hefur efnahagur bænda enn versnað til stórra muna og það að því marki, að „Harðærisnefnd“ kannar nú skuldamál landbúnaðarins eftir ósk Stéttarsambands bænda.

Flutningsmönnum er það ljóst, að þörf er meiri aðgerða í skuldamálum landbúnaðarins en þetta frv. fjallar um. M. a. telja þeir óhjákvæmilegt, að skuldaskil verði gerð í ýmsum tilvikum. — Að öðru leyti vísast til fyrri greinargerðar, svo hljóðandi:

„Fyrir rúmum 5 árum voru sett lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Dýrtíðin hefur aukizt allmikið á þessu tímabili og valdið talsverðum erfiðleikum í landbúnaði eins og víðar.

Þá hafa breytingar þær, sem áttu sér stað á lánstíma og vaxtakjörum, orðið þungur baggi á landbúnaði, þar sem vextir af föstum lánum hækkuðu árið 1960 um 60—70%, og þar við bætist 1% búvörugjald á framleiðsluvörur bænda.

Árferði hin síðari ár hefur líka haft sitt að segja, þar sem grasbrestur hefur verið í heilum landshlutum, einstaka sveitum og nokkrum jörðum hér og þar á landinu. Það þarf því enginn að undrast, þótt tekjur bænda séu mjög lágar, þar sem bæði dýrtíð og harðæri hefur á þá herjað.

Eins og fram kom á stéttarsambandsfundi bænda s. l. sumar og skýrt er frá í 19. tölublaði Freys, hafa lausaskuldir bænda aukizt mjög í seinni tíð, en þar segir um skuldir bænda m. a.:

„Á framhaldsaðalfundinum í vetur var stjórn Stéttarsambandsins falið að afla upplýsinga um skuldir bænda. Stjórnin leitaði eftir samvinnu við Hagstofu Íslands um öflun þessara gagna, og leyfði hagstofustjóri notkun á landbúnaðarúrtaki Hagstofunnar til þess. Skuldir voru skrifaðar upp hjá bændum sem hér segir:

		Meðaltalsskuldir
Úr Suðurlandskjördæmi	117 bændum	339 þúsund
— Vesturlandskjördæmi	82 —	251 —
— Vestfjarðakjördæmi	39 —	178 —
— Norðurlandi vestra	99 —	255 —
— Norðurlandi eystra	72 —	243 —
— Austurlandi	58 —	247 —
	Alls 467 bændum	266 þúsund

Flokkun á skuldum með 100 þúsund króna bili:

Minna en 100 þúsund	116/467 eru	24.83%
frá 100— 200 —	103/467 —	22.05%
— 200— 300 —	93/467 —	19.70%
— 300— 400 —	62/467 —	13.27%
— 400— 500 —	28/467 —	5.99%
— 500— 600 —	23/467 —	4.92%
— 600— 700 —	14/467 —	2.99%
— 700 —800 —	8/467 —	1.71%
— 800— 900 —	9/467 —	1.92%
— 900—1000 —	5/467 —	1.07%
— 1000—1100 —	1/467 —	0.21%
— 1100—1200 —	4/467 —	0.86%
— 1200—1300 —	1/467 —	0.21%
— 1300—1400 —	1/467 —	0.21%
		99.94%

Skipting skuldanna í þúsundum:

		Stofn-lánad.	Veðd.	Ótilg. sk. Búnaðarb.	Aðrar sk.	Alls
Vesturl.	82	7 193	1 011	5 044	7 373	20 621
Vestf.	39	2 565	182	1 598	2 617	6 962
N. vestra	99	6 566	606	8 840	9 261	25 273
N. eystra	72	5 523	976	4 338	6 706	17 543
Austurl.	58	6 028	690	3 157	4 447	14 322
Suðurl.	117	15 610	1 268	8 109	14 709	39 696
		43 485	4 733	31 086	45 113	124 417
		34.95%	3.80%	24.98%	36.25%	

Ekki eru hér með talin ógreidd árgjöld við Búnaðarbanka Íslands, en það eru 10% árgjalda 1966."

Samkvæmt þessu úrtaki skulda 85% bænda undir 500 000 kr., 13% 500 000 og upp í 1 000 000 kr. og tæp 2% yfir 1 millj. kr.

Það, sem vekur mesta eftirtekt, er, að aðeins tæp 39% eru í lánum í stofnlánadeild og veðdeild. Rúmlega 60% af skuldum bænda eru lausaskuldir í verzlunum, bönkum og manna á milli. Það hefur líka sýnt sig, að frá því í árslok 1961 hafa skuldir vaxið allmikið. Í árslok 1961 eru lausaskuldir aðeins 35% af heildarskuldum bænda. Nú hefur þetta alveg snúizt við, þar sem lausaskuldir eru miklu meiri en nokkurn tíma áður, auk þess sem meðalskuld á bónda hefur þrefaldazt síðan 1960.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu á s. l. sumri, voru heildarskuldir bænda nálægt hálfum öðrum milljarð króna, þar fyrir utan eru skuldir fyrirtækja bænda. Margt er það, sem veldur lausaskuldaaukningunni hin síðari ár:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabyggina. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður, eða 6% til íbúðarhúsalána, en voru áður 3½, til allra annarra lána deildarinnar eru 6½ vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er allt of lágt, og þar með komið úr samhengi við annað verðlag í landinu og þarfir landbúnaðarins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfésem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur talsvert aukizt.

Vafalaust eru ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldum atriðum þess valdandi, að margir bændur eiga í fjárhagserfiðleikum.

Frv. þetta er í meginatriðum eins og lög frá 23. marz 1962, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Eftirtalin atriði eru þó í frv. þessu umfram það, sem var í lögum frá 1962:

1. að lögin nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda og taki yfir tímabilið 1960—1967;
2. að vextir verði ekki hærri en 6½%;
3. að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins;
4. að heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda;
5. að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.“

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um afurðalán.

Flm.: Hjalti Haraldsson, Björn Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að afurðalán verði veitt út á framleiðslu niðursoðinna og niðurlagðra sjávarafurða, flakaðs og heilfrysts kola og saltaðra grásleppuhrogna. Verði afurðalán þessi hlutfallslega jafnhá þeim afurðalánum, sem á hverjum tíma eru almennt veitt vegna framleiðslu frystihúsa og annarra framleiðslustöðva.

Greinargerð.

Sú venja hefur verið tekin upp í sambandi við flestar framleiðsluvörur okkar, að bankar viðkomandi framleiðsluatvinnuvega hafa lánað út á framleiðsluna, en Seðlabanki Íslands síðan keypt afurðavíxlana. Utan við þetta eru þó enn ýmsar framleiðsluvörur, sem eru mikilvægir þættir í atvinnu margra sjávarplássa víðs vegar um land, svo sem þær, sem taldar eru í tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er flutt. Flm. þykir fullkomin ástæða til þess, að framleiðendur þeirra njóti sömu fyrirgreiðslu frá hendi peningastofnana á landinu og framleiðendur annarrar hliðstæðrar framleiðslu, og til þess að taka þar af öll tvímæli er þessi tillaga flutt.

Nd. 79. Frumvarp til laga [60. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal olíuverzlun ríkisins. Hún er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ríkissjóður leggur henni til nauðsynlegt stofn- og rekstrarfé, og er heimilt að taka það að láni.

2. gr.

Hlutverk olíuverzlunarinnar er að annast öll innkaup og flutninga til landsins á brennsluolíum (gasolíu, dieselolíu, fuelolíu, ljósaolíu, benzíni og flugvélabenzíni), smurningsolíum og olíufeiti. Hún skal sjá um flutning olíuvaranna í birgðastöðvar í innflutningshöfnum. Enn fremur skal hún leitast við að fjölga innflutningshöfnum olíuvara frá því, sem nú er, í því skyni að auðvelda dreifingu þeirra.

3. gr.

Olíuverzlunin skal semja við eigendur olíubirgðastöðva um leigu þeirra til þess að tryggja nægilegar birgðageymslur. Náist ekki samkomulag um leigusamninga, er heimilt að taka birgðastöðvar leigunámi. Enn fremur er olíuverzluninni heimilt að byggja nýjar birgðastöðvar, ef nauðsyn krefur. Þá skal olíuverzlunin leita eftir samningum við starfandi olíufélög um kaup eða leigu á dreifingarkerfi þeirra og smásöluaðstöðu. Takist ekki samningar, sem tryggi olíuverzlun ríkisins sæmilega aðstöðu til smásöluverzlunar með olíur, skal heimilt að taka eignir olíufélaganna eignar- eða leigunámi.

4. gr.

Olíuverzlunin selur olíuvörur í heildsölu til olíusamlaga, opinberra aðila og annarra, sem kaupa mikið magn í einu til eigin nota.

Hún skal einnig annast smásölu með olíuvörur og leitast við að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt olíudreifingarkerfi um allt land.

Olíuverzlun ríkisins skal skylt að sjá um, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir olíuvara.

5. gr.

Olíuverzlunin skal selja olíuna á kostnaðarverði að viðbættri álagningu, sem svarar kostnaði við rekstur verzlunarinnar.

6. gr.

Stjórn olíuverzlunarinnar skipa 5 menn, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Einnig skulu á sama hátt kosnir jafnmargir varamenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur umsjón með rekstri verzlunarinnar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun reikninga olíuverzlunarinnar.

7. gr.

Olíusamlög eða aðrir aðilar, sem bundnir eru viðskiptasamningum við olíufélögin, þegar olíuverzlunin tekur til starfa, skulu lausir undan þeim samningum án skaðabóta.

8. gr.

Birgðir þær af olíuvörum, sem verða á birgðastöðvum þeim, er olíuverzlunin fær til umráða, samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún kaupa á kostnaðarverði. Náist ekki samkomulag við eigendur, er heimilt að taka vörurnar eignarnámi.

9. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, þ. á m. meðferð og sala þeirra birgða, sem fyrir verða á birgðastöðvum, sem olíuverzlunin tekur ekki á leigu, þegar hún tekur til starfa, skulu ákveðin í reglugerð.

10. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum eða öðrum ákvæðum, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 200 þúsund krónum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1969.

Greinargerð.

Samhljóða frv. flutti ég á síðasta þingi, en þá fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með frv. þessu er lagt til, að sett verði á stofn olíuverzlun ríkisins, sem síðan taki í sínar hendur allan innflutning á olíum til landsins og hafi með höndum alla

heildsölu á olíuvörum. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að olíuverzlun ríkisins taki að mestu leyti að sér alla smásölu og dreifingu á olíuvörum. Þó er til þess ætlazt, að þau olíusamlög, sem starfa samkv. lögum og hafa það að markmiði að selja meðlimum sínum olíur á sem lægstu verði, geti starfað áfram.

Eins og kunnugt er, eru það einkum þrjú stór olíufélög, sem nú annast olíusöluna í landinu. Þau hafa á undanförnum árum byggt upp þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land, kerfi, sem hlýtur að vera óhóflega dýrt í stofnkostnaði miðað við aðstæður og jafnframt hlýtur að vera mjög kostnaðarsamt í rekstri. Víða í þorpum landsins má sjá þrjá birgðageyma olíufélaganna og allmargar dreifingarstöðvar, þó að augljóslega hefði á þeim stöðum mátt komast af með einn birgðageymi og eina dreifingarstöð. Í Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins hefur fjárfesting olíufélaganna verið gífurleg, og ljóst má það vera hverjum manni, að fjölmargar benzínafgreiðslustöðvar félaganna eru þar byggðar í viðskiptalegu kapphlaupi án tillits til raunverulegra þarfa viðskiptamannanna.

Það hefur verið yfirlýst stefna okkar Alþýðubandalagsmanna, að olíuverzlunina ætti að skipuleggja með allt öðrum hætti en verið hefur. Við höfum því margsinnis áður flutt tillögur til breytinga á þessum málum og lagt fram frv. á Alþingi um ríkisverzlun með olíur.

Innflutningur á olíum til landsins er meiri en á nokkurri annarri vörutegund. Verðlag á olíuvörum skiptir því miklu máli í þjóðarbúskapnum og varðar alla einstaklinga að meira eða minna leyti.

Nú hefur háttað svo til í utanríkisviðskiptum landsins í allmörg ár, að ríkið hefur gert samninga við önnur ríki um innkaup á svo til allri olíu, sem landsmenn nota. Skipta þar mestu máli samningar við Sovétríkin. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur sá háttur verið hafður á, að ríkið hefur afhent þann samning, sem það hefur gert um innkaup á olíum og flutning til landsins, olíufélögunum þremur til framkvæmda. Á þann hátt hafa olíufélögin þrjú í rauninni fengið einkaaðstöðu til innkaupa á olíum, og síðan hafa þau annazt sjálf alla dreifingu olíuvaranna. Þessi þrjú stóru olíufélög hafa með sér mjög náið samstarf um olíusöluna, að minnsta kosti um verðlagninguna og allt sölufyrirkomulag. Samkeppni þeirra á milli er því ekki á neinum venjulegum grundvelli.

Nokkur olíusamlög eru enn starfandi í landinu. Þau geta hvergi fengið olíuvörur á eðlilegu heildsöluverði, en neyðast til þess að semja við olíufélögin í öllum aðalatriðum á þeim grundvelli, sem félögin ákveða. Þannig verða olíusamlögin að selja olíuna á sama verði og olíufélögin gera og með sömu söluskilmálum og þau. Hér er því greinilega um einokunaraðstöðu olíufélaganna að ræða.

Með frv. þessu er lagt til, að olíuverzlun ríkisins annist ein öll innkaup á olíum til landsins og hafi ein með höndum alla heildsölu á olíum. Frá olíuverzlun ríkisins gætu þá olíusamlög fengið olíur á eðlilegu heildsöluverði. Enginn vafi er á því, að með slíkri skipan mundu olíusamlögin strax lækka verðið til neytenda frá því, sem nú er, og til mikilla muna í sumum greinum.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að opinberir aðilar, eins og bæjar- og sveitarfélög og ýmsir þeir, sem kaupa þurfa mikið magn af olíu til eigin nota, geti fengið olíur keyptar af olíuverzlun ríkisins á heildsöluverði. Hér er um sanngirnismál að ræða og eðlileg viðskipti í stað þeirra þvingunarviðskipta, sem nú gilda.

Í frv. er svo jafnframt gert ráð fyrir, að olíuverzlun ríkisins skipuleggi smásöluverzlun með allar olíuvörur um allt land með það fyrir augum, að dreifingarkostnaður verði sem minnstur og verðlagið geti verið sem allra lægst. Á þann hátt yrði tekið fyrir þá stjórnlausu eyðslu, sem nú á sér stað í þreföldu dreifingarkerfi, og komið í veg fyrir óþarfan tilkostnað við sölu á þessum nauðsynlegu vörum.

Um þessar mundir er mikið um það rætt, að gæta þurfi meiri hagsýni en gert hefur verið í uppbyggingu fiskiðnaðarins í landinu og í framkvæmdum landbúnaðarins. Þegar svo er komið, að framleiðslukostnaður frystihúsanna í landinu er orð-

inn of mikill vegna síaukinnar dýrtíðar, þá þykir sjálfsagt að taka til endurskipulagningar uppbyggingu frystihúsanna og rekstraraðstöðu þeirra. En skyldi þá ekki vera kominn tími til að taka til athugunar olíusölukerfið í landinu? Eða er kannske meining þeirra, sem nú tala mest um meiri hagræðingu í fiskiðnaði og í landbúnaði, að ganga með öllu fram hjá því, að auka þurfi hagræðingu í verzlun og viðskiptum? Getur það verið ætlunin að halda áfram í þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land? Áframhaldandi útþensla slíks kerfis kostar þjóðina tugi milljóna króna á ári í algera eyðslu.

Þegar við Alþýðubandalagsmenn höfum á undanförnum árum barizt fyrir ríkisverzlun á olíum, hefur mótstaðan gegn tillögum okkar einkum komið frá forustumönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Tengsl forustumanna þessara flokka við olíufélögin þrjú hafa verið öllum ljós. Alþýðuflokkurinn hefur hins vegar látið sig þessi mál litlu skipta, þar til nú nýlega, að formaður flokksins lýsti yfir fylgi Alþýðuflokksins við ríkisverzlun á olíum.

Við Alþýðubandalagsmenn viljum enn láta reyna á afstöðu flokkanna til þessa stórmáls. Verður þá að koma í ljós, hvort flokkarnir meta meir hagsmuni almennings í landinu og hagsmuni atvinnuveganna eða gróðahagsmuni olíufélaganna þriggja.“

Nd. 80. Frumvarp til laga [61. mál]

um smíði fiskiskipa innanlands.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hlutast til um, að smíðuð verði 50 fiskiskip í innlendum skipasmíðastöðvum á árunum 1969—1972.

2. gr.

Gerð og útbúnaður skipanna skal ákveðinn af 5 manna nefnd, sem ráðuneytið skipar, og skal hún jafnframt hafa á hendi allan undirbúning að byggingarframkvæmdum samkv. þessum lögum. Skipaskoðunarstjóri skal vera formaður nefndarinnar, en tveir nefndarmenn skipaðir samkv. tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands.

3. gr.

Skip, sem smíðuð eru samkv. lögum þessum, skulu eigi vera af fleiri gerðum en þremur, svo að unnt sé að koma við hagkvæmum vinnubrögðum við smíðina.

4. gr.

Tollar af öllu efni og tækjum til skipanna skulu niður falla eða endurgreiðast, og einnig er fjármálaráðherra heimilt að fella niður tolla af nauðsynlegum vinnuvélum vegna þessarar smíði.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal semja við Fiskveiðasjóð Íslands um lánveitingar út á skip þau, sem smíðuð verða samkv. þessum lögum, en heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 200 millj. króna lán vegna þessara framkvæmda, eða veita ríkisábyrgð vegna lána, sem tekin kunna að verða.

6. gr.

Skip, sem smíðuð eru samkv. þessum lögum, skulu seld útgerðarmönnum eða útgerðarfélögum, samvinnufélögum eða bæjarfélögum, og skulu lán, sem skipunum fylgja, vera 85% af kostnaðarverði.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmdir samkv. þessum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. fluttum við þingmenn Alþýðubandalagsins á síðasta þingi, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Nýlega beindu samtök járniðnaðarmanna þeim tilmælum til Alþingis, að lögfest yrði áætlun um byggingu 50 fiskiskipa í innlendum skipasmíðastöðvum á næstu 4 árum.

Með frumv. þessu viljum við Alþýðubandalagsmenn taka undir þessi tilmæli, þar sem við teljum, að hér sé hreyft miklu nauðsynjamáli.

Eins og kunnugt er, hafa skipasmíðar innanlands átt erfitt uppdráttar undanfarin ár og flestar skipasmíðastöðvar haft lítil verkefni. Samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar hefur verið erfið, bæði vegna mikillar dýrtíðar hérlendis og eins vegna þess, að hér hefur ekki verið hægt að fá nauðsynlegt fjármagn, svo að hægt væri að standa að framkvæmdunum á svipuðum grundvelli og víðast erlendis.

Það er skoðun flutningsmanna, að stefna eigi að því að smíða svo til öll fiskiskip landsmanna í innlendum skipasmíðastöðvum. Fiskiskip okkar þarf að byggja miðað við íslenzkar aðstæður og eftir þeim sérstöku kröfum, sem hér eru á hverjum tíma. Allar slíkar aðstæður er bezt að heimamenn sjálfir meti og reyni að uppfylla, eftir því sem hægt er. Rétt er því að vinna að því eftir föngum að koma upp hér á landi góðum og vel útbúnum skipasmíðastöðvum, sem sérstaklega leggi fyrir sig fiskiskipasmíðar.

Nokkrum skipasmíðastöðvum hefur þegar verið komið upp á ýmsum stöðum hér á landi. Þær eru að vísu misjafnlega búnar að tækjum og mannafla, en reynslan hefur þó sannað, að þær geta smíðað góð og traust fiskiskip, sem eru fyllilega jafngóð og þau, sem keypt eru erlendis frá. Síðustu árin hafa innlendu stöðvarnar haft lítil verkefni þrátt fyrir miklar skipasmíðar á vegum landsmanna. Að nokkru leyti hefur þetta stafað af því, að fiskibátasmíðin hefur verið að breytast úr eikarbátum í stálbáta, en stálskipasmíðin var hins vegar ekki eins langt komin hér á landi og smíði trébáta. Þó hefur hitt efalaust ráðið meiru um verkefnaskort innlendu skipasmíðinnar, að skipasmíðastöðvarnar hér hafa ekki getað fengið það fjármagn, sem til hefur þurft, og sérstaklega ekki til þess að geta veitt þau lánskjör, sem erlendar skipasmíðastöðvar hafa veitt.

Það er álit flutningsmanna þessa frumvarps, að hægt sé að leysa fjárhagsvandamál skipasmíðanna á þann hátt, að ríkið hafi forgöngu um smíði nokkurs fjölda fiskiskipa, sem síðan verði seld væntanlegum útgerðaraðilum.

Ríkissjóður getur tekið erlent lán og reyndar einnig innlent lán til framkvæmdanna og tengt þau lán síðan við stofnlán Fiskveiðasjóðs á svipaðan hátt og nú á sér stað um erlendu lánin, sem skipunum fylgja frá erlendu skipasmíðastöðvunum. Standi ríkið þannig fyrir smíði nokkurra fiskiskipa af þeirri gerð, sem vitað er að hentar íslenzkum aðstæðum, ætti að vera hægt að koma við hagkvæmum vinnubrögðum, og íslenzku stöðvarnar fengju þá föst og örugg verkefni til langs tíma. Takist vel til um framkvæmdir, ætti að mega búast við hagvæmara verði á fiskiskipunum með slíkum vinnubrögðum en nú á sér stað.

Skipasmíðaiðnaðurinn er íslenzkum sjávarútvegi nauðsynlegur. Viðhald fiskiskipaflotans verður að fara fram í landinu, og þá á einnig að vera hægt að gera

hér á landi meiri háttar breytingar á skipum, og hér á að fara fram hið reglulega eftirlit, sem alltaf kallar á mikla skipasmíðavinnu. Samhliða þessum störfum þarf að vera góð aðstaða til nýbyggingar á fiskiskipum.

Verkefnaleysi í járniðnaði eins og það, sem nú hefur verið um skeið, má ekki endurtaka sig. Augljóst er, að í veg fyrir það má koma með hagnýtingu skipasmíðastöðvanna og smíði þeirra fiskibáta innanlands, sem landsmenn þurfa að kaupa."

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórnina.

Ed. 82. Frumvarp til laga [63. mál]

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

2. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar sjö menn í stjórn Verðjöfnunarsjóðs, til fjögurra ára í senn. Skulu þrír þeirra skipaðir án tilnefningar, en tveir eftir tilnefningu aðila fiskiðnaðarins og tveir eftir tilnefningu þeirra aðila, er selja afla til fiskiðnaðarins. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnarinnar. Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs.

3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í almenna deild og í deildir eftir tegundum afurða, og hafa deildirnar aðskilinn fjárhag. Hlutverk hinnar almennu deildar er að veita lán til hinna deilda sjóðsins, ef þörf krefur. Við gildistöku laga þessara skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, svo og deild fyrir afurðir síldarverksmiðjuiðnaðar, en heimilt er síðar að fjölga deildum.

4. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera:

a. Afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Renni fé þetta til deildar frystra fiskafurða.
b. Fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeildirnar tvær, sbr. 3. gr., fái hvor um sig upphæð í hlutfalli við gengishagnað tilfallinn af afurðum þeirra, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar við stofnun nýrra deilda í sjóðnum.

5. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera:

a. Hluti af útflutningsgjaldi af afurðum fiskiðnaðarins, eins og ákveðið verður með sérstökum lögum. Renna þessar tekjur óskiptar til hinnar almennu deildar sjóðsins.
b. Allt að helmingi af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Greiðsla hluta verðhækkunar skv. þessum lið skal áætluð fyrirfram fyrir ekki lengri tíma en hálft ár í senn. Innheimta fer fram við gjaldeyrisskil, og skal lokauppgjör fara fram eftir hvert framleiðsluár.

6. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lög þessi ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 7. og 8. gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi undanfarinna þriggja ára, þó þannig að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkvæmt 5. gr. b. og hlutföll verðbóta samkvæmt 6. gr. Ákveða má, að þessi hluföll séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs.

9. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði laga þessara, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð, að fenginni tillögu sjóðsstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hvernig haga skuli tilnefningu hinna fjögurra stjórnarmanna skv. 2. gr. Enn fremur ákveður ráðherra með reglugerðarákvæði um stofnun nýrra deilda sjóðsins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1968 skal vera í gildi verðtrygging fyrir frystar fiskafurðir, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og fyrir frysta rækju. Skal miða verðtrygginguna við verðlag við áramót 1967/68. Skiptist verðtryggingin í tvö tímabil, miðað við framleiðslu frá 1. janúar til 31. júlí annars vegar, en frá 1. ágúst til 15. nóvember

hins vegar. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu um sig hærra en það var um áramótin 1967/68, greiði framleiðendur helming þeirrar hækkunar í Verðjöfnunarsjóð. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu fyrir sig lægra en það var um áramótin 1967/68, skal helmingur þeirrar lækkunar greiddur úr Verðjöfnunarsjóði fyrir framleiðslu fyrra tímabilsins, en þrír fjórðu hlutar fyrir framleiðslu síðara tímabilsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tveir veigamiklir þættir í rekstri sjávarútvegsins, sem hafa afgerandi áhrif á afkomu hans, eru háðir utanaðkomandi atriðum, sem lítt er unnt að hafa áhrif á. Annars vegar eru það aflabrögð, en hins vegar verðlag á erlendum mörkuðum.

Sveiflur í aflabrögðum geta verið mjög afdrifaríkar fyrir þá, sem veiða fiskinn, og um langa hríð hafði mönnum verið það ljóst, að æskilegt væri að gera ráðstafanir til að draga úr áhrifum þess, er afli minnkaði skyndilega. Liðin eru nú nær 20 ár frá því aðgerðir voru hafnar í þessu efni með stofnun Hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins, sem síðar var breytt í Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Hafa þær stofnanir mjög orðið til að jafna áhrif aflasveiflna og dregið úr mestu erfiðleikunum, sem orðið hafa þegar aflabrest hefur borið að höndum.

Mönnum hefur einnig orðið það æ ljósara eftir því, sem tímar hafa liðið, að mjög æskilegt væri að koma á svipuðu kerfi til að draga úr óheppilegum áhrifum mikilla verðsveiflna á afurðum sjávarútvegsins.

Á erfiðleikatímum hefur það komið fyrir, að ábyrgð hefur verið tekin á vissu lágmarksverði til útflutnings, að því er vissar afurðir snertir. Hefur slíkt verið gert til að forða viðkomandi framleiðslugreinum frá afleiðingum verðfalls á erlendum mörkuðum. Á árinu 1967 var svo ákveðið með lögum, að stofnaður skyldi sjóður, er hefði það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls, sem þá hafði orðið á frystum fiskafurðum, og skyldu þær greiðslur ná til framleiðslu ársins 1967. Lagði ríkissjóður fram í þennan sjóð kr. 140 millj. Var enn fremur gert ráð fyrir því, að komið yrði fastara formi á þessi mál með stofnun verðjöfnunarsjóðs, er gæti náð til fleiri útflutningsafurða sjávarútvegsins og jafnframt yrði þá út frá því gengið, að komi til verðhækkana þá skuli greiddur hluti þeirra til sjóðsins. Mundi með því móti verða um að ræða raunverulega verðjöfnun, sem mundi stuðla mjög að því að jafna óheppileg áhrif verðsveiflna á þær afurðir, sem slíkur sjóður næði til, og jafnvel á hagkerfið allt, svo sem dæmi eru til frá undanförnum árum.

Með þessu er verið að fara inn á nýjar leiðir og lítt kannaðar. Erfitt er því að sjá fyrir um til fulls, á hvern hátt slíkur sjóður gæti komið til að hafa tilætluð áhrif, en reynsla undanfarinna ára og áratuga bendir eindregið til þess, að sé rétt á málum haldið, geti margvíslegur ávinningur orðið að slíkri sjóðsmyndun, bæði fyrir þær greinar sjávarafurðaútflutningsins, sem sjóðurinn næði til, og eins fyrir efnahagskerfið í heild.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eins og heiti sjóðsins gefur til kynna er honum ætlað tvíþætt hlutverk. Í greininni er þetta orðað svo, að hlutverk sjóðsins sé að draga úr áhrifum verðsveiflna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Það er því ekki aðeins um það að ræða að bæta fiskiðnaðinum verðlækkanir er verða kunna á afurðum hans, heldur einnig að draga úr óheppilegum áhrifum skyndilegra verðhækkana einstakra afurða.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins sé skipuð sjö mönnum og séu fjórir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu aðila sjávarútvegsins, þ. e. annars vegar fiskiðnaðarins, en hins vegar þeirra, sem selja afla til fiskiðnaðarins. Setja þarf

ákvæði um hvernig haga skuli tilnefningu þessara fulltrúa, og er gert ráð fyrir, að þau komi í reglugerð, er sett sé samkvæmt 9. gr. Seðlabankinn hefur annazt alla framkvæmd þeirra verðtrygginga, sem verið hafa á þessu og síðasta ári, og er hér gert ráð fyrir, að hann hafi á hendi rekstur sjóðsins.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að halda afurðunum aðskildum, og er því gert ráð fyrir deildaskiptingu eftir tegundum afurða. Ekki er gert ráð fyrir, að lögin nái þegar við gildistöku til allra greina fiskiðnaðarins, heldur aðeins til þeirra, sem reynslan undanfarið hefur sýnt, að háðar eru mestum verðsveiflum, en það eru frystar fiskafurðir og síldarmjöl og síldarlýsi. Er æskilegt að fá nokkra reynslu af framkvæmd þessarar hugmyndar áður en Verðjöfnunarsjóður nær til fleiri greina, en heimild er til að fjölga deildum. Þá er gert ráð fyrir almennri deild, er hafi það hlutverk að veita afurðadeildunum lán, þegar sérstök þörf er talin á því.

Um 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er þegar fyrir hendi samkvæmt gildandi lögum þar um. Annars vegar er það afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða vegna framleiðslu ársins 1967, og rennur það að sjálfsögðu til deildar frystra fiskafurða. Nemur sú upphæð nálægt kr. 20 millj. Hins vegar er sá hluti af gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum frá 1967, sem ráðstafað var með sérstökum lögum þar um. Endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir á gengishagnaðinum, en gera má ráð fyrir, að í hlut freðfisksins komi a. m. k. um kr. 20 millj. Hluti mjöls og lýsis er enn nokkurri óvissu háður, þar sem allmikið er enn óselt af lýsisbirgðum, sem voru í landinu við gengisbreytinguna í nóvember 1967. Hvað kemur í hlut annarra afurða er einnig óvíst, m. a. vegna óseldra birgða svo sem af skreið. Upphaflega var áætlað, að hluti verðjöfnunarsjóðs af gengishagnaðinum gæti numið alls kr. 60 millj., en óhagstæðari verðlagsþróun en þá var gert ráð fyrir mun valda því, að sú tala lækkar verulega, og mun vart mega gera ráð fyrir, að upphæðin geti orðið meiri en kr. 40—45 millj.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir tvenns konar tekjum Verðjöfnunarsjóðs. Annars vegar er hluti af almennu útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en sérstök lög hafa verið í gildi um útflutningsgjaldið og skiptingu þess. Eðlilegt er talið, að þessi hluti teknanna renni í hina almennu deild. Hins vegar er hluti af verðhækkun, sem kynni að verða eins og nánar er skilgreint í 7. og 8. gr. Þessi hluti má ekki fara yfir helming verðhækkunar. Tekjur af þessu renna til viðkomandi deilda. Nauðsynlegt verður að gera um það áætlun fyrirfram, hver slík greiðsla gæti orðið, svo að innheimta megi þennan hluta teknanna jafnóðum og framleiðsla er flutt út, en lokauppgjör getur ekki farið fram fyrr en eftir lok framleiðsluárs.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um það, hvenær komið geti til greiðslu verðbóta úr sjóðnum. Meginreglan er sú, að verðbætur geti ekki numið meiru en helmingi verðlækkunarinnar. Miða verður þá við meðalverðlag eins árs eða framleiðslutímabils. Þá geta verðbætur ekki heldur farið fram yfir það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir að meðtöldu lánsfé, sem hugsanlega yrði fengið úr almennu deildinni.

Um 7. gr.

Ekki er unnt að setja um það fastar reglur í lögum, hver verðgrundvöllurinn skuli vera, sem miðað sé við þegar metin er verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða

verðlækkun samkvæmt 6. gr. Hér er það því látið í vald sjóðsstjórnarinnar að ákveða verðgrundvöllinn, en staðfesting ráðherra komi til, og skal hún þá hafa hliðsjón af verðlagi undanfarinna þriggja ára. Hins vegar er í þessari grein bent á önnur veigamikil atriði, sem taka beri tillit til við ákvörðun verðgrundvallarins, svo sem þegar óvenjulegar breytingar verða á erlendum mörkuðum eða gengisbreytingar, en slíkt getur haft gagnger áhrif á ákvörðun verðgrundvallar.

Um 8. gr.

Sama gildir um ákvörðun afgjalda samkvæmt 5. gr. eða verðbóta samkvæmt 6. gr., að ógerningur er að setja föst ákvæði um þau í lög, og er því gert ráð fyrir, að ráðherra fái tillögu sjóðsstjórnar um þau atriði og ákveði síðan hlutföllin. Þá verður einnig að vera svigrúm til að ákveða, hvort hlutföllin skuli vera föst eða stigbreytileg, miðað við hlutfallslega breytingu verðlags, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

Um 9. gr.

Þegar stórkostlegt verðfall verður á afurðum getur komið til álita hvort hyggilegt sé að halda áfram framleiðslu þeirra afurða og greiða úr verðjöfnunarsjóði. Þykir því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því, sem fram kemur í þessari grein, að flytja framleiðsluna yfir til annarrar vinnslu eða veiða, jafnvel þó bæta þyrfti upp verð viðkomandi afurða, ef slíkt sýndist hagkvæmt. Takmarka ætti þó slíkar bætur við það, sem orðið hefði miðað við óbreyttar veiðar eða vinnslu.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt verður að setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, og eru það m. a. þau tvö atriði, sem nefnd eru í þessari grein, sem þar koma til. Þeir fjórir stjórnarmenn, sem tilnefndir eru samkvæmt 2. gr., eiga að vera fulltrúar, annars vegar fiskiðnaðarins, en hins vegar þeirra, sem selja afla til fiskiðnaðarins. Verður að setja reglur um það hvernig aðilar fiskiðnaðarins tilnefna fulltrúa sína, og sama gildir um fulltrúa fiskseljenda, en gera verður ráð fyrir, að reglurnar tryggi það, að hvor aðili um sig þ. e. útvegsmenn og sjómenn, eigi fulltrúa í stjórninni.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að lög þessi öðlist þegar gildi, enda eru nú þau tímamót, sem gefa vonir um að ekki séu framundan neinar stórkostlegar breytingar á erlendu verðlagi eða öðrum þeim atriðum, sem áhrif gætu haft á ákvarðanir um afgjöld eða verðbætur eða aðra framkvæmd þessara laga.

Um bráðabirgðaákvæði.

Þetta ákvæði frumvarpsins fjallar um verðtryggingu frystra fiskafurða á árinu 1968, eins og þar er til tekið. Í byrjun ársins var um það samið við samtök hraðfrystihúsanna, að verðtrygging skyldi vera á framleiðslunni á þessu ári, er næmi helmingi verðlækkunar, en síðar var því breytt í þrjá fjórðu, sem gilti fyrir framleiðslu frá og með 1. ágúst. Þá er gert ráð fyrir, að verði hækkun á verðlagi á tímabilinu, þá greiði framleiðendur helming þeirrar verðhækkunar í Verðjöfnunarsjóð. Er því hér fylgt meginreglu þeirri, sem frumvarpið byggist á. Upphaflega var ætlað að þessi ákvæði giltu út þetta ár, en með gengisbreytingunni hefur orðið sú gerbreyting á, að eðlilegt sé, að nú sé miðað við, að þau falli niður 15. nóvember, enda er þá gert ráð fyrir, að þessi lög komi þar í staðinn.

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um strandferðir.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Sigurvin Einarsson, Tómas Árnason, Bjarni Guðbjörnsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að láta kanna, hverra úrbóta er þörf á húsakosti og aðstöðu við hafnir í Reykjavík og annars staðar, til þess að hin nýju vöruflutningaskip, er Skipaútgerð ríkisins á í smíðum, komi að sem fyllstum notum, og greiða fyrir þeim framkvæmdum, er nauðsynlegar reynast.
2. Að láta hefja undirbúning að smíði farþegaskips til innanlandssiglinga í stað Heklu og Esju. Stefnt verði að því, að smíði skipsins geti hafizt um það leyti sem þau vöruflutningaskip, sem nú eru í smíðum, koma í notkun.

Greinargerð.

Það er alkunna, að í samgöngumálum Íslendinga hafa orðið stórfelldar breytingar á síðari tímum. Flugið er orðinn snar þáttur í samgöngukerfinu. Og þótt vegir séu ófullkomnir, þá nær vegakerfið um allt land, bílaeign landsmanna hefur aukizt hröðum skrefum og hvers konar flutningar á landi margfaldazt á fáum árum. Saga strandsiglinganna hefur þó orðið með öðrum hætti síðustu árin. Það hefur sem sé farizt fyrir að endurnýja þau ágætu skip, sem byggð voru fyrir 20—30 árum, og að bæta á viðunandi hátt aðstöðu til vöruafgreiðslu á hafnarstöðum, en það eru frumskilyrði þess, að unnt sé að aðlaga strandferðaþjónustuna breyttum kringumstæðum. Afleiðingar þessa hafa m. a. orðið þær, að hvers konar flutningar með bifreiðum, þar á meðal hreinir þungavöruflutningar á milli landshluta, hafa aukizt miklu meira en heppilegt getur talizt, einkum með tilliti til mikilla vegalengda og hins veika vegakerfis, sem hefur goldið afhroð af þessum sökum.

Með smíði nýrra vöruflutningaskipa fyrir Skipaútgerð ríkisins er stigið þýðingarmikið spor í þá átt, að flutningar á sjó geti færzt í það horf, er samræmist kröfum nútímans. En til þess m. a. að tæknibúnaður skipanna komi að fullum notum, er endurbóta þörf á mörgum höfnum og m. a. í Reykjavík.

Mannflutningar á lengri leiðum hafa í æ ríkari mæli færzt yfir á flugið, en bílar annast þá þjónustu, þar sem skemmra er að fara. Við þetta er síður en svo nokkuð að athuga. Og eftir því sem uppbyggingu vegakerfisins miðar áfram og flugvellir verða fullkomnari að gerð og búnaði, þeim mun auðveldari og öruggari verða mannflutningar með flugvélum og bifreiðum.

Sumir munu líta svo á, að farþegaflutningar á sjó séu úrelt fyrirbrigði og heyri til fortíðinni, og benda á óhagkvæman rekstur Esju og Heklu því til sönnunar. Þetta mun þó þurfa nánari skoðunar við.

Esja hin eldri var ætluð jöfnum höndum fyrir farþega og vörur, slíkt hið sama nýrri Esja og Hekla. Allt voru þetta glæsilegir farkostir á sínum tíma. Hinir ömurlegu flutningar fólks í vörulestum hurfu úr sögu, og þeir, er ferðast þurftu með ströndum fram, nutu hinnar beztu þjónustu, sem þá var völ á.

Nú gerist það, að innlent farþegaflug ryður sér til rúms á ótrúlega skömmum tíma. Ferðir Esju og Heklu, sem eins og fyrr segir voru vöruflutningaskip öðrum þræði, þóttu þá allt of hægfara, enda algengt, að lestun og losun á stærri höfnum tæki 4 og allt upp í 8 klst. Grundvöllur fyrir farþegaflutninga á sjó var því eigi lengur fyrir hendi með sama hætti og áður. Það er þó skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að eigi sé tímabært að leggja slíka starfsemi niður, heldur beri að stefna að því að koma upp nýjum farkosti til þessara nota. Það skip yrði eigi stærra en nauðsynlegt telst til að tryggja sjóhæfni og nægan ganghraða. Auk farþega flytti

skipið aðeins póst og lítið eitt af léttari varningi, stykkjavöru, sem losa mætti og lesta á skömmum tíma.

Verkefni nýs farþegaskips yrði fyrst og fremst að halda uppi örum, kerfisbundnum ferðum milli Reykjavíkur annars vegar og Austfjarða og Vestfjarða hins vegar og svo staða á milli í þessum landshlutum, einkum á þeim árstímum, þegar ferðir á landi og í lofti eru ótryggar. Að sumrinu færi skipið hringferðir umferðis landið eða aðrar þær ferðir, er til greina kæmu, og yrði þá sennilega lögð megináherzla á þjónustu við ferðafólk, innlent og erlent. Ætti þetta vel að geta samrýmzt. Reynsla hefur fengizt fyrir því, að hringferðir að sumrinu, jafnvel með gömlu skipi, sem einnig flytur vörur, eru mjög eftirsóttar. En á þeim árstíma er sérstök þörf Austfirðinga og Vestfirðinga fyrir farþegaflutninga á sjó minni en ella.

Engin þjóð, sem býr við líkar aðstæður og Íslendingar, hefur lagt niður farþegaflutninga með ströndum fram. Það geta Íslendingar ekki heldur gert sér að skaðlausu. Rekstur vel búins farþegaskips af hæfilegri stærð er nauðsynlegur liður í samgöngukerfinu og ómetanleg sú þjónusta, er það getur veitt fólkinu í þeim landshlutum, er erfiðastar samgöngur hafa að öðru leyti, einkum að vetrarlagi.

Á undanförnum árum hafa strandferðirnar eigi náð að þróast eðlilega samhliða öðrum þáttum samgangna, til tjóns og óhagræðis fyrir fólkið á ströndinni. Smíði tveggja skipa til vöruflutninga er stórt spor í rétta átt. En því þarf að fylgja eftir með viðeigandi aðgerðum á fleiri sviðum.

Þessari þingsályktunartillögu er ætlað að stuðla að því, að það verði gert.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um aðgerðir vegna lausaskulda útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafurða.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á efnahag og lausaskuldum einstaklinga og fyrirtækja, sem útgerð reka, og vinnslustöðva sjávarafurða. Að fengnum nauðsynlegum upplýsingum felur Alþingi ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga þess efnis, að lausaskuldum útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva verði breytt í föst lán með hóflegum vöxtum. Gerist þess þörf, skulu skuldaskil framkvæmd hjá þeim aðilum, sem óhjákvæmilega hafa þess þörf vegna óhagkvæms efnahagsástands. Löggjöf þessi skal við það miðuð að gera sæmilega reknum útgerðarfyrirtækjum og vinnslustöðvum kleift að starfa áfram á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í sambandi við frv. til l. um tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarmanna, útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafla, sem við höfum flutt í neðri deild Alþingis, og vísast til greinargerðar, sem því frv. fylgir.

Nd. 85. Frumvarp til laga [66. mál]

um tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarmanna, útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafla, til undirbúnings breytingar lausaskulda í föst lán og skuldaskila.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Útgerðarmenn, útgerðarfyrirtæki og vinnslustöðvar sjávarafla skulu hafa greiðslufrest til 1. maí 1969 á öllum afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem stofnað hefur verið til fyrir 1. september 1968 vegna útgerðar og vinnslu sjávarafla.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja, eða krafna vegna hráefniskaupa vinnslustöðva, og ekki til lána banka eða annarra peningastofnana, sem tryggð eru með ávísun á andvirði aflaverðmæta eða veði í afurðum.

Tímabilið frá gildistöku þessara laga til 1. maí 1969 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Útgerðarmenn, útgerðarfyrirtæki og vinnslustöðvar sjávarafla hafa safnað lausaskuldum undanfarin ár vegna rekstrarhalla og fjárfestingar. Eigi liggur fyrir nægileg athugun á efnahag þessara fyrirtækja. Rekstrarfjárþörf atvinnufyrirtækja hefur farið vaxandi, m. a. vegna gengislækkana. Nær ógerlegt er að fá lán í bönkum, en kröfuhafar ganga ríkt eftir greiðslu á skuldum. Nauðsyn ber því til að hindra með lögum, að gengið sé að eignum útgerðarmanna eða fyrirtækja þeirra, meðan nægileg efnahagsathugun fer fram. Slíkt mundi valda viðkomandi aðilum fjárhagstjóni, óþægindum og auka atvinnuleysi.

Brýna nauðsyn ber því til að gera sem allra fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til þess að breyta lausaskuldum þessara aðila í föst lán með hóflegum vöxtum. Vera má, að hjá ýmsum verði þörf á skuldaskilum. Undirbúningur að löggjöf um slíkar ráðstafanir og gagnasöfnun tekur sinn tíma. Nauðsynlegt er því að lögfesta tímabundinn greiðslufrest á skuldum, eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um húsnæðismál.

Flm.: Björn Jónsson, Hjalti Haraldsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ákvæði gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins um byggingar hagkvæmra, vandaðra og staðlaðra íbúða, er láglaunafólk í verkalýðsfélögum hafi forkaupsrétt að með sérstökum lánskjörum, koma til framkvæmda hvarvetna utan Reykjavíkur, þar sem brýn þörf er aukinna íbúðabygginga og hlutaðeigandi sveitarfélög og byggingarsamvinnufélög verkafólks eða verkalýðsfélög tryggja, að fullnægt sé ákvæðum laganna um gerð íbúðanna og hagkvæmar byggingarframkvæmdir.

Greinargerð.

Í sambandi við gerð kjarasamninga sumarið 1964 var gefin um það yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar og borgarstjórnar Reykjavíkur, að þessir aðilar skuldbyndu sig til að standa að byggingu 1250 íbúða, er reistar yrðu í Reykjavík á 5 árum og láglaunafólk í verkalýðsfélögum ætti forkaupsrétt að. Skyldi láglaunafólk í verkalýðsfélögunum njóta sérstakra lánskjara til kaupa á þessum íbúðum á þann hátt m. a., að lán næmu 80% af verðmæti íbúða og lánstími yrði 33 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 3 árin.

Í framhaldi af framangreindri yfirlýsingu beitti ríkisstjórnin sér síðan fyrir breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þess efnis, að ríkisstjórninni heimilaðist að láta byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög og veita láglaunafólki í verkalýðsfélögunum þau lánskjör til kaupa á slíkum íbúðum, sem í hinni greindu yfirlýsingu var heitið. Voru lög um þetta efni samþykkt á Alþingi og hlutu staðfestingu 10. maí 1965.

Framkvæmdir samkvæmt gefnum yfirlýsingum og greindum heimildarlögum eru nú þar á vegi staddar, að lokið er byggingu 231 íbúðar og 104 íbúðir eru í smíðum. Samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðherra, gefnum á Alþingi 23. okt. s. l., hefur nú verið lögð til framkvæmdanna um 331 millj. kr. að meðtöldum framlögum þeirra, sem íbúðirnar kaupa. Mestan hluta fjárins eða 243 millj. kr. hefur Húsnæðismálastjórn lagt af mörkum, en atvinnuleysistryggingasjóður 52.5 millj. kr.

Vegna hinnar miklu fjárveitingar Húsnæðismálastjórnar til Breiðholtsframkvæmdanna í Reykjavík hefur fjárhagsstaða hennar til almennra lána stofnunarinnar versnað mjög og reynzt alls ófullnægjandi til þess að geta veitt eðlilegan fjölda lána til íbúðabygginga utan Reykjavíkur, og sívaxandi dráttur á afgreiðslu loforða lána hefur þar á ofan aukið svo erfiðleika þeirra, sem nú eiga hús í smíðum, að nær algerri stöðvun veldur víða um land og vaxandi atvinnuleysi í byggingariðnaðinum. Una menn því að vonum illa, að við úthlutun Húsnæðismálastjórnar á fé, sem aflað er með launaskatti, skyldusparnaði og gjöldum til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem landsmenn standa að jöfnu undir, skuli mönnum mismunað svo freklega sem hér hefur orðið raun á.

Enn sér lítil eða engin merki þess, að ríkisstjórnin hyggist notfæra sér heimildarákvæði laganna frá 10. maí 1965 til hliðstæðra framkvæmda utan höfuðborgarinnar, þeirra sem þar standa nú yfir. Hið eina, sem gerzt hefur í þeim efnum, er það, að „Framkvæmdanefndir byggingaáætlana“ hafa með heimild félagsmálaráðuneytisins verið settar á stofn á Akureyri, Húsavík, Siglufirði, Sauðárkróki og ef til vill víðar. Hafa nefndir þessar sent ráðuneytinu greinagóðar upplýsingar um byggingaþörf hver á sínu svæði og gert tillögur um framkvæmdir. En hins vegar hefur enn ekkert vilyrði verið gefið fyrir fjármagni til framkvæmda, enda þótt þarfirnar séu a. m. k. víða sannanlega meiri en í höfuðborginni og fullnægjandi aðstaða til að uppfylla öll skilyrði, sem lögin setja.

Flestir munu fagna því átaki, sem í fyrirhuguðum framkvæmdum felst, í húsnæðismálum verkafólks í Reykjavík, og einnig því, að þetta átak er líklegt til að breyta íbúðamarkaðinum þar í heilbrigðara horf og lækka byggingaverðlag almennt á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn verður ekki séð, að það verði með neinu móti réttlætt, að verkafólk annars staðar á landinu verði með öllu afskipt varðandi þau sérstöku lánskjör, sem hér er um að ræða, og um þá möguleika, sem í því felast, að teknar eru upp nýjar og bættar bygginga- og framkvæmdaaðferðir, sem lækka ættu íbúðaverð verulega.

Með síhækkandi byggingarkostnaði verður með hverju ári fjarlægara fyrir allt láglaunafólk að eignast sómasamlegt húsnæði, og er nú í rauninni orðið óhugsandi fyrir almenna verkamenn eða iðnverkamenn með þeim einu lánamöguleikum, sem þeim standa nú opnir, lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem nægja nú tæplega fyrir ⅓ af kostnaðarverði meðalstórrar íbúðar, enda heyrir það nú orðið til

undantekninga, að láglaunafólk ráðist í íbúðabyggingar, a. m. k. mun sú reynslan úti um land.

Ef hér á að verða breyting á, er óhjákvæmilegt, að greitt verði stórum betur en enn er gert fyrir hagkvæmum lánskjörum til handa efnalitlu og lágt launuðu fólki til byggingaframkvæmda, og jafnframt, að ráðstafanir verði gerðar til lækkunar byggingarkostnaðar. Lög þau, sem um ræðir í þessari þáltill., eru vafalaust spor í rétta átt, og það spor verður að stíga til fulls með því að láta lögin koma til framkvæmda gagnvart láglaunafólki um land allt, þar sem unnt er að fullnægja þeim eðlilegu skilyrðum, sem sett eru fyrir hinum tiltölulega hagstæðu lánskjörum, og þar sem húsnæðisskortur er ríkjandi.

Er þess að vænta, að hv. Alþingi láti með samþykkt þessarar þáltill. í ljós ótvíræðan vilja sinn um, að sami réttur verði tryggður láglaunafólki um land allt til hinna hagstæðustu byggingakjara, sem nú er völ á og lög heimila, og að sú freklega mismunun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum, verði ekki lengur látin viðgangast.

Ed. 87. Frumvarp til laga [68. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni, sem Síldarútvegsnefnd tæki, að fjárhæð allt að 15 milljónir króna, eða jafnvirði þess í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar við flutninga sjósaltaðrar síldar til íslenzkra hafna af miðunum norðaustur og austur af Íslandi á árinu 1968.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd skal hafa forgöngu um og hafa á hendi framkvæmd flutninga samkvæmt 1. gr., og er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í því skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar reynast til tryggingar framgangs flutninganna. Enn fremur er henni heimilt að veita öðrum aðilum fjárhagslegan stuðning eða aðra fyrirgreiðslu í þessu skyni, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd skal fyrir 10. júní 1968 gera áætlun um heildarkostnaðinn við flutningana samkvæmt lögum þessum. Skal sú áætlunarfjárhæð dregin frá útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1968 hjá Síldarútvegsnefnd, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda. Áætlunarfjárhæð þessi skal ganga til greiðslu kostnaðar við flutningana og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal leggja áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til grundvallar verðlagningu sumarsíldar til söltunar á árinu 1968. Hinn áætlaði heildarkostnaður við flutningana skal við verðákvörðun skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

4. gr.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum minni en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sú inneign geymd á sérstökum reikningi til næsta árs til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum meiri en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sá viðbótarkostnaður greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1969, og skal Verðlagsráð sjávarútvegsins leggja þann viðbótarkostnað til grundvallar við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1969 og skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um löndunarstaði, kaup, yfirtöku og skoðun saltsíldar, sem flutt er samkvæmt ákvæðum laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna flutnings sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera ráðstafanir til framleiðslu sjósaltaðrar sumarsíldar á miðunum norðaustur og austur af Íslandi, til að koma í veg fyrir yfirvofandi rýrnun markaða fyrir saltsíldarframleiðslu landsmanna svo og til að bæta hag þeirra, sem eiga hlut að saltsíldarframleiðslunni á sjó og í landi.

Nefnd, sem skipuð var á s. l. vetri til að gera tillögur um hagnýtingu síldar á fjarlægum miðum sumarið 1968, hefur gert tillögur um flutninga á síld, sem söltuð yrði um borð í skipum á sumri komanda og um greiðslu kostnaðar við þá flutninga. Samtök sjómanna, útvegsmanna og síldarsaltenda hafa lýst sig samþykka þessum tillögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni, sem Síldarútvegsnefnd tæki, að fjárhæð allt að 15 milljónir króna, eða jafnvirði þess í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar við flutninga sjósaltaðrar síldar til íslenzkra hafna af miðunum norðaustur og austur af Íslandi á árinu 1968.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd skal hafa forgöngu um og hafa á hendi framkvæmd flutninga samkvæmt 1. gr., og er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í því skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar reynast til tryggingar framgangs flutninganna. Enn fremur er henni heimilt að veita öðrum aðilum fjárhagslegan stuðning eða aðra fyrirgreiðslu í þessu skyni, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd skal fyrir 10. júní 1968 gera áætlun um heildarkostnaðinn við flutninga samkvæmt lögum þessum. Skal sú áætlunarfjárhæð dregin frá útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1968 hjá Síldarútvegsnefnd, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda. Áætlunarfjárhæð þessi skal ganga til greiðslu kostnaðar við flutningana og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal leggja áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til grundvallar verðlagningu sumarsíldar til söltunar á árinu 1968. Hinn áætlaði heildarkostnaður við flutningana skal við verðákvörðun skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

4. gr.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum minni en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sú inneign geymd á sérstökum reikningi til næsta árs til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum meiri en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sá viðbótarkostnaður greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1969, og skal Verðlagsráð sjávarútvegsins leggja þann viðbótarkostnað til grundvallar við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1969 og skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um löndunarstaði, kaup, yfirtöku og skoðun saltsíldar, sem flutt er samkvæmt ákvæðum laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 88. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um alþjóðlegt ráðstefnuhús í Reykjavík.

Flm.: Tómas Karlsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að kannaðir verði möguleikar á, að reist verði í Reykjavík alþjóðlegt ráðstefnuhús af fullkomnustu gerð. Skal ríkisstjórnin í þessu sambandi leita samráðs og samvinnu við þá innlenda aðila, sem að ferða- og gistimálum starfa, og kanna, hvort alþjóðastofnanir og alþjóðleg fyrirtæki mundu vilja hafa afnot af slíku ráðstefnuhúsi í Reykjavík og hugsanlega eignast hlutdeild í því með fjárframlögum, er veittu viðkomandi forgangsrétt til afnota hússins. Þyki vænlegt að reisa slíkt hús í því augna-

miði að auka tekjur íslenzkra aðila af ferðamannaþjónustu, skal ríkisstjórnin hafa forustu um að mynda samtök aðila, sem áhuga hefðu á að eiga húsið ásamt íslenzka ríkinu og reka það. Enn fremur skal kanna, hvort fáanleg væru lán með góðum kjörum til að koma húsinu upp á skömmum tíma.

Greinargerð.

Í umræðum þeim, sem orðið hafa um framtíðarhorfur í atvinnumálum þjóðarinnar á næstu áratugum, hefur mikilvæg atvinnugrein, sem telja má að gæti átt sér mikla og bjarta framtíð á Íslandi, ef rétt væri á málum haldið, legið mjög í láginni, þegar rætt hefur verið um þá möguleika, sem fyrir hendi eru til að skapa atvinnu handa þeim mikla fjölda, sem bætist við mannaflann á vinnumarkaðinn á komandi tímum. Þessi atvinnugrein er ferðamannaþjónusta og sú fjölbreytilega þjónustustarfsemi, sem henni fylgir. Ástæðurnar til þess, að þessi mál hafa legið svo mjög í þagnargildi, geta vart verið aðrar en þær, að skilningur á möguleikum þessarar atvinnugreinar sé næsta lítill meðal ráðandi afla í þjóðfélaginu. Menn hafi enn vantrú á, að við getum unnið stórvirki á þessu sviði. Enginn vafi er samt á því, að skilningur á nauðsyn þess að gera Ísland að ferðamannalandi hefur farið vaxandi með ári hverju, og hefur löggjafinn m. a. sýnt það í verki, þótt þau framfaraspor hafi verið æði stutt. Þau eru þó spor í rétta átt. Þá er rétt að geta þess, að fyrir hv. Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu ferðamannaþjónustu hér á landi, og sýnir það, að meðal hluta alþingismanna hefur sú skoðun þó fest rætur, að betur þurfi að þessum málum að standa, ef duga skal. Vonandi samþykkir hv. Alþingi umrædda tillögu, og gæti sú tillaga, sem hér er flutt í hv. efri deild, þá orðið liður í þeirri áætlun, sem lagt hefur verið til að gerð verði.

Hin ævintýralega þróun flugtækninnar hin síðari ár hefur gert það að verkum, að með hverju árinu sem líður verður auðveldara og ódýrara að komast landa og heimsálfa milli. Ferðalög landa milli eru orðin ákveðinn og sívaxandi þáttur sjálfsagðra lífskjara í hinum betur megandi ríkjum. Fullyrt er af þeim, sem gerst eiga að vita í þessum efnum, að farþegafjöldi í áætlunarflugi muni þrefaldast á næstu sjö árum og fjórfaldast á næstu 10 árum. Þótt okkur tækist ekki að beina hingað til lands nema litlu broti af þessari miklu og skjótu aukningu ferðamannastraumsins, mundi þar samt vera um geysilegar fúlgur að ræða, sem rynnu í okkar þjóðarbú. Það er talið, að ferðamannaþjónusta sé sú atvinnugrein, sem langmestum arði skili miðað við fjárfestingu.

Hér er vikið að aðeins einum þætti, sem gæti haft mikla þýðingu til að hraða heppilegri þróun þessara mála hér á landi. Það er, að stofnað verði hér til aðstöðu til að halda á Íslandi ráðstefnur og fundi, sem árlega er efnt til í þúsundatali víðs vegar um heim. Stærsti hluti þessara ráðstefna og þær fjölmennustu eru sóttar af mönnum frá Ameríku og Evrópu. Ísland er áttvíst á tvennar álfustrendur, og flugsamgöngur við landið eru nú þegar mjög góðar frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og Evrópu. Íslenzku flugfélögin, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, hafa þar forustu, en einnig fljúga hingað vélar Pan American og SAS, og á næstunni hefst áætlunarflug BEA hingað. Á síðari árum hefur fjöldi alþjóðlegra ráðstefna og fundir og ráðstefnur alþjóðlegra stórfyrirtækja í Ameríku og Evrópu mjög farið í vöxt. Ísland stendur um þjóðbraut þvera í Atlantshafi, og hingað er stutt að fara til ráðstefnuhalds, bæði frá Ameríku og Evrópu, og Loftleiðir bjóða t. d. upp á lægstu fargjöld milli Íslands og Ameríku, sem í boði eru. Ísland er „nýtt“ ferðamannaland, sem marga langar að sækja heim, ekki sízt þá, sem mikið sækja alþjóðaráðstefnur og fundi og búnir eru að heimsækja flesta hluta heimsbyggðarinnar. Hér er friðsamt og næði gott til fundarhalda, miklir möguleikar til útiveru og náttúruskoðunar og margs konar íþrótta. Loftslag er hér þægilegt allajafna, þótt óstöðugt sé á stundum. Jafnvel kuldinn og snjórinn er eftirsóknarverður í augum margra Suðurlanda-

búa, sem margir hverjir hafa aldrei séð eða kynnzt þeim náttúrufyrirbærum, nema í frásögnum og myndum. Fólk sækist venjulega mest eftir því, sem það hefur ekki tækifæri til að njóta í heimkynnum sínum. Við sækjum sólina og góða veðrið til Suðurlanda, en Suðurlandabúar koma hingað til að kynnast því ævintýri að snerta snjó.

Þá er einnig á það að líta, að það er ekki vansalaust, þegar Ísland tekur þátt í æ fjölþættari alþjóðasamvinnu og þarf að standa fyrir mörgum ráðstefnum af þeim sökum, að hér skuli ekki vera fyrir hendi hentugt húsnæði til ráðstefnuhalds. Sú stefna að ryðja húsnæði Háskóla Íslands í hvert skipti, sem á okkur reynir í þessum efnum, fær ekki staðizt. Fjölmennar innlendar samkomur, eins og t. d. þing stjórnmálaflokka og fjöldasamtaka launþega, eiga heldur í ekkert heppilegt húsnæði að venda með sínar samkomur.

Stórborgirnar verða æ óheppilegri vettvangur til ráðstefnuhalds vegna vegalengda í borgunum, hættu á uppþotum og sífellt erfiðari og tíðari umferðarhnúta. Ýmsir hugkvæmir aðilar hafa gert sér grein fyrir þessu, og nú færist það í vöxt, að hótel eru reist með það í huga, að þau geti hýst fjölmennar ráðstefnur og látið þeim í té afnot af fullkomnum ráðstefnusölum undir einu þaki. Þetta eru viðbrögð hótelanna í stórborgunum við því, að ráðstefnur hafa í æ ríkara mæli færzt frá þeim af þeim orsökum, sem hér voru nefndar. Hér eiga því Íslendingar leikinn og allt að vinna, ef þeir halda ekki að sér höndum.

Ef komið væri á fót á Íslandi aðstöðu til alþjóðlegra fundarhalda, gæti hér orðið um að ræða myndarlegan tekjustofn fyrir þjóðina. Hugsanlegt væri að koma upp slíkri aðstöðu í samvinnu við nokkra umfangsmikla erlenda aðila, sem sjálfir þurfa að efna árlega eða jafnvel oft á ári til ráðstefna, t. d. umboðsmanna og sölumanna. Hagnað íslenzka þjóðarbúsins brúttó af hverri slíkri 500 manna ráðstefnu (fjöldi fréttamanna fylgir að jafnaði slíkum ráðstefnum) væri hægt að áætla í fargjöldum og dvalarkostnaði, — og það fyrir utan eyðslufé einstaklinganna og verzlun, — um 20 þúsund krónur á mann eða samtals um 10 milljónir brúttó af þessum liðum. Ef efnt væri til margra slíkra ráðstefna hér á landi á ári hverju, — og væri þá mikilvægast að koma þeim fyrir á þeim árstímum, sem lítið er hér um erlenda ferðamenn, og þannig lengja ferðamannatímann, — gefur auga leið, að hér væri um stórkostlega gjaldeyrisöflun að ræða og mundi um leið bæta mjög hag og rekstur flutningafyrirtækja og gistihúsa og ýmissa annarra þjónustuaðila. Stofnkostnaður við slíkt ráðstefnuhús yrði varla meiri en sem nemur andvirði tveggja síldarskipa eða rúmlega það. 5—6 fjölmennar ráðstefnur gætu skilað í þjóðarbúið sömu upphæð brúttó og stofnkostnaður ráðstefnuhússins yrði. Hér er mál, sem þarf að kanna sem fyrst í samvinnu við þá aðila, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi.

Nánar í framsögu.

Ed. 89. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 88 23. des. 1966.

Flm.: Tómas Karlsson, Pétur Benediktsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hljóðvarpsgjald skal lagt á alla þá, sem gert er að greiða iðgjöld til almannatrygginga, sbr. lög nr. 40 30. apríl 1963, nema þá, sem ekki hafa náð 18 ára aldri í byrjun gjaldársins. Enn fremur skal gjaldið lagt á þá, sem eru 67 ára og eldri á gjaldárinu og hafa 150 þús. kr. bruttótekjur árið á undan, miðað við gjaldárið 1970,

en tekjumark þetta skal breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Félögum og fyrirtækjum, sem gert er að greiða kirkjugarðsgjald skv. lögum nr. 21 23. apríl 1963, skal og gert að greiða hljóðvarpsgjald. Gjaldár telst frá 1. jan. hvers árs til 31. des. þess árs. Ráðherra ákveður upphæð hljóðvarpsgjalds um eitt ár í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Hljóðvarpsgjald skal innheimt samtímis þinggjöldum gjaldenda.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi sjónvarpsviðtækis, er nota má til að hagnýta sjónvarp ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt sjónvarpsgjald. Ráðherra ákveður upphæð sjónvarpsgjaldsins um eitt ár í senn að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Heimilt er ráðherra að fela póststofum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu sjónvarpsgjalda.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér sjónvarp ríkisins, nema sjónvarpstæki hans hafi verið skrásett og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það sjónvarpstæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps (hljóðvarps og sjónvarps), gjaldskyldu útvarpsnotenda, innheimtu gjalda og greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Heimilt er að ákveða í reglugerð um innsiglun sjónvarpstækja vegna vanskila á sjónvarpsgjöldum og um dráttarvexti og gjaldahækkanir vegna greiðsludráttar.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingarskyldu varðandi afnot sjónvarpstækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu sjónvarpstækja, enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskírteina í þessu sambandi.

Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu manna frá greiðslu hljóðvarpsgjalds og/eða sjónvarpsgjalds, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1970.

Greinargerð.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í framleiðslu hljóðvarpsviðtækja á undanförnum árum. Með tilkomu „transistoranna“ eða smáranna, eins og þeir hafa verið nefndir á íslenzku, hafa hljóðvarpsviðtæki orðið ódýrari og jafnframt svo fyrirferðarlítil, að bera má þau í vasa eða jafnvel fá þau innbyggð í gleraugu. Útvarpsnotkun hefur að þessu leyti gjörbreytzt hérlendis sem annars staðar í heiminum frá tímum hinna fyrirferðarmiklu lampatækja og þeirra viðbótartækja, geyma eða þurrhlaða og loftneta, sem þeim þurftu að fylgja á fyrstu árum hagnýtingar útvarps hér á landi. Með þessari öru þróun, sem hér hefur orðið, hefur jafnframt orðið æ erfiðara að koma í veg fyrir, að smáratæki væru flutt inn til landsins á ólögmætan hátt. Hefur þessi þróun þar til viðbótar haldizt í hendur við sívaxandi ferðalög landsmanna til annarra landa, sem fara munu enn vaxandi, þegar lífskjör almennings batna. Þar við bætist, að óhaggað stendur í lögum og reglugerð um afnotagjöld hljóðvarps, að hljóðvarpsnotandi megi eiga eins mörg hljóðvarpsviðtæki og honum þóknist. Hann megi hins vegar ekki nota þau utan síns eigin heimilis.

Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að heimilisfaðirinn eða forráðamaður hins svonefnda „útvarpsheimilis“ hefur orðið eins konar innkaupastjóri hljóðvarpstækja á heimilinu. Öll ný hljóðvarpstæki heimilismanna, jafnt barna sem uppkominna, og jafnvel tæki frændaliðs hafa verið skráð á þennan forráðamann útvarpsheimilisins, en síðan afhent hinum ýmsu fjölskyldumönnum. Þegar þeir, t. d. uppkomin börn, hverfa af heimilinu, eru þeir orðnir sjálfstæðir útvarpsnotendur án skrásetningar, en greiða ekkert gjald. Sama verður uppi á teningnum varðandi hagnýtingu þeirra tækja, sem flutt eru inn til landsins fram hjá tollyfirvöldum. Af þeim eru engin afnotagjöld greidd.

Af þessu er ljóst, að æ erfiðara verður að framfylgja gildandi lögum og reglum um innheimtu afnotagjalda hljóðvarps. Slæmt er ástandið núna, þótt verulegt átak hafi verið gert með ærnum kostnaði til að fjölga skrásettum útvarpsheimilum, en enn verra verður það þó með þróun mála í þá átt, sem hér var drepið á, og vaxandi kaupum smáratækja erlendis til að komast fram hjá tollyfirvöldum og innheimtu Ríkisútvarpsins.

Það mælir því enginn gegn, að allir landsmenn, sem komnir eru til vits og ára, hagnýti sér hljóðvarp Ríkisútvarpsins. Hljóðvarpstækið er hvarvetna þar sem maður er á ferð. Það fylgir honum eftir, hvert sem hann fer. Það er förunautur hans í vinnuna, fer með honum í sumarleyfið, það er í hendi hans, sé hann gangandi, eða í vasa hans. Það er við hlið hans í bílnum. Það stendur hjá verkamanninum í vinnu hans, fer með bóndanum í fjósið, stendur á búðarborði afgreiðslumannsins, er í vösum eða skólatöskum unglinganna. Það er við borðstokk sjómannsins og á kodda sjúklingsins. Hljóðvarpstækið er nú alls staðar, þar sem mannlegt hjarta slær. Samt mæla gildandi lög og reglugerð svo fyrir, að hljóðvarpsnotanda sé aðeins heimilt að hagnýta sér hljóðvarp Ríkisútvarpsins innan veggja síns heimilis, annars komi til annað gjald, jafnhátt.

Í 18. gr. reglugerðar, sem sett er samkvæmt gildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins, er kveðið á um það, hvað sé útvarpsheimili, en af hverju slíku ber að greiða fullt afnotagjald hljóðvarps. Þessi grein er svo hljóðandi:

„Heimilt er útvarpsnotanda, sem greiðir afnotagjald skv. 20. gr. reglugerðar þessarar, að hagnýta sér útvarpið eftir vild með viðtækjum eða línum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns eigin heimilis og í sumarbústöðum. Útvarpsheimili telst í reglugerð þessari:

1. Framfærsluheimili.
2. Heimili einstaks manns, sem hefur sérskilinn fjárhag og sjálfstæða atvinnu.
3. Stofnun, hvers konar sem er, svo sem skóli, sjúkrahús, samkomuhús, gistihús, verbúð, atvinnustöð o. fl., deildir innan þessara stofnana og útibú þeirra hvers konar.
4. Bifreiðar allar.
5. Skip öll.

Nú er viðtæki notað með leiðslum til annarra heimila, og telst þá hvert heimili, sem þannig hagnýtir sér útvarpið, útvarpsnotandi.

Nú hefur starfsmaður stofnunar, sem heyrir undir 3. tölulið, eigið viðtæki í húsnæði stofnunarinnar, og teljast það sjálfstæð útvarpsnot á ábyrgð stofnunarinnar.“

Í erindi, sem Ingvar Guðmundsson flutti á síðasta Landsþingi Félags íslenzkra bifreiðaeigenda á Blönduósi í september s. l., gerði hann ákvæði þessarar greinar reglugerðarinnar að umtalsefni og benti m. a. á dæmi, — sem síður en svo er fráleitt, — um það, að einstaklingur gæti orðið skyldur að greiða 3—4 afnotagjöld hljóðvarps, ef ákvæðum þessarar greinar væri fylgt fram. Ingvar Guðmundsson sagði m. a.:

„Jón Jónsson er útgerðarmaður, reyndar ekki neinn stórútgerðarmaður, þar sem hann gerir út sæmilegan trillubát. Samkvæmt fyrrnefndri reglugerð ber honum að greiða fjórfalt afnotagjald á við venjulegan notanda, þar sem hann hefur skráð 4 útvarpsheimili, en þau eru: hans lögheimili, bifreiðin, sem hann ekur á til vinnu sinnar, fiskverkunarskúrinn, þar sem hann vinnur að aflanum, og trillubáturinn. Á öllum þessum stöðum hefur Jón útvarpstæki, þar sem hann telur sig ekki geta verið án veðurfréttanna. Þetta er einhleypur maður, sem ógjarnan vill vera brotlegur við lög og reglur ríkisins, og því greiðir hann þetta fjórfalda gjald, sem honum ber samkvæmt reglugerðinni. Í næsta skúr við Jón er annar trillukarl, og hefur hann nákvæmlega sömu afnot af útvarpinu og Jón, enda má hann ekki fremur vera án veðurfrétta en sá fyrrnefndi. Sá náungi greiðir samt aðeins einfalt afnotagjald. Ástæðan: Hann á lítið, handhægt ferðatæki, sem hann hefur með sér hvert sem hann fer. Með þessu sparar hann sér andvirði tækisins á hverju ári, eða 1950 kr.,

sé miðað við það, sem honum ber að greiða samkvæmt núverandi reglugerð. Vegna þess að við erum að burðast með úrelta reglugerð um innheimtu, verða þeir þannig æ fleiri, sem ekki greiða tilskilin afnotagjöld, og þar af leiðandi verður gjald það, sem skráðir gjaldendur greiða, mun hærra en það þyrfti í rauninni að vera.“

Það, sem hér hefur verið vakin athygli á, ber allt að þeim brunni, að illmögulegt sé að framfylgja ákvæðum gildandi laga og reglugerðar um innheimtu afnotagjalda hljóðvarps, og allt bendir til, að það verði æ erfiðara í framtíðinni.

Lögin og framkvæmd þeirra fela í sér misrétti. Réttarvitund fólks er andstæð þessum lögum, og menn munu því reyna að fara á bak við þau, og möguleikar til þess hljóta að fara vaxandi, eins og áður er greint.

Eigi að framfylgja þessum lögum, er sýnilegt, að taka verður í sívaxandi mæli upp aðferðir lögreglurikisins og fara um híbýli manna að óvörum í leit að óskrásettum hljóðvarpstækjum. Í lögum eru í gildi heimildir til að beita þessum aðferðum lögreglurikisins, og hefur innheimtudeild Ríkisútvarpsins þegar spæjara í þjónustu sinni til að hafa upp á óskrásettum útvarpsheimilum. Sem betur fer hafa þessir starfsmenn ekki enn rofið friðhelgi heimila í ríkum mæli, þótt að því hljóti að reka, ef áfram á að búa við gildandi löggjöf og tryggja Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur og fjölgandi gjaldendur. Hins vegar hefur áhuginn enn sem komið er aðallega beinzt að bifreiðum og hagnýtingu hljóðvarpstækja í þeim. Mun talsvert hafa orðið ágengt í þeim efnum, og mun fjölgun útvarpsheimila á þessu ári ekki sízt fólgin í því, að eltir hafa verið uppi menn, sem hagnýta hljóðvarpstæki í bifreið án þess að greiða afnotagjald af bifreiðinni sem útvarpsheimili.

Samkvæmt innheimtu Ríkisútvarpsins á s. l. ári voru aðeins skrásett útvarpstæki í um 20% bifreiða landsmanna. Það að skattleggja bifreiðaeigendur með aukagjaldi fyrir að hafa útvarp í bifreið hefur mjög hamlað gegn því, að menn hagnýttu hljóðvarp í bifreiðum sínum (nema þá með óskrásettum tækjum eða lausum ferðatækjum), en það er fráleitt, að löggjafinn setji þarna hömlur á, vegna þess að líta má svo á, að í nútímaþjóðfélagi sé hljóðvarpstækið eitt af öryggistækjum bifreiðarinnar. Með aukinni umferð og vaxandi umferðarslysum er skipulegur áróður í hljóðvarpi um umferðarmál eitt áhrifamesta úrræðið í öllum löndum til að hamla gegn vaxandi tjóni á mönnum og tækjum í umferðinni. Þessi boð þurfa fyrst og fremst að berast til bifreiðastjóranna. Í hinu flókna þjóðfélagi, þar sem óvænta og jafnvel voveiflega hluti getur borið skyndilega að höndum, veltur og æ meira á því, að unnt sé að koma boðum til borgaranna almennt í tæka tíð. Stór hluti þeirra er á degi hverjum á ferð í bifreiðum og æ lengri hluta dagsins, eftir því sem borgir stækka. Það er því fráleitt að löggjafinn raunverulega refsi þeim sérstaklega, sem þetta öryggistæki hafa í bifreiðum sínum.

Bezt er móttaka bifreiðatækja, ef þau eru tengd bifreiðinni og loftneti hennar. Að bifreiðaeigendum skuli vera gert að greiða tvöfalt afnotagjald einungis vegna þess, að útvarpstæki það, er þeir hafa í bifreið sinni, er fest með 3 skrúfnöglum í bifreiðina og tækið þar með kallað bifreiðatæki, en ekki ferðatæki, sem hverjum sem er virðist heimilt að fara með hvert á land sem er (þótt ekki fari milli mála, að það er þó raunverulega í blóra við ákvæði gildandi laga og reglugerðar um útvarpsheimili), er ranglæti, sem bifreiðaeigendur geta ekki unað.

Samtök bifreiðaeigenda, F.Í.B., hafa gert þetta mál að sérstöku baráttumáli undanfarin ár og gert um það ályktanir á landsþingum og krafizt, að það misrétti og ranglæti, sem í framkvæmd gildandi laga felst, verði afnumið, afnotagjald hljóðvarps lækkað og innheimt sem nefskattur.

Með þetta í huga, sem hér hefur verið greint, leggja flutningsmenn þessa frumvarps til, að á árinu 1970 verði hafin innheimta afnotagjalda hljóðvarps í formi nefskatts.

Um 1. gr.

Flutningsmenn leggja til, að hljóðvarpsgjald verði lagt á alla þá, sem gert er að greiða iðgjöld til almannatrygginga og náð hafa 18 ára aldri, þ. e. að 16 og 17

ára aldursflokkar verði undanþegnir gjaldinu. Hins vegar telja flutningsmenn eðlilegast, að hvort hjóna um sig greiði fullt gjald, en ekki t. d. eitt og hálft gjald sameiginlega, eins og er um iðgjöld til almannatrygginga. Skal það rökstutt nánar hér á eftir. Þá leggja flutningsmenn til, að gjaldið verði lagt á þá, sem eldri eru en 67 ára og hafa 150 þús. kr. bruttótekjur á ári, en tekjumark þetta skal breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Enn fremur, að félögum og fyrirtækjum, sem nú greiða kirkjugarðsgjald, verði gert að greiða hljóðvarpsgjald. Hljóðvarpsgjaldið skal innheimt samtímis þinggjöldum og mundi þá tilgreint á sérstökum reit á gjaldheimtuseðli. Gjaldið skal menntamálaráðherra ákveða um eitt ár í senn með tilliti til tekjuþarfar hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins og að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ákvæði 6. gr. gildandi laga eru að öðru leyti tekin efnislega óbreytt í 1. gr. frumvarpsins. Fjalla þau aðallega um sjónvarp og hagnýtingu þess. Þá eru tekin upp ákvæði gildandi laga um að ráðherra sé heimilt að ákveða um undanþágur manna frá greiðslu hljóðvarpsgjalds eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmönnum hefur tekizt að afla sér, eru gjaldendur almannatryggingaiðgjalda nú 77 852
Þar af eru 16 og 17 ára 7 569

Gjaldendur skv. fyrsta ákvæði frumvarpsins yrðu því 70 283

Í þessu sambandi skal vakin athygli á því, að almannatryggingaiðgjald er ekki lagt á öryrkja, og falla m. a. heyrnleysingjar og blindir þar undir, og á því að vera óþarft að undanskilja þá sérstaklega í frumvarpinu.

Fólk eldra en 67 ára á öllu landinu er nú talið vera um 14 600
Þar af má áætla, að þeir, sem ekki hafa 150 þús. kr. bruttótekjur á ári, séu 10 000

Gjaldendur samkv. viðkomandi ákvæði frumvarpsins yrðu því um 4 600
Fyrirtæki og félög á öllu landinu, sem gert er nú að greiða kirkjugarðsgjald, eru talin vera um 2 000

Alls mætti því lauslega áætla að gjaldendur yrðu skv. ákvæðum frv. 77 000

Flutningsmönnum er ljóst, að um það kunna að verða skiptar skoðanir, hvar draga eigi mörkin við álagningu hljóðvarpsgjalds, ef horfið yrði að því ráði að innheimta það sem nefskatt. Það er einnig álitamál, hvort innheimta eigi jafnhá hljóðvarpsgjöld af kvæntum körlum og giftum konum sem einstaklingum. Þar má þó hafa í huga, að börn á heimili hjóna greiða ekkert gjald fram til 18 ára aldurs, hvort sem þau eru mörg eða fá á heimili, en börn njóta útvarps þegar kornung að aldri. Þá vilja flutningsmenn benda á, að sameiginlegt hljóðvarpsgjald hjóna yrði svipað að upphæð, hvort sem sú leið væri valin, að þau greiddu sameiginlega eitt og hálft gjald eða yrðu látin greiða tvöfalt gjald, þ. e. fullt gjald hvort um sig. Það er talið, að um helmingur þeirra, sem greiða iðgjöld til almannatrygginga nú, séu hjón, þ. e. rúmlega 35 þúsund einstaklingar og samtals 35 þús. kvæntir karlar og giftar konur. Ef innheimt væri eitt og hálft gjald af hjónum mundi hljóðvarpsgjöldunum fækka úr ca. 77 þús. í ca. 68 þús. og gjaldið á hvert nef því hækka að sama skapi, miðað við tiltekna tekjuþörf hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins. Þær tölur, sem hér hafa verið tilgreindar, eru með þeim fyrirvara, að þær eru ekki hárnákvæmar. Þær ættu þó að gefa allrétta mynd.

Ef tekjuþörf hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins í afnotagjöldum er áætluð um 40 milljónir króna, sem ekki mun fjarri lagi, miðað við síðustu ákvörðun um af-

notagjald hljóðvarps, mundi hljóðvarpsgjald einstaklings skv. ákvæðum frumvarpsins verða ca. 520 kr. á ári og hljóðvarpsgjöld hjóna því samtals ca. 1040 kr. á ári. Ef hjónin greiddu hins vegar eitt og hálft gjald saman, mundi hljóðvarpsgjaldið, miðað við áðurnefnda tekjuþörf Ríkisútvarpsins, nema um 590 krónum á einstakling og hljóðvarpsgjald hjóna því ca. 885 kr. Þannig mundi ekki muna nema ca. 155 krónum á ári fyrir hjón, hvor leiðin yrði valin.

Vafalaust má telja, að kostnaður við innheimtu hljóðvarpsgjalds muni minnka verulega með því að innheimta það sem nefskatt samtímis þinggjöldum gjaldenda.

Engar breytingar munu verða á innheimtu sjónvarpsgjalda skv. þessu frv.

Fjárhæð afnotagjalds hljóðvarps síðasta gjaldár var 820 kr.

Flutningsmenn vilja taka það fram, að þeir eru fúsir til samkomulags um að fara þá leið við ákvörðun hljóðvarpsgjalds hjóna og við ákvörðun marka um gjaldendur, sem mestan hljómgrunn finnur. Munu þeir því fylgja þeim breytingum, sem kynni að verða lagt til að gerðar yrðu á þessum ákvæðum frumvarpsins og vænlegar þættu til víðtæks samkomulags um málið.

Að lokum vilja flutningsmenn leggja áherzlu á það, að með frumvarpi þessu er ekki á nokkurn hátt vegið að fjárhagslegu sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það er áríðandi, að stofnun, sem gegnir svo þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu sem Ríkisútvarpið, hafi sjálfstæðan fjárhag. Ákvörðunarvald um hljóðvarpsgjald og fjárhæð þess verður áfram í höndum menntamálaráðherra og forráðamanna Ríkisútvarpsins, verði frumvarp þetta að lögum.

Nd. 90. Frumvarp til laga [71. mál]

um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Pétur Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Enn fremur bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknum. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Fyrirlestrar skulu haldnir m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, hagræðingarmál, vöruvöndun, endurhæfingu starfsmanna og kjararannsóknir. Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í verkalýðsfélagi.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu fjórir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, en félagsmálaráðherra tilnefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur úr reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Það sér skólanum enn fremur fyrir húsnæði.

Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1969—70.

Greinargerð.

Árið 1954 bar Hannibal Valdimarsson fyrst fram á Alþingi frumvarp um skóla verkalýðssamtakanna, og enn flutti hann frumvarp um sama efni á þingi 1955, en hvorugt hlaut endanlega afgreiðslu. — Þá fluttu þeir Björn Jónsson, Finnbogi R. Valdimarsson og Alfreð Gíslason frumvarpið um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna á þinginu 1957—1958 og Hannibal Valdimarsson og Eðvarð Sigurðsson á þinginu 1960. Var málið sem áður svæft í nefnd, og er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í meginatriðum samhljóða því.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðanna.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með sífelldum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess,

að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, það, að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helztu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé að mestu í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Þykir þetta jafnsjálfsagt og t. d., að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er að öllu leyti undir hennar eigin stjórn. Verkalýðshreyfingin er óháð ríkisvaldinu og mundi því ekki una því, að það hefði eitt á hendi stjórn á skóla hennar eða á öðrum málum hennar, enda þótt ríkisvaldið sýni henni þá viðurkenningu og trúnað að veita henni fjárhagslegt fulltingi til þess menningarstarfs, sem hér ræðir um.“

Sþ. 91. Fyrirspurn [72. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu viðbótarskatta og skattsekta.

Frá Kristjáni Thorlacius.

a. Hve mikið hefur þegar verið innheimt af þeim viðbótarsköttum og skattsektum, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra, skattsektanefnd og dómstólar hafa lagt á frá upphafi?
b. Hve miklu hafa þessir viðbótarskattar og sektir numið samtals?
c. Hve miklu hafa aðrir skattar (tekjuskattur, eignarskattur og útsvar) numið hjá þeim aðilum, sem viðbótarskatt hafa hlotið, og hafa þeir skattar verið innheimtir að fullu? Ef svo er ekki, hverjar eru þá óinnheimtar eftirstöðvar hjá þessum aðilum?

Nd. 92. Frumvarp til laga [73. mál]

um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Flm.: Kristján Thorlacius, Magnús Kjartansson.

1. gr.

Lög nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, eru úr gildi fallin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að afnumið verði bann við verkföllum opinberra starfsmanna, er felst í lögum nr. 33 frá 1915.

Bann þetta var lögfest við allt aðrar aðstæður en nú eru í þjóðfélaginu. Síðan hefur verkfallsréttur annarra launastétta verið ákveðinn með lögum, og er það algert misrétti, að starfsmenn ríkis og bæja búi ekki við sama rétt og aðrir landsmenn í þessu efni.

Lögum nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var ætlað að bæta hér úr að nokkru, en reynslan hefur sýnt, að sá takmarkaði samningsréttur, sem þau lög ákveða, þar sem gerðardómur (Kjaradómur) hefur endanlegt úrskurðarvald, hefur ekki reynzt vel.

Flm. telja eðlilegt, ef frumvarp þetta verður að lögum, að jafnframt verði lögfest sérstök ákvæði í samráði við samtök opinberra starfsmanna um samningsrétt þeirra, er starfa við öryggisþjónustu, og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu samtaka opinberra starfsmanna.

Á Norðurlöndum hefur orðið sú þróun á undanförnum árum, að í Noregi og Svíþjóð hefur verið lögfestur verkfallsréttur opinberra starfsmanna, og hvorki í Danmörku né Finnlandi eru lagaákvæði, er banna verkföll þeirra.

Nd. 93. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Kristján Thorlacius.

1. gr.

Síðasti málsliður 5. mgr. 50. gr. laganna orðist svo:

Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar hámarkslaunum barnakennara, eins og þau eru á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 50. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, er ákvæði um, að þegar ákveða skal sjúkradagpeninga húsmæðra, skuli tekjur þeirra metnar til jafns við tekjur öryrkja eða, svo að vitnað sé í 13. gr. laganna, þá þeirra, sem ekki eru færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn.

Hér er um fráleitt ákvæði að ræða og greinilega leifar frá þeim tíma, að konur höfðu ekki í orði, hvað þá heldur á borði, jafnrétti í launamálum.

Fyrir utan það, að um er að ræða fjárhagslegt hagsmunamál fyrir allar húsmæður í landinu, er þetta svo niðrandi mat á húsmóðurstarfinu, að ekki tekur tali.

Flestir viðurkenna, að heimilið og uppeldisstarfið, sem þar fer fram, sé það, sem þjóðfélagið eigi hvað mest undir. Er því ranglátt og hættulegt að vanmeta svo starf þess forstöðumanns heimilisins, sem oft og tíðum hvílir hvað mest ábyrgð á.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að þetta verði leiðrétt og tekjur húsmæðra miðaðar við laun barnakennara, þegar sjúkradagpeningar eru ákveðnir til þeirra.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins.

Flm.: Magnús Kjartansson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd að semja rækilega greinargerð um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins í tilefni þess, að 1969 getur hvert aðildarríki bandalagsins sagt sig úr því með eins árs fyrirvara. Í greinargerðinni skal rætt um þau vandamál, sem tengd eru aðild Íslands að bandalagi þessu, um breytingar á alþjóðamálum á þeim 20 árum, sem bandalagið hefur starfað, og viðhorfin nú; enn fremur verði þar raktar hugmyndirnar um öryggisbandalag Evrópu, sem leysi Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið af hólmi. Greinargerð þessi skal lögð fyrir Alþingi, er það hefur störf í ársbyrjun 1969, en að loknum umræðum um hana verði teknar ákvarðanir um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins.

Greinargerð.

Í 13. grein Norður-Atlantshafssamningsins segir svo: „Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga“. Norður-Atlantshafssamningurinn gekk í gildi 24. ágúst 1949, og þann dag 1969 gætu Íslendingar því sagt samningnum upp af sinni hálfu. Aðild Íslands að bandalagi þessu hefur frá öndverðu verið mikið deilumál á Íslandi. Á þeim tuttugu árum, sem bandalagið hefur starfað, hafa orðið miklar breytingar á alþjóðamálum, hernaðartækni og samskiptum ríkja, svo að viðhorf nú eru mjög ólík því, sem þau voru 1949. Mikið hefur að undanförnu verið rætt um nýjar leiðir til þess að tryggja frið í Evrópu, þar á meðal um öryggissáttmála, sem nái til allra ríkja álfunnar og leysi af hólmi Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið. Af þessum ástæðum öllum virðist einsætt, að Íslendingar og Alþingi fjalli gaumgæfilega um þessi vandamál í tilefni þess, að þjóðin á þess senn kost að segja sig úr Norður-Atlantshafsbandalaginu, en síðan verði teknar ákvarðanir um stefnu Íslands.

Hér er lagt til, að umræður og ákvarðanir verði undirbúnar með því, að utanríkismálanefnd verði falið að safna gögnum og gera grein fyrir meginröksemdum í þessu máli, svo að umræður geti orðið sem raunsæjastar og málefnalegastar. Vænta flutningsmenn þess, að um þá málsmeðferð þurfi ekki að verða ágreiningur á þingi.

Nd. 95. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um athugun á kaupum og útgerð verksmiðjutogara.

Flm.: Haraldur Henrysson, Gísli Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Bragi Sigurjónsson, Hjalti Haraldsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar þátttöku í athugunum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem miða að kaupum og útgerð verksmiðjutogara. Fáist jákvæðar niðurstöður af sameiginlegum athugunum, verði stefnt að því, að ríkið eigi aðild að framkvæmd þessa máls eða veiti þá aðstoð, sem nauðsynleg er. Verði Alþingi gerð grein fyrir gangi málsins, þegar er niðurstöður liggja fyrir.

Greinargerð.

Nýlega skipaði stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands nefnd til athugunar á möguleikum á kaupum og útgerð verksmiðju-skuttogara. Nefndin, sem skilaði áliti fyrir nokkru, komst að þeirri niðurstöðu, „að rekstur á ca. 2 500 smálesta (brúttó) verksmiðju-skuttogara, búnum hagkvæmum nýtízku vinnsluvélum, sé sýnilega hagkvæmur og fjárhagslega öruggur miðað við núgildandi verðlag og afla, sem telja verður algjört lágmark á slíkt skip, reiknað með 300 úthaldsdögum". Jafnframt segir, „að slík útgerð sé þjóðfélagslegt hagsmunamál, þar sem erlendur kostnaður, vegna kaupverðs á skipi, eldsneytiseyðslu og veiðarfæra, sé hverfandi miðað við gjaldeyrisöflun skipsins, eða mest fyrsta árið 20—25%.

Það þarf ekki að rekja, enda oft og víða verið gert á undanförnum árum, að togarafloti landsmanna, sem að meginstofni til var endurnýjaður fyrir liðlega 20 árum, er nú orðinn mjög úr sér genginn og ekki lengur fær um að gegna mikilvægu hlutverki sínu. Það er og ljóst, að við Íslendingar höfum mjög dregizt aftur úr í úthafsfiskveiðum og höfum ekki hagnýtt okkur að neinu ráði þá tækni, sem í boði er til vinnslu fisks um borð í fiskiskipum. Undanfarin ár hefur mestur hluti fjárfestingar til sjávarútvegsins runnið til síldarútvegs og mest áherzla lögð á smíði vélbáta af stærri gerð, en hin þýðingarmikla togaraútgerð hefur verið algerlega vanrækt. Er nú svo komið, að miklum hluta togaraflotans hefur verið lagt þrátt fyrir gífurlega möguleika til gjaldeyrisöflunar.

Við endurnýjun á flota stærri fiskiskipa okkar hljótum við fyrst og fremst að hafa það í huga, að hin nýju skip geti sótt afla á hvaða fjarlæg mið sem er og jafnframt skilað afla sínum sem óaðfinnanlegri útflutningsvöru. En eigi þau skip, sem ætlað yrði að leita á fjarlægari mið, að geta skilað fullkominni markaðsvöru, er nauðsynlegt, að þau verði þannig útbúin, að þau geti sjálf unnið úr afla sínum og gert hann markaðshæfan. Aðrar þjóðir hafa þegar hagnýtt sér í ríkum mæli hina auknu tækni í fiskvinnslu, sem hefur gert kleift að vinna fiskinn um borð í veiðiskipunum þegar í stað. Íslenzkir sjómenn hafa þannig árum saman fylgzt með því á fiskveiðum sínum á djúpmiðum, hvernig aðrar fiskveiðaþjóðir breyta afla sínum á miðunum í dýrmæta markaðsvöru, á sama tíma og þeir sjálfir selja verulegt magn af sínum afla sem óunnið hráefni. Það væri hið mesta óráð og hörmuleg mistök, ef við nú leggjum í kaup á dýrum fiskiskipum án þess að taka tillit til hinnar auknu tækni í fiskvinnslu og þeirra möguleika, sem hún býður upp á. Það yrði til þess, að við drægjumst enn aftur úr á þessu sviði og stæðum enn hallari fæti í hinni hörðu samkeppni um fiskmarkaði.

Við endurnýjun togaraflotans fyrir rúmlega 20 árum gegndi ríkið forustuhlutverki, og án þeirrar forustu er hæpið, að endurnýjun togaraflotans hefði átt sér stað. Þarf ekki að lýsa því nú, hve mikla björg nýsköpunartogararnir svonefndu hafa fært þjóðarbúinu á undanförnum tveimur áratugum. Engum er ljósari þörfin á endurnýjun þessa flota en sjómönnum, eins og hið lofsverða framtak F.F.S.Í. nú ber með sér. Má í því sambandi einnig minna á, að þessi sömu samtök beittu sér fyrir því í stríðslok, að verulegum hluta stríðsgróðans yrði varið til endurnýjunar togaraflotans. Það væri mikill ábyrgðarhluti og skammsýni að skella nú skollaeyrum við tillögum sjómanna og samtaka þeirra um þessi þýðingarmiklu málefni, og væri fagnaðarefni, ef samstaða gæti náðst milli þeirra og ríkisvaldsins um farsæla lausn þeirra.

Ed. 96. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Aftan við 17. gr. bætist:

Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarkonur, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvenna á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarkvenna, sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjúkrunarfélag Íslands hefur farið þess á leit við stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, að hjúkrunarkonu, sem vinnur á skrifstofu félagsins að félagsmálum hjúkrunarkvenna, verði veittur aðgangur að lífeyrissjóðnum. Telur félagið þetta mikið hagsmunaatriði, því erfitt geti reynzt að fá hjúkrunarkonur til vinnu fyrir félagið, ef þær þurfi að afsala sér lífeyrissjóðsréttindum, meðan þær starfi hjá félaginu.

Þá vísar félagið einnig máli sínu til stuðnings til þess, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fékk sams konar réttindi fyrir starfsmenn sína með lögum nr. 23/1967.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur fyrir sitt leyti fallizt á sjónarmið félagsins og mælt með, að breyting þessi verði gerð.

Nd. 97. Frumvarp til laga [9. mál]

um Landsbókasafn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. nóv.)

Samhljóða þskj. 9 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Landsbókasafn skal þaulsafna prentuðu efni íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentuðu efni, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

Nd. 98. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Kristján Thorlacius.

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar barnaverndarráð til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila: Kvenfélagasambands Íslands, Læknafélags Íslands, Prestafélags

Íslands og Sambands íslenzkra barnakennara, einn fulltrúa frá hverjum, en hinn fimmta, formanninn, skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal skipað í barnaverndarráð samkvæmt þessum ákvæðum, þegar starfstímabili núverandi barnaverndarráðs lýkur.

Greinargerð.

Með lögum þeim, sem nú gilda um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, var fjölgað í barnaverndarráði úr 3 í 5 og gerð sú breyting á skipun í ráðið, að skipunin var að öllu leyti lögð á vald ráðherra, en samkvæmt lögum, sem áður giltu, nr. 29/1947, skyldi skipa einn fulltrúa eftir tilnefningu Sambands íslenzkra barnakennara, annan eftir tilnefningu Prestafélags Íslands, en ráðherra skipaði formann án tilnefningar.

Í barnaverndarráð hafa valizt gegnir menn, og er frv. þetta ekki flutt sem vantraust á störf þeirra. En það yrði barnaverndarráði tvímælalaust styrkur í vandasömu starfi að hafa að baki sér öflug samtök á sviði uppeldis-, heilbrigðis- og menningarmála, eins og hér er lagt til.

Í 6. gr. gildandi laga um vernd barna og ungmenna eru þau skynsamlegu fyrirmæli, að barnaverndarnefndir skuli að jafnaði skipaðar bæði konum og körlum. Í ákvæðum sömu laga er aftur á móti ekki vikið að því, að konur skuli eiga sæti í barnaverndarráði, enda á þar engin kona sæti. Þetta er misráðið. Barnaverndarmál eru vandasöm og viðkvæm, og á meðferð þeirra geta oltið örlög og hamingja margra manna. Konur eru ekki síður líklegar en karlar til að leggja skynsamlegt til þessara mála, og því er með frumvarpinu lagt til, að Kvenfélagasamband Íslands tilnefni einn fulltrúa í barnaverndarráð. Aðrir aðilar, sem lagt er til að tilnefni fulltrúa, eru Læknafélag Íslands, Prestafélag Íslands og Samband íslenzkra barnakennara, og samkvæmt gildandi lögum á barnaverndarráð að ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál.

Kvenfélagasamband Íslands mun væntanlega tilnefna konu í barnaverndarráð, þótt ekki sé það gert að skilyrði, og hinir tilnefningaraðilarnir geta að sjálfsögðu einnig tilnefnt konur í ráðið, ef þeim býður svo við að horfa. Tel ég hvort tveggja mikilsvert, að þau félagssamtök, sem hér eru nefnd, eigi fulltrúa í barnaverndarráði og fylgist þannig á ábyrgan hátt með störfum þess, og svo hitt, að kona, ein eða fleiri, eigi sæti í ráðinu, en það tryggja ákvæði frumvarpsins betur en gildandi lög.

Frv. gerir ráð fyrir, að skipað verði í barnaverndarráð samkvæmt þessum ákvæðum, þegar núverandi skipunartímabili barnaverndarráðs lýkur.

Nd. 99. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

Flm.: Haraldur Henrysson, Hjalti Haraldsson.

1. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skipverjar varðskipa ríkisins framkvæma skoðanir á hafi úti með þeim takmörkunum, sem um getur í 18. gr.

2. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur hafa skipverjar á varðskipum ríkisins heimild til stöðvunar íslenzkra skipa í þeim tilgangi að framkvæma skoðun á þeim búnaði þeirra, sem um getur í 31.

gr., B-, C-, D- og F-liðum og reglugerðum, sem settar eru þar að lútandi. Svo og geta þeir stöðvað för skips og framkvæmt bráðabirgðaskoðun, telji þeir augsýnt af siglingu þess, að haffærni sé ábótavant eða hleðsla ólögleg. Telji varðskipsmenn ástæðu til vegna öryggis áhafnar eða skips, skulu þeir skipa því að halda til hafnar og gera jafnframt eftirlitsmanni skipaskoðunarinnar viðvart, og skal hann framkvæma frekari skoðun. Varðskipsmenn skulu jafnan senda sýslumanni, bæjarfógeta eða sakadómara (í Reykjavík) í umdæmi því, sem skip er gert út frá, svo og skipaskoðunarstjóra, skýrslu um skoðun sína, telji þeir hana leiða í ljós, að fyrirmælum laga og reglugerða um búnað, haffærni eða hleðslu hafi ekki verið hlýtt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að skipverjar á varðskipum ríkisins, sem lögum samkvæmt eru lögreglumenn, fái vald til skoðunar um borð í öllum íslenzkum skipum í ákveðnum tilvikum. Eins og nú er, geta einungis sérstakir skipaskoðunarmenn, skipaðir af skipaskoðunarstjóra, framkvæmt skoðanir á skipum og búnaði þeirra. Hér er lagt til, að varðskipsmenn geti hvenær sem er framkvæmt skoðun á ýmsum öryggisbúnaði skipa skv. 31. gr. laganna, þ. e. siglingatækjum, öryggisráðstöfunum og eldvörnum, björgunartækjum og fjarskiptatækjum. Auk þess geti þeir framkvæmt frekari skoðun, ef þeim sýnist af siglingu skipsins, að haffærni þess sé ábótavant eða hleðsla ólögleg.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að töluvert hefur skort á, að fylgt væri reglum um öryggisútbúnað á skipum og reglum um haffærni eða hleðslu, og telja fróðir menn, að mörg slys megi rekja til slíks. Það mundi eflaust verða til aukins aðhalds, ef löggæzla á þessu sviði yrði aukin og skyndiskoðanir framkvæmdar á hafi úti. Útgerðarmenn og skipstjórnarmenn mundu þá eflaust hugsa sig betur um, áður en þeir brytu lög um þessi efni. Hér eru svo ríkir hagsmunir í húfi, að nauðsynlegt hlýtur að teljast, að eftirlit verði sem strangast og virkast. Gert er ráð fyrir, að viðkomandi héraðsdómarar fái skýrslur um brot, og þykir það vera skjótvirkara en að senda mál strax til siglingadóms skv. 45. gr. laganna. Ef saksóknari í samráði við skipaskoðunarstjóra teldi hins vegar málshöfðunar þörf að lokinni rannsókn heima í héraði, yrði mál væntanlega höfðað fyrir siglingadómi.

Sþ. 100. Fyrirspurnir. [80. mál]

I. Til fjármálaráðherra um Vestfjarðaáætlun.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hvaða þáttum Vestfjarðaáætlunar er að fullu lokið?
2. Hvað líður áætlunargerð um uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum?
3. Hefur verið gerð áætlun um samgöngumál Vestfjarða, þar með taldar samgöngur á sjó?
4. Hefur verið gerð sérstök áætlun um menntamál á Vestfjörðum?
5. Hefur verið gerð áætlun um raforkumál í Vestfjarðaáætlun, og hvenær má búast við, að raforku verði komið til allra sveitabýla á Vestfjörðum?
6. Nær Vestfjarðaáætlunin einnig til Strandasýslu, og ef svo er ekki, hvers má þá vænta um hliðstæðar framkvæmdir þar og annars staðar á Vestfjörðum?

II. Til viðskiptamálaráðherra um innlausn Seðlabankans á íslenzkum seðlum, er skipt hefur verið í erlendum bönkum.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hve miklum fjárhæðum hefur Seðlabanki Íslands varið til innlausnar á íslenzkum seðlum, sem skipt hefur verið í gjaldeyri í erlendum bönkum, frá 1. ágúst 1968 til þessa dags?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um Fiskimálaráð.

Frá Jóni Skaftasyni.

a. Hvaða tillögur og ábendingar hefur Fiskimálaráð, sem stofnað var með lögum nr. 35 1968, gert til ráðuneytis sjávarútvegsmála varðandi hið alvarlega ástand, sem nú ríkir í sjávarútvegi og fiskiðnaði?

b. Hvað hefur Fiskimálaráð haldið marga fundi á starfstíma sínum?

c. Hvaða menn eiga sæti í Fiskimálaráði og fyrir hvaða aðila eða samtök?

d. Er ætlunin að hafa samráð við Fiskimálaráð um þá heildarstefnu, sem væntanlega verður mörkuð í sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum, eftir að viðhlítandi ráðstafanir hafa verið gerðar, er tryggja þessum atvinnugreinum rekstrargrundvöll?

IV. Til viðskiptamálaráðherra um verðlagsmál o. fl.

Frá Jóni Skaftasyni.

a. Að hve miklum hluta er notuð heimild í lögum nr. 92 22. des. 1965, um breyting á lögum nr. 30 frá 1960, til innheimtu á 0.5% gjaldi af gjaldeyris- og innflutningsleyfum, svo og 0.5% gjaldi af gjaldeyrissölu bankanna, og hvað er áætlað, að tekjustofnar þessir gefi á þessu ári?

b. Hvernig skiptast tekjur þessar á milli verðlagseftirlitsins, leyfisveitingaskrifstofu gjaldeyrisbankanna og ríkissjóðs?

c. Hvaða vörur og þjónusta er nú undanþegin opinberum verðlagsákvæðum, og á hvaða röksemdum byggjast undanþágurnar?

V. Til iðnaðarmálaráðherra um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvað líður flutningi á skrifstofu Sementsverksmiðju ríkisins frá Reykjavík til Akraness?

2. Gerir hið nýja gengi útflutning á sementi hugsanlegan?

3. Hve mikill þyrfti útflutningur að vera til að mynda grundvöll að stækkun Sementsverksmiðju ríkisins?

VI. Til landbúnaðarráðherra um gengistap áburðarverksmiðju og áburðarverð.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað hefur gengistap Áburðarverksmiðju ríkisins numið háum fjárhæðum í íslenzkum krónum frá og með árinu 1960 til þessa dags?

2. Hvað kemur verð á áburði frá Áburðarverzlun ríkisins til með að hækka mikið í % miðað við íslenzka krónu vegna gengisbreytinga 1967 og 1968?

VII. Til iðnaðarmálaráðherra um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Stefáni Valgeirssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hverjar voru skuldir Sementsverksmiðju ríkisins í árslok 1958, og hverjar eru þær nú?
2. Hvað hefur verið varið hárri fjárhæð í stofnkostnað við verksmiðjuna síðan árið 1958?
3. Hvað hefur tekjuafgangur verksmiðjunnar numið hárri fjárhæð samtals?

Nd. 101. Fyrirspurn [81. mál]

til dómsmálaráðherra um landhelgismál.

Frá Haraldi Henryssyni.

Hver er skipa- og tækjakostur Landhelgisgæzlunnar til landhelgisgæzlu, aðstoðar- og björgunarstarfa, og hvernig er nýting hans?

Nd. 102. Fyrirspurn [82. mál]

til viðskiptamálaráðherra um olíumál.

Frá Haraldi Henryssyni.

Hvað líður störfum nefndar á vegum viðskiptamálaráðuneytisins, sem athuga skyldi fyrirkomulag dreifingar og birgðahalds á olíuvörum?

Hafa verið gerðar eða eru á döfinni ráðstafanir til lækkunar á kostnaði við dreifingu og birgðahald olíuvara?

Hafa verið gerðar athuganir á því, hvort Íslendingum væri hagkvæmt að taka í sínar hendur olíuflutninga til landsins?

Nd. 103. Frumvarp til laga [83. mál]

um greiðslufrest á skuldum vegna heimila.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.

Greiðslufrestur framlengist um helming á fjárskuldbindingum, sem launamenn, námsmenn og aðrir, sem svipað stendur á fyrir, hafa stofnað til fyrir 11. nóv. 1968 hjá opinberri stofnun eða fyrirtækjum og einkaaðilum, sem hafa kaupsýslu, verzlunarrekstur, iðnrekstur eða hliðstæða starfsemi með höndum, enda sé til skuldbindingarinnar stofnað vegna kaupa á íbúð, sem skuldari býr sjálfur í, heimilistækjum eða húsbúnaði, sem hann notar.

Nú hagnýtir skuldari, sbr. 1. mgr., sér greiðslufrest þann, sem þar um ræðir, og er þá heimilt að krefja hann um vexti af skuldinni fyrir þann tíma, sem greiðslufresturinn hefur framlengzt.

2. gr.

Ef launamaður er skráður atvinnulaus í meira en 12 virka daga, falla fjárskuldbindingar hans, sem um getur í 1. gr., ekki í gjalddaga fyrr enn 6 mánuðir eru liðnir frá því að hann var skráður af atvinnuleysingjaskrá.

3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með félagsmál, getur sett reglugerð um nánari framkvæmd á lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Íslandi er það algengara en í flestum eða öllum öðrum löndum, að menn kaupi íbúðir. Lánskjör eru hins vegar óhagkvæmari en víðast hvar annars staðar; til þess er ætlazt, að menn spari andvirði heillar íbúðar á tiltölulega skömmum tíma. Því aðeins hafa launamenn getað risið undir þessu verkefni, að atvinna hefur verið mikil á undanförnum árum, menn hafa lagt á sig aukavinnu, næturvinnu og helgidagavinnu, húsmæður hafa starfað utan heimilis, gamalt fólk og börn hafa unnið fyrir kaupi. Þetta ástand er nú gerbreytt. Aukavinna má heita horfin, húsmæður eiga æ erfiðara með að fá störf utan heimilis, gömlu fólki og unglingum er vísað af vinnumarkaðnum, auk þess sem hundruð manna eru nú á atvinnuleysingjaskrá og hætta á, að sá fjöldi fari mjög vaxandi á næstu vikum og mánuðum. Jafnframt hefur kaupmáttur launa rýrnað að undanförnu, og að því er stefnt af hálfu stjórnarvalda, að hann verði skertur mjög tilfinnanlega á næstunni. Af þessum ástæðum öllum munu þúsundir launamanna lenda í miklum vanda, ekki sízt þeir, sem síðustu árin hafa tekið á sig þunga skuldabagga til kaupa á íbúð, húsbúnaði og heimilistækjum í trausti þess, að þeir gætu til frambúðar haldið óskertum tekjum. Er augljós hætta á því, að mörg hundruð fjölskyldna missi íbúðir sínar og eignir á næstunni, ef ekki verður að gert.

Tilgangur þessa frumvarps er að auðvelda mönnum að halda íbúðum sínum og innanstokksmunum á erfiðum tímum. Í 1. grein er kveðið svo á, að lánstími á skuldum vegna heimila tvöfaldist; hafi maður til að mynda skuldbundið sig til að endurgreiða lán til íbúðar á 20 árum, lengist sá tími nú í fjörutíu ár; hafi verið um að ræða árlegar afborganir, verða þær nú annað hvert ár. Slík lenging mundi auðvelda mörgum að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem hún er mjög eðlileg þjóðfélagsleg ráðstöfun; með slíkri breytingu yrði lánstími hér svipaður og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Í greininni er einnig lagt til, að sams konar lenging verði á lánum vegna kaupa á innanstokksmunum og heimilistækjum; afborganakaup hafa aukizt mjög að undanförnu, en slíkir samningar eru yfirleitt til mjög skamms tíma.

Í 2. grein er kveðið svo á, að óheimilt sé að ganga að manni, sem skráður hefur verið atvinnulaus um tveggja vikna skeið, vegna lána, sem tekin hafa verið til heimilis. Það er skylda hvers þjóðfélags að tryggja öllum þegnum rétt til atvinnu, og því er það ósæmileg félagsleg rangsleitni að ræna menn íbúðum og öðrum eignum, ef þeir hafa ekki getað staðið við skuldbindingar sínar vegna atvinnuleysis. Falli lán í gjalddaga, meðan maður er atvinnulaus, er lagt til, að honum sé veittur viðbótargjaldfrestur, þar til hálft ár er liðið frá því að hann fékk vinnu á nýjan leik.

Ákvæði þessi munu að sjálfsögðu auka vanda lánardrottna. Að því leyti sem um er að ræða kaupsýslumenn, sem selt hafa innanstokksmuni og heimilistæki með afborganakjörum, verður naumast um meiri háttar vanda að ræða; slíkir samningar eru yfirleitt til mjög stutts tíma, svo að tvöföldun á greiðslufresti raskar ekki högum lánardrottins til muna. Bankar og aðrar lánastofnanir eiga einnig að geta tekið á sig þá breytingu á lánstíma, sem á þeim kann að bitna, til að mynda með því að fresta fjárfestingarframkvæmdum. Hins vegar er óhjákvæmilegt að bæta Byggingarsjóði ríkisins þá röskun á tekjuáætlunum, sem hljótast mun af samþykkt þessa frumvarps. Í sambandi við nýjustu gengislækkun hafa ráðherrar lýst yfir því, að málefni Bygg-

ingarsjóðs ríkisins séu nú í sérstakri athugun og sé ætlunin að tryggja honum verulega aukið fjármagn. Þann vanda, sem hlytist af samþykkt þessa frumvarps, væri hægt að leysa í sambandi við þá athugun ríkisstjórnarinnar.

Enda þótt samþykkt þessa frumvarps mundi auðvelda launamönnum að standa við skuldbindingar sínar, halda íbúðum sínum og öðrum eignum, fer því fjarri, að ákvæði þess leysi allan slíkan vanda. Hjá sumum er svo ástatt, að vafalaust þarf að koma til enn lengri gjaldfrestur eða eftirgjöf á skuldum. Væri mikil nauðsyn, að það vandamál væri kannað til hlítar og sú könnun notuð til að semja löggjöf um skuldaskil heimila.

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um eignakönnun.

Flm.: Magnús Kjartansson, Ragnar Arnalds, Karl Guðjónsson, Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er frumvarp til laga um eignakönnun. Skal tilgangur frumvarpsins sá að afla sem gleggstrar vitneskju um eignaskiptingu hér á landi og sérstaklega um eignasöfnun af völdum verðbólgu og gengislækkana, svo að síðar sé unnt að nota þá vitneskju til þess að afla fjár til aukins atvinnuöryggis og tekjujöfnunar.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa meiri fjármunir streymt um þjóðfélagið en nokkru sinni fyrr. Aukið aflamagn og stórbætt viðskiptakjör færðu Íslendingum milljarðafúlgur aukalega ár eftir ár, auk þess sem milljarðar króna voru teknir að láni erlendis á sama tíma og fluttir til landsins. Þegar erfiðleikar steðja að eftir slíkt velmegunartímabil, er nauðsynlegt að afla sem gleggstrar vitneskju um það, hvar þessir miklu fjármunir hafa stöðvazt í þjóðfélaginu, hvernig eignaskiptingu er háttað, svo að unnt sé að jafna óhjákvæmilegum byrðum réttlátlega niður. Sérstaklega er mikilvægt að afla vitneskju um þá aðila, sem hagnazt hafa á verðbólgu og opinberum aðgerðum, svo sem síendurteknum gengislækkunum, án þess að leggja af mörkum nokkra gagnlega félagslega þjónustu. Undanbragðalaus könnun á þessum aðstæðum og réttlát skattheimta í samræmi við niðurstöður hennar eru forsendur þess, að samkomulag geti tekizt meðal landsmanna um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Nd. 105. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 42. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Fram skal fara ýtarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki orkar það tvímælis, að skattframtöl eru ekki svo örugg sem skyldi. Mikla nauðsyn ber til, að hér verði ráðin bót á, því að ekkert er fráleitara en að þeir heiðarlegu séu látnir greiða hærri gjöld en ella vegna hinna, er svíkja undan skatti.

Með þessu frv. er lagt til, að breytt verði um vinnuaðferð við úrvinnslu á framtölum. Er það skoðun flutningsmanna, að þessi aðferð muni reynast örugg í framkvæmd, ef henni er fylgt svo eftir sem hér er lagt til. Auk þess mætti með því að nota þessa vinnuaðferð draga verulega úr kostnaði við endurskoðun á skattframtölum frá því, sem nú er, enda væri þá hætt óþörfum og þýðingarlausum bréfaskriftum, svo sem nú eiga sér stað.

Nd. 106. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

H-liður 4. gr. laganna (Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. gr.

a. Á eftir orðinu „Nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: og önnur innlend matvæli.
b. Á eftir 2. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
   1. Kaffi, sykur og kornvörur.
   2. Olía.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af því, sem Framsóknarflokkurinn lagði áherzlu á sem úrræði við lausn efnahagsvandamálanna í viðræðum þeim, sem fram fóru á milli stjórnmálaflokkanna, var það að „minnka vandann“, þ. e. að draga úr kostnaði við atvinnurekstur og framfærslu á heimilum. Þetta frv er einn liður í þeirri keðju að draga úr kostnaði, og miðar það að því að draga úr kostnaði við rekstur heimilanna í landinu. Engum, sem metur hlutina rétt, getur blandazt hugur um það, að afkoma heimilanna hefur stórversnað tvö síðustu árin. Þó hefur útlitið aldrei verið verra en nú.

Engan þarf að undra, þótt fram komi á Alþingi frv. eins og það, sem hér er flutt, ekki sízt þegar verðlagsþróun síðustu ára er höfð í huga, minnkandi atvinna og verulega dregið úr niðurgreiðslum ríkissjóðs, eins og ákveðið var á síðastliðnu ári.

Með verðstöðvunarlögunum haustið 1966 var ákveðið, að ríkissjóður greiddi niður vöruverð svo sem hér greinir:

Dilkakjöt	33.5%	af	heildarverði	(smásöluverði)
Nýmjólk	66.5%	–	—	—
Smjör	93.9%	–	—	—

Enn fremur voru þá niðurgreiðslur á smjörlíki og ostum.

Nú eru þessi hlutföll sem hér segir, miðað við 15. nóv. s. l.:

Dilkakjöt	17.7%	af	heildarverði
Nýmjólk	51.7%	–	—
Smjör	63.9%	–	—

Niðurgreiðslu á smjörlíki og ostum er hætt.

Því verður ekki trúað, að þeir ráðamenn þjóðarinnar, er stóðu fyrir verðstöðvunarlögunum 1966, lögum, sem byggðust á því, að ríkissjóður greiddi niður vöruverð í svo ríkum mæli, af því að fólkið í landinu gæti ekki greitt nauðsynlegustu matvæli með svo háu verði með þeim tekjum, er það hafði þá, geti neitað nú um þessa lækkun á nauðsynlegustu matvælum og fleiri allra nauðsynlegustu vörutegundum, sem hér er lagt til að lækka verð á. Það eru heldur engin rök, að ríkissjóður geti ekki af þessum tekjum misst.

Við flutningsmenn þessa frv. gerum okkur grein fyrir erfiðum fjárhag ríkissjóðs og höfum oft leitt rök að því, að svo mundi verða með þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið. Við gerum okkur þó ljóst, að ríkissjóður getur sparað útgjöld á móti þessum tekjumissi og á ólíkt léttara með það en heimilin í landinu, þar sem kjör þeirra eru rýrð um 10—18% með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Þetta frv. er flutt til að bæta að litlu leyti úr þeim vanda, sem stefnan í efnahagsmálum hefur leitt til, á þann hátt, sem auðveldast er.

Nd. 107. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu felst sú breyting á lögum um lánasjóð ísl. námsmanna, að nemendur í kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands verði meðal þeirra, sem láns og styrks geti notið úr lánasjóðnum, enda er hér um að ræða nemendur, sem hafa að baki námsferil, sem svarar til náms á fyrsta ári í Háskóla Íslands, við erlenda háskóla og við erlenda tækniskóla. Breytingin gefur ekki tilefni til annarrar röskunar á bókstaf gildandi laga, þar sem eigi þykir ástæða til þess að breyta af þessu tilefni tilhögun þeirri um skipan stjórnar sjóðsins, sem 3. gr. laganna gerir ráð fyrir.

Sþ. 108. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi, sem gerður var í London 1. júní 1967.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd í London 1. ágúst 1967. Er markmið hans að tryggja góða reglu og eftirlit með alþjóðlegum siglingareglum við fiskveiðar á Norður-Atlantshafi. Samningurinn var gerður í London 1. júní 1967. Tekur hann gildi á nítugasta degi eftir þann dag, sem 10. fullgildingareða staðfestingarskjalið hefur verið afhent. Hafa flest ríki, sem fiskveiðar stunda á samningssvæðinu undirritað samninginn.

Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal, ásamt íslenzkri þýðingu, með þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM REGLUR UM FISKVEIÐAR Í NORÐUR-ATLANTSHAFI

Ríkisstjórnir Belgíu, Kanada, Danmerkur, Lýðveldisins Frakklands, Sambandslýðveldisins Þýzkalands, Íslands, Írlands, Ítalíu, Luxembourg, Hollands, Noregs, Alþýðulýðveldisins Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar, Bandaríkja Ameríku, Sovétríkjanna og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,

sem æskja að tryggja góða reglu og háttu á fiskimiðum Norður-Atlantshafs,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningur þessi tekur til Atlantshafs og Norður-Íshafs og tengdra hafsvæða þeirra, svo sem nánar er skilgreint í Viðauka I við samning þennan.

CONVENTION ON CONDUCT OF FISHING OPERATIONS IN THE NORTH-ATLANTIC

The Governments of Belgium, Canada, Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, Iceland, Ireland, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Norway, the Polish People's Republic, Portugal, Spain, Sweden, the United States of America, the Union of Soviet Socialist Republics, and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

Desiring to ensure good order and conduct on the fishing grounds in the North Atlantic area;

Have agreed as follows:

Article 1

(1) The present Convention applies to the waters of the Atlantic and Arctic Oceans and their dependent seas which are more specifically defined in Annex I to this Convention.

2. Í samningi þessum merkir
„fiskiskip“ hvert það skip, sem stundar fiskveiðar.
„Skip“ merkir sérhvert fiskiskip og skip, sem notað er til fiskvinnslu eða annast vistaútvegun eða þjónustu við fiskiskip.

(2) In this Convention
"fishing vessel" means any vessel engaged in the business of catching fish;
"vessel" means any fishing vessel and any vessel engaged in the buisness of processing fish or providing supplies or services to fishing vessels.

2. gr.
Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hafa nokkur áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir nokkurs samningsríkis að því er varðar mörk landhelgi þess, fiskveiðitakmörk eða lögsögu strandríkis yfir fiskveiðum.

Article 2
Nothing in this Convention shall be deemed to affect the rights, claims or views of any Contracting Party in regard to the limits of territorial waters or national fishery limits, or of the jurisdiction of a coastal State over fisheries.

3. gr.
1. Fiskiskip hvers samningsríkis skulu skrásett og auðkennd samkvæmt reglum þess ríkis til þess að tryggja kennsl þeirra á hafi úti.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld hvers samningsríkis skulu ákvarða einn eða fleiri bókstafi og töluröð fyrir hverja höfn eða umdæmi.
3. Hvert samningsríki skal gera skrá um þessi auðkenni.
4. Sú skrá, og allar breytingar, sem síðar kunna að verða gerðar á henni, skal tilkynnt hinum samningsríkjunum.

5. Ákvæði Viðauka II við samning þennan skulu gilda um fiskiskip, báta þeirra og veiðarfæri.

Article 3
(1) The fishing vessels of each Contracting Party shall be registered and marked in accordance with the regulations of that Party in order to ensure their identification at sea.
(2) The competent authority of each Contracting Party shall specify one or more letters and a series of numbers for each port or district.
(3) Each Contracting Party shall draw up a list showing these letters.
(4) This list, and all modifications which may subsequently be made in it, shall be notified to the other Contracting Parties.
(5) The provisions of Annex II to this Convention shall apply to fishing vessels and their small boats and fishing implements.

4. gr.
1. Auk þess að fara eftir alþjóðasiglingareglunum (alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó), skulu fiskiskip hvers samningsríkis lúta ákvæðum Viðauka III við samning þennan.

2. Engin önnur viðbótarljós- eða hljóðmerki en Viðaukinn mælir fyrir um skulu notuð.

Article 4
(1) In addition to complying with the rules relating to signals as prescribed in the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, the fishing vessels of each Contracting Party shall comply with the provisions of Annex III to this Convention.
(2) No other additional light and sound signals than those provided in the Annex shall be used.

5. gr.
Net, línur og önnur veiðarfæri er liggja við festar í sjó, og net eða línur á reki

Article 5
Nets, lines and other gear anchored in the sea and nets or lines which drift in

í sjó, skulu merkt í því skyni að sýna legu þeirra og umfang. Merkin skulu vera í samræmi við ákvæðin í Viðauka IV við samning þennan.

6. gr.

1. Í samræmi við alþjóðasiglingareglurnar (alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó) skulu öll skip haga aðgerðum sínum svo, að ekki komi í bága við athafnir fiskiskipa eða meðferð veiðarfæra, og lúta ákvæðum Viðauka V við samning þennan.

2. Til þess að auðvelda framkvæmd þessara reglna, geta hlutaðeigandi stjórnvöld samningsríkja að vild sinni tilkynnt hlutaðeigandi stjórnvöldum annarra samningsríkja, sem líklegt er, að málið varði, staðsetningu eða sennilegan stað flota fiskiskipa eða veiðarfæra, sem þeim er kunnugur, og samningsríki, sem slíka tilkynningu fá, skulu gera þær ráðstafanir, sem hentugar eru, til þess að tilkynna skipum sínum um það. Þeir eftirlitsmenn, sem tilnefndir verða samkv. 9. gr. samnings þessa, geta einnig vakið athygli skipa á veiðarfærum, sem í sjó liggja.

7. gr.

1. Um sérhvern ágreining, sem rís milli þegna hinna ýmsu samningsríkja um skemmd veiðarfæri eða skemmdir á skipum vegna flækju á veiðarfærum, gildir eftirfarandi, sé ekki samkomulag milli samningsríkjanna um lausn slíks ágreinings:

Eftir ósk samningsríkis þess aðila, sem kröfu hefur uppi, skipa þau samningsríki, sem málið varðar, rannsóknarnefnd eða annað rétt yfirvald til að fjalla um kröfuna. Þessar nefndir eða yfirvöld kanna málavexti og leitast við að ná lausn.

2. Þessar ráðstafanir skerða í engu rétt kröfuhafa til að framfylgja kröfum sínum með venjulegri lögsókn.

8. gr.

1. Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til

the sea shall be marked in order to indicate their position and extent. The marking shall be in accordance with the provisions of Annex IV to this Convention.

Article 6

(1) Subject to compliance with the International Regulations for Preventing Collisions at Sea all vessels shall conduct their operations so as not to interfere with the operations of fishing vessels or fishing gear and shall conform to the provisions of Annex V to this Convention.

(2) For the better implementation of these provisions the competent authorities of Contracting Parties may at their discretion notify the competent authorities of other Contracting Parties likely to be concerned of concentrations or probable concentrations known to them of fishing vessels or fishing gear, and Contracting Parties receiving such notification shall take such steps as are practicable to inform their vessels thereof. The authorised officers appointed in accordance with Article 9 of this Convention may also draw the attention of vessels to fishing gear placed in the sea.

Article 7

(1) In any dispute that arises between the nationals of different Contracting Parties concerning damaged gear or damage to vessels resulting from entanglement of gear, the following procedure will apply in the absence of agreement among the Contracting Parties concerning the resolution of such disputes:

At the request of the Contracting Party of a complainant each Contracting Party concerned will appoint a review board or other appropriate authority for handling the claim. These boards or other authorities will examine the facts and endeavour to bring about a settlement.

(2) These arrangements are without prejudice to the rights of complainants to prosecute their claims by way of ordinary legal procedure.

Article 8

(1) Each Contracting Party undertakes to take such measures as may be appro-

að beita og framkvæma ákvæði þessa samnings að því er varðar skip þess og veiðarfæri.

2. Á svæði, þar sem strandríki hefur fiskveiðilögsögu, skal það hafa á hendi framkvæmd og beitingu samningsákvæða þessara.

3. Á slíku svæði getur strandríkið sett sérstakar reglur og undanþágur frá sérhverri reglu í Viðaukum II til V í samningi þessum um skip eða veiðarfæri, sem vegna stærðar sinnar eða gerðar eru notuð til veiða aðeins með ströndum fram, svo fremi engin mismunun, í formi eða reynd, eigi sér stað gagnvart skipum annarra samningsríkja, sem rétt eiga til veiða á þessum slóðum. Áður en sérstakar reglur og undanþágur samkvæmt grein þessari eru gerðar varðandi svæði, sem erlend fiskiskip mega stunda veiðar á, skal samningsríki tilkynna samningsríkjum, sem málið varðar, ætlun sína og ráðfæra sig við þau, ef þau óska þess.

priate to implement and enforce the provisions of this Convention with respect to its vessels and gear.

(2) Within the area where a coastal State has jurisdiction over fisheries, the implementation and enforcement of the provisions of this Convention shall be the responsibility of the coastal State.

18. Sjólag, sjávarföll og straumátt og styrkur.
19. Aðrar aðstæður, sem skipta máli.
20. Lýsið, með teikningu, ef þörf krefur, afstöðu skipa og veiðarfæra.
21. Merking allra viðkomandi veiðarfæra, hvort heldur fastra eða á reki.

AÐRAR UPPLÝSINGAR.

22. Ýtarlegar upplýsingar um tjón eða skemmdir og lýsing á ástandi þeirra veiðarfæra, sem um ræðir.
23. Frásögn af atvikum.
24. Athugasemdir eftirlitsmanns.
25. Yfirlýsingar vitna.
26. Yfirlýsingar skipstjóra viðkomandi skips.

POSITION, DATE AND TIME OF OCCURRENCE
3.

PROVISIONS OF THE CONVENTION IN QUESTION
4.

INFORMATION ON EACH VESSEL INVOLVED

General

5. Nationality.
6. Vessel's name and registration.
7. Skipper's name.
8. Owner's name and address.
9. Position, date and time of boarding.

To be filled in block letters.

At the Time of Occurrence

10. Fishing gear in use.
11. Stopped, anchored or estimated course and speed.
12. Signals or lights displayed and sound signals made.
13. Warnings given to other vessel(s).
14. Direction in which gear was shot or lying.
15. The horizontal distance gear extended from the vessel.

CONDITIONS AT THE TIME OF OCCURRENCE

16. Visibility.
17. Wind force and direction.
18. State of sea and tide and direction and strength of currents.
19. Other relevant conditions.
20. Describe, with the help of diagrams if necessary, the relative positions of vessels and gear.
21. Marking of any anchored or drifting gear involved.

ADDITIONAL INFORMATION

22. Full particulars of loss or damage, giving condition of any gear involved.
23. Narrative description of occurrence.
24. Comments by Authorised Officer.
25. Statements by Witnesses.
26. Statements by Skippers of vessels involved.

27. Greinargerð um ljósmyndir, sem teknar hafa verið, með lýsingu á munum (ljósmyndir fylgi samriti skýrslu til flaggríkis skips).	27. Statements of photographs taken, with description of subjects (photographs to be attached to copy of report submitted to flag State).
Undirskrift eftirlitsmanns	Signature of Authorised Officer
.....	.....
Framangreind skýrsla var gerð og undirrituð af eftirlitsmanninum í viðurvist okkar.	The above report was prepared and signed by the Authorised Officer in our presence.
Undirskrift skipstjóra	Signatures of Skippers
.....	.....
Undirskrift vitna	Signatures of Witnesses
.....	.....

Nd. 109. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur heimsótt safnið og kynnt sér starfsemi og aðstöðu þess. Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1968.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Gunnar Gíslason.
Birgir Kjaran.	Sigurvin Einarsson.	Haraldur Henrysson.

Nd. 110. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 26. nóv. 1968.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Pétur Sigurðsson.	Steingrímur Pálsson.	Jónas Pétursson.

Ed. 111. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Sveinn Guðmundsson.	Ólafur Jóhannesson.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 112. Frumvarp til laga [89. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
Um ákvörðun fiskverðs og stofnfjársjóð.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 15. nóvember 1968, og gilda ekki skemur en til loka fyrsta verðlagstímabils ársins 1969, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar, nr. 180 1962.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þó skal greiða 20% af verði síldar og humars. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla stofnfjárgjalds kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Um ráðstöfun tekna stofnfjársjóðs fer eftir ákvæðum laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjársjóðs, þegar afli er seldur til neyzlu innanlands.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki hlutdeild í útgerðarkostnaði, er nemi 17% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla kostnaðarhlutdeildar kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Kostnaðarhlutdeild kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna, og gildir þetta einnig um alla ráðstöfun tekna úr Stofnfjársjóði fiskiskipa.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 22% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hluts samkvæmt kjarasamningum. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

5. gr.

Í stað 4. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Stofnfjársjóðsgjöld, er greiðast til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, skulu leggjast inn á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af. Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

6. gr.

Í stað 5. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði hálfsárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað hérlendis eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Í stað 6. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóði hafa borizt skýrslur þær, er um ræðir í 5. gr., skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjársjóðsgjalda á reikninga fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjársjóðsgjöld, sem af þeim ber að greiða. Framlagi ríkissjóðs 1968, 124 m.kr., ber að skipta á milli fiskiskipa í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. janúar til 14. nóvember 1968 samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands.

8. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa á leigutímanum.

II. KAFLI

Um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

9. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 360.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.
   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7%gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski og nýjum og ísvörðum fiski.
   Þó getur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.
6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl., 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ¼ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu.

10. gr.

3. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	80.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	12.7%
3. Til Fiskimálasjóðs	3.5%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips	2.0%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.8%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7. Til samtaka sjómanna, skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl., 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

11. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

12. gr.

5. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur skuli greiða ⅓ hluta gjaldsins um leið og útflutningsskjöl eru afhent, en jafnframt afhendi þeir tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hlutum gjaldsins.

13. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra frá og með 15. nóvember 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarafurðir framleiddar til og með 14. nóvember 1968 eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 53 2. maí 1968, og fer skipting þess eftir þeim lögum. Skulu gjöld af fob-verðmæti þeirrar framleiðslu miðuð við það gengi, er gilti til 11. nóvember 1968, enda hafi afurðirnar ekki verið undanþegnar greiðslu mismunar hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð.

Útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af söltuðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968.

III. KAFLI

Um ráðstöfun gengishagnaðar.

14. gr.

Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins skv. 16. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð skal samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—f þessarar greinar:

a) Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
b) Allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða ársins 1968.
c) Allt að 40 m.kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968.

d) Allt að 3 m.kr. til framleiðenda saltsíldar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu síldar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.
e) Allt að 20 m.kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.
f) Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

15. gr.

Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málsgr. 14. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

16. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a) Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps af lánum vegna fiskiskipa, sem byggð hafa verið erlendis, svo og síldarflutningaskipa.
   Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
b) Allt að 16.4% gangi til þess að auðvelda síldveiðibátum, sem stunduðu veiðar á Norðausturmiðum sumarið og haustið 1968 að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
c) Allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðjanna.
   Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Síldarverksmiðjum ríkisins vegna reksturs leiguskips til síldarflutninga á sumarvertíð 1968, eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.
d) Allt að 18.2% gangi til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.
e) Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

17. gr.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, er úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp felur í sér tillögur um ráðstafanir í sjávarútvegi, er gera verður vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, er tók gildi hinn 12. nóv. s. l. Fjalla þessar tillögur um ákvörðun nýs fiskverðs og stofnfjársjóð, um breytingu útflutningsgjalda og um ráðstöfun gengishagnaðar af birgðum útflutningsafurða. Fjalla þrír kaflar frumvarpsins um hvern þessara þriggja þátta.

Um I. kafla.

Það lágmarksverð á fiski, sem nú er í gildi, og ákveðið var fyrr á árinu 1968, er að sjálfsögðu miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi voru fyrir gengisbreytinguna. Nauðsyn ber því til, að nýtt lágmarksverð sé ákveðið hið fyrsta, er gildi frá og með 15. nóvember. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja það, að gengisbreytingin leiði til þess, að útgerðarfyrirtæki geti staðið undir stofnfjárkostnaði sínum og auknum rekstrarkostnaði, sem af gengisbreytingunni leiðir, án þess að afkomu fiskvinnslustöðva sé teflt í tvísýnu. Í þessu skyni er lagt til, að fiskkaupandi greiði tiltekið gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er fyrst og fremst sé varið til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum, og enn fremur að fiskkaupandi greiði útgerðarfyrirtæki tiltekna hlutdeild í útgerðarkostnaði, er miðuð sé við þann kostnaðarauka, sem af gengisbreytingunni leiðir.

Um 1. gr.

Þessi grein kveður á um ákvörðun nýs lágmarksverðs á fiski. Er ætlunin, að Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveði hið fyrsta nýtt verð fyrir allar tegundir, sem veiddar eru á þessum árstíma, og gildi það verð ekki skemur en til loka fyrsta verðtímabils ársins 1969. Fyrir þær tegundir, sem ekki eru veiddar á þessum árstíma, myndi nýtt verð ekki ákveðið fyrr en þess gerist þörf.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um greiðslu stofnfjárgjalds, er fiskkaupandi greiðir til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Er gert ráð fyrir, að gjaldið nemi 10% af fiskverði, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, fyrir allar aðrar tegundir fisks og krabbadýra en síld og humar, en fyrir þær nemi það 20%. Gert er ráð fyrir, að tekjur af stofnfjársjóðsgjaldi muni nema 300 til 400 m.kr. á ári eftir aflabrögðum. Er þetta talsvert lægri upphæð en afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipaflotans, sem nema yfir 400 m.kr. Ætlunin er, að ráðstöfun tekna stofnfjársjóðs af stofnfjárgjöldum fari að öllu leyti eftir núgildandi ákvæðum laga nr. 58, 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Munu þau stofnfjárgjöld, er greiðast af afla hvers fiskiskips, verða greidd inn á reikning skipsins í stofnfjársjóði. Innstæðan á þeim reikningi verður síðan notuð fyrst og fremst til greiðslu afborgana og vaxta af lánum skipsins í Fiskveiðasjóði. Sé afgangur á reikningnum að þessu loknu, má hann notast til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum eða öðrum skuldum hjá öðrum opinberum sjóðum. Notist innstæðan ekki til þessara þarfa, má heimila notkun hennar til greiðslu endurbóta skips eða til greiðslu kostnaðar við kaup á nýju skipi eða aðrar meiriháttar framkvæmdir í sjávarútvegi. Sé ekki ástæða til að ætla, að þörf sé á innstæðunni til þessara þarfa, er heimilt að greiða hana innstæðueiganda. Gert er ráð fyrir, að innheimta gjaldsins fari fram við veðsetningu afurða. Hins vegar eru ekki sett ákvæði um þetta í frumvarpið, heldur er gert ráð fyrir, að þau ákvæði verði sett með reglugerð. Athugun hefur farið fram á því, hvernig þessari framkvæmd verði bezt hagað, og eru fulltrúar útvegsmanna og fiskkaupenda, ásamt starfsmönnum banka og starfsmönnum Fiskifélags Íslands, sem þessi mál hafa verið rædd við, á einu máli um, að framkvæmd innheimtunnar geti orðið tiltölulega einföld og auðvelt sé að fella hana inn í það kerfi veðsetningar og

gjaldeyrisskila, sem nú eru fyrir hendi. Erfitt getur hins vegar orðið að innheimta gjaldið, þegar fiskur er seldur til neyzlu innanlands. Þar sem undanþágur frá gjaldinu geta aftur á móti leitt til ýmissa vandkvæða, er hér lagt til, að sjávarútvegsmálaráðuneytinu sé veitt heimild til að undanþiggja neyzlufisk gjaldi þessu. Ákvörðun um notkun undanþágunnar yrði tekin eftir að frekari athugun málsins hefði farið fram.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um þá hlutdeild í útgerðarkostnaði, sem ætlazt er til, að fiskkaupandi greiði útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki, þegar fiskkaup fara fram. Er lagt til, að þessi hlutdeild verði 17% af fiskverði eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Er sú tillaga byggð á þeirri hækkun útgerðarkostnaðar, sem gera má ráð fyrir, að breyting gengisins hafi í för með sér, en hún er áætluð 18—20% á þorskveiðum báta miðað við núgildandi fiskverð. Í öðrum veiðum, einkum síldveiðum en einnig þorskveiðum togara, er kostnaðarhækkunin nokkru meiri en þetta. Eigi að síður er lagt til, að kostnaðarhlutdeildin sé sú sama í öllum veiðum, og er þá höfð hliðsjón af því, að lagt er til, að stofnfjársjóðsgjaldið verði hærra fyrir síldveiðar en þorskveiðar. Þessi grein kveður einnig á um, að hvorki kostnaðarhlutdeildin né ráðstöfun tekna úr stofnfjársjóði skuli koma til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um greiðslu stofnfjárgjalds af sölu fisks í erlendri höfn. Er lagt til, að það gjald verði 22% af heildsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti). Á hinn bóginn er ekki um neina kostnaðarhlutdeild að ræða, þegar selt er erlendis. Þar sem hækkanir á öðrum gjöldum á þessar sölur, svo sem á útflutningsgjöldum eða tollum, gætu gert það að verkum, að stofnfjárgjaldið yrði óeðlilega hátt, er í greininni heimild til sjávarútvegsmálaráðuneytisins til að lækka gjaldið vegna hækkunar á öðrum gjöldum.

Um 5., 6. og 7. gr.

Þessar greinar fela í sér breytingar á 4., 5. og 6. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Eru þessar breytingar nauðsynlegar vegna þeirra tekna, er sjóðurinn nú mun fá af stofnfjárgjaldi, og þess innheimtufyrirkomulags, sem fyrirhugað er og lýst var í aðalatriðum í athugasemdum við 2. gr. Myndi hin nýja 4. gr. laganna kveða á um reikninga fiskiskipa hjá stofnfjársjóði, um greiðslu stofnfjárgjalda inn á þá reikninga og um vexti af innstæðum á reikningunum. Í 5. gr. laganna myndu vera ákvæði um skýrslur Fiskifélags Íslands um afla og aflaverðmæti fiskiskipa, sem nú myndu verða sendar Fiskveiðasjóði hálfsárslega í stað ársfjórðungslega áður, og sem nú myndu ná til allra fiskiskipa og til landana bæði innanlands og erlendis. Í 6. gr. laganna myndi kveðið á um notkun skýrslna Fiskifélagsins til endurskoðunar á stofnfjársjóðsgjöldum. Þá myndi þessi grein einnig fela í sér ákvæði um það, að skipting framlags ríkissjóðs til stofnfjársjóðs á árinu 1968, 124 m.kr., skuli miðast við aflann frá 1. janúar til 14. nóvember, en ekki við aflann á öllu árinu. Er stungið upp á þessari tilhögun í samræmi við óskir Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

Um 8. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um bætur til togara úr Aflatryggingasjóði, sem verið hefur í gildi á undanförnum árum, en hefur aðeins verið lögfest til eins árs í senn. Fyrir árið 1967 er þetta ákvæði að finna í 4. gr. laga, nr. 79, 29. desember 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Hér er ákvæðið orðað þannig, að það gildi ekki aðeins til eins árs í senn, heldur sé heimild, sem gildi um ótiltekinn tíma.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þetta ákvæði fjallar um fiskiskip, sem eru í leigu þann 15. nóvember 1968. Er það hliðstætt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Um II. kafla.

Jafnframt því að tekjur sjávarútvegsins hafa skerzt stórlega af völdum áframhaldandi verðfalls afurðanna og aflabrests á síldveiðum, hafa tekjur til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins, teknar með útflutningsgjaldi, skerzt í tilsvarandi mæli. Við upphaf ársins 1968 var áætlað, að tekjur af útflutningsgjaldi af framleiðslu ársins 1968 mundu nema 277 m.kr. Í ágústmánuði s. l. var þessi áætlun færð niður í 198 m.kr., en nú er enn sýnt, að sú áætlun muni ekki standast. Þeir aðilar, er skipta með sér útflutningsgjaldinu, hafa beðið alvarlegan hnekki af þessum sökum. Stórfelldast hefur þó verið vandamál Tryggingasjóðs fiskiskipa. Var áætlað, að í hans hlut kæmu 213 m.kr. af útflutningsgjaldi af framleiðslu ársins, en 153 m.kr. miðað við síðari áætlunina.

Tekjur þessar myndu engan veginn hafa verið fullnægjandi til þess að standa straum af útgjöldum Tryggingasjóðs, og það þótt miðað væri við hina fyrri og hærri áætlun. Skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd í apríl s. l. til þess að gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr útgjöldum sjóðsins. Hafa sumar af tillögum nefndarinnar þegar komið til framkvæmda á yfirstandandi ári, en að mestu varð nefndin þó að láta nægja að stefna að sparnaði á komandi ári og framvegis. Eru tillögur nefndarinnar nú að koma fram, þ. á m. heimildarákvæði 10. gr. þessa frumvarps um setningu reglna um fyrirkomulag fiskiskipatrygginga. Til þess að jafna halla sjóðsins og greiða fyrir uppgjöri við tryggingaraðila var tekið lán í Seðlabankanum, að upphæð 66 m.kr., en síðan hafa tekjur brugðizt, svo sem að framan segir.

Við breytinguna til hins nýja gengis, ásamt hækkun magngjalds í sama hlutfalli, hækka tekjur af útflutningsgjaldi upp í 323 m.kr., úr 209 m.kr. við óbreyttu gengi, miðað við þá framleiðsluáætlun, fyrir árið 1969, sem nú er talin sennilegust (auðkennd 1969/2 í gögnum frá Efnahagsstofnuninni). Hlutdeild Tryggingasjóðs í þessum tekjum nægir engan veginn til að standa undir útgjöldum hans, enda þótt reiknað sé með fyllsta sparnaði og með jöfnun skulda af gengishagnaði. Væri mjög óvarlegt að gera ráð fyrir minni hækkun tekna sjóðsins en um 50 m.kr. í þessu skyni, enda hlyti fjárskortur sjóðsins að koma niður á fiskiskipaflotanum í lækkuðum greiðslum iðgjalda. Er því með frumvarpi þessu lagt til, að heildartekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt framangreindri áætlun hækki upp í 371.4 m.kr. eða um 48 m.kr. frá niðurstöðu af beinum umreikningi samkvæmt gengi. Nánar er greint frá breyttri skiptingu gjaldsins hér á eftir.

Þýðingarmikið er að skipta hækkun gjaldanna þannig á afurðir, að tekjurnar dreifist jafnar á þær en verið hefur og verði öruggari tekjustofn, en nú er hlutfallslega mjög mikill hluti gjaldsins tekjur af síldarafurðum. Jafnframt myndast betra samræmi milli gjaldanna og þeirra hagsmuna, er hver veiðigrein hefur af gjaldinu. Til þess að ná þessum árangri hefur bein hækkun gjaldsins verið látin koma niður á afurðum þorskafla. Jafnframt er lögð til nokkur lækkun gjalds af síldarafurðum.

Um 9. gr.

Þar sem svo almennt tilefni gefst nú til endurskoðunar á útflutningsgjaldinu, hefur verið leitazt við að færa gjaldskrána til betra innbyrðis samræmis en áður. Jafnframt verður að sjálfsögðu að taka tillit til mismunandi afkomu og gjaldþols framleiðslugreinanna, hráefnisverðmætis, sem innifalið er í afurðunum og til stærðar og dýrleika þess flota, er aflar hverrar tegundar hráefnis.

Magngjaldið er nú látið ná til fleiri tegunda en áður, þ. e. saltaðra þunnilda, saltaðra hrogna og niðursoðinna og niðurlagðra afurða, jafnframt því að það er hækkað verulega, úr 530,00 kr. í 1360.00 kr. pr. tonn. Undir það fellur mestallur þorskafli annar en ísfiskur og óverkaður saltfiskur. Meðalhlutfall gjaldsins miðað við fob-verðmæti hækkar úr 2.0% í 3.2%. Aukning tekna umfram beinan umreikning við gengisbreytinguna nemur 34.8 m.kr. samkvæmt áætlun. Fellur hækkunin

að langsmestu leyti á afurðir frystihúsa. Niðursoðnar og niðurlagðar afurðir, er hafa verið gjaldfrjálsar, eru nú færðar undir magngjaldið. Er nauðsynlegt að tryggja sjávarútveginum þennan gjaldstofn að réttri tiltölu við hráefnisinnihald afurða, enda þótt þær séu fullunnar. Þess ber að gæta, að magngjaldið fellur á nettóþunga afurðanna, en ekki á umbúðir, sem eru tiltölulega þungar, að því er niðursoðnar og niðurlagðar afurðir snertir.

Undir 3% gjald eru settar afurðir, er ættu af ýmsum ástæðum að bera einna lægst gjald hlutfallslega og eiga ekki heima í magngjaldflokki sökum hlutfallslega mikillar þyngdar samanborið við verð, auk þess sem ekki er heldur um mismunandi vinnslustig að ræða innan þessara afurða, er geri magngjaldsfyrirkomulag eðlilegt. Rækjan, er áður bar hverfandi lítið gjald af magni, hefur verið færð í þennan flokk, og enn fremur heilfrystur fiskur og frystur fiskúrgangur, úr 4.2% gjaldi, en þessar afurðir eru nú ekki taldar svo ábatavænlegar, sem áður var talið, og fryst loðna, sem bar 6% gjald. Við þessar breytingar fellur 4.2% gjaldflokkurinn niður. Þá eru hertar sjávardýraolíur einnig settar í þennan flokk. Mun gjaldið þá vera nærri því að samsvara gjaldi af lýsisinnihaldi þeirra.

Með færslu hvalafurða úr 6% gjaldi í 5% gjald er komið nokkuð til móts við kvartanir um misræmi milli réttinda og skyldna hvalveiðanna í gjaldkerfinu. En 6% flokkurinn hefur aðeins breytzt við færslu afurða til annarra flokka.

Lagt er til, að nýr flokkur með 7% verðmætisgjaldi verði myndaður og falli undir hann nýr og ísvarinn fiskur, er áður var í 6% gjaldi, og óverkaður saltfiskur úr 3.5% gjaldi. Með þessum breytingum, er samkvæmt áætlun aflað 36.5 m.kr. umfram hlutfallslega aukningu miðað við gengi. Hlutfallslega meiri hækkun þessara afurða en annarra stendur í sambandi við tiltölulega hagstæða afkomu í framleiðslu þessara afurða af völdum gengisbreytingarinnar, auk þess sem um lítt unnar eða ýunnar afurðir er að ræða.

Lagt er til, að sett verði heimildarákvæði um hækkun gjalds af síld landaðri erlendis. Er heimild til sveigjanlegrar ákvörðunar þess bráðnauðsynleg vegna samræmis við gjöld af síld unninni hér. En miðað við hráefnisverðmæti mun það væntanlega geta orðið 13—14% af hráefni bræðslusíldar, en um eða yfir 20% af hráefni saltsíldar. Verði brögð að löndun síldar erlendis, mun verða óhjákvæmilegt að nota heimildina, bæði til að bæta upp missi gjalda af vinnsluafurðunum, svo og til þess að tryggja atvinnu í vinnslugreinum og afkomu þeirra.

Gjald af síldarmjöli og síldarlýsi, 8%, er lagt til, að verði óbreytt. En gjald af saltsíld er nú mjög hátt, einkum að tiltölu við hráefnisverðmæti. Er því lagt til, að það verði lækkað niður í 8%, enda þótt gjaldstofninn þoli tæplega þá lækkun, og það hafi í för með sér, að seilast verði mjög langt til sparnaðar í greiðslu tryggingariðgjalda fiskiskipa.

Að undanförnu hafa skip, er sigla með afla, fengið mjög hagstæðan frádrátt reiknaðra flutningsgjalda. Er þetta með öllu ástæðulaust, þar sem þau njóta fullra réttinda í tryggingum sem fiskiskip á siglingunni. Mikil aukning getur orðið á siglingu með ýmiss konar afla, nýjan, ísaðan og saltaðan, og því mjög varhugavert að undanskilja mikinn hluta verðmætisins frá gjöldum, jafnframt því að þá er að því stuðlað, að vinnslunni sé beint út úr landinu. Er því lagt til, að miðað verði við heildarsöluverðmæti í erlendri höfn að frádregnum tollum og öðrum beinum kostnaði við löndun og sölu. Kemur það heim við þann grundvöll útflutningsskýrslna, sem Hagstofan notar nú. Séu tilsvarandi afurðir hins vegar útfluttar með farmskipum, miðast gjaldið við fob-verðmæti.

Auk útflutningsgjaldsins sjálfs eru innheimt gjöld til Aflatryggingasjóðs, 1.25% og til ferskfiskeftirlits 0.15%, og er ekki lagt til að þeim verði breytt, né heldur framlögum til síldarleitarskips 0.2—0.3%.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit um tekjur eftir gjaldflokkum, taldar í milljónum króna:

Gjaldflokkar afurða samkvæmt tillögum frumvarpsins	Áætl. verðmæti fob, nýtt gengi	Útflutningsgjald m.v. áætlun: Samkvæmt tillögum frumvarps	Gildandi[1]) gjald umreikn. skv. nýju gengi	Gildandi gjald m.v. fyrra gengi
1. Magngjald	2 852,9	92.5	57.7	37.4
2. 3% gjald	493,1	14.8	17.0	11.0
3. 5% gjald	78,3	3.9	4.7	3.0
4. 6% gjald	464,9	27.9	27.9	18.1
5. 7% gjald	1 254,7	87.8	51.3	33.2
6. 8% gjald	1 805,8	144.5	164.7	106.7
Alls	6 949,7	371.4	323.3	209.4
Þar af:				
Þorskaflaafurðir	4 501,4	203.7	135.0	87.4
Síldar- og loðnuafurðir	2 066,3	155.8	176.9	114.6
Aðrar og ósundurgr. afurðir	382,0	11.9	11.4	7.4
	Hlutfallsleg skipting	Hlutfall af fob-verðmæti		
Þorskaflaafurðir	64.8%	4.5%	3.0%	3.0%
Síldar- og loðnuafurðir	29.7%	7.5%	8.6%	8.6%
Aðrar og ósundurgr. afurðir	5.5%	3.1%	3.0%	3.0%
Magngjald, kr. pr. tonn		1 360.00	818.00[1])	530.00
Magngjaldsflokkur, meðalgjaldhlutfall af fob-verðmæti		3.2%	2.0%	2.0%

Um 10. gr.

Skipting tekna af útflutningsgjaldi breytist einkum við það, að Tryggingasjóði fiskiskipa verður að ætla meiri tekjur en svari til hækkunar af völdum gengisbreytingarinnar. En auk þess þarf með tilliti til hins mikla kostnaðar, sem áætlaður er við byggingu haf- og fiskirannsóknaskips, að hækka framlag til þess verulega. Miðað er við, að aðrir aðilar fái í sinn hlut álíka háa eða nokkru hærri fjárhæð í krónum, en gert var ráð fyrir með fyrri áætlun fyrir árið 1968.

Hér fer á eftir yfirlit yfir tilætlaða skiptingu teknanna:

	Núgildandi hlutföll	Hlutföll samkvæmt frumvarpi	Skipting tekna skv. frumvarpi m.kr.
Tryggingasjóður fiskiskipa	76.90%	80.0%	297.1
Fiskveiðasjóður	14.50%	12.7%	47.2
Fiskimálasjóður	4.98%	3.5%	13.0
Bygging haf- og fiskirannsóknaskips	1.29%	2.0%	7.4
Bygg. rannsóknastofnana sjávarútvegsins	0.99%	0.8%	3.0
Landssamb. ísl. útvegsmanna	0.67%	0.5%	1.9
Samtök sjómanna	0.67%	0.5%	1.9
	100.0%	100.0%	371.4

Heimildarákvæði þess efnis, að sjávarútvegsmálaráðuneytið geti sett reglur um endurtryggingasamtök fiskiskipatrygginga og ákvörðun iðgjalda og annarra skilmála, er borið fram að frumkvæði nefndar, sem ráðherra skipaði til að gera tillögur til að draga úr útgjöldum Tryggingasjóðs.

Vátrygging hvalveiðiskipanna er þó með sérstökum hætti, sem líkur eru á, að verði haldið áfram. En á undanförnum árum hefur mismunur tekna og útgjalda

1) Magngjald einnig umreiknað skv. gengi.

vegna hvalafurða komið sem skattur á þessa framleiðslugrein. Með tilliti til sérstöðu þessarar greinar og ótryggra afkomuhorfa, má telja óeðlilegt að halda áfram skattlagningu af þessu tagi. Er því lagt til, að heimilt sé að undanþiggja hvalveiðiskip ofangreindum skilyrðum um tryggingar og að endurgreiða hlutdeild hvalafurða í tekjum Tryggingasjóðs í stað greiðslu iðgjalda. Gæti þessi tilslökun numið nálægt 2 m.kr.

Um 11. gr.

Sama ákvæði var í lögum nr. 66 25. júní 1967, en það var síðar fellt úr gildi. Tollyfirvöld telja rétt, að það sé aftur sett í lög, en til þess að fyrirbyggja misnotkun ákvæðisins er nú bætt við því skilyrði, að viðskiptaráðuneytið staðfesti, að heimilt hafi verið að selja við því lægra verði, sem miða skal við.

Um 12. gr.

Útflutningsgjald af einstökum förmum getur numið verulegum fjárhæðum, svo að valdið getur útflytjendum verulegum erfiðleikum að þurfa að standa skil á því við útflutning, oft talsverðum tíma áður en andvirði afurðanna kemur til skila. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á meðferð og afgreiðslu útflutningsskjala undanfarið, í því skyni að greiða fyrir skilum til lánveitenda og eigenda afurðanna. Hefur gjaldeyrisskilanefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins og gjaldeyrisbankanna óskað eftir, að gerð sé sú breyting á innheimtunni, sem felst í 10. gr. frumvarpsins, og telur nefndin það nauðsynlegt til þess að greiða fyrir framkvæmd umræddra breytinga.

Enda þótt ekki sé dregið í efa, að umrædd breyting sé æskileg, þykir rétt að lögfesta um þetta heimildarákvæði, þar sem jafnframt þarf að tryggja greiðslugetu Tryggingasjóðs fiskiskipa.

Um 13. gr.
og ákvæði til bráðabirgða.

Í samræmi við ákvæði annarra laga, sem sett eru af tilefni gengisbreytingarinnar, eru skilin milli nýs og fyrra gjalds og gengis sett milli framleiðslunnar til og með 14. nóvember og framleiðslunnar frá og með 15. nóvember. Af afurðum, sem undanþegnar eru kvöð um að láta af hendi gengismun, verður þó að reikna verðmætisgjald á nýja genginu, í stað þess að tilsvarandi álag á gjaldið fáist frá gengishagnaðarsjóði. Engu að síður reiknast gjaldið eftir reglum laga nr. 53 2. maí 1968, þannig t. d. að niðursuðuvörur eru undanþegnar gjaldinu.

Undanþága gjalds af söltuðum grásleppuhrognum er til staðfestingar á vilyrði, sem gefið var á síðasta veiðitímabili með tilliti til hins stórfellda verðfalls á þeirri afurð.

Um III. kafla

Í 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu er gert ráð fyrir, að fé það, sem kemur af gengishagnaði af sölu útflutningsafurða, sem voru í birgðum 15. nóvember 1968, skuli fært á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal ráðstafa fé þessu með sérstökum lögum og fjallar þessi kafli frumvarpsins um þá ráðstöfun.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um birgðir sjávarafurða, mun mega áætla, að andvirði þeirra geti numið alls um 1000 millj. kr. Er þá skreið ekki með talin, samanber það sem um það segir síðar. Gengismunur af þessum birgðum mundi nema um 540 m.kr. Við þetta bætist gengismunur af andvirði útfluttra en ógreiddra afurða, sem áætlaður er 200 m.kr. Heildarupphæð gengismunar mundi samkvæmt þessu vera um 740 m.kr., og er þá gert ráð fyrir, að það söluverð haldist, sem nú er áætlað.

Um 14. gr.

Áður en kemur til að ráðstafa fé í gengishagnaðarsjóð, sbr. 16. gr., skal greiða nokkra liði af fyrrgreindum mismun. Er þar fyrst um að ræða hækkanir, sem verða

á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning birgðanna, eins og segir í a-lið.

Samkvæmt b-lið er áætlað að greiða allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða á árinu 1968. Snemma á þessu ári var svo um samið milli samtaka frystihúsanna og ríkisstjórnarinnar, að sett skyldi verðtrygging, er næmi helmingi verðlækkunar á frystum fiskafurðum á yfirstandandi ári. Síðar á árinu var þessu breytt þannig, að verðtryggingin næmi 75% af verðlækkun á framleiðslu eftir 1. ágúst. Stafaði þessi hækkun verðtryggingarinnar af allverulegri verðlækkun á frystum fiski, sem orðið hafði frá því verðtryggingin hafði verið ákveðin fyrr á árinu. Með því fé, sem þegar er til í Verðjöfnunarsjóði, sem er nálægt 36 m.kr., ætti þetta að nægja til að uppfylla þessar skuldbindingar.

Saltfiskframleiðslan hefur lent í allmiklum erfiðleikum á þessu ári, sem stafar m. a. af mjög aukinni framleiðslu, sem að allverulegu leyti er til orðin úr hráefni, sem annars hefði verið verkað í skreið. Sala hins aukna magns gekk ekki eins greiðlega og meðan framleiðsla var minni, og skapaði það margvíslegan aukinn kostnað. Auk þess varð að þurrka óvenju mikið magn og fæst fyrir það óhagstæðara verð en óverkaða fiskinn. Með tilliti til alls þessa var það fyrirheit gefið að greiða saltfiskframleiðendum nokkurn styrk vegna þessarar framleiðslu og hefur verið áætlað, að það gæti numið allt að því 40 m.kr., sem er gert ráð fyrir í c-lið þessarar greinar.

Saltsíldarframleiðslan verður vegna gengisbreytingarinnar fyrir meiri kostnaðarauka en aðrar greinar yfirleitt á framleiðslu afurða, sem taldar eru framleiddar fyrir 15. nóvember. Stafar þetta af upphitunarkostnaði geymsluhúsa og aksturskostnaði, sem eru veigamiklir kostnaðarliðir í þessari framleiðslu. Hefur því þótt rétt að ætla nokkra upphæð til að hjálpa framleiðendum að mæta þessum kostnaði (d-liður).

Rekstur togaranna hefur verið erfiður á þessu ári svo sem verið hefur undanfarin ár. Hefur hér verið gert ráð fyrir í e-lið að greiða til þeirra sem rekstrarstyrk kr. 20 m.kr. í viðbót við það, sem ríkissjóður hefur þegar greitt á þessu ári.

Loks er svo í f-lið gert ráð fyrir greiðslu útflutningsgjalda af mismun þeim, sem kemur af hinu gamla gengi og hinu nýja, og mun það skiptast á sama hátt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um útflutningsgjald, sem sett voru á s. l. vori.

Gera má ráð fyrir, að greiðsla samkvæmt þessum liðum öllum geti numið um 190 m.kr. Myndu samkvæmt því um 550 m.kr. geta runnið til gengishagnaðarsjóðs og skiptast í samræmi við ákvæði 16. gr.

Um 15. gr.

Vegna borgarastyrjaldarinnar í Nigeríu hafa orðið sérstakir erfiðleikar á sölu skreiðar. Í þessari grein er lagt til, að gengismismunur vegna skreiðar verði lagður til hliðar og honum verði síðan ráðstafað til styrktar skreiðarframleiðendum. Hefur fallið mikill kostnaður á eigendur þessara skreiðarbirgða, sem eru allt frá árinu 1966, en mest frá árinu 1967. Auk þess má gera ráð fyrir, að selja verði birgðirnar á lægra verði en það lágmarksverð er, sem gilt hefur til útflutnings, ef unnt á að vera að selja þær, en á því er nú orðin brýn nauðsyn. Erfitt er að áætla, hversu mikill gengismunurinn gæti orðið. Ef hann næmi meiru en því, sem talið væri að þyrfti til að bæta skreiðarframleiðendum tjónið samkvæmt framansögðu, verður að vera ákvæði um, hvernig afganginum skuli ráðstafað. Hér er gert ráð fyrir, að hann renni í gengishagnaðarsjóð.

Um 16. gr.

Í a-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir, að rúmlega þriðjungur sjóðsins renni til greiðslu gengistaps vegna erlendra skulda fiskiskipa. Mundi með því vera unnt að greiða allt að helmingi gengistapsins og er þá við það miðað, að hlutfallslega mest sé greitt vegna hinna stóru og dýru skipa, sem keypt hafa verið síðustu árin,

en minnkandi eftir því sem skip eru eldri og minna er ógreitt af lánum. Þá þótti eðlilegt, að síldarflutningaskip kæmu undir þetta ákvæði.

Hentugast þykir, að stjórn Fiskveiðasjóðs annist framkvæmd þessara greiðslna, en nauðsynlegt verður, að sjávarútvegsmálaráðuneytið setji um það reglur, hvernig greiðslunum skuli hagað, og verði Landssambandi íslenzkra útvegsmanna gefinn kostur á að fjalla um málið, áður en slíkar reglur eru settar.

Þá er samkvæmt b-lið ætlaður hluti til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum síldveiðiskipa. Við verðlagningu bræðslusíldar á s. l. sumri gaf ríkisstjórnin fyrirheit um þetta til útvegsmanna. Verður að setja reglur um framkvæmd þessara greiðslna og er eðlilegt, að L.Í.Ú. gefist kostur á að fjalla um það mál.

Svipað er að segja um ákvæði í c-lið þessarar greinar, að því er stuðning til síldarverksmiðjanna áhrærir. Um það voru einnig gefin fyrirheit við verðlagningu á s. l. sumri. Eðlilegt er einnig hér að leita umsagnar fulltrúa síldarverksmiðjanna.

Á s. l. vetri skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd manna til þess m. a. að gera tillögur um aðgerðir vegna þeirra breytinga, sem orðið höfðu á síldveiðunum á árinu 1967, þar sem allar veiðar um sumarið fóru þá fram í mikilli fjarlægð frá landinu. Var það álit þeirrar nefndar, að óhjákvæmilegt væri að gera ráðstafanir til að mæta þeim breyttu viðhorfum með því að geta aukið verulega síldarflutninga af fjarlægum miðum. Ríkisstjórnin var þess því mjög hvetjandi, að Síldarverksmiðjur ríkisins ykju skipakost sinn til flutninganna og varð úr, að leigt var erlent skip. Síldarverksmiðjur ríkisins töldu sér þó ekki fært að taka á sig halla, sem af þessu kynni að verða, og var því af ríkisstjórnarinnar hálfu gefið um það fyrirheit, að sannanlegur halli yrði þeim greiddur. Allmikill halli varð á rekstri leiguskipsins og þykir eðlilegt, að nú séu gerðar ráðstafanir til að veita Síldarverksmiðjum ríkisins þann stuðning, sem þeim var heitið.

Í d-lið er svo gert ráð fyrir, að hluti renni til Tryggingasjóðs fiskiskipa, en á honum hefur orðið mikill halli á þessu og síðasta ári vegna þess, að tekjustofn hans, sem er hluti af útflutningsgjöldum, hefur brugðizt vegna stórminnkaðs útflutningsverðmætis.

Loks er svo ráð fyrir gert í e-lið, að afgangur sjóðsins renni til Fiskveiðasjóðs og verði því fé varið til lánveitinga til bolfiskvinnslu. Hefur sjóðnum verið mjög fjárvant til að geta sinnt lánveitingum til frystihúsa og annarra vinnslustöðva bolfisks, sem eru raunar oft sömu vinnslustöðvarnar, og ætti með þessu að vera unnt að bæta hér úr. Er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsmálaráðuneytið setji reglur um útlán þessa fjár.

Um 17. gr.

Eðlilegt þykir að fella nú úr gildi ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu og miðast þá gengishagnaðurinn við þá gengisskráningu, sem kom til framkvæmda 12. nóvember 1968. Er hér um að ræða afurðir, sem framleiddar voru fyrir árslok 1967. Af þeim munu nú vart aðrar afurðir vera eftir ógreiddar en skreið og síldarlýsi. Um skreiðina gilda þó sérstakar reglur samkvæmt 15. gr. þessa frumvarps.

Nd. 113. Frumvarp til laga [90. mál]

um tímabundinn greiðslufrest á skuldum bænda og vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða skulu hafa greiðslufrest til 1. maí 1969 á öllum afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem þessir aðilar hafa stofnað til fyrir 1. september 1968, vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða.

Tímabilið frá gildistöku þessara laga til 1. maí 1969 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, víxilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveða nánar á um framkvæmd á ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarafurða hafa aukið skuldir sínar stórkostlega á undanförnum árum. Ýmsar ástæður valda þessu. Árferði hefur verið mjög óhagkvæmt landbúnaði í sumum landshlutum að undanförnu, m. a. stórfelldur grasbrestur í sumum sveitum vegna kals í túnum. Af því leiddi, að óhjákvæmilegt var fyrir allmarga bændur að verja miklu fé til fóðurkaupa til þess að skerða bústofninn ekki um of. Á sama tíma hafa orðið miklar verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins, m. a. af völdum gengisbreytinga.

Um þessar mundir er gerð athugun á því, hvað skuldir bænda eru miklar. Þessi athugun fer fram á vegum nefndar þeirrar, sem hefur fengið það verkefni að kynna sér hag og aðstöðu bænda og gera tillögur um ráðstafanir vegna harðæris.

Flutningsmenn þessa frv. telja það óhjákvæmilegt að ákveða með lögum tímabundinn greiðslufrest á afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarins hafa stofnað til fyrir 1. sept. 1968 vegna framkvæmda eða framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða. Slíkan tímabundinn greiðslufrest ber að veita, meðan unnið er að athugun og yfirliti um skuldir bændastéttarinnar og meðan á Alþingi er fjallað um frv. um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.

Ed. 114. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til laga um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, hv. 4. þm. Norðurlands eystra, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt

Alþingi, 2. des. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Steinþór Gestsson.	Ásgeir Bjarnason.	Ólafur Björnsson.

Sþ. 115. Fyrirspurnir. [91. mál]

I. Til forsætisráðherra um ráðstafanir til að bæta úr rekstrarfjárþörf atvinnuveganna.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að bæta úr rekstrarfjárþörf atvinnuveganna?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra um Aflatryggingasjóð.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað líður endurskoðun laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins?
2. Hverjar voru greiðslur sjóðsins árið 1967 og árið 1968 til 30. nóv.?
3. Hvernig öfluðust tekjur í ofantaldar greiðslur?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um störf fiskiðnskólanefndar.

Frá Ingvari Gíslasyni.

Hvað líður störfum fiskiðnskólanefndar, sem sjávarútvegsmálaráðherra skipaði 27. nóvember 1964 samkv. þingsályktun frá 30. apríl 1964?

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um aukin fjárframlög vegna framkvæmda samkvæmt byggingaráætlun í Breiðholti og um endurgreiðslu á fé til Byggingarsjóðs ríkisins.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Björn Fr. Björnsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla fjár vegna framkvæmda samkvæmt áætlun um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, eftir því sem þörf krefur, til viðbótar lánum Húsnæðismálastofnunarinnar til íbúðakaupenda og eigin framlögum þeirra.

Jafnframt endurgreiði framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar Byggingarsjóði ríkisins það fé, sem hann hefur varið til framkvæmdanna í Breiðholti umfram venjuleg íbúðalán, enda úthluti húsnæðismálastjórn þessu fjármagni eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Greinargerð.

Með júnísamkomulaginu 1964 milli ríkisstjórnarinnar, vinnuveitenda og verkalýðshreyfingarinnar var því heitið, að komið skyldi á kerfisbreytingu íbúðarlána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári, og verði loforð fyrir lánum veitt fyrir fram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð út á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. Þessi tala skyldi við það miðuð, að tryggð verði bygging 1500 íbúða á ári, en síðan færi hún smáhækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir.

Á árinu 1965 var í sambandi við kjarasamninga aftur gert samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstjórnar og verkalýðsfélaga. Þá var ákveðið, að hefja skyldi byggingu íbúða í Reykjavík samkvæmt áætlun. Þeir félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem keyptu þessar íbúðir, skyldu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna. Gert var ráð fyrir, að veitt yrðu lán úr Byggingarsjóði ríkisins út á þessar íbúðir, er samsvöruðu lánum, sem aðrir húsbyggjendur fá úr sjóðnum. Að öðru leyti skyldi ríkisstjórnin útvega fjármagn til framkvæmdanna. Tekið var fram, að samið yrði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir og kæmu þau lán til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn.

Byggingarframkvæmdir samkvæmt þessari áætlun hófust í apríl 1967, og var húsunum valinn staður í Breiðholti í Reykjavík. Fyrsta áfanga þessara framkvæmda mun verða lokið á öndverðu ári 1969. Hafa þá verið reistar í þessu hverfi 335 íbúðir.

Heildarkostnaður við þetta er orðinn 331 millj. kr. Af þessari fjárhæð eru 94.5 millj. kr. lán húsnæðismálastjórnar til íbúðakaupenda. En til viðbótar þessu hefur Byggingarsjóður ríkisins lánað vegna framkvæmda samkvæmt byggingaráætluninni allt að 150 millj. kr. Þessi ráðstöfun fjár skerðir tilfinnanlega fjárráð Byggingarsjóðs til annarra þarfa og torveldar, að húsnæðismálastjórn geti fullnægt eftirspurn lána eftir reglum hins almenna veðlánakerfis. En langur dráttur á afgreiðslu þeirra lána veldur húsbyggjendum óþægindum og kostnaði, m. a. vegna sífelldra verðhækkana og hárra vaxta af lausaskuldum.

Þessi tillaga felur í sér fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um, að hún fari að eins og til var ætlazt með samkomulaginu 1965 og afli fjár vegna framkvæmda samkvæmt áætlun um byggingar í Breiðholtshverfinu til viðbótar lánum Húsnæðismálastofnunarinnar til kaupenda íbúðanna. Jafnframt endurgreiði framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar Byggingarsjóði ríkisins það fé, sem hann hefur varið til framkvæmdanna í Breiðholti umfram venjuleg íbúðalán, enda úthluti húsnæðismálastjórn þessu fjármagni eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Nd. 117. Frumvarp til laga [92. mál]

um greiðslu verðlagsuppbótar á tryggingabætur.

Flm.: Kristján Thorlacius, Jón Skaftason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á ellilaun og aðrar bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum um almannatryggingar með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og á bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga samkv. 18. gr. fjárlaga. Þá skal og greiða verðlagsuppbót á lífeyri úr lífeyrissjóðum, er ekki fylgir sjálfkrafa breytingum launa samkvæmt lagaákvæðum eða reglugerðum um hlutaðeigandi lífeyrissjóði.

2. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt 1. gr. greiðist í samræmi við reglur þær, er gilda um greiðslu verðlagsuppbótar til starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal verðlagsuppbót greidd samkvæmt þeim frá 1. marz 1968.

Greinargerð.

Á s. l. ári voru numin úr gildi lög nr. 63/1964, um verðtryggingu launa, og þar með féll niður greiðsla verðlagsuppbótar á ellilaun og aðrar hliðstæðar bætur.

Í marzmánuði s. l. sömdu verkalýðsfélögin við atvinnurekendur um takmarkaða verðlagsuppbót, og síðan hefur Kjaradómur fellt úrskurð um, að opinberum starfsmönnum skuli greidd takmörkuð verðlagsuppbót, en eigi hefur enn verið greidd á ný verðlagsuppbót á ellilaun og slíkar bætur.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að úr þessu verði bætt og verðlagsuppbót verði greidd á tryggingabætur á þessu ári og framvegis eftir sömu reglum og gilda um verðlagsuppbætur til opinberra starfsmanna.

Flm. vilja með frumvarpi þessu tryggja bótaþegum verðlagsuppbót á tryggingabætur, en ljóst er, að óhjákvæmilegt er, að grunnupphæðir þeirra verði auk þess hækkaðar verulega.

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um skólaskip og þjálfun sjómannsefna.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því í samráði við sérfróða menn, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna, m. a. með rekstri hentugs skólaskips, eins eða fleiri, eftir því sem tiltækt þætti. Skal í því sambandi m. a. athuga, hvort ekki muni hagkvæmt að nýta í þessu skyni þau varðskip, sem kynnu að vera eða verða til sölu.

Greinargerð.

Það er skylda ráðamanna þjóðarinnar að vaka yfir velferð atvinnulífsins og vernda undirstöður þess í nútíð og framtíð. Meðal þess, sem sízt má gleyma, er að rækja vel menntun og verkþjálfun framleiðslustéttanna, þannig að þær standi öðrum innlendum starfsstéttum á sporði um menning og starfskunnáttu og haldi fyllilega til jafns við erlenda starfsbræður, sem þær eiga beint og óbeint í samkeppni við.

Ekki þarf um það að deila, að sjómennska er ein hin mikilvægasta undirstöðugrein íslenzks atvinnulífs og þar með þjóðfélagsins í heild. Fiskimenn og farmenn mynda í sameiningu svo gildan þátt í sjálfri líftaug hins íslenzka lýðveldis, að án þeirra hlyti hún að bresta. Það er því lífsnauðsyn, að ávallt sé nægilegt framboð ungra og vaskra manna, sem vilja gefa sig að sjómennsku. Fari svo, að ekki verði hægt að manna skip og báta með íslenzku úrvalsliði, þá mun fleiru hætt í þjóðfélaginu en fiskveiðum og siglingum sem slíkum. Það mundi óhjákvæmilega leiða til almenns vandræðaástands og þeirrar þjóðarógæfu, sem seint yrði úr bætt. Hér gildir hið forna rómverska orðtak: Navigare necesse est — sigling er nauðsyn.

Fram undir þetta hefur e. t. v. ekki verið veruleg hætta á því, að ekki fengist vinnuafl til þess að halda uppi frumþáttum atvinnulífsins. Þó er það ekki einhlítt. Oft hefur skapazt vandræðaástand í sambandi við mönnun báta og skipa, svo að dæmi sé nefnt, — m. a. vegna þess, að ungir menn hafa af ýmsum ástæðum fremur leitað í önnur störf. Ein ástæðan er sú, að drýgsta uppspretta sjómannastéttarinnar, sjávarþorpin og sveitirnar, er að þrotum komin miðað við óhjákvæmilega endurnýjunarþörf stéttarinnar. Ungu mennirnir, sem vaxa upp í borg og ýmsum stærri bæjum, eru margir ókunnugir sjómennsku, svo að hún verður æ fjarlægari í hugarheimi þeirra og veruleika. Ástæðulaust er að ásaka þessa ungu menn, því að viðhorf þeirra mótast eðlilega af því umhverfi, sem fóstrar þá. Á því er höfuðmunur fyrir verðandi sjómann, hvort hann elst upp frá blautu barnsbeini í náinni snertingu við sjó og sjómennsku eða hvort hann kynnist slíkum störfum og lífsháttum af afspurn og án nokkurra beinna tengsla. Unglingur úr sjávarþorpi, sem fæddur er og uppalinn í flæðarmálinu að kalla og hefur daglega fyrir augunum skip og sjó, sjómenn og sjóvinnu, kemst í þau veruleikatengsl við sæfarir og flest, sem að sjómennsku

lýtur, að honum er það fullkomlega eðlilegt að gerast sjómaður, þegar hann hefur aldur og þroska til. Enda er þarna að finna hinn náttúrlega skóla íslenzkra sjómannsefna og þá lind, sem þrotlaust hefur verið ausið af. En hvað mun verða, ef þjóðlífsbreyting og búsetuþróun kollvarpar þessum náttúrlegu skilyrðum? Sú hætta kann að vera fyrir hendi að meira eða minna leyti. Svarið við þeirri spurningu er að dómi flm. það eitt, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna með einum eða öðrum hætti. Í því sambandi hlýtur það að teljast undirstöðuatriði, að rekið sé hentugt skólaskip, búið þeim vélum og tækjum og öðrum skipsbúnaði, sem almennt tíðkast. Engin vandkvæði ættu að vera á öflun nothæfs skips. Kæmi án efa til greina að kaupa eða leigja togara eða stóran fiskibát í þessu skyni eða jafnvel að nýta í því sambandi hin eldri og minni skip landhelgisgæzlunnar, enda mun fyrirhugað að leggja þau af sem varðskip — eitt eða fleiri — og bjóða til sölu. Til athugunar hlýtur það einnig að verða að tengja kennslu í sjóvinnu við störf gagnfræðaskóla, enda hefur það nokkuð verið reynt í Reykjavík og gefizt eftir vonum, þrátt fyrir ófullkomnar aðstæður. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með starfrækslu sjóvinnunámskeiða og útgerð skólaskips á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur, og þeir, sem að því hafa staðið, telja mikils af slíkri starfsemi að vænta. Á Akureyri var um skeið haldið uppi svipaðri starfsemi og gafst vel. Allar þessar tilraunir eru lofsverðar og eiga skilið meiri stuðning af hálfu hins opinbera en raun ber vitni.

Þessi tillaga til þingsályktunar er borin fram í þeirri trú, að Alþingi vilji taka mál þetta til umræðu og ákvörðunar og feli ríkisstjórninni að annast framkvæmd þess á þann hátt, að viðhlítandi sé. Íslenzk sjómannastétt hefur löngum verið talin dugmikil og vel verki farin. Má öðru fremur þakka það þeirri staðreynd, að nýliðar í sjómennsku hafa allajafna alizt upp við hagstæð skilyrði, sem bæði hafa beint áhuga þeirra að sjómennsku og gert þá færari en ella til þess að tileinka sér sjómannsstörfin, sem vissulega eru margþætt og vandasöm og krefjast áræðis, lagvirkni og snerpu. Þessara eiginleika mun verða þörf framvegis sem hingað til, og það skiptir miklu máli, hversu til tekst um undirbúningsþjálfun og framboð sjómannsefna.

Nd. 119. Frumvarp til laga [95. mál]

um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Útgerðarstofnun ríkisins er sjálfseignarstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn. Hlutverk hennar er að annast útgerð togara og báta og miðla hráefni til þeirra staða, þar sem atvinnuástand er lélegt og verkefni skortir.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal semja um kaup á allt að 5 skuttogurum, 1500—2000 smálesta að stærð, og 5 bátum af stærðinni 250—400 rúmlestir og afhenda þá stofnuninni. Stærri skipin skulu búin fullkomnum tækjum til að heilfrysta fisk.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að taka fé að láni innanlands eða utan í þágu útgerðarinnar.

4. gr.

Ráðherra skipar 7 menn í útgerðarstjórn og 7 til vara til þriggja ára, og skulu tveir tilnefndir af áhöfnum skipanna og öðru starfsliði stofnunarinnar, en tveir af

frystihúsaeigendum, hvort tveggja samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur. Fyrsta stjórn skal þó skipuð án tilnefningar til eins árs. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

5. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, og hefur hann daglega stjórn útgerðarinnar með höndum. Í samræmi við þá stefnu, sem útgerðarstjórn markar á hverjum tíma, ákveður framkvæmdastjóri, hvar afla skipanna skal landað og hjá hvaða frystihúsum. Um leið og tillit er tekið til ástands í atvinnumálum, ber einnig að stuðla að hagkvæmari rekstri frystihúsa í landinu, meðal annars með því að setja þau skilyrði fyrir viðskiptum, að gætt sé fyllstu hagræðingar og nýtni við meðferð aflans í landi.

6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur tvenns konar tilgang: annars vegar að efla togaraútgerð, sem verið hefur á fallandi fæti undanfarinn áratug og stórauka þannig gjaldeyrisöflun þjóðarinnar; hins vegar að miðla hráefni til frystihúsa víða um land og bæta með því rekstur þeirra. Er til þess ætlazt, að þeir staðir, sem búa við lélegt atvinnuástand á hverjum tíma, verði einkum fyrir valinu.

Hagur togaraútgerðar hefur verið mjög misjafn á undanförnum árum, og á það raunar við um hvers konar sjávarútveg. Útgerð togara er hins vegar slíkt stórfyrirtæki, að margir einstaklingar og fjárvana bæjarfélög hafa ekki risið undir taprekstri nokkur ár í röð, og er þetta ein af ástæðunum til þess, að togurum, sem gerðir eru út, hefur verulega fækkað á seinustu árum.

En þótt togarar séu öðru hverju reknir með tapi, þarf þó enginn að efast um, að útgerð þeirra er alltaf hagur fyrir þjóðarheildina. Það væri til lítils, þótt öll fyrirtæki landsins skiluðu miklum gróða, ef þau öfluðu ekki þess gjaldeyris, sem við þurfum. Eitt alvarlegasta vandamálið í dag er einmitt það, að þjóðin eyðir meiri gjaldeyri en hún aflar. Framleiðslu til útflutnings verður að auka með öllum tiltækum ráðum.

Atvinnuleysi er nú víða um land, og þarf því varla að taka fram, hvílík þörf er á auknu hráefni til vinnslu. Reynslan hefur líka sýnt, að í góðu árferði, þegar atvinnuástand í landinu er almennt gott, getur verið talsvert atvinnuleysi í sumum landshlutum. Þannig hefur verið stöðugt atvinnuleysi á Norðurlandi allan þennan áratug, þótt næg atvinna væri víðast annars staðar til skamms tíma.

Það er ein af frumskyldum ríkisvaldsins að gera allt, sem í þess valdi stendur, til að útrýma þessum félagslega sjúkdómi, atvinnuleysinu. Að undanförnu hefur hráefnisskortur verið helzta orsök atvinnuleysis. Til þess að bezt megi skipuleggja dreifingu hráefnis til þeirra staða, sem eiga við tímabundna erfiðleika að etja, virðist það liggja beinast við, að voldug ríkisstofnun annist útgerð margra skipa og hafi heildaryfirsýn yfir hráefnisþörf hinna ýmsu sjávarplássa. Um leið gefst tækifæri til að stuðla að hagkvæmari rekstri frystihúsa.

Endurnýjun togaraflotans er knýjandi nauðsyn. Flutningsmaður telur æskilegt, að sem flestir einstaklingar og sveitarfélög hefji togaraútgerð, ef menn treysta sér til. Hafa þingmenn Alþýðubandalagsins hvað eftir annað flutt um það frumvörp á Alþingi, að ríkisvaldið láti byggja togaraflota og framselji skipin einstaklingum, félögum eða bæjarútgerðum með hagstæðum kjörum. Hins vegar er einsýnt, að við endurreisn þessa atvinnuvegar dugir ekki fyrirgreiðslan ein, ríkið verður beinlínis að leggja hönd á plóginn.

Eins og kunnugt er, hefur nokkuð verið haldið á lofti þeim kreddukenningum, sem borizt hafa hingað frá útlöndum, að ríkið megi hezt ekki koma nálægt neinum atvinnurekstri. Virðast ýmsir kjósa frekar, að heilar atvinnugreinar staðni og hætti

að vaxa árum saman eða jafnvel visni upp og hverfi vegna skipulagsleysis og fjárskorts, heldur en ríkisvaldið skerist í leikinn og skipuleggi atvinnurekstur.

Íslendingar hafa ekki efni á að leggja trúnað á slíkar kreddur. Þeir hafa ekki efni á að láta frystihús standa ónotuð og fólkið atvinnulaust mánuðum og jafnvel árum saman. Feimni við ríkisrekstur á þessu sviði er ekki sízt fráleit vegna þess, að ríkisvaldið er eini innlendi aðilinn, sem getur leyst það verkefni, sem hér þarf að vinna.

Sþ. 120. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Skal löggjöf þessi vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum, og ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launþegum ríkisfyrirtækja og þá einkum iðnfyrirtækja veruleg bein áhrif á stjórn þeirra, en starfsmönnum í einkarekstri víðtæk ráðgefandi áhrif.

Nefndin skal skipuð af ráðherra, og tilnefna samtök vinnuveitenda þrjá menn, launþegasamtökin þrjá, þingflokkarnir fjórir tilnefna hver einn mann, en ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar miðar að því að skipa 11 manna nefnd til að undirbúa áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta viðfangsefni er ekki einfalt í framkvæmd. Atvinnulýðræði mun ekki ná fram að ganga nema á löngum tíma og eftir margvíslegar tilraunir. En nauðsynlegt er að hefjast þegar handa um undirbúning: koma á stað viðræðum milli launþega og vinnuveitenda, rannsaka íslenzkar aðstæður og leita eftir reynslu annarra þjóða.

Í tillögunni er ráð fyrir því gert, að stefnt verði að markinu í nokkrum áföngum og sé athyglinni einkum beint í fyrstu lotu að fyrirtækjum í eigu ríkisins og þátttöku starfsmanna í stjórn þeirra. Einnig verði starfsmönnum í einkarekstri veitt aðstaða til að hafa ráðgefandi áhrif í vissum málaflokkum.

Er atvinnulýðræði sósíalismi?

Ýmsir, sem kynna sér þessa tillögu, munu ef til vill spyrja: Er hér ekki verið að ræna vinnuveitendur réttinum til að stjórna eigin rekstri? Er ekki hér verið í raun og veru verið að læða sósíalisma inn um bakdyrnar? Þessu er til að svara, að atvinnulýðræði er tvímælalaust eitt skref af mörgum á leiðinni til sósíalismans. Sósíalismi er lýðræði á öllum sviðum þjóðlífsins, og hér er stefnt í lýðræðisátt á einu afmörkuðu sviði.

Þessi staðreynd ætti þó tæpast að fæla menn frá þessu sjálfsagða réttindamáli. Hugsjónir sósíalismans um jafnan rétt allra manna hafa síazt inn í hugmyndaheim jafnvel íhaldssömustu flokka. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, er það staðreynd, að í krafti réttlætsivitundar hins almenna manns eru sósíalískar hugmyndir í sókn, jafn á Íslandi sem í afturhaldssömustu ríkjum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framfarir í tækni og vísindum eru mjög örar á okkar tímum. Hin nýja iðnbylting, sem einkennist af sjálfvirkni og gífurlegri fjöldaframleiðslu, mun bæta lífskjör almennings stórkostlega á komandi árum. Þessi þróun er þó ekki með öllu hættulaus. Í fyrsta lagi má hún ekki hafa í för

með sér, að valdið yfir atvinnurekstrinum safnist á hendur örfárra manna. Í öðru lagi er það staðreynd, að samfara vaxandi sjálfvirkni verða störf manna einhæfari, andlausari og tilbreytingarsnauðari. Sérstaklega af þessum ástæðum er það samfélagsleg nauðsyn, að hinn vinnandi maður verði virkur þátttakandi og stjórnandi á þeim stað, þar sem hann dvelur næstum þriðjunginn af ævi sinni, en sé ekki aðeins tannhjól í hinni tröllvöxnu vélasamstæðu atvinnulífsins.

Þessi tillaga til þingsályktunar hefur því tvíþættan tilgang: annars vegar að bæta aðstöðu launþega til áhrifa á sérhverjum vinnustað í atvinnulífi þjóðarinnar – hins vegar að flytja vald og ábyrgð frá hinum fáu til hinna mörgu.

Krafan um lýðræði.

Krafan um fullkomið lýðræði er krafan um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnt og þétt hefur þessi krafa náð fram að ganga á æ fleiri sviðum og í æ fleiri löndum.

Pólitískt lýðræði og lýðræði í félagsmálum eru hvort tveggja kröfur, sem óðum eru að ná almennri viðurkenningu sem grundvallarréttindi hvers manns. Er þá átt við prentfrelsi, málfrelsi, félagsfrelsi, almennan kosningarrétt, jafnrétti kynjanna o. s. frv.

Jafnrétti í menntamálum er gömul réttlætiskrafa. Er þá átt við jafna aðstöðu manna í uppeldis- og menntamálum án tillits til uppruna eða aðstæðna og jöfn skilyrði til að njóta gæða menningarlífsins. Krafan um skólalýðræði er nú mjög til umræðu, og hafa stúdentar þar forystu. Er þess að vænta, að nemendaráð verði sett á stofn í öllum æðri skólum innan skamms.

Krafan um efnahagslegt lýðræði er tvíþætt: Annars vegar er átt við, að lífskjör manna og fjárhagsleg afkoma sé sem jöfnust, svo að allir hafi jafna möguleika til að njóta lífsgæðanna. Hér er því átt við fjárhagslegt jafnrétti allra manna. Hins vegar er átt við jafna aðstöðu manna til að hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins og þá um leið til að vinna gegn fjárhagslegu misrétti. Einokun fárra manna á stjórntækjum efnahagskerfisins hefur og í för með sér drottnun þeirra yfir atvinnulífinu. Efnahagslegt lýðræði er því nátengt atvinnulýðræði. Munurinn er sá, að hið fyrra beinist að efnahags- og atvinnulífinu í heild sinni, en atvinnulýðræði er fyrst og fremst bundið við vinnustaðinn, fyrirkomulag rekstrarins á hverjum stað.

Það er vissulega óeðlilegt, að þjóðfélagið viðurkenni lýðræði sem grundvallarreglu, en neiti að framfylgja þessari reglu í mikilvægasta þætti þjóðlífsins — atvinnulífinu. Þess vegna er það ein helzta krafa verkalýðshreyfingarinnar víða um heim í dag, að sigurganga lýðræðisins sé ekki stöðvuð við dyr vinnustaðanna.

Markmið atvinnulýðræðis.

Á Íslandi hafa umræður um atvinnulýðræði verið mjög af skornum skammti. Á hinn bóginn hafa þessi mál verið á dagskrá í öllum nálægum löndum á undanförnum árum og þá ekki sízt á Norðurlöndum. Gildir einu, hvort um er að ræða flokka, sem kenna sig við íhaldsstefnu, vinstristefnu eða sósialisma, — allir viðurkenna þeir þörfina á auknu lýðræði í atvinnulífinu. Aftur á móti er mikill ágreiningur um markmið og leiðir. Til glöggvunar mætti greina á milli þriggja hugmynda, sem allar stefna í sömu átt, en ganga þó misjafnlega langt:

1) *Samráð við starfsmenn í ákveðnum málum.* Fyrsta skrefið í átt til atvinnulýðræðis er að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um meðferð nokkurra málaflokka, sem snerta reksturinn, t. d. varðandi vinnuskilyrði og vinnutilhögun, hagræðingu, vinnutíma, öryggisráðstafanir vegna starfsfólks, bætta þjónustu o. fl. Slík réttindi eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir launþega, en einnig er það skoðun margra, að starfsmenn, sem eiga persónulega hlut að því að leysa vandamál rekstrarins, uni sér betur á vinnustað og eigi hægara með að þroska hæfileika

sína í starfinu. Víða meðal atvinnurekenda í kapítalískum löndum er vaxandi vilji til að stefna að þessu marki, þ. e. að auknum, en takmörkuðum meðráðarétti starfsmanna, enda hafa þeir rökstuddan grun um, að aukin samábyrgð og samvinna leiði til aukinna afkasta og framleiðni.

2) *Fulltrúar starfsmanna í minni hluta í stjórn fyrirtækisins.* Ráðgefandi réttindi starfsmanna, eins og lýst er í seinustu málsgrein (1), eru tæpast lokatakmark í margra augum, heldur einungis frumstig atvinnulýðræðis. Næsta skrefið er, að launþegar fá aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á ákvarðanir í öllum vandamálum rekstrarins með beinni þátttöku í stjórn fyrirtækisins. Þetta stig er þó rétt að takmarka við þá tilhögun, að starfsmenn fá að velja stóran hluta stjórnarmanna á lýðræðislegan hátt, en hafa þó ekki náð meirihlutaaðstöðu í stjórn rekstrarins.

3) *Raunveruleg stjórn starfsmanna.* Þá fyrst, þegar starfsmenn hafa öðlazt réttinn til að kjósa meiri hluta þeirra, sem sitja í stjórn fyrirtækisins, er inntak kröfunnar um lýðræði í atvinnurekstri orðið að veruleika. Þessi tilhögun mundi dreifa valdinu í þjóðfélaginu úr höndum hinna fáu til hinna mörgu, svo að efnahags- og atvinnulífið yrði undir lýðræðislegu eftirliti. Réttur löggjafans og framkvæmdarvaldsins til áhrifa á stjórn rekstrarins væri þó ekki afnuminn, enda óhjákvæmilegt, að sérhvert fyrirtæki sé rekið í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Erlend reynsla.

Víða um heim er atvinnulýðræði á dagskrá og þá einkum innan verkalýðshreyfingarinnar, eins og áður er sagt, en óvíða hefur orðið mikið úr framkvæmdum. Hér skulu nefnd dæmi frá þremur þjóðum, ef það mætti verða til skilningsauka á þessari tillögu:

Í *Englandi* hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma á auknu lýðræði í atvinnulífinu, en þessi viðleitni er þó skammt á veg komin. Árið 1941 voru stofnaðar framleiðslunefndir hjá öllum fyrirtækjum í málmiðnaðinum, og voru þær hugsaðar sem ráðgefandi aðili af hálfu starfsfólksins. Þessar tilraunir tókust misvel, enda voru nefndirnar valdalitlar, en merkar rannsóknir voru gerðar í þessa átt hjá fyrirtækinu Glacier Metals.

Eftir seinni heimsstyrjöldina þjóðnýtti ríkisstjórn Verkamannaflokksins ýmsar mikilvægar greinar atvinnulífsins, svo sem rafmagns-, kola- og gasiðnað og nokkra þætti flutningakerfisins. Samtímis voru gerðar ráðstafanir í lýðræðisátt með því að skipa forustumenn í verkalýðshreyfingunni í stjórn fyrirtækjanna, og komið var á fót stofnunum, sem fastir starfsmenn voru aðilar að og ætlað var einkum að fjalla um mál, sem snertu öryggi, heilsu og velferð launþeganna svo og aukna framleiðni fyrirtækjanna. Þessi tilraun í Englandi hefur gefizt vel, svo langt sem hún nær, en þróun lýðræðis í enskum atvinnuvegum er þó enn á frumstigi.

Í *Noregi* voru lög um verkamannanefndir (arbeiderutvalg) árið 1920 fyrsta viðleitnin í þessa átt. Nefndirnar áttu að vera ráðgefandi í vissum málaflokkum, en lögin komust ekki í framkvæmd.

Í sameiginlegri stefnuyfirlýsingu stjórnmálaflokkanna árið 1945 var boðað, að stofnaðar yrðu „ráðgefandi framleiðslunefndir, skipaðar vinnuveitendum, verkamönnum og öðrum starfsmönnum". Þessi tilhögun hefur síðan náð fram að ganga með heildarsamningum vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, en án sérstakrar lagasetningar.

Fram að þessu hefur viðleitni norskra ráðamanna til að auka lýðræði í norskum atvinnurekstri fyrst og fremst beinzt að hinu fyrsta stigi, sem nefnt var hér að framan: ráðgefandi réttindum starfsmanna. Þó eru þess mörg dæmi, að fulltrúar verkamanna eigi sæti í stjórnum norskra ríkisfyrirtækja.

Nú seinustu árin hefur verkalýðshreyfingin unnið að undirbúningi nýrrar löggjafar um þessi efni í samráði við stjórnarvöld, og er einkum að því stefnt, að launþegar hafi veruleg ítök í stjórn rekstrarins, en verði þar í minni hluta.

Fæstir, sem til þekkja, munu neita því, að atvinnulýðræði hefur enn sem komið er náð mestum þroska í *Júgóslavíu*. Frá stríðslokum hefur verkamannaráðið verið sú grunneining í atvinnulífi landsins, sem stjórnað hefur rekstri flestra meiri háttar fyrirtækja. Júgóslavar hafa einbeitt sér sérstaklega að dreifingu miðstjórnar- og framkvæmdavalds með því að veita einstökum landshlutum, sveitarfélögum og þjóðnýttum stórfyrirtækjum aukið sjálfstæði. Verkamannaráðin hafa þó ekki stjórn fyrirtækjanna að öllu leyti í sínum höndum, en bein áhrif starfsmanna á reksturinn eru tvímælalaust mikil.

Enginn mun vilja halda því fram, að skipan þessara mála í Júgóslavíu sé fullkomin, enda um brautryðjandastarf að ræða. En áreiðanlega má mikið læra af Júgóslövum um framkvæmd atvinnulýðræðis. Víða um heim er fylgzt með þessum tilraunum þeirra af miklum áhuga, og til dæmis fór nefnd norskra þingmanna nýlega til Júgóslavíu til þess að kynna sér sérstaklega atvinnulýðræði þar í landi. Ekki væri síður ástæða fyrir þá nefnd, sem þessi tillaga fjallar um, að gera ráðstafanir til að læra af reynslu Júgóslava.

Íslenzkar aðstæður.

Aukin þátttaka launþega í stjórn fyrirtækja er misjafnlega auðveld í framkvæmd. Aðstæður eru mjög ólíkar í hinum ýmsu atvinnugreinum og jafnvel mismunandi eftir því, hversu fjölmennir vinnustaðirnir eru. Einnig geta skilyrði verið hagstæðari í einu landi en öðru. Verða hér nefnd nokkur atriði, sem snerta sérstöðu íslenzkra atvinnuvega:

a) *Frumstæðir atvinnuhættir*. Íslenzkt atvinnulíf hefur verið í mótun á undanförnum áratugum. Flestar atvinnugreinar hafa tekið miklum breytingum á fáum árum, og ekki hefur enn skapazt sú festa og jafnvægi, sem ríkir í háþróuðum iðnaðarlöndum. Margs konar atvinnurekstur, bæði á vegum ríkis og einkaaðila, stendur þó traustum fótum og er undir það búinn að innleiða í rekstrinum lýðræðislegri vinnubrögð.

Í öðrum tilfellum einkennist rekstur margra einkafyrirtækja af glæfralegu kapphlaupi við skjóttekinn gróða, tilviljanir ráða miklu og framtíð rekstrarins er algerlega háð einum manni, vilja hans og dugnaði, auraráðum og persónulegum samböndum. Í slíkum rekstri, þar sem sjálfsbjargarviðleitnin ræður öllu, er ekki aðstaða til að hugsa um lýðræði.

b) *Árstíðabundin vinna*. Ein helzta forsenda þess, að starfsmenn taki þátt í stjórn fyrirtækja og hafi afskipti af rekstrinum, er sú, að þeir séu samfellt á sama vinnustað um lengri tíma og öðlist þannig nokkra reynslu og þekkingu í starfi sínu við fyrirtækið. Á Íslandi er árstíðabundin vinna fremur algeng, sérstaklega í útgerð og fiskiðnaði. Verður að hafa það í huga, að þar sem fyrirtæki er aðeins starfrækt nokkra mánuði á ári og miklar breytingar verða á starfsliði frá ári til árs, er atvinnulýðræði torveldara í framkvæmd.

c) *Smæð fyrirtækjanna*. Fjöldi starfsmanna við hvert fyrirtæki skiptir einnig nokkru máli. Starfsmennirnir verða að eiga á að skipa mönnum, sem hafa einhverja reynslu í félagsmálum og nægilega forustuhæfileika til að taka þátt í stjórn rekstrarins. Varla þarf að óttast, að á fjölmennum vinnustöðum skorti hæfa forustumenn, en meiri óvissa er um lítil fyrirtæki. Þá ber á það að líta, að þeim mun stærri, sem fyrirtækin eru, þeim mun meiri þörf er á lýðræðislegum vinnubrögðum, þ. e. meðráðaréttindi starfsmanna við stjórn þeirra.

Í Iðnaðarskýrslum 1960, sem Hagstofa Íslands gaf út 1963, eru töflur, sem gefa yfirlit um slysatryggðar vinnuvikur verkafólks og annars starfsliðs hjá íslenzkum iðnfyrirtækjum árið 1959. Þessar tölur veita upplýsingar um meðalfjölda starfsmanna í ýmsum iðngreinum, og má af þeim ráða, að meðalfjöldi starfsmanna við meðaliðnfyrirtæki á Íslandi er um 12 manns. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðrar atvinnugreinar.

Eftir beiðni flutningsmanns þessarar tillögu hefur Hagstofa Íslands samið yfirlit um fjölda íslenzkra iðnfyrirtækja, sem hafa 12 starfsmenn að meðaltali eða fleiri. Kemur í ljós, að af 1246 iðnfyrirtækjum hafa aðeins 362 fleiri en tólf starfsmenn að meðaltali yfir árið. Aðeins 70 iðnfyrirtæki hafa 50 starfsmenn eða fleiri.

Smæð fyrirtækjanna og fámenni á vinnustað er því sérislenzkt einkenni, sem taka verður tillit til.

d) *Ríkisfyrirtæki og samvinnufélög.* Ástæðulaust er að spá neinu um það, hvern hljómgrunn krafan um atvinnulýðræði muni fá meðal íslenzkra vinnuveitenda í einkarekstri. Einhverjir atvinnurekendur munu sjálfsagt fullyrða, að afskipti launþega af rekstrinum hafi einungis truflandi áhrif á stjórn hans, enda séu þeir að fara inn á svið, sem þeim komi ekki við, og með þessu sé verið að skerða löghelgaðan eignarrétt atvinnurekandans.

En hvað sem líður afstöðu einkaatvinnurekenda til þessa máls, er hitt ekki ósennilegt, að auðveldara verði að koma á atvinnulýðræði í ríkisrekstri en einkarekstri. Hæg eru heimatökin, ef ríkisvaldið fellst á breytta tilhögun í opinberum rekstri, og sú skoðun mun fljótlega ryðja sér til rúms, að starfsmenn, sem öðlazt hafa reynslu og þekkingu í starfi sínu, eigi frekar heima í stjórn fyrirtækisins en ýmsir embættismenn, pólitískir erindrekar og bitlingasnatar. Á Íslandi er hlutfallslega meira um opinberan rekstur en í flestum löndum Vestur-Evrópu, og má því segja, að skilyrði til að koma atvinnulýðræði í framkvæmd hér á landi séu að þessu leyti góð.

Þá má minna á, að samvinnuhreyfingin á Íslandi er óvenjulega öflug. Eins og fyrr segir, á atvinnulýðræði sérstakan rétt á sér í opinberum rekstri, en ekki á það síður við innan samvinnuhreyfingarinnar. Krafan um lýðræði er náskyld og raunar samofin hinni gömlu samvinnuhugsjón. Félög samvinnumanna byggðu upp starfsemi sína hér á landi með lýðræðislegu samstarfi neytenda í bæjum og framleiðenda í landbúnaði. Síðar hafa forustumenn samvinnumanna villzt nokkuð af leið með því að blanda blóði við einkaframtakið og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum í atvinnurekstri. Iðnfyrirtæki á vegum samvinnufélaganna eru mörg í hlutafélagsformi, og hafa hvorki starfsmenn né neytendur þar nokkur áhrif. Því verður þó ekki neitað, að hin styrka staða samvinnuhreyfingarinnar bætir aðstöðuna til að koma á lýðræði í íslenzkum atvinnurekstri.

Árið 1957 var hlutur einkaauðmagnsins í framleiðslufjármunum þjóðarinnar um 36%, en hlutur ríkis, bæja og samvinnufélaga um 31% (þau 33%, sem eftir eru, tilheyra bændum). Ef tekið er tillit til þess, að í hópi hlutafélaga eru allmörg félög, sem ríki, sveitarfélög og samvinnufélög eiga meiri hlutann í og ráða öllu um, hækkar hlutur þess opinbera og samvinnufélaga á kostnað einkaauðmagnsins. Ef litið er á iðnaðinn sérstaklega, eiga einstaklingar og hlutafélög 70%, en samvinnufélög og opinberir aðilar 30% (með sama fyrirvara og áður). Loks má geta þess, að samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru 70 af 362 iðnfyrirtækjum, sem hafa tólf starfsmenn eða fleiri, ríkisfyrirtæki, samvinnufélög eða bæjarfyrirtæki, en þar á meðal eru mörg stærstu iðnfyrirtæki landsins.

e) *Fræðslustarfsemi í molum.* Ein helzta forsenda þess að lýðræði í atvinnurekstri geti náð að dafna, er, að launþegasamtökin standi fyrir víðtækri fræðslustarfsemi meðal meðlima sinna og trúnaðarmanna á vinnustöðum, annaðhvort með eða án aðstoðar ríkisvaldsins. Slík starfsemi er skammt á veg komin hér á landi, enda enginn sérstakur skóli starfandi á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Þó hafa menn verið sendir utan á vegum launþegasamtakanna til náms í hagræðingartækni, og öðru hvoru eru haldin námskeið fyrir verkstjóra. Hvort tveggja er spor í rétta átt, en hér þarf samt mikil breyting á að verða, jafnhliða því að spurningin um meðráðarétt starfsmanna við rekstur atvinnulífsins er tekin til umræðu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ed. 121. Frumvarp til laga [97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála, og er verksvið hennar svo sem hér segir í 3. gr.

Ráðherra skipar brunamálastjóra ríkisins til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi brunavarnaeftirlit með öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og benzín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum um brunamál sé fullnægt. Óheimilt er að afgreiða slíka uppdrætti í byggingarnefndum eða hefja framkvæmdir, nema brunamálastofnunin hafi áður samþykkt uppdrættina.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum og halda námskeið fyrir slökkviliðsmenn.
f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi varðandi brunavarnir, þar með talið að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.
h. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
i. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Kaupstaðir og kauptún, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri, skulu halda uppi brunavörnum, er séu í samræmi við eðlilegar kröfur um öryggi gegn eldsvoða, og kosta þær.

Heimilt er sveitarstjórn að kjósa sérstaka brunamálanefnd til að fara með brunamál í sveitarfélaginu, og ákveður hún tölu nefndarmanna o. s. frv., sbr. 30. gr.

Ef brunamálanefnd er ekki kosin, fer bæjarstjórn (bæjarráð) eða hreppsnefnd með störf brunamálanefndar. Þegar talað er í lögum þessum um brunamálanefnd, er einnig átt við þessa aðila.

Ályktanir brunamálanefndar eru háðar samþykki sveitarstjórnar.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (brunamálanefndar), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að ákvæði þessarar greinar skuli gilda utan kaupstaða og kauptúna. Þar fer hreppsnefnd með verkefni brunamálanefndar.

II. KAFLI
Um slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Brunavarnir, skv. 4. gr., eru m. a. í því fólgnar, að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi slökkvilið, sem fullnægi þeim kröfum um öryggi, sem unnt er að krefjast miðað við aðstæður.

6. gr.

Sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, skv. 4. gr., er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber og að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

7. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur og umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Brunamálanefnd skipar menn í slíkt slökkvilið, að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Heimilt er að skjóta ákvörðun hennar til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

9. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 8. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

10. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

11. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum samkv. kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf

í þágu brunavarna, samkv. ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við slökkvistörf, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði. Náist ekki samkomulag, skulu skemmdir metnar af dómkvöddum mönnum.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið kaupstað eða kauptún þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi kaupstað eða kauptúni annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn brunamálastofnunarinnar.

13. gr.

Verði eldur laus eða bráð hætta er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem í hættu eru, og kveðja til hjálp.

14. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

15. gr.

Fjártjón, sem hlýzt af ráðstöfunum samkv. 14. gr., telst brunatjón.

16. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og slökkvistörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæzlulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

17. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til, að hann valdi ekki frekari truflun.

18. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI
Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

19. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sótun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið getur að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar veitt mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

20. gr.

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal og, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talizt kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að meiriháttar fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegun sérstaks búnaðar til slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

21. gr.

Nauðsynlegum útbúnaði vegna brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Brunamálanefnd skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir. Bætur til eiganda skal greiða úr sveitarsjóði. Við ákvörðun bóta skal taka tillit til þess gagns, sem aðili kann að hafa af framkvæmdunum.

22. gr.

Enginn má fara þannig með eld eða eldfim efni, að eldsvoði geti auðveldlega af því hlotizt.

23. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

24. gr.

Í reglugerð má kveða á um meðferð, flutning og varðveizlu sprengiefnis. Einnig getur ráðherra sett reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

IV. KAFLI
Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.

25. gr.

Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 16. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

26. gr.

Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómur) skal, eins fljótt og við verður komið, halda réttarrannsókn út af bruna til þess að komast að orsök hans og atvikum öll-

um. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjón nemur ekki 10 000.00 kr. og eldsupptök eru kunn. Afrit af dómsgögnum skal senda til viðkomandi tryggingafélaga og til brunamálastofnunarinnar. Héraðsdómur skal einnig senda brunamálastofnuninni upplýsingar um eldsupptök, þótt réttarrannsókn fari ekki fram.

V. KAFLI
Um brunavarnagjald o. fl.

27. gr.

a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.25% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.
b. Brunamálastofnun skal semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í gjaldskrá þessari skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.
c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

29. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar eru brotin, og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til, að úr sé bætt. Hann leggur málið fyrir brunamálanefnd, sem ákveður, hvort senda skuli málið til héraðsdómara (í Reykjavík sakadóms).

Brunamálanefnd getur ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda, eða ákveðið honum dagsektir allt að 1000 krónur á dag, unz úr er bætt, og renna þær í sveitarsjóð. Þá getur hún og ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að ekki er fylgt settum reglum, að rekstur fyrirtækis sé stöðvaður, framkvæmdum hætt eða aðrar slíkar ráðstafanir gerðar, unz úr hefur verið bætt, og er lögreglu skylt að veita aðstoð við framkvæmd slíkrar ráðstöfunar.

Ef mál er svo vaxið, að slökkviliðsstjóri telur, að ráðstafanir skv. 2. mgr. þoli ekki bið, getur hann látið framkvæma þær þegar í stað, en leggja skal málið fyrir brunamálanefnd svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar, og brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta, skv. 29. gr., og hefur hann þá rétt til að beita þeim heimildum, sem henni eru veittar í þeirri grein.

Ef hann telur, að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

31. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu brunamálastjóra, reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki ráðherra að setja sérstaka samþykkt um stjórn og meðferð brunamála í sveitarfélaginu.

32. gr.

Um matsgerðir skv. lögum þessum fer skv. lögum nr. 61/1917.

33. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 30. gr., má innheimta með lögtaki.

34. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi lög nr. 37/1948, um brunavarnir og brunamál, svo og lög nr. 28/1945, um brunamál í Reykjavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta þingi, og fylgdu því þá eftirfarandi athugasemdir:

„Skipulagðar brunavarnir eiga sér ekki langa sögu á Íslandi. Strjálbýlið hér á landi gerði ókleift að koma slíku við. Þegar eldur kom upp, urðu menn að treysta á eigið atfylgi og nágranna sína til slökkvistarfa.

Svo hefur oft verið talið, að bæjarbrunar hafi ekki verið tíðir á fyrri öldum, enda bæjarhús ekki nema að litlu leyti úr eldfimu efni. Fleira hafi komið til, alkunn er vísa Látra-Bjargar:

„Látra aldrei brennur bær
bleytan þessu veldur.“

Athugun á annálum, sem eru helzta heimildin um þessi efni, gefur hins vegar ástæðu til að ætla, að bæjarbrunar hafi þó verið furðu tíðir á fyrri öldum.

Brunahættan var mest á stórbýlum, þar sem helzt var byggt úr timbri. Af eðlilegum ástæðum er slíkra bruna fremur getið en bruna annars staðar. Af stórbrunum má nefna t. d. brunann í Hítardal 1148, sem talinn er mannskæðastur allra bruna á Íslandi, bruna á biskupsstólunum, einkum stórbruna í Skálholti 1309, 1527 og 1630, sem olli óbætanlegu tjóni. Getið er mikilla bruna á klausturjörðum eins og t. d. Möðruvöllum, Munkaþverá, Reynistað og Helgafelli. Þá eru og frásagnir um stórbruna, t. d. á Haga á Barðaströnd, Leirá í Borgarfirði og Stórólfshvoli. Þessi dæmi eru af handahófi tekin.

Þegar byggð tók að aukast í Reykjavík um miðja 18. öld með tilkomu „Innréttinganna“, skapaðist þar veruleg brunahætta, enda stóð ekki á því, að eldsvoði ylli þar miklu tjóni. Árið 1764 brunnu þrjú verksmiðjuhúsanna og aftur varð bruni 1773. Munu þá hafa verið gerðar nokkrar öryggisráðstafanir, m. a. var næturverði „Innréttinganna“ falið að fylgjast með notkun elds, sbr. erindisbréf, dags. 3. okt. 1778.

Eftir að Reykjavík fær kaupstaðarréttindi, er hinum sérstaka næturverði bæjarins falið að gera aðvart um eldsvoða og gera ýmsar ráðstafanir í því sambandi,

og er um þetta fjallað í erindisbréfi, dags. 16. apríl 1791. Við þetta sat til 1. apríl 1807, en þann dag gaf stiftamtmaður út auglýsingu um varnir gegn brunahættu í Reykjavík. Munu það væntanlega vera fyrstu reglur þeirrar tegundar, sem settar voru hér á landi, en lítt munu þær hafa verið haldnar. Vísir að slökkviliði tekur að þróast hér á öðrum þriðjungi 19. aldar, en 1875 eru sett sérstök lög um brunamálefni í Reykjavík, lög nr. 20, 15. október 1875. Er mjög nákvæmlega kveðið þar á um meðferð brunamála. Þau lög héldu gildi sínu, unz sett voru núgildandi lög um brunamálefni í Reykjavík nr. 28, 12. febrúar 1945.

Heildarlög um brunamál utan Reykjavíkur voru fyrst sett með lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, og var svo mælt fyrir í 39. gr., að lögin giltu fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi féllu undir lög frá 20. október 1905, um vátryggingu sveitabæja og annarra húsa í sveitum utan kauptúna.

Jafnhliða þessum lögum giltu sérlög um slökkvilið á Ísafirði frá 1883, Seyðisfirði frá 1901, Akureyri frá 1905 og Hafnarfirði frá 1909. Árið 1901 voru sett sérstök lög um skipun sótara í kaupstöðum utan Reykjavíkur.

Öll þessi löggjöf var afnumin með núgildandi lögum nr. 37, 1. apríl 1948, en samkvæmt þeim var síðan sett reglugerð nr. 167/1949.

Með þessari löggjöf var vissulega stigið spor í rétta átt, en reynslan hefur þó sýnt, að mikilla úrbóta er þörf. Á fimm ára tímabilinu árin 1962—1966, að báðum árum meðtöldum, voru samanlagðar tjónabætur tryggingafélaganna vegna bruna sem hér segir:

Vegna fasteigna	126 millj. kr.
Vegna lausafjár	214 — —
Samtals	340 millj. kr.

Þetta gerir til jafnaðar 68 millj. á ári eða sem næst 350 kr. á íbúa á ári að meðaltali. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur fyrir yfirstandandi ár (1967), en allt bendir til, að samanlagt tjón á lausafé og fasteignum verði talsvert á þriðja hundrað milljónir króna, og verður því um algjört metár að ræða í þessum efnum. Í sambandi við upphæðir þessar er vert að hafa í huga, að hér er einungis um samanlagðar tjónabætur tryggingafélaganna að ræða. Hið raunverulega tjón er miklu hærra, því að algengt er, að bæði fasteignir og lausafé sé stórlega undirtryggt og hið síðarnefnda jafnvel ótryggt með öllu. Þar við bætist svo óbeint tjón, t. d. rekstrarstöðvanir af völdum eldsvoða. Þótt einstaklingar og fyrirtæki fái, þegar bezt lætur, tjón sitt að fullu bætt hjá tryggingafélögum, þá verður ekki hið sama sagt um þjóðfélagið í heild. Þar koma brunatjónin fram sem hreint tap og það tap verður að verulegu leyti að greiða í erlendum gjaldeyri í formi endurtryggingaiðgjalda.

Samanburður á brunatjónum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar leiðir í ljós, að meðaltjón á íbúa er hér tvöfalt til þrefalt hærra en þar, ef miðað er við árin 1962—1965, og stórversnar það hlutfall enn, ef árið 1967 er tekið með.

Til frekari glöggvunar á því, hvílíka fjármuni hér er um að ræða, má benda á, að samanlagðar tjónabætur árin 1960—1967 mundu nægja til þess að greiða alla verktakavinnu við Búrfellsvirkjun, og andvirði þess, sem brunnið hefur á yfirstandandi ári, hefði nægt fyrir öllum byggingarkostnaði Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, og vel það.

Auðvelt er að sýna fram á, að hið margfalda met Íslendinga í brunatjónum stafar að verulegu leyti af skorti á eftirliti og vöntun á fræðslustarfsemi á sviði brunamála. Samkvæmt skýrslum tryggingafélaganna um upptök eldsvoða, eru tvær algengustu orsakirnar eftirfarandi:

Röng meðferð og umbúnaður eldfimra efna	11%
Olíukynditæki	24%

Í þriðja sæti kemur svo rafmagnið með 7%. Frá því árið 1948 hafa verið í gildi ströng ákvæði um uppsetningu og meðferð olíukynditækja og opinbert eftirlit með þeim. Tæki þessi eru yfirleitt mjög vönduð og fullkomin og mundu örugglega sárasjaldan valda tjóni, ef umbúnaður þeirra væri löglegur. Með auknu eftirliti ætti því að vera mögulegt að draga verulega úr þessum lið.

Varðandi ranga meðferð eldfimra efna er það að segja, að hér er ekki eingöngu eftirlitsleysi um að kenna, heldur einnig og kannske enn frekar vöntun á fræðslustarfsemi. Það er t. d. allt of algengt, að iðnaðarmenn valdi íkveikju í sambandi við meðferð ýmiss konar efna, og þó aðallega nýrra, er þeir nota í starfi sínu.

Brunavarnaeftirlit ríkisins hefur allt frá upphafi sínu haft á að skipa einum eftirlitsmanni, og hefur honum verið ætlað að hafa eftirlit með brunavörnum á öllu landinu utan Reykjavíkur. Þótt hann hafi margt vel gert, þá er framangreint verkefni algjör ofætlun einum manni, enda árangurinn í samræmi við það. Til þess að verulegs árangurs megi vænta, þarf brunavarnaeftirlitið að hafa á að skipa a. m. k. fjórum fastráðnum starfsmönnum. Tveir til þrír þeirra þurfa að vera í stöðugum eftirlitsferðum um landið. Einn þessara manna þarf að vera vanur slökkviliðsmaður og halda að staðaldri slökkviæfingar með slökkviliðum utan Reykjavíkur.

Varðandi fræðslustarfsemina er það að segja, að halda þarf erindi og sýna kvikmyndir um brunamál í öllum helztu framhaldsskólum landsins, a. m. k. annað hvert ár. Efna þarf til kynningar á brunamálum í sjónvarpi, hljóðvarpi og dagblöðum og meðal starfshópa í einstökum greinum. Þá ber og brýna nauðsyn til þess að efna til námskeiða fyrir slökkviliðsmenn utan af landi í samvinnu við fullkomnustu slökkviliðin á Íslandi, en þau eru í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Gætu slík námskeið orðið vísir að brunatækniskóla, en slíkir skólar eru starfandi í öllum menningarlöndum nema hér. Enginn efi er á því, að stórlega mætti draga úr brunatjónum, með því að auka tækjakost og bæta skipulagningu og hæfni hinna ýmsu slökkviliða í landinu. Eins og meðfylgjandi frumvarp ber með sér, er hér fyrst og fremst um heimildarlög að ræða, enda þykir óeðlilegt að binda í lögum ýmis framkvæmdaatriði og reglur um tæknimálefni. Þykir hagkvæmara að kveða á um slík atriði í reglugerðum eða samþykktum. Samning slíkra reglugerða verður geysimikið verk, og má búast við, að það verði eitt aðalverkefni væntanlegs brunamálastjóra á næstu árum.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af brunamálalöggjöf hinna Norðurlandanna, einkum þó Noregs og Svíþjóðar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í samræmi við 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. núgildandi laga er kveðið á um hið almenna eftirlit með brunavörnum. Nauðsynlegt þykir að koma fastri skipun á eftirlitið og skapa því betri starfsskilyrði.

Frv. gerir ráð fyrir, að skipaður verði sérstakur brunamálastjóri, er sé verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum, og framkvæmdir, skv. lögum þessum, verði fengnar sérstakri brunamálastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um verkefni brunamálastofnunarinnar. Má segja, að þau skiptist í tvo meginþætti: Annars vegar almennar varnaðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að eldur verði laus, og hins vegar ráðstafanir til að stuðla að því, að unninn verði bugur á eldi, sem laus er orðinn.

Undir fyrri þáttinn má heimfæra ýmiss konar leiðbeiningarstörf fyrir sveitarstjórnir og aðra, eftirlit með gerð uppdrátta að mannvirkjum, þar sem sérstök

brunahætta er, brunavarnaeftirlit með atvinnufyrirtækjum, þar sem sérstök ástæða þykir til, samræmingu á slökkvibúnaði, rannsóknarstarfsemi o. s. frv.

Undir síðari þáttinn má heimfæra æfingar slökkviliða, eftirlit með vatnsveitukerfum o. s. frv.

Um 4. gr.

Í núgildandi lögum er skylda til að halda uppi slökkviliði miðuð við kaupstaði og kauptún, sem hafa 200 íbúa eða fleiri. Í lögum eru reglur um kauptún yfirleitt miðaðar við 300 íbúa, og virðist réttara að miða við þann íbúafjölda. Skv. 3. mgr. getur ráðuneytið ákveðið, að ákvæðin gildi utan kaupstaða og kauptúna, þannig að ekki þarf að vera um efnisbreytingu að ræða.

Ástæðulaust virðist að binda í lögum, hvernig skipun brunamálanefnda skuli vera, þar sem þær á annað borð verða stofnaðar. Væri það og í ósamræmi við þá hugmynd, sem þykir sjálfsögð, að bæjarráð geti farið með störf brunamálanefndar í kaupstað, en hreppsnefnd utan kaupstaðar.

Þá þykir ekki heldur ástæða til þess að taka upp ákvæði 3. gr. laganna um fundarsköp brunamálanefnda.

Í 4. og 5. gr. laganna er kveðið á um verksvið og valdsvið brunamálanefndar. Ástæðulaust þykir að taka slíkt upp. Virðist sjálfsagt, að þessi nefnd falli með eðlilegum hætti inn í stjórnkerfi sveitarfélaganna. Í reglugerð yrðu að sjálfsögðu sett nánari ákvæði um þessi efni.

Um 5. gr.

Ókleift er að setja fastar reglur um búnað slökkviliða, þar sem slíkt hlýtur mjög að fara eftir aðstæðum. Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringar við.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega í samræmi við ákvæði 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. og athugasemd við 5. gr.

Um 7. gr.

Í samræmi við 4. og 6. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Í frv. er lagt til, að aldurshámark sé hækkað úr 55 árum í 60 ár, en að öðru leyti eru ákvæðin í aðalatriðum í samræmi við 1. og 3. mgr. 7. gr.

Um 9. gr.

Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða 2. og 4. mgr. 7. gr.

Um 10. gr.

Í samræmi við 1. ml. 3. mgr. 7. gr. laganna.

Um 11. gr.

Að mestu samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sem nauðsynlegt þykir að setja um sérstök lagaákvæði. Nú þegar munu ýmis sveitarfélög hafa samið sín á milli um slíkt. Má t. d. nefna, að Slökkvilið Reykjavíkur annast slökkvistarf í Kópavogi, Mosfellshreppi og Seltjarnarneshreppi, skv. sérstökum samningi sveitarstjórnanna.

Til þess að staðreyna, að örugglega sé gengið frá málum, þykir nauðsynlegt að áskilja staðfestingu ráðuneytisins.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. núgildandi laga.

Um 14. gr.

Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða ákvæðum 24. gr. laganna.

Um 15. gr.

Samhljóða 25. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Er í samræmi við 8. gr. núgildandi laga í öllum aðalatriðum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum í 27. gr. laganna.

Um 18. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða 33. gr. laganna.

Um 19. gr.

Ákvæði frv. í samræmi við 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Hins vegar þykir ástæðulaust að hafa í lögum ýtarleg ákvæði um, hvernig framkvæma skuli sóthreinsun og eldfæraeftirlit, þar sem slíkt þykir eiga heima í reglugerð.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða í 31. og 32. gr., en kveða nánar á um skyldur húseigenda en gildandi lög. Í 2. mgr. er um nauðsynleg nýmæli að ræða.

Um 21. gr.

Hér er um að ræða nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka í lög.

Um 22. gr.

Í ýmsum greinum núgildandi laga er bönnuð tiltekin háttsemi, sem talið er að brunahætta geti stafað af. Má einkum nefna 10. gr. Slíkar upptalningar þykja ekki eiga heima í lögum, heldur sé nægilegt að kveða á um slíkt með almennum orðum.

Um 23. og 24. gr.

Þessi ákvæði eru svo að segja samhljóða 19. og 20. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Þessi ákvæði koma í stað 34. gr. núgildandi laga, og eru að mestu samhljóða þeim.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 35. og 36. gr. núgildandi laga. Um meðferð slíkra mála fer skv. lögum nr. 28/1961, um meðferð opinberra mála.

Um 27. gr.

a. Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga á Brunabótafélag Íslands að greiða allan kostnað við brunavarnaeftirlit ríkisins. Brunabótafélagið hafði, er lögin voru sett, einkarétt á öllum brunatryggingum fasteigna utan Reykjavíkur, og mun

sú skipan hafa ráðið mestu varðandi þetta atriði. Nú hefur þessi einkaréttur fyrir löngu verið afnuminn, og verður því að teljast óeðlilegt, að Brunabótafélagið eitt beri þennan kostnað, og má raunar segja, að það hafi aldrei réttlátt verið, þar sem lausafjártryggingar hafa alla tíð verið frjálsar og samanlagðar iðgjaldatekjur af þeim eru mun hærri en af fasteignum. Brunavarnaeftirlit stuðlar að sjálfsögðu engu síður að því að draga úr tjónum á lausafé en á fasteignum.

Með hliðsjón af þessu verður að telja eðlilegt, að tryggingafélögin beri kostnaðinn við væntanlega brunamálastofnun í hlutfalli við brúttó iðgjaldatekjur af fasteignum og lausafé. Miðast gjaldið við, að það geti að mestu leyti staðið undir kostnaði við stofnunina. Á það skal bent, að til þess að tryggingafélögin fái þessi framlög til baka í lækkuðum bótagreiðslum, þurfa brunatjón aðeins að minnka um 2—3% vegna starfsemi stofnunarinnar. Eins og áður hefur verið sýnt fram á hafa brunatjón hér á landi verið tvisvar til þrisvar sinnum hærri en eðlilegt getur talizt, og ætti því framangreind lækkun ekki að vera ofætlun.

b. Þótt væntanleg brunamálastofnun verði að sjálfsögðu að veita meginhluta af þjónustu sinni endurgjaldslaust, þá mun hún einnig þurfa að taka að sér verkefni, sem eðlilegt er að taka greiðslu fyrir. Hversu hár þessi tekjuliður kann að verða er erfitt að áætla á þessu stigi.

c. Eðlilegt þykir, að hið opinbera hlaupi undir bagga, ef framangreindir tekjuliðir nægja ekki til reksturs stofnunarinnar. Ekki ætti ríkissjóður þó að verða fyrir verulegum fjárútlátum í þessu tilefni.

Um 28. gr.

Greinin virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 29. og 30. gr.

Mjög erfitt hefur reynzt í framkvæmd að framfylgja lögum og reglugerðum um brunamál. Hvort tveggja er, að ýmis yfirvöld hafa ekki sýnt þá árvekni, sem ber, og hins vegar hefur mjög skort heimildir til að taka í taumana, þegar brot eru framin. Þykir nauðsynlegt að bæta úr slíku.

Rétt þykir að veita brunamálastjóra heimild til að beita heimildum þessara greina, ef yfirvöld á staðnum gera ekki fullnægjandi ráðstafanir.

Um 31. gr.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar, þykir óeðlilegt að binda í lögum ýmis framkvæmdaatriði svo og reglur um tæknimálefni. Fer betur á því að hafa slíkt í reglugerð.

Ef sveitarstjórn vill setja reglur um skipun brunamála sinna, virðist sjálfsagt að heimila slíkt með þeim hætti, sem 2. mgr. gerir ráð fyrir.

Um 32.—34. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.“

Nd. 122. Frumvarp til laga [98. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Fé því, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 74 1968, skal ráðstafa í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 74 1968, skal verja gengishagnaði vegna útflutningsafurða, sem framleiddar eru fyrir 15. nóvember 1968, í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Jafnframt var gert ráð fyrir að þessu verði skipað með sérstökum lögum. Í samræmi við þessa ráðagerð er svo fyrir mælt í 1. gr. frumvarpsins, að gengishagnaði af birgðum landbúnaðarafurða, sem fluttar verða út frá og með 15. nóvember 1968, skuli ráðstafa í þágu landbúnaðarins og skal landbúnaðarráðuneytið ákveða með hvaða hætti það skuli gert. Áætlað er, að sú fjárhæð geti numið allt að 150 millj. kr.

Nd. 123. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 8. maí 1965, um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 36/1964, samanber lög nr. 24/1965, var Iðnlánasjóði heimiluð útgáfa sérstaks flokks vaxtabréfa, í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja. Var þessi lánaflokkur að upphæð kr. 60 050 000.00.

Þessi vaxtabréf 1. lánaflokks eru nú öll seld, en mörg iðnfyrirtæki hafa óskað eftir því, að Iðnlánasjóður breytti ýmsum lausaskuldum þeirra í föst lán til lengri tíma. Hefur því stjórn Iðnlánasjóðs óskað eftir því við iðnaðarmálaráðherra, að hann heimili sjóðnum að gefa út nýjan flokk vaxtabréfa, að fjárhæð allt að 40 millj. kr. Hins vegar myndi slík útgáfa vaxtabréfa ekki ná tilgangi sínum, nema numin séu burt tímamörk þau, sem nú eru í gildi og binda breytingu lausaskuldanna í föst lán við það, að til þeirra hafi verið stofnað fyrir árslok 1963.

Af þessum sökum er þetta frumvarp flutt.

Um upplýsingar varðandi framkvæmd laga nr. 36/1964, vísast til reglugerðar um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs nr. 102/1965.

Ed. 124. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. des. 1968.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Sveinn Guðmundsson.	Benóný Arnórsson.	Steingrímur Hermannsson.
	Pétur Benediktsson.	

Ed. 125. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um Landsbókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
ÓlJóh, GilsG og JÞorst voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 4. des. 1968.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
	Steinþór Gestsson.	

Nd. 126. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
Þjóðminjasafn Íslands.

1. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenzka ríkisins. Forseti skipar þjóðminjavörð, sem stjórnar safninu undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Þjóðminjasafnið er miðstöð allrar þjóðminjavörzlu í landinu. Það skal varðveita íslenzkar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safninu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki, sem um er fjallað í sérstökum köflum laga þessara.

3. gr.

Safnið skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum, þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar ástæður leyfa.

4. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum, sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra.

6. gr.

Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknum íslenzkra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

7. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar safnverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

II. KAFLI
Fornminjar.

A.
Fornleifar.

8. gr.

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

9. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

10. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

11. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

12. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafizt er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af fram-

kvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

13. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, unz fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

15. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

B.

Forngripir.

16. gr.

Þegar fornir gripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu og eru ekki, svo að vitað í sé, í einkaeign, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn, svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum, nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu, með því að ella væri hætta á, að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. málsgr. taka til allra muna, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á, og einnig til leifa af líkömum manna eða dýra, sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins.

17. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal ef um gullpeninga eða silfurpeninga er að ræða, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda, en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

18. gr.

Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 150 ára, nema menntamálaráðuneytið leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign.

III. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

19. gr.

Þjóðminjavörður setur á skrá þá kirkjugripi, sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningar verða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður setur einnig á skrá þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum landsins, sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

20. gr.

Munir, sem á skrá eru teknir samkvæmt 19. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka, svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða nr. 21 23. apríl 1963.

21. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hverrar kirkju, og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té prófastum og sóknarnefndum, sem hlut eiga að máli.

IV. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

22. gr.

Friða má hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Með sama skilorði má einnig friða önnur mannvirki, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

23. gr.

Menntamálaráðherra tekur ákvarðanir um friðun eða brottfall friðunar, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.

Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenzkra listamanna og annar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hina tvo skipar ráðherra án tilnefningar, og skal annar þeirra vera lögfræðingur.

24. gr.

Friðuðum húsum eða húshlutum skal skipa í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðað í heild, telst það til A-flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, skal húsið talið til B-flokks.

25. gr.

Halda skal skrá um friðuð hús eða húshluta.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum, sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu, hvort eign er friðuð í A-flokki eða B-flokki, og því nánar lýst, til hvers friðun taki.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign þá, sem í hlut á. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd, ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

26. gr.

Friðun á húsi eða húshluta ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim, sem réttindi eiga í eigninni, og án tillits til, hvenær réttur þeirra er til orðinn.

27. gr.

Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera aðrar breytingar en þær, sem til venjulegs viðhalds teljast, á húsum í A-flokki og á ytra borði húsa eða húshlutum í B-flokki. Svo þarf og leyfi nefndarinnar til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.

Nú vill eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til samkvæmt 1. málsgr., og skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin

skal, svo fljótt sem við verður komið, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni, hvort heldur samþykki eða synjun. Nú setur nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu, að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti, öðrum en þeim, sem í umsókn greinir, og er eiganda þá skylt að hlíta því, ef hann hverfur ekki frá framkvæmdum, enda skal hann þá fá greiddan aukakostnað, sem af breytingu nefndarinnar leiðir.

28. gr.

Ef slíkar breytingar, sem um er getið í 1. málsgr. 27. gr., hafa verið gerðar án leyfis húsafriðunarnefndar, getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið eða húshlutann í hið fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar, og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

29. gr.

Ef vanrækt er viðhald húss í A-flokki eða ytra borðs húss eða húshluta í B-flokki, getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda eða afnotahafa að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda eða afnotahafa.

30. gr.

Nú verður friðlýst eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum, og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðizt verður í endurbyggingu, gilda ákvæði 27. gr.

31. gr.

Nú samþykkir eigandi húss eða húshluta friðun, þar á meðal að hús verði hvorki rifið né flutt af stað sínum, og skal þá þinglýsa sérstaklega yfirlýsingu hans um það, enda bindur hún þá einnig síðari eigendur eða aðra rétthafa að eigninni.

Þegar svo stendur á, sem í 1. málsgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eiganda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunarákvæða.

32. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss eða húshluta, sem ákvæði 31. gr. taka ekki til, rífa húsið eða flytja það af stað sínum, og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning, skal, að framkvæmd lokinni, aflýsa friðunarkvöðinni.

Ef ráðherra samþykkir ekki umsóknina, getur hann, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar, gert ráðstafanir til þess að ríkið eignist hina friðuðu eign ásamt tilheyrandi lóð eða lóðarhluta, þar á meðal með eignarnámi, ef á þarf að halda.

Nú hefur ríkið eignazt friðaða eign samkvæmt ákvæðum 2. málsgr., og er því þá heimilt að selja hana aftur, eftir að þinglesin hefur verið sérstök friðunarkvöð í samræmi við 1. málsgr. 31. gr. Um styrk til viðhalds gilda þá einnig ákvæði 2. málsgr. 31. gr.

Óheimilt er eiganda friðlýstrar eignar að rífa hana eða flytja af stað sínum, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 1. málsgr. eða yfirlýsingu húsafriðunarnefndar um, að kaup eða önnur yfirtaka á eigninni af hálfu ríkisins muni ekki fram fara.

33. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við, að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið, skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

34. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðlýstri eign, sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

35. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Byggðasöfn.

36. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarstjórnarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 37. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæzlumanns.

37. gr.

Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðhátta. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherzlu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

38. gr.

Ef friðað hús í eign ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði, er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni, sem til safnsins heyra, einkum þó þá muni, sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

39. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á aðili þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað.

Laun gæzlumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

40. gr.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

41. gr.

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

42. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum þessum.

43. gr.

Brot gegn ákvæðum 10.—13. gr., 1. málsgr. 16. gr., 18. gr., 20. gr., 26. gr., 27. gr., 30. gr., 4. málsgr. 32. gr. og 33. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt 177. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta samdi nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði til þess að endurskoða lög nr. 40 frá 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 frá 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, og jafnframt til að semja frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Í nefndinni voru dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður (formaður), Hörður Ágústsson listmálari og dr. Þórður Eyjólfsson, fv. hæstaréttardómari.

Nefndin var sammála um, að réttast væri að semja einn lagabálk, sem nefnist þjóðminjalög og fjallaði um þjóðminjar í víðasta skilningi (aðrar en bækur og handrit) og vörzlu þeirra. Miðstöð allrar þjóðminjavörzlu er Þjóðminjasafn Íslands, og hefur svo ætíð verið í raun, þótt lög hafi aldrei verið sett um þá stofnun. Því er fyrsti kafli laganna um Þjóðminjasafnið, en síðan koma sérstakir kaflar um helztu þætti þjóðminjavörzlunnar.

Um I. kafla.

Þjóðminjasafn Íslands er talið formlega stofnað hinn 24. febrúar 1863 og er því senn 106 ára. Á þessum langa tíma hefur komizt föst hefð á starfsemi þess, þótt aldrei hafi verið sett um það sérstök lög. Tekið er þó fram í fornminjalögunum frá 1907, að fornminjavörður (sem nú nefnist þjóðminjavörður) skuli vera forstöðumaður safnsins, en embætti hans var fyrst og fremst stofnað til þess að framfylgja friðun og tilsjá fornminja samkvæmt lögunum. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að aðalstarf þjóðminjavarðar hefur verið að vera safnstjóri, en í annan stað hefur hann svo verið forsvarsmaður fornleifavörzlu, byggðasafna og annars þess, sem um er fjallað í frv. þessu. Með lögunum á að koma skýrt fram, að þjóðminjavörður og starfslið hans eru starfsmenn Þjóðminjasafnsins og hafa aðsetur sitt þar, en undir stofnunina heyra svo allar hinar sérstöku greinar. Á þetta er sérstaklega bent vegna þess, að í sumum löndum er friðun húsa og mannvirkja skilin algjörlega frá allri safnvörzlu, en í öðrum eru söfn og þjóðminjavarzla sameinuð undir stjórn eins embættis, og eins og háttar hér á landi þykir rétt að fara að því fordæmi, enda er það staðfesting á þeirri skipan, sem hér hefur komizt á í raun.

Ekki hefur þótt ástæða til að hafa lögin um Þjóðminjasafnið sjálft langorð. Kaflinn er hugsaður sem umgerð, sem fyrst og fremst víkur að stjórn stofnunarinnar og meginhlutverki, en auk þess hefur þótt rétt að setja lagaákvæði um gjafir til safnsins og útlán á safngripum, því að reynsla hefur sýnt, að mikill styrkur

getur verið að því fyrir safnstjóra að styðjast við skýr fyrirmæli í slíkum málum. Að öðru leyti virðist skýringa ekki þörf með þessum kafla.

Um II. kafla.

Lög um verndun fornmenja nr. 40 16. nóv. 1907 eru fyrstu lög hér á landi um vernd þjóðlegra minja. Frumvarp til laganna var upphaflega sniðið eftir norskum lögum um fornminjar frá árinu 1905, en í meðförum þess á Alþingi var við það aukið ýmsum ákvæðum, eftir því sem henta þótti vegna íslenzkra aðstæðna.

Sum fyrirmæli laganna frá 1907 eru nú úrelt orðin. Í II. kafla frumvarpsins eru tekin upp þau efnisákvæði laganna, sem enn mega teljast í góðu gildi, en þeim sleppt, sem nú skipta ekki lengur máli. Eru sum ákvæði laganna tekin upp óbreytt að efni, önnur með nokkrum efnisbreytingum, en flest breytt að orðfæri. Niðurröðun ákvæða er og með nokkuð öðrum hætti en nú er í lögunum.

Í 15. gr. er tekið upp fyrirmæli úr 1. gr. laga nr. 8 frá 1947 um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, en samsvarandi ákvæði um viðhaldskostnað fornleifa er ekki í lögunum frá 1907. Þá eru fyrirmæli laganna um skaðabætur og refsiviðurlög samræmd og tekin upp í VI. kafla frumvarpsins, sbr. 41. og 43. gr. þess.

Í II. kafla eru fornminjar (í lögunum nefndar fornmenjar) aðgreindar í fornleifar og forngripi með sama hætti og í lögunum. Hins vegar er milliflokki laganna, lausum fornminjum, sbr. 1., 3. og 7. gr. þeirra, sleppt hér, þar sem slík ákvæði skipta ekki máli við framkvæmd laganna.

Um efnisbreytingar að öðru leyti skal þessa getið:

1. Í 12.—16. gr. laganna ræðir um skýrslugerðir, auglýsingar í Lögbirtingablaði o. fl. í sambandi við fund forngripa. Í framkvæmd laganna hafa þessi ákvæði reynzt algerlega óþörf, og eru þau því ekki tekin upp í frv.

2. Í lögunum eru margþætt fyrirmæli um sameign ríkissjóðs (landssjóðs), landeiganda og finnanda að fundnum forngripum. Við framkvæmd laganna frá upphafi hafa þessar reglur ekki skipt neinu máli. Í 3. málsgr. 16. gr. frv. er tekin upp sú regla, sem nú mun vera í lögum flestra þjóða, að fundnir forngripir, sem liggja eða legið hafa í jörðu, séu eign ríkisins. Hins vegar er samkvæmt 17. gr. frv. látin haldast sú regla, sem nú er í 2. málsgr. 18. gr. laganna, að þegar forngripir úr gulli eða silfri finnast, skuli landeiganda og finnanda greitt til jafnra skipta sín á milli málsverð hlutanna eftir mati, að viðbættum 10 af hundraði.

3. Í 19. og 20. gr. laganna eru fyrirmæli um skráningu forngripa, sem eru í eign einstakra manna. Þessi ákvæði hafa aldrei komið til framkvæmda, og þykir ekki ástæða til að láta þau haldast í lögum.

Um III. kafla.

Hér ræðir um friðun kirkjugripa, sem varðveittir eru í kirkjum landsins, svo og legsteina og annarra minningarmarka í kirkjugörðum. Skilyrði fyrir friðun er, að munirnir hafi sögulegt eða listrænt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Ekki er neinn tiltekinn aldur kirkjugripa eða minningarmarka skilyrði fyrir friðun. Þurfa munirnir því ekki að teljast til forngripa.

Ákvæði kaflans eru nýmæli. Að vísu er gert ráð fyrir í 19. gr. laganna frá 1907, að skráning fornra kirkjugripa kunni að fara fram jafnframt skráningu forngripa í eign einstakra manna, en eins og áður getur, hefur slík skráning ekki farið fram.

Með því að munir, sem friðaðir eru samkvæmt III. kafla, eru ekki í beinum vörzlum Þjóðminjasafnsins, er vernd þeirra falin forráðamönnum kirkna og kirkjugarðsstjórnum, eins og greinir í 2. málsgr. 20. gr. frv., en yfirumsjón með friðun er í höndum þjóðminjavarðar, sbr. 2. gr. frv.

Um IV. kafla.

Í lögum þeim tvennum, sem nefnd eru hér að framan, er vikið að friðun húsa og mannvirkja, en lauslega og á algjörlega ófullnægjandi hátt. Þessi kafli frumvarpsins má því heita algjör nýsmíð.

Í öllum menningarlöndum eru nú til fullkomin friðunarlög, sem stefna að því að varðveitt séu til framtíðar hús og mannvirki, sem talin eru hafa sérstakt gildi, menningarsögulegt, listrænt eða sögulegt. Slík lög eru með nokkuð mismunandi hætti í hinum ýmsu löndum, en miða öll að sama marki. Vér Íslendingar erum nokkuð á eftir öðrum þjóðum, að því er tekur til verndunar slíkra þjóðminja. Að vísu eru vernduð undir tilsjá Þjóðminjasafnsins allmörg gömul og merkileg hús, einkum kirkjur og torfbæir, og eru þau öll í opinberri eign. Hingað til hefur ekki verið farið inn á þá braut að friðlýsa hús í einkaeign, eins og þó er gert alls staðar annars staðar í nágrannalöndum vorum. Hefur nefndinni þótt hin mesta nauðsyn til bera að koma einnig þeirri skipan á hér.

Það er reynsla víða í löndum, að friðun húsa í einkaeigu er vandasamt mál, sem hæglega getur valdið árekstrum af ýmsu tagi milli eigenda húsanna og friðunarvaldsins. Það er því mikils um vert, að lög um þessi efni séu skýr og ákveðin, en þó um leið hófsamleg. Við samningu þessa kafla hefur nefndin haft hliðsjón af erlendum lögum, sem sum hver hafa verið endurbætt hvað eftir annað, eftir því sem reynsla hefur krafizt, en þó hafa íslenzkar aðstæður sífellt verið hafðar í huga fyrst og fremst. Meginhugsun laganna er sú, að ná fram þeirri friðun, sem nauðsynleg er, en þó sé farið fram með þeirri tillitssemi við eigendur sem hægt er, og í annan stað ekki stofnað til fjárútláta hins opinbera, nema eftir því sem teljast verður algjörlega óhjákvæmilegt.

Um V. kafla.

Þegar lögin um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn voru sett árið 1947, var lítil reynsla komin á starfsemi byggðasafna. Nú er hins vegar nokkur reynsla fengin, og hefur verið stuðzt við hana um samningu þessa kafla.

Eins og eðlilegt er, koma fram hugmyndir um byggðasöfn, sem ekki eru allar jafnraunhæfar. Stefna hins opinbera ætti að vera sú að stuðla að því með afskiptum sínum af þessum málum, að byggðasöfn verði fremur færri og stærri en fleiri og smærri. Ekki eru þó tiltök að lögbinda, hversu stórt landsvæði byggðasafn skuli hafa að baki sér minnst, til þess að verða styrkhæft samkvæmt þessum lögum. En með 36. gr. er það lagt á vald menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, hvort byggðasafn skuli teljast styrkhæft. Með því á að vera tryggt, að ríkisstyrkt byggðasöfn verði ekki óhæfilega mörg, því að þjóðminjavörður mun vafalaust gera það að skilyrði fyrir meðmælum, að safn sé nokkuð stórt.

Áður en byggðasafn er viðurkennt styrkhæft, er nauðsynlegt, að fyrir liggi sem skýrast ýmis grundvallaratriði, sem nefnd eru einnig í 36. gr., til þess að fyrirbyggja ágreining, þegar til framkvæmda kemur.

Það fyrirkomulag, sem um er fjallað í 38. gr., tíðkast nú aðeins á tveimur stöðum, Glaumbæ í Skagafirði og Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu. Sennilega verður þetta þó ekki til frambúðar á hvorugum staðnum. Líklegt er, að alls staðar verði reist sérstök hús yfir byggðasöfnin, en þó þykir rétt að halda þessu ákvæði hinna fyrri laga, því að oft getur farið vel á, að safni sé komið fyrir í gömlu húsi, enda er slíkt gert víða um lönd.

Í 39. gr. er kveðið á um þátttöku hins opinbera í kostnaði við byggingar safnahúsa og rekstur byggðasafna. Hér er gerð breyting frá núgildandi lögum, þannig að nú er gert ráð fyrir, að ríkið styrki byggingu húss handa viðurkenndu safni að ⅓ kostnaðar í stað ¼, sem nú er í lögum. Hins vegar er nú ekki gert ráð fyrir, að ríkið taki annan þátt í rekstri byggðasafna en þann, að það greiði gæzlumannslaun að hálfu, en í gildandi lögum ber því að greiða ⅔ hluta rekstrarkostnaðar yfirleitt. Reynslan hefur sýnt, að stofnkostnaður við byggingu safnahúss er erfiður þröskuldur fyrir héruðin, og þykir rétt, að ríkið taki meiri þátt í að komast yfir hann í eitt skipti fyrir öll, en hins vegar er eðlilegt, að aðstandendur byggðasafns hafi það aðhald um daglegan rekstur, sem af því leiðir, að ríkið taki aðeins þátt í launagreiðslu til gæzlumanns, en meira ekki. Gert er hins vegar ráð fyrir, að byggðasafn taki í sinn hlut óskertan aðgangseyri og aðrar tekjur, sem það aflar.

Ekki þykir líklegt, að byggðasöfn, sem stofnuð yrðu og rekin samkvæmt lögunum, geti orðið fleiri en 15—20, enda virðist ekki æskilegt, að byggðasöfn yrðu fleiri en það hér á landi, ef þau eiga að verða meira en nafnið tómt. Að minnsta kosti 10 byggðasöfn eru það langt á veg komin þegar, að þau hafa verið sýnd að meira eða minna leyti um nokkurt árabil. Sum þeirra eru þegar í góðum eða viðunandi húsakynnum, en önnur eru miður á vegi stödd. Á undanförnum árum hefur verið veitt nokkur fjárhæð á fjárlögum til að styrkja byggingar safnahúsa, og hefur þjóðminjavörður skipt fénu niður milli þeirra safna, sem komin hafa verið á svo fastan grundvöll með starfsemi sína, að honum hefur virzt þau styrkhæf orðin. Eðlilegt er, að framhald verði á þessu, en um fjárútlát ríkisins vegna byggðasafna á næstu árum, ef frv. þetta verður lögtekið, er ekkert hægt að segja með nákvæmni.

Um VI. kafla.

Hér koma ýmis ákvæði, sem varða lögin í heild, og virðast þau ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og undirbúning stóriðju á Reyðarfirði.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir markvissum rannsóknum á möguleikum koparvinnslu í Svínhólalandi í Lóni og rannsóknum á járnmagni í Héraðssöndum og við Hornafjarðarfljót og á þeim jarðefnum eða málmum, sem verða mættu framleiðsluþættir í stærri eða minni mæli á Austurlandi. Enn fremur að hefja nú þegar undirbúning stóriðju á Reyðarfirði.

Greinargerð.

Ýmsar byrjunarrannsóknir eru nú í gangi um jarðefni og málma á Austurlandi. Um allangt skeið hefur verið unnið að rannsóknum á biksteini í Loðmundarfirði og nú fyrir skömmu tekin sýnishorn á nýjan leik til rannsókna á gæðum efnisins. Í Svínhólalandi í Lóni hefur kopar fundizt í jörðu. Heyrði ég Þorleif Einarsson jarðfræðing segja frá því á nýafstaðinni vísindaráðstefnu, að magnið í einingu grjóts væri um helmingi meira en talið væri þurfa til að vinnsla væri gerleg. Hitt atriðið, sem einnig þyrfti að liggja fyrir vitneskja um, væri heildarmagn á staðnum, — útbreiðsla þessa kopargrýtis. Á því byggist annar meginþáttur þess, að í vinnsluna sé leggjandi.

Þá hafa nokkrar rannsóknir farið fram á járninnihaldi í söndunum við Héraðsflóa og við Hornafjarðarfljót. Þarna er um framburð jökulsánna að ræða, þar sem óhemjumagn hefur safnazt við iðju þeirra um aldir. Skeljasandsnámur kunna að vera í verulegum mæli á Suðurfjörðunum.

Öll þessi rannsóknarefni þarf að taka fastari tökum með það markmið, að þarna geti skapazt atvinnurekstur. Búast má við, að slíkar rannsóknir taki e. t. v. árafjöld. Því þarf að efla þær strax.

Stóriðja er nú að nema land á Íslandi. Framkvæmdir við Álbræðsluna í Straumsvík eru vel á vegi. Segja má, að hugtakið stóriðja hafi fyrst fengið fast form í vitund okkar við þá framkvæmd, enda þótt bæði áburðar- og sementsverksmiðjan heyri til stóriðju, þótt smærri séu, og síldarbræðslur okkar hafi verið stóriðjuver um nokkur ár gjaldeyrislega séð. En hér hef ég í huga iðjuver, t. d. í líkingu við Álbræðsluna í Straumsvík, eða smærra, eins og Kísiliðjuna í Mývatnssveit, sem einnig verður til stóriðju talin.

Það er víst að verða nokkur spurning, hvort möguleikar séu enn fyrir hendi um stofnun fleiri álbræðsluvera. En ef um slíka möguleika er að ræða, kæmi Reyðarfjörður mjög til greina. Hitt kemur þó e. t. v. enn frekar til greina, að koma á fót stóriðjuveri til frekari vinnslu þeirrar framleiðslu, er í Straumsvík verður til. Ég vek máls á þessum málum nú, af því að ég tel, að taka þurfi djarflegar ákvarðanir um framkvæmdir í atvinnumálum **víðs vegar um landið** til að styrkja byggðina og efla trú fólksins um allt Ísland á því, að við ætlum að treysta stoðir atvinnulífsins í öllum byggðum landsins, með því að herða sóknina í rannsóknum á náttúruauðæfum okkar í málmum eða öðrum jarðefnum til nýrrar framleiðslu og með öðrum hætti, þar sem það getur átt við.

En stóriðju verður ekki komið á fót, nema orkuver fylgi. Eins og Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurverksmiðjan eru sysfurframkvæmdir, þannig yrði orkuver að fylgja stóriðju á Reyðarfirði, stærra eða minna eftir eðli fyrirtækisins.

Í niðurlagi þingsályktunartillögu þessarar er tekið allákveðið til orða, þar sem svo er sagt: að hefja nú þegar undirbúning stóriðju. Mundu sumir e. t. v. telja, að undirbúningsrannsóknir ættu fyrst að fara fram og eðlilegra væri, að í tillögunni væri tekið þannig til orða. Mér er slíkt orðalag ekki að skapi. Hitt geri ég mér mætavel ljóst, að í undirbúningi felst einmitt rannsókn á öllum möguleikum, bæði um orkuöflun og tegund og stærð framleiðslu. Það felst ekki í þessu krafa um yfirnáttúrlega hluti, heldur að yfirstíga allar hindranir, sem mannlegur máttur fær orkað.

Þegar stóriðjuákvörðunin í Straumsvík var tekin, var eins og glímuskjálfti í þjóðinni. Þótt skammt sé liðið síðan, hefur margt breytzt. Margir, sem þá voru vantrúaðir eða jafnvel andvígir, eru nú sannfærðir og fylgjandi. Dimmviðri augnabliksins á að nota til að horfa gegnum holt og hæðir og taka ákvörðun um stór atvinnuátök í strjálbýlum hlutum landsins. Við skulum kasta teningnum strax og byrja á Austurlandi. Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vil ég, að Alþingi marki sporin að hefja Austurland, sem er hluti af Íslandi, fram móti batnandi öld.

Ed. 128. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á heilsuverndarlögum, nr. 44 18. maí 1955.

Flm.: Björgvin Salómonsson.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 28/1957) bætist ný grein, er hljóði svo:

Nú ákveður stjórn sveitar- og/eða sýslufélags að taka upp heilsuvernd, er einungis taki til ákveðinna þátta heilsuverndarlaganna (samkv. 2. gr.), eins eða fleiri, og skal þá rekstrarkostnaður skiptast milli ríkis og sveitarfélags samkvæmt ákvæðum 1. gr. laganna. Á sama hátt skal stofnkostnaður vegna húsnæðis og tækja skiptast milli ríkis og sveitarfélags samkv. ákvæðum 6. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um heilsuvernd kveða á um, að sú starfsemi fari fram í ákveðnum heilsuverndarstöðvum, og er það fyrirkomulag vissulega æskilegast, þar sem því verður við komið. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að fullkomnar heilsuverndarstöðvar verða einungis starfræktar í nokkrum stærstu kaupstöðum eða stærstu kauptúnum landsins, enda hefur sú orðið raunin á.

Úti á landsbyggðinni fellur heilsuvernd, — að svo miklu leyti sem um hana getur verið að ræða samkvæmt skilningi heilsuverndarlaganna, — hins vegar í verkahring héraðslæknanna, og verður það að teljast óhjákvæmilegt og ekki óeðlilegt.

Einn er þó sá þáttur heilsuverndar, sem gera má ráð fyrir að héraðslæknum sé með öllu ókleift að annast, þar sem til þess skortir þá yfirleitt aðstöðu og í flestum tilfellum einnig nauðsynlega sérþekkingu, en það er tannvernd. Héraðslæknar geta að sjálfsögðu vísað fólki til tannlæknis, en oft og tíðum mun það svo, að tannsjúklingar úti á landi leita ekki læknis, fyrr en í óefni er komið og tanndráttur er eina úrlausnin. En tanndráttur er ekki tannvernd.

Ef sveitarfélögin sæju sér fært að koma upp aðstöðu til tannlækninga, eru allar líkur til, að fá mætti tannlækna til starfa þar, a. m. k. einhvern hluta ársins, til þess að annast þennan þátt heilsugæzlunnar, og hefur flm. þá sérstaklega í huga, að á þann hátt væri unnt að framkvæma tannvernd barna og unglinga á skólaskyldualdri, auk þess sem öðrum tannsjúklingum væri sinnt, eftir því sem tími og aðstæður leyfðu hverju sinni.

Með frumvarpi þessu er því lagt til, að bætt sé inn í lögin um heilsuvernd ákvæði, er geri sveitarfélögum unnt að koma upp aðstöðu til heilsuverndar á ákveðnum sviðum, án þess að sú starfsemi sé bundin starfrækslu fullkominnar heilsuverndarstöðvar, og er þá einkum hafður í huga sá þáttur heilsuverndar, sem hér hefur verið gerður sérstaklega að umtalsefni, enda þótt flm. þætti réttara að hafa ákvæði frumvarpsins í formi almennra ákvæða.

Sþ. 129. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur samkvæmt venju unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga í samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hefur hann aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Veruleg hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna. Hækkun olíuverðs vegna gengisbreytingarinnar veldur um það bil 10% hækkun á heildarrekstrarkostnaði þeirra. Ýmis atvik hafa einnig valdið því, að rekstrarafkoma einstakra báta hefur versnað.

Yfirleitt má segja, að flóabátaferðirnar séu með svipuðum hætti og þær hafa verið undanfarin ár. Hefur ekki reynzt mögulegt að fella niður ferðir einstakra flóabáta, þótt samgöngur hafi batnað verulega á landi í flestum landshlutum.

Nefndin hefur orðið að gera tillögur um verulega hækkun styrks til fjögurra stærstu flóabátanna. Við tillögur um styrki til minni bátanna er fyrst og fremst tekið tillit til hækkunar olíuverðsins. Eru tillögur nefndarinnar við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi hinni nauðsynlegu þjónustu, sem flóabátarnir annast. Ekki hefur þó reynzt mögulegt að fullnægja óskum sumra þeirra um stórhækkaða rekstrarstyrki.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn „Drangur“ hefur haldið uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Eftir að akvegasamband skapist við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurftu þessir staðir aðeins á ferðum hans að halda að vetrarlagi, þegar vegir voru tepptir vegna snjóalaga. Hefur þar með orðið gjörbreyting á aðstöðu báts-

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra, þar sem varan er flutt úr fari því, sem hana flytur til landsins. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. 5. kafla laga þessara, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi, sem varan er send til.

52. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47 frá 1960. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, 1½% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga, sbr. 50. gr., dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja.

Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

53. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en 20 dagar frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

54. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búið er að greiða gjöld þessi, sektir, dráttarvexti og kostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð,

hefur tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörurnar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru. Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum, þar til skil eru gerð.

Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði. Sé uppboðsandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði, skal greiða vörueigandanum afganginn, ef hann gefur sig fram innan 1 árs frá uppboðsdegi. Að þeim tíma liðnum fellur upphæðin til ríkissjóðs.

VII. KAFLI
Um vantanir, skemmdir og endursendingu á vörum.

55. gr.

Ef vöru vantar úr aðkomufari, má draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi vöntunin verið könnuð á þann hátt, sem segir í 42. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð heimilað lækkun á tollverði vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á, að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um frádrátt vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina, að hún berist innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið ákveður, og á hana færðar þær sönnur, sem tollyfirvald tekur gildar.

56. gr.

Hafi vara orðið fyrir verulegum skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðrýrnun, sem orðið hefur á vörunni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda, og hann getur ekki talizt eiga sök á skemmdum.

57. gr.

Heimilt er, samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð,

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu og ekki sé meir en eitt ár liðið frá því að hún kom til landsins;
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundizt að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður samkvæmt 1. mgr. 52. gr., frá því hún var flutt hingað til lands, enda sé þá sett full fjártrygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda;
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan sex mánaða frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki

var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna, enda nemi aðflutningsgjöld ekki lægri upphæð en 5000 krónum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

VIII. KAFLI
Um útflutning.

58. gr.

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölureikningum um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent áður en vara er flutt í far og svo tímanlega, að áður geti farið fram rannsókn á henni.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

59. gr.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

IX. KAFLI
Um refsingar og önnur viðurlög.

60. gr.

Það er ólöglegur innflutningur, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir, ef gjaldskyld vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, ef ótollafgreidd vara, sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings, eða vara, sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum, er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós, að um borð í fari er vara, sem ekki er færð á farmskrár eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð fyrirskipuð grein fyrir, og skal þá litið svo á, að eigandi hennar hafi gerzt sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn, ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

Það varðar sektum samkv. lögum þessum, ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

61. gr.

Brot gegn ákvæðum 60. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir vörur, enda þótt hann viti eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

62. gr.

Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, og skal þá refsað eftir þeim lögum.

63. gr.

Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn, sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru, og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni, að hvorki honum né þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, verði um kennt.

Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum, og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta, sem veit eða má vita, að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert samkvæmt 60. til 62. grein, skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar við þá, sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollmál.

64. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

65. gr.

Sá, sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

Sé lás eða innsigli tollgæzlunnar brotið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, varðar það þann, sem ábyrgð ber á lásnum eða innsiglinu, sektum, nema hann geti gert sennilegt, að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna og hann tilkynni tollgæzlunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita, ef maður aflar sér aðgangs að vörum, sem eru undir tollinnsigli, án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

66. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru, sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins skv. ákv. laga nr. 110 frá 1951, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkv. þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út af samningssvæðum, samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku,

vörur, sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn, ber stjórnandi farartækis ábyrgð á brotinu.

67. gr.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, ef maður misnotar leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi, sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum tollalögum og reglugerðum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim.

68. gr.

Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð, sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum, má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og dagsektum allt að 500 krónum á dag, og getur tollyfirvald ákveðið sektirnar í bréfi til viðkomanda, og má gera aðför í eignum hans fyrir sektunum.

69. gr.

Það varðar stjórnanda fars eða útgerðarmann sektum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki fari, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er, eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir í lögum eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tollgæzlumanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum. Ef svo stendur á sem að framan greinir eða það kemur í ljós við rannsókn á farmi fars, að á farmskrána eru ekki færðar allar vörur, sem þar eiga að vera, ber útgerð fars allan kostnað við rannsóknina og eftirlit með affermingu, þ. á m. talningu á farmi.

70. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhenda ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Auk þess ábyrgist eigandi eða umráðamaður farartækis eða vöruafgreiðslu greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni, og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir þeim gjöldum ásamt kostnaði. Hafi fullnægjandi skjöl til ákvörðunar aðflutningsgjalda af hinni afhentu vöru ekki verið lögð fram, skal tollyfirvald áætla gjöldin þannig, að þau megi örugglega teljast nógu hátt ákveðin. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru, sem er ólöglega afhent samkvæmt framansögðu.

71. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að 500 000 krónum.

72. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru, sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn, eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta, sem á henni hvíla, nema vörzlumaður hafi komizt yfir vöruna á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið, og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut verð vörunnar auk tolla og gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar, er heimilt að gera farartæki upptæk, sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil, þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis, ef ástæða er til að ætla, að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

Í stað farartækis má gera verðmæti þess upptækt.

Nú verður refsiábyrgð ekki fram komið, og er þó heimilt að beita eignaupptöku. Verði ekki upplýst, hver sökunautur er, skal varan innan mánaðar frá því hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

73. gr.

Farartæki, sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins, skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði, sem stjórnandi farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfaragerðar og með þeim hætti, sem segir í 54. gr. Sé sökunautur búsettur hér á landi eða eigi eignir hér, skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar, skv. 1. mgr.

74. gr.

Heimilt er að svipta þann, sem sekur hefur gerzt um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum, réttindum samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna.

75. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru skulu, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, renna í ríkissjóð.

76. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 10 000.00, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 50 000.00.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því, sem fram yfir er, gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu skv. gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

77. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

78. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

79. gr.

Fjármálaráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og gert nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda á slíku samkomulagi.

80. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 frá 1956 og önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi. Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, skulu halda gildi sínu eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um tollheimtu og tolleftirlit var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Fjármálaráðuneytið hefur haft frumvarpið til athugunar og hefur m. a. verið leitað umsagnar nokkurra aðilja, sem talið var að hefðu hagsmuna að gæta í sambandi við setningu nýrra laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Athugun ráðuneytisins og umsagnir fyrrnefndra aðilja hafa gefið tilefni til lítilsháttar breytinga á frumvarpinu frá því það var flutt á síðasta þingi og hafa þær breytingar verið felldar inn í frumvarp þetta.

Breytingarnar eru þessar:

1. Í 2. mgr. 7. gr. frv. hafa í 1. tölulið verið felld niður orðin „og Reykjavíkurflugvöllur“ og í 4. tölulið orðin „og Akureyrarflugvöllur“. Er þetta gert með það fyrir augum að líta beri á flugvelli, sem eru innan þeirra kaupstaða og kauptúna, sem eru tollhafnir eftir frumvarpinu, eins og um aðaltollhöfn eða tollhöfn væri að ræða, á sama hátt og um skipahafnir á stöðunum.
2. Aftan við 5. mgr. 7. gr. hefur verið skotið inn nýrri málsgrein, svohljóðandi: „Fjármálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið“.
3. Í 3. mgr. 23. gr. (2.—3. línu) hafa orðin „svo og flutningsgjald í íslenzkum krónum“ verið felld niður.
4. Aftan við 4. mgr. 26. gr. hefur verið bætt nýrri setningu, svohljóðandi: „Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða smávægilegan ólöglegan innflutning í vörzlum áhafnar eða farþega.“
5. Síðasta mgr. 72. gr. („Heimilt er að beita eignaupptöku, enda þótt refsiábyrgð verði ekki fram komið“) falli niður, en í stað hennar komi ný málsgrein, svohljóðandi: „Nú verður refsiábyrgð ekki fram komið og er þó heimilt að beita eignaupptöku. Verði ekki upplýst hver sökunautur er, skal varan innan mánaðar frá því hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.“
6. Orðin „og skal varið til eflingar og bættrar aðstöðu tolleftirlitsins í landinu“ í niðurlagi 75. gr. falli niður.
7. Aftan við 4. mgr. 76. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

   „Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og framvísar því við tollgæzluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því, sem fram yfir er, gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu samkvæmt gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið.“

Athugasemdirnar, sem fylgdu frv., eins og það var lagt fyrir síðasta Alþingi, voru svohljóðandi:

Hinn 28. júní 1962 skipaði fjármálaráðherra 4-manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit og gera tillögur um ráð, sem tiltækilegust mættu teljast til þess að koma í veg fyrir að vörur séu fluttar til landsins án þess að aðflutningsgjöld séu af þeim greidd. Í nefndinni voru Valgarð Briem forstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Einar Ingimundarson bæjarfógeti, Jón Finnsson þáverandi bæjarfógetafulltrúi og Unnsteinn Beck þáverandi tollgæzlustjóri.

Nefndin samdi frumvarp að nýjum lögum um tollheimtu og tolleftirlit og afhenti það fjármálaráðherra í nóvember 1963. Nefndin skilaði einnig sérstöku áliti um framkvæmd tollgæzlu, dagsettu 6. marz 1963.

Á síðastliðnu ári fól fjármálaráðherra Sigtryggi Klemenzsyni þáverandi ráðuneytisstjóra, Torfa Hjartarsyni tollstjóra, Bjarna Pálssyni skrifstofustjóra og Ólafi Jónssyni tollgæzlustjóra að endurskoða frumvarp nefndarinnar. Hafa þeir nú athugað frumvarpið rækilega og gert á því ýmsar breytingar, bæði að því er snertir form þess og efni.

Um einstaka kafla og greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Greinin er ný, og eru í henni skilgreind nokkur hugtök, sem koma fyrir í frumvarpinu.

Um 2. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar eru svo að segja samhljóða 1. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68 frá 17. ágúst 1956, sem hér á eftir er vísað til sem „gildandi laga".

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar eru það nýmæli, að fjármálaráðherra getur falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollmála eftir því, sem henta þykir, og að tollgæzlustjóri skuli skipaður með sama hætti og héraðsdómarar og annast auk starfa sinna við tollstjóraembættið í Reykjavík yfirstjórn tollgæzlunnar utan Reykjavíkur eftir því sem fjármálaráðherra ákveður.

Um 3. gr.

Greinin samsvarar 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um það að sameina bæri að einhverju leyti tollgæzlu og löggæzlu. Er augljóst að víða hagar svo til að það má gera með góðum árangri, enda eru lögreglustjórar utan Reykjavíkur einnig tollstjórar í umdæmum sínum. 1. og 2. mgr. greinarinnar, sem fjalla um þetta efni, eru nýmæli í lögum um tollgæzlu, en 3. mgr. 5. gr. laga nr. 56 frá 1963, um lögreglumenn, fjallar einnig um þetta efni. 3. og 4. mgr. samsvarar 21. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Skóla þessum var óhjákvæmilegt að koma á fót, enda gert ráð fyrir honum í úrskurði síðasta Kjaradóms um laun opinberra starfsmanna.

Ýmis verkefni tollstarfsmanna, svo sem tollflokkun og ýmislegt, sem að tollafgreiðslu lýtur, verða ekki sæmilega af hendi leyst, nema starfsmennirnir hafi öðlazt verulega sérþekkingu. Uppkast að reglugerð hefur verið samið, og skólinn hefur starfað eftir henni síðastliðið ár.

Samsvarandi ákvæði um lögregluskóla í Reykjavík eru í 9. gr. laga nr. 56 frá 1963.

Um 6. gr.

Greinin samsvarar síðari hluta 9. gr. gildandi laga með þeirri viðbót, sem er nýmæli, að fjármálaráðuneytið geti ákveðið með reglugerð, að tollsvæði ríkisins skuli fylgja fiskveiðitakmörkunum eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum eru hafnir, þar sem för í utanlandssiglingum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi án sérstakrar heimildar, nefndar *tollafgreiðsluhafnir*, en eru í frv. nefndar *aðaltollhafnir*.

Hafnir þessar hafa ekki áður verið taldar upp í lögum, en voru ákveðnar í 26. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit nr. 41 frá 13. marz 1957.

Leggja verður á það megináherzlu, að í aðaltollhöfnum sé aðstaða og starfslið til að afgreiða för og geyma og tollafgreiða innfluttar vörur á tryggilegan hátt. Aðaltollhafnir mega ekki vera fleiri en brýn nauðsyn krefur, enda mundi fjölgun þeirra hafa í för með sér annað hvort stórum aukinn kostnað eða of mikla dreifingu tollgæzluliðsins.

Tollhafnir, aðrar en aðaltollhafnir, hafa hvorki verið taldar upp í lögum né reglugerð. Hefur þetta leitt til þess, að vörur hafa verið fluttar beint úr aðkomuförum eða framsendar ótollafgreiddar til margra staða, þar sem hvorki er tollgæzla né sérstakar afgreiðslur fyrir ótollafgreiddar vörur. Hefur þetta að sjálfsögðu mikla hættu í för með sér, þar sem það heldur opnum leiðum til að sniðganga allt tolleftirlit í landinu. Verður það að vera meginregla, að ótollafgreiddar vörur verði ekki fluttar til annarra staða en þeirra, þar sem bæði er tollgæzla og viðurkennd vöruafgreiðsla, en gert er ráð fyrir að hvorttveggja verði fyrir hendi í þeim höfnum, sem tollhafnir eru skv. 2. og 4. mgr. greinarinnar. Utan þeirra staða er innflutningur talinn svo lítill, að hann gefi ekki nægilegt tilefni til að halda þar uppi sérstakri tollgæzlu að staðaldri.

Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því, að svo kunni að standa á, að brýna nauðsyn beri til að flytja ótollafgreiddar vörur til staða, sem eru utan þeirra 33 hafna, sem eru tollhafnir samkvæmt 2. og 4. mgr. greinarinnar. Er viðkomandi tollstjórum þá heimilt að veita leyfi til þess hverju sinni, en ætlazt er til að þeir setji skilyrði um nauðsynlegt tolleftirlit vegna undanþágunnar og að sá, sem hana fær, greiði allan kostnað af þeim ráðstöfunum, sem af undanþágunni leiða. Samsvarandi heimild er í málsgreininni að því er snertir fermingu vara utan tollhafna.

Í 5. mgr. er enn fremur tollgæzlustjóra heimilað að veita leyfi til þess að för fái fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna, ef sérstaklega stendur á, en bundið skal það leyfi samsvarandi skilyrðum og um ræðir í næstu mgr. hér á undan. Samsvarandi ákvæði er í 8. gr. gildandi laga.

6. mgr. er ný. Er hún sett til þess að tryggja að geymsluhús og svæði fyrir ótollafgreiddar vörur verði sem næst hafnarsvæðunum, og liggi sem bezt við eftirliti.

7. mgr. er ný, og geta tollhafnaréttindi hafna fallið niður, ef vissum skilyrðum er ekki fullnægt að dómi fjármálaráðherra.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 3. mgr. 14. gr. gildandi laga, en ákvæðið um lögtaksrétt er nýmæli.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Greinin samsvarar 2.—4. mgr. 4. gr. gildandi laga og er svo að segja orðrétt eins.

Um 10.—12. gr.

Í greinum þessum er safnað saman ákvæðum um heimildir tollgæzlumanna til leitar í farartækjum og húsum. Þessi ákvæði eru nú í 11., 12. og 19. gr. gildandi

laga, en eru nokkuð óglögg. Hér hafa þau verið færð í svipað horf og dönsk og norsk lagaákvæði um sama efni, og er það raunar í samræmi við þær reglur, sem hér hafa skapazt í framkvæmd. Nýmæli er þó, að veita tollgæzlumönnum aðgang að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu gjalda.

Um 13. gr.

1. mgr. er orðrétt eins og 1. mgr. 18. gr. gildandi laga.
2. mgr. er orðrétt eins og 4. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Handtökuheimild tollvarða er nýmæli í lögum, en þykir nauðsynleg, og sama er um rétt þeirra til að leggja hald á muni, sem teljast til sakargagna.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 13. gr. gildandi laga, en er nokkuð fyllri.

Um 16. gr.

1.—3. mgr. svarar til upphafs 15. gr. gildandi laga, sbr. upphaf 2. mgr. 11. gr.
4. mgr. er í samræmi við framkvæmd og er tekin úr 2. mgr. 66. gr. dönsku tollalaganna.

Um 17. gr.

1. mgr. samsvarar 2. mgr. 22. gr. gildandi laga, sbr. 1. mgr. 18. gr.
2. mgr. er nýmæli, en í samræmi við framkvæmd.

Um 18. gr.

Greinin er svo að segja orðrétt eins og 20. gr. gildandi laga, þó er síðari málsl. 1. mgr. nýr.

Um III. kafla.

Um 19. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er ákveðið að aðkomufar skuli hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. mgr. 7. gr. Í 8. gr. gildandi laga er heimilað að ákveða þetta með reglugerð og er það gert með 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 41 frá 1957.
2. málsliður 1. mgr. samsvarar 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er ný, en í samræmi við dönsk og norsk tollalög. 3. mgr. er tekin eftir 2. mgr. 20. gr. norsku tollalaganna nr. 5 frá 10. júní 1966.

Um 21. gr.

Greinin er ný að forminu til. Í 1. mgr. er yfirlit yfir þau skjöl, sem afhenda ber við komu fars, en um þau eru ýmis ákvæði í gildandi lögum, sbr. einkum 22.—24. gr., sbr. og 30.—35. gr. reglugerðarinnar.
2. mgr. samsvarar 12. gr. gildandi laga.
3. mgr. er ný, en í samræmi við venju og ákvæði tollalaga Norðurlanda.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1.—3. mgr. 23. gr. gildandi laga.
2. mgr. er í samræmi við 2. málslið 1. mgr. 21. gr. gildandi laga.
3. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 23. gr. gildandi laga.
4. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 24. gr. gildandi laga.
5. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 23. gr. gildandi laga.
6. mgr. er nýmæli, en í samræmi við venju.
7. mgr. er nýmæli, en í samræmi við ákvæði 8. mgr. 35. gr. tollreglugerðarinnar.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 2. og 5. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

1. mgr. samsvarar 3. mgr. 22. gr. gildandi laga.
2. mgr. er í samræmi við venju að því er snertir flugför, en nýmæli í lögum.
3. mgr. er í samræmi við niðurlag síðari málsl. 2. mgr. 22. gr. gildandi laga.
4. mgr. er nýmæli.
5. mgr. samsvarar 5. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

1. mgr. samsvarar 6. mgr. 24. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, en er í samræmi við dönsk og norsk ákvæði.
3. mgr. samsvarar 8. mgr. 24. gr. gildandi laga, en ákveðnari reglur eru settar um talninguna.
4. mgr. er nýmæli.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli í lögum, en í samræmi við gildandi reglur á Norðurlöndum og 33. gr. tollreglugerðarinnar.

Um 28. gr.

1. mgr. er nýmæli, en í samræmi við dönsk tollalög.
2. mgr. samsvarar 2. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

1. mgr. samsvarar 5. mgr. 24. gr. gildandi laga, sbr. 7. mgr. sömu greinar.
2. mgr. er nýmæli, sem er nauðsynlegt til þess að unnt sé að fylgjast betur með flutningi vara milli hafna.
3. mgr. samsvarar 6. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

1. mgr. samsvarar ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 34. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli. Samsvarandi ákvæði er í nýju norsku tollalögunum.

Um 31. gr.

1. mgr. samsvarar ákvæðum 1. mgr. 35. gr. gildandi laga.
2. mgr. samsvarar ákvæðum 2. mgr. 35. gr. gildandi laga.
3. mgr. er nýmæli.

Um 32. gr.

1. mgr. samsvarar 1. málslið 8. gr. gildandi laga, sbr. 94. gr. tollreglugerðarinnar.
2. mgr. er nýmæli, en í samræmi við venju.
3. og 4. mgr. eru nýmæli, en í samræmi við 96. gr. tollreglugerðarinnar.

Um 33. gr.

1. mgr. er nýmæli, en hefur í framkvæmd verið þannig, að flugfélögin hafa lagt til húsrými fyrir skoðun á farþegum, en skipafélögin ekki. Þykir rétt að sama skylda sé lögð á báða þessa aðila.

2. mgr. samsvarar niðurlagi 1. mgr. 14. gr. gildandi laga.

3. mgr. samsvarar niðurlagi 17. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Greinin er nýmæli. Þessari grein er ætlað að stuðla að bættri reglu, og þykir sjálfsagt að þessi viðurlög liggi við, ef tolleftirlitið hefur af slíkri vanrækslu aukinn kostnað.

Um 35. gr.

Greinin er að efni til tekin úr 97. og 98. gr. reglugerðar nr. 41 frá 1957, enda eru þetta tvímælalaust löggjafaratriði, þar sem þau mæla fyrir um undantekningar frá almennum reglum laganna.

Um IV. kafla.

Um 36. gr.

1. og 2. mgr. samsvarar 1. mgr. 31. gr., sbr. 2. málslið 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Í niðurlagi 2. mgr. er nýmæli, sett til þess að tryggja tolleftirlit.

3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 31. gr. gildandi laga.

Um 37. gr.

1. mgr. er efnislega eins og upphaf 1. málsliðar 32. gr. gildandi laga.

2. mgr. samsvarar 2. og 3. málslið 1. mgr. 32. gr. gildandi laga, en ákvæðin eru nú ýtarlegri.

3. mgr. samsvarar 2. mgr. 32. gr. gildandi laga.

4. mgr. er nýmæli, tekið eftir 50. gr. norsku tolllaganna.

5. mgr. er nýmæli. Margar vörugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur eru það langt frá affermingarstað, að nauðsynlegt er að gera varúðarráðstafanir, hvað öruggan flutning vörunnar snertir. Þykir rétt og sanngjarnt að greitt sé fyrir þann kostnað, sem af þessu leiðir.

6. mgr. samsvarar niðurlagsákvæðum 1. mgr. 32. gr. gildandi laga.

7. mgr. er nýmæli, en í samræmi við dönsk og norsk lög.

8. mgr. er nýmæli að því er snertir forgang aðflutningsgjalda fyrir geymslugjaldi. Er í samræmi við ákvæði danskra og norskra tollalaga.

Um 38.—39. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði í 37. gr. frv.

Um 40. gr.

1. mgr. samsvarar 33. gr. gildandi laga.

2. mgr. er nýmæli, sett til þess að fylgjast með ótollafgreiddri vöru, þar til hún er endanlega tollafgreidd.

Um 41. gr.

Greinin samsvarar ákvæðunum um póstsendingar í 1. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Um 42. gr.

Svipuð ákvæði eru í niðurlagi 1. mgr. 29. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Greinin er í samræmi við tollskrárlögin.

Um 2. mgr., sjá 35. gr. tollskrárlaganna nr. 7/1963.

Um V. kafla.

Um 44. gr.

1. mgr. er í samræmi við almennar reglur frv.

2. mgr. er nýmæli. Hér er aðeins leyft að ótollafgreidd vara sé framsend til tollhafnar, en ekki til annarra staða, og er það í samræmi við ákvæði 56. gr. tollreglugerðarinar. Er þetta gert til öryggis hvað tolleftirlit og innheimtu snertir, og er í samræmi við meginreglu 7. gr. frv.

Um 45. gr.

1. mgr. er aðeins tilvísun í 29. gr. og 3. kafla frv. yfirleitt um farmskrárútdrætti o. fl.

2. og 3. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 46. og 47. gr.

Greinarnar samsvara 4. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 5. mgr. 25. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er sniðin eftir norsku tolllögunum og er sett til öryggis tryggilegri meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Um VI. kafla.

Tilsvarandi ákvæði eru í 1. mgr. 25. gr. og 27.—28. gr. núgildandi laga. Eru ákvæði þessara greina látin haldast að nokkru, en í hinum nýja kafla eru þó verulegar efnisbreytingar.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega eins og 27. gr. gildandi laga, sbr. upphaf 25. gr., að öðru leyti en því, að við er bætt tilvísun í lögin um tollvörugeymslur.

Um 51. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 25. gr. gildandi laga. Um efnisbreytingu er þar ekki að ræða, en orðalagið er gert skýrara. Meginregla greinarinnar er sú, að aðflutningsgjöld af vöru skuli greidd í því umdæmi, sem varan er í þegar tollafgreiðslan fer fram, og er það sama meginregla og gilt hefur að undanförnu.

Um 52. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að setja megi fyrir fram ákveðinn frest til greiðslu aðflutningsgjalda af vöru, hafi hún ekki verið sett í tollvörugeymslu skv. lögum nr. 47 frá 1960 áður en fresturinn er útrunninn, og viðurlög sett ef út af er brugðið.

Telja verður mjög nauðsynlegt að frestur þessi verði settur, þar sem mikil brögð eru að því, að innflytjendur láti vörur sínar liggja í uppskipunar- og afgreiðsluhúsum í óhæfilega langan tíma. Hefur þetta m. a. orsakað mikil þrengsli í húsunum, dregið stórlega úr hagkvæmum rekstri þeirra og torveldað tolleftirlitið svo mjög að ekki verður við unað.

Um 53. gr.

Hér er einnig um nýmæli að ræða, þar sem fjármálaráðherra er heimilað að veita tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum gegn bankatryggingu eða annarri jafngildri tryggingu svo og því að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan 20 daga frá komudegi. Er þá gert ráð fyrir, að innflytjandi gefi við tollafgreiðslu út skuldaryfirlýsingu fyrir upphæð aðflutningsgjaldanna og greiði þá upphæð síðan í peningum innan hins tiltekna frests.

Er ákvæði þessu eins og ákvæðum 52. gr. ætlað að flýta fyrir tollafgreiðslu og brottflutningi vara úr afgreiðslum.

Um 54. gr.

1. mgr. er samhljóða 28. gr. gildandi laga, nema að þess er nú sérstaklega getið að veðrétturinn nái einnig til dráttarvaxta.

2. mgr. er nýmæli að því leyti, að geymslugjöld eru við uppboð látin víkja fyrir aðflutningsgjöldum, og er það einnig gert til að reyna að koma í veg fyrir óhæfilega langa geymslu á ótollafgreiddum vörum í afgreiðslum. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.

Um VII. kafla.

Um 55. og 56. gr.

Greinar þessar koma í stað 29. gr. gildandi laga. Fjallar hin fyrri um vantanir en hin síðari um skemmdir. Í greinunum er það nýmæli að gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um fresti til að færa sönnur á vantanir og skemmdir.

Rétt virðist að fresturinn skv. 2. mgr. 55. gr. verði miðaður við eindaga settan skv. 52. gr.

Það má telja nýmæli í 1. mgr. 56. gr., að skemmdirnar séu verulegar, en slíkt ákvæði hefur þó verið sett um skemmdir á bifreiðum, sbr. auglýsingu frá 20. maí 1965.

Í 2. mgr. 56. gr. er heimild til að taka til greina skemmdir, sem verða á vöru í vörzlum tollgæzlunnar, í viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda eða í flutningi milli tollhafna. Er það í samræmi við ákvæði 2. tölul. 3. gr. og 4. mgr. 10. gr. tollskrárlaganna. Er þá gert ráð fyrir, að í reglugerðinni verði ákveðinn frestur til að færa sönnur á skemmdirnar.

Um 57. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 30. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað „innan árs“ í 3. mgr. er sett: innan þess tíma, sem ákveðinn verður skv. 1. mgr. 52. gr., þ. e. eindaga tollafgreiðslu. Við greinina er þó bætt heimild til að krefjast peningatryggingar við endursendingu. Enn fremur er nú tekin inn heimild til að endurgreiða gjöld af vélum, sem reynast gallaðar, enda sé varan endursend innan 6 mánaða frá komu til landsins, og gjöldin nemi a. m. k. kr. 5000.00.

Um VIII. kafla.

Um 58. og 59. gr.

Í þessum kafla er ekki um nýmæli að ræða. Hins vegar hafa ýmis fyrirmæli, sem nú eru lögbundin, en reynzt hafa lítt framkvæmanleg eins og sakir standa, verið afnumin, en í staðinn koma heimildir til að skipa þeim atriðum með reglugerð.

Um IX. kafla.

Um 60. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný, en greinin svarar efnislega að nokkru leyti til 1. mgr. 38. gr., samanber og 42. gr. núgildandi laga. Í greininni er leitazt við að skil-

greina hugtakið ólöglegur innflutningur eða smygl, en varla er hægt að segja, að það sé skilgreint í gildandi lögum, nema óbeinlínis með skýringum á þeim. Til hliðsjónar hefur verið höfð skilgreining dönsku tollalaganna frá 1960 á smyglhugtakinu, en nokkuð stytt, þar sem í lögum um tollvörugeymslur nr. 47 frá 1960 eru ákvæði, er fjalla að nokkru leyti um sama efni.

Í 3. mgr. er nýmæli. Er þar lögð refsiábyrgð við aðgerðarleysi af hálfu yfirmanna fara. Þykir eigi rétt að sleppa þeim yfirmönnum við refsingu, sem láta það viðgangast, að undirmenn þeirra t. d. noti þau rúm í fari, sem þeir hafa umsjón með, til þess að geyma smyglvarning og jafnvel útbúa þar sérstaka felustaði. Sams konar ákvæði er í norsku tollalögunum.

Í síðustu málsgrein greinarinnar er lögð áherzla á ábyrgð eiganda vöru, og ef hann finnst ekki, þá á stjórnanda farartækis.

Um 61. gr.

Hámark fangelsisrefsingar fyrir ólöglegan innflutning er hér ákveðið 2 ár, en var ótilgreint áður. Er þetta í samræmi við það, sem gildir annar staðar á Norðurlöndum.

2. mgr. greinarinnar svarar til 2. mgr. 39. gr. gildandi laga, með þeirri breytingu, að brotið er hér gert sjálfstætt.

Um 62. gr.

1. mgr. er nýmæli í lögum, en rétt þykir samkv. eðli brotanna og hvernig þeim myndi venjulega vera háttað, að refsa fyrir tilraun eins og fyrir fullframið brot. Sama regla gildir í Danmörku og í Noregi. Ákvæðin um hlutdeild eru í 1. og 2. mgr. 39. gr. gildandi laga, og eru þau nokkuð þrengri en almenna hlutdeildarreglan í 22. gr. alm. hegningarlaga. Rétt þykir að orða ákvæðið hér, enda þótt 22. gr. alm. hgl. myndi vafalaust verða beitt með lögjöfnun um brot á tollalögum sem öðrum sérrefsilögum, sbr. 1. gr. almennra hegningarlaga. Fjórða mgr. leiðir af alm. refsiréttarreglum.

Um 63. gr.

Í grein þessari, sem er að nokkru leyti ný í lögum, er almenn refsiregla fyrir að gefa rangar skýrslur og upplýsingar til tollstarfsmanna. Grein þessi er miklu fyllri og ýtarlegri en í gildandi tolllögum, sem eru í 1. mgr. 38. gr., og að nokkru í 2. mgr. 40. gr., að því er útflutningsskýrslur varðar. Við samningu greinarinnar hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum danskra og norskra laga um sama efni. Hliðstæð ákvæði eru og í 38. gr. tollskrárlaganna að því er varðar aðflutningsskýrslur.

Um 64. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. mgr. 38. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað skips er notað orðið far og að varðhaldsrefsing er heimiluð. Nauðsynlegt þótti að halda sérákvæðinu um tollfrjálsan forða, þar sem önnur ákvæði munu ekki að öllu leyti taka til þess brots, sem hér er lýst.

Um 65. gr.

1. mgr. samsvarar 2. mgr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. gildandi laga.
2. mgr. er nýmæli, sem sniðið er eftir dönsku og norsku tollalögunum.
3. mgr. er einnig nýmæli og sniðin eftir sömu fyrirmyndum.

Um 66. gr.

1. mgr. samsvarar efnislega 3. mgr. 38. gr. gildandi laga, en er nokkuð breytt, þar sem ákvæðin um ólögleg viðskipti við varnarlið og skyldulið þess eru þar ekki nógu glögg. Þannig hefur vantað í lögin beina refsiheimild gagnvart varnarliðs-

mönnum eða mönnum úr skylduliði varnarliðsins, sem selja eða afhenda vöru, er hefur verið flutt tollfrjálst inn samkv. lögum nr. 110 frá 1951.

2. mgr. er nýmæli í lögum. Beint refsiákvæði hefur til þessa vantað um þetta tilvik, og er sjálfsagt að bæta úr því, enda þótt jafnaðarlega myndi einnig vera um að ræða brot á öðrum ákvæðum.

Um 67. gr.

Greinin hefur að geyma almenna refsireglu um misnotkun á veittum leyfum o. fl. og er nýmæli. Svipuð ákvæði eru í tollalögum annarra Norðurlanda.

Um 68. gr.

Regla þessi er í 41. gr. gildandi laga, en gildir þar aðeins um brot á 20. gr. sömu laga. Þar sem sömu rök eiga einnig við um aðrar upplýsingar, sem skylt er að láta tollyfirvöldum í té, þykir rétt, að heimildin nái einnig til þeirra.

Hámark dagsektanna er hér hækkað úr kr. 60.00 í kr. 500.00.

Um 69. gr.

1. málsliður er samhljóða 1. málsl. 42. gr. gildandi laga, og 2. málsl. er efnislega í samræmi við síðasta málsl. 42. gr.

Um 70. gr.

Í greininni er tekið upp það nýmæli að refsa einnig viðtakanda ólöglega afhentrar vöru, enda myndi hann venjulega vera hlutdeildarmaður í broti þess, sem vöruna afhendir. Að öðru leyti er greinin samhljóða 45. gr. gildandi laga, nema hvað „stjórnandi farartækis“ er tekið upp í stað „skipstjóra“ og að tollyfirvald má áætla gjöldin, ef fullnægjandi skjöl hafa ekki verið lögð fram.

Um 71. gr.

Hér er sú breyting gerð, að sett er ein almenn refsiheimild fyrir brot á lögunum í stað þess að vitna í hverja grein um sig.

Þá er sektarrefsing ákveðin allt að 500 þúsund krónur fyrir brot á lögunum, en hámarksrefsing var áður 200 þús. kr.

Um 72. gr.

Heimildin til eignaupptöku á vörum og andvirði vara er hér gerð miklu ýtarlegri en í gildandi lögum um þetta efni, sbr. 4. mgr. 38. gr. þeirra.

Við samningu greinarinnar hafa ákvæði norsku laganna um sama efni verið höfð til hliðsjónar. Rétt þótti að taka upp heimild til að gera farartæki upptæk í vissum tilvikum, enda hníga öll sömu rök undir slíka heimild og hliðstæð ákvæði áfengislaganna.

Í lögum hefur ekki áður verið tekið fram að jafnframt skuli heimta tolla og gjöld af andvirði vöru, sem gerð er upptæk, en sjálfsagt þykir að hafa slíka heimild, þar sem annað gæti leitt til óeðlilegrar niðurstöðu. 5. mgr. er nýmæli, enda geta atvik verið þannig að upptaka sé eðlileg, þótt refsingu verði ekki fram komið.

Um 73. gr.

Greinin er nýmæli í tollalögum. Hliðstæð ákvæði eru í áfengislögunum fyrir brot á þeim lögum, og þykir rétt að taka upp sams konar ákvæði í sambandi við brot á tollalögunum, enda hníga sömu rök að því og með áfengislögin. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku tollalögunum. Ákvæðið ætti að stuðla að því, að

útgerðarfélög og stjórnendur farartækja reyni eftir megni að hindra það, að farartæki þeirra séu notuð til ólöglegs flutnings á vörum. Jafnframt er sökunautum veitt aukið aðhald með ákvæðinu um aðför hjá þeim.

Um 74. gr.

Greinin er hliðstæð að efni og 5. mgr. 38. gr. gildandi laga.

Um 75. gr.

Samkvæmt 47. gr. gildandi laga skulu sektir og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð. Hér er lagt til að svo verði áfram, en fénu varið til eflingar og bættrar aðstöðu tolleftirlitsins í landinu.

Um 76. gr.

Það er nýmæli í lögum, að tollyfirvöldum sé heimilt að ákveða sektir allt að 10 000 krónum. Er hér farið að danskri fyrirmynd, en þarlendis afgreiða tollyfirvöld öll mál út af brotum á tolllögunum, nema ætla megi, að brotið varði frelsissviptingu, eða þau telji æskilegt að fá úrlausn dómstólanna um það. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að einfaldari og hraðari málsmeðferð, þegar ekki er um stórvægileg brot að ræða og atvik að öðru leyti liggja ljóst fyrir, en einnig myndi það oft vera til hagræðis fyrir sökunaut að fá málið afgreitt sem fyrst.

Sökunautur getur þó jafnan skotið máli sínu til dómstólanna, og ætti réttur hans að vera nægilega tryggður með því.

Jafnframt er heimilt undir sama skilorði að tollyfirvald ákveði um eignaupptöku, ef verðmæti fer eigi fram úr 50 þúsund krónum.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82 frá 1961, sbr. lög nr. 29 frá 28. apríl 1966 að því er varðar afgreiðslu lögreglustjóra og lögreglumanna á brotum gegn umferðalögum, áfengislögum, lögreglusamþykktum o. fl.

Um X. kafla.

Um 77. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. gildandi laga, með þeirri breytingu, að nú er gert ráð fyrir, að einungis póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur fái innheimtulaun af innheimtum aðflutningsgjöldum, enda kostar tollgæzlan alla innheimtu í Reykjavík.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 50. gr. gildandi laga, en refsiákvæði þeirrar greinar er tekið upp í 71. gr. frumvarpsins.

Um 79. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 12. gr. dönsku tollalaganna, en er nýmæli hér. Gagnkvæmar upplýsingar tollyfirvalda í hinum ýmsu löndum hafa færzt mjög í vöxt og stuðlað að því að unnt hefur verið að fyrirbyggja ólöglegan innflutning. Nauðsynlegt er að við getum notið góðs af slíkri samvinnu, og virðist ljóst að í þeim efnum hljótum við frekar að vera þiggjendur en veitendur.

Um 80. gr.

Gefa þarf út nýja tollreglugerð, er lög þessi hafa öðlast gildi, en þangað til hún hefur verið gefin út, er nauðsynlegt að núverandi reglugerðir og önnur fyrirmæli haldi gildi sínu eftir því sem þau samræmast hinum nýju lögum.

Ed. 134. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Í stað orðanna: „10 krónur“ í a-lið 4. gr. komi: 25 krónur, og í stað orðanna „10 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 25 krónum.

2. gr.

Á eftir seinni málsgrein 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hrekkur fé einstakra deilda samkvæmt 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði hækkuð úr 10 kr. í 25 kr. fyrir hvern íbúa. Ef frumvarpið verður að lögum, munu tekjur sjóðsins aukast um 6 milljónir króna, en þær skiptast milli deilda samkvæmt 9. gr. laganna.

Tildrög þeirrar hækkunar, er frumvarpið gerir ráð fyrir, eru þau m. a., að framlögin hafa ekki verið hækkuð til samræmis við verð og kauphækkanir í landinu. Þótt frumvarpið yrði að lögum, væri framlagið pr. íbúa mun lægra en það var upphaflega, sé miðað við vísitölu framfærslukostnaðar eða tímakaup verkamanna.

Hið erfiða árferði í landbúnaði hefur orðið Bjargráðasjóði þungur baggi og er sjóðnum fyrirsjáanlega ókleift að rísa undir þeim byrðum, nema sú hækkun komi til, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Enn fremur varð bátaútgerðin fyrir Norðurlandi fyrir verulegu veiðarfæratjóni af völdum hafíss á s. l. vetri, og er nauðsynlegt að sjóðurinn geti veitt aðstoð af þeim sökum.

Meðal almennings er fyrir hendi vaxandi skilningur á gildi sjóðsins fyrir þjóðfélagið. Ef harðæri verður vegna ísa, kals eða hamfara náttúrunnar svo sem snjóflóða, jarðskjálfta, eldgosa, eða annars, verður að vera hægt að mæta slíkri óáran með öflugri aðstoð Bjargráðasjóðs.

Með ákvæði 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að tekinn sé af allur vafi um lögmæti þess, að lánað sé frá einni deild sjóðsins til annarrar, þegar fé einhverrar deildar hrekkur ekki til, svo sem gert var á síðasta ári.

Nd. 135. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir. Leggur hún til, að frv. verði samþykkt með tilteknum breytingum, sem fram koma á sérstöku

þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. des. 1968.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Hjalti Haraldsson.
Friðjón Þórðarson.	Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 136. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. málsgr. hljóði svo:
   Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.
   b. 3. málsgr. hljóði svo:
   Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt 2. málsl. 1. málsgr. skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu umdæma.
2. Við 5. gr. Síðasta málsgr. falli niður.
3. Við 7. gr. 5. málsgr. orðist svo:
   Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Halldór E. Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú.

Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um þetta efni.

Leitað verði samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga um endurskoðun þessa.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga, samhljóða þessari, var borin fram í lok síðasta Alþingis, en hlaut þá ekki afgreiðslu sökum tímaskorts. Þá fylgdi þáltill. svofelld greinargerð, sem enn er í sama gildi:

„Innheimta barnsmeðlaga hjá barnsfeðrum er eitt þeirra verkefna, sem veldur oddvitum og öðrum starfsmönnum sveitarfélaga hvað mestri fyrirhöfn, og útgjöld vegna óinnheimtanlegra meðlaga leggjast mjög þungt og misjafnlega á mörg sveitarfélög, ekki sízt þau fámennustu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum það hlutverk, sbr. 79. gr. laga nr. 40/1963, að greiða ógiftum og fráskildum mæðrum meðlög með börnum þeirra til 16 ára aldurs gegn framvísun meðlagsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs. Stofnunin á síðan rétt á að krefja barnsföður um endurgreiðslu meðlagsins, en verði vanskil af hans hálfu, skal stofnunin innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans innan 12 mánaða frá greiðslu meðlagsins. Vanræki framfærslusveit að sinna kröfunni, getur stofnunin krafið ríkissjóð um endurgreiðslu.

Í framkvæmdinni mun það vera svo, að Tryggingastofnunin krefur ekki einstaka barnsfeður um endurgreiðslu, heldur framfærslusveit þeirra.

Meðlög greidd Tryggingastofnuninni af framfærslusveit teljast framfærslustyrkur veittur barnsföður, og er framfærslusveit heimilt að krefja barnsföður um endurgreiðslu þeirra samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Reynslan sýnir, að endurgreiðslukröfur framfærslusveitar á hendur barnsfeðrum innheimtast bæði seint og illa, og ber margt til þess.

Tryggingastofnunin sendir endurgreiðslukröfur til sveitarfélaganna einu sinni á ári, í fyrsta lagi eftir lok þess árs, sem greiðslan var innt af hendi, og oft síðar, ef óvissa hefur verið um framfærslusveit og afla hefur þurft úrskurðar um sveitfesti barnsföður. Þegar sveitarfélag getur fyrst hafizt handa um að krefja barnsföður, hafa því oft safnazt fyrir kröfur, er nema allháum fjárhæðum, sem erfitt reynist að innheimta ásamt þeim, er síðar bætast við, þar sem fjárhag margra barnsfeðra er þannig háttað, að þeir eru ekki aflögufærir um meðlagsgreiðslu nema smátt og smátt af vinnutekjum sínum. Niðurstaðan verður því sú, að ekki innheimtist nema hluti útlagðs kostnaðar vegna greiddra barnsmeðlaga, en hinn hlutinn lendir á sveitarsjóði, þ. e. þegnum sveitarfélagsins í formi hærri útsvara.

Það er að sjálfsögðu ákaflega tilviljanakennt, hver útgjöld einstakra sveitarfélaga verða af þessum sökum.

Segja má, að stærstu sveitarfélögin standi bezt að vígi í þessu efni, þar sem útgjaldabyrðin dreifist á fleiri herðar og aðstaðan er betri til innheimtu. En sérstaklega geta þessi útgjöld komið illa við fámenn sveitarfélög. Það er einnig tíðum tilviljanakennt, á hvaða sveitarfélagi slík útgjöld lenda í einstaka tilvikum, — það getur oltið á því, í hvaða sveitarfélagi meðlagsskyldur maður er staddur, þegar meðlagsúrskurður er útgefinn og birtur. En viðkomandi sveitarfélag verður að sitja uppi með þessi útgjöld til 16 ára aldurs barns, þótt barnsfaðir sé þaðan fluttur og sé gjaldþegn í öðru sveitarfélagi, sbr. ákvæði framfærslulaga.

Sveitarfélögin eru óánægð með núverandi skipan þessara mála og hafa oft rætt þau á fundum sínum og þingum, síðast á landsþingi Sambands íslenzkra sveitarfélaga á liðnu sumri, þar sem samþykkt var tillaga um að fela stjórn sambandsins að vinna að því, að gerðar yrðu breytingar til hagsbóta fyrir sveitarfélögin á núgildandi lagaákvæðum um þetta efni.

Þar sem flutningsmenn telja, að um ýmsar leiðir sé að velja til úrbóta í þessu efni, álíta þeir þá málsmeðferð eðlilega, að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur, og í framhaldi af og á grundvelli þeirrar endurskoðunar verði lagt fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um breytingar á gildandi lögum um þetta efni, sem feli í sér, að reglur um meðlagsgreiðslur verði einfaldari en nú og tryggi betri innheimtu meðlaga eða verði með öðrum hætti til þess að létta útgjaldabyrðum af sveitarfélögunum. Verði haft samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga og aðra þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa.

Að lokum skal þess getið, að þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er borin fram að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.“

Ed. 138. Frumvarp til laga [107. mál]

um skipan opinberra framkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Opinber framkvæmd merkir í lögum þessum gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a. m. k. 1 millj. kr. Ákvæði laganna taka einnig til kaupa á eignum, eftir því sem við getur átt.

Heimilt er fjármálaráðuneytinu að breyta áðurgreindri fjárhæð til samræmis við verðbreytingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

2. gr.

Meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir frá upphafi unz henni er lokið fer eftir ákveðinni boðleið, er skiptist í fjóra áfanga svo sem hér segir: frumathugun sbr. 3.—5. gr. áætlunargerð sbr. 6.—10. gr., verkleg framkvæmd sbr. 11.—19. gr. og úttekt sbr. 20. gr.

II. KAFLI
Frumathugun.

3. gr.

Frumathugun er könnun þeirra kosta, er til greina koma við lausn þeirra þarfa, sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja.

Í greinargerð um frumathugun skulu vera áætlanir um kosti. Þessar áætlanir skulu vera tvíþættar. Annars vegar áætlun um stofnkostnað, þ. m. t. kostnað við áætlunargerð, og hins vegar áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ. m. t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á. Auk þess skulu frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd fylgja greinargerð um frumathugun.

4. gr.

Frumathugun fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila. Hafi annar aðili en ráðuneyti látið gera frumathugun, skal greinargerð skv. 3. gr. send viðkomandi ráðuneyti.

Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps.

Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um fjárveitingu til framkvæmdar skv. frumathugun, sem því hefur borizt, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má, og gerð grein fyrir ástæðum.

5. gr.

Nú hefur fjárveiting til opinberra framkvæmda verið tekin í fjárlög án þess að frumathugun hafi verið gerð, og skal þá frumathugun eigi að síður fara fram skv. ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

Leiði frumathugun í ljós, að áliti viðkomandi ráðuneytis, að ekki sé æskilegt að ráðast í áætlunargerð, er einungis heimilt að greiða kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í frumathugun.

III. KAFLI
Áætlunargerð.

6. gr.

Áætlunargerð um opinbera framkvæmd fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Þegar opinberri framkvæmd er ráðstafað til áætlunargerðar, skal gera samning milli væntanlegra eignaraðila og þeirra aðila, er taka að sér áætlunargerð. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna áætlunargerðar er háð skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins á þeim samningi.

7. gr.

Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd, sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið.
2. Rekstraráætlun, sem nær til minnst 5 ára, eftir að framkvæmd er lokið.

8. gr.

Að lokinni áætlunargerð skv. 7. gr., skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlunina til athugunar.

Áætluninni skulu fylgja skilríki um það, að fullnægjandi lóðarréttindi og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna væntanlegrar framkvæmdar, verði fyrir hendi, þegar á þarf að halda.

9. gr.

Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytis, og skal þá áætlunin í heild eða skýrt afmarkaður hluti hennar, er nær nýtanlegum áfanga, koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki slíka áætlun í fjárlagafrumvarp, skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má, og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

10. gr.

Í frumvarp til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi verks, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem skv. áætluninni nægja til þess að ljúka verki á tilsettum tíma.

IV. KAFLI
Verkleg framkvæmd.

11. gr.

Verkleg framkvæmd merkir í lögum þessum bæði sjálft verkið, þ. e. vinnuna við hina eiginlegu framkvæmd, og það eftirlit, sem jafnframt skal fara fram undir umsjón eða í umboði fjármálaráðuneytisins sbr. 17. gr.

12. gr.

Verk, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur:

1. heimild í fjárlögum;
2. ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis um að nota þá heimild;
3. staðfesting fjármálaráðuneytisins á því, að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, er eigi heimilt að hefja verk fyrr en fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum og undirritaður hefur verið samningur fjármálaráðuneytisins og viðkomandi aðila, er tryggi, að fjármagn verði handbært á framkvæmdartímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

Eigi sveitarfélög hlut að máli og sé í greiðsluáætlun gert ráð fyrir framlögum úr sveitarsjóði, nægir um það atriði skrifleg yfirlýsing sveitarstjórnar, að á framkvæmdartímanum verði fjárhæðir teknar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

13. gr.

Verk skal að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt að víkja frá útboði, sbr. þó 2. mgr.

Ef tilboð er óhæfilega hátt, skal verkinu ráðstafað til vinnu eftir reikningi, en þó þannig, að einstakir verkhlutar séu boðnir út eða unnir eftir föstu samningsverði, eftir því sem við verður komið.

14. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka. Stofnunin undirbýr einnig samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fela framkvæmdarstofnunum ríkisins, sbr. 21. gr., að annast reikningshald og greiðslur vegna verka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, er sveitarfélagi heimilt að annast útboð, undirbúa samningsgerð við verktaka og annast reikningshald og greiðslur vegna verksins, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur til þess fullnægjandi aðstöðu að mati fjármálaráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, sem kostuð er að hluta af ríkissjóði, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu, áður en útboð fer fram.

15. gr.

Tilboð, sem berast, skulu send samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr. Nefndin gerir tillögu til aðila um það, hvaða tilboði skuli tekið eða hvort öllum skuli hafnað.

16. gr.

Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjist.

17. gr.

Við hvert verk skal tilnefna sérfróðan umsjónarmann, sem ber ábyrgð á því gagnvart eignaraðilum, að verkið sé unnið í samræmi við áætlun, sbr. 7. gr. Umsjónarmaður skal hafa eftirlit með því, að öllum ákvæðum verksamnings sé fylgt.

Nú er verk unnið að einhverju eða öllu leyti eftir reikningi, sbr. 2. mgr. 13. gr., og skal umsjónarmaður þá vera fullábyrgur framkvæmdarstjóri slíkra verka eða verkhluta. Frávik frá áætlun skv. 7. gr., þótt nauðsynleg séu, má eigi gera nema með samþykki hans.

Í sérstöku erindisbréfi skal nánar kveðið á um störf og valdsvið umsjónarmanna.

Umsjónarmaður skal gera skýrslur um verk skv. ákvæðum í erindisbréfi sínu og/eða eftir sérstökum fyrirmælum samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr. Skýrslurnar ber að senda öllum aðilum að framkvæmdinni.

18. gr.

Allur kostnaður vegna starfa umsjónarmanns telst til stofnkostnaðar opinberrar framkvæmdar.

19. gr.

Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. KAFLI
Úttekt.

20. gr.

Þegar verklegri framkvæmd er lokið, skal fara fram úttekt á henni, þar sem staðreynt er, að framkvæmd sé í samræmi við ákvæði verksamnings. Fjármálaráðuneytið setur reglur um það, hvernig úttekt skv. lögum þessum skuli fram fara.

Að úttekt lokinni skal sá aðili, sem hefur með höndum framkvæmd, sbr. 14. gr., sjá um, að gerð verði greinargerð með upplýsingum, er máli skipta um framkvæmdina, stærð hennar, gerð og afköst, ef við á, áætlaðan kostnað og raunverulegan kostnað. Jafnframt skal þess getið, hvaða stofnanir, fyrirtæki eða einstaklingar önnuðust meiri háttar hluta verksins.

Greinargerð, skv. 2. mgr., skal send fjárveitinganefnd Alþingis og eignaraðilum.

VI. KAFLI
Yfirstjórn opinberra framkvæmda.

21. gr.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, fer með yfirstjórn opinberra framkvæmda, sbr. 1. gr.

Sveitarfélög eða aðrir eignaraðilar fara með stjórn þeirra þátta, sem ræddir eru í 4., 6. og 14. gr., eftir því sem þar segir nánar.

Heimilt er að fela framkvæmdarstofnunum ríkisins umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.

Fjármálaráðherra úrskurðar vafaatriði, sem snerta gildissvið og efni laganna.

22. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti þrír menn: formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti á rétt að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þess. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags á fulltrúi Sambands íslenzkra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

Nefndin rannsakar frumathuganir og áætlanir, sem til hennar er vísað, gerir tillögur til aðila varðandi tilboð og fylgist að öðru leyti með framkvæmd laga þessara.

Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

23. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun ræður starfsfólk með nauðsynlegri sérþekkingu til þess að stofnunin geti sinnt því hlutverki, sem henni er ætlað með lögum þessum, sérstaklega því að rannsaka á hlutlægan hátt áætlunargerð, sbr. III. kafla, og hafa umsjón með verklegum framkvæmdum, sbr. IV. kafla.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal fara fram endurskipulagning á starfssviði þeirra ríkisstofnana, sem hafa með höndum verkefni, er um ræðir í 1. mgr., þar á meðal byggingardeild menntamálaráðuneytisins og embætti húsameistara ríkisins.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til á fjárlögum, en ekki hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum.

Um framkvæmdir, sem hafnar voru, en ólokið við setningu laganna, skal ákvæðum þeirra beitt, eftir því sem við getur átt um framkvæmdirnar í heild og einstaka áfanga þeirra.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrst um sinn að hækka þau talnalegu mörk, sem sett eru um kostnað framkvæmda, sbr. 1. gr., hvort heldur er almennt eða fyrir einstakar tegundir framkvæmda.

Við gildistöku laga þessara skal fjárlaga- og hagsýslustofnun skrá allar opinberar framkvæmdir, sem hafnar eru, en ekki er lokið eða ekki eru að fullu greiddar fyrir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. nóvember 1965 skipaði fjármálaráðherra nefnd sjö manna undir formennsku Jóns Sigurðssonar, nú ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, til að „gera heildarathugun á því, hversu hagnýta megi með jákvæðustum árangri það fé, er ríkið ver til margvíslegra fjárfestingarframkvæmda.“ Nefndin skilaði skýrslu til fjármálaráðherra 19. apríl 1966. Á grundvelli þeirrar skýrslu var samið frumvarp til laga um skipulag framkvæmda á vegum ríkisins, og var það lagt fyrir Alþingi vorið 1967. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi, enda ekki til þess ætlazt, þar sem því var fyrst og fremst ætlað að kynna ákveðnar hugmyndir um þessi mál. Síðan hefur frumvarpið verið sent nokkrum aðilum til umsagnar, þ. á

m. Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og Efnahagsstofnuninni. Að fengnum umsögnum þeirra, ákvað fjármálaráðherra að láta fara fram athugun á frumvarpinu á ný. Að athugun frumvarpsins hafa staðið Páll Líndal, borgarlögmaður, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Torfi Ásgeirsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Efnahagsstofnuninni og dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri ríkisins, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu.

Frumvarpið er nú aftur lagt fyrir Alþingi í nokkuð breyttum búningi, þar sem m. a. er kveðið nokkru nánar á um hlutverk annarra aðila en ríkisins í því ákvarðana- og framkvæmdakerfi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að komið verði á fót varðandi opinberar framkvæmdir. Hins vegar hefur hvergi verið vikið frá þeirri grundvallarhugsun, er fólst í tillögum sjö manna nefndarinnar og ákvæðum hins upphaflega frumvarps, og eru því kaflar úr skýrslu nefndarinnar birtir aftur sem fylgiskjal með þessu frumvarpi.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns, sem varið er til opinberra framkvæmda. Í því skyni eru í frumvarpinu ákvæði, sem eiga að tryggja, að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin, fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið, þannig að unnt verði að gera greiðsluskuldbindingar fyrir verkið í heild og ekki þurfi til þess að koma, að lausaskuldir safnist eða verk stöðvist af fjárhagsástæðum. Með þessu ætti að verða unnt að tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verka og þar með sem stytztan framkvæmdartíma. Einnig ætti með slíkri samræmingu að verða unnt að fá yfirsýn mála, þannig að ekki verði ráðizt í fleiri verk en fjármagn leyfir á hverjum tíma. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist. Rétt þykir, að skilið verði milli þeirra aðila, sem gera áætlanir um verk og hinna, sem framkvæma. Þá er gert ráð fyrir, að umsjón með framkvæmd verka sé falin sérfróðum manni, þannig að afskiptum þeirra, sem nota eiga eða ráða yfir viðkomandi mannvirki, sé lokið, þegar verk hefst. Loks þykir rétt að setja fastar reglur um úttekt mannvirkja og samning greinargerða um framkvæmdir með það fyrir augum, að slíkt megi birta opinberlega.

Frumvarpið felur ekki í sér neinar eðlisbreytingar á valdi Alþingis varðandi opinberar framkvæmdir frá því sem nú er. Alþingi á eftir sem áður frumkvæði að öllum opinberum framkvæmdum með samþykki undirbúningsfjárveitinga, og getur þar bæði verið um að ræða tillögur, sem eru í upphaflegu fjárlagafrumvarpi, og eins nýjar tillögur, sem samþykktar kunna að verða í meðförum þingsins. Síðan vísar Alþingi málum til embættismanna og sérfræðinga, er framkvæma ýtarlega rannsókn á hinum ýmsu viðfangsefnum eftir föstum reglum. Á þessu stigi mála verður raunar komið á nánara sambandi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds en tíðkazt hefur með setu formanns fjárveitinganefndar í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Að þessu loknu koma málin aftur til kasta Alþingis þannig unnin, að þingmönnum eiga að verða ljósar sem flestar hliðar, er máli skipta til þess að unnt verði að ná þeim megintilgangi frumvarpsins að fullnægja nákvæmt skýrgreindum þörfum með sem minnstum tilkostnaði. Frumvarpið miðar að því að auðvelda Alþingi að taka endanlegar ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og leiða jafnframt í ljós þær fjárskuldbindingar, sem slíkar ákvarðanir hafa í för með sér í framtíðinni. Loks tryggir frumvarpið það, að skýrslur um hina eiginlegu framkvæmd verka berist Alþingi jafnan að loknu hverju einstöku verki, þannig að þingið geti lagt mat á það, hvernig til hefur tekizt.

Um stöðu sveitarfélaganna er svipað að segja. Til þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við sameiginlegar framkvæmdir hefur þurft samþykki tiltekinna ríkisstofnana. Frumkvæði það, sem sveitarfélögin hafa átt að sameiginlegum framkvæmdum, helzt óbreytt. Sú meginbreyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er sú, að gerðar eru meiri kröfur um undirbúning framkvæmda og af því leiðir, eins og áður hefur verið nefnt, að framkvæmdir ættu að geta gengið greiðar, og þar sem fyrirfram hefur verið

gengið frá fjárframlögum beggja aðila, ættu framkvæmdir ekki að stöðvast vegna fjárskorts. Er það sameiginlegt hagsmunamál ríkis og sveitarfélaganna, að sem bezt nýting verði á tilteknu fjármagni, og ótvíræður ávinningur fyrir þjóðarheildina.

Um 1. gr.

Í greininni er skýrgreining á hugtakinu „opinber framkvæmd“ eins og það er notað í þessu frumvarpi. Hugtakið er hér þrengt frá því, sem málvenja er, þannig að sem minnstur vafi geti verið um, hvaða framkvæmdir falla undir ákvæði laganna. Orðin „opinber framkvæmd“ eru í frumvarpinu notuð í stað þess að endurtaka í hvert sinn þá skýrgreiningu, sem er í 1. gr.

Rétt er að vekja athygli á því, að ákvæðum lagafrumvarpsins er ætlað að taka til breytinga, endurbóta, viðgerða og viðhalds mannvirkja. Hér ræður annars vegar fjárhæð og hins vegar, hvort hagkvæmt er, að dómi ráðuneytisins, að beita þeirri málsmeðferð, sem 2. gr. lagafrumvarpsins gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir heimild til handa fjármálaráðuneytinu að breyta þeim kostnaðarmörkum, sem opinberri framkvæmd í skilningi laganna eru sett, þannig að miðað sé við raunkostnað framkvæmda, þrátt fyrir verðlagsbreytingar.

Að jafnaði myndu ákvæði laganna hvorki ná til framkvæmda, sem ríkissjóður ábyrgist eða veitir lán til, né til framkvæmda, sem styrktar eru úr ríkissjóði, án þess að um eignaraðild ríkissjóðs sé að ræða, svo sem er um jarðræktarstyrki. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að ríkissjóður setji það skilyrði fyrir lánveitingu eða styrkveitingu, sem nær kostnaðarlágmarki greinarinnar, að málsmeðferð sé í samræmi við ákvæði laganna, eftir því sem við getur átt, svo sem ákvæði 3. og 4. gr. um frumathugun, ákvæði 7. gr. um áætlunargerð og ákvæði 20. gr. um úttekt o. fl.

Skv. 3. mgr. getur ríkisstjórnin ákveðið, að málsmeðferð varðandi gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkisstofnun, er hefur sjálfstæðan fjárhag, skuli vera í samræmi við ákvæði lagafrumvarps þessa, eftir því sem við getur átt. Er hér t. d. átt við ríkisbankana.

Framkvæmdir á vegum ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sem skráð eru í B-hluta frumvarps til fjárlaga, falla undir skilgreiningu 1. mgr.

Um 2. gr.

Í greininni er nefnd sú boðleið, sem opinber framkvæmd fer samkvæmt frumvarpinu, og vísað til þeirra lagakafla, sem kveða nánar á um einstök atriði.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um þá athugun, sem skv. frumvarpinu skal gera, áður en ákvörðun er tekin um það, hvort ráðast skuli í áætlunargerð um verkið sjálft. Frumvarpið gerir skýran mun á frumathugun og áætlunargerð. Í frumathugun er ætlað, að kannaðar séu sem flestar þeirra hugmynda, sem til greina gætu komið sem grundvöllur að áætlunargerð skv. III. kafla frumvarpsins.

Bæði í ákvæðum frumvarpsins um frumathugun og um áætlanagerð er lögð áherzla á, að hverri áætlun um stofnkostnað skuli fylgja áætlun um rekstrarkostnað nokkur ár fram í tímann. Við mat á fyrirhugaðri lausn, getur væntanlegur rekstrarkostnaður haft úrslitaþýðingu um val á þeirri stofnframkvæmd, sem ákveðið verður að ráðast í.

Um 4. gr.

Ætlazt er til, að frumkvæði að athugun á kostum sé í höndum væntanlegra eignaraðila. Sé um að ræða væntanlega sameign ríkis og sveitarfélaga gæti ríkið, þ. e. viðkomandi ráðuneyti eða ríkisstofnanir, í sumum tilvikum átt frumkvæðið, sérstaklega þegar fleiri en eitt sveitarfélag eiga hlut að máli.

Þar sem einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja, að ekki sé ráðizt í fleiri framkvæmdir en fjármagn leyfir hverju sinni, er ætlazt til, að ráðuneytin kveði á um nauðsyn þeirra framkvæmda, sem fjárveitinga er óskað til, með því að raða þeim til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps.

Með 3. mgr. er ætlað að tryggja sveitarfélögum eða öðrum væntanlegum eignaraðilum, að greinargerð um frumathugun, sem send hefur verið viðkomandi ráðuneyti, fái rétta og skjóta málsmeðferð.

Um 5. gr.

Samþykki Alþingi fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar án þess að frumathugun sé fyrir hendi, er gert ráð fyrir, að fjárveitingin eða hluti hennar sé notuð til frumathugunar, er síðan fari boðleið skv. ákvæðum frumvarpsins. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja samræmda meðferð allra opinberra framkvæmda án tillits til þess, hvernig frumkvæði er til komið.

Ákvæðum annarrar málsgreinar er ætlað að koma í veg fyrir, að opinbert fé sé notað til áætlunargerðar og/eða verklegra framkvæmda í þeim tilvikum, er ófyrirsjáanlegir örðugleikar koma í ljós við frumathugun, eða þegar í ljós kemur, að málið af einhverjum ástæðum er þannig vaxið, að vissa þykir fyrir því, að Alþingi vilji taka málið öðrum tökum en gert var ráð fyrir við afgreiðslu viðkomandi fjárlaga.

Um 6. gr.

Í III. kafla er kveðið á um málsmeðferð við áætlunargerð, eftir að valinn hefur verið einhver þeirra kosta, sem frumáætlun býður.

Þegar um er að ræða framkvæmdir, sem ríkið stendur eitt að, er áætlun gerð á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis eða ríkisstofnunar. Þegar um er að ræða sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, fer eftir atvikum, á hvers vegum áætlun er gerð. Gert er ráð fyrir, að það frumkvæði, sem sveitarfélög hafa haft hingað til, haldist, enda hafi þau fullnægjandi aðstöðu til að vinna verkið. Sama á við, þegar um aðra eignaraðila er að ræða.

Eins og segir í inngangi þarf til að koma samræming við undirbúning, og er ráðgert, að sú samræming verði í höndum fjármálaráðuneytisins.

Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir, að væntanlegur eignaraðili, annar en ríkissjóður, geti einhliða skuldbundið ríkissjóð um kostnaðarþátttöku í áætlunargerð án þess að samið sé um væntanlegan kostnað. Enn fremur er ætlazt til þess, að fjármálaráðuneytið geti sett skilyrði um hæfni og menntun þess aðila, sem áætlunargerð er falin.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að þegar hér er komið undirbúningi, séu gerðar miklu viðtækari áætlanir en hingað til hefur tíðkazt, þ. á m. er gert ráð fyrir nákvæmri greiðsluáætlun, sem getur verið forsenda þess, að hægt sé að ljúka tilteknum áfanga eða verki í heild viðstöðulaust.

Í 2. tl. er gert ráð fyrir, að samin verði rekstraráætlun, og yrði hún sama eðlis og sú áætlun, sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr., en nákvæmari að því marki, sem áætlun um stofnkostnað skv. 1. tl. þessarar greinar er nákvæmari en samsvarandi áætlun með frumathugun.

Um 8. gr.

Í 2. mgr. eru ákvæði til þess að tryggja, að ekki séu óútkljáð eignarheimildareða réttindamál, áður en verkið sjálft hefst. Reynsla undanfarinna ára bendir eindregið til þess, að þessara ákvæða sé þörf.

Um 9. gr.

Þegar um stærri framkvæmdir er að ræða, eru oft ógreinileg skil milli áfanga eða þá, að fyrirhugaður verkáfangi, t. d. ákveðin lenging hafnargarðs, uppsteypa á byggingarskrokk, o. s. frv., kemur ekki að gagni miðað við þá fullnægingu þarfa, sem stefnt er að, nema fleiri verkáfangar komi til.

Ákvæði 2. mgr. er ætlað að tryggja, að eignaraðilum berist tafarlaust vitneskja um hugsanlega synjun fjármálaráðuneytisins á því að taka í fjárlagafrumvarp fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar, sem áætlun hefur verið gerð um.

Um 10. gr.

Tilgangur greinarinnar er, að Alþingi hafi á hverjum tíma sem ljósasta mynd af þeim fjárskuldbindingum næstu ára, sem fjárveiting til opinberra framkvæmda hefur í för með sér.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Sé um sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags að ræða, mun í fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið skv. 7. gr. að jafnaði reiknað með:

1. Beinu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
2. Framlagi sveitarfélags:
   a. Beinu framlagi á framkvæmdartímanum.
   b. Lánsfé frá sjóðum eða peningastofnunum.

Ekki þykir rétt í lagafrumvarpi þessu að gefa fyrirmæli um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga á sama hátt og kveðið er á um fjárlagafrumvarp í 10. gr. Orðalag 3. mgr. miðar því til þess, sem venja er um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Um fyrirhugaðar lántökur sveitarfélaga þurfa að sjálfsögðu að liggja fyrir sem skýrastar upplýsingar, áður en heimild er gefin til þess, að verk sé hafið.

Um 13. gr.

Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar í ákvæðisvinnu eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undanteknigum eftir eðli verks eða öðrum aðstæðum.

Um 14. gr.

Í greininni er Innkaupastofnun ríkisins falið að annast öll útboð verka og samningsgerð, nema í þeim tilvikum, er sveitarfélag hefur að mati fjármálaráðuneytisins fullnægjandi aðstöðu til þess, enda sé um sameiginlega framkvæmd ríkis og viðkomandi sveitarfélags að ræða.

Reykjavík og nokkur önnur stærri sveitarfélög munu hafa slíka aðstöðu og um langt skeið látið bjóða út verk. Sú reynsla og verkkunnátta, sem er undirstaða þess, að hægt sé að beita útboðsaðferðum, er því fyrir hendi, og ekki er ástæða til þess, að ríkið taki á sig ábyrgð í þessum tilvikum. Innkaupastofnunin mun eftir sem áður hafa aðstöðu til þess að gæta réttar ríkissjóðs, sbr. 4. mgr.

Innkaupastofnuninni er á sama hátt falið reikningshald og greiðslur vegna verka, nema í þeim tilvikum, er framkvæmdastofnanir ríkisins og sveitarfélög hafa að mati fjármálaráðuneytisins fullnægjandi aðstöðu til þess. Hagkvæmt þykir, að sá aðili, sem hefur með höndum útboð og samningsgerð vegna verka, sjái einnig um bókhald. Með því skapast m. a. bætt aðstaða til samanburðar á kostnaði við sambærileg verk.

Innkaupastofnun ríkisins mundi hins vegar ekki taka ákvörðun um, hvort eða hvaða tilboðum skuli tekið, sbr. 15. gr.

Um 15. gr.

Tilboð, sem berast skv. ákvæðum 14. gr., skulu metin af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir sbr. 22. gr. Fulltrúum eignaraðila viðkomandi framkvæmdar gefst kostur á að fylgjast nákvæmlega með störfum nefndarinnar á öllum stigum máls.

Um 16. gr.

Á sama hátt og frumvarpið gerir ráð fyrir, að hlutaðeigandi ráðuneyti geri tillögur um fjárveitingu á grundvelli frumathugana, jafnvel þótt slík frumathugun

hafi verið unnin á vegum ríkisstofnunar, sem undir það ráðuneyti heyrir, þá er hér lagt til, að hin endanlega skuldbinding ríkissjóðs, þ. e. samningur við verktaka, sé undirritaður af viðkomandi ráðuneyti. Með þessu er ætlað að koma í veg fyrir, að ríkisstofnanir, byggingarnefndir, framkvæmdanefndir o. s. frv., eða aðrir ríkisaðilar með óljós umboð, geti skuldbundið ríkissjóð.

Augljóst er, að bæði fjármálaráðuneyti og málefnaráðuneytum er brýn nauðsyn að hafa sem skýrasta mynd af fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Það fæst ekki nema með skýrum ákvæðum um, á hvern hátt skuldbinding ríkissjóðs verður til.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringar.

Um 17. gr.

Umsjón með opinberum framkvæmdum hefur verið á ýmsan hátt hagað og ábyrgð, ef nokkur er, verið óljós. Oft hafa starfað sérstakar byggingarnefndir með óljós umboð og ótiltekinn starfstíma. Ábyrgð hefur verið dreift á arkitekt, byggingareftirlitsmenn og einhverja byggingarnefndarmanna. Byggingarnefndirnar hafa jafnvel getið af sér framkvæmdarnefndir, sem þó hafa ekkert persónulegt umboð eða ákvörðunarvald haft.

Byggingarnefndir hafa mikilvægu hlutverki að gegna til þess að leiða saman væntanlega eignaraðila og aðra þá, sem hagsmuna hafa að gæta, sérstaklega á frumathugunar- og áætlunargerðarstigi. Þegar áætlun er fullgerð og verk hafið, er brýn nauðsyn þess, að einn maður sé ábyrgur fulltrúi væntanlegra eignaraðila gagnvart verktökum.

Hér er því lagt til, að við hvert verk, sem unnið verður skv. ákvæðum lagafrumvarps þessa, sé tilnefndur sérfróður umsjónarmaður, enda sé í sérstöku erindisbréfi til hans kveðið á um starf og verksvið hans.

Sé um að ræða verk, sem greitt er eingöngu úr ríkissjóði, þykir eðlilegt, að umsjónarmaður sé tilnefndur af viðkomandi ráðuneyti og samþykktur af samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, mundi sami háttur á hafður, nema viðkomandi sveitarfélag hafi í þjónustu sinni sérfróða menn. Þá tilnefnir það umsjónarmann, háðan samþykki samstarfsnefndar.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar að öðru leyti en því, að skv. ákvæðum greinarinnar ber að reikna með kostnaði við umsjón í kostnaðaráætlun skv. 7. gr.

Um 19. gr.

Þar sem einn megintilgangur lagafrumvarps þessa er að tryggja viðstöðulaust framhald verka, er auðsætt að tryggja þarf, að áætluð fjárframlög breytist, ef ófyrirsjáanleg tæknileg atriði valda breytingum á raunkostnaði eða verðlag breytist.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir úttekt, þar sem staðreynt er, að verk sé unnið skv. ákvæðum verksamnings. Er sú úttekt óháð úttekt, sem fer fram á vegum byggingafulltrúa skv. byggingarlöggjöf.

Þá er lagt til, að samin verði greinargerð, þar sem fram komi eins konar fjárhagslegt mat á því, hvernig framkvæmd hafi tekizt. Í þeirri greinargerð kæmi m. a. fram, að hve miklu leyti verk hefði staðizt áætlun. Við könnun á því koma að sjálfsögðu upp ýmis vafaatriði eins og t. d. þegar um er að ræða byggingar, sem reistar eru í áföngum á löngum tíma. Erfitt er að gera á ljósan hátt grein fyrir viðgerðum á opinberum mannvirkjum, þannig að gildi hafi. Hins vegar hljóta slíkar greinargerðir að geta orðið til mikils aðhalds um ýmsar framkvæmdir.

Hæpið virðist að gera skilyrðislaust ráð fyrir birtingu greinargerða, t. d. í dagblöðum eða Lögbirtingablaðinu. Er því lagt til, að fjárveitinganefnd og eignaraðilar gætu ákveðið, hvernig birtingu skyldi hagað. Greinilegast til samanburðar á framkvæmdum innbyrðis væri að sjálfsögðu það, að greinargerðir tilheyrandi hverju ári birtust í heild, t. d. með ríkisreikningi.

Um 21. gr.

Eins og fram kemur hér að framan er ætlunin sú með lagafrumvarpi þessu, að fjármálaráðuneytið hafi með höndum yfirstjórn opinberra framkvæmda, sem lögin taka til.

Sveitarfélag, sem hefur aðstöðu til að annast sameiginlega framkvæmd, ætti að jafnaði að hafa hana með höndum, enda hefur slíkt marga kosti, t. d. eru möguleikar þess til að fylgjast með framkvæmd að jafnaði miklu betri en möguleikar ríkisstofnana í Reykjavík til slíks.

Eðlilegt er, að tilteknum ríkisstofnunum sé falin umsjón vissra framkvæmda, þar eð á þann hátt má nýta þá reynslu, sérhæfingu og aðra aðstöðu, sem skapazt hefur í viðkomandi stofnunum vegna áralangrar starfsemi þeirra að sérverkefnum. Er þar t. d. átt við Vegagerð ríkisins.

Um 22. gr.

Lagt er til, að sérstök samstarfsnefnd verði skipuð til að fjalla um hvaðeina, sem varðar framkvæmd laga þessara. Í henni eigi sæti þeir tveir embættismenn, sem mest hafa með framkvæmd laganna að gera, þ. e. hagsýslustjóri ríkisins og forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins. Þá er gert ráð fyrir, að formaður fjárveitinganefndar eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar sitji í samstarfsnefndinni til að skapa betri tengsl við Alþingi.

Þau mál, sem nefndin fær til meðferðar eru yfirleitt undirbúin af öðrum ráðuneytum eða sveitarfélögum. Þykir því sjálfsagt, að þessir aðilar eigi fulltrúa, sem sitji fundi nefndarinnar, þegar umbjóðandi þeirra á mál til meðferðar.

Rétt þykir, að nefndin hafi heimild til að hlutast til um, að mál, sem frá sveitarfélögum koma, fái greiða meðferð.

Um 23. gr.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hlýtur að auka mjög verkefni fjármálaráðuneytisins. Rannsókn frumathugana, könnun áætlana og eftirlit með verklegum framkvæmdum, allt þetta krefst sérhæfðs starfsliðs.

Nú þegar eru til stofnanir, sem hafa að vissu marki slík verkefni með höndum, en augljós hagkvæmni virðist í því fólgin, að þær séu sameinaðar því rannsóknar- og eftirlitskerfi, sem nauðsynlegt er að koma upp á vegum fjármálaráðuneytisins.

Þessi starfsemi öll hlýtur að kosta nokkurt fé, en hún má verða æði kostnaðarsöm, ef hún á ekki eftir að borga sig margfaldlega með bættum vinnubrögðum við opinberar framkvæmdir.

Fylgiskjal.

NEFND UM OPINBERAR FRAMKVÆMDIR

Kaflar úr skýrslu til fjármálaráðherra, dags. 19. apríl 1966.

6. Niðurstöður íhugana.

6.0 Almennar athugasemdir.

Til grundvallar skipun nefndarinnar um opinberar framkvæmdir mun hafa legið sú vissa, að opinberar framkvæmdir hér á landi séu að jafnaði mun dýrari en vera þyrfti. Nefndin telur þessa ályktun rétta og telur liggja til þess fjölmargar orsakir, sem hún telur ógerlegt að gera tæmandi grein fyrir. Viðleitni til að finna slíkar orsakir og fyrirbyggja þær hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera verk, sem er óaðskiljanlegur hluti vinnunnar við undirbúning verka og framkvæmd þeirra, en verður aldrei lokið.

Hér að framan í köflum 4. og 5. er getið ýmissa slíkra orsaka, sem nefndin telur sig hafa greint.

Nokkrar helztu orsakirnar vill nefndin draga saman hér á eftir.

6.1 Orsakir, sem lúta að stefnu í fjármálum opinberra framkvæmda.

Ráðizt er í fleiri framkvæmdir í einu en fjármagnið leyfir, sem til þeirra er veitt, svo að unnt sé að halda hverju verki áfram með þeim hraða, sem er nauðsynlegur til að hagkvæm framkvæmd verkanna geti átt sér stað. Þessi aðferð hefur keðjuverkandi áhrif, sem öll leiða til óhæfilegs kostnaðar hvers mannvirkis og fækkun þeirra mannvirkja, sem lokið er ár hvert.

Sífelldur fjárskortur veldur töfum, sem verða beinn kostnaðarauki, og draga auk þess verk óeðlilega á langinn og valda þannig óbeinum aukakostnaði.

Fjárskortur veldur því, að hugsun þeirra, sem framkvæma verkin, beinist meir að fjáröflun en góðri nýtingu fjárins.

Útboðum verður ekki beitt, þegar fjárhagsgrundvöllur framkvæmdar er í óvissu og ekki unnt að gera fasta greiðslusamninga, sem víst er um efndir á.

Fjárskorturinn leiðir viljandi eða óviljandi til heimildarlausra fjárskuldbindinga og samsafns af reikningum, sem ekki eru tök á að greiða, þegar þeir eru gjaldfallnir.

Ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að mæta útgjöldum, sem eðlilega geta fallið til umfram áætlun.

6.2 Málsmeðferð við ákvarðanir um opinberar framkvæmdir.

Reglur eru engar til, sem tryggja ákveðna málsmeðferð við ákvörðun um að hefja opinberar framkvæmdir. Þetta ástand hefur keðjuverkandi áhrif á sama hátt og rakið var undir lið 6.1 hér að framan.

Raunverulegur hemill er enginn, sem kemur í veg fyrir, að það ástand skapast, sem lýst var í lið 6.1 hér að framan.

Undirbúningur að framkvæmdum verður misjafn og oftast ófullnægjandi.

Ákvörðun um að hefja opinbera framkvæmd og veita til hennar nokkurt fé er tekin svo snemma á undirbúningsstiginu, að ákafinn að hefja framkvæmdir kemur oft í veg fyrir fullnægjandi undirbúning fyrir fram.

Áætlanir um kostnað eru að jafnaði ekki nægilega vandaðar.

Ákvarðanir eru að jafnaði teknar, án þess að fyrir liggi íhugun á fjármálalegum afleiðingum þeirra til langs tíma, að því er varðar rekstrarkostnað og bundnar fjárfestingar.

Undirbúningur flestra verka er eins manns verk eða einnar stofnunar, oft hinnar sömu, sem verkið framkvæmir. Gagnrýni kemst því ekki að til að sannfærast um, að bezta og hagkvæmasta lausn sé valin.

Tímasetning verks verður ónákvæm. Verkið hefst strax og eitthvert fé er til, en að jafnaði veit enginn, hvenær því lýkur og það verður nothæft.

6.3 Skipulag á stjórn opinberra framkvæmda.

Fyrirkomulag á stjórn framkvæmda ríkisins er ekki í föstum skorðum og í sumum tilfellum órökrétt, þar sem það þó er fastmótað:

Hlutverk framkvæmdastjórnar við ýmsa mannvirkjagerð er of oft óljóst, og óæskileg óvissa ríkjandi um ábyrgð hvers þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, á því sem gert er.

Skil eru óglögg milli undirbúningsaðila („projekterandi" aðila) og framkvæmdaraðila, enda vinna oft báðir jöfnum höndum vegna skorts á undirbúningi fyrirfram. Oftsinnis annast sami aðili bæði verkin, undirbúning og framkvæmd.

Framkvæmdastjórn mannvirkjagerðar er iðulega fengin í hendur nefnd leikmanna á því sviði (byggingarnefnd), þótt hér sé um að ræða sérfræðilegt viðfangsefni.

Samræming milli sams konar mannvirkja, gerð staðla um stærðir, gerð, gæði o. þ. h. hefur ekki átt sér stað, þannig að flest mannvirki, sem reist eru fyrir ríkisfé, eru „módel"-smíð.

7. Tillögur um aðgerðir og framkvæmd þeirra.

7.0 Almennar athugasemdir.

Nefndin telur þær athuganir, sem hún hefur gert, hafa staðfest vitneskjuna um gallaðar aðferðir við opinberar framkvæmdir hér á landi.

Það eru alkunn sannindi, að það verk, sem gera sér ljós ákveðin vandamál í umfangsmiklum rekstri, er tiltölulega einfalt, samanborið við að finna lausnir á vandamálum og gera þær lausnir virkar í framkvæmd. Þessir örðugleikar eru sennilega þar að auki enn meiri í opinberum rekstri en einkarekstri, vegna hinna pólitísku sjónarmiða, sem hvarvetna gætir að sjálfsögðu í ákvörðunum um ríkisreksturinn.

Því vill nefndin undirstrika, um leið og hún setur fram tillögur um aðgerðir á því sviði, sem hún hefur fengið til meðferðar, að hér er einungis stigið fyrsta skrefið á langri leið.

Ef framhald verður á þessu starfi, sem nefndin vonast til, er margt sem haft getur áhrif á, hvernig til tekst. En eitt er meginatriði. Það er ekki til neins að reyna að framkvæma neinar umbótatillögur á þessu sviði, nema ríkisstjórn og Alþingi á hverjum tíma standi heils hugar að þeim markmiðum, sem sett eru og hagi störfum sínum samkvæmt því.

Með þessum formála vill nefndin gera eftirfarandi tillögur:

7.1 Reglur um boðleið[1]) fyrir ákvörðun um opinberar framkvæmdir.

Settar verði ákveðnar reglur um þá boðleið, sem mál til undirbúnings ákvörðun um að hefja opinbera framkvæmd þarf að fara, áður en það telst vera tilbúið til ákvörðunar. Uppdráttur að tillögu nefndarinnar að slíkri boðleið, ásamt skýringum á helztu stigum hennar, fylgja skýrslunni sem fylgiskjal nr. 9.1.

Tilgangur með tillögunum:

Að tryggja samræmdan undirbúning allra verka.

Að tryggja, að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið.

Að auðvelda samanburðarathugun á verkum, sem tímabært er að hefja, og fjármagni, sem tiltækt er til þeirra, svo að ekki verði ráðizt í fleiri verk en fjármagnið leyfir.

Að tryggja, að verkefni, sem af einhverjum ástæðum er synjað eða frestað í bili, komi sjálfkrafa til athugunar að nýju á vissum fresti.

7.2 Aðferð við veitingu fjár til opinberra framkvæmda.

Fjárveiting til að greiða allan áætlaðan kostnað verks verði tekin í fjárlög um leið og verk er ákveðið.

Tekin verði upp sú meginregla, að ríkisframkvæmdir, sem ekki skila tekjuafgangi, skuli fjármagna eingöngu með fjárveitingum úr ríkissjóði (ekki með lánum).

Jafnframt verði tekin upp nokkur fjárveiting á 20. gr. Út. fjárlaga, sem svarar til fjárveitingar til óvissra útgjalda vegna rekstrar á 19. gr.

Tilgangur tillagnanna:

Að tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verksins, sem ákveðið hefur verið, og þar með sem stytztan framkvæmdartíma.

Að gera mögulegar greiðsluskuldbindingar fyrir heilt verk, sem dreifist á fleiri en eitt ár.

Að gera kleift að ljúka verkum, sem ákveðin hafa verið, jafnvel þótt áætlanir um framkvæmdarkostnað og beinar fjárveitingar standist ekki fyllilega, og þá án þess að safna lausaskuldum.

7.3 Skipulagning á stjórn mannvirkjagerðar á vegum ríkisins.

Gerðar verði ráðstafanir til að taka ákveðna stefnu við stjórnun mannvirkjagerðar á vegum ríkisins.

---

1) Boðleið er hér notað sem þýðing á enska orðinu procedure.

Hin nýja stefna miði að eftirtöldum markmiðum:

Skilja algerlega í milli þeirra aðila, sem „projektera“ verk og hinna, sem framkvæma verkið.

Takmarka afskipti þeirra aðila, sem nota eiga mannvirkið, við undirbúningsstig þess, en gera þeim ekki að annast framkvæmdastjórn verksins.

Fá ákveðnum aðila það verkefni að hafa frumkvæði að hvers konar stöðlun mannvirkja, sem reisa þarf á ríkisins vegum.

Tryggja ákveðnar aðferðir við úttekt og skilagreinar vegna mannvirkja, sem reist eru á vegum ríkisins, og birtingu skýrslna um þau opinberlega.

Tryggja samræmt bókhald fyrir mannvirkjagerð, sem auðveldar samanburðarathuganir kostnaðaratriða.

Bjóða út á einum stað alla mannvirkjagerð á ríkisins vegum, sem eðli máls og aðstaða á markaðnum leyfir útboð á.

Til að koma þessari stefnu í framkvæmd, telur nefndin, auk þess sem talið er í liðum 7. 1 og 7.2, meðal annars nauðsynlegt:

Að koma á fót fastri skipulagseiningu undir fjármálaráðuneytinu, sem annist þá samræmingu og umsjón, sem nauðsynleg er til að það kerfi, sem nefndin leggur til, starfi eðlilega, svo og til að tryggja tengsl þess við fjárlagaundirbúning.

Ed. 139. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Benóný Arnórsson.

1. gr.

3. málsgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Enn fremur getur hún veitt lán til einstakra sveitarfélaga utan kaupstaða og kauptúna, þar sem svo er ástatt, að þéttbýliskjarnar hafa myndazt eða talið er æskilegt að myndist í sambandi við atvinnufyrirtæki eða menntasetur, en óvissir endursölumöguleikar íbúða hindra eðlilega byggingastarfsemi að mati sveitarstjórnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að sveitarfélög þau, þar sem þéttbýliskjarnar eru að myndast, eða er talið æskilegt að myndist, geti gerzt aðilar að lánum húsnæðismálastjórnar og byggt leiguhúsnæði handa því fólki, er setjast vill að á slíkum stöðum, en treystir sér ekki til að ráðast í íbúðarbyggingu sökum óvissra endursölumöguleika og meðan festa er að komast í atvinnu- og athafnalíf slíkra staða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þéttbýliskjarnar hafa myndazt og eru að myndast víða í sveitum landsins, og á þetta frumvarp að stuðla að þeirri þróun, enda mjög æskilegt, eins og nú hagar til í þjóðfélaginu.

Sþ. 140. Fyrirspurn [109. mál]

til iðnaðarmálaráðherra um perlusteinsvinnslu í Loðmundarfirði.

Frá Jónasi Péturssyni.

Hver hefur orðið árangur af nýjustu rannsóknum á perlusteini í Loðmundarfirði, og hvaða horfur eru á vinnslu hans til útflutnings?

Nd. 141. Frumvarp til laga [110. mál]

um afnám laga nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð.

Flm.: Hjalti Haraldsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Lög nr. 51 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, eru úr gildi fallin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1969.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að einkasala á tilbúnum áburði verði lögð niður. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að megn óánægja ríkir nú orðið almennt meðal bænda með þessa verzlun, og hefur sú óánægja magnazt hin síðari ár og þá aðallega eftir að áburðareinkasalan var fengin í hendur Áburðarverksmiðjunni h/f og Áburðarverksmiðjan h/f fékk þannig tækifæri til að tengja slæma framleiðslu sína við þessa verzlunarhætti.

Á síðasta Alþingi bárum við fram tillögu til þingsályktunar á þingskjali 261, ásamt þeim Karli Guðjónssyni og Steingrími Pálssyni, um að skora á ríkisstjórnina að létta þessum verzlunarfjötrum af og að kosin skyldi 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um breytta tilhögun á áburðarsölunni í landinu. Af því er skemmst að segja, að þessi tillaga fékkst ekki rædd, en í greinargerð, sem henni fylgdi, bentum við á niðurstöðu þeirra samanburðartilrauna, sem farið hafa fram á undanförnum árum með sama köfnunarefnismagn af Kjarna annars vegar en kalksaltpétri hins vegar, hve efnainnihald uppskerunnar er lakara, þar sem Kjarninn hefur verið notaður, og hve uppskeran af hverri flatareiningu lands hefur farið hraðminnkandi, því lengur og meir sem Kjarninn hefur verið notaður, og að tjónið af völdum hans mætti hiklaust reikna í tugum, jafnvel hundruðum milljóna króna árlega hin síðari ár. Þeir, sem varið hafa þessa verzlunarhætti, hafa á það bent, að tilraun eins og þessa væri ekki að marka, hún væri staðbundin, en efnainnihald jarðvegsins í túnunum svo misjafnt frá einum tíma til annars, að engin tvö tún þyldu sama áburðarskammtinn. Nú hefur þessi staðreynd verið bændum löngu ljós, enda er efnagreining á jarðvegssýnum að sanna þetta. En þegar bændur hafa viljað bæta þar um, hafa þeir sífellt rekið sig á þá ömurlegu verzlunarhætti, sem viðhaldið er í kringum áburðinn og helzt líkjast því, sem verst gerðist hér á landi fyrir hundruðum ára.

Eftir því sem bændum hefur orðið ljósari þörfin á fjölbreyttari áburðarefnum, því fastar hefur einokunin á áburðarverzluninni verið hert. Þannig er þeim ætlað að taka 70% af köfnunarefnisáburði á næsta vori í Kjarnaáburði, þótt þeir hins vegar vilji og telji sig fremur þurfa aðrar áburðartegundir, svo að seðja megi hungur jarðvegsins, sem í fjölda tilfella er sjúkur af einhæfri áburðarnotkun og birtist í sjauknum kalskemmdum og landdauða.

1	80	Framlög úr ríkissjóði	139 850	
		Tekjur samtals	213 527	
		Mismunur		39 500
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	2 000	
3	30	Fjárfestingar	38 800	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	1 300	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	39 500	

			Þús. kr.	Þús. kr.
372	**Fæðingardeild Landspítalans:**			
0	10	Laun	20 572	
0	20	Önnur rekstrargjöld	11 376	
0	27	Viðhald	1 382	
0	80	Afskriftir	90	
		Gjöld samtals	33 420	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	17 131	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	16 289	
		Tekjur samtals	33 420	
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	90	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	90	
373	**Geðveikrahælið á Kleppi:**			
0	10	Laun	44 175	
0	20	Önnur rekstrargjöld	22 987	
0	27	Viðhald	7 351	
0	80	Afskriftir	600	
		Gjöld samtals	75 113	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	46 092	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	29 021	
		Tekjur samtals	75 113	
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	600	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	600	
374	**Heilsuhælið á Vífilsstöðum:**			
0	10	Laun	17 146	
0	20	Önnur rekstrargjöld	13 039	
0	27	Viðhald	3 868	
0	80	Afskriftir	350	
		Gjöld samtals	34 403	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	19 006	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	15 397	
		Tekjur samtals	34 403	
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	350	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	350	

			Þús. kr.	Þús. kr.
375	**Heilsuhælið í Kristnesi:**			
	0 10	Laun	7 558	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	4 841	
	0 27	Viðhald	1 716	
	0 80	Afskriftir	70	
		Gjöld samtals	14 185	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	13 377	
	1 80	Framlög úr ríkissjóði	1 808	
		Tekjur samtals	15 185	
		Mismunur		1 000
	Fjármunahreyfingar:			
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	1 070	
		Inn:		
	4 40	Afskriftir	70	
	4 50	Ráðstöfun eigin fjár	1 000	
376	**Fávitahælið í Kópavogi:**			
	0 10	Laun	15 740	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	9 229	
	0 27	Viðhald	1 027	
	0 80	Afskriftir	200	
		Gjöld samtals	26 196	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	21 479	
	1 80	Framlög úr ríkissjóði	5 117	
		Tekjur samtals	26 596	
		Mismunur		400
	Fjármunahreyfingar:			
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	600	
		Inn:		
	4 40	Afskriftir	200	
	4 50	Ráðstöfun eigin fjár	400	
377	**Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:**			
	0 10	Laun	860	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	325	
	0 27	Viðhald	108	
	0 80	Afskriftir	20	
		Gjöld samtals	1 313	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	36	
	1 80	Framlög úr ríkissjóði	1 277	
		Tekjur samtals	1 313	
	Fjármunahreyfingar:			
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	20	
		Inn:		
	4 40	Afskriftir	20	

			Þús. kr.	Þús. kr.
378	**Læknishéraðasjóður:**			
0	90	Yfirfærslur	500	
		Gjöld samtals	500	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	900	
		Mismunur, óráðstafað		400
379	**Námslán læknastúdenta:**			
1	80	Framlög úr ríkissjóði	540	
		Tekjur samtals		540
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	540	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	540	
471	**Kirkjubyggingasjóður:**			
0	10	Laun	12	
0	70	Vextir	5	
		Gjöld samtals	17	
1	30	Vaxtatekjur	10	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	1 500	
		Tekjur samtals	1 510	
		Mismunur		1 493
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	1 763	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	270	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	1 493	
472	**Kirkjugarðasjóður:**			
1	30	Vaxtatekjur	50	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	100	
1	90	Annað, framlög kirkjugarða	1 000	
		Tekjur samtals		1 150
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	500	
3	90	Annað, bætt sjóðsstaða	650	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	1 150	

			Þús. kr.	Þús. kr.
473	**Prestakallasjóður:**			
0	90	Yfirfærslur	700	
		Gjöld samtals	700	
1	30	Vaxtatekjur	500	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	2 187	
		Tekjur samtals	2 687	
		Mismunur		1 987
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	500	
3	90	Annað, bætt sjóðsstaða	1 587	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	100	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	1 987	
911	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:**			
0	10	Laun	9 108	
0	20	Önnur rekstrargjöld	2 012	
0	27	Viðhald	360	
0	60	Hráefni og vörur til endursölu	4 249	
		Gjöld samtals	15 729	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	16 214	
1	30	Vaxtatekjur	50	
		Tekjur samtals	16 264	
		Mismunur, greitt í ríkissjóð		535
921	**Vífilsstaðabúið:**			
0	10	Laun	1 143	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 273	
0	27	Viðhald	150	
0	80	Afskriftir	80	
		Gjöld samtals	2 646	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	2 652	
		Mismunur		6
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	86	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	80	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	6	
922	**Kópavogsbúið:**			
0	10	Laun	78	
0	20	Önnur rekstrargjöld	240	
0	27	Viðhald	30	
0	80	Afskriftir	3	
		Gjöld samtals	351	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	351	

971	Gæsluvistarsjóður:	Þús. kr.	Þús. kr.
0 20	Önnur rekstrargjöld	150	
0 90	Yfirfærslur	5 365	
	Gjöld samtals	5 515	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	6 800	
	Mismunur		1 285
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 30	Fjárfestingar	1 285	
	Inn:		
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	1 285	

2 05 Félagsmálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
201	**Tryggingastofnun ríkisins, lífeyris- og sjúkratryggingar:**			
0	10	Laun	24 000	
0	20	Önnur rekstrargjöld	8 700	
0	27	Viðhald	300	
0	80	Afskriftir	1 000	
0	92	Yfirfærslur vegna sjúkratrygginga	416 200	
0	94	— bótagreiðslur	1 240 900	
		Gjöld samtals	1 691 100	
1	10	Seldar vörur og þjónusta (rekstrarkostnaður greiddur af öðrum)	14 500	
1	80	Framlög úr ríkissjóði til lífeyristrygginga	620 700	
		— — — — — sjúkratrygginga	423 100	
		Iðgjöld tryggðra og atvinnurekenda til lífeyristr.	453 100	
1	90	Framlög sveitarfélaga	171 400	
		Tekjur samtals	1 682 800	
		Mismunur, gjöld umfram tekjur		8 300
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	4 000	
3	30	Fjárfestingar	500	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	9 000	
4	40	Afskriftir	1 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	÷ 8 300	
4	90	Annað	2 800	
		Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar:		
0	90	Yfirfærslur til lífeyristrygginga	4 300	
		— bótagreiðslur	44 000	
		Gjöld samtals	48 300	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	43 000	
		Mismunur, gjöld umfram tekjur		5 300
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	4 500	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	8 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	÷ 5 300	
4	90	Annað	1 800	

			Þús. kr.	Þús. kr.
272	**Atvinnuleysistryggingasjóður:**			
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 600	
0	90	Yfirfærslur	2 000	
		Bótagreiðslur	10 000	
		Gjöld samtals	15 600	
1	30	Vaxtatekjur	92 000	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	91 000	
		Iðgjöld atvinnurekenda	45 500	
1	90	Annað, framlög sveitarfélaga	45 500	
		Tekjur samtals	274 000	
		Mismunur		258 400
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	200 000	
3	90	Annað, óráðstafað	99 400	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	41 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	258 400	
371	**Byggingarsjóður ríkisins:**			
0	10	Laun	3 860	
0	20	Önnur rekstrargjöld	10 551	
0	70	Vextir	28 867	
0	80	Afskriftir	107	
		Gjöld samtals	43 385	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	3 225	
1	30	Vaxtatekjur	77 126	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	212 806	
		Tekjur samtals	293 157	
		Mismunur		249 772
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	146 521	
3	20	Veitt lán	422 291	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	34 046	
4	20	Tekin lán	284 887	
4	40	Afskriftir	107	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	249 772	
372	**Byggingarsjóður verkamanna:**			
0	10	Laun	122	
0	20	Önnur rekstrargjöld	473	
0	70	Vextir	5 420	
		Gjöld samtals	6 015	
1	30	Vaxtatekjur	8 750	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	15 300	
1	90	Annað, framlög sveitarfélaga	8 400	
		Tekjur samtals	32 450	
		Mismunur		26 435

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 10	Afborgun lána	4 960	
3 20	Veitt lán	31 675	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	2 200	
4 20	Tekin lán	8 000	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	26 435	
671	**Lánasjóður sveitarfélaga:**		
0 10	Laun	450	
0 20	Önnur rekstrargjöld	250	
0 70	Vextir	1 400	
	Gjöld samtals	2 100	
1 30	Vaxtatekjur	4 000	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	4 500	
1 90	Annað, framlag Jöfnunarsjóðs	15 000	
	Tekjur samtals	23 500	
	Mismunur		21 400
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 10	Afborgun lána	1 500	
3 20	Veitt lán	34 900	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	5 000	
4 20	Tekin lán	10 000	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	21 400	
672	**Landakaup kaupstaða og kauptúna:**		
1 30	Vaxtatekjur	600	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	3 000	
	Tekjur samtals		3 600
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 20	Veitt lán	3 900	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	300	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	3 600	
931	**Brunabótafélag Íslands:**		
0 10	Laun	5 380	
0 20	Önnur rekstrargjöld	15 606	
0 27	Viðhald	240	
0 60	Hráefni og vörur til endursölu	151 200	
0 70	Vextir	1 200	
0 80	Afskriftir	2 000	
	Gjöld samtals	175 626	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	181 866	
	Mismunur		6 240

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 10	Afborgun lána	2 300	
3 20	Veitt lán	8 500	
3 30	Fjárfestingar	1 000	
3 90	Annað	4 440	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	8 000	
4 40	Afskriftir	2 000	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	6 240	
971	**Erfðafjársjóður:**		
0 90	Yfirfærslur	4 400	
	Gjöld samtals	4 400	
1 30	Vaxtatekjur	4 400	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
	Tekjur samtals	10 400	
	Mismunur		6 000
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 20	Veitt lán	6 000	
3 90	Annað, óráðstafað	2 100	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	2 100	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	
972	**Bjargráðasjóður Íslands:**		
0 10	Laun	457	
0 20	Önnur rekstrargjöld	338	
0 27	Viðhald	90	
0 70	Vextir	500	
0 80	Afskriftir	75	
	Gjöld samtals	1 460	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	9 500	
1 90	Annað, frá sveitarfélögum	8 500	
	Tekjur samtals	18 000	
	Mismunur		16 540
	Fjármunahreyfingar:		
	Út:		
3 10	Afborgun lána	2 800	
3 20	Veitt lán	18 815	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	5 000	
4 40	Afskriftir	75	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	16 540	

			Þús. kr.	Þús. kr.
973	**Atvinnujöfnunarsjóður:**			
0	10	Laun	1 000	
0	20	Önnur rekstrargjöld	300	
0	90	Yfirfærslur	14 000	
		Gjöld samtals	15 300	
1	30	Vaxtatekjur	5 000	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
1	90	Annað, mótvirðissjóður	25 000	
		Tekjur samtals	45 000	
		Mismunur		29 700
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	20	Veitt lán	39 700	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	3 000	
4	20	Tekin lán	7 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	29 700	
974	**Styrktarsjóður fatlaðra:**			
0	90	Yfirfærslur	2 000	
		Gjöld samtals	2 000	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	2 000	
975	**Styrktarsjóður vangefinna:**			
0	90	Yfirfærslur	17 250	
		Gjöld samtals	17 250	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	17 250	

2 06 Fjármálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
911	**Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins:**			
	0 10	Laun	27 405	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	62 320	
	0 27	Viðhald	1 080	
	0 60	Hráefni og vörur til endursölu	404 219	
	0 70	Vextir	400	
	0 80	Afskriftir	2 000	
		Gjöld samtals	497 424	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	1 174 024	
	1 30	Vaxtatekjur	2 000	
	1 90	Annað	400	
		Tekjur samtals	1 176 424	
		Mismunur, greitt í ríkissjóð		679 000
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
	3 10	Afborgun lána	700	
	3 30	Fjárfestingar	1 800	
		Inn:		
	4 10	Innheimtar afborganir	500	
	4 40	Afskriftir	2 000	
912	**Lyfjaverzlun ríkisins:**			
	0 10	Laun	6 293	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	4 800	
	0 27	Viðhald	192	
	0 60	Hráefni og vörur til endursölu	26 510	
	0 80	Afskriftir	150	
		Gjöld samtals	37 945	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	38 835	
		Mismunur		890
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	1 040	
		Inn:		
	4 40	Afskriftir	150	
	4 50	Ráðstöfun eigin fjár	890	
922	**Skuldabréf ríkisins:**			
	1 30	Vaxtatekjur	15 000	
		Tekjur samtals		15 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar:			
	Út:		
3 90	Annað, greitt í ríkissjóð	19 050	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	4 050	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	
923	**Sameignir ríkisins:**		
1 10	Seldar vörur og þjónusta	2 667	
	Tekjur samtals		2 667
Fjármunahreyfingar:			
	Út:		
3 90	Annað, greitt í ríkissjóð	2 667	
	Inn:		
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	2 667	
931	**Arnarhvoll:**		
0 10	Laun	2 046	
0 20	Önnur rekstrargjöld	1 296	
0 27	Viðhald	792	
	Gjöld samtals	4 134	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	4 134	
932	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs:**		
0 20	Önnur rekstrargjöld	1 053	
	Gjöld samtals	1 053	
1 10	Seldar vörur og þjónusta	1 053	
971	**Ríkisábyrgðasjóður:**		
0 10	Laun	1 200	
0 20	Önnur rekstrargjöld	720	
	Gjöld samtals	1 920	
1 30	Vaxtatekjur	5 000	
1 80	Framlög úr ríkissjóði	93 000	
	Tekjur samtals	98 000	
	Mismunur		96 080
Fjármunahreyfingar:			
	Út:		
3 20	Veitt lán	189 080	
	Inn:		
4 10	Innheimtar afborganir	93 000	
4 50	Ráðstöfun eigin fjár	96 080	

			Þús. kr.	Þús. kr.
972	**Hlutabréf ríkisins:**			
1	80	Framlög úr ríkissjóði	1 734	
1	90	Annað	2 000	
		Tekjur samtals		3 734
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	1 734	
3	90	Annað, greitt í ríkissjóð	2 000	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	3 734	

2 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
211	**Áhaldahús vegagerðarinnar:**			
	0 10	Laun	45 675	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	110 700	
	0 27	Viðhald	31 200	
	0 80	Afskriftir	16 000	
		Gjöld samtals	203 575	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	197 575	
	1 80	Framlög úr ríkissjóði	15 000	
		Tekjur samtals	212 575	
		Mismunur		9 000
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	25 000	
		Inn:		
	4 40	Afskriftir	16 000	
	4 50	Ráðstöfun eigin fjár	9 000	
321	**Skipaútgerð ríkisins:**			
	0 10	Laun	55 170	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	31 694	
	0 27	Viðhald	10 818	
	0 60	Hráefni og vörur til endursölu	11 802	
	0 70	Vextir	200	
		Gjöld samtals	109 684	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	80 684	
	1 80	Framlög úr ríkissjóði	60 000	
		Tekjur samtals	140 684	
		Mismunur		31 000
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	31 000	
		Inn:		
	4 50	Ráðstöfun eigin fjár	31 000	
322	**Landshöfn, Þorlákshöfn:**			
	0 10	Laun	1 421	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	675	
	0 27	Viðhald	660	
		Gjöld samtals	2 756	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	2 756	

			Þús. kr.	Þús. kr.
323	**Landshöfn, Keflavík, Njarðvík:**			
0	10	Laun	2 669	
0	20	Önnur rekstrargjöld	1 566	
0	27	Viðhald	1 200	
		Gjöld samtals	5 435	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	7 945	
		Mismunur		2 510
324	**Landshöfn, Rifi:**			
0	10	Laun	467	
0	20	Önnur rekstrargjöld	324	
0	27	Viðhald	144	
		Gjöld samtals	935	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	935	
331	**Vitamálastjórn, áhaldahús:**			
0	10	Laun	25 253	
0	20	Önnur rekstrargjöld	7 731	
0	27	Viðhald	5 162	
0	70	Vextir	1 330	
0	80	Afskriftir	2 870	
		Gjöld samtals	42 346	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	40 534	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	2 160	
		Tekjur samtals	42 694	
		Mismunur		348
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	3 218	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	2 870	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	348	
333	**Hafnarbótasjóður:**			
0	70	Vextir	2 090	
0	90	Yfirfærslur	8 000	
		Gjöld samtals	10 090	
1	30	Vaxtatekjur	2 090	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	8 000	
		Tekjur samtals	10 090	
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	1 469	
3	20	Veitt lán	256	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	1 725	

			Þús. kr.	Þús. kr.
371	**Flugmálastjórn:**			
0	10	Laun	26 162	
0	20	Önnur rekstrargjöld	34 495	
0	27	Viðhald	4 500	
0	70	Vextir	8 503	
0	90	Yfirfærslur	400	
		Gjöld samtals	74 060	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	19 849	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	87 185	
		Tekjur samtals	107 034	
		Mismunur		32 974
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	19 100	
3	30	Fjárfestingar	21 874	
		Inn:		
4	20	Tekin lán	8 000	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	32 974	
		Viðfangsefni:		
	01	Stjórn flugmála	5 141	
	02	Reykjavíkurflugvöllur	11 173	
	03	Aðrir flugvellir	8 805	
	04	Flugöryggisþjónusta	20 719	
	05	ICAO-deild	1 034	
	06	Loftferðaeftirlit	1 780	
	07	Þjálfun starfsmanna	420	
	08	Ferðakostnaður og mælingar	120	
	09	Hlutur Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu	7 525	
	10	Styrkur til náms- og áhugamanna	400	
	11	Veðurþjónusta erlendis	8 440	
	12	Vaxtagjöld	8 503	
		Gjöld samtals	74 060	
372	**Ferðaskrifstofa ríkisins:**			
0	10	Laun	4 060	
0	20	Önnur rekstrargjöld	3 375	
0	27	Viðhald	108	
0	60	Hráefni og vörur til endursölu	11 875	
0	70	Vextir	95	
0	80	Afskriftir	280	
		Gjöld samtals	19 793	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	19 913	
		Mismunur		120
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	400	
		Inn:		
4	40	Afskriftir	280	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	120	

			Þús. kr.	Þús. kr.
373	**Umferðamiðstöð:**			
0	10	Laun	137	
0	20	Önnur rekstrargjöld	103	
0	27	Viðhald	18	
0	70	Vextir	874	
		Gjöld samtals	1 132	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	1 153	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	500	
1	90	Annað, sérleyfissjóður	800	
		Tekjur samtals	2 453	
		Mismunur		1 321
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborgun lána	1 321	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	1 321	
374	**Sérleyfissjóður:**			
0	10	Laun	475	
0	20	Önnur rekstrargjöld	300	
0	90	Yfirfærslur	800	
		Gjöld samtals	1 575	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	1 575	
571	**Sjómannaskólahúsið:**			
0	10	Laun	1 675	
0	20	Önnur rekstrargjöld	2 565	
0	27	Viðhald	960	
		Gjöld samtals	5 200	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	5 200	
1	80	Framlög úr ríkissjóði	900	
		Tekjur samtals	6 100	
		Mismunur		900
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	30	Fjárfestingar	900	
		Inn:		
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	900	

2 08 Viðskiptaráðuneytið.

			Þús. kr.	Þús. kr.
101		**Innkaupastofnun ríkisins:**		
	0 10	Laun	4 486	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	4 347	
	0 27	Viðhald	204	
	0 60	Hráefni og vörur til endursölu	300 000	
	0 70	Vextir	200	
	0 80	Afskriftir	500	
		Gjöld samtals	309 737	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	309 737	

2 11 Póstur og sími:

211		**Póstur og sími:**		
	0 10	Laun	322 100	
	0 20	Önnur rekstrargjöld	80 000	
	0 27	Viðhald	56 000	
	0 70	Vextir	3 600	
	0 80	Afskriftir	148 900	
		Gjöld samtals	610 600	
	1 10	Seldar vörur og þjónusta	532 000	
		Mismunur, gjöld umfram tekjur		78 600
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
	3 30	Fjárfestingar	110 300	
		Inn:		
	4 20	Tekin lán	14 000	
	4 40	Afskriftir	148 900	
	4 90	Annað, stofn- og flutningsgjöld	26 000	
		÷ Rekstrarhalli	78 600	

4. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   a. Að gefa eftir toll og söluskatt af tækjum, sem keypt verða fyrir styrk þann, sem Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum hefur hlotið til greiðslu kostnaðar við rannsóknir í erfðafræði og lífefnafræði gerla.
   b. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
   c. Að selja áhaldaskemmu Vegagerðar ríkisins á Höfn í Hornafirði.
   d. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vatnsleiðslurörum, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur flutt til landsins til lagningar neðansjávar.
   e. Að ábyrgjast lán að fjárhæð 1 000 þús. kr. til greiðslu lausaskulda vegna byggingar Umferðamiðstöðvar í Reykjavík.
   f. Að leyfa póst- og símamálastjórninni: 1) að selja húseign stofnunarinnar að Ennisbraut nr. 1 í Ólafsvík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum; 2) að selja gamla húseign á Bíldudal til niðurrifs og brottflutnings af lóð pósts og síma; 3) að selja gamla húseign stofnunarinnar ásamt eignarlóð á Djúpavík í Árneshreppi, ef viðunandi boð fæst.

5. Aftan við frv. bætist sérstakt yfirlit á þessa leið:

Byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (04 381 03):

		Þús. kr.	Þús. kr.
a.	Til sjúkrahúsa, sjúkraskýla og heilsuverndarstöðva:		
1.	Reykjavík	18 000	
2.	Akranes	2 000	
3.	Sauðárkrókur	250	
4.	Siglufjörður	1 200	
5.	Ólafsfjörður	1 140	
6.	Akureyri	2 000	
7.	Akureyri, röntgentækjakaup	600	
8.	Akureyri, þvottahúsbygging	900	
9.	Húsavík	2 880	
10.	Vestmannaeyjar	2 200	
11.	Kópavogur, heilsuverndarstöð	100	
12.	Selfoss	2 000	
13.	Hellissandur, heilsuverndarstöð	300	
			33 570
b.	Til læknisbústaða:		
1.	Álafoss	310	
2.	Borgarnes	450	
3.	Kleppjárnsreykir	300	
4.	Ólafsvík	750	
5.	Bíldudalur	150	
6.	Patreksfjörður	400	
7.	Suðureyri	80	
8.	Ísafjörður, héraðsl.	350	
9.	Ísafjörður, sjúkrahúsl.	168	
10.	Hvammstangi, starfsfólksbúst.	212	
11.	Blönduós	400	
12.	Skagaströnd	420	
13.	Sauðárkrókur, sjúkrahúsl.	348	
14.	Húsavík, sjúkrahúsl.	300	
15.	Austur-Egilsstaðir	420	
16.	Vopnafjörður	20	
17.	Seyðisfjörður	300	
18.	Neskaupstaður	534	
19.	Eskifjörður	350	
20.	Reyðarfjörður	109	
21.	Laugarás	440	
22.	Selfoss, héraðsl.	200	
23.	Selfoss, sjúkrahúsl.	294	
24.	Vestmannaeyjar	294	
			7 599
			41 169

Ed. 144. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1968.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Sigurður Grétar Guðmundsson. Auður Auðuns. Einar Ágústsson.
Jónas G. Rafnar.

Nd. 145. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Sverrir Júlíusson, Ágúst Þorvaldsson, Pétur Sigurðsson, Björn Pálsson, Sigurður Ingimundarson.

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita bátum allt að 200 brúttórúmlestir að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu frá 1. janúar til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum, sem í gildi voru til 1. sept. 1958. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur nr. 19), allt að þrem sjómílum frá strandlengju. Hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir liggur, að veiðar vélbáta með botnvörpu hafa stöðvazt, og hefur það þegar valdið atvinnusamdrætti í nokkrum byggðarlögum. Er þess vart að vænta, að bátarnir hefji veiðar aftur, nema til komi auknar veiðiheimildir þeim til handa innan fiskveiðilandhelginnar.

Með bréfi, dags. 2. okt. s. l., skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd fimm þingmanna til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni. Segir m. a. í skipunarbréfi nefndinni til handa:

„Tillögurnar eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði, og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða.“

Athugun á auknum heimildum til veiða með botnvörpu innan fiskveiðilandhelginnar hlýtur að vera eitt af verkefnum nefndarinnar. En verkefni hennar í heild er það viðamikið, að vart er þess að vænta, að hún geti skilað áliti fyrr en nokkru eftir áramót. Hins vegar er það ljóst, að rekstur hinna smærri vélbáta, sem togveiðar hafa stundað, þolir ekki, að beðið sé eftir heildarathugun og niðurstöðum á hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar.

Flm. leggja því til, að undinn verði bráður bugur að því að losa hina smærri báta, sem þessar veiðar stunda, úr þeirri sjálfheldu, sem þeir eru nú í, á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem útilokað verður að teljast, að þeir treysti sér til að hefja veiðar á ný, nema til komi verulega auknar heimildir til togveiða innan fiskveiðimarkanna.

Hvaða þýðingu togveiðarnar hafa til hráefnisöflunar fiskvinnslustöðvunum til handa, sýna gleggst skýrslur Fiskifélags Íslands. En samkvæmt þeim stunduðu 103 bátar þessar veiðar á síðustu vetrarvertíð og 142 bátar s. l. sumar. Samanlagður afli þessara báta var nálægt 60 þúsund smálestum. Er hér um mjög gott og fjölbreytilegt hráefni að ræða, og auk þess er öflun þess ódýrari en með flestum öðrum veiðarfærum, að handfærum undanskildum. Hniga því öll rök að því, að eðlilegt sé, að botnvörpuveiðum verði haldið áfram til hráefnisöflunar fyrir fiskiðnaðinn. Veigamestu rökin eru þó sú staðreynd, að á aðalveiðisvæðunum, bæði fyrir Suður- og Norðurlandi, verða bátar ekki gerðir út yfir sumartímann með neinum árangri nema á botnvörpuveiðar. En til þess að þeir verði gerðir út með eðlilegum hætti á þessar veiðar, er óhjákvæmilegt, að þeim verði veittar auknar veiðiheimildir frá því, sem nú er.

Fyrir atvinnulífið í mörgum sjávarplássum víðs vegar kringum land er það undirstöðuatriði, að rekstrargrundvöllur þeirra báta, sem þar eru og ekki hafa aðstöðu til að stunda síldveiðar, sé tryggður eins og framast er hægt, ekki einasta yfir vetrarmánuðina, heldur einnig aðra tíma árs, en það verður ekki gert með handfæra-, línu- og dragnótaveiðum eingöngu. Þetta er ekki einasta hagsmunamál sjómanna og útgerðarmanna, heldur og ekki síður þess mikla fjölda verkafólks, sem við fiskiðnaðinn vinnur. Í mörgum byggðarlögum við sjávarsíðuna eru fiskvinnslustöðvarnar nær einustu atvinnufyrirtækin. Verði samdráttur í hráefnisöflun til þeirra, þýðir það minnkandi atvinnu, og lokun þeirra einhvern hluta árs, að heita má algert atvinnuleysi.

Umsagnir fiskifræðinga um togveiðar liggja fyrir í prentuðum þingskjölum, og þarf ekki að rekja þær hér. Eru þær undantekningarlaust á þann veg, að togveiðar út af fyrir sig með þeirri möskvastærð, sem nú er ákveðin, séu fiskstofnunum ekkert hættulegri en sum veiðarfæri önnur, sem notuð eru. Hlýtur þetta að vera Alþingi nokkur leiðbeining og gefa því betra svigrúm til þess að gera sér grein fyrir, á hvern hátt hin ýmsu veiðisvæði innan fiskveiðilandhelginnar verði bezt og arðvænlegast nytjuð, og hljóta þar mjög að koma til álits auknar heimildir frá því, sem nú er, til botnvörpuveiða innan fiskveiðilandhelginnar.

Ed. 146. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Í ljós kom, að meiri hluti nefndarinnar er ákveðinn í að afgreiða þetta yfirgripsmikla mál nú þegar og án nánari athugunar. Ekki fékkst samþykkt sú tillaga minni hlutans, að rætt yrði við fulltrúa þeirra samtaka, sem eiga stærstra hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Telur minni hluti nefndarinnar ástæðu til að mótmæla harðlega slíkri afgreiðslu þessa mikilvæga máls.

Minni hluti nefndarinnar varar sérstaklega við ákvæðum I. kafla frumvarpsins um ákvörðun fiskverðs og stofnfjársjóð. Gert er ráð fyrir því að rifta með lögum gildandi kjarasamningum sjómanna um hlutaskipti. Þetta hyggst hæstvirt ríkisstjórn gera með því að leggja samtals allt að 27% eða 37% ofan á fiskverð það, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, og láta renna til útgerðarmanna, án þess að sú upphæð komi til hlutaskipta. Er ljóst, að hér er um að ræða gífurlega kjaraskerðingu, og er þess engin von, að sjómannastéttin sætti sig við hana. Með slíkri lagasetningu er því bersýnilega stofnað til ófriðar við sjómannasamtökin.

Vegna breyttrar tækni, dýrari báta og tækja má vel vera, að nauðsynlegt sé að breyta að einhverju leyti umsömdum hlutaskiptum. Minni hlutinn telur hins vegar ófært, að slíkt sé gert með lögþvingun. Hlutaskiptin hafa verið ákveðin með samningum sjómanna og útgerðarmanna. Ef þeim á að breyta, á að fara samningsleiðina.

Minni hlutinn vill einnig vara við þeirri stefnu, sem mörkuð er í II. kafla frumvarpsins um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Enn er gert ráð fyrir auknum álögum á atvinnuvegi landsins. Það skal að vísu viðurkennt, að útflutningsgjald af sjávarafurðum rennur til greiðslu á ýmsum kostnaði vegna sjávarútvegsins. Minni hluti sjávarútvegsnefndar telur hins vegar eðlilegra, að með samræmdu átaki hæstvirtrar ríkisstjórnar og útgerðarmanna sé lögð áherzla á að lækka hina ýmsu kostnaðarliði, sérstaklega vátryggingariðgjöld fiskiskipa.

Um III. kafla frumvarpsins um ráðstöfun gengishagnaðar sér minni hluti sjávarútvegsnefndar ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir. Þó vill minni hlutinn vara við þeim víðtæku heimildum, sem sjávarútvegsmálaráðherra eru veittar í þessu sambandi. Enn er leitazt við að draga eðlilegar ákvarðanir úr höndum Alþingis.

Á þingi Alþýðusambands Íslands 28. nóvember s. l. var einróma samþykkt, að því aðeins yrði gengið til samninga við ríkisstjórnina um kjaramál, að engum lögþvingunum yrði beitt. Engu að síður lagði ríkisstjórnin umrætt frumvarp fram fáeinum dögum eftir að þingi Alþýðusambands Íslands lauk og gerir þar ráð fyrir að rifta með lögum gildandi samningum um kjör sjómanna.

Á fyrsta stjórnarfundi Alþýðusambands Íslands 5. þ. m. var kjörin fimm manna nefnd til þess að ganga á fund hæstvirtrar ríkisstjórnar með tilmælum um, að frumvarpið yrði lagt til hliðar, á meðan viðræður um kjaramálin fara fram.

Eftir að frumvarpið var lagt fram, hafa sjómannaráðstefna Sjómannafélags Íslands, haldin 8. þ. m., og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mótmælt harðlega þeirri skerðingu á kjörum sjómanna, sem ráðgerð er í umræddu frumvarpi, eins og fram hefur komið í fréttum. Í samþykkt þessara samtaka er jafnframt lögð áherzla á, að réttur sjómanna verði tryggður með öðrum ráðum, ef Alþingi samþykkir frumvarpið.

Þrátt fyrir þessi ákveðnu mótmæli launþegasamtakanna virðist meiri hluti sjávarútvegsnefndar og hæstvirt ríkisstjórn staðráðin í því að hraða afgreiðslu umrædds frumvarps.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, leggur minni hluti nefndarinnar til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ljóst er, að samþykkt frumvarpsins getur leitt til ófriðar á vinnumarkaðnum og stöðvun fiskveiða á komandi vertíð, sem mundi hafa hinar örlagaríkustu afleiðingar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, ályktar deildin að vísa frumvarpinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1968.

Steingrímur Hermannsson, frsm. Ólafur Jóhannesson. Sigurður Grétar Guðmundsson.

Sþ. **147. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf sín og athugun á fjárlagafrumvarpinu þegar á fyrstu dögum þingsins. Alls hefur nefndin rætt málið á 35 fundum, en auk þess hafa nefndarmenn í sumum tilfellum heimsótt stofnanir í því skyni að kynnast sem bezt þeim vandamálum, sem við er að etja. — Þá hefur nefndin einnig haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi sem henni hafa borizt frá ýmsum aðilum.

Við athugun sína á fjárlagafrumvarpinu naut nefndin aðstoðar hagsýslustjóra, dr. Gísla Blöndals, en hann veitti nefndinni margvíslegar upplýsingar og aðstoð við afgreiðslu málsins.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu sinni á nokkrum liðum frumvarpsins. Má þar m. a. nefna stofnkostnað við skólabyggingar, framlög til nýbyggingar hafna, eftirlaun, heiðursstyrki o. fl., auk einstakra erinda annarra. Bíður afgreiðsla þeirra til 3. umræðu.

Um heildarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Varðandi breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar skal það þó tekið fram, að minni hlutinn stendur einnig að samþykkt flestra þeirra tillagna, sem gerðar hafa verið, að öðru leyti en því, sem er bein afleiðing gengislækkunarinnar. Þeir munu því skila séráliti.

Eins og fram kemur í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið, vantaði enn mikið á, þegar frumvarpið var samið, að lokið væri nauðsynlegum athugunum á hag atvinnuveganna og rekstrarlegri aðstöðu þeirra. Í frumvarpinu er því aðeins gert ráð fyrir þeim fjárveitingum til atvinnuveganna, sem eru til jafns við það, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs, en þá var, sem kunnugt er, vandi atvinnuveganna leystur með lögum, sem fólu í sér sérstakar ráðstafanir sjávarútveginum til handa.

Með tilkomu gengislækkunarinnar 15. nóvember s. l. raskaðist allur grundvöllur fjárlagafrumvarpsins, og var því óumflýjanlegt að endurreikna flesta liði frumvarpsins. Við þann endurreikning var stuðzt við eftirfarandi meginreglur:

1. Laun hækka um 1.5%, en það er sú upphæð, sem á vantaði til þess að mæta þeirri launahækkun, sem átti sér stað 1. des. s. l.
2. Önnur rekstrargjöld hækka um 35%, en með því eru metin hlutföll innlends og erlends kostnaðar.
3. Viðhald hækkar um 20% á sama hátt og að ofan getur.
4. Gjaldfærður stofnkostnaður er almennt látinn haldast óbreyttur, þó er um að ræða nokkrar undantekningar, svo sem byggingar menntaskóla, og gera má ráð fyrir, að nefndin beri fram tillögur við 3. umr. málsins, sem fela í sér verulegar hækkanir á fjárveitingum til nýbygginga skóla og hafna.
5. Yfirfærslur: Þar er gert ráð fyrir óbreyttum upphæðum, nema með nokkrum undantekningum, sem sérstaklega stendur á um. Er það einkum þegar fjárveitingum er ætlað að standa undir erlendum kostnaði. Til dæmis hækka framlög til íslenzkra námsmanna um rúml. 13 millj. króna, til Landhelgisgæzlu vegna erlendra skulda um 8.5 millj. króna og til byggingarsjóðs síldarleitarskips um rúml. 2 milljónir króna.
6. Liðir fjármagnaðir með fyrir fram ráðstöfuðum tekjustofnum breytast í samræmi við breytta tekjuáætlun. Má þar nefna tekjur og gjöld vegasjóðs. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið var tekið fram, að þar sem vegáætlun lægi ekki fyrir, væru tölur varðandi vegagerð einfaldlega byggðar á áætlun um tekjur vegasjóðs og útgjöldum skipt í því sem næst sömu hlutföllum og á fjárlögum 1968. — Við endurskoðun tekjuáætlunarinnar hefur verið gert ráð fyrir minnkuðum tekjum vegasjóðs, einkum vegna minni bifreiðainnflutnings, og eru út-

gjöld vegagerðar lækkuð í samræmi við það. Hins vegar má gera ráð fyrir, að þessar tölur breytist, þegar vegáætlun áranna 1969—1972 verður afgreidd frá Alþingi.

7. Vextir og afborganir lána hækka til samræmis við breytt gengi og innlent verðlag varðandi vísitölutryggð lán, þar sem slíkt á við.
8. Tekjur stofnana í A-hluta af seldri þjónustu og þ. h. eru í flestum tilfellum óbreyttar.

Varðandi tekjubálk frumvarpsins eru tillögur meiri hluta nefndarinnar byggðar á upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni og þá stuðzt við þjóðhagsspá stofnunarinnar fyrir árið 1969, sem er við það miðuð, að ekki eigi sér stað launahækkanir á því ári.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins:

Um 1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

Launaliður aðalskrifstofunnar (101 0 10) hækkar um 72 þús. og önnur rekstrargjöld (0 20) um 42 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði. — Vegna fjölgunar bekkjardeilda er lagt til að hækka launalið Menntaskólans á Akureyri (302 0 10) um 200 þús., Menntaskólans við Hamrahlíð (304 0 10) um 230 þús. og Kennaraskólans (321 0 10) um 880 þús. Fjárveiting til menntaskólanna á Akureyri, á Laugarvatni og við Hamrahlíð hækkar samtals um 7 100 þús. vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar. Enn fremur er lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður Kennaraskólans (321 0 80) hækki um 140 þús. vegna kaupa á eðlis- og efnafræðitækjum. — Bifreiða- og ferðakostnaður Fræðslumálaskrifstofunnar (401 0 20) var vegna mistaka vanreiknaður um 50 þús. Fjárveiting til framkvæmdar sundskyldu í skólum (401 12) hækki um 370 þús. — Launaliður Hjúkrunarskóla Íslands (521 0 10) hækki um 1 471 þús. vegna nýrra hjúkrunarnema. — Önnur rekstrargjöld Myndlistar- og handíðaskólans (561 0 20) hækki um 24 þús. vegna leigu á viðbótarhúsnæði, viðhald (0 27) um 50 þús. og gjaldfærður stofnkostnaður (0 80) um 100 þús. — Lagt er til að veita Vistheimilinu í Breiðuvík (701) 100 þús. vegna stofnkostnaðar. — Framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna (772) hækki um 13 007 þús. Er hækkunin byggð á því, að raunverulegt verðgildi ríkissjóðsframlagsins haldist, og auk þess er gert ráð fyrir aukningu námsaðstoðar. Erlendi hlutinn er hækkaður um 54.4%, en innlendi hlutinn um 18%. — Nauðsynlegt er að veita til viðhalds á húsi Þjóðminjasafnsins (803 0 27), einkum vegna lélegs hitakerfis í húsinu, 768 þús., en að öðrum kosti er hætt við skemmdum á munum safnsins. — Launaliður Listasafns ríkisins (808 0 10) hækki um 165 þús. vegna launa ritara hjá safninu. — Framlag til Barnamúsikskólans (882 03) hækki um 25 þús. — Bandalag íslenzkra myndlistarmanna (882 16) hljóti 300 þús. vegna tekjumissis vegna niðurrifs Listamannaskálans við Austurvöll. — Framlag til vísinda- og fræðimanna (883 03) hækki um 150 þús. — Framlag Íslands til Norræna hússins (884 51) hækki um 707 þús. vegna nýrrar áætlunar. — Á liðnum ýmislegt (899) er gjaldfærði stofnkostnaðurinn (0 80) vegna Reykholtsstaðar (48). Aðrir nýir liðir eru: Vegna Ólympíuleikanna í Mexíkó 200 þús. (43), til Northern Scholars Committee, Edinborg, sem Ísland er aðili að, 32 þús. (44), til norræns yrkisskólaþings á Íslandi 100 þús. (45), til minnisvarða um Guðmund góða 25 þús. (46), til minnisvarða um Ara fróða 25 þús. (47), vegna námskeiða fyrir blaðamenn 100 þús. (49), til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum 100 þús. (50) og til Skáksambands Íslands vegna Ólympíuskákmótsins í Lugano í Sviss 50 þús. (51).

Um 1 02 Utanríkisráðuneytið.

Gerðar eru tillögur um tvær orðalagsbreytingar að ósk ráðuneytisins, þannig að liður 309 verði að yfirskrift: **Sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York.** Sömuleiðis breytist yfirskrift liðarins 310 og verður: **Sendinefnd Íslands hjá NATO og sendiráð Íslands í Brussels.**

Um 1 03 Atvinnumálaráðuneytið.

Gjaldfærður stofnkostnaður Landgræðslunnar (235 0 80) hækki um 1 700 þús. vegna áburðarkaupa í sömu hlutföllum og leiddi af gengisbreytingunni 1967. — Sjávarútvegur, framlög (386), framlag til togara, 40 000 þús., er lagt til, að fellt verði niður. Er það í beinu sambandi við ákvæði um ráðstöfun á gengishagnaði, sbr. frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Um 1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Vegna viðhalds á bústað sýslumannsins og bæjarfógetans á Ísafirði (217 0 27) hækki liðurinn um 207 þús. — Vegna löggæzlu (282) við Búrfell hækki launaliður (0 10) um 90 þús. og önnur rekstrargjöld (0 20) um 90 þús. — Framlag til Landsspítalans (371) er hækkað um 1 617 þús. vegna kaupa á efni, sem notað er vegna meðferðar nýrnasjúklinga. — Kostnaður vegna sérstakrar byggingar vegna hávoltageislunar mun nema 2 500 þús. og er liður (0 91) hækkaður í samræmi við það. — Ríkisspítalar (liðir 371—376): Til þess að mæta kostnaðarhækkunum er gert ráð fyrir 16.1% hækkun daggjalda og annarra tekjuliða ríkisspítala. Svarar það til þess, að framlög ríkissjóðs verði óbreytt í heild, enda þótt þau breytist til einstakra ríkisspítala. Hér er hins vegar um bráðabirgðaákvæði að ræða, þar sem daggjöld hafa ekki enn verið ákveðin, og þá gert ráð fyrir, að endanlegar tillögur liggi fyrir við 3. umræðu málsins. — Til fávitahælisins í Kópavogi verði veitt vegna húsgagnakaupa 400 þús. (376 0 91). — Liðurinn: Til sjúkrahúsa o. fl. (381) hækkar um 5 498 þús. og vísast til skiptingar til sjúkrahúsanna á sérstöku yfirliti. — Vegna mistaka hjá ráðuneytinu hafði styrkur til heilsuverndarstöðva (381 06) verið vanreiknaður um 1 050 þús., en það er hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði heilsuverndarstöðvanna. Hefur þetta verið leiðrétt, og enn fremur er gert ráð fyrir, að veitt verði á þessum lið til kaupa á lungnaröntgenmyndatæki fyrir berklavarnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 300 þús. Er gert ráð fyrir, að þetta sé fyrsta greiðsla af þremur, er ríkissjóður greiði vegna síns hluta. — Byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands (399 28) verði 320 þús. eins og á yfirstandandi ári. — Liðirnir (401 23 og 24) voru of lágt reiknaðir af vangá. Af sömu ástæðu féll niður styrkur til Hallgrímskirkju í Saurbæ 25 þús. (28). — Á liðnum Bindindisstarfsemi (981 06) er gert ráð fyrir 50 þús. vegna norræns bindindisþings í Reykjavík á árinu 1969.

Um 1 05 Félagsmálaráðuneytið.

Tryggingastofnun ríkisins (270): Framlagi til almannatrygginga er gert ráð fyrir, að skipt verði með sérstökum lögum. Hér eru teknar inn 90 000 þús., sem er áætlaður hluti ríkissjóðs vegna fyrirheits ríkisstjórnarinnar um 150 000 þús. hækkun á bótum almannatrygginga. Ekki hefur endanlega verið gengið frá skiptingu þessa fjár á einstakar tegundir bóta, en það mun verða gert með sérstökum lögum. — Tryggingastofnun ríkisins (271): Eins og að framan segir, hefur ekki endanlega verið gengið frá daggjaldamálum sjúkrahúsa, og er því hér til bráðabirgða gert ráð fyrir 16.1% hækkun, en það er sama hlutfallshækkun og á gjöldum ríkisspítalanna. — Sveitarfélög, framlög (699): Vegna kostnaðarhækkana, einkum á afborgunum og vöxtum vatnsveitunnar í Vestmannaeyjum, er talið óumflýjanlegt að hækka framlag til vatnsveitna (02) um 2 500 þús. — Lagt er til, að veittar verði 50 þús. til aukningar vatnsmagns í Tungulæk í Rangárvallasýslu (699 03), en nægilegt vatnsmagn er forsenda þess, að rafstöð, sem þar er, komi að notum. — Framlag til Bjargráðasjóðs (972) hækki um 3 000 þús. vegna væntanlegrar lagabreytingar um sjóðinn. — Áætlað er, að unnt reynist að hækka framlag ríkissjóðs til Atvinnujöfnunarsjóðs um 50 000 þús., þar af er áætlað að verja allt að 30 000 þús. til aðstoðar við frystihús, sem sérstaklega stendur á um. — Á liðnum Ýmis framlög (999) er lagt til, að framlög til elliheimila hækki um 60 þús. (02), framlag til sjúkraflugs um

125 þús. (08) og veittir verði byggingarstyrkir til Blindrafélagsins 120 þús. (51), Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, 1 500 þús. (52) og Bandalags íslenzkra skáta 100 þús. (53).

Um 1 06 Fjármálaráðuneytið.

Launaliður embættis ríkisskattstjóra (201 0 10) hækki um 2 500 þús. vegna fjölgunar á starfsliði í skattrannsóknardeild. — Launaliður embættis tollstjórans í Reykjavík (261 0 10) er hækkaður umfram venjuleg 1.5%, eða um 666 þús., en vegna mistaka höfðu laun verið lækkuð of mikið. — Launaliður tollgæzlunnar í Reykjavík (262 0 10) hækki af sömu orsökum og hjá tollstjóranum í Reykjavík.

Um 1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

Bygging strandferðaskipa (321): Hækkun vegna verðtryggingarákvæða í byggingarsamningi nemur 6 000 þús. og byggingarstyrkir til flóabáta (04) hækki um 983 þús. vegna gengisbreytingarinnar. — Veðurstofunni verði veittar 150 þús. vegna hafísrannsókna (352 12). — Flugmálastjórn (371): Hækkun útgjaldaliða er byggð á sérstakri rannsókn á kostnaðarsamsetningu flugmálastjórnar. Gert er ráð fyrir 20% hækkun lendingargjalda á Reykjavíkurflugvelli. Framlag til fjárfestingarframkvæmda hækki um 10 000 þús., og mun ekki verða um lánsfjáröflun að ræða á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1969. — Lagt er til, að bætt verði við nýjum lið: 582 **Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum**, og veittar verði til starfsemi hans 600 þús.

Um 6. gr.

Lagt er til að veita eftirtaldar heimildir: Að selja áhaldaskemmu Vegagerðar ríkisins á Höfn í Hornafirði. Hér er um að ræða gamla skemmu, en Vegagerðin á nýja skemmu þar. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi. Gert er ráð fyrir, að endurgreiðsluheimildin nái ekki til innflutnings, sem eldri er en frá árinu 1968, og að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um endurgreiðslur þessar. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vatnsleiðslurörum, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur flutt til landsins til lagningar neðansjávar. — Að fella niður toll og söluskatt af tækjum, sem keypt verða fyrir styrk þann, sem Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum hefur hlotið til greiðslu kostnaðar við rannsóknir í erfðafræði og lífefnafræði gerla. — Að ábyrgjast lán að fjárhæð 1 000 þús. til greiðslu lausaskulda vegna byggingar Umferðamiðstöðvar í Reykjavík. — Að leyfa póst- og símamálastjórninni: 1) að selja húseign stofnunarinnar að Ennisbraut nr. 1 í Ólafsvík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum; 2) að selja gamla húseign á Bíldudal til niðurrifs og brottflutnings af lóð pósts og síma; 3) að selja gamla húseign stofnunarinnar ásamt eignarlóð á Djúpavík í Árneshreppi, ef viðunandi boð fást. Gert er ráð fyrir, að söluverð hússins í Ólafsvík gangi upp í kostnað við byggingu nýs húss pósts og síma á staðnum. Á Djúpavík er starfsemin flutt úr húsinu, og mun ekki svara kostnaði að gera við húsið. Ekki svarar kostnaði að flytja húsið á Bíldudal á nýjan byggingarreit, en nýtt hús hefur verið tekið í notkun á staðnum.

Varðandi einstök fyrirtæki og stofnanir í B-hluta fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin þann fyrirvara á, að ekki var í öllum tilfellum unnt að kanna til fulls þær breytingar, sem gera þarf vegna gengislækkunarinnar.

Tillögur um fjárveitingu til flóabáta og vöruflutninga mun samvinnunefnd samgöngumála flytja á sérstöku þingskjali, svo sem venja er.

Alþingi, 11. des. 1968.

Jón Árnason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Sverrir Júlíusson.
Gunnar Gíslason.
Matthías Bjarnason.

Nd. 148. Frumvarp til laga [113. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Kristján Thorlacius, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Stefán Valgeirsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. C-liðs 7. gr. laganna orðist svo:

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%, þau skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan að fullu á 32 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu byggingarsjóðs skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir.

2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta lánssamningum húsbyggjenda til samræmis við þær breytingar, er um ræðir í lögum þessum, að því er tekur til afnáms vísitölubindingar lánanna.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal með útvegun lánsfjár hjá Seðlabankanum bæta Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljótast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánssamningum samkv. lögum þessum.

4. gr.

Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita lántakanda gjaldfrest í eitt ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

5. gr.

Með gildistöku laga þessara er úr gildi fallin 4. gr. og bráðabirgðaákvæði laga nr. 21/1968, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði eftirgreindar breytingar á lánskjörum húsnæðislána.

1. Lán verði afborgunarlaus fyrstu 3 árin í stað 1 árs, eins og nú er.
2. Lánstími verði lengdur úr 26 árum í 35 ár.
3. Vísitölubinding lánanna verði afnumin.
4. Heimilt verði að veita lántakanda tímabundinn gjaldfrest, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Byggingarkostnaður hefur enn hækkað stórkostlega, samfara því sem samdráttur hefur orðið á vinnumarkaðinum og tekjur manna rýrnað. Verður því sífellt erfiðara að standa undir þeim föstu lánum, sem veitt eru til íbúðabygginga, ekki síst vegna þess, að flestir hafa orðið að safna miklum lausaskuldum auk föstu lánanna til þess að koma sér upp íbúð og húsbúnaði.

Frumvarp þetta er fram borið í þeim tilgangi að létta mönnum erfiðleika við að eignast íbúð með því að gera lánin afborgunarlaus fyrstu 3 árin og lengja láns-

tímann, og er hér gert ráð fyrir sama árafjölda og um lán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þá þykir flm. rétt, að veðdeild Landsbankans sé veitt heimilt til að veita þeim tímabundinn gjaldfrest, er komast í greiðsluþrot vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Og loks er lagt til, að vísitölubinding lánanna verði afnumin, en hún er enn í gildi, þrátt fyrir skerðingu verðtryggingar launanna. Þessi vísitölubinding lánanna, sem lögfest var í samræmi við svonefnt júnísamkomulag milli verkalýðsfélaganna og ríkisstjórnarinnar 1964, byggðist á því, að alvarleg tilraun yrði gerð til að hefta verðbólguna og umfram allt að launin yrðu að fullu verðtryggð.

Vísitöluákvæðið, að því er lánin varðar, var strax mjög umdeilt, og þótti flestum fráleitt að taka húsnæðislán út úr og vísitölubinda þau, þegar önnur lán voru áfram höfð án vísitölubindingar. Miðað við þróun þessara mála síðan 1964 er sjálfsagt af afnema vísitölubindinguna, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin bæti Húsnæðismálastjórn ríkisins þann tekjumissi, sem hljótast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánssamningum samkv. frv., ef að lögum verður, með útvegun lánsfjár hjá Seðlabankanum.

Sþ. 149. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Fjárlög].

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við brtt. 2 (Við 4. gr. 1 07 321 03. — Flóabátar og vöruflutningar).	þús. kr.
Fyrir „10 465“ kemur	13 620

Ed. 150. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn er samdóma stefnu frv., en flytur nokkrar brtt., sem ekki raska aðalefni þess. Minni hlutinn mun gera grein fyrir tillögum sínum um afgreiðslu málsins í sérstöku áliti.

Meiri hl. nefndarinnar kynnti sér eftir föngum sjónarmið og tillögur þeirra samtaka, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við afgreiðslu málsins. Hafa þau sumpart komið fram opinberlega, m. a. í útvarpi og blöðum, og sumpart bárust erindi frá allmörgum aðilum, sem höfðu sérstakar óskir fram að færa.

Brtt. meiri hl., sem prentaðar eru á sérstöku þskj., eru flestar fluttar til að koma til móts við þessar óskir. Fyrstu brtt. er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðu sjómanna og útvegsmanna gagnvart kjarasamningum. Verða þessi atriði öll nánara skýrð í framsögu. Þó er vert að geta þess, að meiri hl. áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. um örfá atriði, sem enn hafa ekki hlotið fullnaðarathugun.

Alþingi, 11. des. 1968.

Pétur Benediktsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Jón Árnason.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 151. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Á eftir 8. gr. komi ný gr., sem verður 9. gr.:
   Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.
2. Við 9. gr.
   a. Á eftir orðunum „óverkuðum saltfiskflökum“ í 1. tölul. komi: óverkuðum söltuðum smáfiski.
   b. Á eftir orðunum „óverkuðum saltfiski“ í 5. tölul. komi: öðrum en smáfiski.
   c. Í stað orðanna „¼ hluti“ í næstsíðustu málsgr. komi: ⅓ hluti.
   d. Í lok síðustu málsgreinar bætist við: eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.
3. Við 12. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslenzks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.
4. Við ákvæði til bráðabirgða (við II. kafla). Í stað orðanna „söltuðum grásleppuhrognum“ í niðurlagi gr. komi: söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum.

Nd. 152. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nefndarmenn munu skila séráliti.

Alþingi, 12. des. 1968.

Jónas Pétursson, form. | Pálmi Jónsson, fundaskr., frsm. | Eyjólfur Konráð Jónsson.

Benedikt Gröndal, með fyrirvara.

Sþ. 153. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hluti fjárveitinganefndar gerir, eins og venja er til, grein fyrir þeim tillögum, sem nefndin flytur sameiginlega. Aðild okkar að þeim er með svipuðum hætti og verið hefur. Við höfum óbundnar hendur um þær í heild og hverja einstaka þeirra. Þær munu hins vegar vera með þeim hætti **flestar**, að við munum leggja

þeim lið. Hins vegar eru áhrif fjárveitinganefndar á þessa fjárlagaafgreiðslu sáralítil enn þá. Þær breytingar, sem fram koma við fjárlagafrv., eru flestar vegna áhrifa frá gengisbreytingunni.

Ekki er enn þá hægt að segja um niðurstöðutölur fjárlagafrv., þar sem stórir framkvæmdaliðir, eins og skólabyggingar og hafnir, bíða 3. umræðu. Afstaða okkar til tillögugerðar við þessa umræðu miðast því við þá óvissu, sem um þau mál er.

Efnahags- og atvinnumálin og staða þjóðarinnar út á við eru málin, sem þjóðin talar um um þessar mundir og spáir fram í framtíðina þar um.

Í nefndaráliti okkar munum við fyrst og fremst ræða um þessa málaflokka og möguleika ríkisstjórnarinnar til að leysa vandamálin á farsælan hátt. Þann þátt munum við rökstyðja með dæmum frá aðgerðum hennar og afkomu atvinnuveganna og þjóðarinnar í heild á góðu árunum. Við munum einnig skýra frá tillögum okkar í stjórnarandstöðunni til lausnar á efnahagsvandanum og ræða og gera tillögur til fjárveitinga til að skapa atvinnuöryggi á komandi ári.

Í bókinni „Viðreisn“, er ríkisstjórnin gaf út á kostnað ríkissjóðs í ársbyrjun 1960, lýsti hún stefnu sinni m. a. svo: „Ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi þjóðarinnar sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa búið við undanfarin ár.“

Núverandi forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson, lýsti þá í áramótagrein í Morgunblaðinu, hvað ríkisstjórnin ætti við, þegar hún talaði um „varanlega lausn og heilbrigðari stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar“. Þar segir m. a. svo: „Það kann ekki góðri lukku að stýra, að sjávarútvegurinn, sem framleiðir nær allar útflutningsvörur þjóðarinnar, fær ekki staðizt nema með ríkisstyrkjum.“

Þegar ríkisstjórnin gaf þessar yfirlýsingar, var hún að ganga frá sinni fyrstu gengisfellingu, — gengisfellingu, sem átti að tryggja þessa efnahagsmálastefnu hennar í framkvæmd. Ber nauðsyn til þess að gera sér nú grein fyrir því, hvernig framkvæmd þessarar stefnu hefur tekizt, ekki sízt þegar það er haft í huga, að ríkisstjórnin kennir erfiðu árferði um þá efnahagsörðugleika, sem þjóðin á nú við að etja.

Ekki skal úr því dregið, að minni afli og lægra verð á útflutningsvörum þjóðarinnar valda erfiðleikum í efnahagsmálum hennar. En við það að minna á aðstoð ríkissjóðs við atvinnuvegina á árunum 1961—1967 sannast, að stefna ríkisstjórnarinnar er slík, að aðalútflutningsatvinnuvegurinn gat ekki starfað án styrkja í góðærinu, hvað þá í erfiðara árferði. Árin eftir 1960 voru beztu viðskiptaár í sögu þjóðarinnar, eins og eftirfarandi tafla sýnir, en hún er birt í síðasta hefti Fjármálatíðinda, bls. 239:

	Viðskiptakjör
1954	100.0
1955	102.7
1956	99.8
1957	96.6
1958	104.5
1959	106.1
1960	100.0
1961	111.6
1962	111.6
1963	111.9
1964	118.7
1965	131.5
1966	131.8
1967	118.9

Þessi skýrsla sannar hið sérstaka árferði, er þá var, og einstöku viðskiptakjör, er þjóðin bjó við þá. Til viðbótar má geta þess, að ríkisstjórnin hefur sjálf verið

viðriðin eða jafnvel staðið að öllum kjarasamningum, sem gerðir hafa verið milli stéttarfélaga og vinnuveitenda frá og með árinu 1964. Engin ríkisstjórn hefur því fengið jafngullið tækifæri til að koma yfirlýstri stefnu sinni í framkvæmd sem þessi. Hvað segir svo reynslan um stjórn hennar á málefnum þjóðarinnar á þessum árum?

Árið 1961 var gengi íslenzkrar krónu fellt öðru sinni vegna atvinnuveganna að sögn ríkisstjórnarinnar. Í ársbyrjun 1964 var söluskattur hækkaður, til þess að ríkissjóður gæti veitt sjávarútveginum beinan stuðning. Í ársbyrjun 1965 var enn á ný farið til fanga vegna stuðnings ríkissjóðs við sjávarútveginn, þrátt fyrir yfirlýsingu forsætisráðherra, sem vitnað var til í upphafi, vegna þess að atvinnuvegurinn, sem framleiðir nær allar útflutningsvörur þjóðarinnar, gat ekki staðizt, nema með ríkisstyrkjum þrátt fyrir góðæri. Þessa fjár var aflað m. a. með 20% niðurskurði á fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Nam sú fjárhæð tugum milljóna.

Þegar líða tók á árið 1966, tók ríkisstjórnin til að auka niðurgreiðslur á vöruverði verulega, og í lok þess árs, þegar liðin voru tvö samfelld mestu góðæri í sögu þjóðarinnar, var staða atvinnuveganna slík, að niðurgreiðslur voru stórfelldari en nokkru sinni fyrr og gera varð sérstakar ráðstafanir til stuðnings sjávarútveginum með auknum ríkisstyrkjum í byrjun ársins 1967, svo að milljónum tuga nam. Fjárins var aflað með 10% viðbótarniðurskurði á verklegum framkvæmdum. Vegna kosninganna sumarið 1967 voru 12.5 millj. króna uppbætur ákveðnar vegna tjóna á fiskinótum. Og í lok þriðja bezta viðskiptaárs í sögu þjóðarinnar, sem kom í kjölfar tveggja þeirra beztu, var gengi íslenzku krónunnar fellt í þriðja sinn á átta ára góðæristímabili viðreisnarstjórnarinnar, þeirrar ríkisstjórnar, sem hét þjóðinni því, að framleiðslu- og viðskiptalífi hennar skyldi skapaður traustur, varanlegur og heilbrigður grundvöllur, en hefur orðið að styðja atvinnuvegina með hækjum ríkisstyrkja á mestu uppgripaárum vegna eigin stjórnleysis.

Afrekssaga ríkisstjórnarinnar í stjórn á efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar er ekki öll sögð, þó að þátturinn frá góðu árunum sé sagður og sanni getuleysi hennar, svo að ekki verði um villzt. Árið 1968 á einnig sína sögu.

Gengisbreyting var gerð 24. nóv. 1967. Þá voru gefnar út margar yfirlýsingar frá ríkisstjórninni um ágæti þess verknaðar og hugrekki ríkisstjórnarinnar. Því var þá einnig lýst, hve bjart væri fram undan. M. a. sagði viðskiptamálaráðherra þetta í sjónvarpi að kvöldi þess dags: ... „Þess vegna hefur gengi krónunnar nú verið lækkað. Tilgangurinn er að hleypa nýju lífi fyrst og fremst í sjávarútveg og iðnað. Það kostar fórn af hálfu okkar allra í bráð, en sú fórn mun bera árangur. Hún mun bera árangur í aukinni atvinnu, í verndun heilbrigðs og frjáls vöruframboðs, í vaxandi gjaldeyrissjóði á ný, í verndun þess lánstrausts, sem hætta var á að minnkaði ... Þá mun tímabil erfiðleikanna von bráðar á enda og björt framtíð blasa við þjóðinni.“

Og Morgunblaðið sagði m. a. þetta í leiðara 26. nóv. 1967: „Með gengislækkuninni er hins vegar lagður grundvöllur að nýju framfaraskeiði atvinnuveganna.“

Hvað segir reynslan síðan um árangurinn af gengisbreytingunni 1967? Rétt þykir að rifja hér upp atburðina í réttri röð, eins og þeir gerðust á árinu 1968. Þeir sýna glögglega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnleysi. Þeir sýna, hvernig fer fyrir þjóð, þegar ríkisstjórn hennar hefur tapað tökum á málefnum hennar, þegar ríkisstjórn á þá hugsjón eina að sitja í valdastólum, þó að úrræði hennar í vandamálum þjóðarinnar í dag skapi fleiri og erfiðari úrlausnarefni á morgun.

Atburðirnir eru þessir:

Nóvember: Gengisbreytingin gerð, yfirlýsing um, að hún sé sérstaklega vel undirbúin og leysi vanda þjóðarinnar.
Desember: Fjárlagaafgreiðsla, tollalækkun boðuð síðar um 250 millj. kr.
Janúar: Uppbótakerfið aukið um 320 millj. kr. ofan á gengisbreytinguna.
Febrúar: Tollalækkun varð aðeins 160 millj. kr. í staðinn fyrir 250 millj.

Marz: Hækkun á tekjustofnum, m. a. tóbaki og áfengi, frestun ríkisútgjalda, fyrst og fremst til framkvæmda, og stofnað til nýrrar lántöku.
Apríl: Skattahækkanir vegna vegamála 160—190 millj. kr.
Maí—júní: Síldarvíxillinn samþykktur, fjárhæð ókunn.
Júlí—ág.: Viðbótaruppbætur til hraðfrystihúsanna, nokkrir milljónatugir.
Sept.: 20% tollur lagður á allan innflutning og ferðagjaldeyri, ca. 500—600 millj. kr. miðað við heils árs innflutning.
Október: Óraunhæft fjárlagafrumvarp lagt fram til að fullnægja formi, en hefur enga raunhæfa þýðingu.
Nóvember: Lokaþáttur stórviðburða ársins 1968 er svo gengisbreyting í nóv. s. l., sem orsakaði 54.4% verðhækkun á dollar, sem kemur eins og punktur yfir ráðleysi og basl ríkisstjórnarinnar árið 1968.

Forsætisráðherra leitaði til stjórnarandstöðuflokkanna í byrjun sept. s. l. og óskaði eftir því, að allir stjórnmálaflokkarnir tækju upp samstarf um lausn efnahagsvandans, eins og það var orðað.

Þjóðinni er ekki ljóst enn þá, að hverju var stefnt með þessum viðræðum. En tvennt sannar það, að stjórnarflokkarnir gengu ekki til þessa leiks í þeim tilgangi að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um lausn vandans í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í fyrsta lagi mættu stjórnarliðar til leiks óundirbúnir. Þeir komu eins og ólesið barn í skóla. Það tók Seðlabankann og Efnahagsstofnunina nærri tvo mánuði að safna gögnum, sem þurftu að liggja fyrir í upphafi, svo að viðræðurnar gætu hafizt. Slíkt kæruleysi hefði ríkisstjórnin ekki sýnt, ef hún hefði stefnt að því að ná samkomulagi.

Í öðru lagi sannar stjórnmálaályktun Alþýðuflokksins frá 20. okt. s. l., að stjórnarflokkarnir vildu ekki samkomulag við stjórnarandstöðuna. Þar er gerð samþykkt um áframhaldandi samstarf núverandi stjórnarflokka, en hugmyndinni um þjóðstjórn, sem hlaut að verða að veruleika, ef árangur yrði af viðræðunum, þar með vísað á bug, enda kom það á daginn fljótt eftir flokksþingið, að áhugi stjórnarflokkanna á árangri viðræðnanna var enginn. Vilji til stefnubreytingar, sem var forsenda fyrir árangri, var ekki til staðar, enda var þeim viðræðum hætt með jafnsviplitlum hætti og til þeirra var stofnað.

Ríkisstjórnin, sem ekkert hafði lært af árangursleysi fyrri gengisfellinga, ákvað að breyta gengisskráningunni einu sinni enn og nú hvað mest og hækkaði söluverð dollars gagnvart íslenzkri krónu um 54.4%.

Breyting á skráðu gengi gjaldmiðils er ein af þeim leiðum, sem þjóðir heims nota til að koma jafnvægi á í efnahagskerfi sínu. Til slíkra ráðstafana er venjulega ekki gripið, nema fyrir liggi gild rök. Svo mjög getur verðlag á erlendum gjaldeyri orðið í ósamræmi við annað verðlag í landinu sjálfu, að það beinlínis skapi vandamál. Gegn slíkum vanda er þá oftast snúizt með því að breyta skráningu á genginu og þá jafnan með því að hækka verð á erlendum gjaldeyri, þótt fleiri leiðir geti komið til. Ótraust gengi á gjaldmiðli er einkenni á sjúku efnahagslífi þjóða. Íslenzka þjóðin þurfti nú að gæta sérstakrar varúðar í sambandi við gengisbreytingu, þar sem hún var búin að fella gengi krónunnar fyrir tæpu ári og staða hennar út á við var mjög veik.

Áróður stjórnarflokkanna beinist að því að telja gengisbreytinguna til jákvæðs atburðar, svo sem hann ætti sér engan líka í veraldarsögunni fyrir ágæti sitt og nú hefðu þeir himin höndum tekið. Jafnframt þessu er svo blásið út, að stjórnarandstaðan sé ábyrgðar- og úrræðalaus. Síðar í þessu nefndaráliti mun verða vikið að úrræðum stjórnarandstöðunnar, en fyrst mun verða drepið á viðhorf stjórnarsinna sjálfra til gengisbreytingar og afleiðinga hennar, eins og þau horfa við tæpum mánuði eftir að hún var framkvæmd.

Síðla sumars 1967, eftir að kjörbréf höfðu verið undirrituð og þjóðin hafði glatað þeim tækifærum, sem hún hafði fyrr það sumar til að knýja fram breytta stefnu í efnahagsmálum með kosningum, fór ríkisstjórnin að segja þjóðinni réttara

en áður frá stöðu hennar í efnahagsmálum. Gaf hún út ýmsar yfirlýsingar. M. a. gaf viðskiptamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, þessa yfirlýsingu í sjónvarpi 25. ágúst 1967, samkvæmt frásögn Alþýðublaðsins daginn eftir: ... „Ráðherrann kvaðst ekkert geta sagt um það enn, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til að mæta þessum vanda, en hins vegar gæti hann fullyrt, að gengislækkun væri ekki rétta ráðið. Gengislækkun skapaði alltaf vandamál, og undir núverandi kringumstæðum teldi ríkisstjórnin, að gengislækkun mundi skipa meiri og stærri vandamál en hún leysti."

Og Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gaf þessa yfirlýsingu á Alþingi 16. okt. 1967: ... „er ég sannfærður um, að gengislækkun skapar okkur fleiri örðugleika heldur en þann vanda, sem hún leysir. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem tala um gengisbreytingu, sem ætti að verða lausn, er hjálpaði sjávarútveginum, jafnvel iðnaðinum og örugglega kæmi í veg fyrir atvinnuleysi á næstu missirum, hafa ekki hugsað það mál til hlítar."

Þegar þessar yfirlýsingar eru athugaðar, kemur það á óvart, að þessir tveir menn skuli síðan hafa haft forustu um að lækka gengi íslenzkrar krónu og það svo, að Bandaríkjadollar hefur hækkað í verði gagnvart íslenzkri krónu um 104.4% á einu ári.

En það voru fleiri atriði, sem ríkisstjórninni bar skylda til að taka tillit til, en þessar yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna. Hún átti að vera minnug þess, hvernig gengisbreytingin rann gersamlega út í sandinn, um leið og hún var framkvæmd haustið 1967, þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um, hversu sérstaklega vel hún væri undirbúin. Hún átti að gera sér grein fyrir stöðu okkar út á við. Einnig átti ríkisstjórnin að gera sér það ljóst, að auk þeirra verðhækkana, sem verða af völdum gengisbreytingarinnar á innfluttum vörum, verður þjóðin með einum eða öðrum hætti að greiða hækkanir þær, sem verða á skuldum hennar í íslenzkum krónum, vegna erlendra lána. Hér er um að ræða stórfelldari greiðslur en nokkru sinni fyrr hafa þekkzt, og ekki er ljóst, hvernig það vandamál verður leyst. En eitt er víst, að þessar hækkanir flæða út í verðlagið fyrr en seinna.

Máli okkar til sönnunar um skuldahækkanir viljum við nefna nokkur dæmi, er sýna, hvað hér er um mikið alvörumál að ræða, en þau eru þessi:

	Hækkun skulda í millj. kr.
Sementverksmiðja ríkisins	um 100
Rafmagnsveitur ríkisins	276
Stofnlánadeild landbúnaðarins	76.5
Landssími Íslands	um 30
Áburðarverksmiðja ríkisins	23
Sami, vegna rekstrar	49
Vegasjóður	108.2
Landshafnir	79
Fiskveiðasjóður	96
Fiskiskip	373

Hér að framan hefur verið vikið að áhrifum frá erlendum skuldum á verðlag vegna gengisbreytingarinnar, og er fjárlagafrv. gott dæmi um þessi áhrif. Ríkisstjórnin lækkaði hvorki aðflutningsgjöld né söluskatt, þrátt fyrir það að stofninn hækkaði gífurlega, um ca. 40—50%. Niðurstöðutölur fjárlagafrv. hækka nú um 350—400 millj. kr. við það að umreikna liði út frá afleiðingum gengisbreytingarinnar. Við þann umreikning hækka einstakir gjaldaflokkar í hundraðshlutum sem hér segir:

Laun (vísitala 1. des.)	1.5%
Önnur rekstrargjöld	35 —
Viðhald	20 —
Vextir erlendra lána	54.4—
Verðtryggð lán	18 —

Hins vegar hækka framlög til verklegra framkvæmda ekki nema um nokkurn hluta af verðhækkuninni eða um 50—60% hennar.

Þegar þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, eru skoðaðar nánar, ætti öllum að vera ljóst, að ekki var að undra þótt stjórnarandstaðan legði sig fram um að leita úrræða til að draga úr svo stórfelldri gengisbreytingu sem hér hefur verið gerð. Og hollt hefði forsætisráðherra verið að virða fyrir sér yfirlýsinguna frá því í okt. 1967 um það, að gengisbreyting skapaði fleiri vandamál en hún leysti, áður en hann tók þá ákvörðun, sem nú hefur verið tekin í efnahagsmálum.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið nefnt, verður ekki séð, hvernig almenningur á að komast af, eftir að 18% kjaraskerðing er komin í framkvæmd.

Fólkið, sem hefur lagt nótt við dag til að eignast íbúðir, horfir nú með kvíða fram á veginn. Vísitöluhækkunin leggst á lán þess, en ekki á kaup. Unga fólkið, sem á eftir að stofna heimili, sér fyrir sér risavaxnar fjárhæðir, er þarf til þess að koma því í framkvæmd. Þó tekur steininn úr varðandi meðferðina á þeim, sem lagt hafa þjóðinni til sparifé. Það fólk er beinlínis féflett með endurteknum gengislækkunum. Virðingarleysi fyrir fjármunum vex með hverri nýrri aðgerð. Svindl og brask eykst að sama skapi. Stjórnleysi og verðbólga er afleiðing athafna þeirrar ríkisstjórnar, er nú situr í ráðherrastólum.

Eins og áður er að vikið í þessu nefndaráliti, kemur það fram í áróðri ríkisstjórnarinnar, að stjórnarandstaðan hafi engar tillögur, engin úrræði til lausnar á vandamálum þjóðarinnar. Stjórnarandstaðan skýrði frá tillögum flokka sinna í viðræðum stjórnmálaflokkanna, og síðar gerðu formenn flokkanna það við umræður á Alþingi í sambandi við gengisbreytinguna.

Skal nú að því vikið, hvernig stjórnarandstaðan hugsaði sér, að þjóðin leysti vandamál efnahagsmálanna.

Þrjú meginatriði taldi stjórnarandstaðan, að yrðu að vera grundvallaratriði, sem að yrði keppt.

1. Að lausnin tryggði fulla atvinnu.
2. Tilfærslan milli stéttanna yrði sem minnst og legðist á þá, sem breiðust hefðu bökin.
3. Að aðgerðinni fylgdi sem minnst áhætta fyrir fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar.

Stjórnarandstaðan lagði til, að byrjað yrði á því að minnka vandann með því að draga úr rekstrarkostnaði, draga úr eyðslu, með því að nota fjármuni með stjórnsemi og samkvæmt skipulagi, beina fjárfestingu að þeim verkefnum, sem þjóðina skipta mestu, og með stjórn á notkun erlends gjaldeyris.

Þegar þjóðin breytir um stefnu frá því, sem nú er, tekur hún upp stjórn á efnahagsmálum í stað stjórnleysis, snýr frá verðbólgustefnu að festu og sparnaði. Sú stefnubreyting á fyrst að eiga sér stað í ríkisbúskapnum sjálfum. Útþensla, eyðsla og ofsköttun undanfarin ár hefur haft meiri áhrif á verðbólguna og almenna eyðslu í landinu en hægt er að gera grein fyrir í nefndaráliti sem þessu.

Venjan hefur verið sú, að ríkisstjórnin hefur aflað tekna handa atvinnuvegunum, eins og skýrt hefur verið frá hér að framan, en tekið þann tekjustofn til ríkissjóðs við næstu áramót á eftir og aflað þá nýrra tekna vegna atvinnuveganna. Og segja má með réttu, að aukaskattur hafi fylgt flestum málum, sem fram hafa gengið í stjórnartíð núverandi valdhafa, enda er nú svo komið vegna verðbólgu, margendurtekinna gengisbreytinga, ofsköttunar og eyðslu, að fjárlög hafa hækkað úr 1 500 millj. kr., eins og þau voru eftir gengisbreytinguna 1960, í 7 000 millj. kr. á árinu 1969.

Gegn þessari útþenslu og eyðslu verður að ráðast. Það verður að snúa frá braut verðbólgu og gengislækkana, ef þjóðin á að vera efnahagslega sjálfstæð.

Við fjárlagaafgreiðslu á síðasta þingi bentum við stjórnarandstæðingar á, að nauðsyn bæri til að endurskoða rekstur alls ríkiskerfisins og að happadrýgst mundi reynast, að fjárveitinganefnd ynni þetta verk.

Á síðastliðnu sumri var þetta verk hafið með starfi undirnefndar úr fjárveitinganefnd. Þessu starfi verður að halda áfram. Uppbygging í ríkiskerfi okkar er að formi til nær hálfrar aldar gömul. Við komum ekki á nýjum siðum í tækni og þekkingu án þess að gera ríkiskerfið svo dýrt, að ofvaxið sé okkar litlu þjóð, nema við getum breytt skipulaginu og sameinað stofnanir og embætti. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við embætti og stofnanir í nútímaþjóðfélagi er mikill annar kostnaður en vinnulaun, það er húsaleiga, ferðakostnaður, skrifstofuvélar o. fl. Mannakaupið getur jafnvel allt að því horfið í skuggann, þegar húsaleiga fyrir embætti er orðin eins og laun 5—6 skrifstofumanna, eins og dæmi eru nú til um. Þróunin verður sú, að í framtíðinni verða færri og stærri stofnanir, einnig hjá ríkinu, ef rétt verður stefnt. Við viljum leggja áherzlu á það, að flokkar okkar vilja vinna að endurskoðun á ríkiskerfinu á þann veg, er hafið var á síðastliðnu sumri.

Við viljum hér með benda á nokkur atriði, sem við teljum eðlilegt að athuguð verði til að koma á breyttu skipulagi og sparnaði.

1. Að rekstur skipa ríkisins, þ. e. flutningaskipa, varðskipa, rannsóknarskipa, vitaskipa o. fl., verði sameinaður og falinn Skipaútgerð ríkisins.
2. Að athugað verði, hvort hagkvæmt væri að sameina verkstæði og viðgerðaþjónustu fyrir Vita- og hafnarmálastjórn, Orkustofnun, Flugmálastjórn, Skipaútgerð ríkisins, Landssímann og jafnvel Vegagerð ríkisins o. fl. ríkisfyrirtæki. Jafnframt verði athugaðir möguleikar á því að sameina þessa viðgerðaþjónustu starfsemi Landssmiðjunnar.
3. Að athugað verði, hvort hagkvæmt sé að setja upp sameiginlega verkfræði- og tækniþjónustu fyrir ríkisstofnanir, t. d. þær, er fjalla um hafnamál, vitamál, orkumál, flugmál, vegamál, Landssímann, Skipaútgerð ríkisins o. fl.
4. Að Landnám ríkisins verði sameinað Búnaðarfélagi Íslands.
5. Að Orkustofnun og ríkisrafveitur sameinist í eina stofnun.
6. Að hraðað verði endurskoðun utanríkisþjónustunnar.
7. Að hraðað verði endurskoðun á framkvæmd skattalaganna og útdráttarreglur verði upp teknar nú þegar við endurskoðun framtala.
8. Að endurskoðaðar verði reglur um innheimtu og eftirlit með skilum á söluskatti, þar sem stefnt yrði að öruggari skilum.
9. Að endurskoða alla leigumála ríkisins um húsnæði og stefnt að því að lækka þá. Jafnframt verði settar reglur um húsnæði embætta o. fl., svo að samanburður verði auðveldari.
10. Að setja póst- og símamálastjórninni nýtt stjórnarform, annaðhvort með sérstakri stjórn eða föstu skipulagi í tengslum við ráðuneytið.
11. Að fella niður hlunnindi embættismanna, forstjóra og annarra þeirra aðila, er hafa sérstaka bifreið frá embætti eða stofnun. Hins vegar verði starfsmönnum ríkisins greitt samkvæmt akstri, ef þeir nota eigin bifreið í þágu embættis eða stofnunar.
12. Að athugað verði, hvort hagkvæmt væri að reka t. d. hér í Reykjavík bifreiðastöð með vöru- og sendiferðabifreiðar, sem ríkisstofnanir skiptu við, í stað þeirrar skipunar, sem nú er, að stofnanir eigi og hafi þessar bifreiðar sjálfar.
13. Að eftirlitsstörf með verklegum framkvæmdum ríkisins verði sem mest sameinuð. T. d. verði eftirlit með prestssetrum og kirkjugörðum fellt saman í eitt starf.
14. Að gætt verði hófs um utanfarir á vegum ríkisins.
15. Að settar verði reglur um opinberar veizlur og móttökur.
16. Að lög um lögreglumál verði endurskoðuð með það fyrir augum að draga úr kostnaði. T. d. verði það ákvæði fellt úr lögum, að lögreglumönnum fjölgi sjálfkrafa við aukinn íbúafjölda, heldur komi þar til ákvörðun sveitarstjórna og lögregluyfirvalda.

Þessar ábendingar verða látnar nægja að sinni. Þessi atriði eru ekki valin vegna þess, að fleira geti ekki haft jafnmikil áhrif á ríkisreksturinn til úrbóta, nema síður sé. En þau eru a. m. k. sum framkvæmanleg án lagabreytinga, en mörg þeirra, sem ekki eru hér talin, eru það ekki. Og svo er hitt, að mest er um vert, að verkið sé hafið, því að þá opnast leið til stærri og meiri skipulagsbreytinga, sem við undirritaðir teljum nauðsynlegar, og sú þróun mun hér sem annars staðar reynast bezt.

Við viljum vekja athygli á því, að þrátt fyrir há útgjöld fjárlaga hefur hlutur verklegra framkvæmda rýrnað með hverju nýju fjárlagaári, enda er nú svo komið, að verulegur þáttur af framkvæmdum á vegum ríkisins hefur verið unninn fyrir lánsfé. Nokkur dæmi skulu hér nefnd:

Skuldir vegasjóðs eru nú um	500	millj.	kr.
— hafnargerða, þ. e. ríkisframlag, þar með taldar framkvæmdir 1968	88	—	—
— landshafna	243	—	—
— ríkissjúkrahúsa og ríkisskóla	83	—	—
— rafmagnsveitna vegna línuframkvæmda ...	14	—	—
— flugmála	100	—	—

Þennan skuldabagga ríkisins kemur þjóðin með frá góðu árunum til þeirra erfiðari. Slíkar skuldir vegna framkvæmda voru óþekktar fyrir stjórnartíð núverandi valdhafa. Þar við bætist það, að eftir að hafa notið svo góðærisins, að tekjur umfram fjárlög á s. l. átta árum eru ca. 2.5 milljarðar króna, þá er ríkissjóður kominn í nokkur hundruð milljóna króna skuld við Seðlabankann vegna greiðsluhalla, og sýnir það bezt árangur af útþenslu og stjórnleysi núverandi valdhafa. Öllum, sem vilja hugsa raunhæft um þjóðmálin og af ábyrgð, ætti að vera ljóst, að þjóðarnauðsyn er á stefnubreytingu í þá átt, sem hér er boðuð, ef farsæld á að ríkja í þjóðarbúskapnum.

Án þess að þjóðin hafi stjórn á ráðstöfun gjaldeyristekna sinna, kemst hún ekki út úr vandanum né tekst henni að halda uppi góðum lífskjörum. Jafnframt því sem þjóðin verður að gæta fengins fjár á sviði gjaldeyrismála, sem annarra fjármuna, verður hún nú að auka gjaldeyristekjur sínar með auknum iðnaði og öflun markaða fyrir útflutningsvörur sínar.

Það er eitt af stefnumálum stjórnarandstöðunnar að efla íslenzkan iðnað, svo að hann m. a. geti fullunnið hráefni íslenzkrar framleiðsluvöru. Hún vill bæta samkeppnisaðstöðu hans fjárhagslega og vernda, ef þess þyrfti með, svo að hann geti orðið sem virkastur í því að efla stöðugt atvinnulíf í landinu og þolað samkeppni að einhverju leyti. Markaðsleit og sala íslenzkrar framleiðsluvöru er meðal stærri verkefna, er þjóðin þarf að beita sér að í framtíðinni.

Skipulagsleysi í fjárfestingu og bein fjársóun, er átt hefur sér stað síðustu árin, mun valda meiru um, hvernig komið er efnahagsmálum þjóðarinnar, en þjóðin gerir sér enn þá grein fyrir. Þess vegna verður að taka upp stjórn á fjárfestingu jafnhliða stjórn gjaldeyrismála, þar sem verkefnum er raðað eftir gildi þeirra fyrir þjóðina, og þau látin ganga fyrir, sem mest þörf er fyrir og aukna atvinnu veita.

Eins og kunnugt er, hefur atvinnurekstur á Íslandi yfirleitt verið rekinn með halla tvö síðustu árin.

Tillögur okkar miða að því að hefja endurreisnarstarfið hjá atvinnuvegunum með frestun greiðslna á afborgunum og vöxtum af föstum lánum, með því að breyta lausaskuldum í föst lán til langs tíma, með aðstoðarlánum í einstökum tilfellum og jafnvel með skuldaskilum, með því að létta sérsköttum af atvinnuvegunum, með lækkun vaxta og breyttu stofnlánakerfi, með auknum rekstrarlánum. Við viljum einnig taka tryggingakerfið til endurskoðunar og sömuleiðis taka dreifingarkerfi olíuverzlana í landinu til athugunar og leita að heppilegustu leið til að sameina það. Það er skoðun okkar, að síendurteknar gengisfellingar hafi í för með sér

spillingu, ýti undir eyðslu og kæruleysi, og að sú lausn, sem farsælust muni reynast þjóðinni og atvinnuvegunum, sé að snúa frá stefnu verðbólgu, eyðslu og gengisfellinga. Við teljum eðlilegt, að leiðbeining og eftirlit sé af hálfu lánastofnana með þeim fyrirtækjum, sem aðstoðarlána þurfa að njóta, til þess að tryggt verði, að fyrirtækið og byggðarlagið njóti þess, sem að sé stefnt. Við viljum einnig undirstrika það, að sú stefna, sem fylgt hefur verið, að leggja háa skatta á atvinnuvegina og styrkja þá svo aftur með beinum framlögum úr ríkissjóði, er að okkar dómi röng stefna, enda hefur reynslan sannað það.

Hér að framan höfum við vikið að nokkrum atriðum, en hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. T. d. höfum við ekki nema lítið eitt vikið að stjórn peningamála, en eðli málsins samkvæmt, þar sem við viljum umfram allt forðast atvinnuleysi, þá viljum við einnig slaka á böndum þeim, sem Seðlabankinn hefur lagt á hluta sparifjár. Til þess að atvinnuvegirnir komist á þann rekspöl, að fram hjá atvinnuleysi verði komizt, verða meiri fjármunir að koma út í atvinnulífið en verið hefur. Stjórn viljum við að sjálfsögðu hafa á sparifé á þann hátt að ákvarða hlut fjárfestingar, rekstrar og hinna almennu viðskipta.

Eins og fram kemur í þeim meginatriðum, sem upp eru talin hér að framan, þurfti þjóðin nú að forðast að tefla í tvísýnu með aðgerðir sínar í efnahagsmálum, ekki eingöngu vegna atvinnuveganna og afkomunnar inn á við, heldur einnig vegna skipta sinna við önnur lönd. Skuldir þjóðarinnar út á við eru nú sem næst 70 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Árið 1958 þurfti hún 5.1% af tekjum sínum af vörum og þjónustu til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Þá töluðu sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn um hættu á þjóðargjaldþroti. En nú eftir tíu ára stjórn þeirra í samfelldu góðæri eru vextir og afborganir 15—18% af hliðstæðum tekjum. Framkvæmdir á árunum 1950—1958, svo sem bygging áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, virkjun við Sog, virkjanir austanlands og vestan, dreifing raforku um landið, uppbygging landbúnaðar o. fl., o. fl., voru sízt minni verðmætasköpun en nú.

Nú ræða stjórnarliðar ekki um hættu á þjóðargjaldþroti, þegar afleiðing af stjórnleysi þeirra hefur lagt á þjóðina slíka gjaldabyrði, að ofraun mun flestum að standa við slíkar skuldbindingar.

Í samræmi við yfirlýsta stefnu flokka okkar, sem rækilega er undirstrikuð í þessu nefndaráliti, getum við ekki fylgt þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að ætla ekki að verja nema lítið eitt hærri fjárhæð til verklegra framkvæmda en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., þegar það var lagt fram. Því var þá lýst yfir, að á þeim vandamálum yrði tekið seinna, en ekki er a. m. k. enn þá farið að áætla fé til verklegra framkvæmda, svo að notagildið verði svipað og fyrir gengisbreytingu.

Við teljum algert ábyrgðarleysi að ætla ekki að hafa neitt óráðstafað fé til að ráða fram úr atvinnumálum á næsta ári og flytjum tillögu um 350 millj. kr. fjárveitingu í því skyni. Lagt er til, að Alþingi og ríkisstjórn skipti fé þessu í samráði við sveitarfélög og stéttarfélög og því verði eingöngu varið til framkvæmda til atvinnuaukningar. Við munum við 3. umræðu gera tillögu um öflun tekna til að mæta þessum útgjöldum.

Við leggjum höfuðáherzlu á það, að ef stefnu stjórnarflokkanna verður endanlega fylgt við fjárlagaafgreiðsluna, svo sem nú virðist stefnt að, veldur það hrikalegum neyzlusamdrætti. Þá er siglt beint inn í atvinnuleysi og fátækt, og þá er tekjuáætlun fjárlagafrv. í miklu meiri hættu en ef tillögum okkar verður fylgt og næg atvinna verður í landinu.

Í nefndaráliti okkar hér að framan höfum við bent á fyrirheit ríkisstjórnarinnar, frá því að hún hóf valdaferil sinn. Við höfum sýnt fram á með dæmum, hvernig hún hefur farið af leið þrátt fyrir mörg góðæri í röð. Við höfum sýnt fram á, að nú hefur þjóðarskútan vegna stjórnleysis ríkisstjórnarinnar hrakizt í brimgarði skulda, gengislækkana, verðbólgu og ótryggs atvinnuástands. Við höfum sýnt fram á hrikaleg áföll, sem þjóðin verður fyrir vegna gengisbreytingarinnar, og

hversu áhættusamt fyrirtæki gengisbreytingin var, þar sem engin tilraun var samtímis gerð til að minnka vandann og ná samstöðu með þjóðinni um þá aðgerð, sem framkvæmd yrði.

Við höfum lýst þeim meginreglum, sem stjórnarandstaðan setti sér við lausn efnahagsmálanna. Við höfum einnig lýst því, hvernig stjórnarandstaðan hugðist vinna þetta verk.

Við höfum sýnt fram á algert áhugaleysi ríkisstjórnarinnar og fullkomið ábyrgðarleysi hennar við að reyna að ná þjóðareiningu um lausn efnahagsvandans. Þar fer hún aðeins að sínum eigin vilja, án nokkurs samstarfs né samráðs við aðra.

Við viljum að lokum undirstrika, að stefna ríkisstjórnarinnar hefur fært henni heim ófarirnar. Stefna, þar sem fjármagnið eitt á að stjórna, lýtur því lögmáli, að henni fylgja stórfelldar hagsveiflur og atvinnuleysi. Vegna þessarar stefnu er þjóðarskútan stödd í brimgarði efnahagsvanda, og með öllu er óvíst, hvað verður farið forgörðum, þegar höfn er náð.

Andstæð þessari stefnu er sú stefna, sem við höfum lýst sem okkar leið út úr vandanum. Þjóðin verður að gera sér grein fyrir þeim stefnumun, sem um er að ræða: Þar er stjórn — gegn stjórnleysi — og maðurinn sjálfur, sem stjórnar, en ekki fjármagnið, það lýtur hans valdi.

Alþingi, 13. des. 1968.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 154. Frumvarp til laga [114. mál]

um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson, Ásgeir Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Setja skal á fót Atvinnumálastofnun á vegum ríkisins, og lýtur hún sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk Atvinnumálastofnunarinnar er:

1. Að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar.
2. Að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, þ. á m. um atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta, á meðan gerð landshlutaáætlana er ekki falin samtökum sveitarfélaga.
3. Að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins.
4. Að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála og þá einkum með því að setja um þau almennar reglur.

3. gr.

Atvinnumálastofnunin skal í starfi sínu hafa sem nánasta samvinnu við stéttarsamtök launþega og atvinnurekenda. Í því skyni ber henni að boða til funda eða ráðstefna með fulltrúum stéttarsamtakanna og sérfræðingum um vandamál einstakra atvinnugreina. Einnig skal stofnunin hafa samstarf við sveitarstjórnir um atvinnumál í umdæmum þeirra.

4. gr.

Framkvæmdaáætlanir samkv. 2. gr. skal afhenda ríkisstjórninni, sem leggur þær fyrir Alþingi til staðfestingar ásamt áætlunum um ríkisframkvæmdir.

Ríkisstjórnin gefur Alþingi öðru hverju skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana.

5. gr.

Forsætisráðherra skipar stjórn Atvinnumálastofnunarinnar til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Stéttarsamband bænda tilnefna einn mann hvert. Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefna sameiginlega einn mann. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna sameiginlega einn mann. Formaður skal sá skipaður, sem bankarnir tilnefna.

6. gr.

Heimilt er stjórn Atvinnumálastofnunarinnar að semja við starfandi ríkisstofnun um að annast skýrslu- og áætlanagerð og afgreiðslu mála fyrir Atvinnumálastofnunina, eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

7. gr.

Með ákvörðunum Atvinnumálastofnunarinnar í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum skal stefnt að hagræðingu fjárfestingar og gjaldeyrisnotkunar í landinu, og skulu þær við það miðaðar, að sú fjárfesting og sú gjaldeyrisnotkun sitji í fyrirrúmi, sem nauðsynlegust er og einkum aðkallandi á hverjum tíma, og þá m. a. sú fjárfesting, sem Alþingi ákveður í fjárlögum. Skal þá sérstaklega haft í huga, að með þessum ákvörðunum sé stuðlað að framleiðslu- og atvinnuaukningu, framleiðni og jafnvægi milli landshluta.

8. gr.

Atvinnumálastofnunin hefur vald til að koma í veg fyrir þá fjárfestingu og þá gjaldeyrisnotkun, sem samrýmist ekki ákvæðum 7. gr. að dómi stofnunarinnar. Ef brýna nauðsyn ber til, er Atvinnumálastofnuninni heimilt að banna tiltekna tegund fjárfestingar eða gjaldeyrisnotkunar um tiltekinn tíma.

9. gr.

Gjaldeyrisráðstöfun og fjárfesting, sem fer í bága við fyrirmæli Atvinnumálastofnunarinnar eða reglur, sem hún setur um þau efni, er óheimil og telst brot á lögum þessum.

10. gr.

Atvinnumálastofnunin birtir greinargerð um ráðstöfun þess fjármagns, sem varið er til fjárfestingar ár hvert.

11. gr.

Nefndarmenn skulu fá þóknun fyrir störf sín samkv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem greiðist af ríkisstofnun þeirri, er samið verður við skv. 6. gr., en kostnaður við framkvæmd laga þessara endurgreiðist stofnuninni úr ríkissjóði eftir samkomulagi við ríkisstjórnina.

12. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skulu sett með reglugerð.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr., og gera skal upptækan til ríkissjóðs gróða af lögbroti hverju sinni.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun er lagt til, að komið verði upp opinberri forustu í atvinnumálum af hálfu þjóðfélagsins í samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins og að Atvinnumálastofnuninni eða stjórn hennar verði jafnframt falin heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála með það fyrir augum, að stefnt verði að sem mestri hagræðingu fjármagns- og gjaldeyrisnotkunar í landinu.

Til þess er ætlazt, að Atvinnumálastofnunin semji áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna, marki stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar og hafi jafnframt forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana í atvinnumálum. Er gert ráð fyrir, að hún beiti sér fyrir því, að haldnir verði fundir eða ráðstefnur og að þangað verði boðaðir fulltrúar stéttarsamtaka atvinnuvega og launþega, sérfræðingar, sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra o. s. frv. Kveðið er á um það, að áætlanir Atvinnumálastofnunarinnar um atvinnumál verði afhentar ríkisstjórninni og að hún leggi þær síðan ásamt framkvæmdaáætlunum ríkisins fyrir Alþingi til staðfestingar, enda gefi ríkisstjórnin Alþingi öðru hverju skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana.

Nú þegar útflutningur hefur minnkað á ný, verð útflutningsvara lækkað og þjóðartekjur dregizt saman, kemur það glöggt fram og vekur margan til umhugsunar, að ekki hefur verið farið búmannlega með efni þjóðarinnar á undanförnum árum. Stjórnendur landsins og ráðunautar þeirra hafa ekki gefið þann gaum er skyldi að séreinkennum íslenzks atvinnulífs, en í stað þess miðað aðgerðir sínar við efnahagsástand háþróaðra iðnaðarþjóðfélaga og litið á þá tekjuaukningu sem hagvöxt, er í rauninni byggðist á hagstæðri sveiflu sjávaraflans, sem er í eðli sínu svipull. Hinum dýrmæta erlenda gjaldeyri, sem þjóðinni áskotnaðist á nokkrum veltiárum, hefur verið sóað, til þess að hér mætti heita frelsi í innflutningsverzlun og utanríkisviðskiptum af ýmsu tagi. Og skort hefur umsjón með því, að þær framkvæmdir, sem þjóðinni er mest þörf á, sitji fyrir fjármagni og vinnuafli. Fjárfestingin hefur verið stjórnlaus. Þess vegna hefur mikið verið framkvæmt, sem að skaðlausu hefði mátt dragast, en hins vegar skort fjármagn og vinnuafl til ýmissa bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Í meðalárferði og þegar þröngt er í þjóðarbúi, verður stjórnleysi í gjaldeyrismálum og fjárfestingarmálum tilfinnanlegra en svo, að við það verði unað. Í meira en 40 ár, eftir að þjóðin varð fullvalda, var líka lengst af talið nauðsynlegt, að þjóðfélagið hefði heildarstjórn á þessum málum að meira eða minna leyti, og fóru þó ýmsir stjórnmálaflokkar með völd á því tímabili. Þá byggði þjóðin líka stundum mikið upp af litlum efnum og við erfiðar kringumstæður og lagði undirstöður, sem að haldi komu síðar.

Nú er því haldið fram af ýmsum, að ekki þurfi að takmarka gjaldeyrisnotkun, því að þeim muni fækka, sem hafi efni á að kaupa erlendan gjaldeyri, þegar búið er að tvöfalda verð hans á einu ári, og að getuleysi margra í fjármálum mun reynast hemill á fjárfestinguna. Þar með er ekki sagt, að gjaldeyrinum og fjármagninu verði réttilega skipt og á þann hátt, sem nauðsyn býður. Það er vafasöm stefna að hafa skortinn fyrir skömmtunarstjóra í staðinn fyrir skynsemina.

Með þessu frv. er stefnt að því, að komið verði á heildarstjórn gjaldeyrismála með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna og gerðar ráðstafanir til að minnka vöruinnflutning og gjaldeyrisnotkun yfirleitt með þeim aðferðum, sem bezt samrýmast almenningshagsmunum. Jafnframt er að því stefnt, að tekin verði upp skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins og að um meiri háttar framkvæmdir fari eftir fyrirframgerðri áætlun, þar sem verkefnum sé raðað og þau látin ganga fyrir, sem þýðingarmest eru. Til greina kemur að banna tilteknar tegundir fjárfestingar um tiltekinn tíma, t. d. 1—2 ár, eins og sumar þjóðir hafa gert, og einnig að koma með öllu í veg fyrir innflutning sumra vara.

Gert er ráð fyrir, að starfandi ríkisstofnun á sviði efnahagsmála, sem hefur sérfróðu og þjálfuðu starfsliði á að skipa, annist framkvæmd þeirrar hagræðingar á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem frv. fjallar um, en að sjálf heildarstjórnin verði í höndum Atvinnumálastofnunarinnar og að sú ríkisstofnun, sem samið verði við, leggi henni þau gögn í hendur, sem hún þarf á að halda og óskar eftir.

Eðlilegt má telja, að það sé í einstökum atriðum að verulegu leyti á valdi Atvinnumálastofnunarinnar sjálfrar, með hvaða aðferðum hún framkvæmir það hlutverk, sem henni er falið. Gert er ráð fyrir því, að hún, a. m. k. fyrst um sinn, beiti valdi sínu einkum til útgáfu á almennum reglum og fyrirmælum, sem gjaldeyrisbankar og aðrar lánastofnanir svo og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, fari eftir, enda veitir frv., ef að lögum verður, þeim allmikið aðhald í því efni. En í frv. felast heimildir til frekari ráðstafana til hagræðingar á þessu sviði, ef Atvinnumálastofnunin telur þeirra þörf.

Varðandi skipan stjórnar Atvinnumálastofnunarinnar samkv. 5. gr. er að sjálfsögðu nokkur vandi á höndum, og koma þar fleiri aðferðir til greina en sú, sem hér er gert ráð fyrir. En samkv. þessu frv. yrði nefndin skipuð fulltrúum atvinnuvega, launþegasamtaka og gjaldeyrisbankanna, en ekki pólitísk nefnd kosin af Alþingi eða skipuð af ríkisstjórn.

Nd. 155. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. des. 1968.

Guðl. Gíslason, form., frsm. | Bragi Sigurjónsson, fundaskr. | Jón Skaftason.
Friðjón Þórðarson. | Matthías Bjarnason. | Hannibal Valdimarsson.
Jónas Árnason.

Ed. 156. Frumvarp til laga [89. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

Samhljóða þskj. 112 með þessum breytingum:

9.—18. gr. hljóða svo:

9. gr.

Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa á leigutímanum.

II. KAFLI
Um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

10. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 360.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, óverkuðum söltuðum smáfiski, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski, öðrum en smáfiski, og nýjum og ísvörðum fiski.

   Þó getur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.
6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl., 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjáarútvegsmálaráðuneytið setur.

11. gr.

3. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	80.0%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	12.7%
3.	Til Fiskimálasjóðs	3.5%
4.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips	2.0%
5.	Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.8%

6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.5%
7. Til samtaka sjómanna, skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur 0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl., 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

13. gr.

5. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga, um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslenzks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

14. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra frá og með 15. nóvember 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarafurðir framleiddar til og með 14. nóvember 1968 eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 53 2. maí 1968, og fer skipting þess eftir þeim lögum. Skulu gjöld af fob-verðmæti þeirrar framleiðslu miðuð við það gengi, er gilti til 11. nóvember 1968, enda hafi afurðirnar ekki verið undanþegnar greiðslu mismunar hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð.

Útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968.

III. KAFLI

Um ráðstöfun gengishagnaðar.

15. gr.

Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. 17. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—f þessarar greinar:

a) Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
b) Allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða ársins 1968.
c) Allt að 40 m.kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968,
d) Allt að 3 m.kr. til framleiðenda saltsíldar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu síldar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.
e) Allt að 20 m.kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.
f) Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

16. gr.

Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málsgr. 15. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

17. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a) Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps af lánum vegna fiskiskipa, sem byggð hafa verið erlendis, svo og síldarflutningaskipa.
   Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
b) Allt að 16.4% gangi til þess að auðvelda síldveiðibátum, sem stunduðu veiðar á Norðausturmiðum sumarið og haustið 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
c) Allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðjanna.
   Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Síldarverksmiðjum ríkisins vegna rekstrar leiguskips til síldarflutninga á sumarvertíð 1968, eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.
d) Allt að 18.2% gangi til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa..

e) Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

18. gr.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, eru úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.

Ed. 157. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Greiðsla stofnfjárgjalds“ í 6. línu komi: Greiðsla stofnfjársjóðsgjalds skv. þessari grein.
2. Við 10. gr. Á eftir „hertum þorskhausum“ í 1. tölulið komi: skelfiski.
3. Við 15. gr. Á eftir d-lið bætist við nýr liður:
   Allt að 6 m.kr. til Síldarútvegsnefndar vegna síldarflutninga af fjarlægum miðum 1968.
4. Við 17. gr. a. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps vegna fiskiskipa og síldarflutningaskipa.
5. Við 17. gr. b. Í stað orðanna „Allt að ..... á Norðausturmiðum“ komi: Allt að 16.4% gangi til að auðvelda bátum, sem síldveiðar stunduðu.
6. Við 17. gr. b. Á eftir orðunum „greiðslur þessar“ í síðari mgr. komi: í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við verðlagningu Norður- og Austurlandssíldar sumarið 1968 og.

Nd. 158. Frumvarp til laga [4. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. des.)

Samhljóða þskj. 4 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.

Sveitarstjórn ákveður tölu heilbrigðisnefndarmanna, en þó skulu ekki færri en 3 menn eiga sæti í nefndinni.

Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt 2. málsl. 1. málsgr. skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu umdæma.

Sveitarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar úr hópi nefndarmanna.

5. gr. hljóðar svo:

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir eins og annars staðar í lögum þessum, þar sem vikið er að héraðslæknum) er faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar.

Hann getur krafizt þess, að heilbrigðisnefndarfundur sé haldinn, þegar honum þykir þörf, og sömuleiðis getur hann krafizt þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum.

Héraðslækni er skylt að sitja heilbrigðisnefndarfundi í því sveitarfélagi, þar sem hann er búsettur, þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni, og heimilt er honum að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans. Á fundum hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Skal tilkynna honum í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers fundar. Nú situr héraðslæknir ekki heilbrigðisnefndarfund, og skal þá senda honum afrit af fundargerð þegar að fundi loknum.

7. gr. hljóðar svo:

Í hverjum kaupstað með 10 000 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, sem er sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þannig að ekki komi að jafnaði fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur landlæknir þó heimilað, að ráðinn sé annar maður í starfið um stundarsakir, eða þar til völ er á sérmenntuðum manni. Starf heilbrigðisfulltrúa samkvæmt þessari málsgr. skal teljast fullt starf.

Í hverjum kaupstað með færri en 10 000 íbúum og í hverjum kauptúnshreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kauptúninu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa, og ákveður sveitarstjórn daglegan eða vikulegan starfstíma hans.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem um getur í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal ráða heilbrigðisfulltrúa með sama hætti og segir í 2. málsgr., þegar sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Heimilt er sveitarfélögum með samningi að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en ekki mega að jafnaði koma fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.

Áður en ráðinn er heilbrigðisfulltrúi samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, skal leita álits landlæknis um undirbúningsmenntun umsækjenda, og má ráða þann einn, sem er sérmenntaður til slíks starfs að dómi hans, sbr. þó annan málsl. 1. málsgr.

Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum í heilbrigðisreglugerð og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Heilbrigðisfulltrúi annast, undir umsjón héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar samkvæmt nánari fyrirmælum erindisbréfs.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er ekki, skipta heilbrigðisnefndarmenn eftirlitsstarfseminni með sér undir umsjón héraðslæknis og eftir nánari ákvörðun formanns heilbrigðisnefndar.

Sþ. 159. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Fjárlög].

I. *Frá Magnúsi Kjartanssyni.* Þús. kr.

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 321 0 80 — Kennaraskólinn. Gjaldfærður stofnkostnaður).

Fyrir „840“ kemur 5 840

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*

1. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 801 0 80 — Landsbókasafn. Gjaldfærður stofnkostnaður).
Fyrir „1 575“ kemur 3 000
2. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 808 0 91 — Listasafn ríkisins. Til fyrirtækja í B-hluta).
Fyrir „400“ kemur 5 000

III. Frá *Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 882 08 Leiklistarstarfsemi).
Fyrir „1 300“ kemur 2 000

IV. Frá *Magnúsi Kjartanssyni, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*

1. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 882 14 Listamenn).
a. Fyrir „4 215“ kemur 8 000
b. Nýr liður:
Til listkynningar um landið samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs 1 000
2. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 883 03 Vísinda- og fræðimenn).
Fyrir „530“ kemur 1 000

V. Frá *Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*

1. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 899 17 Til Leikfélags Reykjavíkur).
Fyrir „500“ kemur 1 000
2. Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05 999 30 Ungmennafélag Íslands).
Fyrir „250“ kemur 1 000

VI. Frá *Jónasi Árnasyni.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05 999 33 Æskulýðsnefnd Borgarfj.- og Mýrasýslna).
Fyrir „25“ kemur 100

Sþ. 160. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Fjárlög].

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HS, GeirG, IG, ÁÞ).

Við brtt. 2. (Við 4. gr. 1 05 999). Nýr liður:

		Þús. kr.
01	Til framkvæmda í því skyni að tryggja atvinnu. Fénu skal ráðstafað af Alþingi og ríkisstjórn í samráði við sveitarfélög og stéttarfélög á viðkomandi stöðum	350 000

Nd. 161. Frumvarp til laga [89. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. des.)

I. KAFLI
Um ákvörðun fiskverðs og stofnfjársjóð.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 15. nóvember 1968, og gilda ekki skemur en til loka fyrsta verðlagstímabils ársins 1969, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar, nr. 180 1962.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þó skal greiða 20% af verði síldar og humars. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla stofnfjársjóðsgjalds skv. þessari grein kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Um ráðstöfun tekna stofnfjársjóðs fer eftir ákvæðum laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjársjóðs, þegar afli er seldur til neyzlu innanlands.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki hlutdeild í útgerðarkostnaði, er nemi 17% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla kostnaðarhlutdeildar kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Kostnaðarhlutdeild kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna, og gildir þetta einnig um alla ráðstöfun tekna úr Stofnfjársjóði fiskiskipa.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 22% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hluts samkvæmt kjarasamningum. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

5. gr.

Í stað 4. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Stofnfjársjóðsgjöld, er greiðast til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, skulu leggjast inn á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af. Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Sé innstæða á slíkum reikningi

lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

6. gr.

Í stað 5. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði hálfsárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað hérlendis eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélag Íslands.

7. gr.

Í stað 6. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóði hafa borizt skýrslur þær, er um ræðir í 5. gr., skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjársjóðsgjalda á reikninga fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjársjóðsgjöld, sem af þeim ber að greiða. Framlagi ríkissjóðs 1968, 124 m.kr., ber að skipta á milli fiskiskipa í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. janúar til 14. nóvember 1968 samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands.

8. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa á leigutímanum.

II. KAFLI

Um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

10. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 360.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, óverkuðum söltuðum smáfiski, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski, öðrum en smáfiski, og nýjum og ísvörðum fiski.

   Þó getur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.
6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl., 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

11. gr.

3. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	80.0%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	12.7%
3.	Til Fiskimálasjóðs	3.5%
4.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips	2.0%
5.	Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.8%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7.	Til samtaka sjómanna, skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur	0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl., 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

13. gr.

5. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga, um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslenzks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

14. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra frá og með 15. nóvember 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarafurðir framleiddar til og með 14. nóvember 1968 eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 53 2. maí 1968, og fer skipting þess eftir þeim lögum. Skulu gjöld af fob-verðmæti þeirrar framleiðslu miðuð við það gengi, er gilti til 11. nóvember 1968, enda hafi afurðirnar ekki verið undanþegnar greiðslu mismunar hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð.

Útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968.

III. KAFLI

Um ráðstöfun gengishagnaðar.

15. gr.

Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. 17. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—g þessarar greinar:

a) Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
b) Allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða ársins 1968.
c) Allt að 40 m.kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968.
d) Allt að 3 m.kr. til framleiðenda saltsíldar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu síldar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.
e. Allt að 6 m.kr. til Síldarútvegsnefndar vegna síldarflutninga af fjarlægum miðum 1968.

f) Allt að 20 m.kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.
g) Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

16. gr.

Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málsgr. 15. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

17. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a) Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps vegna fiskiskipa og síldarflutningaskipa.
   Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
b) Allt að 16.4% gangi til að auðvelda bátum, sem síldveiðar stunduðu sumarið og haustið 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við verðlagningu Norður- og Austurlandssíldar sumarið 1968 og að fenginni umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna.
c) Allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðjanna.
   Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Síldarverksmiðjum ríkisins vegna rekstrar leiguskips til síldarflutninga á sumarvertíð 1968, eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.
d) Allt að 18.2% gangi til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.
e) Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

18. gr.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, eru úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.

Nd. 162. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en á það gat minni hl. ekki fallizt.

Við undirritaðir nefndarmenn erum að sjálfsögðu samþykkir þeirri meginstefnu frumvarpsins, að verja skuli gengishagnaði vegna útflutnings afurða, sem framleiddar eru fyrir 15. nóv. 1968, „í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.“ En við teljum sjálfsagt, að Alþingi kveði á um ráðstöfun fjárins í meginatriðum, en feli síðan landbúnaðarráðuneytinu að setja nánari reglur um greiðslu þess í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins eða að fengnum tillögum þess. — Það væri í fullu samræmi við ákvæði stjórnarfrumvarps um ráðstöfun gengishagnaðar sjávarútvegsins, eins og það mál var lagt fyrir efri deild.

Það er kunnugt, að skoðanir eru skiptar um það, á hvern hátt verja skuli gengishagnaði landbúnaðarins. Við undirritaðir teljum þó einsætt, að hann eigi að nota til þess að stuðla að því, að bændur fái grundvallarverð fyrir framleiðsluna.

Skýr lagaákvæði, sem gilt hafa um árabil, mæla svo fyrir, að „tekjur þeirra, er landbúnað stunda, skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“

Árlegir útreikningar Hagstofu Íslands á tekjum hinna ýmsu starfsstétta þjóðfélagsins benda hins vegar til þess, að bændastéttin hafi aldrei náð þessu tekjujafnrétti um langt árabil, enda þótt hið skráða verð hafi náðst, sem að vísu hefur ekki nándar nærri alltaf tekizt. Og hin síðustu ár hefur í einstökum tilvikum skort mikið á, að sláturleyfishafar hafi getað skilað grundvallarverði fyrir alla vöruflokka.

Vegna hinnar gífurlegu verðbólguþróunar hér á landi hefur bilið á milli grundvallarverðsins og þess verðs, er fæst fyrir útflutninginn, stöðugt farið vaxandi. Lögákveðnar útflutningsbætur hrökkva nú ekki lengur til þess að tryggja bændum grundvallarverð fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem fluttur er úr landi. Þó hefur fyrir atbeina bændasamtakanna og framleiðsluráðs verið dregið stórlega úr útflutningi þeirra vara, sem óhagstæðastar eru til útflutnings, þ. e. mjólkurvaranna.

Með verðmiðlunargjaldi hafa bændur þegar tekið á sig tæpl. 50 millj. króna lækkun frá skráðu verði á framleiðslu verðlagsársins 1967—68, og vantar þó mjög mikið á, að öll kurl séu komin til grafar á því ári. Og framleiðslu- og útflutningsáætlun fyrir verðlagsárið 1968—69 bendir til þess, að svo mikið vanti á, að grundvallarverð náist á því ári, að áætlaður gengishagnaður geri ekki betur en brúa það bil eitt saman.

Þegar hér við bætist, að gengislækkunin, sem sagt er að gerð sé fyrir útflutningsframleiðsluna, hefur sem slík neikvæð áhrif á landbúnaðinn, þar sem aðeins lítill hluti af framleiðslu hans selst á erlendum markaði, en meginþorri rekstrarvaranna er innfluttur, þá teljum við eðlilegt og óhjákvæmilegt, að gengishagnaði af landbúnaðarvörum verði varið til þess, svo langt sem hann nær, að greiða fyrir því, að bændur fái í sínar hendur hið lögskráða verð framleiðslunnar.

Í samræmi við ofanritað leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 2. málsgrein, 4. gr. laga frá 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal nota til verðuppbóta

á útfluttar landbúnaðarafurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966, allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Landbúnaðarráðherra setur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nánari reglur um greiðslu fjárins.

Alþingi, 12. des. 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Stefán Valgeirsson.

Sþ. 163. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Fjárlög].

I. Frá *Steingrími Hermannssyni.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 232 02 Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins).

	Þús. kr.
Fyrir „1 161“ komi	1 661

II. Frá *Magnúsi Kjartanssyni* og *Kristjáni Thorlacius.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 772 Lánasjóður íslenzkra námsmanna).

Fyrir „44 752“ kemur	70 000

Nd. 164. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, en þá fellur niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 72 frá 29. nóvember 1967 var sú breyting gerð, að verðlagsnefnd var skipuð samkvæmt tilnefningu þannig: 3 nefndarmenn skyldu skipaðir sam-

kvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu er áfram formaður nefndarinnar. Þessi ákvæði laganna voru sett til bráðabirgða og gilda aðeins til ársloka 1968.

Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að halda þessari skipan áfram og jafnframt gert ráð fyrir, að verðlagsnefnd sé skipuð til fjögurra ára í senn.

Nd. 165. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í framhaldi af 4. mgr., á eftir orðunum „greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda“, komi: hafi þau ekki samið um greiðslu kostnaðar eftir öðrum reglum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja öðrum breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 12. des. 1968.

Guðlaugur Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson. frsm.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Matthías Bjarnason.
	Jónas Árnason.	

Nd. 166. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á 4ra ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um skólakostnað, sem samþykkt voru á Alþingi í apríl 1967, er ráð fyrir því gert, að framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptist á 2—3ja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar, en samkvæmt fyrri lögum var um 5 ára

greiðslutímabil að ræða. Var ætlunin, að fjárveitingar til nýrra skólamannvirkja í fjárlögum fyrir árið 1969 væru miðaðar við 3ja ára greiðslutímabil. Við meðferð fjárlagafrumvarpsins hefur komið í ljós, að það mundi valda óeðlilegri röskun að stytta greiðslutímabilið skyndilega úr 5 árum í 3. Mundi það hafa í för með sér meiri fækkun nýbygginga en eðlileg er, miðað við núverandi aðstæður. Er því í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að stytting greiðslutímabilsins sé gerð í áföngum, þannig að það verði 4 ár í sambandi við þá skóla, sem byrjað verður að byggja á næsta ári, en 3 ár frá og með árinu 1970.

Nd. 167. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956 eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í heimspekideild.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. janúar 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar starf æviskrárritara varð laust á s. l. vetri, fóru fram viðræður milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um möguleika á að tengja þá starfsemi, sem æviskrárritara er ætlað að hafa með höndum, rannsóknum í mannfræði og ættfræði við Háskóla Íslands. Í framhaldi af þessum viðræðum var ákveðið að flytja frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við Háskóla Íslands, og skyldi prófessorinn jafnframt taka við störfum æviskrárritara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hið nýja prófessorsembætti verði tengt við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda, en hann er afkastamikill fræðimaður á sviði íslenzkrar ættfræði.

Kostnaðarauki af stofnun prófessorsembættis þess, sem hér um ræðir, ætti ekki að verða annar en mismunur á launum æviskrárritara eftir fyrri skipan og prófessors, þ. e. milli 20. og 26. launaflokks starfsmanna ríkisins.

Nd. 168. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til laga um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp, samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi. Það var borið fram í upphafi þingsins, og var því vísað til fjárhagsnefndar. Nefndinni bárust meðmæli með

frv. frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda. Rétt fyrir þinglokin samþykkti meiri hl. þingdeildarinnar að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Engar tillögur hafa komið frá ríkisstjórninni um þetta mál. Frumvarpið var því endurflutt snemma á því þingi, er nú situr, og vísað til fjárhagsnefndar. Nefndin afgreiddi málið á fundi sínum 11. þ. m., og vill meiri hl. nefndarinnar vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Ég undirritaður legg hins vegar til, að frumvarpið verði samþykkt. Ég tel rétt og skylt að greiða atvinnurekendum þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda. Það er að mínum dómi mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir, þegar aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir sín störf.

Ég tel, að atvinnurekendur séu búnir að bíða of lengi eftir því að fá þóknun fyrir innheimtustörfin, og ekki sé sæmilegt að fresta því lengur að ákveða greiðslur til þeirra fyrir þá miklu vinnu og áhættu, sem þessum störfum fylgir.

Það er því tillaga mín, eins og áður segir, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1968.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 169. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Fjárlög].

I. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 01 882 16). Liðurinn orðist svo:

	Þús. kr.
Til Bandalags íslenzkra listamanna til að standa straum af myndlistarsýningum utanlands og innan	300

II. Frá *Björgvin Salómonssyni.*

Við brtt. 2. (Við 4. gr. — 1 05 699 02). Liðurinn orðist svo:

Vatnsveitur samkv. lögum, þar af til vatnsveitu Vestmannaeyja 25 millj. kr.	30 000

Sþ. 170. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 143 [Fjárlög].

Frá Skúla Guðmundssyni, Sigurvin Einarssyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Við brtt. 3. (Við 5. gr. — 2 06 911 Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

Við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:

Óheimilt er að veita nokkrum öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um eflingu iðnrekstrar.

Flm.: Einar Ágústsson, Stefán Valgeirsson, Halldór E. Sigurðsson, Kristján Thorlacius, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að leggja fyrir rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsóknar í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geta hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Jafnframt verði kannað, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar og tiltækar til þess að búa sem allra flestar iðngreinar þannig í stakk, að þær geti mætt samkeppni frá öðrum þjóðum. Áliti verði skilað sem fyrst og það birt almenningi, svo að orðið geti m. a. til leiðbeiningar þeim, sem vilja hefja nýjan iðnrekstur.
2. Að sérstök lánafyrirgreiðsla verði veitt þeim iðnfyrirtækjum, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti, og komið á sérstöku útflutningslánakerfi.
3. Að rekstrarlán til iðnaðar verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina.
4. Að felldur verði niður innflutningur iðnaðarvara á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar hér á landi með atvinnulega hagkvæmum árangri, og íslenzk fyrirtæki látin annast þau verk, sem þau eru fær um að annast þannig, að talizt geti þjóðhagslega hagkvæmt.
5. Að tryggja, að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og aukin í landinu, og jafnframt verði hafin smíði fiskibáta á vegum ríkisins með það fyrir augum að endurnýja og efla þann hluta fiskiflotans, sem einkum aflar hráefnis til vinnslu í hraðfrystihúsum.

Greinargerð.

Íslendingar hljóta eins og aðrar þjóðir að stefna að því að auka fjölbreytni atvinnuvega sinna. Því fremur gildir þetta hér á landi en víðast hvar annars staðar, að atvinnuvegir okkar hafa frá upphafi vega verið einhæfir, og útflutningsframleiðslan hefur verið og er enn að yfirgnæfandi meiri hluta einskorðuð við sjávarafurðir.

Litlar líkur eru á því, að landbúnaður og sjávarútvegur geti tryggt þjóðinni næga atvinnu og góða afkomu á komandi árum, þótt þeir hafi vissulega mikil vaxtarskilyrði og sjálfsagt sé að efla þá með öllum tiltækum ráðum. Með þeim verður þó ekki allur vandinn leystur, stóraukinn iðnaður þarf einnig til að koma, ef vel á að ganga, enda beinist nú athyglin að þeim atvinnuvegi í vaxandi mæli.

Löngum hefur verið um það rætt, að eðlilegt sé, að Íslendingar stundi framleiðslu iðnvöru úr innlendum hráefnum, og víst er um það, að þar þarf að herða róðurinn kappsamlega. Þó má ekki einskorða sig við þetta, heldur taka fullt tillit til þess líka, hvað hagfelldast er til vinnslu og öruggastur grundvöllur er fyrir, að því er tekur til öflunar hráefnis og sölu framleiðslunnar.

Frá ýmsum nágrannaþjóðum okkar liggja fyrir upplýsingar um það, að mikill hluti af útflutningi þeirra er unninn úr innfluttum hráefnum þar. Ýmiss konar iðnaður ætti að geta haft svipaða aðstöðu hér á landi og sams konar framleiðsla í nágrannalöndunum, þótt líklegt megi telja, að framleiðsla úr innlendum hráefnum verði okkur hagfelldust.

Þrátt fyrir örðugar aðstæður hefur risið upp talsverður iðnaður á Íslandi á síðari áratugum, þótt stöðnun hafi verið í flestum greinum hans á allra síðustu

árum. Þessu valda aðallega tvær ástæður, takmarkað fjármagn og hóflaus innflutningur erlendra iðnaðarvara. Íslenzki markaðurinn er svo lítill, að á mörgum sviðum er ekki starfsgrundvöllur nema fyrir eitt vel rekið fyrirtæki, og sýnir þetta m. a., hversu háskaleg áhrif ótakmarkaður innflutningur iðnaðarvarnings getur haft á þróun innlends iðnaðar. Þá er alþekktur sá fjármagnsskortur, sem þjakað hefur íslenzk iðnaðarfyrirtæki og leitt hefur til þess, að nú hafa mörg þeirra orðið að draga reksturinn saman og segja upp starfsfólki, en önnur hafa þegar lagt niður alla starfsemi.

Margir hafa orðið til þess á undanförnum árum að lýsa stuðningi sínum við eflingu íslenzks iðnaðar, en mikið vantar á, að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar í því efni. Þvert á móti hefur meiri hluti Alþingis allt of oft snúizt öndverður við þeim tillögum, sem bornar hafa verið fram um þessi mál. Flutningsmenn þessarar tillögu vilja enn freista þess að fá Alþingi til að lýsa þeim eindregna vilja sínum, að málefni þessarar þýðingarmiklu atvinnugreinar verði skoðuð í heild og leiðir fundnar til úrbóta. Því er tillagan flutt.

Fyrsti liður tillögunnar fjallar um athugun og rannsókn þess, hvaða iðngreinar geta hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Slíka athugun hefði vitanlega þurft að gera fyrir löngu og niðurstöður hennar hafðar að leiðarljósi um það, hvaða greinar iðnaðar hér ætti að leggja áherzlu á. Mundi margt vera hér á annan og betri veg, ef á þetta ráð hefði verið brugðið. En sérstaklega brýn er slík athugun þó nú, eftir að ríkisstjórnin hefur lagt fram umsókn um inngöngu í Fríverzlunarbandalag Evrópu. Er raunar vandséð, hvernig fulltrúar Íslands við þá samningagerð eiga að halda á málum, meðan fullkomin óvissa ríkir um það, hvernig Íslendingar ætla að koma þessum málum fyrir. Hlýtur það að teljast vitaverð meðferð EFTA-málsins að nota ekki tímann betur en gert var, en í skýrslu EFTA-nefndarinnar svonefndu segir svo um þetta atriði: „Slík rannsókn á málefnum iðnaðarins og einstökum greinum hans, sem legið gæti til grundvallar mótunar alhliða stefnu í iðnaðarmálum, er **megin verkefni, sem bíður úrlausnar.**“

Um þessi fráleitu vinnubrögð þýðir vitanlega ekki lengur að sakast, heldur verður tafarlaust að hefja umrædda rannsókn og hraða henni svo sem framast er unnt. Framtíðarlífsskilyrði þjóðarinnar í landinu eru undir því komin, að vel takist til um þessi efni.

Jafnframt þessu verði kannað, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar og tiltækar til þess að búa sem allra flestar iðngreinar þannig í stakk, að þær geti mætt samkeppni frá öðrum þjóðum, og er þá átt við þær iðngreinar, sem þegar eru á fót komnar.

Þessa athugun alla viljum við fela rannsóknaráði ríkisins í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, og álitið skal birt almenningi, svo að orðið geti m. a. til leiðbeiningar þeim, sem hefja vilja nýjan atvinnurekstur.

Annar töluliður tillögunnar fjallar um sérstaka lánafyrirgreiðslu til þeirra iðnfyrirtækja, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti, og að komið verði upp sérstöku útflutningslánakerfi, og teljum við flutningsmenn slíkar ráðstafanir nauðsynlegan lið í þeirri uppbyggingu iðnaðar, sem tillagan stefnir að.

Þriðji töluliðurinn er um það, að rekstrarlán til iðnaðarins verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina, en þrátt fyrir samþykktir Alþingis þar að lútandi hefur enn ekki tekizt að koma málum þann veg fyrir, að iðnaðurinn njóti jafnréttis.

Í fjórða lið er vikið að því, að felldur verði niður innflutningur iðnaðarvara á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar hér á landi með atvinnulega hagkvæmum árangri. Það er skoðun flutningsmanna, að íslenzkur iðnaður þurfi að þróast stöðugt ár frá ári, en allt of mikil brögð hafa verið að því hér, að breytingar í iðnaði hafa gerzt í stórum stökkum. Stundum hafa komið góðir sprettir, ný fyrirtæki hafa risið upp, nýjar vélar keyptar, hús reist o. s. frv. Nokkru

síðar hefur svo innfluttur iðnvarningur, stundum niðurgreiddur í heimalandinu, flætt inn í landið og kippt fótunum undan íslenzkum fyrirtækjum í viðkomandi framleiðslugrein. Afleiðingin er sú, að fyrirtækin loka, vélarnar grotna niður og starfsfólkið týnir niður því, sem það var búið að læra í iðn sinni.

Næst þegar allur gjaldeyrir er uppétinn, ráðamönnum hugkvæmist á ný, að hægt sé að framleiða vöruna innanlands, og málshættir eins og „hollur er heimafenginn baggi", „sjálfs er höndin hollust" o. s. frv., verða vinsælir á ný, þarf að byrja frá grunni með nýjum vélum og óvönum mannskap, vegna þess að gömlu vélarnar eru ónýtar og fólkið búið að gleyma. Svona happa- og glappaaðferð verður að leggja til hliðar, en snúa sér í staðinn að því að koma hér upp stöðugum iðnrekstri með þjálfuðu starfsliði. Árangurinn mun skjótt koma í ljós í bættum framleiðsluvörum, því að íslenzkt iðnaðarfólk hefur margsinnis sýnt í verki, að það stendur jafnfætis því, sem annars staðar gerist, ef aðstaða þess er sambærileg. En samfelld þróun iðnaðarins má ekki vera háð duttlungum erlendra framleiðenda, sem hvenær sem er geta að öllu óbreyttu kaffært allt íslenzkt framtak í þessu efni.

Alveg á sama hátt er að okkar dómi sjálfsagt að láta íslenzk fyrirtæki annast þau verk, sem þau eru fær um að sjá um þannig, að talizt geti þjóðhagslega hagkvæmt, og fjallar síðari hluti 4. liðar tillögunnar um það.

Síðasti liður tillögunnar er um það, að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og aukin í landinu og jafnframt verði hafin smíði fiskibáta á vegum ríkisins með það fyrir augum að endurnýja og efla þann hluta fiskiflotans, sem einkum aflar hráefnis til vinnslu í hraðfrystihúsum. Er þar vikið að iðnaði, sem ótvírætt hefur sýnt að hagkvæmt er að leggja stund á. Þörf þjóðarinnar fyrir skipin minnkar ekki, og gífurlegar fjárhæðir hafa á umliðnum árum verið fluttar úr landi, vegna þess að ekki hefur verið hirt um að fela íslenzkum skipasmiðum þessi verkefni.

Margt fleira kemur til greina til eflingar iðnrekstri en þeir 5 liðir, sem í tillögunni eru nefndir, en flutningsmenn telja, að mjög mundi skipta um til hins betra, þótt ekki væri meira að gert en hér hefur verið drepið á.

Sþ. 172. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1968 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 7. febrúar 1969.

Nd. 173. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „eftir að leitað hefur verið umsagnar" í 4. mgr. komi: að fengnu samþykki.
b. Fyrir „kr. 4000.00" í 7. mgr. komi: kr. 10 000.00.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki veita, selja eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

6. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

7. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

8. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 1500—15 000, og í stað „1600—20 000“ komi: 3000—30 000.

9. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 40. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—5000.

10. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—2000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—10 000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

11. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—8000, og í stað „400—16 000“ komi: 1000—16 000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsgr. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

12. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—5000 króna sekt og neytanda 500—4000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—10 000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsgr. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

13. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

14. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 800—4000, og í stað „800—4000“ komi: 1600—8000.

15. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16 000“ komi: 500—20 000.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1969.

17. gr.

Gjald samkvæmt 1. gr. a-lið skulu sveitarstjórnir leggja á bændur ár hvert samkvæmt skýrslum forðagæzlumanna, og skal sú gjaldskrá liggja frammi jafnhliða skrám um opinber gjöld. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu gjaldsins, sem er frádráttarbært til útsvars og tekjuskatts. Gjöld til sjóðsins samkvæmt b- og c-lið skulu þeir, sem selja umræddar vörur, innheimta af þeim, er þeir selja vöruna, og skila ársfjórðungslega til sjóðsins. Óheimilt er að reikna gjöld þessi með til álagningar. Búnaðarbanki og ríkissjóður greiða framlög sín ársfjórðungslega til sjóðsins. Skulu þær greiðslur áætlaðar fyrir fram af sjóðstjórn, en of- eða vangreitt jafnað í árslok.

3. gr.

Stjórn hagtryggingarsjóðs skipa 3 menn, 2 kjörnir af Stéttarsambandi bænda, en 1 skipaður af ráðherra, og er sá jafnframt formaður sjóðstjórnar. Skipa skal í sjóðstjórn á 4 ára fresti, í fyrsta sinn strax og lög þessi öðlast gildi. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir í stjórnina með sama hætti.

Ráðherra ákveður þóknun til sjóðstjórnarmanna.

4. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast reikningshald og daglega afgreiðslu hagtryggingarsjóðs landbúnaðarins endurgjaldslaust, og skal sjóðurinn vera í vörzlu hans. Handbært fé sjóðsins skal Búnaðarbankinn ávaxta, eftir því sem við verður komið, í útibúum sínum á þeim stöðum, þar sem fé hans fellur til. Ef handbært fé hagtryggingarsjóðs verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu bóta samkv. lögum þessum, er stjórn hans heimilt að ávaxta þann hluta fjárins í útlánum til landbúnaðarins og framleiðslufyrirtækja hans gegn öruggu fasteignaveði eða ábyrgð ríkissjóðs. Ætíð skulu þó fasteignaveðlán sjóðsins bundin 1. eða 2. veðrétti, og aldrei mega þau nema hærri upphæð en ¼ af brunabótaverði viðkomandi fasteignar.

5. gr.

Úthlutun bótafjár annast sjóðstjórn að fengnum tillögum 5 manna nefndar í hverju kjördæmi. Skulu búnaðarsamtök bænda innan hvers kjördæmis kjósa þessar trúnaðarnefndir, og er kjörtími þeirra hinn sami og sjóðstjórnar, þ. e. 4 ár. Þessar tillögunefndir um úthlutun bótafjár kjósa sér sjálfar formann og ritara og eru ólaunaðar af sjóðsins hálfu. Þær starfa eftir reglugerð, sem þær semja eftir fyrirmynd, er sjóðstjórnin lætur þeim í té.

6. gr.

Rétt til bóta úr hagtryggingarsjóði eiga þeir, sem eru búandi menn að aðalatvinnu og hafa svo verið næstliðið ár fyrir bótatöku. Heimilt skal þó, ef sérstakar ástæður þykja til, að veita bætur þegar á fyrsta búskaparári manns. Bótaskylt telst úr hagtryggingarsjóði:

a. 20% fóðurbrestur eða meir vegna sprettuleysis, kals eða annars illæris af völdum veðráttu eða náttúruhamfara.
b. 20% missir bústofns eða meir vegna náttúruhamfara, svo sem veðurs, vatnsflóða, eldgoss, jarðskjálfta og skriðufalla.
c. Umtalsverð spjöll af náttúruhamförum eða eldi á fasteignum og græddu landi, er aðrar tryggingar ná ekki til.

Bætur skulu vera ¾ af metnum skaða, og annast tillögunefndir þær, sem kjörnar eru samkv. 5. gr., það mat. Aldrei skal þó greiða hærri bætur en sjóðurinn endist til.

Ekki skal bæta tjón, ef það stafar af ásetningi eða vítaverðu gáleysi þess, sem bætur ætti að hljóta.

7. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, er stjórn hagtryggingarsjóðs lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást hjá trúnaðarnefndum sjóðsins í hverju kjördæmi og oddvitum sveitarstjórna. Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að hægt sé að úrskurða bætur.

Umsóknir skulu sendar trúnaðarnefndum hagtryggingarsjóðs til fyrirgreiðslu.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að fengnum tillögum Stéttarsambands bænda og Búnaðarbanka Íslands.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 25 000.00 kr. til hagtryggingarsjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Ísland er áfallasamt til atvinnurekstrar, bæði til lands og sjávar, vegna misæris. Mundi því fátt stoða atvinnuvegi okkar betur en öflugar tryggingar, sem gætu borið verstu áföllin af. Ýmislegu í þá átt höfum við komið á stofn, sem gefið hefur góða raun, en betur má, ef vel á að vera. Ríður þá á miklu, að atvinnuvegirnir sjálfir renni meginstoðunum undir hagtryggingar sínar, því að þannig finna þeir, er þá stunda og reka, mest til ábyrgðar sinnar varðandi það, að vel farnist, eftir því sem föng framast leyfa.

Hér er lögð fram tillaga um stofnun hagtryggingarsjóðs landbúnaðarins og bændum ætlað að byggja hann upp að verulegum hluta sjálfum og hafa á honum stjórn að meiri hluta. Takist vel til um stofnun slíks sjóðs og framkvæmd, mætti svo fara, að landbúnaður okkar öðlaðist drjúgum meira öryggi um afkomu en hann býr við nú, jafnframt því sem hann hlyti af því aukna reisn og viðgang að koma á samtryggingu gagnvart ýmiss konar áföllum, en þyrfti sjaldnar og minna að leita til hins opinbera, þó að hallaði á hesti.

Umdeilanlegt er hins vegar, af hvaða einingum skuli reikna tillög til slíkra tryggingasjóða og hve há slík tillög megi vera, svo að þau ofbjóði ekki þeim, er

atvinnuveginn stunda. Varðandi landbúnaðinn er hér horfið að því ráði að miða framlögin við undirstöðurekstrareiningar, en ekki framleiðslu. Samkv. upplýsingum Hagstofunnar lætur nærri, að á undanförnum 3 árum hafi heyfengur bænda verið um 3.2 millj. hestburða á ári, meðalkjarnfóðurnot yfir sama tíma um 48 þús. lestir árlega og meðaláburðarnot samkv. upplýsingum Áburðarverksmiðjunnar reynzt 53 þús. lestir á ári. Gæfi þetta þannig um 25 millj. kr. í árstekjur í hagtryggingarsjóð, 2.5 millj. frá B. Í. og loks 27.5 millj. kr. frá ríkinu, þannig að tekjur sjóðsins næmu um 55 millj. kr. á ári, miðað við líkar aðstæður. Gæti sjóðurinn því orðið allöflugur innan tíðar og veruleg baktrygging landbúnaði okkar, ef ekki beinlínis lyftistöng, en nú er einmitt mjög um það talað, að landbúnaðinn þurfi að aðlaga breyttu þjóðlífi, bæði þeim, er stunda hann, til betri lífskjara, og allri þjóðinni til meira hagræðis, en slíkt hlýtur alltaf að kosta verulega fjármuni.

Rétt þykir að fara örfáum orðum um það ákvæði frumvarpsins, að Búnaðarbanki Íslands leggi hagtryggingarsjóði landbúnaðarins til nokkurt fé árlega. Í lögum bankans, 2. gr., segir, að tilgangur bankans sé að styðja landbúnaðinn, og þegar haft er í huga, að verulegur hagnaður hefur verið af rekstri bankans síðastliðin ár, virðist ekki óeðlilegt, að nokkur hluti þess hagnaðar renni í tryggingarsjóð landbúnaðarins. Ætla má og, að umræddur tryggingarsjóður verði innan tíðar umtalsverðir fjármunir, sem bankanum er ætlað að ávaxta, þannig að hann öðlist með sjóðnum aukið fé til umsýslu.

Að lokum skal tekið fram, að flm. þessa frumvarps gengur þess ekki dulinn, að vel kann svo að vera, að tryggingamálum landbúnaðarins megi betur fyrir koma en í frumvarpi þessu felst. Yrðu allar slíkar ábendingar vel þegnar, enda þess þá vænzt, að Alþingi bæti um það, sem miður kann að þykja, í meðförum sínum á frumvarpi þessu.

Nd. 180. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 5% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenzkir bændur framleiða til útflutnings verulegt magn landbúnaðarvara sér og þjóðarheildinni til óhagræðis. Mun láta nærri skv. núgildandi lögum, að ríkissjóður þurfi að greiða komandi ár um 300 millj. kr. til bænda með þessari útflutningsframleiðslu þeirra, en þeir fái þó ekki framleiðslukostnaðinn greiddan að fullu. Sjá allir, að hér þarf að ráða bót á. Æskilegast hefði verið, að stéttarsamtök bænda hefðu hér haft forustu um úrræði, svo sem með skipulagðri stjórn á því, að eigi væri framleitt óhóflegt magn til út-

flutnings af landbúnaðarvörum, sem seldist langt undir kostnaðarverði. En á þessu bólar lítið, og segja má, að löggjafinn hafi fremur unnið gegn því en með, að hér væri vakað á verði, með því að verja jafnmiklu fé til útflutningsbóta og raun ber vitni. Af þessum sökum er hér lagt til, að hlutfallstala sú, er útflutningsbætur landbúnaðarvara hafa verið miðaðar við undanfarin ár, verði lækkuð verulega, í trausti þess, að það leiddi til skynsamlegri hátta varðandi framleiðsluna, bændum og alþjóð til hagræðis. Að sjálfsögðu ber að stefna að því, að útflutningsbætur séu alls ekki greiddar með vöru, sem engan þjóðhagslegan vinning gefur að framleiða til útflutnings, en bæði er, að í þessu tilliti væri hér um of bráða aðgerð að ræða, ef tekið væri fyrir slíkt með öllu, og bændum stórleg tekjuskerðing, nema þeir fái nokkurn aðlögunartíma. Því er hér lögð til veruleg lækkun, en auk þess að stíga niður um þrep nokkur tími hafður til stefnu til að taka skrefið, eða ársfrestur.

Ed. 181. Lög [99. mál]

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 123.

Nd. 182. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Barst henni erindi frá Bændaskólanum á Hvanneyri varðandi framhaldsdeild þess skóla, og er það til umsagnar stjórnar lánasjóðs. Verður unnt að taka afstöðu til þess við 3. umr. Með þessari athugasemd mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 16. des. 1968.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Birgir Kjaran. Eyjólfur Konráð Jónsson.
Magnús Kjartansson. Sigurvin Einarsson. Hannibal Valdimarsson.
Gunnar Gíslason.

Nd. 183. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til til. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. — Meiri hl. mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 16. des. 1968.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Birgir Kjaran. Eyjólfur Konráð Jónsson.
Gunnar Gíslason.

Nd. 184. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá Magnúsi Kjartanssyni, Sigurvin Einarssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Á eftir 2. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1969 er ríkissjóði heimilt að taka 20 milljóna króna lán og nota það sem aukaframlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

Nd. 185. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vill afgreiða frv. óbreytt, en minni hl. n. er andvígur því.

Efni frv. er það, að framlag ríkissjóðs til skólabygginga 1969 verði miðað við fjögurra ára greiðslutímabil til hverrar framkvæmdar í stað þriggja ára. Af þessu ákvæði frv. mundi leiða, ef samþykkt yrði, að hver skóli, sem er í byggingu, mundi aðeins fá ¼ af framlagi ríkissjóðs til byggingarinnar á næsta ári, í stað ⅓ hluta, sem gildandi lög ákveða. Þar sem mjög skortir á skólahúsnæði í landinu, telur minni hl. n., að ekki komi til greina að draga úr fjárframlögum til skólabygginga, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1968.

Sigurvin Einarsson, frsm. Magnús Kjartansson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 186. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og leggur samhljóða til, að frumv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, þeir Gunnar Gíslason og Lúðvík Jósefsson, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Skúli Guðmundsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Guðl. Gíslason.

Nd. 187. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Síðasti málsl. fyrri málsgr. 1. gr. orðist svo: Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 31. des. 1969.

Alþingi, 16. des. 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. | Sigurður Ingimundarson, fundaskr. | Gunnar Gíslason.

Guðl. Gíslason.

Sþ. 188. Fyrirspurnir. [124. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn?

II. Til dómsmálaráðherra um kæru á hendur forstöðumanni vinnuhælisins á Litla-Hrauni.

Frá Ágúst Þorvaldssyni.

1. Hvað hyggst dómsmálaráðherra gera viðvíkjandi kæru, sem honum hefur borizt frá nokkrum starfsmönnum á Litla-Hrauni um meint misferli forstöðumanns vinnuhælisins, Markúsar Einarssonar?
2. Er það álit fangelsisnefndar, sem skipuð var og falið að rannsaka þessi mál, að lausn þeirra sé fengin með því, að Sigurði Kristmundssyni, bryta vinnuhælisins, hefur verið sagt upp starfi án nokkurra viðhlítandi skýringa?

Nd. 189. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá Sigurvin Einarssyni, Gísla Guðmundssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Steingrími Pálssyni.

Við 1. gr.

1. Fyrsta málsgr. falli niður.
2. Fyrsti málsl. 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra er heimilt, eftir tillögu landlæknis, að stofnsetja læknamiðstöðvar, enda starfi þar tveir eða fleiri læknar.
3. Orðin „í þéttbýliskjarna“ í síðustu málsgr. falli niður.

Nd. 190. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar frv. var tekið til umræðu og afgreiðslu í nefndinni árdegis í dag, óskaði minni hl. upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Hvað margt fólk vinnur nú á verðlagsskrifstofunni og við verðlagseftirlitið.
2. Hve mikill heildarkostnaður varð af eftirlitinu árið 1967.
3. Hvaða vörur eru nú undir verðlagseftirliti.

Vonir standa til, að þessum spurningum verði svarað við 2. umr. um málið í deildinni.

Minni hl. telur, að gera þurfi breytingar á lögunum um verðlagsmál. Sérstaklega virðist óþarft með öllu að halda uppi opinberum verðlagsákvörðunum og eftirliti með verðlagi á vörum, sem öllum er frjást að flytja til landsins. En vegna tímaskorts er vonlaust, að takast megi að koma fram lagfæringum á lögunum fyrir þinghléið, sem ráðgert er að hefjist í þessari viku. Minni hl. flytur því breytingartillögu um, að lögin skuli aðeins gilda um þriggja mánaða tíma, eða til 1. apríl næstkomandi. Má þá taka lögin til endurskoðunar á framhaldsþinginu í febrúar eða marzmánuði í vetur.

Samkv. framansögðu er hér lagt til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 1. apríl 1969.

Alþingi, 16. des. 1968.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 191. Breytingartillaga [112. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita vélbátum allt að 200 brúttó-rúmlestum að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar, þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum. Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Heimilt er þó ráðherra að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða á svæði, sem takmarkast að

austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar. Togveiðar skulu þó ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl. Leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net. Hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

Nd. 192. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í nefndinni varð samkomulag um ýmsar breytingar á frv., og eru brtt. fluttar á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Á fund nefndarinnar kom meðal annarra dr. Gunnar Schram, og gaf hann nefndarmönnum ýmsar fróðlegar upplýsingar. Hann taldi meðal annars, að líta mætti á slíkt frv. sem framhald af annarri meginröksemd Íslendinga á erlendum vettvangi fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar, þ. e. a. s. þeirri, að við vildum nýta fiskimiðin innan hennar á sem hagkvæmastan hátt frá efnahagslegu sjónarmiði. Dr. Gunnar tók þó skýrt fram, að slík löggjöf yrði að byggjast á því, að veiðarnar væru stundaðar undir vísindalegu eftirliti og að um takmarkaðar og tímabundnar heimildir væri að ræða. Hann undirstrikaði sérstaklega nauðsyn þess, að refsiákvæðum laganna væri fylgt, því að fátt gæti skaðað málstað okkar meira við frekari friðunaraðgerðir utan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar en brot á þeim lagaákvæðum og reglum, sem í gildi eru á hverjum tíma.

Alþingi, 17. des. 1968.

Birgir Finnsson, form.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Guðl. Gíslason.	Björn Pálsson.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Jón Skaftason.		

Nd. 193. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og sent til umsagnar eftirtalinna aðila: Ferðamálaráðs, Eimskipafélags Íslands, Flugfélags Íslands, Loftleiða, Ferðaskrifstofu ríkisins og þeirra ferðaskrifstofa annarra, er nú starfa hérlendis, svo og Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna. Nefndarmenn eru allir sammála um meginefni frv., en áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, ef fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1968.

Sigurður Bjarnason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Steingrímur Pálsson.	Jónas Árnason.	Guðl. Gíslason.

Nd. 194. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið nái fram að ganga eins og það nú liggur fyrir. Aðrir nefndarmenn skila séráliti.

Alþingi, 17. des. 1968.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Sverrir Júlíusson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
	Guðl. Gíslason.	

Nd. 195. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi nefndarmaðurinn er ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 31. des. 1969.

Nd. 196. Lög [27. mál]

um eiturefni og hættuleg efni.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 27.

Nd. 197. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita vélbátum allt að 200 brúttó-rúmlestum

að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar, þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum. Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Heimilt er þó ráðherra að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar. Togveiðar skulu þó ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl. Leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net. Hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 198. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1967, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

Frestir þeir, sem ræðir í ákvæði til bráðabirgða, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. febrúar 1969 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. marz 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ljóst er, að ekki mun takast fyrir árslok 1968 að ljúka heildarathugun á skipun starfsmanna í launaflokka, sem gert hafði verið samkomulag um milli stjórnar B.S.R.B. og fjármálaráðherra, sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 33/1967.

Því er nauðsynlegt að lengja fresti þá, sem um ræðir, um einn mánuð.

Breyting þessi er lögð til með samkomulagi aðila að samningunum.

Ed. 199. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1968.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Þorsteinn Gíslason.
Björn Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. **200. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1969 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 1		**Skattar.**		
		Beinir skattar.		
		Persónuskattar		549 578
1 11 0		Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 01		Almannatryggingagjald	313 100	
1 11 02		Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	140 000	
1 11 1		Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11		Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	43 000	
1 11 12		Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	45 500	
1 11 9		Aðrir skattar:		
1 11 91		Námsbókagjald	7 978	
		Eignarskattar		133 967
1 12 0		Eignarskattar, alm.:		
1 12 01		Eignarskattur einstaklinga	95 400	
1 12 02		Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	954	
1 12 03		Eignarskattur félaga	31 300	
1 12 04		Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	313	
1 12 1		Erfðafjárskattur:		
1 12 11		Erfðafjárskattur	6 000	
		Tekjuskattar		607 919
1 13 0		Tekjuskattar:		
1 13 01		Tekjuskattur einstaklinga	522 500	
1 13 02		Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	5 225	
1 13 03		Tekjuskattur félaga	79 400	
1 13 04		Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	794	

		Óbeinir skattar.	Þús. kr.	Þús. kr.
		Gjöld af innflutningi		**2 780 708**
1 15 0		Aðflutningsgjöld:		
1 15 01		Aðflutningsgjöld	2 363 000	
		Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	118 200	
			2 244 800	
1 15 02		Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	37 000	
1 15 03		Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 700	
1 15 04		Tollstöðvargjald	11 820	
1 15 05		Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	11 820	
1 15 1		Innflutningsgjöld af benzíni og gúmmígjald:		
1 15 11		Innflutningsgjald af benzíni	321 400	
1 15 12		Gúmmígjald	39 400	
1 15 2		Innflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum:		
1 15 21		Gjald af bifreiðum og bifhjólum	102 400	
1 15 8		Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81		Hagnaður af sölu varnarliðseigna	9 368	
		Skattar af framleiðslu		**89 700**
1 16 0		Gjöld af innlendum tollvörum:		
1 16 01		Gjald af innlendum tollvörum	64 000	
1 16 02		Sælgætisgjald	2 700	
1 16 03		Flöskugjald	23 000	
		Skattar af seldum vörum og þjónustu		**2 319 078**
1 17 0		Söluskattur:		
1 17 01		Söluskattur	1 565 400	
		Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	125 260	
			1 440 140	
1 17 1		Skemmtanaskattur:		
1 17 11		Miðagjald til Menningarsjóðs	3 400	
1 17 12		Skemmtanskattur	17 600	
1 17 2		Launaskattur:		
1 17 21		Launaskattur	135 000	
1 17 3		Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31		Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	679 000	
1 17 32		Gjald af seldum vindlingum	12 500	
1 17 33		Gjald af seldum eldspýtum	1 600	
1 17 5		Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 51		Síldargjald	4 600	
1 17 52		Ferskfiskmatsgjald	10 400	
1 17 53		Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	10 400	
1 17 54		Síldarmatsgjald	60	
1 17 55		Síldarsölugjald	3	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald	2 600	
1 17 92	Sérleyfisgjald	1 575	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
	Aðrir óbeinir skattar		**461 387**
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald	105 000	
1 19 02	Aukatekjur	34 800	
1 19 03	Þinglýsingar	30 700	
1 19 1	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11	Bifreiðaskattur	122 100	
1 19 12	Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	17 000	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða	4 000	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða	5 900	
1 19 15	Vegagjald	15 000	
1 19 2	Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21	Lestagjald	1 300	
1 19 22	Vitagjald	3 800	
1 19 23	Skipaskoðunargjald	2 700	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna	53 500	
1 19 33	Leyfisgjald	12 800	
1 19 9	Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90	Verðjöfnunargjald	22 500	
1 19 91	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	8 000	
1 19 92	Skipulagsgjald	7800	
1 19 93	Rafmagnseftirlitsgjald	8 000	
1 19 94	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	4 500	
1 19 95	Prófgjöld bifreiðastjóra	1 100	
1 19 96	Prófgjald iðnnema	450	
1 19 97	Rafstöðvargjald	30	
1 19 98	Sérlyfjagjald	400	
1 19 99	Hvalveiðigjald	7	
1 2	**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings**		**37 328**
1 21 0	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01	Afgjöld ríkisjarða	450	
1 21 02	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	25 139	
1 21 03	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	535	
1 21 04	Fríhöfnin, Keflavíkurflugvelli	11 204	
1 3	**Ýmsar tekjur**		**36 167**
1 31 0	Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01	Vextir	15 000	
1 31 02	Arður af hlutabréfum	2 000	

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 39 0		Ýmsar tekjur:		
1 39 02		Sameignir ríkisins	2 667	
1 39 03		Yfirverð líknarfrímerkja	100	
1 39 04		Samúðarskeyti Landssímans	1 400	
1 39 05		Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs	1 700	
1 39 06		Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	13 000	
1 39 07		Ýmsar óvissar tekjur	300	
		Tekjur samtals		7 015 832

2. Við 4. gr. 1 01 232 Rannsóknaráð ríkisins. Nýr liður:
03 Til hafísrannsókna 200

3. Við 4. gr. 1 01 516 Iðnskólar almennt 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Til byggingar iðnskóla (01 516 0 80).

Skólar, sem verið hafa í byggingu:	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Iðnskólinn í Reykjavík	2 840	
2. Iðnskólinn á Akureyri	1 100	
3. Iðnskólinn í Hafnarfirði	1 100	
4. Iðnskólinn í Vestmannaeyjum	500	
		5 540

4. Við 4. gr. 1 01 602 Héraðsskólinn á Núpi 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.

	Þús. kr.
Fyrir „2 000“ kemur	4 500

5. Við 4. gr. 1 01 648 Framlag til byggingar gagnfræðaskóla utan fimm kaupstaða 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.

	Þús. kr.
Fyrir „9 979“ kemur	18 019

Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla utan Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness (01 648 0 80).

A. Skólar með 5 ára greiðsluákvæði.	Kr.	Kr.
1. Gagnfræðaskólinn, Selfossi	753 000	
2. Gagnfræðaskólinn, Sauðárkróki	2 205 000	
3. Héraðsskólinn, Laugum	840 000	
		3 798 000

B. Skólar með framhaldsfjárveitingu til undirbúnings eða framkvæmda.	Kr.	Kr.
1. Keflavík, 2 áf.	580 000	
2. Húsavík	900 000	
3. Ólafsfjörður	619 000	
4. Hvolsvöllur	647 000	
5. Hella	490 000	
6. Lundur, Öxarfirði	300 000	
		3 536 000

C. Til undirbúningsframkvæmda.		
1. Neskaupstaður, 2. áf.	500 000	
2. Mosfellssveit	300 000	
3. Dalvík, heimavist	300 000	

	Kr.	Kr.
4. Héraðsskólinn, Laugum, íþr.hús	300 000	
5. Grindavík	300 000	
6. Siglufjörður, íþr.hús	500 000	
		2 200 000
D. Til skóla samkv. lögum nr. 49/1967.		
1. Hrafnagil	4 752 000	
2. Nesjaskóli	3 733 000	
		8 485 000

6. Við 4. gr. 1 01 669 Framlög til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og til gagnfræðaskóla í fimm kaupstöðum 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.

	Þús. kr.
Fyrir „100 143“ kemur	116 655

Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra utan kaupstaðanna Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Akureyrar og Akraness.

a. Skólar, sem verið hafa í byggingu o. fl.

A. Fimm ára greiðslutímabil.	Kr.	Kr.
1. Reykhólar, sundlaug	134 575	
2. Ýmsir skólar	600 000	
3. Klúka, Bjarnarfirði	679 300	
4. Laugar, Dalasýslu, sundlaug	168 000	
5. Keflavík	423 300	
6. Vatnsleysuströnd, íbúð	240 650	
7. Laugaland, Holtum, íbúð	419 300	
8. Kleppjárnsreykir, 2. áf.	832 561	
9. Grundarfjörður, íbúð	236 500	
10. Norðfjarðarhreppur, S.-Múl.	231 000	
11. Eskifjörður, íþróttahús	411 200	
12. Njarðvík, íþróttahús	1 524 275	
13. Varmárskóli, íþróttahús	898 000	
14. Seltjarnarnes, íþróttahús	1 160 000	
15. Sauðárkrókur, sundlaug	600 000	
16. Svalbarðsströnd	500 000	
17. Svalbarðs- og Sauðanesskóli	600 000	
18. Þverárskóli	600 000	
19. Lýsuhóll	100 000	
20. Neskaupstaður, barnaskóli	370 000	
21. Súðavík, íbúð	230 000	
22. Laugar, Dalasýslu, íbúð	1 080 000	
23. Leirá, íþróttahús	300 000	
24. Kolviðarnes, sundlaug	150 000	
25. Hveragerði, íbúð	230 000	
26. Reykholt, Biskupstungum, íbúð	250 000	
27. Ljósafoss, íbúð	440 000	
28. Varmahlíð, Skagafirði	75 000	
29. Gerðar, Garði	625 000	
30. Þorlákshöfn, íbúð	180 000	
31. Skeiðaskóli, íbúð	342 000	
32. Barnaskólinn Eiðum, lokafrkv.	150 000	
33. Hraungerði	607 810	
		15 388 471

B. Þriggja ára greiðsluákvæði.	Kr.	Kr.
1. Hella, barnaskóli	35 000	
2. Laugar, Dalasýslu	630 000	
3. Tálknafjörður	1 560 877	
4. Kolviðarnes, Laugagerðisskóli	1 225 106	
5. Hallormsstaður	2 626 000	
6. Öxarfjörður	347 700	
7. Bolungarvík	1 012 603	
8. Raufarhöfn	256 500	
9. Búðir, Fáskrúðsfirði, íbúð	132 940	
10. Hólmavík, íbúð	278 200	
11. Hvammstangi, íbúð	58 000	
12. Garðaskólahverfi, 2. áf.	1 869 125	
13. Leirárskóli	1 848 717	
14. Seyðisfjörður, íbúð	75 000	
15. Flúðir, Árnessýslu	1 917 562	
16. Laugardalur, Árnessýslu	92 000	
17. Ísafjörður	1 271 228	
18. Vopnafjörður	411 000	
19. Reykir, A.-Hún.	5 552 000	
20. Ólafsvík, íþróttahús	1 033 518	
21. Dalvík, íþróttahús	967 100	
22. Grindavík, íbúð	62 200	
23. Borgarnes, 2. áf.	123 000	
24. Grímsey	129 272	
25. Rauðisandur	800 575	
26. Árskógsströnd	159 121	
27. Þorlákshöfn, 2. áf.	145 400	
28. Varmárskóli, Mosfellssveit	163 045	
29. Svarfaðardalur	595 100	
30. Hnífsdalur, íbúð	180 000	
31. Selfoss	186 252	
32. Varmaland, Mýrasýslu	989 125	
33. Neskaupstaður, íþróttahús	1 175 045	
34. Hvamms- og Dyrhólaskóli	117 419	
35. Kirkjubæjarklaustur	3 416 250	
36. Djúpárskólahverfi, íbúð	25 000	
37. Reykjadalur, S.-Þing., 2. áf.	500 000	
38. Mývatnssveit, 2. áf.	140 893	
39. Íþróttahús, Hellissandi	200 000	
40. Leirá, skólabifreið	100 000	
41. Vestmannaeyjar, böð og búningskl.	217 000	
42. Reykholt í Biskupstungum	100 000	
		32 670 873

C. Skólar með óbreyttar framhaldsfjárveitingar. Greiðsluár óákveðin.	
1. Blönduós	40 000
2. Garðaskóli, íþróttahús	100 000
3. Mýraskóli, V.-Ís.	500 000
4. Reykir, Miðfirði	400 000
5. Skagaströnd, íþróttahús	20 000
6. Stykkishólmur, sundlaug	20 000
7. Stykkishólmur, barnaskóli	50 000

	Kr.	Kr.
8. Sandgerði, íþróttahús	20 000	
9. Þelamörk, 2. áf.	250 000	
10. Eiðar, barnaskóli	250 000	
11. Eskifjörður, barnaskóli	250 000	
12. Grundarfjörður, barnaskóli	250 000	
13. Seyðisfjörður, barnaskóli	250 000	
14. Krýsuvík, barnaskóli	250 000	
15. Grenivík, íbúð	296 000	
16. Vopnafjörður, íbúð	296 000	
17. Varmahlíð, Skagafirði, íbúð	180 000	
18. Fáskrúðsfjörður, íbúð	230 000	
19. Hrísey, íbúð	150 000	
20. Kleppjárnsreykir, íbúð	90 000	
21. Kleppjárnsreykir, skólabíll	62 000	
22. Vatnsleysuströnd, skólabíll	51 500	
		4 005 500
D. Til skóla samkv. lögum nr. 49/1967.		
1. Hafralækur	5 068 000	
2. Stóru-Tjarnir	6 504 000	
3. Reykhólar	1 567 000	
4. Leirá, íbúðir	1 125 000	
5. Fljótshlíð	622 000	
6. Reykjanes	1 378 000	
7. Varmá	622 000	
		16 886 000

E. Skólar í kaupstöðum, sem hafa í einu lagi fjárveitingar ríkissjóðs til barna- og gagnfræðaskóla.

	Kr.	Kr.
A. Reykjavík:		
a. Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	24 868 722	
b. Nýir skólar samkv. lögum nr. 49/1967	5 520 000	
B. Akureyri:		
Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	2 079 800	
C. Hafnarfjörður:		
a. Barnaskólar og íþróttahús	2 408 000	
b. Nýr skóli samkv. lögum nr. 49/1967	2 175 000	
D. Kópavogur:		
Barna- og gagnfræðask.	8 406 394	
E. Akranes:		
Barna- og gagnfræðask.	2 246 240	
		47 704 156

	Þús. kr.
7. Við 4. gr. 1 01 882 14 Listamenn.	
Fyrir „4 215“ kemur	4 685
8. Við 4. gr. 1 01 899. Nýr liður:	
52 Til kirkjutónlistarþings	50
9. Við 4. gr. 1 03 230 Skógrækt ríkisins 03 Skóggræðsla.	
Fyrir „3 340“ kemur	3 540

10. Við 4. gr. 1 03 230 Skógrækt ríkisins. Nýr liður: Þús. kr.
10 Til framkvæmda í Fljótsdal 500

11. Við 4. gr. 1 03 286 02 Sjóvarnargarðar.
Fyrir „750“ kemur 850

Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:

Sjóvarnargarðar (03 286 02).	Þús. kr.	
1. Gerðahreppur	100	
2. Akranes	250	
3. Borgarfjörður eystri	100	
4. Höfn í Hornafirði	150	
5. Seltjarnarnes	50	
6. Sauðárkrókur	200	
		850

12. Við 4. gr. 1 03 286 03 Fyrirhleðslur.
Fyrir „2 045“ kemur 3 120

Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:

Fyrirhleðslur (03 286 03).	Þús. kr.
1. Kverná — Grundará	40
2. Holtsá	10
3. Miðá hjá Hundadal	10
4. Norðurá	15
5. Haukadalsá og Saursstaðagil	60
6. Hvolsá hjá Hvítadal	10
7. Kúludalsá	15
8. Leirá	50
9. Hafnará	25
10. Miðá hjá Kvisthaga	10
11. Álftaskarðsá	25
12. Svartá	40
13. Víðidalsá hjá Víðidalstungu	10
14. Giljá	20
15. Héraðsvötn og Vindheimagil	170
16. Hörgá hjá Möðruvöllum	50
17. Norðfjarðará	200
18. Norðurdalsá	45
19. Keldná	30
20. Jökulsá í Lóni	45
21. Tunguá í Fáskrúðsfirði	10
22. Hofsá í Álftafirði	70
23. Selá í Álftafirði	20
24. Eskifjarðará	100
25. Laxá í Nesjum	50
26. Þverá og Markarfljót	760
27. Djúpós og Hólsárbakkar	350
28. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	350
29. Írá, Miðskálaá og Holtsá	180
30. Eldvatn hjá Syðri-Fljótum og Skálm í Álftaveri ..	10
31. Kúðafljót	60
32. Klifandi hjá Pétursey	60
33. Hörgsá á Síðu	50
34. Stóra-Laxá hjá Sólheimum	40
35. Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	30

	Þús. kr.	Þús. kr.
36. Tunguá	20	
37. Litla-Laxá	20	
38. Stakksá	20	
39. Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	40	
		3 120

13. Við 4. gr. 1 03 286 04 Landþurrkun.
Fyrir „200“ kemur 480

Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:

Landþurrkun (03 286 04).

	Þús. kr.	
1. Í Austur-Landeyjum	50	
2. Í Vestur-Landeyjum	50	
3. Í Leiðvallarhreppi	80	
4. Í Út-Hjaltastaðaþinghá	50	
5. Lónaengi	150	
6. Hofsós	100	
		480

14. Við 4. gr. 1 03 401 Orkustofnun 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „26 552“ kemur 27 252

15. Við 4. gr. 1 03 531 Bændaskólinn á Hvanneyri 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „2 900“ kemur 3 262

16. Við 4. gr. 1 03 559 Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „5 830“ kemur 7 307

Sundurliðun komi á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða (03 559 0 80).

	Þús. kr.	
1. Varmaland, Mýrasýslu	600	
2. Hallormsstaður, íbúðir	450	
3. Blönduós, íbúðir	1 200	
4. Laugarvatn	3 900	
5. Langamýri, nýb.	90	
6. Staðarfell, Dalasýslu	817	
7. Laugar, S.-Þing.	250	
		7 307

17. Við 4. gr. 1 04 212 Sýslumaðurinn, Borgarnesi 0 10 Laun.
Fyrir „1 061“ kemur 1 161

18. Við 4. gr. 1 04 283 01 Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík.
Fyrir „1 723“ kemur 3 723

19. Við 4. gr. 1 04 371 Landspítalinn 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „139 850“ kemur 48 627

20. Við 4. gr. 1 04 372 Fæðingardeild Landspítalans 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „16 289“ kemur 1 495

21. Við 4. gr. 1 04 373 Geðveikrahælið á Kleppi 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „29 021“ kemur 12 413

22. Við 4. gr. 1 04 374 Heilsuhælið á Vífilsstöðum 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „15 397“ kemur 4 803

23. Við 4. gr. 1 04 375 Heilsuhælið í Kristnesi 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „1 808“ kemur 1 335

24. Við 4. gr. 1 04 376 Fávitahælið í Kópavogi 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta. Þús. kr.
Fyrir „5 117“ kemur 1 676
25. Við 4. gr. 1 04 381 02 Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum.
Fyrir „12 420“ kemur 8 420
26. Við 4. gr. 1 04 381 03 Byggingar sjúkrahúsa o. fl.
Fyrir „41 169“ kemur 43 619

Sundurliðun í sérstöku yfirliti breytist þannig:

1. Reykjavík (a. 1).
Fyrir „18 000“ kemur 20 000
2. Nýr liður á eftir a. 9:
Egilsstaðir, sjúkraskýli, viðb. (læknamiðstöð) 300
3. Ólafsvík (b. 4).
Fyrir „750“ kemur 900

27. Við 4. gr. 1 04 381 04 St. Jósefs- og Fransiscusarspítalar, framlög.
Liðurinn falli niður.
28. Við 4. gr. 1 04 382 Fávitar, framfærsla.
Fyrir „34 521“ kemur 36 509
29. Við 4. gr. 1 04 399. Nýr liður.
14 Til aðstoðar við sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis .. 700
30. Við 4. gr. 1 05 271 Tryggingastofnun ríkisins 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „1 539 900“ kemur 1 732 800
31. Við 4. gr. 1 05 699 03 Vatnsveitur, aðrar.
Fyrir „50“ kemur 225
32. Við 4. gr. 1 05 999 06 Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.
Fyrir „750“ kemur 900
33. Við 4. gr. 1 05 999 30 Ungmennafélag Íslands, styrkur.
Fyrir „250“ kemur 400
34. Við 4. gr. 1 05 999. Nýr liður:
54 Dagheimili, byggingarstyrkir 525

Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:

Dagheimili, byggingarstyrkir (05 999 54).	Þús. kr.	
1. Seltjarnarnes	75	
2. Akranes	75	
3. Kópavogur	100	
4. Egilsá	75	
5. Neskaupstaður	75	
6. Kumbaravogur	50	
7. Selfoss	75	
		525

35. Við 4. gr. 1 05 999. Nýr liður:
55 Geðverndarfélagið, byggingarstyrkur 2 000
36. Við 4. gr. 1 05 999. Nýr liður:
56 Íþróttasamband Íslands, vegna landsmóta 100
37. Við 4. gr. 1 06 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
Fyrir „5 590“ kemur 6 003
Sundurliðun er í sérstöku yfirliti aftast í þessu þingskjali.
38. Við 4. gr. 1 06 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn.
Fyrir „3 892“ kemur 4 534
Sundurliðun er í sérstöku yfirliti aftast í þessu þingskjali.
39. Við 1 06 999 04 Símakostnaður og símastöð fyrir stjórnarráðið.
Fyrir „5 420“ kemur 6 220

40. Við 4. gr. 1 07 211 Vegagerð 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka. Þús. kr.
Fyrir „880“ kemur 937

41. Við 4. gr. 1 07 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
Fyrir „49 200“ kemur 64 785

Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (07 333 03).

		Þús. kr.	
1.	Akranes	1 070	
2.	Akureyri	5 700	
3.	Akureyri, dráttarbr.	300	
4.	Bakkafjörður	540	
5.	Blönduós	1 325	
6.	Bolungarvík	6 000	
7.	Búðardalur	340	
8.	Drangsnes	40	
9.	Eskifjörður	125	
10.	Grindavík	3 440	
11.	Grímsey	3 600	
12.	Hafnarfjörður	3 620	
13.	Hafnir	1 200	
14.	Hauganes	1 725	
15.	Hellnar	50	
16.	Hofsós	2 500	
17.	Höfn í Hornafirði	1 615	
18.	Ísafjörður	8 400	
19.	Neskaupstaður	1 000	
20.	Ólafsfjörður	575	
21.	Ólafsvík	1 580	
22.	Raufarhöfn	50	
23.	Stykkishólmur	1 460	
24.	Seyðisfjörður	1 700	
25.	Stokkseyri	3 000	
26.	Súðavík	1 200	
27.	Tálknafjörður	80	
28.	Vestmannaeyjar	300	
29.	Vopnafjörður	7 500	
30.	Þórshöfn	1 950	
31.	Bolungarvík, vegna gengisbreytingar á bráðabirgðaláni teknu af ríkissjóði, að upphæð 5 millj. kr. ..	2 700	
			64 785

42. Við 4. gr. 1 07 333 04 Ferjubryggjur.
Fyrir „650“ kemur 800

Sundurliðun í sérstöku yfirliti orðist svo:

		Þús. kr.	
1.	Brjánslækur	150	
2.	Melgraseyri	200	
3.	Staður á Reykjanesi	50	
4.	Ögur	50	
5.	Búðardalur	100	
6.	Kleifar, Kollafirði	250	
			800

43. Við 4. gr. 1 07 333 06 Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga.
Fyrir „10 000“ kemur 12 000

44. Við 5. gr. 2 03 411. Liðurinn orðist svo:

			Þús. kr.	Þús. kr.
411	**Landsvirkjun:**			
0	10	Laun	27 100	
0	20	Önnur rekstrargjöld	17 100	
0	27	Viðhald	10 800	
0	60	Hráefni og vörur til endursölu	19 000	
0	70	Vextir	62 500	
0	80	Afskriftir	96 600	
		Gjöld samtals	233 100	
1	10	Seldar vörur og þjónusta	287 100	
		Mismunur		54 000
		Fjármunahreyfingar:		
		Út:		
3	10	Afborganir lána	646 200	
3	30	Fjárfestingar	850 000	
3	90	Annað	76 000	
		Inn:		
4	10	Innheimtar afborganir	17 700	
4	20	Tekin lán	1 403 900	
4	40	Afskriftir	96 600	
4	50	Ráðstöfun eigin fjár	54 000	

45. Við 5. gr. 2 04 371 Landspítalinn 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „73 677“ kemur 164 900

46. Við 5. gr. 2 04 372 Fæðingardeild Landspítalans 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „17 131“ kemur 31 925

47. Við 5. gr. 2 04 373 Geðveikrahælið á Kleppi 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „46 092“ kemur 62 700

48. Við 5. gr. 2 04 374 Heilsuhælið á Vífilsstöðum 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „19 006“ kemur 29 600

49. Við 5. gr. 2 04 375 Heilsuhælið í Kristnesi 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „13 377“ kemur 13 850

50. Við 5. gr. 2 04 376 Fávitahælið í Kópavogi 1 10 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „21 479“ kemur 24 920

51. Við 5. gr. 2 05 201 Tryggingastofnun ríkisins 0 92 Yfirfærslur vegna sjúkratrygginga.
Fyrir „416 200“ kemur 609 100

52. Við 5. gr. 2 05 201 Tryggingastofnun ríkisins 1 80 Framlög úr ríkissjóði vegna sjúkratrygginga.
Fyrir „423 100“ kemur 616 000

53. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist.
a. Að verja hluta af tekjum til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi til greiðslu kostnaðar fiskiðnaðarnámskeiða.
b. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til greiðslu á byggingarskuldum Kvennaheimilisins Hallveigarstaða, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
c. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem rannsóknarstofnanir atvinnuveganna eiga kost á að fá frá erlendum vísindastofnunum.

d. Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða að láni erlendis frá á árinu 1969.
e. Að selja húseignina Litla Gvendarhús í Vestmannaeyjum til flutnings eða niðurrifs.
f. Að kaupa hús fyrir allt að 6 millj. kr. til afnota sem vistheimili fyrir sjúklinga af Kleppsspítala og taka nauðsynleg lán vegna þeirra kaupa.
g. Að ábyrgjast allt að 185 millj. kr. lán eða jafnvirði þess í erlendri mynt til smíði hafrannsóknarskips.
h. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af *bæklingum og ritum, sem* seld eru eða dreift erlendis til landkynningar.
i. Að ábyrgjast fyrir Landsvirkjun lán allt að 220 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri til kaupa á gasaflsstöð.
j. Að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til handa Tryggingasjóði fiskiskipa allt að 66.3 millj. kr. vegna greiðsluörðugleika sjóðsins.

Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

06 382	Samkvæmt launalögum		kr. 1 624 000
		Samtals	kr. 1 624 000
06 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:	Kr.	Kr.
	Aðalheiður Níelsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	34 383	
	Ágúst Kvaran	57 304	
	Ágúst Ólafsson, póstur	13 752	
	Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	34 383	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalvörður og alþm.	68 862	
	Anna Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	13 752	
	Arnbjörg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 362	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Árni S. Bjarnason, fyrrv. húsvörður Alþingis	64 454	
	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	27 506	
	Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Ása Ásmundsdóttir	34 383	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	27 506	
	Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari	39 021	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	14 323	
	Benedikt Gíslason	68 764	
	Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður	13 752	
	Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	26 724	
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	27 506	
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	13 752	
	Bjarni Þorsteinsson	18 337	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Björgúlfur Ólafsson	33 405	
	Björn Einarsson	58 128	
	Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	34 409	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	13 752	
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	34 383	

	Kr.	Kr.
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	82 517	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	13 752	
Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	38 641	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	55 090	
Einar Eiríksson	22 921	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	18 337	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	26 724	
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	112 230	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	22 921	
Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	34 187	
Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	22 953	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	18 160	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	18 337	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	45 843	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	34 383	
Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Gísli Sigurðsson	22 921	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Guðbrandur Benediktsson	22 270	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	13 752	
Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður	27 280	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	14 594	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	13 752	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	27 506	
Guðmundur Jónsson	45 843	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	13 752	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Gunnar Andrew Jóhannesson	45 843	
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	57 304	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	13 752	
H. J. Hólmjárn	55 675	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	13 752	
Hálfdán Björnsson	27 506	
Halldór Hansen, læknir	52 466	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	59 680	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	13 752	
Hannes Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
Helgi Ágústsson	45 843	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Helgi Kjartansson	22 270	
Helgi Tryggvason, bókbindari	27 506	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	27 506	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	27 506	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	19 890	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	45 843	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Ingibjörg Pétursdóttir	59 372	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	24 869	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	18 337	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	179 473	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	134 140	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	27 506	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	26 724	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Jóhannes Erlendsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstj.	34 383	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	27 506	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	13 752	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun	200 903	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	13 752	
Jón G. Jónsson	27 506	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	27 506	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	45 843	
Jón Stefánsson	34 383	
Jón Sumarliðason	16 046	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Jónas Gunnlaugsson, fyrrv. póstur	13 752	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	13 752	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	68 764	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	13 752	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	13 362	
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	13 752	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	18 337	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	34 383	
Kjartan Ólafsson	82 517	
Klara Guðmundsdóttir	34 383	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Kristín Ingileifsdóttir	40 292	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	57 304	
Kristinn Jónsson	27 506	
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	30 609	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	26 812	
Kristján Albertsson, rithöfundur	43 723	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	27 506	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	13 752	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	18 337	
Lilja Sigurðardóttir	27 506	
Lúðvík R. Kemp	55 011	
Lydía Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	16 046	
Magnús Magnússon, rithöfundur	27 506	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	

	Kr.	Kr.
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Margrét Júníusdóttir	22 921	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	27 506	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	13 752	
Marsibil Sigurðardóttir, fyrrv. fiskmatskona	13 752	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	13 752	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	27 506	
Oddný Wíum	13 752	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	18 365	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	22 921	
Ólafur Guðmundsson	27 506	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	55 011	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	21 862	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	61 888	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	21 862	
Páll Pálsson	34 383	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	22 921	
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	13 752	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	22 954	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	49 733	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	20 630	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	34 383	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	18 337	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	45 232	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	22 921	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	27 506	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	24 869	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	26 724	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	27 506	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	30 607	
Sigurður Greipsson	55 672	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	18 337	
Sigurður Nordal, prófessor	55 335	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	13 752	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	13 752	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
Sigurlás Nikulásson	55 011	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	13 362	
Sigursteinn Steinþórsson	34 383	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	13 752	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	18 337	

		Kr.	Kr.
	Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	33 405	
	Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	13 752	
	Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	18 337	
	Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	13 752	
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	13 752	
	Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
	Valgerður Kristjánsdóttir	13 752	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	13 752	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Vigdís Torfadóttir	45 843	
	Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.	45 843	
	Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	20 630	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
	Þórður Benediktsson	66 810	
	Þorlákur Stefánsson	27 506	
	Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
	Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
	Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	27 506	
	Samtals		6 003 769
06 384	**Ekkjur:**		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	34 914	
	Agnethe Kamban	59 290	
	Ágústa Högnadóttir	13 362	
	Ágústa Sigurðardóttir	22 921	
	Anna Jakobína Árnadóttir	13 362	
	Anna Ólafsdóttir	14 919	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	18 337	
	Anna Tómasdóttir	27 506	
	Árný Stígsdóttir	13 752	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	14 919	
	Ásdís Þorgrímsdóttir	13 752	
	Áslaug Nielsen	33 405	
	Ásta Jónsdóttir	78 130	
	Ásta Ólafsdóttir	27 506	
	Ástríður Eggertsdóttir	22 921	
	Ástríður Magnúsdóttir	13 752	
	Björg Jónasdóttir	20 410	
	Bryndís Þórarinsdóttir	31 139	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	21 862	
	Eleanor Sveinbjörnsson	34 914	
	Elín Einarsdóttir	41 259	
	Elísabet Jónsdóttir	13 752	
	Erla Stefánsson	55 011	
	Eufemía Ólafsdóttir	57 304	
	Fríða Hlíðdal	99 369	
	Guðbjörg Erlendsdóttir	27 506	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	22 921	

	Kr.	Kr.
Guðbjörg Kristjánsdóttir	34 914	
Guðfinna Blöndal	55 011	
Guðlaug Magnúsdóttir	58 101	
Guðný Halldórsdóttir	27 506	
Guðný Sigurðardóttir	22 921	
Guðný Vigfúsdóttir	27 506	
Guðríður Sigurðardóttir	13 752	
Guðrún Guðnadóttir	22 921	
Guðrún Jóhannesdóttir	13 752	
Guðrún P. Jónsdóttir	34 914	
Guðrún Pálsdóttir	32 090	
Guðrún Ragúels	13 752	
Halldóra Þórðardóttir	17 459	
Helga Friðbjarnardóttir	27 506	
Helga Hinriksdóttir	22 921	
Helga Pétursdóttir	34 383	
Hildur Blöndal	87 248	
Hildur Sívertsen	57 304	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	34 383	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	55 011	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	27 506	
Hulda Þ. Björnæs	27 544	
Indíana Sturludóttir	34 383	
Ingibjörg Björnsdóttir	18 160	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	34 383	
Ingibjörg Högnadóttir	13 752	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	41 259	
Ingibjörg Karlsdóttir	56 978	
Ingunn Eyjólfsdóttir	34 383	
Ingunn Hlíðar	21 862	
Ingveldur Ólafsdóttir	13 752	
Irma Weile Jónsson	69 090	
Jakobína Thorarensen	22 921	
Jóhanna Jónsdóttir	25 947	
Jóhanna Vigfúsdóttir	13 752	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	25 067	
Jónína Ásmundsdóttir	13 362	
Jónína Kristjánsdóttir	34 383	
Karen Louise Jónsson	34 383	
Katrín Sveinsdóttir	41 259	
Kolbrún Jónsdóttir	68 764	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	13 752	
Kristín Helgadóttir	13 362	
Kristín Pálmadóttir	27 506	
Kristín Pálsdóttir	14 594	
Kristjana Bjarnadóttir	13 362	
Kristjana G. Einarsdóttir	16 702	
Kristólína Kragh	13 752	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	22 024	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	18 337	
Lára Svansdóttir	13 752	
Lára M. Vigfúsdóttir	45 843	
Lelia Stefánsson	68 764	

	Kr.	Kr.
Lilja H. Arndal	45 843	
Lilja Eyþórsdóttir	41 318	
Lilja Jörundsdóttir	27 506	
Lilja Steinsen	80 225	
Lovísa Sveinbjörnsson	91 133	
Lydia Einarsson	57 304	
Mabel Sigurjónsson	45 843	
Magdalena Ásgeirsdóttir	13 752	
Málfríður Bjarnadóttir	13 752	
Margrét Árnadóttir	34 383	
Margrét Björnsdóttir	17 490	
Margrét Eyjólfsdóttir	27 506	
Margrét Guðbrandsdóttir	41 259	
Margrét Jónasdóttir	57 304	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	38 058	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	13 752	
Margrét L. Lárusdóttir	13 752	
María Guðlaugsson	21 485	
Marta Oddsdóttir	13 752	
Melitta Urbancic	21 862	
Ólafía Finnbogadóttir	13 752	
Olga E. Jónsson	25 947	
Ólöf Bjarnadóttir	36 327	
Petrína Ottesen	34 382	
Ragnheiður Hafstein	55 011	
Ragnheiður Konráðsdóttir	22 921	
Rannveig Tómasdóttir	17 459	
Rósa Jónsdóttir	13 752	
Rósa Þórarinsdóttir	22 921	
Sigríður Árnadóttir	82 517	
Sigríður Bjarnason	58 301	
Sigríður Einarsson	89 521	
Sigríður Gísladóttir	13 752	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	44 263	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	14 594	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	27 506	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	34 383	
Sigrún Thorarensen	18 337	
Sigurlaug Jónsdóttir	34 383	
Sigurlaug Sigurðardóttir	27 506	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	25 947	
Sólveig Eggerz	76 951	
Stefanía Stefánsdóttir	28 542	
Steinunn P. Eyjólfsson	15 468	
Steinunn Tómasdóttir	22 921	
Svanborg Jónsdóttir	13 382	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	22 921	
Sveindís Hansdóttir	13 752	
Unnur Skúladóttir	55 672	
Valborg Einarsson	29 097	
Valgerður Helgadóttir	22 954	
Valgerður Ólafsdóttir	20 760	
Vigdís Guðmundsdóttir	27 506	

	Kr.	Kr.
Þóra Magnúsdóttir	18 337	
Þóra Sigfúsdóttir	13 752	
Þóra Sigurðardóttir	13 752	
Þóra Skaftason	13 752	
Þorbjörg Kjartansdóttir	34 383	
Þorbjörg Sigmundsdóttir	29 097	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	20 630	
Þórey Jóhannsdóttir	13 752	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	13 752	
Samtals		4 533 608

Sþ. 201. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HS, GeirG, IG, ÁÞ).

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.	Við 3. gr. 2 10 1. Liðurinn orðist svo:		
	Aðflutningsgjöld	2 481 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	124 000	
			2 357 000
2.	Við 3. gr. 2 10 8 Tollstöðvargjald.		
	Fyrir „11 820“ kemur		12 405
3.	Við 3. gr. 2 10 9 Byggingarsjóðsgjald af innflutningi.		
	Fyrir „11 820“ kemur		12 405
4.	Við 3. gr. 2 30 1. Liðurinn orðist svo:		
	Söluskattur	1 643 700	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	131 500	
			1 512 200
5.	Við 3. gr. 2 31 2 Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.		
	Fyrir „679 000“ kemur		714 000
	Seldar vörur og þjónusta Á.T.V.R. í B-hluta hækki samkv. því.		
6.	Við 4. gr. 1 05 999. Nýr liður:		
	01 Til framkvæmda í því skyni að tryggja atvinnu. Fénu skal ráðstafað af Alþingi og ríkisstjórn í samráði við sveitarfélög og stéttarfélög á viðkomandi stöðum		200 000
7.	Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:		
	Að taka lán að upphæð allt að 150 millj. kr. í því skyni að tryggja atvinnu. Fénu skal ráðstafað af Alþingi og ríkisstjórn í samráði við sveitarfélög og stéttarfélög á viðkomandi stöðum.		

Nd. 202. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv., og hafa þeir Hermann Jónsson, fulltrúi tollstjóra, og Björn Hermannsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, mætt á fundum hennar og skýrt frv. fyrir nefndarmönnum. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1968.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Gunnar Gíslason.
Lúðvík Jósefsson.
Guðlaugur Gíslason.
Skúli Guðmundsson.
Vilhjálmur Hjálmarson.

Nd. 203. Lög [125. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1967, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 198.

Ed. 204. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1968.

Auður Auðuns, form., frsm.
Þorsteinn Gíslason, fundaskr.
Jón Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.

Ed. 205. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. des. 1968.

Auður Auðuns, form., frsm.
Þorsteinn Gíslason, fundaskr.
Jón Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson,
Ólafur Jóhannesson,
Sigurður Grétar Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson.

Ed. 206. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nefndarmenn munu skila séráliti.

Alþingi, 19. des. 1968.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Jón Árnason.
Jónas G. Rafnar.

Ed. 207. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd efri deildar varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Leggur minni hl. nefndarinnar til, að gengishagnaði þeim, sem myndast vegna landbúnaðarafurða, verði fyrst og fremst varið til þess að ná því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 2. málsgr. 4. gr. laga frá 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966, allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Landbúnaðarráðherra setur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nánari reglur um ráðstöfun fjárins.

Alþingi, 19. des. 1968.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson. Karl Guðjónsson.

Sþ. 208. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. lán vegna Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.
2. Að kaupa, ef fáanlegt er, hentugt húsnæði fyrir Matsveina- og veitingaþjónaskólann og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

Nd. **209. Nefndarálit** [89. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en minni hl., fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins eru ósamþykkir frv. og vilja afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

Efni frv. má í aðalatriðum skipta í þrjá meginkafla. Fyrsti kaflinn fjallar um ákvörðun fiskverðs og hlutaskiptakjör sjómanna. Annar kaflinn er um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og sá þriðji er um ráðstöfun á gengishagnaði þeim, sem til fellur af þeim birgðum sjávarafurða, sem framleiddar höfðu verið fyrir gengisbreytingardag.

Sá kaflinn, sem fjallar um fiskverð og hlutaskiptakjör sjómanna, gerir ráð fyrir stórfelldum breytingum á hlutaskiptasamningum sjómanna og útgerðarmanna. Þar er ákveðið, að greiða skuli í Stofnfjársjóð fiskiskipa 10% af fiskverði og þó 20% af verðmæti síldar- og humarafla, og skuli þær greiðslur teknar af fiskverði, áður en hlutur sjómanna er reiknaður úr aflaverðinu.

Í þessum kafla er einnig ákveðið, að greiða skuli beint til útgerðar sem nemi 17% af fiskverði vegna hlutdeildar í útgerðarkostnaði og skuli sú greiðsla ekki koma til hlutaskipta. Á þennan hátt er gert ráð fyrir að taka 27—37% af lönduðu aflaverðmæti af óskiptu og skylda þannig sjómenn til hluttöku í almennum rekstrarkostnaði útgerðarinnar.

Ákvæði þessi raska í grundvallaratriðum hlutaskiptasamningum sjómanna og útgerðarmanna, sjómönnum í óhag.

Sjómenn hafa þegar mótmælt þessum ákvæðum og lýst yfir, að þeir muni ekki una slíkum kjaraskerðingarlögum.

Vegna harðrar andstöðu sjómanna hefur ríkisstjórnin þegar gert þá breytingu á frumvarpinu, að þeir kjarasamningar sjómanna, sem í gildi eru, skuli vera uppsegjanlegir án fyrirvara þegar eftir samþykkt lagafrumvarpsins.

Það má því telja fullvíst, að fyrstu afleiðingar af samþykkt þessa frumvarps muni verða þær, að allir kjarasamningar við sjómenn falli úr gildi og síðan hefjist deilur um nýja kjarasamninga. Nýir samningar yrðu að byggjast á grundvelli hinna nýju laga, en af því leiðir, að sjómenn hlytu að gera kröfur um gjörbreytt hlutaskipti frá því, sem verið hefur.

Það er álit minni hl., að ákvæðin í fyrsta kafla frv., sem fjalla um launakjör sjómanna, séu ósanngjörn í garð sjómanna, sem sannanlega hafa orðið fyrir meira tekjutapi en flestir aðrir, og auk þess séu þau ekki framkvæmanleg vegna harðrar andstöðu sjómannastéttarinnar.

Í öðrum kafla eru nýjar reglur um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir sex mismunandi gjaldstigum, frá um 3% til 8%. Gjaldstigar þessir eru ekki í neinu samræmi við greiðslugetu þeirra, sem í hlut eiga.

Það er t. d. harla einkennilegt að gera ráð fyrir því að taka hæst útflutningsgjald af síldarlýsi, þó að vitað sé, að það hefur fallið meir í verði en nokkur önnur útflutningsvara, og þó að fyrir liggi, að styrkja þurfi með sérstökum greiðslum framleiðendur þessarar vöru.

Minni hl. n. telur, að útflutningsgjald þetta þurfi að taka til rækilegrar endurskoðunar og þá ekki síður þau ákvæði, sem í gildi eru um ráðstöfun þess.

Þriðji kafli frv. er um ráðstöfun á gengishagnaði af birgðum sjávarafurða.

Áætlað er, að gengishagnaðurinn muni nema alls um 740 milljónum króna. Gert er ráð fyrir, að fjárhæð þessari verði varið til ýmiss konar málefna sjávarútvegsins. Í ýmsum greinum er gert ráð fyrir, að þessu fé verði varið til greiðslu á skuldbind-

ingum, sem ríkissjóður hafði tekið að sér að greiða. Má þar nefna greiðslu í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins 30 milljónir, sérstakar uppbætur á saltfisk 40 milljónir, sérstakar bætur til síldveiðiskipa og til síldarverksmiðja.

Það vekur athygli við ráðstöfun á þessum gengishagnaði, að mestur hluti hans mun renna til síldarútvegsins og til útgerðar stærri fiskiskipa.

Smábátaútvegurinn fær sáralítið í sinn hlut af gengishagnaðinum, en á þó að sjálfsögðu sinn hluta af afurðabirgðunum, sem gengishagnaðurinn kemur frá.

Minni hl. telur, að skipta hefði átt gengishagnaðinum á annan hátt en lagt er til í frumvarpinu.

Það er skoðun minni hl., að samþykkt frv. mundi ekki leysa þann vanda, sem við er að eiga í sjávarútvegsmálum.

Minni hl. telur, að óhugsandi sé að rétta við hag útgerðarinnar á þann hátt að lækka tekjur sjómanna, eins og að er stefnt í frv. Hann telur hins vegar, að rétt hefði verið að styðja útgerðina, m. a. með ráðstöfunum, sem miðað hefðu til lækkunar á rekstrarkostnaði og lækkun ýmiss konar gjalda, sem nú hvíla á rekstrinum.

Af framangreindum ástæðum leggur minni hl. til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ljóst er, að samþykkt frumvarpsins getur leitt til ófriðar á vinnumarkaðnum og stöðvun fiskveiða á komandi vertíð, sem mundi hafa hinar örlagaríkustu afleiðingar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, ályktar deildin að vísa frumvarpinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. des. 1968.

Björn Pálsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Jón Skaftason.

Ed. 210. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 19. des. 1968.

Þorsteinn Gíslason, form. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.

Björn Jónsson. Pétur Benediktsson. Einar Ágústsson. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 211. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er því meðmælt, að deildin ljái því samþykki sitt. Þó er þetta samþykki bundið fyrirvara frá einstökum nefndarmönnum, sem þeir munu gera nánari grein fyrir í umræðum.

Nauðsyn er að leiðrétta villu, sem komið hefur í frv. Er nefndin sammála um að flytja svolátandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað orðsins „grunnlínupunktum“ í 7. línu komi: línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta.

Alþingi, 19. des. 1968.

Pétur Benediktsson, form. frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Jón Árnason, með fyrirvara.	Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.	Bjarni Guðbjörnsson, með fyrirvara.

Sigurður Grétar Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 212. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt þessa frv. án breytinga.

Alþingi, 19. des. 1968.

Þorsteinn Gíslason, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, frsm.
Björn Jónsson.	Pétur Benediktsson.	Bjarni Guðbjörnsson.

Einar Ágústsson.

Ed. 213. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Í lögum um skólakostnað er kveðið svo á, að framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptist á þriggja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar. Frv. þetta felur í sér þá breytingu, að á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á fjögurra ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.

Minni hl. menntamálanefndar telur rétt, að skólakostnaðarlögin frá 1967 verði látin koma til fullra framkvæmda á næsta ári, og leggur því til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1968.

Páll Þorsteinsson, frsm.	Ólafur Jóhannesson.	Sigurður Grétar Guðmundsson.

Nd. 214. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landsspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. var sent til umsagnar, og hafa umsagnir borizt. Mæla þær með sölu, en þó með skilyrðum, sem eru að mestu samhljóða. Í umsögn frá biskupi er lögð til aðild sóknarprests og héraðsprófasts um söluverð og ráðstöfun andvirðis, og í umsögn dómsmálaráðuneytisins og landnámsstjóra er lagt til, að veiðiréttur í Fnjóská sé undanskilinn, ef landið liggur að ánni. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. og flytur við það svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. bætist:

Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

Alþingi, 19. des. 1968.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Eyjólfur Konráð Jónsson.
	Stefán Valgeirsson.	

Ed. 215. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Alþingi, 19. des. 1968.

Þorsteinn Gíslason, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, frsm.
Björn Jónsson.	Pétur Benediktsson.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Einar Ágústsson.	

Sþ. 216. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1969 og við brtt. á þskj. 200 og 208.

I. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.* Þús. kr.
Við 4. gr. 1 01 321 Kennaraskólinn 0 81 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „840“ kemur 5 840

II. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 200, 6. Sundurliðun a. A. 17. (Við 4. gr. 1 01 669).
Fyrir „Sauðanesskóli“ kemur (leiðrétting): Sauðanesskólahverfi.

III. Frá *Magnúsi Kjartanssyni, Jónasi Árnasyni* og *Sigurði Grétari Guðmundssyni.*
Við 4. gr. 1 01 882 14 Listamenn.
Fyrir „4 215“ kemur 6 000

IV. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
1. Við 4. gr. 1 01 899. Nýr liður (leiðrétting):
53 Til Íþróttasambands Íslands vegna landsmóta 100
2. Við brtt. 200, 12. Sundurliðun 4. (Við 4. gr. 1 03 286 03 Fyrirhleðslur, Norðurá).
Fyrir „15“ kemur (leiðrétting) 65
3. Við brtt. 200, 13. Sundurliðun 6. (Við 4. gr. 1 03 286 04 Landþurrkun).
Fyrir „Hofsós“ kemur (leiðrétting): Háfsósar.
4. Við 4. gr. 1 03 581. Nýr liður:
05 Vegna þings norrænna verzlunarskólakennara 100

V. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við 4. gr. 1 05 999 20 Félagið Heyrnarhjálp.
Fyrir „110“ kemur 200

VI. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 200, 36. (Við 4. gr. 1 05 999.
56 Íþróttasamband Íslands, vegna landsmóta).
Liðurinn fellur niður (leiðrétting).

VII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 4. gr. 1 05 999. Nýr liður:
56 Til Flugmálafélags Íslands, í tilefni af 50 ára afmæli flugsins 100

VIII. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
1. Við brtt. 200, 37. (Við 4. gr. 1 06 383. — Styrktarfé).
Fyrir „Arnbjörg Jónsdóttir“ í sundurliðun kemur (leiðrétting): Arnbjörg Eiríksdóttir.
2. Við brtt. 200, 38. (Við 4. gr. 1 06 384 — Styrktarfé). Nýr liður í sundurliðun (tölur breytist samkv. því): Kr.
Sigurbjörg Jónsdóttir 13 862

IX. Frá *Magnúsi Kjartanssyni.*
Við brtt. 208, 1. (Við 6. gr.). Liðurinn orðist svo:
Að taka allt að 8 millj. kr. lán og nota það sem aukaframlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

X. Frá *Skúla Guðmundssyni, Sigurvin Einarssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Vilhjálmi Hjálmarssyni.*

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

Að taka lán til raforkuframkvæmda, eftir því sem þörf krefur, til þess að rafmagnsveitur ríkisins geti lagt raflínur á árunum 1969 og 1970 til allra heimila, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum, á þeim svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða styttri.

Ed. 217. Breytingartillaga [112. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Jóni Árnasyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði“ komi: Leyfi til togveiða skal að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði.

Ed. 218. Breytingartillaga [112. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Karli Guðjónssyni.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist svo hljóðandi málsgrein:

Þær rýmkanir á veiðiheimildum, sem í þessum lögum felast, skulu þó aðeins ná til þeirra fiskiskipa, sem gerð eru út frá höfnum á svæðinu frá Horni að Rauðanúpi norðanlands og frá Stokksnesi að Garðskaga sunnanlands.

Ed. 219. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita vélbátum allt að 200 brúttó-rúmlestum að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar, þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta. Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði

réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Heimilt er þó ráðherra að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar. Togveiðar skulu þó ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl. Leyfi til togveiða skal að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net. Hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 220. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað efni frumvarpsins og er sammála að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 19. des. 1968.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Karl Guðjónsson.	Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Nd. 221. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður (Kostnaðarhlutdeild o. s. frv.) falli niður.
2. Við 4. gr. Þriðji málsliður (Þessi greiðsla kemur o. s. frv.) falli niður.

Ed. 222. Lög [87. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 107.

Ed. 223. Lög [116. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 166.

Ed. **224. Lög** [98. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 122.

Ed. **225. Lög** [22. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 22.

Ed. **226. Lög** [115. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 195.

Ed. **227. Lög** [14. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 14.

Nd. **228. Lög** [8. mál]

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 8.

Nd. **229. Lög** [112. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 219.

Nd. **230. Lög** [89. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 161.

Nd. 231. Lög [105. mál]

um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 134.

Sþ. 232. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1968.

Framkvæmdir samkvæmt vegáætlun 1968.

I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar á yfirstandandi ári, eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu.

1. Vegáætlun 1967.

Þegar skýrsla um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1967 var lögð fram, lágu ekki fyrir lokareikningsskil um framkvæmd hennar. Samkvæmt endanlegum reikningsskilum urðu heildarútgjöld vegasjóðs á árinu 393.8 m.kr., en tekjur 370.6 m.kr. Varð því halli á vegáætlun á árinu 23.2 m.kr. Af þessum halla eru 21 m.kr. á vegaviðhaldi, en 2.2 m.kr. á brúargerðum, og voru orsakir þessa raktar ýtarlega í greinargerð með frumvarpi að breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi 10. apríl s. l.

2. Lög um breytingu á vegalögum nr. 7/1968.

Með breytingu á vegalögum nr. 7/1968 eru tekjustofnar vegasjóðs hækkaðir verulega og áætlað, að ráðstöfunartekjur sjóðsins á árinu 1968 mundu við það aukast um 109 m.kr. Samkvæmt vegáætlun 1968 og lögum nr. 7/1968 voru ráðstöfunartekjur vegasjóðs á árinu áætlaðar þannig að frádregnum endurgreiðslum:

A.			
1. Tekjur af benzíngjaldi skv. vegáætlun (brúttó)	273.8 m.kr.		
÷ Endurgreiðslur	21.2 —		
		252.6 m.kr.	
2. Tekjur af hækkun benzíngjalds samkv. l. nr. 7/1968	36.0 m.kr.		
+ Tekjur vegna lækkunar á endurgreiðslum	7.0 —		
		43.0 —	
			295.6 m.kr.
B.			
1. Tekjur af þungaskatti skv. vegáætlun (brúttó)	75.5 m.kr.		
÷ Endurgreiðslur	0.8 —		
		74.7 m.kr.	
2. Tekjur af hækkun þungaskatts samkv. l. nr. 7/1968		40.0 —	
			114.7 —

C.

1. Tekjur af gúmmígjaldi skv. vegáætlun .	14.7 m.kr.		
2. Tekjur af hækkun á gúmmígjaldi samkv. l. nr. 7/1968	26.0 —		
		40.7	m.kr.
	Alls	451.0	m.kr.

Í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 7/1968 var ákveðið að tekjum vegasjóðs, samkv. þessum lögum, skyldi á árinu 1968 varið eins og hér segir:

1. Til greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrautaframkvæmda til ársloka 1968		21.0	m.kr.
2. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967:			
a. Halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara	21.0 m.kr.		
b. Halli á brúargerðum	2.0 —		
		23.0	—
3. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum liðum vegáætlunar:			
a. Viðhald þjóðvega	17.3 m.kr.		
b. Til brúargerða	10.0 —		
c. Til endurbóta á hættulegum stöðum	4.0 —		
		31.3	—
4. Til kaupstaða og kauptúna, svo og rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð		9.4	—
5. Til nýrra vega:			
Strákavegur	16.8 m.kr.		
Ólafsfjarðarvegur	1.0 —		
Suðurfjarðavegur	6.5 —		
		24.3	—
	Samtals	109.0	m.kr.

Samkvæmt lið 4 skyldi 9.4 m.kr. af tekjuaukningunni varið til kaupstaða og kauptúna og tilrauna við vegagerð í samræmi við 32. og 96. gr. laga nr. 71/1963 og 1. gr. laga nr. 7/1968, en ákveðið var að nota heimildarákvæði í niðurlagi síðastnefndu greinarinnar. Þessi upphæð reyndist 0.9 m.kr. of lág, og var því raunverulega ráðstafað 109.9 m.kr. með bráðabirgðaákvæðunum.

3. Áhrif verðhækkana.

Við gengisbreytinguna í nóvember 1967 og nýja kjarasamninga í marz þ. á. urðu nokkrar hækkanir á kostnaði við framkvæmdir, eins og fram kemur á vísitölu hinna einstöku framkvæmdaliða.

	Ágúst 1967	Ágúst 1968	Hækkun
Vegaviðhald	571	655	16.5%
Vegagerð	527	615	16.7%
Brúargerð	691	804	16.4%

Við ráðstöfun á tekjuaukningu vegasjóðs, samkv. l. nr. 7/1968, var tekið tillit til þessara verðhækkana varðandi brúargerð og vegaviðhald að mestu, en ekki varðandi fjárveitingar til einstakra vega, sem voru flestar óbreyttar frá því vegáætlun var samin haustið 1965.

4. Áhrif veðurfars og náttúruhamfara.

Veturinn var óvenju snjóþungur um land allt, og varð kostnaður við snjómokstur af þeim sökum á tímabilinu janúar—júní nær 24 m.kr., eins og síðar verður vikið að.

Þá urðu mjög stórfelldar skemmdir á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi og einnig um miðbik Norðurlands í feiknalegum vatnavöxtum í lok febrúar og byrjun marz. Tókst þó víðast að koma umferð í eðlilegt horf í marz, en fullnaðarviðgerð á vegum og brúm var ekki lokið fyrr en á miðju sumri. Tjón af þessum flóðum nam röskum 7.5 m.kr. Vorið var mjög kalt, og urðu vegaskemmdir af völdum holklaka og aurbleytu því með mesta móti í ýmsum landshlutum.

Um miðjan nóvember í ár urðu einhverjir stórfelldustu vatnavextir, sem um getur á Austurlandi á svæðinu frá Lónsheiði að Hellisheiði. Orsök þessara vatnavaxta var mikil samfelld úrkoma í marga daga samfara óvenjulegu hlýviðri. Var mikill snjór kominn á Austurlandi, þegar þetta gerðist, og jók það vatnaganginn að miklum mun.

Bráðabirgðaviðgerðum er lokið, en fullnaðarviðgerðum verður ekki unnt að ljúka fyrr en á næsta sumri. Ekki verður með vissu sagt, hve miklu tjón þetta nemur, en það skiptir án efa mörgum milljónum króna.

5. Umferðartalning og vegaeftirlit.

Umferðartalningu var haldið uppi víða um land með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá var dagana 8.—11. ágúst gerð mjög víðtæk umferðarkönnun um allt land í sambandi við samgöngumálaathugun þá, sem fyrirtækið Kampsax vann að á vegum samgöngumálaráðuneytisins og Efnahagsstofnunarinnar, eins og síðar greinir.

Umferðartalningar leiddu í ljós, að á Vestur- og Norðurlandi var sumarumferð, þ. e. meðalumferð í júní—sept., nokkru minni en s. l. ár. Svo var t. d. á Vesturlandsvegi austan við vegamót við Borgarnesbraut, en þar var umferðin 3.5% minni en 1967. Í Eyjafirði er munurinn þó enn meiri, þar sem sumarumferð þar reyndist 8.1% minni en 1967. Má telja líklegt, að hið mjög kalda vor hafi átt mestan þátt í þessari minnkun umferðar.

Á Suðurlandi var hins vegar um nokkra aukningu umferðar að ræða, t. d. var umferð á vegum í nágrenni Selfoss um 9.7% meiri en 1967. Á Hafnarfjarðarvegi í Fossvogi jókst sumarumferð um 2.4%, en samsvarandi aukning 1967 var 12.9%. Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var 3.1% meiri fyrstu 10 mánuði ársins en á sama tímabili 1967. Er það mun minni aukning en árið áður, en þá var hún 8.1%.

Haldið var uppi sérstöku vegaeftirliti í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama sniði og á s. l. ári. Er enginn vafi á því, að mun betur er nú farið eftir gildandi reglum um öxulþunga bifreiða en áður var.

6. Breyting úr vinstri- í hægrihandarumferð 26. maí.

Í sambandi við umferðarbreytinguna 26. maí voru á s. l. ári flutt nær 3000 umferðarmerki af vinstri yfir á hægri vegbrún á öllum þjóðvegum að undanskildum fjölförnustu vegunum út frá Reykjavík, en þar voru þessi merki flutt skömmu fyrir H-dag, og höfðu þá verið flutt til alls 3142 umferðarmerki.

Önnur atriði, sem komu til kasta Vegagerðar ríkisins í sambandi við umferðarbreytinguna, voru þessi:

a. Gerðar voru sérstakar biðreinar á tveimur stöðum við Hafnarfjarðarveg. Einnig var breikkuð syðri akbrautin á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku.

b. Byggt var nýtt gjaldskýli við Reykjanesbraut hjá Straumi milli akreina, og er umferðargjald nú inheimt af bifreiðum á norðurleið, en var innheimt á suðurleið áður. Var þetta gert til þess að komast hjá aukakostnaði við breikkun nyrðri akreinar.
c. Á sjálfan H-daginn var skipt um 150 akreinamerki (C2) á blindhæðum. Síðar voru 52 stór leiðarmerki (töflur) og 7 vegvísar fluttir af vinstri yfir á hægri vegarbrún.
d. Þá sá Vegagerð ríkisins um uppsetningu á 1155 H-merkjum víðsvegar um land fyrir framkvæmdanefnd H-umferðar.

Kostnaður við framangreindar framkvæmdir vegna umferðarbreytingarinnar á árinu 1967 og 1968 nam alls samkv. samningi um 3 m.kr., að undanskildum kostnaði við uppsetningu H-merkja. Hefur sá kostnaður verið endurgreiddur Vegagerð ríkisins.

7. Lagfæringar á hættulegum stöðum.

Svo sem að framan greinir, þá voru veittar 4 m.kr. til lagfæringa á hættulegum stöðum af viðbótartekjum vegasjóðs á þessu ári skv. lögum nr. 7/1968.

Þessi fjárveiting var fyrst og fremst ætluð til lagfæringa á stöðum, þar sem ætla mátti, að sérstök hætta skapaðist við umferðarbreytinguna 26. maí eins og blindhæðum, blindbeygjum og mjóum ræsum.

Fjöldi ábendinga um hættulega staði bárust frá umferðaröryggisnefndum þeim, sem stofnaðar voru í flestum héruðum að tilhlutun framkvæmdanefndar H-umferðar. Að vísu bárust ábendingar frá sumum nefndum það seint, að lítil tök voru á að taka fullt tillit til þeirra varðandi framkvæmdir fyrir H-dag, en yfirleitt tókst mjög góð samvinna milli þessara nefnda og starfsmanna Vegagerðar ríkisins, og víða lögðu umferðaröryggisnefndirnar fram nokkra sjálfboðavinnu við þessar lagfæringar fyrir H-dag.

Margar lagfæringar voru gerðar á hættulegum stöðum, sem of langt yrði upp að telja, m. a. var skipt akreinum á um 100 blindhæðum. Hins vegar sneið fjárveitingin þessum framkvæmdum þröngan stakk, og hefði hún þurft að vera hærri, ef sinna hefði átt öllum ábendingum öryggisnefnda.

Enginn vafi er á því, að öryggisnefndirnar hafa unnið gott starf, og vonandi er, að takast megi að halda þeim starfandi framvegis í einhverju formi.

Upplýsingar þær, sem H-nefndin hefur safnað um umferðarslys á undanförnum 2 árum og sérstaklega skipting umferðarslysa milli dreifbýlis og þéttbýlis, eru mjög athyglisverðar. Samkv. upplýsingum framkvæmdastjóra H-nefndar hefur skipting umferðarslysa milli dreifbýlis og þéttbýlis undanfarin ár verið eins og hér segir yfir sumarmánuðina, þ. e. 22. viku — 43. viku (26. maí — 25. október).

Fjöldi umferðarslysa 22. — 43. viku.

Ár	Í þéttbýli	%	Í dreifbýli	%	Slys alls	Bifreiðafjöldi pr. 1/7	Slys pr. 1000 bifr.
1966	1701	79.0	451	21.0	2152	37 119	58
1967	1600	75.7	513	24.3	2113	40 697	52
1968	1623	81.1	379	18.9	2002	42 754	47

Af þessu yfirliti er ljóst, að umferðarslysum í heild hefur farið fækkandi undanfarin ár, þrátt fyrir verulega aukningu umferðar, og að umferðarbreytingin hefur, það sem af er, síður en svo valdið auknum slysum, eins og ýmsir spáðu.

Samkv. upplýsingum H-nefndar skiptust öll umferðarslys fyrir árin 1966 og 1967 þannig:

Fjöldi umferðarslysa yfir allt árið.

Ár	Í þéttbýli	%	Í dreifbýli	%	Slys alls	Bifreiðafjöldi pr. 1/7	Slys pr. 1000 bifr.
1966	4406	85.9	722	14.1	5128	37 119	138
1967	4242	83.9	816	16.1	5058	40 697	124

Umferðarslys í dreifbýli eru því aðeins um 15% af öllum umferðarslysum á landinu. Af þessu er hins vegar ljóst, að ef lækka á heildarslysin að marki, þá þarf að einbeita kröftunum að umferðinni í þéttbýlinu, því að þótt takast mætti að fækka slysum í dreifbýli um helming, þá lækkar það slysin í heild aðeins um 8%. Þetta ber þó ekki að skilja á þann veg, að ekki sé full ástæða til þess að halda áfram lagfæringum á hættulegum stöðum á þjóðvegum. Hins vegar er greinilegt, að aðalvandamál umferðarslysa er tengt þéttbýlinu og verður ekki leyst nema þar.

Einnig er ljóst, að nauðsynlegt er að halda áfram þeirri gagnasöfnun um umferðarslys, sem H-nefndin hefur hafið.

8. Innheimta tekna og greiðsluyfirlit.

a. Benzíngjald.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968 var áætlað, að benzínsala á yfirstandandi tekjuári vegasjóðs (nóv.—okt.) yrði 74.6 millj. lítra, en endurgreiðslur voru þá áætlaðar 21.2 m.kr. Á s. l. tekjuári reyndist benzínsalan 72.8 millj. lítra, en endurgreiðslur 17.3 m.kr. Urðu því nettótekjur af benzíngjaldi það ár 250.1 m.kr. Á tímabilinu nóv. 1967 til septemberloka 1968 hefur benzínsala reynzt 0.7% minni en á sama tímabili í fyrra, og er því áætlað nú, að benzínsala í ár verði alls 72.2 millj. lítra, eða um 0.8% minni en á s. l. ári. Hins vegar hafa endurgreiðslur lækkað niður í tæpar 10 m.kr. vegna breytingar á reglugerð þar að lútandi. Af þeim sökum er áætlað, að tekjur af benzíngjaldi verði um 2.2 m.kr. hærri en áætlað var.

b. Þungaskattur.

Tekjur af þungaskatti til októberloka voru orðnar 101.2 m.kr., en endurgreiðslur 3.2 m.kr. og nettótekjur því 98.0 m.kr. Í vegáætlun voru endurgreiðslur áætlaðar 0.8 m.kr. með hliðsjón af reynslu fyrri ára. Með tilliti til þessa er nú áætlað, að heildartekjur af þungaskatti á árinu nemi 111.1 m.kr. eða 3.6 m.kr. lægri upphæð en áætlað var.

c. Gúmmígjald.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir 1968 á s. l. ári voru tekjur af gúmmígjaldi í ár áætlaðar 14.7 m.kr., sem samsvarar 1635 t sölu. Við hækkun á gúmmígjaldi með lögum nr. 7/1968 var sú áætlun endurskoðuð og tekjuáætlun miðuð við, að salan yrði 1210 t, sem er um 4% minni sala en 1967 og 9% minna en salan 1966. Hinn 1. nóv. var salan á hjólbörðum aðeins orðin 775 t og með hliðsjón af sölu í nóv. og des. undanfarin ár, þá er áætlað, að heildarsalan á árinu verði 964 t. Er það 23% minni sala en á s. l. ári. Er því áætlað, að heildartekjur á þessum lið verði 31.8 m.kr. eða 8.9 m.kr. lægri en áætlað var.

Greiðsluyfirlit.

Samkvæmt framansögðu má búast við, að innheimta tekna verði sem hér segir á árinu 1968:

Tekjur vegasjóðs.

	Áætlaðar tekjur skv. vegáætlun í m.kr.	Innheimtar tekjur pr. 1/11 1968 m.kr.	Áætlaðar tekjur alls í m.kr.
1. Benzínskattur, nettó	295.6	239.8	297.8
2. Þungaskattur, nettó	114.7	98.0	111.1
3. Gúmmígjald	40.7	25.0	31.8
Alls	451.0	362.8	440.7

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir, að röskar 10 m.kr. muni vanta á, að tekjuáætlun standist.

Gjöld vegasjóðs.

Áætlað er, að gjöld vegasjóðs á árinu verði eins og hér segir:

1.	Útgjöld samkv. vegáætlun og lögum nr. 7/1968	451.0 m.kr.
2.	Stjórn og undirbúningur, hækkun vegna vísitölu	1.0 —
3.	Hækkun á vegaviðhaldi, sbr. lið II, 1 d	15.0 —
4.	Hækkun vegna vega í kaupstöðum og kaupt., sbr. I.	0.9 —
5.	— á tryggingargjöldum og framkv. við Siglufjarðarveg, sbr. III, 9.	1.6 —
	Alls	469.5 m.kr.

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir, að gjöld vegasjóðs í ár verði 18.5 m.kr. umfram áætlun og greiðsluhalli því alls 28.8 m.kr.

9. Föst lán til vegaframkvæmda.

Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1968 hefur ráðuneytið í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar í ár.

Til einstakra vegaflokka nema þessi lán eftirtöldum upphæðum:

1.	Hraðbrautir	47.3 m.kr.
2.	Þjóðbrautir	13.1 —
3.	Landsbrautir	6.6 —
	Alls	67.0 m.kr.

Af þessum lánum eru 51.0 m.kr. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 16.0 m.kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu þessara lána vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Föst lán vegasjóðs í árslok 1967 og 1968 verða, eins og hér segir, miðað við skráð gengi á hverjum tíma:

Föst lán.

		Árslok 1967 í m.kr.	Árslok 1968 í m.kr.
1.	Hraðbrautir	274.2	373.1
2.	Þjóðbrautir	87.7	109.1
3.	Landsbrautir	16.4	33.9
	Alls	378.3	516.1

Gengistap.

		1967	1968
1.	Hraðbrautir	30.1	82.2
2.	Þjóðbrautir	4.1	15.1
3.	Landsbrautir	3.7	11.0
	Alls	37.9	108.3

10. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Í ár hefur verið fylgt sömu reglu og undanfarin ár að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Þar sem yfirstandandi ár er seinasta ár gildandi vegáætlunar 1965—1968, þá hafa engin ný bráðabirgðalán verið veitt, nema 700 þús. kr. til Þingeyjarsýslubrautar, en bein lánsheimild var þar fyrir hendi í III. kafla vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár.

Bráðabirgðalán vegasjóðs til einstakra vegaframkvæmda í árlok 1967 og 1968.

	Árslok 1967 í þús. kr.	Árslok 1968 í þús. kr.
1. Hraðbrautir	4 745	0 000
2. Þjóðbrautir	2 677	1 858
3. Landsbrautir	4 559	2 466
Alls	11 981	4 324

Bráðabirgðalán í árslok 1967 eru nú talin 171 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmdir vegáætlunar 1967. Stafar þessi mismunur af því, að veittar lánsheimildir voru ekki að fullu notaðar.

II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Í vegáætlun fyrir yfirstandandi ár eru veittar 139.4 m.kr. til viðhalds þjóðvega. Hafði sú upphæð verið hækkuð úr 108.0 m.kr. við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968, er gerð var veturinn 1967. Stafaði þessi hækkun af hækkun viðhaldsvísitölu úr 489 stigum 1965 í 571 stig 1967 og hækkuðum kostnaði við snjómokstur, eins og nánar er rakið í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar 1967 og 1968. Enn fremur voru samkv. lögum nr. 7/1968 veittar 17.3 m. kr. til vegaviðhalds eða alls 156.7 m.kr. á árinu.

a. Vetrarviðhald.

Í hinni endurskoðuðu vegáætlun var kostnaður við vetrarviðhald áætlaður eins og hér segir:

	1967	1968
Áætlaður kostnaður við vetrarviðhald í vegáætlun 1967 og 1968	15.2 m.kr.	17.2 m.kr.

Í þessari áætlun um vetrarviðhaldið var miðað við meðaltal áranna 1965 og 1966, sem var 12.2 m.kr. Við þá upphæð var bætt 3 m.kr. árið 1967 vegna mikilla snjóalaga, sem vitað var um, og vegna fyrirhugaðra breytinga á reglum um greiðslu kostnaðar við snjómokstur frá 1958, sem tóku gildi í des. 1967. Fyrir árið 1968 var bætt 5.0 m.kr. við áætlað meðalvetrarviðhald 1965 og 1966 vegna breytinga á snjómokstursreglum.

Raunverulegur kostnaður við vetrarviðhald árið 1967 og fyrri árshelming þessa árs hefur orðið, eins og hér segir:

	1967 M.kr.	1968 M.kr.
Janúar—júní	17.0	24.0
Október—desember	9.7	6.0 (áætlað)
Alls	26.7	30.0

Kostnaður við vetrarviðhald árið 1967 varð því 11.5 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun, og var það meginorsök þess, að viðhaldskostnaður á því ári í heild fór um 21 m. kr. fram úr fjárveitingu samkv. vegáætlun. Orsakir þessa voru að sjálfsögðu, að snjóalög voru mun meiri það ár en árið 1966, sem var þó snjóþungt ár miðað við árið 1965.

Það, sem af er þessu ári (jan.—jún.), hefur kostnaður við vetrarviðhald orðið 24.0 m.kr., sem er 7.0 m.kr. hærri upphæð en á sama tímabili árið 1967. Þessi kostnaður er alveg sambærilegur við sama tímabil árið 1967, þar sem almenn hækkun á

leigugjaldi vinnuvéla kom fyrst til framkvæmda í maí s. l. Nemur þessi aukning á kostnaði um 40%. Nokkuð af hinum aukna tilkostnaði stafar af hinum rýmkuðu snjómokstursreglum, en snjóalög voru þó víðast meiri og veðrátta umhleypingasamari en árið 1967. Ekkert er þó unnt að fullyrða um það, hvor þátturinn hefur vegið meira til hækkunar.

Snjóalög í okt.—nóv. þessa árs hafa verið minni en á sama tímabili 1967. Má búast við, að kostnaður við vetrarviðhald í okt.—des. verði um 6.0 m.kr., og er þá tekið tillit til 15% hækkunar á leigugjaldi vinnuvéla. Má því gera ráð fyrir, að kostnaður við vetrarviðhald á þessu ári verði um 30.0 m.kr., og er það nær tvöfalt hærri upphæð en áætlað var samkv. vegáætlun.

b. Tjón af völdum náttúruhamfara.

Í lok febrúar s. l. urðu stórkostleg tjón á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi og einnig nokkuð á svæðinu frá Skagafirði til S.-Þingeyjarsýslu. Viðgerð á skemmdum á vegum og brúm er nú lokið, en ekki á öllum fyrirhleðslugörðum, þar sem sumir þeirra eru vegasjóði óviðkomandi, og bíður fullnaðarviðgerð á þeim eftir fjárveitingum í fjárlögum 1969. Kostnaður við viðgerðir vegna flóðanna í febrúarlok nemur nú alls 7.5 m.kr.

Í lok ágústmánaðar urðu verulegar skemmdir af flóðum í Rangárvallasýslu og V.-Skaftafellssýslu. Rofnuðu vegir við margar brýr sökum þess, að fyrirhleðslugarðar brustu. Samgöngur komust fljótlega í samt lag, en viðgerðum á fyrirhleðslugörðum er enn ekki lokið. Er áætlaður kostnaður af viðgerðum um 1.2 m.kr. Hefur það valdið verulegum erfiðleikum í þessu sambandi, að veðrátta á Suðurlandi í september hefur verið óvenju hlý samfara verulegri úrkomu. Hefur því verið óvenju mikið vatn í öllum jökulám á þessu svæði, og hefur það torveldað allar viðgerðir.

Þá urðu dagana 11.—13. nóv. stórfelldar skemmdir á vegum og við brýr á Austurlandi á svæðinu frá Lónsheiði til Héraðs, eins og áður greinir. Í lok nóv. var bráðabirgðaviðgerðum að mestu lokið, og er kostnaður við þær mjög lauslega áætlaður um 4 m.kr. Fullnaðarviðgerðir verða þó að bíða næsta sumars og ekki unnt að gera sér fulla grein fyrir kostnaði við þær, eins og er.

Við framangreindar skemmdir af vatnavöxtum bætist tjón á brúnni á Mórillu í Kaldalóni, en yfirbyggingu hennar tók af einhvern tíma á s. l. vetri í snjóflóði, að því er bezt verður séð. Um þetta tjón varð þó ekki kunnugt fyrr en seint á s. l. vori. Er kostnaður við endurnýjun á yfirbyggingu brúarinnar áætlaður um 0.9 m.kr., og var því verki lokið í október.

Bein tjón af völdum náttúruhamfara, það sem af er árinu, hafa verið eins og hér segir:

Tjón af flóðum í febrúar—marz	7.5	m.kr.
— — — — ágúst	1.2	—
— — — — nóvember	4.0	—
Tjón á brúnni á Mórillu í Kaldalóni	0.9	—
	Alls 13.6	**m.kr.**

c. Aukning umferðar og almennt ástand malarvega.

Þó að aukning umferðar yfir sumarmánuðina hafi verið nokkru minni í ár en undanfarin ár, eins og að framan greinir, þá má segja, að slit á malarvegum hafi ekki minnkað að sama skapi. Stafar þetta af því, að sá hluti umferðarinnar, sem slítur vegunum mest er stöðugt vaxandi, en það er umferð þungra vörubifreiða.

Kemur þetta greinilegast í ljós á vorin, þegar frost er að fara úr jörðu og taknmarka verður öxulþunga af þeim sökum. Umferð er þá oftast mjög lítil, en á mörgum vegum nær eingöngu vörubifreiðar með mjólk, fóðurbæti og áburð. Þessa flutninga er ekki unnt að stöðva að nokkru marki nema dag og dag í senn. Afleiðing

er sú, að þeir stórspilla löngum vegarköflum, og fer mikill hluti af viðhaldsfé til bráðabirgðaviðgerðar, til þess að umferð stöðvist ekki með öllu. Afleiðingin er svo sú, að í mörgum héruðum er lítið eða ekkert hægt að sinna eðlilegu viðhaldi veganna á þeim tíma, sem það kemur að mestum notum, en það er á haustin. Er viðhaldið því víða komið í vítahring, sem ekki verður komizt úr, nema hægt sé að taka fyrir einstaka vegi og hreinlega endurbyggja burðarlag þeirra.

Önnur afleiðing af hinni vaxandi umferð þungra ökutækja eru skemmdir á gömlum brúm. Hefur því víða orðið að grípa til þess úrræðis að setja yfir gamlar brýr bráðabirgðagólf úr timbri. Var kostnaður við viðhald brúa í ár áætlaður um 5 m.kr., en sýnilegt er, að hann muni verða a. m. k. um 7 m.kr.

d. Fjárveiting til vegaviðhalds og umframgreiðsla á þeim lið.

Öll fjárveiting til vegaviðhalds í ár var 156.7 m.kr., eins og að framan greinir, eða tæpri 1 m.kr. hærri upphæð en raunverulegur kostnaður varð við vegaviðhaldið á árinu 1967. Af þessari fjárveitingu til vegaviðhalds voru 17.3 m.kr. af tekjum samkv. ákvörðun laga nr. 7/1968 til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem urðu á árinu 1968 vegna gengisbreytingarinnar í nóv. 1967. Miðað við hækkun á vísitölu viðhaldskostnaðar frá marz 1967 til ágúst 1968, sem nemur 16.5%, þá hefði þessi fjárveiting þurft að vera 6 m.kr. hærri til þess að mæta beinni verðhækkun, en það reyndist þó ekki mögulegt af þeirri tekjuaukningu, sem breytingin á vegalögunum gaf.

Þar sem kostnaður við vetrarviðhald á árinu og flóðaskemmdir eru mun meiri en miðað var við í vegáætlun, þá er nú gert ráð fyrir, að umframgreiðslur á vegaviðhaldi í ár verði, eins og hér segir:

1.	Vegna snjómoksturs	6.0 m.kr.
2.	Vegna flóðaskemmda	7.0 —
3.	Vegna viðhalds brúa	2.0 —
		Alls 15.0 m.kr.

Þegar haft er í huga, að snjómoksturskostnaður á árinu verður um 13 m.kr. hærri en vegáætlun gerir ráð fyrir og bein tjón af náttúruhamförum um 12 m.kr., þá er ljóst, að með þeirri umframgreiðslu, sem hér er áætluð, þá hefur af illri nauðsyn orðið að draga úr almennu viðhaldi vega miðað við það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir.

Þar sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að árlega verða stórtjón af náttúruhamförum, þá er óhjákvæmilegt að taka upp í næstu vegáætlun sérstaka fjárveitingu til þess að mæta slíkum kostnaði, og gildir það einnig um óvenjulegan kostnað af snjómokstri.

2. Vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum.

Fjárveiting var 1.2 m.kr. Var þeirri upphæð varið til að setja upp ný umferðarmerki og endurnýja og breyta öðrum, þar sem ástæða þótti til vegna umferðarbreytingarinnar 26. maí. Var í því sambandi ráðizt í að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu, en því verki mun þó ekki ljúka að fullu fyrr en á næsta sumri.

Þá voru sett upp 29 stór leiðamerki (töflur) við veigamikil vegamót, og er nú alls búið að merkja þannig 42 vegamót á öllu landinu.

Af einstökum flokkum vega samkv. vegáætlun 1965—1968 er nú lokið merkingum í einstökum vegaflokkum, eins og hér segir:

Af 112 km af hraðbrautum eru merktir	112 km eða	100%
— 2911 km af þjóðbrautum — —	2763 km —	95%
— 5736 km af landsbrautum — —	2049 km —	36%
Alls 8759 km	4914 km	56%

Auk endurskoðunar á eldri merkjum, eins og að framan greinir, þá voru sett upp umferðarmerki samkv. reglugerð nr. 61/1959 á tæpum 600 km af nýjum vegum. Ærið verkefni er þó fyrir höndum í þessu efni, þar sem eftir er að setja upp umferðarmerki á 44% af þjóðvegakerfinu.

III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A 2):**

Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, þar sem lagningu hans var lokið á s. l. ári.

Í ár eru gjöld og fjáröflun til vegarins áætlað þannig:

	Áætlun m.kr.	Rauntölur m.kr.
Gjöld:		
1. Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum	53.1	49.9
2. Greiðsla á bráðabirgðaláni verktaka frá 1967	5.5	5.0
3. Greiðsla á skuld við vegasjóð frá 1967	3.4	3.6
4. Greiðsla á efnistöku og landspjöllum	1.2	0.6
5. Lántökukostnaður	1.2	0.6
6. Óráðstöfuð fjáröflun		4.6
Alls	64.4	64.3
Fjáröflun:		
1. Fjárveiting í vegáætlun 1968	6.8	6.8
2. Framlag varnarliðsins	0.3	0.3
3. Áætlaðar nettótekjur af umferðargjaldi	13.7	13.6
4. Lán samkv. framkvæmdaáætlun	43.6	43.6
Alls	64.4	64.3

Greiðslur vaxta og afborgana lækka í heild um 3.2 m.kr. miðað við áætlun. Ástæðan er sú, að stórt erlent lán var framlengt án afborgana, og lækkaði sá liður um 5.7 m.kr. Hins vegar hækkuðu vaxtagreiðslur vegna gengisbreytingar í nóvember og hækkunar byggingarvísitölu 1. nóv. um alls 2.5 m.kr. og lækkuðu því þessar greiðslur í heild um 3.2 m.kr.

Greiðslur vegna efnistöku og landspjalla verða að líkindum aðeins helmingur af áætlun, vegna þess að matsgerðum hefur seinkað. Lántökukostnaður varð minni en áætlað var, sökum þess að lán samkv. framkvæmdaáætlun í ár var erlent lán.

Horfur eru á, að bruttótekjur af umferðargjaldi í ár verði um 15.7 m.kr. og nettótekjur um 13.6 m.kr., og er það um 1.1 m.kr. hærri upphæð en á s. l. ári. Með innheimtukostnaði er talinn hér styrkur til reksturs skólabifreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi, sem nemur í ár 434 þús. kr.

Föst lán á veginum námu um s. l. áramót 264.2 m.kr. á þáverandi gengi. Um næstu áramót hefðu þau á sama gengi orðið 276.6 m.kr., en vegna gengisbreytingarinnar verða þau nú 358.0 m.kr.

Síðan vegurinn var opnaður fyrir almennri umferð hinn 26. okt. 1965 hafa tekjur af umferðargjaldi samkv. reglugerð nr. 202/1965 og nr. 80/1966 orðið, eins og sýnt er á eftirfarandi yfirliti.

	Tala bifreiða um gjaldstöð	Tekjur alls (brúttó) kr.	Innheimtukostnaður kr.	Tekjur alls (nettó) kr.	Meðalumferð á dag, báðar áttir
1965:					
26. okt. til 31. des. ..	39 065	2 600 690.00	365 796.21	2 234 893.79	1182
1966:					
1. jan. til 31. des. .	249 839	13 964 887.50	1 817 004.67	12 147 882.83	1369
1967:					
1. jan. til 31. des. .	272 564	15 007 195.00	2 382 810.00	12 624 385.00	1536
1968:					
1. jan. til 31. okt. ..	240 565	13 597 082.50	2 100 000.00	11 497 082.50	1577
Samtals	802 033	45 169 855.00	6 665 610.88	38 504 244.12	

Umferð fyrstu 10 mánuði ársins í ár er 2.8% meiri en á sama tímabili 1967. Aukning á brúttótekjum er þó 5.5%, sem stafar af aukinni umferð þungra bifreiða.

2. **Reykjanesbraut í Breiðholti (A 2):**

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar eru veittar 3.6 m.kr. til þessa vegar. Af þeirri upphæð gengu 1.7 m.kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, en 1.9 m.kr. til greiðslu umframeyðslu frá s. l. ári. Engar framkvæmdir voru við þennan veg á árinu.

3. **Þrengslavegur (G 2):**

Fjárveiting til vegarins í vegáætlun er 3.2 m.kr. Eftirstöðvar lánsfjár frá 1967 voru 0.6 m. kr. Til greiðslu á vöxtum og afborgunum af láni til Suðurlandsvegar fóru 0.8 m.kr. Fé til framkvæmda í ár var 3.0 m.kr., og var unnið fyrir alla fjárveitinguna. Lokið var við að hækka og breikka veginn, og má hann nú teljast fullgerður úr Svínahrauni að Selvogsvegi nema austustu 0.5 km og auk þess þarf víða að lagfæra kanta.

4. **Undirbúningur hraðbrautarframkvæmda.**

Eins og fram kom í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem samþykkt var á Alþingi í apríl s. l., þá var áformað að leita til Alþjóðabankans um lán til hraðbrautaframkvæmda á næsta ári.

Alþjóðabankinn gerir hins vegar kröfu til þess, að áður en afstaða er tekin til slíkra lánveitinga, þá liggi fyrir heildarathugun á samgöngumálum, á landi, á sjó og í lofti í viðkomandi landi.

Frumdrög að slíkri samgöngumálaathugun voru gerð árið 1963 á vegum Efnahagsstofnunarinnar af norskum hagfræðingi R. Slettemark, sem þá starfaði hjá Transport Ökonomisk Institutt í Osló og var fenginn að láni til þess verks. Var ákveðið, að þessi heildarathugun á samgöngumálum yrði unnin á vegum Efnahagsstofnunarinnar í náinni samvinnu við samgöngumálaráðuneytið og hlutaðeigandi ríkisfyrirtæki. Við slíka athugun þarf að kveðja til sérfræðinga í hinum ýmsu þáttum samgöngumála, svo og hagfræðinga, sem sérþekkingu hafa á þessu sviði. Ekkert íslenzkt fyrirtæki hefur á að skipa starfskröftum með reynslu við gerð slíkra áætlana, en hins vegar hafa ýmis erlend fyrirtæki sérhæft sig á þessu sviði á undanförnum tveim áratugum.

Af þessum sökum var á s. l. vori gerður samningur við danska verkfræðifyrirtækið Kampsax um að gera hér slíka samgöngumálaathugun, en fyrirtæki þetta hefur mikla reynslu í lausn slíkra verkefna í mörgum löndum.

Nú var unnið að þessari heildarathugun samgöngumála s. l. sumar af ofangreindu fyrirtæki, ásamt hlutaðeigandi íslenzkum aðilum, og eiga niðurstöður að liggja fyrir um miðjan janúar samkvæmt samningi. Tekið skal fram, að hér var fyrst og fremst um að ræða heildarathugun á núverandi ástandi samgöngukerfisins og æskilegar úrbætur þess í einstökum greinum frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Er því hér fyrst og fremst um hagfræðilega heildarathugun að ræða frá samgöngutæknilegu sjónarmiði, en alls ekki um hönnun á einstökum framkvæmdum.

Jafnhliða ofangreindri samgöngumálaathugun hafa starfsmenn Vegagerðar ríkisins haldið áfram vinnu við undirbúning hraðbrautaframkvæmda, sem hófust á miðju ári 1966, og hefur þetta verið gert á árinu:

1. **Vesturlandsvegur:**

Á síðasta ári lá fyrir frumáætlun um kaflann frá enda Miklubrautar að Leirvogi, ásamt tengingu á Þingvallaveg.

Á þessu ári hefur verið unnið að lokaáætlun fyrsta hluta vegarins frá enda Miklubrautar vestan Elliðaár og að Höfðabakka, um 2.0 km kafla. Er sú áætlun langt komin og verður lokið um áramót.

Á kaflanum frá Leirvogi að Eyri í Kjós hefur verið unnið að fyrstu jarðvegskönnun og grunnmælingum, og loftmyndir hafa verið gerðar af sama kafla, en um gerð loftmyndakorta hefur ekki verið samið.

2. **Suðurlandsvegur:**

Lokið var við frumáætlun um kaflann frá Reykjanesbraut hjá Blesugróf upp með Elliðaám að Rauðavatni. Þessi kafli vegarins er ekki þjóðvegur, en af skipulagsástæðum og vegna framhalds vegarins frá Rauðavatni var nauðsynlegt að gera frumáætlun fyrir þennan kafla. Unnið er að frumáætlun kaflans frá Rauðavatni að Lækjarbotnum, og ætti hún að geta legið fyrir um áramót. Á síðasta ári var lokið við frumáætlun um kaflann frá Lækjarbotnum að Svínahrauni. Vinna við frumáætlun kaflans frá Svínahrauni að Selfossi hefst nú í desember og ætti að geta legið fyrir á fyrri hluta næsta árs. Loftmyndakort af allri leiðinni frá Reykjavík að Selfossi munu fullgerð um næstu áramót.

3. **Gufunesvegur:**

Frumáætlun um Gufunesveg milli Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar er lokið. Syðri hluti þessa kafla mun verða fyrsti áfangi af framkvæmdum við Suðurlandsveg.

4. **Reykjanesbraut:**

Unnið er nú að gerð frumáætlunar um kaflann frá Miklubraut að Breiðholtsbraut, en staðið hefur á umferðarforsögn í nokkra mánuði. Ætti gerð þessarar áætlunar að ljúka upp úr áramótum.

Lokið var við gerð frumáætlunar um kaflann frá Breiðholtsbraut að Arnarnesvegi. Einnig var lokið við grófa frumáætlun um kaflann frá Arnarnesvegi að Hafnarfirði, en sú áætlun er aðallega gerð til þess að ákveða legu vegarins vegna vinnu við skipulag á þessu svæði.

5. **Hafnarfjarðarvegur:**
Á síðasta ári var lokið gerð frumáætlunar fyrir kaflann frá Hlíðarvegi í Kópavogi að Engidal.
Lokið er gerð loftmyndakorta fyrir vinnu við lokaáætlun.

6. **Hraðbrautir um Akureyri:**
Hafinn var fyrsti undirbúningur að mælingum og kortagerð með uppsetningu fastmerkja og samræmingu við kortagerð fyrir Akureyrarbæ.

7. Lokið var við nýja áætlun um umferðarmagn (umferðarforsögn) fyrir hraðbrautirnar næst Reykjavík, en áætlun þessi var gerð á vegum Borgarverkfræðingsins í Reykjavík, en Vegagerð ríkisins tók þátt í áætlunargerðinni og greiddi að hluta kostnað við hana.
Kostnaður við þennan undirbúning hraðbrautaframkvæmda á þessu ári verður um 5.4 m.kr.

2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—1968):

1. **Vesturlandsvegur (B 1):**
b. Skeiðhóll—Lambasnasir:
Fjárveiting var 1.9 m.kr., þar af fóru 940 þús. kr. til greiðslu skulda. Lokið var undirbyggingu á 900 m löngum kafla fyrir neðan og vestan Skeiðhól.
e. Bjarkarlundur—Kollabúðir:
Fjárveiting 840 þús. kr., þar af fóru 142 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var að endurbyggingu vegar milli Bjarkarlundar og Kinnarstaða og tekinn í umferð 1.1 km kafli.

2. **Stykkishólmsvegur (B 26):**
a. Nesvogur:
Fjárveiting 400 þús. kr. Hafin var endurbygging vegarins um Nesvog og lokið undirbyggingu á 0.6 km kafla, sem einnig var mölborinn að nokkru.

3. **Ólafsvíkurvegur (B 37):**
a. Enni:
Fjárveiting 830 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.
Föst lán um næstu áramót 4.034 þús. kr.
b. Rif:
Fjárveiting 290 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.
c. Staðarsveit:
Fjárveiting 300 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.6 km kafli hjá Staðastað.

4. **Grundarfjarðarvegur (B 48):**
a. Kolgrafir—Berserkjahraun:
Fjárveiting 80 þús. kr. Gerðar voru endurbætur á veginum um Kverná.

5. **Vestfjarðavegur (C 1):**
a. Sunnan Þingmannaheiðar:
Fjárveiting 1.5 m.kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 5.99 m.kr., þar af bundnar greiðslur 948 þús. kr. Fullgerður var nú 4.8 km kafli

frá Eiði að Mjóafjarðará og að mestu kaflinn frá Tjaldanesi að Kirkjubóli. Þá var fullgerður um 2 km langur vegur norðan Kjálkafjarðar og undirbyggðir að nokkru 5 km sunnan fjarðarins. Byggð var bráðabirgðabrú á Þingmannaá fyrir um 450 þús. kr. af þessari fjárveitingu, eins og nánar er gerð grein fyrir í kaflanum um brúargerðir.

Föst lán um næstu áramót 14.2 m.kr.

c. **Breiðadalsheiði:**

Fjárveiting var 1.9 m.kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 5.09 m.kr., þar af bundnar greiðslur 1.47 m.kr. Endurbyggður var 2.3 km kafli í Dagverðardal og undirbyggður að mestu 0.6 km kafli neðan Tunguleitis. Á Há-Breiðadalsheiði og í Kinninni Önundarfjarðarmegin var endurbyggður 0.5 km kafli til að fá úr því skorið, hvort endurbyggja mætti veginn um háheiðina með tilliti til snjóalaga í stað þess að gera jarðgöng, eins og fyrirhugað var, en rannsókn hefur leitt í ljós, að kostnaður við þau yrði miklu meiri en fyrst var áætlað. Vegna erfiðs tíðarfars var ekki hægt að vinna fyrir allri fjárveitingunni.

6. **Barðastrandarvegur (C 10):**

a. Brjánslækur—Þverá:

Fjárveiting 340 þús. kr. Þar af fóru 29 þús. kr. til greiðslu á skuld. Lokið var nú að fullu kaflanum frá Peningsdalsá, út með Vatnsfirði, 2.2 km, er undirbyggður var í fyrra, og var hann tekinn til umferðar.

9. **Siglufjarðarvegur (D 39):**

Fjárveiting í vegáætlun og skv. breytingu á vegalögum nr. 7/1968 var 21.1 m.kr. og framkvæmdalán 0.5 m. kr. Bundnar greiðslur námu 10.0 m.kr. Lokið var 2.6 km kafla um Hraun í Fljótum, frágangi á kaflanum frá jarðgöngum að Siglufirði og styrkingu jarðganga. Ólokið er smíði endanlegra hurða fyrir gangamunna.

Kostnaður fór um 900 þús. kr. fram úr áætlun vegna erfiðra aðstæðna við framkvæmd verksins, þar sem ekki mátti loka göngum nema að næturlagi.

Föst lán um næstu áramót verða 46.6 m.kr.

10. **Ólafsfjarðarvegur (E 2):**

a. **Um Ólafsfjarðarmúla:**

Fjárveiting var 2.0 m.kr. skv. vegáætlun og breytingu á vegalögum nr. 7/1968. Til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum fóru 1.9 m.kr. og 0.1 m.kr. til greiðslu bráðabirgðalána. Föst lán um næstu áramót nema 10.3 m.kr.

12. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**

a. Við Einarsstaði:

Fjárveiting 200 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar frá 1967.

b. Um Aðaldalshraun:

Fjárveiting 800 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar frá 1965 og 1967. Unnið var fyrir 0.7 m.kr. lánsfé skv. lántökuheimild í vegáætlun á þessu ári. Byggður var 3.0 km kafli um Syðra-Fjall.

c. Austan Jökulsár vestan heiðar:

Fjárveiting 350 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 4.3 km kafla norðan Kópaskers. Frágangi er ekki lokið, en kaflinn er nothæfur sem vetrarvegur.

f. Á Ytra-Hálsi:
Fjárveiting 500 þús. kr. Síðustu 1.6 km vegarins voru undirbyggðir og síðustu 3.1 km vegarins mölbornir að nokkru. Allur vegurinn er nú í notkun.
g. Sunnan Þórshafnar:
Fjárveiting 600 þús. kr. Undirbyggður var 2.3 km kafli og mölborinn að nokkru.

13. **Austurlandsvegur (F 1):**
a. Í Möðrudal:
Fjárveiting 800 þús. kr., framkvæmdalán 1.5 m.kr., þar af bundnar greiðslur 42 þús. kr. Undirbyggður var 7.0 km kafli frá Þrívörðuhálsi og austur fyrir Lönguhlíð. Þar af mölborinn 1.0 km kafli.
Föst lán um áramót 1.5 m.kr.
e. Á Breiðdalsheiði:
Fjárveiting 420 þús. kr., auk þess var unnið fyrir um 300 þús. kr. af fjárveitingu f. í Breiðdal. Fullgerður var 0.7 km kafli um nýja brú á Breiðdalsá, og mölborinn var 2.6 km kafli, sem undirbyggður var 1967.
f. Í Breiðdal:
Fjárveiting 630 þús. kr., þar af voru 300 þús. kr. færðar til e. á Breiðdalsheiði. Undirbyggður var að mestu 2.0 km. kafli um Ásunnarstaði.
g. Streitishvarf—Lónsheiði:
Fjárveiting 1.450 þús. kr. Fullgerður var 1.5 km kafli utan við Fossá í Berufirði og 1.5 km kafli um nýja brú á Hamarsá.
h. Geithellnahreppur—Bæjarhreppur:
Fjárveiting 500 þús. kr. Lokið var að mestu við 0.7 km kafla við Svínhóla í Lóni.

14. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**
a. Á Hellisheiði:
Fjárveiting 300 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km kafli og unnið að lagfæringum og mölburði norðan í heiðinni.

15. **Norðfjarðarvegur (F 31):**
a. Um Fagradal:
Fjárveiting 500 þús. kr. Mölborinn var 0.9 km kafli, sem undirbyggður var 1967, og auk þess fullgerður að mestu 0.6 km kafli ofan við Skriður.

16. **Suðurfjarðavegur (F 31):**
a. Í Stöðvarfirði:
Fjárveiting 400 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km kafli innan við þorpið í Stöðvarfirði.
b. Um Vattarnes:
Fjárveiting, skv. breytingu á vegalögum frá apríl 1968, 6.5 m.kr. Til afborgana af lánum fóru 1.241 þús. kr. Undirbyggður var 2.8 km kafli innan við Kolfreyjustað. Auk þess var vegurinn, sem alls er 15.3 km, mölborinn. Eftir er að aka slitlagi í 9.0 km kafla.
Föst lán um næstu áramót 6.0 m.kr.

17. **Suðurlandsvegur (G 1):**
a. Gljúfurholtsá—Kotströnd:
Fjárveiting 630 þús. kr. fór til greiðslu skuldar vegna tengingar Gljúfurholtsárbrúar og Bakkárholtsbrúar á s. l. ári.

b. Brekkuholt—Efri Rauðilækur:
Fjárveiting 620 þús. kr., geymt frá fyrra ári 248 þús. kr. og fært frá c. Dalsás—Miðdalur 100 þús. kr. Fullgerður var 1.2 km kafli um Ægissíðugil ásamt byggingu ræsis.
c. Dalsás—Miðdalur:
Fjárveiting 470 þús. kr. 370 þús. kr. fóru til greiðslu skulda og 100 þús. kr. voru færðar til b. Brekkuholt—Efri Rauðilækur.

19. **Þingvallavegur (G 3):**
c. Valhöll—Vatnsvik:
Fjárveiting var 780 þús. kr., þar af fór til greiðslu skuldar 87 þús. kr. Vegurinn var lagfærður innan þjóðgarðsins á um 5 km kafla frá Háugjá austur fyrir Vatnsvik, 1 km kafli frá afleggjaranum að Vatnskoti inn að Vatnsviki var endurbyggður að mestu.

3. Til landsbrauta.

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—1968).

2. **Grindavíkurvegur (A 5):**
b. Um Selháls:
Fjárveiting 235 þús. kr., þar af til greiðslu skuldar 121 þús. kr. Unnið var að breikkun og lagfæringu vegarins við Gíghæð.

3. **Kjósarskarðsvegur:**
a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá og
b. Um Laxá:
Fjárveiting 265 þús. kr. Jafnaðir voru ruðningar frá Eyjatjörn að Hvassalæk og borið ofan í þann kafla. Enn fremur var lagður 200 m kafli hjá Fellsenda.

4. **Dragavegur (B 2):**
Fjárveiting 200 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 118 þús. kr. Lokið var undirbyggingu á 0.6 km kafla, hann mölborinn að nokkru og tekinn í notkun.

6. **Skorradalsvegur (B 9):**
a. Merkigil—Háafell:
Fjárveiting 200 þús. kr., þar af fóru 80 þús. kr. til greiðslu á skuld. Greiddar voru að fullu landbætur og girðingar að Háafelli.

8. **Flókadalsvegur (B 14):**
Fjárveiting 200 þús. kr. Ekkert var unnið í veginum á þessu ári og fjárveitingin lánuð til Reykdælavegar.

9. **Reykdælavegur (B 16):**
a. Rauðsgil—Búrfell:
Fjárveiting 200 þús. kr. og auk þess lán frá Flókadalsvegi 200 þús. kr. Fullgerður var og tekinn til notkunar 1.2 km kafli að Auðsstöðum.

10. **Hálsasveitarvegur (B 17):**
Fjárveiting 300 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.

11. **Grjóthálsvegur (B 20):**

a. Þverárrétt:

Fjárveiting 155 þús. kr. Endurbyggður var 0.6 km kafli á Högnastaðamelum og gerðar endurbætur á veginum hjá Helgavatni.

12. **Norðurárdalsvegur (B 22):**

a. Frá Hárekssstöðum:

Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var og tekinn til notkunar 0.4 km kafli um Glitstaðatún og greiddar þar landbætur. Einnig var eldri vegur endurbættur með sprengingum.

16. **Hraunhreppsvegur (B 30):**

a. Um Akra:

Fjárveiting 500 þús. kr. Þar af fóru 18 þús. kr. til greiðslu á skuld. Fullgerður var og tekinn til notkunar 3.0 km kafli, um Akra, að mestu undirbyggður 1967. Einnig var fullgerður 0.4 km kafli norðan Akraóss.

17. **Heydalsvegur (B 34):**

a. Hnappadalur:

Fjárveiting 100 þús. kr. og framkvæmdalán 1.7 millj. kr. Til greiðslu skulda og lántökukostnaðar fóru 244 þús. kr. Fullgerður var 0.7 km kafli á álmu að Hallkelsstaðahlíð og lokið undirbyggingu 1.5 km kafla hjá Heggstöðum. Þá var unnið að undirbyggingu á 1.4 km kafla á Heydal og mölborinn þar að nokkru 0.6 km kafli. Einnig voru grafnir samtals 3.7 km af vegskurðum, og er þá lokið skurðgrefti vegna vegarins.

19. **Skógarnesvegur (B 36):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að ýmsum endurbótum á veginum.

22. **Útnesvegur (B 41):**

a. Hellnahraun—Stapafell:

Fjárveiting 270 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

25. **Langadalsvegur (B 47):**

Fjárveiting 90 þús. kr. Lokið var lagningu 0.9 km kafla og hann tekinn til umferðar.

26. **Hörðudalsvegur (B 48):**

Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

29. **Haukadalsvegur (B 51):**

Fjárveiting 100 þús. kr., þar af fóru 87 þús. kr. til greiðslu á skuld. Fjárveitingin annars notuð til endurbóta á ræsum í veginum.

30. **Laxárdalsvegur (B 52):**

a. Laxárdalur:

Fjárveiting 183 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

b. Norðan Laxár — Hjarðarholtsvegur:

Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

31. **Klofningsvegur (B 53):**

Fjárveiting 800 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

32. **Neðribyggðarvegur (B 54):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að endurbótum á veginum um Knarrarhöfn.

34. **Staðarhólsvegur (B 56):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Þar af fóru 7 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var að tengingu nýrrar brúar á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum.

35. **Sælingsdalsvegur (B 57):**

Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

42. **Bíldudalsvegur (C 15):**

b. Trostansfjörður á Vestfjarðaveg:

Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.
Föst lán um næstu áramót 7.4 m.kr.

47. **Súgandafjarðarvegur (C 25):**

a. Um Botnsdal á Botnsheiði:

Fjárveiting 700 þús. kr., geymslufé 169 þús. kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 2.89 m.kr., þar af var greiddur lántökukostnaður 174 þús. kr. Endurbyggður var 0.3 km kafli á Botnsheiði, sprengd burtu klettahæð og lokið að fullu nýjum kafla 1.2 km löngum og unnið að undirbyggingu á 1.0 km kafla. Í Spillisvegi voru endurbyggðir með sprengingum tveir kaflar, samtals um 350 m.

Föst lán um næstu áramót 4.5 m.kr.

48. **Bolungarvíkurvegur (C 27):**

Fjárveiting 800 þús. kr., geymt frá fyrra ári 244 þús. kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 1.0 m.kr., þar af bundnar greiðslur 417 þús. kr. Unnið var að breikkun vegar með sprengingum, þar sem hann lá undir hömrum, alls 600—700 m. Einnig var vegurinn frá Skarfaskeri, um 6 km, yfirbyggður.

Föst lán um næstu áramót 9.9 m.kr.

49. **Djúpvegur (C 29):**

a. Hattareyri—Eyri og

b. Frá Ögri að Hjöllum:

Fjárveiting 1.5 m.kr., þar af fór til greiðslu á skuld 244 þús. kr. Lokið undirbyggingu á 1.4 km kafla inn fyrir Hjalla í Skötufirði, fullgerður 0.3 km vegur um nýja brú á Eyrargili á Eyrarfjalli og 150 m vegur um brú á Hádegisgili í Ísafirði.

c. Að flugvelli:

Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 680 þús. kr., þar af bundnar greiðslur 403 þús. kr. Fullgerður var 0.5 km kafli frá Kirkjubæ að þvervegi niður á flugvöll.

Föst lán um næstu áramót 6.8 m.kr.

50. **Vatnsfjarðarvegur (C 30):**

b. Í Ísafirði og Reykjarfirði:

Fjárveiting 250 þús. kr., þar af fóru 77 þús. kr. til greiðslu á skuld. Lokið var yfirbyggingu vegar milli Hörgshlíðar og Keldu.

51. **Snæfjallaströndarvegur (C 34):**
a. Mórilla—Lónseyri:
Fjárveiting 210 þús. kr. Framkvæmdum frestað sökum skemmdar á Mórillubrú.

52. **Strandavegur (C 37):**
d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík:
Fjárveiting 500 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.
e. Eyri í Ingólfsfirði—Ófeigsfjörður:
Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.

53. **Drangsnesvegur (C 41):**
Fjárveiting 254 þús. kr. Endurbyggðir voru tveir snjóþungir kaflar á Selströnd, samtals um 0.9 km.

55. **Miðfjarðarvegur (D 4):**
a. Norðan Urriðaár:
Fjárveiting 300 þús. kr. Endurbyggður var 0.8 km kafli og 1.0 km kafli lagfærður.

56. **Vesturárdalsvegur (D 5):**
a. Að Húki:
Fjárveiting 205 þús. kr. Lagður var 1.5 km langur vegur að Húki.

58. **Borgarvegur (D 10):**
a. Frá Síðu að Bjarghúsum:
Fjárveiting 315 þús. kr., þar af fóru 70 þús. kr. til greiðslu skuldar frá s. l. ári. Unnið var að undirbyggingu á 2.4 km kafla, og er því verki nær lokið.

62. **Reykjabraut (D 15):**
a. Frá Beinakeldu að Reykjum:
Fjárveiting 500 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 20 km kafla vestan Reykja, þar af lokið 0.8 km.

66. **Skagavegur (D 23):**
a. Í Gönguskörðum:
Fjárveiting 400 þús. kr. Grafnir voru skurðir og unnið að undirbyggingu á 1.6 km kafla við Kallá.

67. **Neðribyggðarvegur (D 24):**
a. Um Sölvabakka:
Fjárveiting 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.3 km kafli.

68. **Þverárfjallsvegur (D 26):**
a. Um Njálsstaðabrúnir:
Fjárveiting 330 þús. kr. Undirbyggður var 1.8 km kafli.

72. **Efribyggðarvegur (D 31):**
a. Frá Álfgeirsvöllum að Vatni:
Fjárveiting 615 þús. kr. Lokið var undirbyggingu 2.0 km kafla.

74. **Sléttuhlíðarvegur (D 50):**
Fjárveiting 105 þús. kr., auk 77 þús. kr. fjárveitingar frá 1967, en þá var framkvæmdum frestað. Mölborinn var kaflinn frá Siglufjarðarvegi að Arnarstöðum og Skálaá.

75. **Að Félagsheimili Varmahlíð (E 1—9):**
Fjárveiting 120 þús. kr. Lokið var mölburði og frágangi á veginum.

76. **Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):**
a. Hóll—Vatnsendi:
Fjárveiting 100 þús. kr. Byggður var 0.5 km kafli hjá Kálfsá.

77. **Svarfaðardalsvegur (E 4):**
a. Hjá Klaufabrekku:
Fjárveiting 430 þús. kr., en auk þess var unnið fyrir 520 þús. kr. fjárveitingu í Skíðadalsveg. Byggður var 1.4 km kafli hjá Klaufabrekku.

78. **Skíðadalsvegur (E 5):**
a. Tungur:
Fjárveiting 525 þús. kr. flutt í Svarfaðardalsveg hjá Klaufabrekku, enda útilokað að ná mætti nothæfum áfanga um Tungur.

83. **Dagverðareyrarvegur (E 11):**
a. Að útvarpsstöð:
Fjárveiting 1967 410 þús. kr. Framkvæmdum var frestað, nema hvað grafnir voru skurðir meðfram fyrirhugaðri veglínu.

85. **Eyjafjarðarbraut (E 13):**
a. Við Rifkelsstaði:
Fjárveiting 200 þús. kr. Undirbyggður var 800 m kafli við Torfufellsá.

89. **Fremstafellsvegur (E 21):**
a. Frá Kinnarvegi:
Fjárveiting 200 þús. kr. Unnið var að breikkun og hækkun frá Kinnarvegi að Fremstafelli.

93. **Reykjahverfisvegur (E 26):**
a. Helluland—Grenjaðarstaður:
Fjárveiting 170 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.

94. **Hvammavegur (E 27):**
a. Við nýja brú á Laxá:
Fjárveiting 630 þús. kr. Byggður var 2.0 km kafli frá Þingeyjarsýslubraut að Vestur-Haga.

95. **Fagranesvegur (E 29):**
a. Sunnan Hellulands:
Fjárveiting 159 þús. kr. Lagður var 0.3 km kafli frá Reykjahverfisvegi.

97. **Austurhlíðarvegur (E 32):**
a. Við Laugaskóla:
Fjárveiting 78 þús. kr. Mölborinn var 0.2 km kafli, sem undirbyggður var á síðasta ári.

99. **Baldursheimsvegur (E 35):**

a. Norðan Baldursheims:

Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að endurbótum á öllum veginum.

102. **Hólsfjallavegur (E 39):**

a. Jökulsá—Beitivallamór:

Fjárveiting 665 þús. kr. Lokið var við kafla móts við Vestara-Land. Lagður var 2.0 km vegur norðan Grímsstaða. Í samráði við þingmenn og með leyfi viðkomandi oddvita voru 100 þús. kr. af fjárveitingunni notaðar til að undirbyggja og mölbera að nokkru 2.2 km kafla um Núpsmýri á Þingeyjarsýslubraut.

110. **Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9):**

Fjárveiting 700 þús. kr. Undirbyggður var 1.5 km kafli utan við Krossavík.

112. **Jökulsdalsvegur efri (F 12):**

Fjárveiting 500 þús. kr. Undirbyggður var 2.0 km kafli innan við Hákonarstaði.

114. **Hróarstunguvegir (F 14—F 17):**

Fjárveiting 460 þús. kr. Fullgerður var 0.3 km kafli við Dagverðargerði, og byggt var eitt ristarhlið.

116. **Upphéraðsvegur (F 19):**

Fjárveiting 600 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

117. **Suðurdalsvegur í Fljótsdal (F 22):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Lagður var 0.3 km kafli utan við Víðivelli ytri.

118. **Fjarðarheiðarvegur (F 23):**

Fjárveiting 500 þús. kr. Unnið var að endurbótum á 1.0 km kafla ofan við Steinholt.

120. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25):**

Fjárveiting 700 þús. kr. Fullgerður var 0.9 km kafli um Skriðujaðra í Njarðvík. Auk þess voru byggð 3 ræsi.

121. **Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15, F 26—F 28):**

Fjárveiting 114 þús. kr. Mölborinn var 0.8 km kafli, sem undirbyggður var 1967. Auk þess lagfært og mölborið um Dratthalastaði.

123. **Mjóafjarðarvegur (F 32):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að mölburði og lagfæringum í Eyvindarárdal og Slenjudal.

129. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**

a. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:

Fjárveiting 500 þús. kr. Fullgerður var 1.5 km kafli austan Fellsár.

b. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:

Fjárveiting 400 þús. kr. Undirbyggður var 2.0 km kafli um Kvíármýri.

130. **Suðurlandsvegur (G 1):**

b. Skaftáreldahraun—Dyngjur:

Fjárveiting 1 470 þús. kr. Greidd skuld til Meðallandsvegar 150 þús. kr. Fullgerður var 0.6 km kafli um Kálfá og yfirbyggður 2.8 km kafli í Eldhrauni, sem undirbyggður var á s. l. ári.

131. **Þorlákshafnarvegur (G 6):**

a. Við Þorlákshöfn:

Fjárveiting 400 þús. kr. Endurbyggður var efsti hluti vegarins og sett upp nýtt ristarhlið.

133. **Geysisvegur (G 20):**

b. Tungufljót—Kjóastaðir:

Fjárveiting 633 þús. kr. Greidd skuld 100 þús. kr. Undirbyggður var kaflinn Kjóastaðir—Brattholt, um 4.7 km.

137. **Gaulverjabæjarvegur (G 41):**

Geymd fjárveiting 150 þús. kr. frá fyrra ári. Fullbyggður var 1.7 km kafli frá Ísólfsskála og austur fyrir Skip.

142. **Fljótshlíðarvegur (G 60):**

a. Deild—Þverá:

Fjárveiting 300 þús. kr. Geymt frá fyrra ári 100 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

143. **Út-Landeyjavegur (G 62):**

b. Ytri-Hóll II—Ártún:

Fjárveiting 640 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 40 þús. kr. Endurbyggðir voru um 4.8 km af veginum.

144. **Álftaversvegur (G 83):**

a. Herjólfsstaðir—Hraunbær:

Fjárveiting 200 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 46 þús. kr. Fullgerður var að mestu 1.1 km kafli um Norðurhjáleigu.

145. **Búlandsvegur (G 84):**

a. Gröf—Hvammsá:

Fjárveiting 125 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 97 þús. kr. Lokið var yfirbyggingu kafla, sem undirbyggður var 1966.

4. Til girðinga og uppgræðslu með vegum.

Fjárveiting var 2 823 þús. kr. Var henni skipt þannig, að 1 623 þús. kr. voru ætlaðar til uppgræðslu, en 1 200 þús. kr. til girðinga.

1. **Uppgræðsla.** Haldið var áfram á svipaðan hátt og í fyrra og einnig borinn áburður á, þar sem sáð var síðastliðið ár.

Alls var keyptur áburður og fræ í sem svarar 400 ha. í nýsáningu og um 200 ha. til áburðar á eldri sáningar.

2. **Girðingar.** Til þess að mæta lögmætum kröfum um girðingar samkv. girðingarlögum var varið alls 1 200 þús. kr., og dreifist sú fjárveiting um alla landshluta.

IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**
   Fjárveiting 150 þús. kr. fór til vanalegs viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**
   Fjárveiting 300 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds.

3. **Sprengisandsleið:**
   Fjárveiting 350 þús. kr. var varið til endurbóta og merkinga á veginum.

4. **Fjallabaksvegur nyrðri:**
   Fjárveitingin 200 þús. kr. fór eingöngu til venjulegs viðhalds á veginum.

2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 1 m.kr. Fé þessu var skipt, eins og hér greinir:

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
2. 1.	Vegur suður að Bláfjöllum	Reykjanes	25	
2. 2.	Vegur að skíðaskála í Skálafelli	—	25	
2. 3.	Vegur að skíðaskála í Jósefsdal	—	25	
				75
2. 4.	Vegur að Langavatni á Mýrum	Vesturlands	30	
2. 5.	Vegur um Fljótstunguhlíð	—	20	
2. 6.	Vegur að Víghóli í Kjarradal	—	20	
2. 7.	Vegur að Sanddalsafrétt	—	20	
2. 8.	Vegur að Arnarvatnsheiði	—	10	
				100
2. 9.	Vegur að Laxárdalsheiði í A-Barð.	Vestfjarða	20	
2.10.	Vegur um Kollafjarðarheiði	—	10	
2.11.	Vegur að Vatnsdalsvatni	—	10	
2.12.	Vegur í Keflavík í V-Barð.	—	30	
2.13.	Vegur um Selárdalsheiði, V-Barð.	—	15	
2.14.	Vegur um Nesdal, V-Ís.	—	10	
2.15.	Vegur um Miðdal í Dýrafirði	—	10	
2.16.	Vegur að Glámu	—	20	
2.17.	Vegur að skíðaskála á Ísafirði	—	10	
2.18.	Vegur um Trékyllisheiði, Strandas.	—	20	
				155
2.19.	Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðurl. vestra	30	
2.20.	Vegur um Grímstunguheiði	—	25	
2.21.	Vegur um Kiðaskarð	—	15	
2.22.	Vegur um Mælifellsdal	—	25	
2.23.	Vegur um Hofsfjall	—	15	
				110
2.24.	Vegur að skíðaskála á Hlíðarfjalli	Norðurl. eystra	10	
2.25.	Vegur í Öskju	—	35	
2.26.	Vegur að Dettifossi	—	15	
2.27.	Brú á Parká í Víkum	—	5	
2.28.	Ýmsir fjallvegir í S-Þing.	—	50	
2.29.	Ýmsir fjallvegir í N-Þing.	—	25	
2.30.	Vegur um Dalsheiði í N-Þing.	—	15	
				155

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
2.31.	Brúarvegur á Jökuldal í N-Múl	Austurlands	20	
2.32.	Vegur á Miðfjarðarheiði, N-Múl.	—	10	
2.33.	Vegur á Smjörvatnsheiði	—	10	
2.34.	Afréttarvegir í Berufirði	—	20	
2.35.	Afréttarvegir í Geithellnahreppi	—	20	
2.36.	Vegur um Kollumúla	—	60	
2.37.	Göngubrú á Slenju	—	50	
				190
2.38.	Fjallabaksvegur syðri	Suðurlands	15	
2.39.	Vegur að Eyjafjallajökli, Fimmvörðuhálsi og Tindfjöllum	—	40	
2.40.	Afréttarvegur í Þjórsárdal	—	30	
2.41.	Vegur að Laka	—	45	
2.42.	Vegur um Hlöðuvelli	—	30	
2.43.	Afréttavegur í Biskupstungum	—	15	
				175
2.44.	Ferðafélag Akureyrar	—	10	
2.45.	Ferðafélag Íslands	—	15	
2.46.	Ófyrirséð	—	15	
				40
			Alls	1000

3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr., og skipti Landssamband hestamanna þeirri upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1.	Hestamannafélagið Freyfaxi, Héraði	30 þús. kr.
2.	— Léttfeti, Sauðárkróki	15 — —
3.	— Fákur, Reykjavík	40 — —
4.	— Trausti, Árnessýslu	20 — —
5.	— Logi, Biskupstungum	20 — —
6.	— Léttir, Akureyri	20 — —
7.	— Hörður, Kjalarnesi	25 — —
8.	— Þjálfi, S-Þing.	15 — —
9.	— Sleipnir, Selfossi	15 — —
		Alls 200 þús. kr.

4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting var 10 þús. kr., og var henni varið til kostnaðar við lögferjur, en reikningsskil liggja enn ekki fyrir.

V. TIL BRÚARGERÐA

Í vegáætlun í ár eru fjárveitingar til brúargerða á lið V.1 og V.2, svo sem hér segir:

1.	Til stórbrúa	14.1 m.kr.
2.	Til brúa 10 m og lengri	19.7 —
3.	Til brúargerða skv. l. nr. 7/1968	10.0 —
		Alls 43.8 m.kr.

Með lögum nr. 7/1968 um breytingu á vegalögum nr. 71/1963 var tekin upp 10 m.kr. fjárveiting til brúargerða í ár til þess að mæta hækkunum vegna verðbreyt-

inga, er orðið höfðu, eftir að vegáætlun var endurskoðuð 1967. Þessi hækkun á áætluðum brúargerðarkostnaði í ár skiptist þannig:

Hækkun vegna stórbrúa	6.65 m.kr.
Hækkun vegna brúa 10 m og lengri	4.06 —
Alls	10.71 m.kr.

Þar sem áætluð hækkun á brúargerðarkostnaði var 710 þús. kr. hærri en fjárveitingin, þá ákvað ráðuneytið eftir tillögu vegamálastjóra, að það sem á vantaði fjárveitingu yrði til bráðabirgða tekið af 2.210 þús. kr. fjárveitingu til brúar á Hvítá hjá Bjarnastöðum í Borgarfirði, þar sem áætlaður kostnaður við þá brúargerð er 7.1 m.kr. og því hér aðeins um fyrstu fjárveitingu að ræða. Þá var og ákveðið að tillögu vegamálastjóra, að afganginum af fjárveitingu Hvítárbrúar, 1.5 m.kr., yrði til bráðabirgða ráðstafað til endurbyggingar á brú á Fljótsvegi á Landeyjavegi 1.0 m.kr. og til byrjunarframkvæmda við brýr á Hólsá og Stigá í Öræfum 0.5 m.kr., eins og nánar er skýrt hér á eftir.

1. Til stórbrúa.

1. **Brú á Fnjóská hjá Hrísgerði (E 1):**

   Lokið var við yfirbyggingu brúarinnar, en stöplar voru byggðir 1967. Brúin er 96 m löng stálbitabrú í 3 höfum. Gólf er steypt, og hefur það tvöfalda akbraut, 8.0 m breiða. Brúin var tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er alls 15.200 þús. kr.

2. **Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18):**

   Byggð var 120 m löng steypt bitabrú í 6 höfum. Nýja brúin leysir af hólmi bogabrú frá 1915, sem bæði var mjó og of veikburða fyrir þunga umferð. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður er 7150 þús. kr.

3. **Brú á Hrútá í Öræfum (F 1):**

   Byggð var 70 m löng stálbitabrú í 3 höfum. Gólf er úr timbri. Með þessari brú var rutt úr vegi síðustu stóru hindruninni fyrir samgöngur í Öræfasveit að austan. Framkvæmdum var lokið í september. Áætlaður kostnaður er 4370 þús. kr.

4. **Brú á Hverfisfljót í V-Skaft. (G 1):**

   Byggð var 60 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi yfir 3 höf. Brúin er byggð nokkru ofar en gamla brúin, sem byggð var 1913, en sú brú var mjög mjó og burðarlítil. Brúin var tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er 5830 þús. kr.

2. Til brúa 10 m og lengri.

1. **Brú á Gljúfurholtsá og Bakkárholtsá í Ölfusi (G 1):**

   Fjárveiting var 2000 þús. kr. Brýr þessar voru byggðar 1967, en höfðu ekki fulla fjárveitingu þá, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967.

2. **Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18):**

   Fjárveiting var 2210 þús. kr. Hér er aðeins um byrjunarfjárveitingu að ræða, en kostnaður við verkið er áætlaður 7100 þús. kr. Var framkvæmdum frestað, sbr. greinargerð hér á undan.

3. **Brú á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum (sýsluvegur):**

   Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og var hún tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður er 970 þús. kr.

4. **Brú á Mjóafjarðará á Vestfjarðavegi (C 1):**
Byggð var 14 m löng steypt bitabrú, og var framkvæmdum lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður er 1030 þús. kr.

5. **Brú á Kjálkafjarðará á Vestfjarðavegi (C 1):**
Byggð var 24 m steypt bitabrú í 2 höfum. Var brúargerðinni lokið í september. Áætlaður kostnaður er 1630 þús. kr.

6. **Brú á Katadalsá í V-Hún. (sýsluvegur):**
Byggð var 11 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun um mitt sumar. Áætlaður kostnaður er 640 þús. kr.

7. **Brú á Húseyjarkvísl í Skagafirði (sýsluvegur):**
Byggð var 34 m löng brú í 2 höfum. Burðarbitar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Brúin var tekin til umferðar í haust. Áætlaður kostnaður er 1870 þús. kr.

8. **Brú á Flókadalsá í Fljótum (sýsluvegur):**
Byggð var 14 m stálbitabrú með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið um mitt sumar. Áætlaður kostnaður er 970 þús. kr.

9. **Brú á Svartá hjá Skeggstöðum (sýsluvegur):**
Byggð var 25 m stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður er 1810 þús. kr.

10. **Brú á Torfufellsá í Eyjafirði (E 13):**
Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun í nóvember. Áætlaður kostnaður er 1080 þús. kr.

11. **Brú á Laxá hjá Hólmavaði (E 27):**
Byggð var 36 m löng brú í einu hafi. Burðarbitar brúarinnar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður er 2910 þús. kr.

12. **Brú á Eyvindará á Mjóafjarðarvegi (F 32):**
Byggð var 30 m löng stálbitabrú í 2 höfum. Gólf er úr timbri. Framkvæmdum lauk í september. Áætlaður kostnaður er 1670 þús. kr.

13. **Brú á Breiðdalsá í Breiðdal (F 1):**
Byggð var 14 m löng steypt bitabrú, og var framkvæmdum lokið síðari hluta sumars. Áætlaður kostnaður er 1090 þús. kr.

14. **Brú á Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra (sýsluvegur):**
Byggð var 16 m stálbitabrú með timburgólfi, og var hún tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er 1070 þús. kr.

15. **Brú á Fellsá í Suðursveit (F 1):**
Byggð var 46 m löng brú í 3 höfum. Burðarbitar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Var brúin tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður er 3060 þús. kr.

3. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 6.3 m.kr., og var henni varið til byggingar eftirtalinna brúa. Áætlaður heildarkostnaður vegasjóðs vegna þessara brúa er 6 626 þús. kr. eða 326 þús. kr. hærri en fjárveiting. Þar sem verulegur hluti fjárveitingarinnar fer til endurbygginga gamalla brúa, sem ella hefðu þurft mikið viðhald, ákvað ráðuneytið, að tillögu vegamálastjóra, að færa þessa upphæð, 326 þús. kr., á viðhaldskostnað brúa.

	Heiti	Vegur	Lengd m	Áætl. kostn. þús. kr.	Kostnaður vegasjóðs þús. kr.	Athugasemdir
1.	Seleyrargil innra	B 1	4	790	790	Endurbygging
2.	Giljalækur í Hálsasveit	Sýsluv.	6	240	60	
3.	Lækjaskógarlækur í Dalas. .	Sýsluv.	5	240	60	
4.	Helluá í Dalasýslu	B 60	6	490	490	
5.	Þverá í Kjálkafirði	C 1	4	370	370	
6.	Hvammsá á Hvammst.	D 7	6	550	460	Brú í þéttbýlisvegi
7.	Lambhagakvísl í Skagaf. ..	Sýsluv.	7	84	21	Byggð 1967
8.	Eyjafjarðará hjá Halldórsst.	Sýsluv.	9	550	140	
9.	Grjótá í Fnjóskadal	E 16	6	430	430	Endurbygging
10.	Sellækur í Bakkaf.	F 3	7	360	360	
11.	Einarsstaðaá í Stöðvarf. ...	F 39—1	6	300	300	Byggð 1967
12.	Forviðará í Skriðdal	F 1	5	510	510	
13.	Vattará í Öræfum	F 1	8	620	620	
14.	Kálfá í Skaftárt.	G 1	6	660	660	Endurbygging
15.	Skipagerðisós	G 65	5	500	500	Endurbygging
16.	Eyjafljót hjá Forsæti	G 62	8	608	608	Endurb. 1967
17.	Lækur á Þingskálavegi	G 56	4	247	247	Byggð 1967
				Samtals	6626	

Aðrar brúargerðarframkvæmdir.

1. **Brú á Fljótsvegi í Landeyjum:**

Á Landeyjavegi syðri, sem tengir saman Austur- og Vestur-Landeyjar, var 16 m löng timburbrú á Fljótsvegi, og var hún byggð fyrir um það bil 20 árum. Þar sem vatnsmagn í Fljótsvegi hefur aukizt til muna á undanförnum tveim áratugum vegna landþurrkunarframkvæmda, þá var brú þessi orðin of stutt, og hafa orðið á henni skemmdir nærri árlega í flóðum undanfarin ár og síðast í flóðunum í lok febrúar á yfirstandandi ári. Auk þessa var brúin orðin mjög veikbyggð fyrir núverandi umferð.

Þar sem ógjörningur var talinn að gera við brúna einu sinni enn, þá var að tillögu vegamálastjóra byggð þar 20 m löng steinsteypt brú, og var áætlaður kostnaður við framkvæmdina 1 100 þús. kr. Til greiðslu þessa kostnaðar var varið til bráðabirgða 1 m.kr. af geymslufé Hvítárbrúar hjá Bjarnastöðum, svo sem að framan greinir, og enn fremur 100 þús. kr. af viðhaldsfé brúa, þar sem að minnsta kosti sú upphæð sparaðist við endurbyggingu brúarinnar.

2. **Brýr á Hólsá og Stigá í Öræfum:**

Svo sem að framan greinir, þá voru samkvæmt vegáætlun í ár byggðar brýr á Fellsá og Hrútá í Öræfum, og voru þá aðeins tvær ofangreindar ár óbrúaðar á leiðinni frá Höfn í Hornafirði að Skeiðarársandi. Um 16 m langar brýr þarf á hvora ána um sig og auk þess töluverða varnargarða, og er heildarkostnaður við báðar brýrnar ásamt varnargörðum áætlaður 3.5 m.kr.

Þar sem brýr þessar eru ráðgerðar sem stálbitabrýr með timburgólfi á steyptum stöplum, var talið mjög hagkvæmt að láta brúarvinnuflokk þann, sem byggði brýrnar á Fellsá og Hrútá, ljúka byggingu stöplanna í ár, þar sem venjulegur vegavinnuflokkur gæti sett upp stálbita og timburgólf á næsta ári, og mætti með því móti spara mikið fé við að flytja brúarvinnuflokk alla leið úr Reykjavík í Öræfi.

Þar sem kostnaður við byggingu stöplanna var alls áætlaður 800 þús. kr., þá féllst ráðuneytið á það að heimila Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga að leggja

fram 300 þús. kr. lán til framkvæmdanna, en á móti féllst ráðuneytið á það að verja 500 þús. kr. af geymslufé Hvítárbrúar hjá Bjarnastöðum til þess að greiða það, sem á vantaði.

3. **Brú á Mórillu í Kaldalóni:**

Á síðastliðnu vori bárust fréttir um það, að tekið hefði af yfirbyggingu brúarinnar á Mórillu í Kaldalóni, en brú þessi er 50 m löng stálbitabrú með timburgólfi á steyptum stöplum, sem byggð var árið 1964. Var talið líklegt, að orsakir þessa hafi verið snjóflóð, þó að engin vissa sé fyrir því, þar sem engir sjónarvottar urðu að þessu.

Sökum erfiðra aðstæðna tókst ekki að fullkanna skemmdir þessar fyrr en í byrjun júní þessa árs. Kom þá í ljós, að brúargólfið og bitar höfðu farið af í einu lagi og dreifzt á 50—100 m svæði neðan við brúna. Voru stálbitarnir með öllu ónýtir, en nokkuð af brúargólfinu var nothæft, stöplar voru hins vegar með öllu óskemmdir.

Talið var óhjákvæmilegt að endurreisa yfirbyggingu brúarinnar þegar á þessu ári, svo sem venja hefur verið með önnur vegagerðarmannvirki, sem eyðilagzt hafa af náttúruhamförum. Er kostnaður við endurbygginguna áætlaður um 900 þús. kr., og var því verki lokið snemma í október. Hefur kostnaður við þessa endurbyggingu brúarinnar verið til bráðabirgða lagður út af viðhaldssjóði þjóðvega, en leitað mun eftir fjárveitingu til endurgreiðslu þessa kostnaðar í vegáætlun næsta árs.

4. **Brú á Þingmannaá á Vestfjarðavegi:**

Svo sem að framan greinir, þá voru á síðastliðnu sumri byggðar brýr á Kjálkafjarðará og Mjóafjarðará á Vestfjarðavegi sunnan Þingmannaheiðar. Gert er ráð fyrir því, að vegagerð sunnan Þingmannaheiðar verði það langt komin á næsta ári, að unnt verði að taka veginn í notkun og beina umferð, sem áður fór um Þingmannaheiði, á hinn nýja veg og tengja hann til bráðabirgða við sýsluveginn hjá Auðshaugi. Við það skapast það vandamál, að fara verður yfir Þingmannaá, sem getur verið ófær bifreiðum, ef nokkur vöxtur er í ánni.

Þar sem ekki er talið líklegt, að brúarvinnuflokkur yrði á þessum slóðum á næsta ári, þá var ákveðið að byggja bráðabirgðabrú með stálbitum og timburgólfi á stauraokum á ána. Er kostnaður við brúargerð þessa áætlaður 450 þús. kr., og var hann til bráðabirgða lagður út af fjárveitingu Vestfjarðavegar sunnan Þingmannaheiðar. Mun síðar verða leitað sérstakrar fjárveitingar til þessarar brúar í vegáætlun næsta árs.

VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóðs í vegáætlun í ár var 13.3 m.kr., og hafði sú upphæð verið miðuð við, að heildartekjur sýsluvegasjóða á árinu 1967 yrðu 6 635 þús. kr., samkv. 21. og 23. gr. vegalaga, þegar vegáætlun var endurskoðuð 1967. Var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. gr. vegalaga bundin við kaup í alm. verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1966, sem var kr. 42.07 á klst., samkv. lögum nr. 86/1966.

Í skýrslu um framkv. vegáætlunar 1967 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 23. gr. áætlaðar af sýslumönnum alls 6.65 m.kr., en við endanleg reikningsskil á þessu ári reyndust þær nokkru hærri eða 7 273 þús. kr. Hefði ríkisframlag samkv. 28. gr. í ár því átt að vera 14.54 m.kr., í stað 13.3 m.kr.

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóðs í ár samkv. 21. og 23. gr. vegalaga og framlag vegasjóðs verða í ár, eins og hér segir:

Framlög til sýsluvegasjóðs 1968 (áætlun).

Sýsla	Heimaframlög kr. skv. 21. og 26. gr.	skv. 23. gr.	Ríkisframlög kr.	Samtals árið 1968 kr.
Gullbringu-	581 312.67	40 000.00	329 000.00	950 312.67
Kjósar-	348 773.10	90 000.00	346 000.00	784 773.10
Borgarfjarðar-	227 310.00	0.00	367 000.00	594.310.00
Mýra-	226 600.00	0.00	704 000.00	930 600.00
Snæfellsnes- og Hnappad.-	615 609.00	0.00	588 000.00	1 203 609.00
Dala-	168 000.00	2 000 00	343 000.00	513 000.00
A-Barðastrandar-	63 808.80	1 272.60	125 000.00	190 081.40
V-Barðastrandar-	190 193.67	2 000.00	364 000.00	556 193.67
V-Ísafjarðar-	255 090.18	3 700.00	338 000.00	596 790.18
N-Ísafjarðar-	284 094.18	6 800.00	208 000.00	498 894.18
Stranda-	150 000.00	0.00	570 000.00	720 000.00
V-Húnavatns-	178 011.00	2 000.00	662 000.00	842 011.00
A-Húnavatns-	250 593.00	21 000.00	556 000.00	827 593.00
Skagafjarðar-	310 000.00	8 000.00	964 000.00	1 282 000.00
Eyjafjarðar-	465 081.00	0.00	479 000.00	944 081.00
S-Þingeyjar-	414 612.18	18 000.00	966 000.00	1 398 612.18
N-Þingeyjar-	206 145.93	5 000.00	693 000.00	904 145.93
N-Múla-	302 000.00	5 000.00	1 044 000.00	1 351 000.00
S-Múla-	572 393.94	0.00	665 000.00	1 237 393.94
A-Skaftafells-	154 000.00	4 000.00	238 000.00	396 000.00
V-Skaftafells-	204 188.16	3 500.00	521 000.00	728 688.16
Rangárvalla-	455 942.88	0.00	1 115 000.00	1 570 942.88
Árnes-	775 000.00	290 000.00	1 115 000.00	2 180 000.00
	7 398 759.69	502 272.60	13 300 000.00	21 201 032.29

VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi 1. des. 1967 var skv. endanlegum tölum Hagstofu Íslands frá 18. júní 1968:

Kaupstaðir		136 309 íbúar
Kauptún með yfir 300 íbúa		29 371 —
	Samtals	165 680 íbúar
Framlag skv. 32. gr. vegalaga (12.5% af áætluðum heildartekjum vegasjóðs árið 1968, sem áætlaðar eru 342.0 m.kr. skv. vegáætlun + 109.0 m.kr. aukn. vegna br. á vegalögum 19. apríl 1968)	451.0 m.kr.	
÷ Framlag til hraðbrauta skv. 32. gr. vegalaga	31.0 —	
	420.0 m.kr.	kr. 52 500 000.00
12.5% af heildartekjum vegasjóðs árið 1967 kr. 359 252 910.95	kr. 44 906 613.87	
÷ Tekið til skipta 1967	— 43 762 500.00	
		— 1 144 113.87
		kr. 53 644 113.87
÷ 10% skv. 34. gr. vegalaga		— 5 364 411.39
		Til skipta kr. 48 279 702.48

$$\text{Skiptitala á hvern íbúa} \frac{48\,279\,702.48}{165\,680} = 291\,403.32$$

Kaupst.—Kauptún	Íbúatala	Framlag
Reykjavík	80 090	23 338 492.00
Kópavogur	10 596	3 087 710.00
Hafnarfjörður	8 959	2 610 682.00
Keflavík	5 428	1 581 737.00
Akranes	4 186	1 219 814.00
Ísafjörður	2 710	789 703.00
Sauðárkrókur	1 404	409 130.00
Siglufjörður	2 361	688 003.00
Ólafsfjörður	1 054	307 139.00
Akureyri	10 136	2 953 664.00
Húsavík	1 888	550 169.00
Seyðisfjörður	929	270 714.00
Neskaupstaður	1 552	452 258.00
Vestmannaeyjar	5 016	1 461 679.00
Grindavík	990	288 489.00
Sandgerði	880	256 435.00
Njarðvík	1 493	435 065.00
Garðahreppskauptún	2 354	685 963.00
Seltjarnarneshreppur	1 984	578 144.00
Borgarnes	1 068	311 219.00
Hellissandur	509	148 324.00
Ólafsvík	960	279 747.00
Grundarfjörður	574	167 266.00
Stykkishólmur	1 042	303 642.00
Patreksfjörður	1 027	299 271.00
Bíldudalur	342	99 660.00
Þingeyri	375	109 276.00
Flateyri	508	148 033.00
Bolungarvík	957	278 873.00
Suðureyri	441	128 509.00
Hnífsdalur	331	96 454.00
Hólmavík	358	104 322.00
Hvammstangi	329	95 872.00
Blönduós	670	195 240.00
Skagaströnd	541	157 649.00
Hofsós	295	85 964.00
Dalvík	1 012	294 900.00
Hrísey	291	84 798.00
Raufarhöfn	472	137 542.00
Þórshöfn	435	126 760.00
Vopnafjörður	513	149 490.00
Egilsstaðir	582	169 597.00
Eskifjörður	889	259 058.00
Búðareyri í Reyðarfirði	572	166 683.00
Búðir í Fáskrúðsfirði	707	206 022.00
Djúpivogur	321	93 540.00
Höfn í Hornafirði	783	228 169.00
Vík í Mýrdal	379	110 442.00
Stokkseyri	398	115 979.00
Eyrarbakki	458	133 463.00

Kaupst.—Kauptún	Íbúatala	Framlag
Selfoss	2 273	662 360.00
Hveragerði	802	233 705.00
Þorlákshöfn	456	132 883.48
Samtals	165 680	48 279 702.48

VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

Fjárveitingar voru sem hér segir:

1. Til véla- og verkfærakaupa	13 000	þús. kr.
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	13 752	
Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður	27 280	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	14 594	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	13 752	

	Kr.	Kr.
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður ...	13 752	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri	27 506	
Guðmundur Jónsson	45 843	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	13 752	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Gunnar Andrew Jóhannesson	45 843	
Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþm.	57 304	
Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður	13 752	
H. J. Hólmjárn	55 675	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	13 752	
Hálfdán Björnsson	27 506	
Halldór Hansen, læknir	52 466	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	59 680	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	13 752	
Hannes Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
Helgi Ágústsson	45 843	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Helgi Kjartansson	22 270	
Helgi Tryggvason, bókbindari	27 506	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	27 506	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	27 506	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	19 890	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	45 843	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Ingibjörg Pétursdóttir	59 372	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	24 869	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	18 337	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun ...	179 473	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	134 140	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	27 506	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj.	26 724	
Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Jóhannes Erlendsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstj.	34 383	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	27 506	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	13 752	
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustj., biðlaun ..	200 903	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	13 752	
Jón G. Jónsson	27 506	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	27 506	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	45 843	
Jón Stefánsson	34 383	
Jón Sumarliðason	16 046	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	

	Kr.	Kr.
Jónas Gunnlaugsson, fyrrv. póstur	13 752	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	13 752	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	68 764	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur	13 752	
Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	13 362	
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	13 752	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	18 337	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	34 383	
Kjartan Ólafsson	82 517	
Klara Guðmundsdóttir	34 383	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Kristín Ingileifsdóttir	40 292	
Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	57 304	
Kristinn Jónsson	27 506	
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	30 609	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	26 812	
Kristján Albertsson, rithöfundur	43 723	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	27 506	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	13 752	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	18 337	
Lilja Sigurðardóttir	27 506	
Lúðvík R. Kemp	55 011	
Lydía Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	16 046	
Magnús Magnússon, rithöfundur	27 506	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Margrét Júníusdóttir	22 921	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	27 506	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	13 752	
Marsibil Sigurðardóttir, fyrrv. fiskmatskona	13 752	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona	27 506	
Oddný Wíum	13 752	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	18 365	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	22 921	
Ólafur Guðmundsson	27 506	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	55 011	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	21 862	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	61 888	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	21 862	
Páll Pálsson	34 383	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	22 921	
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	13 752	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	22 954	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	49 733	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	20 630	

	Kr.	Kr.
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	34 383	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	18 337	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	45 232	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	22 921	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	18 337	
Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	27 506	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	24 869	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	26 724	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	27 506	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	30 607	
Sigurður Greipsson	55 672	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	18 337	
Sigurður Nordal, prófessor	55 335	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	13 752	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	13 752	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
Sigurlás Nikulásson	55 011	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	13 362	
Sigursteinn Steinþórsson	34 383	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	13 752	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	18 337	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	33 405	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	13 752	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	18 337	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	13 752	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	13 752	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Valgerður Kristjánsdóttir	13 752	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	13 752	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Vigdís Torfadóttir	45 843	
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.	45 843	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	20 630	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	13 752	
Þórður Benediktsson	66 810	
Þorlákur Stefánsson	27 506	
Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 921	
Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	27 506	
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður	13 752	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	27 506	
Samtals		6 075 541

06 384 Ekkjur:	Kr.	Kr.
Aðalbjörg Sigurðardóttir	34 914	
Agnethe Kamban	59 290	
Ágústa Högnadóttir	13 362	
Ágústa Sigurðardóttir	22 921	
Anna Jakobína Árnadóttir	13 362	
Anna Ólafsdóttir	14 919	
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	18 337	
Anna Tómasdóttir	27 506	
Árný Stígsdóttir	13 752	
Arnþrúður Daníelsdóttir	14 919	
Ásdís Þorgrímsdóttir	13 752	
Áslaug Nielsen	33 405	
Ásta Jónsdóttir	78 130	
Ásta Ólafsdóttir	27 506	
Ástríður Eggertsdóttir	22 921	
Ástríður Magnúsdóttir	13 752	
Björg Jónasdóttir	20 410	
Bryndís Þórarinsdóttir	31 139	
Dagbjört Guðjónsdóttir	21 862	
Eleanor Sveinbjörnsson	34 914	
Elín Einarsdóttir	41 259	
Elísabet Jónsdóttir	13 752	
Erla Stefánsson	55 011	
Eufemía Ólafsdóttir	57 304	
Fríða Hlíðdal	99 369	
Guðbjörg Erlendsdóttir	27 506	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	22 921	
Guðbjörg Kristjánsdóttir	34 914	
Guðfinna Blöndal	55 011	
Guðlaug Magnúsdóttir	58 101	
Guðný Halldórsdóttir	27 506	
Guðný Sigurðardóttir	22 921	
Guðný Vigfúsdóttir	27 506	
Guðríður Sigurðardóttir	13 752	
Guðrún Guðnadóttir	22 921	
Guðrún Jóhannesdóttir	13 752	
Guðrún P. Jónsdóttir	34 914	
Guðrún Pálsdóttir	32 090	
Guðrún Ragúels	13 752	
Halldóra Þórðardóttir	17 459	
Helga Friðbjarnardóttir	27 506	
Helga Hinriksdóttir	22 921	
Helga Pétursdóttir	34 383	
Hildur Blöndal	87 248	
Hildur Sívertsen	57 304	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	34 383	
Hólmfríður Guðmundsdóttir	55 011	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	27 506	
Hulda Þ. Björnæs	27 544	
Indíana Sturludóttir	34 383	
Ingibjörg Björnsdóttir	18 160	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	34 383	
Ingibjörg Högnadóttir	13 752	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	41 259	
Ingibjörg Karlsdóttir	56 978	
Ingunn Eyjólfsdóttir	34 383	
Ingunn Hlíðar	21 862	
Ingveldur Ólafsdóttir	13 752	
Irma Weile Jónsson	69 090	
Jakobína Thorarensen	22 921	
Jóhanna Jónsdóttir	25 947	
Jóhanna Vigfúsdóttir	13 752	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	25 067	
Jónína Ásmundsdóttir	13 362	
Jónína Kristjánsdóttir	34 383	
Karen Louise Jónsson	34 383	
Katrín Sveinsdóttir	41 259	
Kolbrún Jónsdóttir	68 764	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	13 752	
Kristín Helgadóttir	13 362	
Kristín Pálmadóttir	27 506	
Kristín Pálsdóttir	14 594	
Kristjana Bjarnadóttir	13 362	
Kristjana G. Einarsdóttir	16 702	
Kristólína Kragh	13 752	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	22 024	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	18 337	
Lára Svansdóttir	13 752	
Lára M. Vigfúsdóttir	45 843	
Lelia Stefánsson	68 764	
Lilja H. Arndal	45 843	
Lilja Eyþórsdóttir	41 318	
Lilja Jörundsdóttir	27 506	
Lilja Steinsen	80 225	
Lovísa Sveinbjörnsson	91 133	
Lydia Einarsson	57 304	
Mabel Sigurjónsson	45 843	
Magdalena Ásgeirsdóttir	13 752	
Málfríður Bjarnadóttir	13 752	
Margrét Árnadóttir	34 383	
Margrét Björnsdóttir	17 490	
Margrét Eyjólfsdóttir	27 506	
Margrét Guðbrandsdóttir	41 259	
Margrét Jónasdóttir	57 304	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	38 058	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	13 752	
Margrét L. Lárusdóttir	13 752	
María Guðlaugsson	21 485	
Marta Oddsdóttir	13 752	
Melitta Urbancic	21 862	
Ólafía Finnbogadóttir	13 752	
Olga E. Jónsson	25 947	
Ólöf Bjarnadóttir	36 327	
Petrína Ottesen	34 382	
Ragnheiður Hafstein	55 011	
Ragnheiður Konráðsdóttir	22 921	

	Kr.	Kr.
Rannveig Tómasdóttir	17 459	
Rósa Jónsdóttir	13 752	
Rósa Þórarinsdóttir	22 921	
Sigríður Árnadóttir	82 517	
Sigríður Bjarnason	58 301	
Sigríður Einarsson	89 521	
Sigríður Gísladóttir	13 752	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	44 263	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	14 594	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	27 506	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	34 383	
Sigrún Thorarensen	18 337	
Sigurbjörg Jónsdóttir	13 862	
Sigurlaug Jónsdóttir	34 383	
Sigurlaug Sigurðardóttir	27 506	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	25 947	
Sólveig Eggerz	76 951	
Stefanía Stefánsdóttir	28 542	
Steinunn P. Eyjólfsson	15 468	
Steinunn Tómasdóttir	22 921	
Svanborg Jónsdóttir	13 382	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	22 921	
Sveindís Hansdóttir	13 752	
Unnur Skúladóttir	55 672	
Valborg Einarsson	29 097	
Valgerður Helgadóttir	22 954	
Valgerður Ólafsdóttir	20 760	
Vigdís Guðmundsdóttir	27 506	
Þóra Magnúsdóttir	18 337	
Þóra Sigfúsdóttir	13 752	
Þóra Sigurðardóttir	13 752	
Þóra Skaftason	13 752	
Þorbjörg Kjartansdóttir	34 383	
Þorbjörg Sigmundsdóttir	29 097	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	20 630	
Þórey Jóhannsdóttir	13 752	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	13 752	
Samtals		4 461 945

11. **Hafnarmannvirki og lendingarbætur (07 333 03).**	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	1 070	
2. Akureyri	5 700	
3. Akureyri, dráttarbr.	300	
4. Bakkafjörður	540	
5. Blönduós	1 325	
6. Bolungarvík	6 000	
7. Búðardalur	340	
8. Drangsnes	40	

		Þús. kr.	Þús. kr.
9.	Eskifjörður	125	
10.	Grindavík	3 440	
11.	Grímsey	3 600	
12.	Hafnarfjörður	3 620	
13.	Hafnir	1 200	
14.	Hauganes	1 725	
15.	Hellnar	50	
16.	Hofsós	2 500	
17.	Höfn í Hornafirði	1 615	
18.	Ísafjörður	8 400	
19.	Neskaupstaður	1 000	
20.	Ólafsfjörður	575	
21.	Ólafsvík	1 580	
22.	Raufarhöfn	50	
23.	Stykkishólmur	1 460	
24.	Seyðisfjörður	1 700	
25.	Stokkseyri	3 000	
26.	Súðavík	1 200	
27.	Tálknafjörður	180	
28.	Vestmannaeyjar	300	
29.	Vopnafjörður	7 500	
30.	Þórshöfn	1 950	
31.	Bolungarvík, vegna gengisbreytingar á bráðabirgðaláni teknu af ríkissjóði, að upphæð 5 millj. kr. ..	2 700	
			64 785
12.	**Ferjubryggjur (07 333 04).**		
1.	Brjánslækur	150	
2.	Melgraseyri	200	
3.	Staður á Reykjanesi	50	
4.	Ögur	50	
5.	Búðardalur	100	
6.	Kleifar, Kollafirði	250	
			800

Ed. 239. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:
Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:
Síðari málsgr. 15. gr. falli niður.

2. gr.

b-liður 16. gr. orðist svo:
Njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

f-liður 16. gr. falli niður.

4. gr.

Í stað „120 daga virka ár hvert“ í niðurlagi 17. gr. komi: 156 daga virka ár hvert.

5. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 266.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 230.00 fyrir aðra og kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna, má nema kr. 355.00 á dag.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, sem skulu taka sömu breytingum og grunnkaup samkvæmt 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og á þær greiðast sömu verðlagsuppbætur.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en örorkubæturnar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem út var gefin 16. marz 1968 í sambandi við nýja kjarasamninga, hafi ríkisstjórnin heitið því að beita sér fyrir hækkunum á bótagreiðslum vegna atvinnuleysis og öðrum lagfæringum á bótarétti. Athugun aðilja á málinu lauk hins vegar ekki það tímanlega að hægt væri að leggja frumvarp fram á Alþingi og afgreiða það áður en jólaleyfi alþingismanna hófst, verður því að telja brýna nauðsyn bera til að setja nú þegar lög um hækkun atvinnuleysisbóta og lagfæringu á ákvæðum um bótarétt.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:
Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:
Síðari málsgr. 15. gr. falli niður.

2. gr.

b-liður 16. gr. orðist svo:
Njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

f-liður 16. gr. falli niður.

4. gr.

Í stað „120 daga virka ár hvert“ í niðurlagi 17. gr. komi: 156 daga virka ár hvert.

5. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 266.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 230.00 fyrir aðra og kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna, má nema kr. 355.00 á dag.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, sem skulu taka sömu breytingum og grunnkaup samkvæmt 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og á þær greiðast sömu verðlagsuppbætur.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en örorkubæturnar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 240. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt, þrátt fyrir bann þessarar greinar, að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenzkum höfnum. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt íslenzkum lögum er meginreglan sú, að erlendum fiskiskipum er óheimilt að landa afla sínum í íslenzkum höfnum. Í lögum nr. 33 19. júní 1922 er atvinnumálaráðherra þó heimilað að veita leyfi til þess, að eigendur síldarverk-

smiðja megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota. Hefur sú heimild sjaldan verið notuð.

Frumvarp þetta er ekki nýmæli. Á árinu 1966 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 63 13. maí 1966, um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, og voru þau lög að mestu leyti sama efnis og frumvarp þetta, en þau voru tímabundin. Töldu flutningsmenn frumvarpsins til laganna mikla þörf á að veita vinnslu- og verkunarstöðvum takmarkaða heimild til að kaupa hráefni af erlendum veiðiskipum. Í greinargerð frumvarpsins sagði meðal annars:

„Meðan Íslendingar voru að byggja upp útgerð sína og fiskiflota, var eðlilegt, að þeir óttuðust samkeppni voldugra erlendra aðila, og þá sérstaklega, ef þeir höfðu aðstöðu hér á landi til jafns við Íslendinga sjálfa. Var því bæði rétt og sjálfsögð sú stefna, sem fylgt hefur verið til þessa, að meina útlendingum löndun fisks í íslenzkum höfnum. Á þessum árum voru markaðir Íslendinga fyrir íslenzkar fiskafurðir mjög óstöðugir og einatt offramleiðsla á fiski.

Nú er þetta allt gjörbreytt. Íslendingar hafa komið sér upp glæsilegum fiskiskipaflota, og sjávarútvegurinn stendur í heild traustum fótum. Munu fáar þjóðir hafa sterkari samkeppnisaðstöðu í sjávarútvegi en Íslendingar".

Þótt leyfi, sem veitt voru samkvæmt lögum nr. 63/1966 hafi verið fá og lítið hafi verið eftir þeim leitað, getur verið æskilegt að hafa ótímabundna heimild í lögum. Getur verið hagkvæmt að leyfa slíkar landanir hér, þegar aflaleysi steðjar að. Einnig getur slík heimild auðveldað íslenzkum skipum að fá leyfi til löndunar erlendis.

Sjálfsagt er að hafa fulla gát á, að löndunum erlendra skipa hér á landi sé haldið innan hæfilegra marka, enda er gert ráð fyrir því, að löndunarheimildir verði bundnar leyfum ráðuneytisins.

Sþ. 241. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um einkarétt Íslands til landgrunnsins.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Einar Ágústsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar semja frumvarp til laga um einkarétt ríkisins til íslenzka landgrunnsins, að því er tekur til rannsókna og nýtingar þeirra náttúruauðlinda, sem þar kunna að finnast. Frumvarpið skal síðan lagt fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Segja má, að á sjóréttarráðstefnunni í Genf 1958 hafi réttur strandríkis til sjálfs landgrunnsins, þ. e. hafsbotnsins, verið viðurkenndur. Þar var gerð samþykkt um svokallaðan landgrunnssamning, er veitir strandríki umráðarétt yfir landgrunni sínu, að því er tekur til rannsókna og nýtingar náttúruauðlinda þess. Samningur þessi tekur hins vegar ekki til hafsins yfir landgrunninu og varðar því ekki fiskimiðin. Landgrunnssamningurinn hlaut mikinn meiri hluta atkvæða á sjóréttarráðstefnunni, en öðlaðist þó ekki gildi fyrr en síðar, eða þegar 22 ríki hið fæsta höfðu fullgilt hann. Því marki var náð 10. júní 1964, og tók þá samningurinn fullt gildi. Þó að meiri hluti ríkja hafi enn eigi gerzt aðilar að þessum Genfarsamningi, mun almennt litið á ákvæði hans sem alþjóðalög, er öll ríki verði að fara eftir, hvort sem þau hafa fullgilt hann eða ekki.

Á sjóréttarráðstefnunni í Genf lýstu Íslendingar því yfir, að þeir teldu ákvæði samnings þessa ganga of skammt, þar sem þau veittu eigi strandríki lögsögu yfir landgrunnshafinu, heldur einungis sjálfu landgrunninu. Þeir töldu, að þetta tvennt, lögsaga yfir landgrunninu og lögsaga yfir fiskimiðunum, ætti að fara saman. Það sjónarmið fékkst ekki viðurkennt í Genf, svo sem kunnugt er. Er í 3. gr. samningsins berum orðum fram tekið, að réttindi ríkis yfir landgrunninu hafi ekki áhrif á réttarstöðu þess hafs, sem yfir því liggur. Mun þar að finna ástæðuna fyrir því, að Ísland hefur ekki viljað fullgilda samninginn. Þrátt fyrir það mun Ísland að alþjóðalögum eiga þann rétt yfir landgrunninu sjálfu, þ. e. hafsbotninum, sem áður greinir. Aðild að samningnum verður ekki talin skilyrði fyrir þeim rétti, svo sem áður er sagt.

Samkvæmt Genfarsamþykktinni er landgrunnið talið ná út á 200 metra dýpi. Á því neðansjávarsvæði hefur strandríkið eitt rétt til rannsókna og nýtingar náttúruauðlinda, og er þá átt við hvers konar jarðefni og ólífræn efni, svo sem olíu, kol og margs konar jarðgastegundir, sem þar kunna að finnast. Hafa síðari tíma rannsóknir leitt í ljós, að mikil auðæfi finnast í landgrunni ýmissa ríkja, m. a. í Norðursjónum. Eru miklar vonir bundnar við nýtingu þeirra. Liggur því í augum uppi, að hvað sem rétti til fiskveiða líður, er hér um þýðingarmikla hagsmuni að tefla.

Réttindi þau, sem strandríki á yfir landgrunninu, virðast í sjálfu sér ekki háð námi eða nokkurri yfirlýsingu um yfirráðin. Samt sem áður hafa ýmis ríki helgað sér landgrunnið með sérstökum lögum eða stjórnvaldafyrirmælum. Þau virðast hafa talið það öruggara, auk þess sem nýting landgrunnsins hlýtur að kalla á lagasetningu. Þessa leið hafa t. d. Danmörk, Noregur og Bretland farið. Í ritgerð eftir dr. Gunnar G. Schram, sem birtist í Tímaritinu Ægi á s. l. ári, er gerð glögg grein fyrir aðgerðum þessara þjóða.

Ísland hefur eigi enn beinlínis helgað sér landgrunnið með sérstakri yfirlýsingu eða lagasetningu. Að vísu má segja, að lög nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, hvíli á þeirri forsendu, að landgrunnið tilheyri Íslandi og lúti þess yfirráðum. En þau lög eru bundin við fiskimiðin eða landgrunnshafið. Hér er lagt til, að sett séu sérstök lög um landgrunnið. Þar með væri ótvírætt lýst yfir rétti Íslands til landgrunnsins. En það er af ýmsum ástæðum æskilegt, að rétti ríkisins til landgrunnsins sé formlega lýst yfir. Það er öruggara, m. a. af því að við erum ekki aðilar að Genfarsamningnum. Þess er að gæta, að þjóðréttarreglur um þetta efni eru nýmótaðar. Þess vegna hafa ýmsar þjóðir talið réttara að helga sér landgrunnið með sérstakri yfirlýsingu. Lagasetning er og nauðsynleg, ef hefja ætti rannsóknir á landgrunninu. En það er vonandi, að það dragist ekki lengi, að slíkar rannsóknir byrji. Það veit enginn, hver auðæfi kunna að leynast í landgrunninu. En þau geta verið mikil og dýrmæt. Íslenzka landgrunnið mun vera talið um 115 þúsund ferkílómetrar eða nokkru stærra en landið sjálft. Hér er því ekki um neitt hégómamál að tefla. Það skal skýrt tekið fram, að hér er eingöngu um hafsbotninn að ræða. Þetta mál varðar því ekki fiskveiðiréttindin. Baráttunni fyrir einkarétti til fiskveiða á landgrunninu verður að sjálfsögðu haldið áfram. Lagasetning sú um landgrunnið, sem hér er gerð tillaga um, getur auðvitað á engan hátt orðið til tjóns í baráttunni fyrir auknum fiskveiðiréttindum. Hún verður ekki með neinu móti túlkuð sem afsal á rétti til fiskimiðanna. Þvert á móti getur hún einnig að því leyti til orðið spor í rétta átt.

Nánar í framsögu.

Ed. **242. Frumvarp til laga** [130. mál]

um breyting á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað „7 sólarhringum“ í 16. gr. laganna komi: 20 sólarhringum.

2. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða annar hvor aðila telur vonlaust um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra, getur hvor aðili um sig eða þeir sameiginlega vísað deilunni til meðferðar sáttasemjara. Eftir að sáttasemjari hefur fengið tilkynningu um þetta, er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar, svo skjótt sem kostur er, og halda síðan áfram sáttaumleitunum, meðan von er til þess, að þær beri árangur. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda, enda þótt aðilar hafi þá eigi vísað deilunni til hans.

Aðilum er skylt að mæta eða láta mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

Sáttasemjari getur frestað því um allt að 4 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi. Eigi er sáttasemjara heimilt að fresta vinnustöðvun nema einu sinni. Honum er eigi heldur heimilt að fresta vinnustöðvun, sem þegar er skollin á.

3. gr.

Aftan við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sáttasemjara að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um atvinnuhorfur, kaupmátt launa, vísitöluútreikninga, launasamanburð, skattareglur, afkomuhorfur einstakra atvinnugreina og önnur hliðstæð atriði, sem hann telur máli skipta til lausnar á vinnudeilu.

4. gr.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóði svo:

Miðlunartillaga telst felld, þegar báðum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni.
2. minnst 20% atkvæðisbærra manna greiða atkvæði á móti henni.

Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felast aðallega breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er varða sáttameðferð og valdsvið sáttasemjara. Vinnustöðvanir eru að flestra dómi neyðarúræði, sem eigi á að grípa til við lausn kjaraágreinings, fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar til þrautar. Reynslan sýnir, að oft skortir mikið á, að samningaviðræður og sáttaumleitanir beri þann árangur að leysa vinnudeilu, áður en til vinnustöðvunar kemur. Gildandi ákvæði vinnulöggjafarinnar

tryggja sáttasemjara ekki neinn lágmarkstíma til sáttastarfs, áður en vinnustöðvun kemur til framkvæmda, og komið hefur það fyrir, að sáttasemjari hefur ekki fengið kjaradeilu til meðferðar fyrr en verkfall var skollið á. Úr þessu þarf nauðsynlega að bæta. Sú hugsun liggur að baki frumvarpi þessu, að leggja þurfi meiri áherzlu á sáttatilraunir í vinnudeilum og að auka þurfi vald sáttasemjarans, svo að hann nái sterkari tökum á deiluaðilum og fái þar með betri aðstöðu en áður til þess að leysa hlutverk sitt vel og skjótlega af hendi. Ef vel á að takast, þyrfti sáttasemjari í sem allra flestum tilfellum að geta sætt hina stríðandi aðila, án þess, að til verkfalls eða verkbanns komi. Er óþarft að undirstrika þá miklu hagsmunalegu þýðingu, sem það hefur fyrir launþega, vinnuveitendur og þjóðina í heild, að vinnufriður haldist og kjaradeilur verði leystar í tæka tíð með samningum og sáttagerð, en komizt verði hjá því mikla og margvíslega tjóni, sem vinnustöðvanir hafa jafnan í för með sér.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Frestur til að boða vinnustöðvun er lengdur úr 7 sólarhringum í 20 sólarhringa.
2. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda.
3. Sáttasemjara er heimilað að fresta því um allt að 4 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi.
4. Sáttasemjara er heimilað að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um ýmiss konar málefni, er máli kunna að skipta til lausnar á vinnudeilu.
5. Breytt er reglunum um þátttöku í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu til þess að styrkja aðstöðu sáttasemjarans, en jafnframt í því skyni að örva menn til þátttöku í slíkum atkvæðagreiðslum og draga úr líkunum á því, að almennt þátttökuleysi í atkvæðagreiðslunni verði miðlunartillögu að falli.

Lagt er til, að ákvæði frumvarpsins taki eigi gildi fyrr en 1. janúar 1970. Er þetta gert til að undirstrika, að hér sé um framtíðarskipan að ræða einvörðungu, en ekki tilraun til þess að hafa áhrif á gang þeirra vinnudeilna, sem framundan kunna að vera á næstu vikum og mánuðum.

Einskis má láta ófreistað til þess að efla vinnufriðinn í landinu án þess að skerða grundvallarréttindi stéttarfélaga og vinnuveitenda til frjálsra samninga og vinnustöðvana. Með það í huga er frumvarp þetta fram borið.

Nd. 243. Frumvarp til laga [131. mál]

um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Íslenzka ríkið á fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra. Öll slík auðæfi eru eign íslenzka ríkisins, og skulu íslenzk lög gilda í einu og öllu í þessum efnum.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar ná til allra þeirra jarðefna, fastra, fljótandi og loftkenndra, sem finnast kunna í íslenzka landgrunninu og allra annarra auðæfa þess, lífrænna og ólífrænna.

3. gr.

Íslenzka landgrunnið telst, í merkingu þessara laga, ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Landgrunn eyja, sem utan landhelgi liggja, skal markað á sama hátt.

4. gr.

Ráðherra setur, með reglugerð, frekari ákvæði um framkvæmd rannsókna á auðæfum landgrunnsins og nýtingu þeirra og jafnframt um nánari mörkun þess og önnur þau atriði, sem þurfa þykir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæða þess, að æskilegt er að samþykkt sé frumvarp um lögsögu íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland er fyrst og fremst sú, að með vaxandi tækni er nú hægt að vinna þær auðlindir, sem í landgrunni kunna að felast, allt út á 200 m dýpi. Innan fárra ára verður væntanlega unnt að vinna efni grunnsins á enn meira dýpi. Hafa því æ fleiri ríki á síðustu árum lýst yfir lögsögu sinni á landgrunni því, sem liggur undan ströndum þeirra, að því er varðar rannsóknir og nýtingu auðæfa landgrunnsins.

Með því er tryggt að heimaþjóðinni fellur allur réttur til þeirra verðmæta, sem í landgrunninu kunna að felast, og jafnframt er útilokað að aðrar þjóðir komi og hefji framkvæmdir nær uppi í landsteinum landgrunnsríkisins.

Það er einnig mikilvægt öryggisatriði, að strandríkið geti ráðið því sjálft hvaða mannvirki og tæki eru staðsett á landgrunninu undan ströndum þess, og þá bannað öðrum þjóðum þar mannvirkjagerð, m. a. þá mannvirkjagerð, sem af hernaðarlegum toga er spunnin.

Með því að samþykkja lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland yrði Íslendingum einum heimilt að framkvæma þar rannsóknir og útlendingum það aðeins bært samkvæmt leyfi íslenzkra stjórnvalda. Jafnframt yrði tryggt að Íslendingar einir ættu þær auðlindir, sem í íslenzka landgrunninu kunna að felast. Íslenzka landgrunnið er enn algjörlega ókannað og því ekki vitað hvort þar er að finna nein verðmæt jarðefni. Sýnist það þó sjálfsagt öryggisatriði að leggja landgrunnið undir íslenzka lögsögu, því ekki er vitað hvað síðari rannsóknir kunna að leiða í ljós í þessu efni.

Með landgrunnssamningnum, sem samþykktur var á Genfarráðstefnunni fyrri 1958, var strandríkinu heimiluð lögsaga yfir landgrunninu undan ströndum sínum. Ísland er ekki aðili að landgrunnssamningi þessum. Því er talið rétt að til komi lög samþykkt af Alþingi, sem lýsi yfir rétti þjóðarinnar til grunnsins og þess, sem í því býr. Slík lög yrðu fullnægjandi heimild að þjóðarétti um lögsögu Íslendinga á þessu sviði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að yfirráð ríkisins nái bæði til ólífrænna og lífrænna auðæfa landgrunnsins. Botnföst sjávardýr og þau, sem aðeins hreyfast í föstu sambandi við botninn, mundu heyra undir ákvæði frumvarpsins.

Þá skal vikið að því, að setning landgrunnslaga mundi ekki á nokkurn hátt geta túlkazt sem á hlut annarra þjóða væri gengið, eða gefa tilefni til mótmæla. Það er þegar viðurkennt að þjóðum sé heimilt að framkvæma slíka réttargjörð, enda hafa mjög margar þjóðir sett slík lög síðustu árin. Væri því ekki hætta á að neinir úfar risu með Íslendingum og öðrum þjóðum af þessu tilefni.

Þá skal á það bent, að setning umræddra laga mundi ekki sem slík hafa nein útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Engin skylda fylgir lagasetningunni um að hefjast handa um rannsóknir á efnum landgrunnsins af okkar hálfu. Væri þó vitanlega æskilegt að ekki liði langur tími þar til einhverjar frumrannsóknir væru gerðar.

En hugsanlega skapast hér tekjuliður á hinn bóginn fyrir ríkissjóð. Aðrar þjóðir, svo sem Norðmenn og Bretar selja rannsóknarleyfi á landgrunni sínu til erlendra og innlendra firma, sem leita vilja þar að verðmætum efnum. Gefa rannsóknarleyfi þessi nokkrar tekjur í ríkissjóð. Mætti taka upp sama fyrirkomulag hér á landi. Ef að því kæmi, að einhver verðmæt efni fyndust í landgrunninu er ljóst, að ríkið gæti haft verulegar tekjur af vinnslu þeirra, þ. e. fyrir vinnsluleyfin, sem vinnslufirmun greiða.

Ekkert er í lagafrumvarpinu um það sagt hve langt frá ströndum landgrunnið skuli talið ná í kílómetrum. Það er vegna þess, að ekki hefur tekizt að setja um það enn ákveðna alþjóðlega reglu, en þetta viðfangsefni er eitt af stærstu verkefnum hafsbotnsnefndar þeirrar, sem kjörin var 1968 á vegum Sameinuðu þjóðanna. Er í frumvarpinu miðað við annað viðmiðunarmark Genfarsamningsins frá 1958, vinnslumarkið, en ekki minnzt á hitt, 200 metra dýptarlínuna. En ef miðað er við 200 metra dýptarlínuna, mundi landgrunnssvæðið umhverfis Ísland, allt frá ströndum, nema samtals 115 þús. ferkílómetrum, eða nokkru stærra svæði en landið er sjálft. Nú er vitað, að ýmsar þjóðir telja 200 metra dýptarlínuna of þrönga, og er rætt um 4—500 metra línuna. Skýrir Hafrannsóknastofnunin svo frá, að landgrunnsmyndunin íslenzka nái almennt út að 400 metra dýptarlínunni, svo ekki sýnist fráleitt að miða við það mark af hálfu okkar síðar meir.

Þá skal að lokum til fróðleiks gerð grein fyrir því hvað Norðurlöndin og önnur ríki hafa aðhafzt í þessum málum.

Aðgjörðir stjórnvalda Noregs í landgrunnsmálum hófust með því að gefinn var út konungsúrskurður þann 31. maí 1963 um nýtingu náttúruauðæfa landgrunnsins. Í úrskurði þessum var því lýst yfir, að Noregur færi með ríkisvald yfir landgrunninu utan stranda landsins, að því er tæki til rannsókna og nýtingar auðlinda þess. Næðu ríkisyfirráð Noregs í þessu efni svo langt út frá ströndum, sem vinna mætti fyrrgreind náttúruauðæfi, án tillits til landhelgi og fiskveiðitakmarka. Hinn 21. júní 1963 samþykkti Stórþingið síðan slík lög um nýtingu landgrunnsins. Í lögunum er svo kveðið á, að ytri mörk grunnsins skuli teljast þau, sem um er getið í úrskurðinum, vinnslumörkin. Er þar sagt, að rétturinn til landgrunnaauðlindanna tilheyri ríkinu.

Þann 31. maí 1963 fullgilti Danmörk Genfarsamninginn um landgrunnið. Viku síðar, þann 7. júní, var gefinn út konungsúrskurður um yfirráð Danmerkur yfir landgrunninu. Í úrskurði þessum er því lýst, að Danmörk fari með yfirráð að því er snertir nýtingu auðæfa þess landgrunns, sem ríkinu tilheyri, samkvæmt ákvæðum hans um landamörk gagnvart öðrum ríkjum.

Svíar settu lög um nýtingu sænska landgrunnsins 3. júní 1966. Er þar sagt, að ríkisstjórnin ákveði hvað teljast skuli landgrunn, í samræmi við Genfarsamninginn um landgrunnið frá 1958.

Finnar settu lög um landgrunnið 5. marz 1965. Er við ákvörðun landgrunnssvæðisins stuðzt við ákvæði Genfarsamningsins.

Bandaríkin tóku sér lögsögu yfir bandarísku landgrunninu með Trumanyfirlýsingunni svonefndu, 28. september 1945. Var með henni lýst rétti Bandaríkjanna til auðlinda alls bandarísku landgrunnsins.

Bretar settu sín landgrunnslög 15. apríl 1964, og gáfu út tilskipun um málið 12. maí 1964 (Continental Shelf (Designation of Areas) Order). Er við mörkun brezka landgrunnsins farið eftir ákvæðum Genfarsamningsins.

Sovétríkin gáfu út tilskipun Æðstaráðsins um landgrunnið þann 6. febrúar 1968. Er ekki minnzt á Genfarsamninginn í tilskipuninni en viðmiðunarmörk hans notuð við skilgreiningu landgrunnsins (200 metra dýpi eða vinnslumarkið).

Fjölmörg önnur ríki hafa gefið út tilskipanir eða lög um yfirráðarétt sinn yfir auðæfum landgrunnsins. Frá 1958 hafa eftirfarandi ríki gert tilkall til auðlinda landgrunnsins:

Argentína, Ástralía, Chile, Ecuador, Ghana, Írak, Ítalía, Kuwait, Malaysía, Mexíkó, Holland, Nýja Sjáland, Filippseyjar, S.-Afríka, Venezúela og Júgóslavía.

Ríki, sem áður höfðu lýst landgrunnsréttindum sínum, eru m. a.: Brazilía, Kambodía, Costa Rica, El Salvador, Guatemala, Honduras, Indland, Íran, Ísrael, Kórea, Nicaragua, Pakistan, Panama, Perú, Portúgal, Bahama-eyjar, Jamaica, Falklandseyjar og British Guiana.

Nd. 244. Frumvarp til laga [50. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna. Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 245. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 6. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi.

Minkarækt skal þó leyfð í Vestmannaeyjum, og skal að fenginni umsögn yfirdýralæknis leyfður innflutningur tiltekins fjölda lifandi minka til stofnunar eins tilraunabús þar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja hinn 30. jan. s. l. var samþykkt einróma eftirfarandi tillaga:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkir að fara þess á leit við þingmenn Suðurlandskjördæmis, að þeir flytji á Alþingi frumvarp til laga, þar sem heimiluð verði stofnsetning tilraunaminkabús í Vestmannaeyjum.“

Í samræmi við þessi tilmæli bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum er frv. þetta um breyting á lögunum um loðdýrarækt flutt. En í 6. gr. þeirra laga er fram tekið, að óheimilt skuli vera að reisa ný minkabú, eftir að lögin koma til framkvæmda.

Um það verður varla deilt, að ef athugun leiðir í ljós, að minkarækt sé fjárhagslega hagkvæm hér á landi, eru Vestmannaeyjar ákjósanlegur staður fyrir þessa at-

vinnugrein. Eins og kunnugt er, er fiskúrgangur uppistaðan í fóðri þessara dýra, en fiskúrgangur er nægilegur samfellt allt árið í Eyjum, en hefur verið og er enn frystur til útflutnings, eftir því sem við verður komið, og þá aðallega seldur sem minkafóður til nágrannaþjóða okkar, einkum Norðurlandanna. En fyrir hann fæst lítið verð, svo að á mörkum er, að slíkur útflutningur svari tilkostnaði. Sé hins vegar möguleiki á að gera hann verðmætari, ef til vill mun verðmætari, í formi útfluttra minkaskinna, hlýtur það að teljast þjóðfélagslega séð hagkvæmt og eðlilegt. Vitað er, að frændþjóðir okkar, sérstaklega Norðmenn og Danir, afla sér árlega verulegra tekna í erlendum gjaldeyri af útflutningi minkaskinna, og verður að telja verulegar líkur fyrir því, að Íslendingar geti farið eins að.

Frumvörp til laga um heimild til minkaeldis hér á landi hafa áður verið flutt á Alþingi og þau send til umsagnar þeirra aðila, sem eðlilegt var talið að létu álit sitt í ljós um málið. Meðal annars liggur fyrir í skjölum Alþingis álit Náttúrufræðistofnunar Íslands. Er ljóst af umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 15. febr. 1966, að þótt hún sé andvíg innflutningi lifandi minka til stofnunar minkabúa almennt, telur hún þó slíkt helzt koma til greina í Vestmannaeyjum. En lokaorð umsagnarinnar, sem undirrituð er af dr. Finni Guðmundssyni, hljóða svo:

„Ef ekki verður hægt að sporna við því til fulls, að minkaeldi verði leyft hér á ný, vil ég gera það að varatillögu minni,, að það verði aðeins leyft í Vestmannaeyjum, svo framarlega að Vestmanneyingar vilji fallast á að taka við minknum. Í Vestmannaeyjum fellur meira til af fiskúrgangi en í flestum öðrum verstöðvum hér á landi, og þar væri hægt að ganga úr skugga um, hvort minkaeldi er eins arðvænlegt og látið er í veðri vaka, án þess að náttúru landsins í heild sé stefnt í voða."

Nú liggur það fyrir, að bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum eru sammála um að óska heimildar Alþingis um stofnsetningu tilraunaminkabús þar. Er þar með fullnægt ábendingu í varatillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi málið.

Þó að frv. þetta yrði að lögum, telja flm. ekki þörf frekari breytinga á lögunum um loðdýrarækt. Í lögunum er að dómi flm. að finna nægjanlega skýr ákvæði, meðal annars til varnar og öryggis fyrir, að loðdýr sleppi ekki úr girðingum, auk þess sem lögin heimila útgáfu reglugerðar til enn frekari ákvæða varðandi þetta atriði og fleira, sem nauðsynlegt getur talizt að kveða enn skýrar á um en lögin gera ráð fyrir.

Sþ. 246. Fyrirspurn [133. mál]

til ríkisstjórnarinnar um efnahagssamvinnu Norðurlanda.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til áformanna um efnahagssamvinnu Norðurlanda?

Ed. 247. Frumvarp til laga [134. mál]

um leiklistarskóla ríkisins.

Flm.: Einar Ágústsson, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Íslenzka ríkið skal reka leiklistarskóla, sem fullnægir nútímakröfum um menntun leikara og annarra leikhússtarfsmanna.

2. gr.

Stjórn skólans skipa:
einn fulltrúi tilnefndur af Þjóðleikhúsráði,
einn tilnefndur af Leikfélagi Reykjavíkur,
einn tilnefndur af Félagi íslenzkra leikara,
einn tilnefndur af starfandi leikfélögum utan Reykjavíkur,
og einn tilnefndur af menntamálaráðherra, og skal hann jafnframt vera formaður.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður sérmenntaðan mann til að veita skólanum forstöðu að tillögu skólastjórnar.
Endurnýja skal ráðningarsamning á fjögurra ára fresti.

4. gr.

Skólastjóri ræður kennara í samráði við skólastjórn.

5. gr.

Skólinn skal vera þriggja ára skóli starfandi frá 1. október til 1. júní. Kennsla skal fara fram hvern virkan dag á tímabilinu frá kl. 9—18.

6. gr.

Námsgreinar skulu meðal annars vera: Íslenzka, taltækni, leikur, látbragðslist, förðun, skylmingar, leikfimi, leiklistarsaga og sálfræði. Enn fremur skal, eftir því sem þurfa þykir, stofna til námskeiða í leikstjórn, búninga- og leikmyndateiknun, leiksviðslýsingu og öðrum tæknistörfum á leiksviði.

7. gr.

Nemendur skulu vera á aldrinum 17—25 ára og hafa lokið gagnfræðaprófi eða öðru sambærilegu prófi.
Til þess að öðlast rétt til setu í skólanum skal umsækjandi enn fremur hafa staðizt inntökupróf samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er sett verður.

8. gr.

Prófdómendur við inntökupróf skulu vera skólastjóri og tveir kennarar skólans, tilnefndir af skólastjórn.
Við önnur próf skal prófnefnd skipuð skólastjóra, einum kennara, einum fulltrúa frá Þjóðleikhúsinu og einum frá Leikfélagi Reykjavíkur. Í tæknigreinum skal kveðja til sérfróða menn, auk prófnefndar.

9. gr.

Hámarkstala nemanda í öllum deildum er 20.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um skólann.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið á vitorði leikhúsmanna hérlendis, að menntun leikara væri ófullkomin. Áður en Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína, sóttu flest leikaraefni menntun í erlenda leiklistarskóla.
Bæði leikhúsin reka nú leiklistarskóla, Þjóðleikhúsið allt frá stofnun þess og Leikfélag Reykjavíkur mörg undanfarin ár. Þessir skólar hafa lengst af verið reknir

sem nokkurs konar kvöldskólar kl. 17—19. Á seinni árum hefur þó námstíminn verið lengdur nokkuð á degi hverjum og námið aukið.

Þrátt fyrir þetta hefur forráðamönnum skólanna og öðrum leiklistarmönnum, sem láta sig þessi mál varða, verið ljóst, að hér er orðin brýn nauðsyn úrbóta, enda er menntun leikara hérlendis löngu komin úr samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru um slíka menntun annars staðar, jafnvel þær kröfur, sem gera verður hérlendis.

Á undanförnum árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á þessum málum á hinum Norðurlöndunum og niðurstaðan orðið sú, að stofnaðir hafa verið sjálfstæðir ríkisskólar, óháðir leikhúsunum, til alhliða menntunar leikaraefna og annarra leikhússtarfsmanna.

Það er vitað mál, að leiklistarskólar leikhúsanna hér hafa verið reknir með fjárhagslegu tapi. Eini aðilinn, sem hefur bolmagn til að standa undir fullkomnum skóla, sem samræmist nútímakröfum, er því ríkið sjálft.

Það er einnig orðin almenn skoðun leikhúsmanna, bæði hér og erlendis, að leiklistarskóli sé betur kominn án beinna tengsla við leikhúsin.

Það er því orðin brýn nauðsyn, að hið opinbera gangist hið bráðasta fyrir stofnun slíks skóla, þar sem ýtrustu kröfum sé fullnægt, þar sem leiklist er orðin snar þáttur í menningarlífi þjóðarinnar.

Ed. 248. Frumvarp til laga [135. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1969 skulu fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar hækka um 10% frá því, sem þær voru á árinu 1968, sbr. lög nr. 4/1968. Fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. skal frá sama tíma vera kr. 10 200.00 við hverja fæðingu. Aðrar bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963 skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 17% frá sama tíma.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frá 1. janúar 1969, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslur reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækka í heila krónu, en minna brot falla niður.

2. gr.

Ákvæði f-liðs 4. málsgr. 49. gr. laga nr. 40/1963 skal frá 1. janúar 1969 breytast þannig, að í stað „9 daga“ komi „7 daga“.

3. gr.

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir janúar og febrúar 1969 skal greidd með bótum marzmánaðar 1969.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1969 beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að framlag ríkissjóðs til almannatrygginga yrði hækkað um 90 millj. kr. frá því, sem það var áætlað, er frumvarp til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun. Er lagt til, að af

þeirri fjárhæð verði 29.2 millj. kr. varið til hækkunar fjölskyldubóta, en 60.8 millj. kr. til hækkunar á öðrum bótum lífeyristrygginga. Hefur verið gert ráð fyrir, að hlutur annarra framlagsaðila hækkaði í hlutfalli við síðarnefndu fjárhæðina, og verður þá heildarhækkun framlaga til lífeyristrygginga sem hér segir:

Ríkissjóður	90.0	millj. kr.
Hinir tryggðu	54.1	— —
Sveitarsjóðir	30.4	— —
Atvinnurekendur	23.6	— —
Samtals	198.1	millj. kr.

Áætlað er, að framlög þessi nægi fyrir 10% hækkun fjölskyldubóta og 17% hækkun annarra bóta lífeyristrygginga. Tilsvarandi hækkun bóta slysatrygginga mun óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun iðgjalda til þeirra, og útgjöld sjúkrasamlaga munu aukast nokkuð.

Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skírskotað er til með orðunum „eftir því sem við getur átt“ í 1. málsgr. 1. gr., snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, enn fremur kaup og aflahlut, sbr. 39. gr. laga nr. 40/1963, og bætur frjálsra trygginga, sem ákvarðast af frjálsum samningi milli aðila. Sé hámark eða lágmark heimildarbóta tiltekið, hækka slík mörk, en um hækkun einstakra bótagreiðslna, sem fullnægja lágmarksákvæðum, fer eftir ákvörðun þeirra aðila, sem úrskurðarvald eiga í því efni.

Í sambandi við breytingar þær, sem orðið hafa á ákvörðun daggjalda sjúkrahúsa, sbr. 8. gr. laga nr. 83/1967 og bráðabirgðaákvæði sömu laga, hefur legukostnaður á fæðingardeild Landspítalans og fæðingarheimili Reykjavíkurborgar hækkað stórkostlega. Í 2. gr. frumvarpsins er því lagt til, að sjúkratryggingar greiði fyrir dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi og fæðingarstofnun, en samkæmt núgildandi lögum greiða þær fyrir dvöl umfram 9 daga. Með þessari breytingu og þeirri 33% hækkun fæðingarstyrks, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, nægir fæðingarstyrkurinn fyrir þeim kostnaði, sem konur þurfa að greiða á fæðingardeild Landspítalans, en þar eru daggjöld hæst.

Sþ. 249. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um stórvirkjanir og hagnýtingu raforku.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Tómas Árnason, Skúli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Jónas Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd, sem hafi það verkefni að kynna sér möguleika til að hraða stórvirkjunum vatns- og hitaorku, stofnun orkufreks iðnaðar og aukinni notkun raforku til hitunar o. fl. Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis svo tímanlega, að hægt verði að ræða hana á næsta þingi.

Ráðherra sá, sem fer með orkumál, skipar formann nefndarinnar. Kostnaður við nefndina skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í skýrslu þeirri um orkumálin, sem fylgdi frumvarpinu um Landsvirkjun, sem var lagt fyrir Alþingi vorið 1965, er komizt að þeirri niðurstöðu, að þegar settar hafi verið tvær kerarаðir í álbræðsluna, geti Búrfellsvirkjun fullnægt aflþörf fram til

ársloka 1975 eða þar um bil. Síðan segir í skýrslunni: „Um það bil í árslok 1975 mundi því þurfa nývirkjun fyrir orkuveitusvæðið, þó ekki sé um að ræða annan orkufrekan iðnað en alúmíníumbræðsluna og hugsanlega aukningu áburðarvinnslu til þess tíma“ (Alþt. 1964, A-deild, bls. 1388).

Samkvæmt þessu er ljóst, að innan sex ára þarf að vera búið að ljúka nýrri virkjun, auk Búrfellsvirkjunar, ef ekki á að koma til raforkuskorts á orkuveitusvæðinu suðvestanlands, þar sem þá verður búið að fullnýta þá orku, sem landsmenn fá sjálfir frá Búrfellsvirkjun, en eins og kunnugt er, mun álbræðslan fá um 60% orkunnar þaðan.

Það má því ekki dragast öllu lengur, að hafin sé skipuleg athugun á því, hvaða orkuframkvæmdir skuli ráðizt í til að koma í veg fyrir raforkuskort suðvestanlands eftir árslok 1975. Þar koma að sjálfsögðu ýmsir möguleikar til greina, bæði fleiri smávirkjanir eða ein stórvirkjun, og væri sú lausn vafalítið æskilegri, ef jafnhliða væri hægt að efna til einhvers orkufreks iðnaðar eða annarrar meiri háttar aukningar á nýtingu raforkunnar, t. d. til hitunar. Ýmsir möguleikar fyrir nýjan orkufrekan iðnað virðast fyrir hendi, og þarf að fara fram samhliða athugun á þeim og á virkjunarmöguleikunum.

Þótt hér að framan hafi einkum verið rætt um raforkuþörfina suðvestanlands, er að sjálfsögðu ætlazt til, að sú athugun, sem tillagan fjallar um, nái til alls landsins og að staðsetningu nýrra fyrirtækja verði hagað þannig, ef kostur er, að þau stuðli að jafnvægi í byggð landsins.

Þar sem hér er um mikilvægt og aðkallandi verkefni að ræða, þykir rétt að fela sérstakri þingkjörinni nefnd forustu í málinu, ásamt ríkisstjórninni, og yrði það m. a. verkefni hennar að samræma upplýsingar og athuganir hinna ýmsu stofnana, sem um þessi mál fjalla, og vinna úr þeim heildaryfirlit og tillögur. Áreiðanlega er það heppilegt, að Alþingi fylgist jafnan sem bezt með þessum málum og fulltrúar allra þingflokka hafi aðstöðu til að fylgjast með þeim rannsóknum, sem eru á döfinni. Slíkt er vænlegt til að tryggja samstöðu og samstarf um þessi mál í framtíðinni.

Meðal þess, sem nefndin þarf að taka til sérstakrar athugunar, er það, hvort stofnanir þær, sem að umræddum rannsóknum vinna, ráða yfir nægu starfsafli, því að hér er yfirleitt um vinnu að ræða, sem er umfangsmikil og tímafrek. Má í þessu sambandi minna á, að Íslendingar verja mun minna til rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuveganna en flestar aðrar þjóðir ,eða um 0.38% þjóðarteknanna, en víða annars staðar verja þjóðir á líku stigi frá 1.5%—3.5% þjóðarteknanna til slíkrar rannsóknarstarfsemi.

Í tillögunni er lagt til, að nefndin skili skýrslu sinni til Alþingis svo tímanlega, að hægt verði að ræða þessi mál á næsta þingi, jafnvel þótt ekki verði þá unnt að taka endanlegar ákvarðanir. Á þennan hátt er tryggt, að Alþingi fái aðstöðu til að fylgjast sem bezt með þessum mikilvægu málum.

Vegna erfiðleika þeirra, sem nú er glímt við, er það enn nauðsynlegra en ella, að kappsamlega sé unnið að þessum málum. Má hér vel hafa til fyrirmyndar, hvernig haldið var á hliðstæðum málum á harðærisárunum miklu 1934—38. Þá var byggður fyrsti áfangi Sogsvirkjunarinnar, sem að dómi sérfróðra manna var sízt minna átak þá, ef miðað er við allar aðstæður, en bygging Búrfellsvirkjunar er nú. Þá var lagður grundvöllurinn að starfrækslu hraðfrystihúsanna, sem síðan hafa verið ein helzta atvinnugrein landsmanna. Fyrir forgöngu þáv. forsætisráðherra, Hermanns Jónassonar, var þá hafin fyrsta athugun á því, hvort mögulegt væri að reisa hér áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, og leiddi sú rannsókn til þess, að þessar verksmiðjur voru reistar hér nokkrum árum síðar. Þannig þarf að bregðast við erfiðleikunum af atorku, stórhug og framsýni.

Ed. 250. Frumvarp til laga [137. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1969 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1969 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Ed. 251. Frumvarp til laga [138. mál]

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nú sé falt lán á vegum Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins til Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar. Þar sem lántakan þurfi að fara fram í janúarmánuði beri brýna nauðsyn til að afla lagaheimildar til að ríkissjóður geti ábyrgzt lántökuna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nd. 252. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kennarar við stofnanir, sem láta í té kennslu samkvæmt fræðslukerfi ríkisins og með þeim hætti, sem menntamálaráðherra samþykkir, geta orðið sjóðfélagar, enda taki stofnanir þær, er hlut eiga að máli, á sig allar skuldbindingar launagreiðanda samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á gildandi lögum um Lífeyrissjóð barnakennara, að kennarar við stofnanir, sem láta í té kennslu samkvæmt fræðslukerfi ríkisins og með þeim hætti, er menntamálaráðherra samþykkir, geti orðið sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara. Er hér um að ræða einkaskóla fyrir skólaskyld börn og unglinga. Eins og sakir standa mun hér um einn skóla að ræða, sem ákvæði frumvarpsins taka til, Landakotsskólann í Reykjavík.

Samkvæmt frumvarpinu ber hlutaðeigandi stofnun að taka á sig allar skuldbindingar launagreiðanda, er af frumvarpinu leiðir, ef að lögum verður.

Nd. 253. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Heimild sú, er Sambandi íslenzkra berklasjúklinga er veitt til að reka vöruhappdrætti samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, skal gilda til ársloka 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. marz 1949 var Sambandi íslenzkra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti, og gilti heimildin í 10 ár. Var sú heimild framlengd með lögum nr. 18 22. apríl 1959 til ársloka 1969, og voru þá jafnframt sett heildarlög um happdrættið.

Er með frumvarpi þessu lagt til, að heimild Sambands íslenzkra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði enn framlengd um 10 ár þ. e. til ársloka 1979.

Ágóða af happdrættinu skal samkvæmt lögunum varið til að greiða stofnkostnað við byggingaframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenzkra berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Nd. 254. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Jónas Jónsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. febr. 1969.

Matthías Bjarnason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Jónas Pétursson.
Pétur Sigurðsson.	Magnús Kjartansson.	Steingr. Pálsson.

Ed. 255. Frumvarp til laga [141. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi. Hefur það áður legið fyrir Alþingi, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Flm. þykir rétt og skylt að fá úr því skorið, hver sé vilji Alþingis um framgang málsins. Jörðin Holt var um fjölda ára í eign og ábúð Jóhönnu og eiginmanns hennar, Þorsteins Einarssonar. Sakir mikillar hættu á landspjöllum vegna ágangs Hafursár varð það úr, að þau hjónin seldu ríkissjóði jörðina árið 1936. Jóhanna hefur síðan haft afnot jarðarinnar, en lengi haft hug á, að jörðin komist að nýju í eign ættarinnar.

Nd. 256. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í umræðum um þingsályktunartillöguna um skipun rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík hefur því verið haldið fram, að hið ofurháa verð, sem greitt var fyrir lóð Sjálfstæðishússins, hafi verið í samræmi við önnur lóðaviðskipti í miðborg Reykjavíkur að undanförnu. Á fundi með allsherjarnefnd neðri deildar færðu fyrirsvarsmenn Landssímans frekari rök að þessu sjónarmiði. Því telur minni hluti allsherjarnefndar, að rétt sé að hafa rannsóknina víðtækari en lagt var til í upphafi; hin öra og stórfellda hækkun á lóðaverði í miðborg Reykjavíkur sé alvarlegt vandamál, sem mjög hafi stuðlað að verðbólguþróun og annarlegri gróðasöfnun. Því leggur minni hluti allsherjarnefndar til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild ályktar að skipa nefnd samkvæmt ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka breytingar á lóðaverði í miðborg Reykjavíkur á síðustu þremur áratugum og gera sér eftir föngum grein fyrir því, hver áhrif þær breytingar hafa haft á verðbólguþróunina í landinu. Nefndin skal skipuð fjórum innandeildarþingmönnum, tilnefndum af þingflokkunum. Skal nefndin hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Að rannsókn lokinni skal nefndin birta greinargerð um niðurstöður sínar.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um skipun rannsóknarnefndar til þess að rannsaka breytingar á lóðaverði í miðborg Reykjavíkur.

Alþingi, 13. febr. 1969.

Magnús Kjartansson, frsm. Jónas Jónsson. Steingrímur Pálsson.

Ed. 257. Frumvarp til laga [142. mál]

um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.
Miðlunartillögur, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum á sáttafundi 12. febrúar 1969 í sáttamálinu nr. 1/1969, skulu gilda sem samningur milli deiluaðila frá gildistöku laga þessara til ársloka 1969, þó til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulag um söltunarlaun.

2. gr.
Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, svo og framhald verkfalla yfirmanna á bátaflotanum, sem hófust í janúarmánuði 1969.

3. gr.
Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kjarasamningar útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum gengu úr gildi 31. desember 1968. Samningar milli aðila um kaup og kjör náðust ekki og boðuðu yfirmenn verkföll á bátaflotanum, sem hófust 16.—18. janúar 1969. Deilunni var vísað til sáttasemjara ríkisins með bréfum dags. 10.—13. janúar 1969, og hefur sáttaumleitunum síðan linnulaust verið haldið áfram. Þar sem ekki náðist samkomulag milli deiluaðila, lagði sáttasemjari fram miðlunartillögur á sáttafundi 12. febrúar 1969. Tillögur þessar voru síðan lagðar fyrir fundi í félögum deiluaðila og atkvæði síðan greidd um þær. Atkvæði féllu þannig, að tillögurnar voru samþykktar af útvegsmönnum með 227 atkvæðum gegn 31 atkvæði, 3 seðlar voru auðir, en felldar af yfirmönnum með 319 atkvæðum gegn 218 atkvæðum, en 15 seðlar voru auðir og 3 ógildir.

Samhliða þessari kjaradeilu var til meðferðar hjá sáttasemjara kjaradeila milli útvegsmanna annars vegar og háseta, matsveina og nokkurs hluta vélstjóra á bátaflotanum hins vegar. Í þeirri deilu lagði sáttasemjari fram tillögu, sem í megin deiluatriðum (um stofnun lífeyrissjóðs og greiðslu upp í fæðiskostnað) var samhljóða sáttatillögum þeim, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lögfest verði. Samkomulag náðist milli deiluaðila á grundvelli þeirrar sáttatillögu.

Verkföll vegna deilu þessarar hafa nú staðið um mánaðartíma, og mikill meiri hluti þeirra manna, sem á bátaflotanum starfa, samþykkt þá lausn deilunnar, sem í sáttatillögunum felst.

Atvinnuleysi það, sem nú er í landinu, stafar fyrst og fremst af yfirstandandi verkföllum á bátaflotanum. Til þess að firra þjóðina neyðarástandi og óbætanlegu tjóni, þykir nauðsyn bera til að binda endi á vinnudeilurnar með þeim hætti að lögfesta miðlunartillögur sáttasemjara ríkisins sem kjarasamning milli aðila.

Miðlunartillögur sáttasemjara ríkisins, í sáttamálinu nr. 1/1969, eru prentaðar hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

MIÐLUNARTILLAGA

frá sáttasemjurum í málinu nr. 1/1969.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, Reykjavík,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári, Hafnarfirði,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir, Keflavík,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið, Verðandi, Vestmannaeyjum,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Hafþór, Akranesi,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir, Siglufirði,
Skipstjórafélag Norðlendinga, Akureyri og
Vélstjórafélag Íslands

gegn

Útvegsmannafélagi Reykjavíkur,
Útvegsmannafélagi Snæfellsness,
Útvegsmannafélagi Austfjarða,
Útvegsmannafélagi Hornafjarðar og Djúpavogs,
Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar,
Útvegsmannafélagi Suðurnesja,
Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja,
Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar,
Útvegsmannafélagi Akraness og
Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis.

Neðanskráðir samningar og samkomulög skulu gilda sem kjarasamningar milli aðilja frá samþykktardegi þessarar tillögu til ársloka 1969 og til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulagið um söltunarlaun.

I.

VERTÍÐARSAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undiritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar um kaup og kjör á fiskveiðum með línu, netum, þorsknót, botnvörpu, dragnót og humarvörpu.

1. gr.

Hlutir skipstjóra og stýrimanna.

Hlutur skipstjóra skal aldrei vera minni en 2 hásetahlutir, I. stýrimanns 1½ hásetahlutur og II. stýrimanns 1¼ hásetahlutur. Hlutir þessir eru miðaðir við mannafjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa, eins og fram kemur í 2.—8. gr. hér á eftir.

Auk ofangreinds skulu skipstjórar og stýrimenn fá í föst laun á mánuði kr. 624.00.

2. gr.

Um skiptakjör, þegar veitt er með línu.

I. Landróðrar.

a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
d) Á skipum 50 rúml. og yfir 31% miðað við 11 menn

Skv. c) og d) lið er reiknað með að 5 menn séu í landi. Vanti skipverja í róður, skal hans hlutur skiptast jafnt milli þeirra manna, sem þann róður fara. Sama gildir, ef landmann vantar, skal hlutur hans skipast jafnt milli landmanna, enda vinni þeir störf hans.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipum en að ofan greinir, skal heildarhundraðshlutinn hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegu, skal heimilt að hafa 2 mönnum fleira en um getur í lið I, og 4 mönnum fleira sé aflinn saltaður um borð, án hækkaðrar heildarprósentu, sem um getur í lið I.

Ef um fleiri menn er að ræða en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Um skiptakjör á veiðum með þorskanetum.

I. Landróðrar.

a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
d) Á skipum 50 að 130 rúml., 31% miðað við 11 menn
e) Á skipum 130 rúml. og yfir 31.5% miðað við 12 menn

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegum, skal heimilt að hafa 1 manni fleira en um getur í lið I, og 3 mönnum fleira, ef aflinn er saltaður um borð, án þess að heildarprósentan í lið I hækki.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

4. gr.

Um skiptakjör á veiðum með botnvörpu.

a) Á skipum undir 50 rúml., 32.5% miðað við 6 menn
b) Á skipum 50—109 rúml., 32.5% miðað við 8 menn
c) Á skipum 110—149 rúml., 32.5% miðað við 11 menn
d) Á skipum 150—199 rúml., 33% miðað við 12 menn
e) Á skipum 200—500 rúml., 33% miðað við 14 menn

Ef aflinn er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan getur, án hækkaðrar skiptaprósentu. Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

5. gr.

Um skiptakjör á veiðum með dragnót.

Á veiðum með dragnót skulu skipverjar fá 37% til skipta. Útgerðarmaður og viðkomandi skipshöfn skulu koma sér saman um fjölda skipverja, en þeir skulu þó aldrei vera fleiri en 7.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

6. gr.

Um skiptakjör á veiðum með humarvörpu.

Á veiðum með humarvörpu skulu skipverjar fá 37% til skipta, miðað við 6 manna áhöfn.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

7. gr.

Um skiptakjör á lúðuveiðum.

a) Á skipum undir 50 rúml., 37% í 7 staði
b) Á skipum 50—120 rúml., 37% í 10 staði
c) Á skipum 120 rúml. og yfir 37% í 12 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

8. gr.

Um skiptakjör á þorsknót.

Á öllum stærðum skipa skal skipstjóri hafa 7.78%, þegar veitt er í þorsknót. Stýrimenn fá hlut skv. eftirfarandi mannafjölda á hinum ýmsu stærðum skipa:

a) Á skipum að 60 rúml., 38% miðað við 10 menn
b) Á skipum 60—120 rúml., 36.5% miðað við 11 menn
c) Á skipum 120—240 rúml., 35.5% miðað við 12 menn
d) Á skipum 240—300 rúml., 35.5% miðað við 13 menn
e) Á skipum 300—500 rúml., 35% miðað við 14 menn

Ef afli er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan getur, án hækkaðrar skiptaprósentu. Aldrei skal þó skipt á fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

9. gr.

Útilegur.

Útilega telst, þegar komið er með veiði úr tveimur legum minnst, þar af aðra slægða og ísaða.

10. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir skipstjóra og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga), sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) Skipstjóri	kr. 16 835.00
b) I. stýrimaður	— 16 835.00
c) II. stýrimaður	— 15 783.00

Skipstjóri og stýrimenn greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipstjóri og stýrimenn hafa rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði, um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem þeir greiða hann sjálfir, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Þegar veitt er með línu, í net, botnvörpu, humarvörpu, dragnót, loðnu- og þorskanót og á lúðulínu, skulu tryggingartímabil vera þessi:

a) Frá 1. janúar til 15. maí.
b) Frá 16. maí til 15. september.
c) Frá 16. september til 31. desember.

Heimilt er að skipta um greind veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist.

Tryggingartímabilið fyrir veiðar í dragnót gildir þó til loka veiðitímabilsins.

Þegar skip er á veiðum, þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar, og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

11. gr.

Um sölu afla erlendis o. fl.

Sé siglt með ísfisk til sölu erlendis, skal hlutur framangreindra samningsaðila af brúttóaflaverðmæti, að frádregnum 20%, vegna útflutningsgjalda, tolla og sölukostnaðar erlendis, svo og andvirði keypts fisks og síldar og aksturskostnaðar, vera eins og um getur í 2.—8. gr. þessa samnings, eftir því sem við á, sbr. og lög nr. 79/1968. Þegar siglt er með saltfisk og hann seldur erlendis, skal draga frá brúttósöluverð, áður en til skipta kemur, útflutningsgjald, löndunarkostnað og tolla ef einhverjir eru, sbr. og lög nr. 79/1968.

Verði skipið fyrir töfum í ferðinni af völdum sjótjóns, vélbilunar eða af öðrum orsökum en veðurs, sem nemur meira en 5 sólarhringum samanlagt í ferð eftir að löndun er lokið, skal samningsaðilum greitt kaup eins og sveini í vélsmíði með 8 ára starfsaldri.

Taki skip vörur til flutnings frá útlöndum umfram útgerðarvörur til eigin þarfa, nema salt og ís til næstu veiðiferðar, skal skipverjum greidd 25% af farmgjöldum, sem skiptist eins og um hlut væri að ræða. Farmgjöld séu hin sömu og hjá Eimskip.

12. gr.

Um hafnarfrí.

Á skipum, sem stunda veiðar með línu, netum, þorsknót eða botnvörpu og ef um útilegu er að ræða, skal yfirmönnum innan F.F.S.Í. tryggt frí frá störfum aðra hverja löndun. Sé fiskur saltaður um borð í skipinu, skulu nefndir samningsaðilar hafa frí við löndun.

13. gr.

Um sölu aflans og verð.

Skipstjórum og stýrimönnum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði skipsins.

14. gr.

Launagreiðslur milli veiðitímabila o. fl.

Sé skipstjóri bundinn vegna ráðningarsamnings síns við skipið milli veiðitímabila eða af öðrum orsökum, þ. e. vinni við skipið eða hafi eftirlit með skipinu, skal honum tryggt sama kaup og sveini í vélsmíði með 8 ára starfsaldri.

Þegar skipstjóri og stýrimenn vinna við skip milli veiðitímabila, skulu þeir hafa sama kaup og um getur í 1. mgr. Vinni sömu aðilar ólögskráðir við skip utan heimahafnar þess og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði, ef þess þarf með.

Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Útgerðarmaður skal greiða samningsaðilum tímavinnukaup og eftirvinnukaup vikulega.

15. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi skipstjóri eða stýrimaður að ferðast frá ráðningarstað til skips, skulu þeir taka kaup samkv. 14. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

16. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði skipstjóri eða stýrimenn frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða þeim full laun samkvæmt sjómannalögum. Liggi skipstjóri eða stýrimenn sjúkir í heimahúsum og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipstjóra og stýrimanni, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

17. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis.

Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

Framangrein ákvæði a) og b) liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og á skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna að verða teknar á samningatímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

18. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til vátryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans. Missi skipstjóri eða stýrimaður föt sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkvæmt gildandi reglugerð.

19. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félaga F.F.S.Í., sem svarar 0.7% af kauptryggingu samningsaðila, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður í skiprúm, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta skal greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers kauptryggingartímabils. Um stjórnir styrktar- og sjúkrasjóðanna skal fara eftir nánara samkomulagi milli F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

20. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili og/eða tryggingartímabili, skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga, sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hverrar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða tryggingartímabili lýkur.

21. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Félagar í L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta félaga í F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur skipstjóra og stýrimanna skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

Sé skip sent til síldar- og fiskileitar eða til fiskirannsókna, þarf að semja um það sérstaklega.

22. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipstjóra og stýrimenn, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

23. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi stéttarfélagi um það, áður en skipverji fer úr skiprúmi.

24. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir til veiða á heimamiðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

25. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatriði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt. Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

26. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 11. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

II.

VERTÍÐARSAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar, um kaup og kjör vélstjóra á fiskveiðum með línu, netum, þorsknót, botnvörpu, dragnót og humarvörpu.

1. gr.

Hlutir vélstjóra.

Hlutur I. vélstjóra skal aldrei vera minni en 1½ hásetahlutur, II. vélstjóri 1¼ hásetahlutur og III. vélstjóri 1⅛ hásetahlutur. Hlutir þessir eru miðaðir við mannafjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa, eins og fram kemur í 2.—8. gr. hér á eftir.

Auk ofangreinds skulu vélstjórar fá í föst laun á mánuði kr. 624.00.

2. gr.

Um skiptakjör, þegar veitt er með línu.

I. Landróðrar.

a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
d) Á skipum 50 rúml. og yfir 31% miðað við 11 menn

Samkv. c. og d. lið er reiknað með að 5 menn séu í landi. Vanti skipverja í róður, skal hlutur hans skiptast jafnt milli þeirra manna, sem þann róður fara. Sama gildir, ef landmann vantar, skal hlutur hans skiptast jafnt milli landmanna, enda vinni þeir störf hans.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipum en að ofan greinir, skal heildarhundraðshlutinn hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegum, skal heimilt að hafa 2 mönnum fleira en um getur í lið I, og 4 mönnum fleira sé aflinn saltaður um borð, án hækkaðrar heildarprósentu, sem um getur í lið I.

Ef um fleiri menn er að ræða en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal skipta í fleiri staði en menn eru á skipi, í hverri veiðiferð.

3. gr.

Um skiptakjör á veiðum með þorskanetum.

I. Landróðrar.

a) Á skipum 12 að 20 rúml., 40% miðað við 7 menn
b) Á skipum 20 að 30 rúml., 34% miðað við 8 menn
c) Á skipum 30 að 50 rúml., 31% miðað við 10 menn
d) Á skipum 50 að 130 rúml., 31% miðað við 11 menn
e) Á skipum 130 rúml. og yfir 31.5% miðað við 12 menn

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

II. Útilegur.

Á skipum, sem eru í útilegum, skal heimilt að hafa 1 manni fleira en um getur í lið I, og 3 mönnum fleira, ef aflinn er saltaður um borð, án þess að heildarprósentan í lið I. hækki.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2 fyrir hvern mann, sem umfram er.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

4. gr.

Um skiptakjör á veiðum með botnvörpu.

a) Á skipum undir 50 rúml., 32.5% miðað við 6 menn
b) Á skipum 50—109 rúml., 32.5% miðað við 8 menn
c) Á skipum 110—149 rúml., 32.5% miðað við 11 menn
d) Á skipum 150—199 rúml., 33% miðað við 12 menn
e) Á skipum 200—500 rúml., 33% miðað við 14 menn

Ef aflinn er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan greinir, án hækkaðrar heildarprósentu.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

5. gr.

Um skiptakjör á veiðum með dragnót.

Á veiðum með dragnót skulu skipverjar fá 37% til skipta. Útgerðarmaður og viðkomandi skipshöfn skulu koma sér saman um fjölda skipverja, en þeir skulu þó aldrei vera fleiri en 7.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

6. gr.

Um skiptakjör á veiðum með humarvörpu.

Á veiðum með humarvörpu skulu skipverjar fá 37% til skipta miðað við 6 manna áhöfn.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

7. gr.

Um skiptakjör á lúðuveiðum.

a) Á skipum undir 50 rúml., 37% í 7 staði
b) Á skipum 50—120 rúml., 37% í 10 staði
c) Á skipum 120 rúml. og yfir 37% í 12 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

8. gr.

Um skiptakjör á þorsknót.

a) Á skipum að 60 rúml., 38% miðað við 10 menn
b) Á skipum 60—120 rúml., 36.5% miðað við 11 menn
c) Á skipum 120—240 rúml., 35.5% miðað við 12 menn
d) Á skipum 240—300 rúml., 35.5% miðað við 13 menn
e) Á skipum 300—500 rúml., 35% miðað við 14 menn

Ef afli er saltaður um borð, er heimilt að hafa 2 mönnum fleira en að ofan greinir, án hækkaðrar skiptaprósentu.

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

9. gr.

Útilegur.

Útilega telst, þegar komið er með veiði úr tveimur legum minnst, þar af aðra slægða og ísaða.

10. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta af afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga) sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) I. vélstjóri	kr. 18 940.00
b) II. vélstjóri	— 15 783.00
c) III. vélstjóri	— 15 783.00

Vélstjórar greiði fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað. Vélstjórar hafa rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði, um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem þeir greiða hann sjálfir, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Þegar veitt er með línu, í net, botnvörpu, humarvörpu, dragnót, loðnu- og þorsknót og á lúðulínu, skulu tryggingartímabil vera þessi:

a) Frá 1. janúar til 15. maí.
b) Frá 16. maí til 15. september.
c) Frá 16. september til 31. desember.

Heimilt er að skipta um greind veiðarfæri innan þessara tryggingartímabila, án þess að nýtt tryggingartímabil hefjist. Tryggingartímabilið fyrir veiðar í dragnót gildir þó til loka veiðitímabilsins.

Þegar skip er á veiðum, þegar nýtt tryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar, og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

11. gr.

Um sölu afla erlendis o. fl.

Sé siglt með ísfisk til sölu erlendis, skal hlutur framangreindra samningsaðila af brúttóaflaverðmæti, að frádregnum 20%, vegna útflutningsgjalda, tolla og sölukostnaðar erlendis, svo og andvirði keypts fisks og síldar og aksturskostnaðar vera eins og um getur í 2.—8. gr. þessa samnings, eftir því sem við á, sbr. og lög nr. 79/1968.

Þegar siglt er með saltfisk og hann seldur erlendis, skal draga frá brúttósöluverði, áður en til skipta kemur, útflutningsgjöld, löndunarkostnað og tolla, ef þessir kostnaðarliðir eru fyrir hendi, sbr. og lög nr. 79/1968.

Verði skipið fyrir töfum í ferðinni af völdum sjótjóns, vélabilunar eða af öðrum orsökum en veðurs, sem nemur meira en 5 sólarhringum samanlagt í ferð eftir að löndun er lokið, skal samningsaðilum greitt kaup eins og sveini í vélsmiði með 8 ára starfsaldri.

Taki skip vörur til flutnings frá útlöndum umfram útgerðarvörur til eigin þarfa, nema salt og ís til næstu veiðiferðar, skal skipverjum greidd 25% af farmgjöldum, sem skiptast eins og um hlut væri að ræða. Farmgjöld séu hin sömu og hjá Eimskip.

12. gr.

Um hafnarfrí.

Á skipum, sem stunda veiðar með línu, netum, þorsknót eða botnvörpu og ef um útilegu er að ræða, skal vélstjórum innan F.F.S.Í. tryggt frí frá störfum aðra hverja löndun.

Sé fiskur saltaður um borð í skipinu, skulu nefndir samningsaðilar hafa frí við löndun.

13. gr.

Um sölu aflans og verð.

Vélstjórum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði skipsins.

14. gr.

Launagreiðslur fyrir vinnu milli veiðitímabila o. fl.

Þegar vélstjórar vinna við skip milli veiðitímabila, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmiði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

Vinni sömu aðilar ólögskráðir við skip utan heimahafnar þess, og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði. Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Vélstjórum skal tryggð dagvinna, skv. því sem segir í 1. mgr., milli veiðitímabila, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi vélstjóri óski vinnunnar.

Útgerðarmaður á sömuleiðis rétt á að óska eftir því að vélstjóri vinni.

Annist vélstjóri vélgæzlu ólögskráður á frídögum sínum, skal útgerðarmaður greiða honum sem nemur 2 tíma vinnu á dag, og skal miða við helgidagkaup.

Verði sjótjón eða vélarbilun meðan á veiðitímabilinu stendur, og þurfi vélstjórar að vinna við skipið, skal þeim greitt, eftir að þeir hafa unnið í samtals 12 klst. að viðgerð, sama kaup og um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Vélstjórum skal tryggð 6 tíma lágmarkshvíld á sólarhring.

Útgerðarmaður skal greiða samningsaðilum tímavinnukaup og eftirvinnulaun vikulega.

15. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi vélstjóri að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup skv. 14. gr., frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

16. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði vélstjóri frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.

Liggi vélstjóri sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á vélstjóra, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

17. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum, um atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

Framangreind ákvæði a. og b. liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og á skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna verða teknar á samningstímanum, en ekki er tilgreindur í samningi þessum.

18. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til vátryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans.

Missi vélstjóri föt sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkvæmt gildandi reglugerð.

19. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útgerðarmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félags 0.7% af kauptryggingu vélstjóra, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður í skiprúm, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta skal greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers kauptryggingartímabils.

Um stjórnir styrktar- og sjúkrasjóðanna skal fara eftir nánara samkomulagi við F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

20. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili og/eða tryggingartímabili skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga, sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hverrar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða tryggingartímabili lýkur.

21. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í. er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur vélstjóra skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

Sé skip sent til síldar- og fiskileitar eða til fiskirannsókna, þarf að semja um það sérstaklega.

22. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir vélstjóra, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

23. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi stéttarfélagi áður en vélstjóri fer úr skiprúmi.

24. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir fyrir veiðar á heimamiðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

25. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatriði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því samnála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

26. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlegist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 11. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

III.

SÍLDVEIÐISAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undiritaðra útvegsmannafélaga og undirritaðra félaga innan F. F. S. Í.

1. gr.

Samningur þessi gildir fyrir félaga undirritaðra skipstjóra- og stýrimannafélaga, er starfa á skipum, sem gerð eru út til loðnu- og síldveiða með hringnót og tekur til allra skipa, sem útgerðarmenn, er að samningi þessum standa, eiga, leigja eða hafa að öðru leyti útgerðarstjórn á.

2. gr.

Hlutir skipstjóra- og stýrimanna.

Á skipum, sem stunda veiðar skv. 1. gr. þessa samnings, skal skipstjóri hafa 8% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti.

Hlutur I. stýrimanns skal vera 1½ hásetahlutur og II. stýrimanns 1¼ hásetahlutur.

Hlutir þessir eru miðaðir við mannafjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa eins og hér segir:

a) Á skipum undir 60 rúml., 39% er skiptist í 10 staði
b) Á skipum 60—120 rúml., 37.5% er skiptist í 11 staði

c) Á skipum 120—130 rúml., 36.5% er skiptist í 11 staði
d) Á skipum 130—240 rúml., 36.5% er skiptist í 12 staði
e) Á skipum 240—300 rúml., 36.5% er skiptist í 13 staði
f) Á skipum 300—500 rúml., 36% er skiptist í 14 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.
Auk ofanritaðs skulu skipstjórar og stýrimenn hafa kr. 624.00 í kaup á mánuði.

3. gr.

Fiskur dreginn á handfæri.

Skipstjórar og stýrimenn eiga allan fisk, er þeir draga á færi, og fái þeir ókeypis salt í hann hjá útgerðinni, enda sé öll lipurð sýnd af skipsráðanda hálfu um geymslustað fyrir fiskinn.

4. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir skipstjórum og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta af afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga) sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) Skipstjóri	kr. 16 835.00
b) I. stýrimaður	— 16 835.00
c) II. stýrimaður	— 15 783.00

Skipstjórar og stýrimenn greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipverji hefur rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði, um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti sem skipverji greiðir hann sjálfur, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Tryggingartímabil á síldveiðum skulu vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Séu stundaðar þorskveiðar í nót, skulu þær fylgja sama tryggingartímabili og síldveiðar, enda séu þorskveiðarnar stundaðar næst á eftir þeim veiðum og í beinu framhaldi af þeim. Sama gildir um loðnuveiðar.

Þegar skip er á veiðum þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Þegar skipverjar salta síld um borð, skal miðað við tunnufjölda, sem búið er að afla þegar tímabilin skiptast.

Heimilt er að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

5. gr.

Um sölu aflans og verð.

Skipstjórum og stýrimönnum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968, og samkomulag um verkunarlaun en þá fær skipstjóri og stýrimaður í sinn hlut verkunarlaun og hlut úr hráefnisverði saltsíldar, miðað við uppsaltaða tunnu.

Verkunarlaun reiknast ekki inn í kauptryggingu.

Sé síld keypt til söltunar af öðru veiðiskipi, skulu skipverjar fá til skipta mismun á kaupverði þeirrar síldar og verðmætis uppsaltaðrar tunnu, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Þegar skip selur síld erlendis, skal áður en til skipta kemur, draga 10% frá brúttósöluverði, þegar um bræðslusíld er að ræða, en 19% þegar um síld til annarrar vinnslu er að ræða, sbr. og lög nr. 79/1968.

6. gr.

Launagreiðslur fyrir vinnu milli veiðitímabila o. fl.

Sé skipstjóri bundinn vegna ráðningarsamnings síns við skipið milli veiðitímabila, eða af öðrum orsökum, þ. e. vinni við skipið eða hafi eftirlit með skipinu, skal honum tryggt sama kaup og sveinum í vélsmíði með 8 ára starfsaldri.

Stýrimönnum skal tryggð dagvinna skv. því, sem segir í 1. mgr., milli veiðitímabila, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi stýrimaður óski vinnunnar. Útgerðarmaður á sömuleiðis rétt á að óska eftir því að stýrimaður vinni.

Vinni skipstjóri og stýrimaður ólögskráðir við skip sitt utan heimahafnar þess og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði, ef þess þarf með.

Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið ferðakostnað milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Útgerðarmaður skal greiða skipverjum tímakaup og eftirvinnukaup vikulega.

7. gr.

Hafnarfrí.

Ef komið er til heimahafnar, eða hafnar í nágrenni við heimahöfn eftir þriggja vikna útivist frá heimahöfn eða lengur, skal skipstjóri og stýrimaður fá minnst sólarhrings frí frá skipi.

Komi skip í heimahöfn innan þessara þriggja vikna til losunar á afla eða af öðrum ástæðum, og stöðvar skemmri tíma en 24 klst., skerðir það ekki rétt skipstjóra og stýrimanna til leyfis, skv. 1. mgr.

Stöðvi skip í 24 klst. eða lengur í heimahöfn af einhverjum ástæðum, skal útivist reiknast frá brottfarartíma skipsins.

Skipstjórum og stýrimönnum skal þó skylt að annast gæzlu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu.

8. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi skipstjóri og stýrimenn að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup skv. 6. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

9. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði skipstjóri eða stýrimenn frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkv. sjómannalögum.

Liggi skipstjóri eða stýrimaður sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipstjóra eða stýrimanni, sem fer úr skipsrúmi af framangreindum ástæðum.

10. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur —, miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum, skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00

Framangreind ákvæði a. og b. liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og í skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna að verða teknar á samningstímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

11. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til vátryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans.

Missi skipstjóri eða stýrimenn föt sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkv. gildandi reglugerð.

12. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félaga 0.7% af kauptryggingu skipstjóra og stýrimanna, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður á skipið, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta skal greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers tryggingartímabils.

Um stjórnir styrktar- og sjúkrasjóðanna skal fara eftir nánara samkomulagi við F.F.S.Í. og L.Í.Ú.

13. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili og/eða tryggingartímabili, skal útgerðinni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hverrar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða tryggingartímabili lýkur.

14. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningur milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi félaga F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Félagar L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta félaga F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur skipstjóra og stýrimanna skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í. skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er félögum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

Sé skip sent til síldar- og fiskileitar eða til fiskirannsókna, þarf að semja um það sérstaklega.

15. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipstjóra og stýrimenn, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

16. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en skipverji fer úr skiprúmi.

17. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir fyrir veiðar á heimamiðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

18. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatriði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi, (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

19. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2 mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

IV.

SÍLDVEIÐISAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og Vélstjórafélags Íslands hins vegar, um kaup og kjör vélstjóra á síld- og loðnuveiðum.

1. gr.

Samningur þessi gildir fyrir vélstjóra á skipum, sem gerð eru út til síld- og loðnuveiða með hringnót, og tekur til allra skipa, sem útgerðarmenn, er að samningi þessum standa, eiga, leigja eða hafa að öðru leyti útgerðarstjórn á.

2. gr.

Hlutir vélstjóra.

Hlutur I. vélstjóra skal aldrei vera minni en 1½ hásetahlutur, II. vélstjóra 1¼ hlutur og III. vélstjóra 1⅛ hásetahlutur. Hlutir þessir eru miðaðir við mannafjölda, hundraðshluta til skipta og stærðir skipa, eins og fram kemur í grein þessari hér á eftir.

Auk ofangreinds skulu vélstjórar fá föst laun á mánuði kr. 624.00.

a) Á skipum undir 60 rúml., 39% er skiptist í 10 staði
b) Á skipum 60—120 rúml., 37.5% er skiptist í 11 staði
c) Á skipum 120—130 rúml., 36.5% er skiptist í 11 staði
d) Á skipum 130—240 rúml., 36.5% er skiptist í 12 staði
e) Á skipum 240—300 rúml., 36.5% er skiptist í 13 staði
f) Á skipum 300—500 rúml., 36% er skiptist í 14 staði

Aldrei skal þó skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

3. gr.

Fiskur dreginn á handfæri.

Vélstjórar eiga allan fisk, er þeir draga á færi, og fái þeir ókeypis salt í hann hjá útgerðinni, enda sé öll lipurð sýnd af skipsráðanda hálfu um geymslustað fyrir fiskinn.

4. gr.

Lágmarkslaun og tryggingartímabil.

Útgerðarmaður tryggir vélstjórum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta af afla þeirra, frá lögskráningardegi til afskráningardags, með mánaðarkaupi (30 daga), sem hér segir:

	Grunnlaun:
a) I. vélstjóri	kr. 18 940.00
b) II. vélstjóri	— 15 783.00
c) III. vélstjóri	— 15 783.00

Vélstjórar greiða fæði sitt sjálfir, sbr. þó samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Skipverji hefur rétt til að fá kauptryggingu greidda reglulega tvisvar í mánuði um miðjan mánuð og í mánaðarlok, að frádregnum fæðiskostnaði, að því leyti, sem skipverji greiðir hann sjálfur, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað.

Tryggingartímabil á síldveiðum skulu vera þrjú, það er: 1. janúar til 15. maí, 16. maí til 15. september og frá 16. september til 31. desember.

Séu stundaðar þorskveiðar í nót, skulu þær fylgja sama tryggingartímabili og síldveiðar, enda séu þorskveiðarnar stundaðar næst á eftir þeim veiðum og í beinu framhaldi af þeim. Sama gildir um loðnuveiðar.

Þegar skip er á veiðum þegar nýtt kauptryggingartímabil hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipt jafnt á hvern dag frá því skipið fer á veiðar og þar til það kemur úr veiðiferð á ný.

Þegar skipverjar salta síld um borð, skal miðað við tunnufjölda, sem búið er að afla þegar tímabilin skiptast.

Heimilt er, að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar, í samræmi við ofangreind tryggingartímabil, enda sé það tekið fram þegar lögskráð er.

5. gr.
Um sölu aflans og verð.

Vélstjórum, er að samningi þessum standa, skal tryggt hæsta gangverð alls, sem aflað er, og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut, sbr. þó lög nr. 79/1968 og samkomulag um verkunarlaun, en þá fá vélstjórar í sinn hlut verkunarlaun og hlut úr hráefnisverði saltsíldar, miðað við uppsaltaða tunnu.

Verkunarlaun reiknast ekki inn í kauptryggingu.

Sé síld keypt til söltunar af öðru veiðiskipi, skulu skipverjar fá til skipta mismun á kaupverði þeirrar síldar og verðmæti uppsaltaðrar tunnu, eins og það er ákveðið af verðlagsráði sjávarútvegsins.

Þegar skip selur síld erlendis, skal áður en til skipta kemur, draga 10% frá brúttósöluverði, þegar um bræðslusíld er að ræða, en 19% þegar um síld til annarrar vinnslu er að ræða, sbr. og lög nr. 79/1968.

6. gr.
Launagreiðslur fyrir vinnu milli veiðitímabila o. fl.

Þegar vélstjórar vinna við skip milli veiðitímabila, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmiði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

Vinni sömu aðilar ólögskráðir við skip utan heimahafnar þess, og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði. Í þessum tilfellum greiðir útgerðarmaður ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Vélstjórum skal tryggð dagvinna, skv. því sem segir í 1. mgr., milli veiðitímabila, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfs á skipinu og viðkomandi vélstjóri óski vinnunnar. Útgerðarmaður á sömuleiðis rétt á að óska eftir því að vélstjóri vinni.

Verði sjótjón eða vélabilun meðan á veiðitímabilinu stendur, og þurfi vélstjórar að vinna við skipið, skal þeim greitt eftir að þeir hafa unnið í samtals 12 klst. að viðgerð sama kaup og getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Vélstjóra skal tryggð 6 tíma lágmarkshvíld á sólarhring.

Annist vélstjóri vélgæzlu ólögskráður á frídögum sínum, skal útgerðarmaður greiða honum sem nemur 2 tíma vinnu á dag, og skal miða við helgidagakaup.

Útgerðarmaður skal greiða samningsaðilum tímavinnukaup og eftirvinnukaup vikulega.

7. gr.

Hafnarfrí.

Ef komið er til heimahafnar, eða hafnar í nágrenni við heimahöfn, eftir þriggja vikna útivist frá heimahöfn eða lengur, skal vélstjóri fá minnst sólarhrings frí frá skipi.

Komi skip í heimahöfn innan þessara þriggja vikna til losunar á afla eða af öðrum ástæðum, og stöðvar skemmri tíma en 24 klst., skerðir það ekki rétt vélstjóra til leyfis, skv. 1. mgr.

Stöðvi skip í 24 klst. eða lengur í heimahöfn af einhverjum ástæðum, skal útivist reiknast frá brottfarartíma skipsins.

Vélstjórum skal þó skylt að annast gæzlu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu.

8. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi vélstjóri að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup samkv. 6. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Uppihald og ferðakostnað greiði útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

9. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði vélstjóri frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.

Liggi vélstjóri sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á vélstjóra, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

10. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis.

Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

Framangreind ákvæði a) og b) liða þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, er stunda veiðar með handfærum og lögskráð er á, svo og í skipum, sem lögskráð er á til annarra veiða, er upp kunna að verða teknar á samningstímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

11. gr.

Tryggingar á afla og munum.

Útgerðarmanni er skylt að tryggja aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til vátryggingarbætur fyrir afla, skiptast þær á sama hátt og andvirði aflans.

Missi vélstjóri föt sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipi, við eldsvoða, sjóskaða o. þ. u. l., greiðir útgerðarfélagið honum skaðabætur samkv. gildandi reglugerð.

12. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóðir.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi félags 0.7% af kauptryggingu vélstjóra, miðað við þann tíma, sem viðkomandi er skráður í skiprúm, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði. Gjald þetta er greitt um leið og reikningsuppgjör fer fram í lok hvers kauptryggingartímabils.

Um stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs skal fara eftir nánara samkomulagi milli F.F.S.Í og L.Í.Ú.

13. gr.

Um uppgjör.

Að loknu hverju veiðitímabili, og/eða tryggingartímabili, skal útgerðarmanni skylt að láta samningsaðilum í té reikningsuppgjör innan 14 daga, sundurliðaðan reikning yfir fastakaup þeirra, aflaverðlaun með tilgreindu verði hverrar tegundar og þyngd, svo og önnur innunnin hlunnindi og viðskipti.

Fullnaðargreiðslur skulu fara fram eigi síðar en 25 dögum eftir að skipið hættir veiðum, eða lok tryggingartímabils.

14. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur vélstjóra skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

Sé skip sent til síldar- og fiskileitar eða til fiskirannsókna, þarf að semja um það sérstaklega.

15. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir vélstjóra, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

16. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en skipverji fer úr skiprúmi.

17. gr.

Gildissvið samningsins, fæðispeningar og hækkun kaupliða.

Samningur þessi gildir fyrir veiðar á heimamiðum og fjarlægum miðum.

Ef um fæðispeninga er að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 pr. dag.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skulu kaupliðir samningsins og kauptrygging hækka í sama hlutfalli og á sama tíma.

18. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatriði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

19. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2 mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða, og heldur hvor aðili sínu.

V.

FLUTNINGASAMNINGUR

milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar um kaup og kjör skipstjóra og stýrimanna á fiskiskipum, er stunda innanlandsflutninga eða flytja ísvarinn fisk til sölu á erlendan markað, svo og kjör sömu aðila, er þeir flytja skip milli landa.

1. gr.

Laun skipstjóra og stýrimanna.

	Grunnlaun:
a) Mánaðarkaup skipstjóra skal vera	kr. 22 664.00
b) Mánaðarkaup I. stýrimanns	— 19 427.00
c) Mánaðarkaup II. stýrimanns	— 17 440.00

Stýrimenn hafa umsjón með ísun fisksins samkvæmt ákvæði 3. gr. þessa samnings.

2. gr.

Hafnarfrí.

Á skipum, er sigla landa í milli, skulu skipstjóri og stýrimenn, að lokinni ferð frá útlöndum, fá frí í heimahöfn í 24 klst.

3. gr.

Vinnutími skipstjóra og stýrimanna.

Vinnutími skipstjóra og stýrimanna, er samningur þessi tekur til, skal vera:
Á siglingu, þegar vöktum er skipt, 12 klst. á sólarhring.
Þegar skip liggur í höfn 8 klst. á sólarhring.
Sé vinnutími lengri en 8 klst., eftir að hafnarfríi er lokið, skal greiða skipstjóra og stýrimönnum sama eftirvinnukaup og sveinum í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

4. gr.

Fæði.

Skipstjórar og stýrimenn skulu hafa frítt fræði meðan þeir eru skráðir á skip.
Fæðispeningar skulu vera kr. 92.00 á dag.

5. gr.

Launagreiðslur.

Þegar skipstjóri eða stýrimaður vinna ólögskráðir við skip, og þurfa búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa frítt fæði og húsnæði. Útgerðarmaður greiði ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.
Þegar skipstjóri og stýrimenn vinna við skipið ólögskráðir, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

6. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi skipstjóri eða stýrimenn að ferðast frá ráðningarstað til skips, skulu þeir taka kaup skv. 5. gr. frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.
Útgerðarmenn greiði allan ferðakostnað og uppihald, eftir nánara samkomulagi.

7. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði skipstjóri eða stýrimenn frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.
Liggi skipstjóri eða stýrimenn sjúkir í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum eða samningi, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.
Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipstjóra eða stýrimanni, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

8. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.
Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum, um atvinnuslysatrygg-

ingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) **Ábyrgðartrygging.**

Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

9. gr.

Trygging á munum skipverja.

Tjón á fötum og öðrum eigum skipstjóra og stýrimanna, er að samningi þessum standa, greiðir útgerðarmaður samkvæmt gildandi reglugerð.

Útgerðarmanni skal skylt að tryggja sig gegn þessum skaðabótakröfum viðkomandi samningsaðilum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóður.

Útgerðarmaður greiðir í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi samningsaðila kr. 90.00 á mánuði vegna skipstjóra og stýrimanna, sem samningur þessi tekur til, til þess að standa straum af veikinda- og sjúkrakostnaði. Fyrir ársmann í starfi skal gjald þetta greitt um hver áramót, annars um leið og reikningsuppgjör fer fram. Um stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðsins skal fara eftir nánara samkomulagi við L.Í.Ú.

11. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningur milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.

Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.

Uppsagnarfrestur skipstjóra og stýrimanna skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu.

Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

12. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Orlofsfé er greitt 7% af öllum launum, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Sjúkrasamlagsgjöld greiði útgerðin, meðan viðkomandi er lögskráður á skip.

13. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en skipstjóri eða stýrimaður fer úr skiprúmi.

14. gr.

Hækkun kaupliða.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samningsins, skal kaup samkvæmt honum hækka í samræmi við það.

15. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatriði vegna samninga og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

16. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir eða fyrir 1. nóvember ár hvert.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, getur hvor samningsaðili sagt samningnum upp án fyrirvara.

Nú verður breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, og er þá samningur þessi uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, og heldur hvor aðili sínu.

VI.

FLUTNINGASAMNINGUR

milli undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. annars vegar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga hins vegar, um kaup og kjör vélstjóra á fiskiskipum, sem stunda flutninga, þar með talin skip, er flytja ísvarinn fisk til sölu á erlendan markað, svo og kjör sömu aðila, er þeir flytja skip milli landa.

1. gr.

Laun vélstjóra.

Mánaðarkaup vélstjóra skal vera sem hér segir:

	Grunnlaun:
I. vélstjóri	kr. 20 162.00
II. vélstjóri	— 17 440.00

2. gr.

Hafnarfrí.

Á skipum, sem stunda flutninga milli landa, skulu vélstjórar að lokinni ferð frá útlöndum fá 24 klst. frí í heimahöfn.

3. gr.

Vinnutími vélstjóra.

Vinnutími vélstjóra á skipum, er samningur þessi tekur til, skal vera sem hér segir: Á siglingu, þegar vöktum er skipt, 12 klst, á sólarhring. Þegar skipið liggur í höfn 8 klst. á sólarhring, eftir að lokið er hafnarfríi, sem um getur í 2. gr. þessa samnings.

Vinni vélstjórar lengri tíma á sólarhring, skal þeim greitt yfirvinnukaup, eins og sveinar hafa í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma.

4. gr.

Fæði.

Vélstjórar þeir, er samningur þessi tekur til, skulu hafa frítt fæði meðan þeir eru lögskráðir á skip. Sé um fæðispeninga að ræða, skulu þeir vera kr. 92.00 á dag.

5. gr.

Launagreiðslur.

Vinni vélstjórar, er samningur þessi tekur til, ólögskráðir við skip, og þurfi búsetu sinnar vegna að vera fjarri heimili sínu, skulu þeir hafa sama kaup og sveinar í vélsmíði með 8 ára starfsaldri, og skulu gilda sömu ákvæði um vinnutíma, og auk þess frítt fæði og húsnæði, ef með þarf.

Í þessum tilfellum greiðir útgerðin allan ferðakostnað frá og til vinnustaðar, þar með talið ferðir milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þegar um það er að ræða.

6. gr.

Ferðir til skips frá ráðningarstað.

Þurfi vélstjóri að ferðast frá ráðningarstað til skips, skal hann taka kaup samkvæmt 5. gr., frá og með þeim degi er sú ferð hefst.

Útgerðarmenn greiði allan ferðakostnað og uppihald.

7. gr.

Slysa- og veikindabætur.

Verði vélstjóri frá verki vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkvæmt sjómannalögum.

Liggi vélstjóri sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða sjúkrakostnað og fæði samkvæmt lögum eða samningi, skal útgerðin greiða honum kr. 92.00 á dag í fæðispeninga.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á vélstjóra, sem fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

8. gr.

Um tryggingar á skipverjum.

a) Líf- og örorkutrygging.

Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkvæmt hinum almennu skilmálum, um atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 400 000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.

b) Ábyrgðartrygging.
Útvegsmenn í ofangreindum samningi skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu skv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, allt að kr. 1 250 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 500 000.00.

9. gr.

Trygging á munum skipverja.

Missi vélstjórar föt eða aðrar eigur, er þeir hafa með sér á skipinu, við eldsvoða, sjóskaða eða þess háttar, greiðir útgerðin þeim skaðabætur samkvæmt núgildandi reglugerð.
Útgerðarmanni skal skylt að tryggja sig gegn þessum skaðabótakröfum viðkomandi samningsaðilum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Styrktar- og sjúkrasjóður.

Útgerð skipsins skal greiða í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi félags kr. 90.00 pr. mánuð fyrir hvern vélstjóra. Gjald þetta skal útgerðin greiða félögum ársfjórðungslega sé um að ræða skip, er stunda flutninga samfellt lengur en þrjá mánuði, annars að loknu því tímabili, er flutningarnir stóðu, og sé um eina ferð að ræða, þá að henni lokinni.

11. gr.

Um sérsamninga, uppsagnarfrest, verkföll o. fl.

Sérsamningar milli einstakra útgerðarmanna og viðkomandi meðlima F.F.S.Í., er hljóða upp á lægri kjör en tekið er fram í samningi þessum, eru ógildir.
Meðlimir L.Í.Ú. skuldbinda sig til þess að láta meðlimi F.F.S.Í. ganga fyrir um vinnu.
Uppsagnarfrestur vélstjóra skal vera 3 mánuðir og skal uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu.
Verði verkfall eða verkbann hjá einhverju félagi innan F.F.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa hætt við vegna verkfallsins eða verkbannsins.
Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkbann er.

12. gr.

Um orlof og sjúkrasamlagsgjöld.

Á öll laun í samningi þessum komi 7% orlof, að öðru leyti samkvæmt landslögum. Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir vélstjóra, meðan þeir eru lögskráðir á skipið.

13. gr.

Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafizt, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi áður en vélstjóri fer úr skiprúmi.

14. gr.

Hækkun kaupliða.

Hækki kaup verkafólks almennt á gildistíma samnings þessa, skal kaup vélstjóra hækka í samræmi við það.

15. gr.

Úrskurður ágreiningsatriða.

Skipuð skal nefnd, sem hefur það hlutverk að skera úr um deiluatriði vegna samnings og samningsatriða á milli aðila að samningi þessum. Skal úrskurði hennar skilyrðislaust hlýtt.

Nái nefndin ekki samkomulagi, (þ. e. a. s. náist ekki meirihluta samkomulag), getur hún lagt málið fyrir gerðardóm, ef nefndarmenn eru því sammála.

Gerðardómur skal skipaður 5 mönnum þannig, að tveir skulu vera frá hvorum aðila og oddamaður, sem þeir koma sér saman um að tilnefna.

Náist ekki samkomulag um oddamann, skal yfirborgardómaranum í Reykjavík falið að skipa hann.

Nefndin skal hafa skilað úrskurði innan mánaðar frá því hún fær málið til meðferðar.

16. gr.

Gildistími og uppsagnarfrestur.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir eða fyrir 1. nóvember ár hvert.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, getur hvor samningsaðili sagt samningnum upp án fyrirvara.

Nú verður breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, og er þá samningur þessi uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

VII.

SAMKOMULAG

um söltunarlaun og uppgjör við skipverja á sjósaltaðri síld.

Í verkunarlaun, þ. e. hausskurð og slógdrátt á nýrri síld, niðurlagningu, tilslátt, pæklun og stúfun, greiðist skipverjum, sem að þessu vinna, svo sem samrýmist skyldustörfum hvers og eins, kr. 205.00 fyrir hverja tunnu verkaðrar síldar, til jafnra skipta þeirra á milli. Sé síldinni ekki raðað í tunnurnar, en látin í lög, þannig að hún liggi slétt í hæfilegum lögum í tunnunum, greiðist á sama hátt kr. 185.00 pr. tunnu.

Þegar síld er söltuð um borð í veiðiskipi, skal skipverjum tryggð 6 klst. hvíld á sólarhring.

Sé notuð vél, sem haussker og slógdregur síldina, skal greiða 15% lægri söltunarlaun en að framan greinir.

Sé sykur og/eða krydd blandað um borð í skipinu, skal greiða 8% hærri söltunarlaun en að framan greinir.

Skipverjum skal greiddur aflahlutur úr síldinni miðað við það hráefnisverð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður á uppsaltaðri tunnu.

Skipverjar eru undanþegnir losun síldarinnar úr skipi og móttöku á tunnum og salti, að undanskildum einum manni, sem annast eftirlit og umsjón með þeim störfum. Sé síldin losuð úr veiðiskipi í sérstakt flutningaskip, sem flytur síldina í land, skulu skipverjar vinna í veiðiskipinu að losun síldarinnar og móttöku á tunnum og salti, og telst sú vinna innifalin í framangreindum verkunarlaunum. Merkja skal síldartunnur hvers veiðiskips greinilega um leið og þeim er umskipað í flutningaskip.

Til grundvallar síldarverði til skipverja og söltunarlaunum skal leggja 95 kg að meðalvigt, sem þá telst uppsöltuð tunna, og skal finna meðalvigt með því að vigta upp úr tuttugustu hverri tunnu sama dag, sem síldinni er skipað í land. Útgerðarmaður skal aðeins setja gallalausar tunnur um borð, enda ber hann ábyrgð á síldinni, hvað umbúðir snertir.

Þegar veiðiskipi verður greitt flutningsgjald fyrir að flytja síld til lands, skal flutningsgjaldið koma til skipta á sama hátt og aflaverðmætið.

Brotni tunna eða tapist við umskipun, greiðast engin söltunarlaun eða hráefnisverð fyrir þá tunnu.

Hækki verkunarlaun í landi frá undirskrift þessa samkomulags, skulu verkunarlaun þau, sem um getur í 1. mgr. hækka í sama hundraðshluta.

Samkomulag þetta gildir til 1. maí 1970, og framlengist óbreytt um eitt ár, verði því ekki sagt upp með mánaðar fyrirvara.

VIII.

SAMKOMULAG

um Lífeyrissjóð.

1. Það er samkomulag samningsaðila, að þeir beiti sér fyrir því á árinu 1969, að bátasjómönnum verði með lögum tryggð aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Samningsaðilar skulu fá aðild að stjórn þess sjóðs í hlutfalli við hlutdeild iðgjaldagreiðslna bátasjómanna og útvegsmanna til sjóðsins.
2. Ef ekki næst samkomulag um aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, skal stofnaður sérstakur Lífeyrissjóður bátasjómanna. Ef sjóðurinn verður sjálfstæð stofnun skal stjórn sjóðsins skipuð einum manni frá Sjómannasambandi Íslands, einum manni frá F.F.S.Í., tveim mönnum frá L.Í.Ú. og einum manni tilnefndum af Hæstarétti, og sé hann jafnframt formaður stjórnar sjóðsins.
3. Iðgjaldagreiðslur skulu vera 10%, útvegsmenn greiða 6% en sjómenn 4%.
4. Sjóðurinn skal taka til starfa 1. janúar 1970 og greiðast það ár 40% iðgjalda, árið 1971 80% iðgjalda og full iðgjöld frá ársbyrjun 1972.
5. Iðgjaldagreiðslur fyrir árið 1970 skulu miðast við eftirfarandi:

Fyrir skipstjóra	kr.	20 000.00 á mán.
Fyrir 1. stýrim. og 1. vélstj.	—	18 000.00 á mán.
Fyrir 2. stýrim., 2. og 3. vélstj., netamann og matsvein	—	16 000.00 á mán.
Fyrir háseta	—	14 000.00 á mán.

6. Í ársbyrjun 1971 skulu upphæðirnar í lið 5 endurskoðaðar, og skulu þær hækkaðar í sama hundraðshluta og kauptrygging háseta hækkar á árinu 1970. Á sama hátt skulu upphæðir þessar endurskoðaðar við hver áramót.
7. Öllum bátasjómönnum er skylt að vera aðilar að sjóðnum. Þó skal sjómönnum eigi skylt að vera aðilar að sjóðnum í fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi er hjá sömu útgerð, séu þeir ekki þegar orðnir sjóðsfélagar, en ávallt er þó sjómanni heimilt að gerast aðili, og ber þá að greiða iðgjöld í sjóðinn hans vegna. Þeim sjómönnum, sem hættir eru störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi aðild, enda vinni þeir í landi við útgerð. Fer um þetta eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.
8. Lausafé hins væntanlega sjóðs, skal að ákveðnum hluta ávaxtað í bönkum og/eða sparisjóðum í heimabyggð sjómanna og útvegsmanna, sem í sjóðinn greiða.
9. Frumvarp að lögum og reglugerð um sjóðinn skal staðfest af samningsaðilum.

IX.

SAMKOMULAG

um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum.

Aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, þannig, að til báta 151 brúttólest og stærri verði greiddar

100 krónur vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttólest að stærð verði þessi greiðsla 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins.

Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr Aflatryggingasjóði.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði hlutast ríkisstjórnin til um að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á f.o.b.-verðmæti fiskafurða þeirra, sem nú eru útflutningsgjaldsskyldar.

Reykjavík, 10. febrúar 1969.

Torfi Hjartarson. **Logi Einarsson.**

Sþ. 258. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um starfshætti Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt.

Jónas Jónsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 17. febr. 1969.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Tómas Árnason.	Geir Gunnarsson.

Nd. 259. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur kynnt sér ýtarlega alla málsmeðferð í sambandi við kaup Landssíma Íslands á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík.

Gunnlaugur Briem póst- og símamálastjóri og Jón Skúlason forstjóri símatæknideildar Landssímans voru kvaddir á fund nefndarinnar til viðræðna um þetta mál.

Nefndarmenn beindu til þeirra fyrirspurnum, og gáfu þeir svör við spurningum nefndarmanna, lögðu fram bréf og upplýsingar um tildrög að kaupum Sjálfstæðishússins og röktu ýtarlega gang þeirra samningaumleitana og gerð kaupsamnings.

Það hefur ekkert komið fram í þessum samtölum og öllum þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, er gefur ástæðu til, að skipuð sé sérstök rannsóknarnefnd.

Það hafa verið, að dómi okkar, sem stöndum að þessu nefndaráliti, færð fram skýr rök fyrir því af forsvarsmönnum Landssíma Íslands, að brýn þörf er orðin á að byggja við hús Landssímans við Thorvaldsensstræti 4, bæði vegna þess, að stofnunin þarf á auknu húsnæði að halda, og rekstrarlega séð er hagkvæmara að byggja við þetta hús en að byggja á öðrum stað. Hvað verð snertir er það síður en svo

hærra en á mörgum öðrum lóðum og húseignum, sem keyptar hafa verið í miðbænum í Reykjavík. Má í því sambandi nefna kaup Alþingis á húsunum við Kirkjustræti.

Þar sem ekkert hefur komið fram, sem gefur tilefni til að ætla, að hér hafi verið um óeðlilegan gang samninga að ræða, og öll rök hníga að því, að Landssími Íslands hafi brýna þörf fyrir aukið húsnæði, og kaupverð og greiðsluskilmálar eignarinnar taldir ekki síður hagkvæmir kaupanda en almennt gerist, þá teljum við undirritaðir meiri hluti nefndarinnar með öllu ástæðulaust að skipa sérstaka rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar og leggjum því til, að þessi tillaga verði felld.

Alþingi, 15. febr. 1969.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Pétur Sigurðsson.

Sþ. 260. Fyrirspurn [143. mál]

til utanríkisráðherra um fyrirhugaðan flutning á aðalviðhaldsstöð Loftleiða til Keflavíkurflugvallar.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvenær er að vænta niðurstöðu frá utanríkisráðuneytinu við málaleitan Loftleiða frá 12. sept. s. l. um aðstoð og fyrirgreiðslu við fyrirhugaðan flutning á aðalviðhaldsstöð félagsins frá Bandaríkjunum og til Keflavíkurflugvallar?

Ed. 261. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi, og náði hún ekki samstöðu. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 17. febr. 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Á. Héðinsson, fundaskr. Jón Árnason.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 262. Breytingartillaga [142. mál]

við frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Þó skal fastakaup stýrimanna og skipstjóra vera 1150 kr. á mánuði í stað 624 kr., sem nefnd miðlunartillaga gerir ráð fyrir.

Ed. 263. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd deildarinnar hefur rætt frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Eins og nú er komið, eru það smámunir, sem á milli ber. Þess hefði því átt að vera kostur að leysa þessa kjaradeilu með samningum, ef rétt hefði verið á haldið, en það hefur þó ekki tekizt, að því er varðar deilu yfirmanna á bátaflotanum og útvegsmanna. Það er augljós þjóðarnauðsyn að koma bátaflotanum af stað, og viljum við því eigi standa á vegi fyrir, að verkfallið verði leyst, úr því sem komið er, með þeim hætti, sem frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn teljum við eðlilegt, að stjórnarflokkarnir beri einir ábyrgð á þessari lagasetningu. Við teljum, að deila þessi sé að verulegu leyti sprottin af fyrri aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Við höfum ekki átt þess kost að kynna okkur málamiðlunartillögu sáttasemjara til neinnar hlítar í einstökum atriðum.

Við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1969.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Nd. 264. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefur rætt frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Verkfall sjómanna hefur staðið í ca. einn mánuð. Sjómenn og þjóðarheildin hafa liðið mikið tjón vegna þessa verkfalls. Bezta fiskveiðitímabil ársins er að byrja. Án efa má leysa þessa deilu með samningum, en líkur eru til, að það tefji lausn málsins um nokkra daga. Sá dráttur mundi valda því, að yfirmenn á fiskiskipaflotanum töpuðu meiru en þeir ynnu við áframhaldandi samninga. Sjómenn hafa þegar samið og búa margir við þröng kjör. Verði ósamræmi í kjörum háseta og yfirmanna frá því, sem verið hefur undanfarin ár, mun það valda varanlegri óánægju hjá þeim fyrrnefndu, enda búa þeir við lakari kjör. Málið er því þannig vaxið, að erfitt mun að leysa það þannig, að allir séu ánægðir.

Við álítum, að sjómannaverkfallið eigi rætur í lögum, sem samþykkt voru í desember 1968. Þar var ákveðið að taka 17% af óskiptum afla auk þess, sem tekið var til að greiða vexti og afborganir fiskiskipa. Við vöruðum við þessu og töldum of langt gengið. Það var enn fremur rangt og óviturlegt að leggja það frumvarp fram án þess a. m. k. að ræða það áður við forsvarsmenn sjómannasamtakanna. Þetta álit okkar hefur reynzt rétt. Hinir nýju samningar munu reynast óhagkvæmari fyrir báða aðila en þeir gömlu, og þjóðarheildin hefur beðið tilfinnanlegt tjón af þessu verkfalli. Með þessu lagaákvæði reið ríkisstjórnin þann hnút, sem hún hefur ekki getað leyst. Stjórnin verður því að neyðast til að skera á hnútinn, þó að það þyki aldrei góð lausn. Það er eðlilegt og sanngjarnt, að stjórnarflokkarnir leysi sína hnúta og drekki sjálfir sitt heimatilbúna öl. Vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar viljum

við hins vegar ekki tefja málið eða spilla fyrir því, að verkfallið leysist þegar í stað. Sú afstaða táknar þó eigi, að fyrra álit okkar sé breytt, hvað það snertir, að hjá þessu verkfalli hefði verið unnt að komast, ef vel og viturlega hefði verið á málum haldið.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Björn Pálsson, frsm. Jón Skaftason.

Nd. 265. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti. Formaður nefndarinnar, Birgir Finnsson, var fjarverandi vegna veikinda.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Guðl. Gíslason, frsm. Sverrir Júlíusson, fundaskr. Pétur Sigurðsson.

Nd. 266. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar — stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar — vill samþ. frv. óbreytt, fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni vilja ekki taka afstöðu til frv., en ég legg til, að frv. verði fellt.

Verkfall sjómanna á bátaflotanum hefur nú staðið um einn mánuð, en raunverulega hefur mestur hluti bátaflotans verið stöðvaður í 1½ mánuð á þessu ári.

Þessi stöðvun bátaflotans hefur orðið vegna þess, að ríkisstjórnin knúði fram fyrir áramót löggjöf, sem svipti grundvellinum undan þeim kjarasamningum á milli sjómanna og útvegsmanna, sem í gildi höfðu verið. Um það verður því ekki deilt, að ríkisstjórnin ber alla ábyrgð á þeirri stöðvun fiskibátaflotans, sem orðið hefur á þessu ári. Með löggjöf þeirri, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir og sett var í desembermánuði og greip inn í kjarasamninga sjómanna, var ákveðið, að 27% af aflaverðmæti á þorskveiðum skyldu tekin af óskiptu og látin ganga til greiðslu á rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Á sama hátt var ákveðið að taka 37% af aflaverðmæti á síldveiðum og afhenda það útgerðarmönnum, án þess að sjómenn fengju aflahlut úr því verðmæti. Öllum mátti vera ljóst, að ákvæði sem þessi hlutu að leiða til nýrra krafna af hálfu sjómanna um launakjör þeirra.

Í deilu þeirri um kjaramál sjómanna, sem nú hefur staðið í heilan mánuð, hefur greinilega komið fram, að kröfur þeirra hafa verið mjög eðlilegar miðað við aðstæður. Sjómenn hafa lagt aðaláherzlu á að fá frítt fæði og sams konar lífeyrissjóðsréttindi og togarasjómenn og farmenn hafa þegar fengið. Eftir mánaðarþóf hefur samkomulag tekizt um nokkrar bætur til handa hásetum varðandi þessar tvær aðalkröfur. Ljóst er þó, að bætur háseta eru ekki miklar, þar sem þeir eiga ekki að

fá nema lítinn hluta af fæðiskostnaði greiddan og lífeyrisréttindin eiga ekki að fást að fullu fyrr en eftir 3 ár.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um að lögbinda miðlunartillögu sáttasemjara varðandi launakjör yfirmanna er sérkennilegt að því leyti, að með því er lagt til að lögbinda þá lausn á deilunni, sem útgerðarmenn hafa þegar samþykkt, en yfirmenn fellt.

Eftir því sem bezt er vitað, hefði verið hægt að ná samkomulagi við yfirmenn, ef fallizt hefði verið á að hækka fast kaup þeirra úr 624 kr. á mánuði í 1150 kr. Allt bendir því til þess, að yfirmenn hafi eins og hásetar teygt sig mjög langt til þess að ná samkomulagi í deilunni. Útgerðarmenn hafa hins vegar neitað öllum hækkunum og munu óspart hafa borið fyrir sig, að ríkisstjórnin hafi til þess ætlazt, að þeir samþykktu enga hækkun.

Ljóst er, að ríkisstjórnin, sem deilunni kom af stað með löggjöf sinni, hefur ekkert gert til þess að auðvelda lausn deilunnar, — hún hefur ekkert viljað leggja fram. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli var sú, að aflahlutur sjómanna skyldi verða skertur. Hún vildi koma því fram, að sjómenn og vinnandi fólk í landi tæki á sig án allra bóta skakkaföllin af stóraukinni dýrtíð.

Þegar ríkisstjórnin gat ekki komið þessum áformum sínum fram í samningum við yfirmenn, grípur hún til lögbindingar á svipaðan hátt og hún hefur gert hvað eftir annað í launadeilum.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega andvígir lögbindingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Við teljum það árás á frjálsan samningarétt. Í þessu tilfelli hefur ekki verið reynt til fulls að ná samkomulagi við samningaborð. Kröfur yfirmanna, eins og þær voru orðnar, voru mjög sanngjarnar og eðlilegar.

Við Alþýðubandalagsmenn vörum sterklega við því, að fjölmennir starfshópar skuli sviptir löghelguðum samningsrétti um kjör sín. Verkalýðshreyfingin hefur alltaf mótmælt slíkum afskiptum löggjafans af samningamálum. Ég legg því til, að frumv. verði fellt. Jafnframt tel ég, að setja ætti sérstaka sáttanefnd í deiluna og reyna á þann hátt að leysa á sem skemmstum tíma sjómannaverkfallið, sem ríkisstjórnin óneitanlega ber alla ábyrgð á.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 267. Lög [142. mál]

um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

(Afgreidd frá Nd. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 257.

Ed. 268. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 39 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. málsgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal greiða ár hvert 2½% í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostn-

aði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum frá 19. maí 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, var gæzluvistarsjóði ákveðið árlegt framlag, 7½ millj. kr. af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins af áfengissölu. Þegar þessi ákvæði voru lögleidd, nam framlagið um það bil 2.3% af gjaldstofninum. Sjóðurinn fær enn 7½ millj. kr. á ári, þótt tekjur Áfengisverzlunarinnar hafi hækkað úr 320 millj. kr. í 580 millj. kr. á síðasta ári. Framlag til sjóðsins 1968 var aðeins um 1.3% af tekjum Áfengisverzlunarinnar það ár fyrir selt áfengi. Þá hefðu 2.3%, sem Áfengisverzlunin lagði fram 1964, gert 13.3 millj. kr. til gæzluvistarsjóðs.

Efni frumvarps þessa er að breyta ákvæðum laganna í það horf, að framlag til gæzluvistarsjóðs verði eftirleiðis ákveðinn hundraðshluti af tekjum Áfengisverzlunarinnar. Miðað við áfengissölu á s. l. ári mundu hafa runnið til sjóðsins um 15 millj. kr., ef ákvæði þessa frumvarps hefðu þá gilt.

Augljóst er, að vaxandi verðbólga gerir gæzluvistarsjóði ókleift að valda þeim verkefnum, sem honum eru fengin, ef ekkert verður gert til að afla honum aukinna tekna. Nú er svo komið, að langmestur hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins gengur til að standa straum af rekstri drykkjumannaheimilisins að Akurhóli á Rangárvöllum.

Afleiðingin er sú, að ekkert fjármagn er aflögu til að sinna þeim höfuðviðfangsefnum, sem sjóðnum voru ætluð í upphafi, svo sem þeim að reisa sjúkrahús og sjúkradeildir fyrir drykkjusjúklinga, sbr. 4. gr. laganna, og bera þann aukakostnað, sem af starfsemi þeirra leiðir, sbr. 9. gr.

Ekki þarf löngu máli að eyða til rökstuðnings þess, hversu mikilvægt það er, að þeir sjúklingar, sem hér um ræðir, geti fengið beztu aðhlynningu, sem völ er á, og eru þjóðfélagsverðmætin ómæld, sem hér eru í húfi, auk þess sem þau mannlegu bágindi, sem hugsanlega er unnt að afstýra, verða ekki í tölum talin.

Nýverið hafa málefni útigöngumanna í höfuðstaðnum verið ofarlega á baugi. Meðal annars hefur borgarstjórn Reykjavíkur rætt þau ýtarlega, og af tilefni þeirra umræðna hafa fjölmiðlunartækin látið sig þessi efni varða venju fremur.

Það er vel, að almennur áhugi virðist vaknaður til úrbóta á umræddu þjóðfélagsmeini, sem áreiðanlega er víðar fyrir hendi en í Reykjavík.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að Alþingi eigi að sýna hug sinn til málsins með því að auka tekjur gæzluvistarsjóðs, svo sem hér er lagt til, og skapa á þann hátt skilyrði til raunhæfra aðgerða.

Ed. 269. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nm., BGuðbj og BJ, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Einar Ágústsson.
Pétur Benediktsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 270. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nm., þeir BGuðbj og BJ, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.
Pétur Benediktsson. Sveinn Guðmundsson.

Nd. 271. Lög [39. mál]

um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

(Afgreidd frá Nd. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 39.

Sþ. 272. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um rannsóknir á perlusteini í Loðmundarfirði.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða rannsóknum á perlusteini og perlusteinsnámum í Loðmundarfirði.

Greinargerð.

Jón Eyþórsson veðurfræðingur fann á sínum tíma steinmola uppi í Prestahnúk. Reyndist þetta vera biksteinn, er síðar var nefndur perlusteinn. Tómas Tryggvason jarðfræðingur mun hafa gefið steintegund þessari það nafn. Steinninn er skyldur vikri, en hefur ekki náð að þenjast út við gosið. Sé hann malaður og hitaður upp í 700—800°, þá þenst hann út allt að 10 sinnum. Í þessu felst notagildi perlusteinsins. Steinninn er notaður í byggingariðnaði, sérstaklega í stálgrindarhús og stórbyggingar. Er hann miklu eldfastari en venjuleg steinsteypa. Þá er perlusteinninn notaður í ýmsar hliðargreinar byggingariðnaðar og keppir m. a. við kísilleir sem fyllingarefni. Hann er og nýttur í sambandi við keramikiðnað.

Langstærsti markaður fyrir perlustein er í Bandaríkjunum og einnig mjög vaxandi í Evrópu.

Helztu perlusteinsnámur eru á eyjum við austanvert Miðjarðarhaf og á vesturströnd Bandaríkjanna.

Hér á landi eru perlusteinsnámur í Loðmundarfirði og í Prestahnúk. Vera má, að einhver perlusteinn finnist á Snæfellsnesi og í ljósum líparítfjöllum.

Vikur nú að rannsóknum í Loðmundarfirði.

Stefán Baldvinsson hreppsstjóri í Stakkahlíð í Loðmundarfirði hafði brennandi áhuga á að nýta perlusteininn. En náman er í landi Stakkahlíðar og Seljamýrar. Stefán átti bréfaskipti við marga útlendinga frá ýmsum löndum um perlusteininn og gistu þó nokkrir þeirra Stakkahlíð.

Laust fyrir 1960 hófu Þjóðverjar rannsóknir í Loðmundarfirði. Prófessor Von Konrad Richter frá Hannover dvaldi nokkurn tíma í Stakkahlíð við rannsóknarstörf. Tók hann sýnishorn á ýmsum stöðum, athugaði magn perlusteinsins, kortlagði svæðið o. fl. Síðan ritaði hann ýtarlega vísindaritgerð um málið, sem birtist í þýzku vísindariti. Ritgerðin var síðar gefin út sérprentuð ásamt mörgum myndum af sýnishornum berglaga, steintegundum og yfirborðsmyndum.

Niðurstöður prófessors Richters voru þær, að um 1 millj. smálesta af perlusteini væri í námunum og þykkt perlusteinslaga allt að 18 m. Fengust ýmsar nytsamlegar upplýsingar af rannsóknum hans.

Fleiri aðilar höfðu áhuga á að kynna sér perlusteinsnámurnar, þótt ekki tækist að vekja nægan áhuga til þess að hugsa til vinnslu, enda mörg ljón á veginum.

Fyrirtækið Johns Manfield frá Bandaríkjunum, sem er aðili að kísilgúrverksmiðjunni í Mývatnssveit, fékk áhuga á perlusteinsnámunum í Loðmundarfirði. Byggðist það m. a. á því, að þeir ætluðu að nota flutningaskipin, sem flytja eiga fyrir kísilgúrverksmiðjuna, til þess að flytja perlusteininn sem kjölfestu. Með því móti mundi flutningskostnaður lækka verulega.

Hófu þeir rannsóknir vorið 1967 í samvinnu við iðnaðarmálaráðuneytið. Tóku þeir mörg sýnishorn og virtust hafa talsverðan áhuga. Sýnishornin voru send til Tékkóslóvakíu, Þýzkalands og Bandaríkjanna, og voru niðurstöður svipaðar frá þessum aðilum. Þó munu Tékkar hafa áhuga á frekari rannsóknum.

Fullnaðarniðurstöður þessara rannsókna munu þó ekki fyrir hendi.

Rannsóknastofnun iðnaðarins sendi Þorleif Einarsson jarðfræðing austur til rannsókna sumarið 1968, en Þorleifur hefur verið með útlendingunum austur þar. Var ætlunin að gera sjálfstæða rannsókn á gæðum perlusteinsins, en niðurstöður þeirrar rannsóknar munu ekki vera fyrir hendi.

Það mætti e. t. v. segja, að rannsóknir þyrftu að beinast m. a. sérstaklega að gæðum perlusteinsins, framleiðsluaðferðum og betri nýtingu á þessum gæðum, enn fremur að möguleikum á markaði fyrir perlusteininn. Þá verður nauðsynlegt að rannsaka betur magnið, en slíkar rannsóknir eru nokkuð kostnaðarsamar, en fljótgerðar.

Rannsóknirnar hljóta að vera upphafið, og á þeim verður að byggja. Legg ég til, að þeim verði hraðað, eftir því sem kostur er á, því að það kunna að leynast þarna möguleikar á perlusteinsnámi og iðnaði í sambandi við námið.

Hafnarskilyrði eru erfið í Loðmundarfirði, þótt hugsanlegt væri að renna perlusteininum á færiböndum til skips. Ekki er vegasamband við Loðmundarfjörð, en helzt hefur verið rætt um vegalagningu með sjó til Seyðisfjarðar, en vegalengdin frá perlusteinsnámunum og inn á Fjarðaröldu á Seyðisfirði er nálægt 25 km.

Sþ. 273. Tillaga til þingsályktunar [146. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Tómas Árnason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

a) Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra fyrirtækja, sem selja vörur sínar í heildsölu til dreifingaraðila.
b) Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

Greinargerð.

Hinn 19. september s. l. ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að skipa sérstaka atvinnumálanefnd. Verkefni þessarar nefndar skyldi vera að fylgjast með atvinnumálum borgarinnar og gera tillögur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nefndin hóf störf nokkru síðar og skilaði tillögum um ýmsar ráðstafanir til atvinnuaukningar hinn 19. des. M. a. gerði nefndin tillögur um rekstrarfjármagn til iðnaðar. Meginatriði framangreindrar tillögu til þingsályktunar eru byggð á þessum tillögum atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar.

Í áliti nefndarinnar segir, að verulegur hluti verksmiðjuiðnaðarins, en að honum starfi um 5000 manns, búi við mikla rekstrarfjárerfiðleika — „svo mikla, að áætla má, að þessi iðnaður dragist verulega saman á næstunni, ef ekki raknar úr um fjáröflun". Nefndin bendir á, að gengisfellingin hafi aukið rekstrarfjárerfiðleikana. Nefndin telur mikilvægt, að iðnfyrirtæki geti treyst á ákveðna fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum og þannig verði eytt þeirri óvissu, sem þau eigi nú við að búa á lánamarkaðnum. Nefndin gerir því tillögur um þær lánareglur, sem greindar eru í framangreindri tillögu til þingsályktunar, og telur þær mundu stuðla að öryggi á þessu sviði.

Þar sem iðnfyrirtækin hafa enn ekki fengið neinar teljandi úrbætur í þessum efnum — nema þá örfá þeirra — og ekki enn horfur á, að slíkar almennar úrbætur fáist í náinni framtíð án íhlutunar Alþingis, þykir óhjákvæmilegt að gera þessar tillögur atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar að sérstöku þingmáli. Það skal jafnframt tekið fram af hálfu flutningsmanna, að litið er á þessar tillögur sem bráðabirgðalausn og að koma beri rekstrarlánamálum iðnaðarins í miklu traustara og fullkomnara horf.

Nd. 274. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um athugun á auknum siglingum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja eða fimm manna nefnd til athugunar á, hvort mögulegt sé og hagkvæmt fyrir Íslendinga að koma sér upp auknum skipastól til vöruflutninga milli erlendra hafna til atvinnuaukningar og gjaldeyrisöflunar. Ef svo telst, skal nefndin athuga sérstaklega, eftir hvaða leiðum því yrði helzt við komið, og þá einnig, hvaða stærð skipa væri talin arðvænlegust og bezt henta.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, byggjast gjaldeyristekjur Íslendinga að langmestu leyti eða nær eingöngu á útfluttum sjávarafurðum, og hefur svo verið um langa tíð. Er þetta eðlilegt, þar sem Íslendingar eru fyrst og fremst fiskveiðiþjóð. En sveiflur í aflabrögðum og óvæntar verðbreytingar sjávarafurða á erlendum mörkuðum hafa oft

haft mjög truflandi áhrif á allt efnahagskerfi þjóðarinnar, og hefur þetta hvað greinilegast komið í ljós nú hin síðustu ár.

Hefur þetta orðið til þess, að stjórnvöld og aðrir hafa gert sér fulla grein fyrir, að skjóta verður fleiri stoðum undir atvinnulíf og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og vinna verður að því, að svo megi verða, og má í því sambandi benda á virkjun Þjórsár við Búrfell, sem nú er að verða að veruleika og gerir meðal annars álbræðsluna í Straumsvík mögulega auk annarrar stóriðju. Þá standa einnig yfir, eins og kunnugt er, athuganir á möguleika á, að hér verði komið upp efnaiðnaði í stórum stíl á okkar mælikvarða og einnig olíuhreinsunarstöð, sem hvort tveggja byggist á þeirri orku, sem býr í fallvötnum landsins og iðrum jarðar (gufuorkunni). Auk þess er nú mjög rætt um gjörvinnslu sjávarafurða, og hlýtur að því að koma fyrr en síðar, að svo verði. Allar miða þessar framkvæmdir og athuganir að því að treysta atvinnulífið, auka þjóðartekjurnar og afla aukins erlends gjaldeyris.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar í sömu átt. Vitað er, að aðrar þjóðir afla sér verulegs erlends gjaldeyris eftir þessari leið, auk þess sem það veitir sjómönnum þessara þjóða arðvænlega atvinnu. Íslendingar hafa frá fyrstu tíð verið sjófarendur og siglingamenn góðir. Er þeim það í blóð borið. Er því ekki nokkur ástæða til að ætla annað en að sjómenn okkar væru fullkomlega færir um að leysa af hendi það hlutverk, sem þeim er ætlað í þessu sambandi, ef fjárhagslega væri mögulegt og arðvænlegt gæti talizt að koma þeirri atvinnugrein á fót, sem hér um ræðir.

Hvaða rekstrarfyrirkomulag bezt mundi henta, ef til kæmi, verður að athugast mjög vandlega. Kæmu þar að sjálfsögðu til greina þau skipafélög, sem fyrir eru, stofnun almenningshlutafélaga eða einstaklingar, sem yfir fjármagni hefðu að ráða eða fjármagn gætu útvegað. En gera verður ráð fyrir, að hér yrði um það mikið stofnfjárframlag að ræða, að sérstök fyrirgreiðsla hins opinbera væri nauðsynleg í sambandi við lánsfjárútvegun.

Umhugsun um þetta mál hlýtur að leiða hugann að hinu sérstæða framtaki Loftleiða h/f, sem að langmestu leyti byggja hinn stórfellda rekstur sinn á flutningi erlendra farþega þjóða og heimsálfa milli. Þeir menn, sem þar hafa verið og eru að verki, hafa unnið þjóðþrifaverk og borið hróður þjóðarinnar vítt um veg. Gefur þetta sérstæða framtak ástæðu til að ætla, að Íslendingar geti einnig orðið virkir þátttakendur á því sviði, sem hér um ræðir. Sú staðreynd blasir við, að Íslendingar hafa byggt upp nútímaþjóðfélag sambærilegt öðrum menningarþjóðfélögum, en það útheimtir aftur á móti, að neyta verður allra ráða til þess að gera grundvöll þjóðartekna og gjaldeyrisöflunar eins traustan og fjölbreyttan og frekast er kostur á. Í samræmi við það er þessi tillaga flutt.

Sþ. 275. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um kjarasamninga.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því í samráði við heildarsamtök launþega og vinnuveitenda, hvaða breytingar á núverandi starfsháttum og fyrirkomulagi að því er varðar gerð kjarasamninga sé æskilegt að gera með það fyrir augum, að þeim tilgangi verði náð, að rauntekjur launafólks séu á hverjum tíma svo háar sem unnt er, þannig að samrýmanlegt sé nægri atvinnu. Skulu niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Þar sem mikill meiri hluti landsmanna eru launþegar, ætti það ekki að vera álitamál, að velferð þjóðarheildarinnar er mjög undir því komin, að rauntekjur

launafólks séu á hverjum tíma svo háar sem verða má, þó þannig, að samrýmanlegt sé því, að allar vinnufærar hendur geti haft vinnu, enda rýrna rauntekjur launþega sem heildar bersýnilega, ef atvinnuleysi er. Er það og höfuðverkefni samtaka launþega að vinna að sem beztum árangri í þessu efni, með samningum við vinnuveitendur sína. Eru slíkir samningar gerðir milli einstakra launþegafélaga og þeirra vinnuveitenda, er hlut eiga að máli.

En starfshættir allir og vinnubrögð við gerð slíkra samninga, svo og baráttuaðferðir þær, sem notaðar eru við að knýja fram samninga, takist þeir ekki með friðsamlegu móti, eru í rauninni óbreyttir frá því, sem var á síðastliðinni öld, þegar launþegasamtökin voru í bernsku. Með tilliti til þeirra stórkostlegu breytinga, sem orðið hafa á öllum þjóðfélagsháttum á þeim tíma, er ekki að furða, þótt starfshættir þessir svari ekki framar kröfum tímans.

Fyrr á tímum var kaupgjaldsbaráttan raunverulega barátta um skiptingu afraksturs framleiðslunnar milli ágóða og vinnulauna. Atvinnurekendur höfðu þá enga aðstöðu til þess að velta kauphækkunum af sér yfir í verðlagið, þannig að þær kauphækkanir, sem fengust, urðu raunhæfar kjarabætur. Á hinn bóginn var það þá engan veginn talið í verkahring stjórnvalda að hjálpa atvinnugreinum eða fyrirtækjum, sem rekin væru með tapi, þannig að atvinnuleysi blasti við, ef boginn var spenntur of hátt í kaupgjaldskröfum, og þar sem báðum aðilum vinnumarkaðarins var þetta ljóst, hélt það slíkum kröfum í skefjum. Hinir einstöku vinnumarkaðir voru og þá miklu meira aðgreindir en nú, þannig að ár og dagur gat liðið, þar til kauphækkanir, sem urðu í einni atvinnugrein, dreifðust til annarra atvinnugreina.

Ef litið er hins vegar á þau viðhorf, sem verið hafa að undanförnu hér á landi í þessum efnum, þá hafa kaupgjaldssamningar, sem gerðir hafa verið, oft á tíðum grundvallazt á því, að báðum aðilum vinnumarkaðarins hefur verið það ljóst, að kauphækkanir þær, sem um hefur verið samið, hafa verið svo og svo mikið umfram það, sem ágóði fyrirtækjanna hefur getað staðið undir, en ætlazt til þess, að ríkisvaldið „brúaði bilið“ milli kaupgjaldsins, sem um var samið, og þess, sem atvinnurekendur gátu greitt.

Nú hefur ríkisvaldið enga fjármuni til ráðstöfunar umfram þá, sem sóttir eru annaðhvort í vasa launþega eða atvinnurekenda, þannig að hér er auðvitað um sjálfsblekkingu eina að ræða. Kauphækkanirnar hafa því verið látnar veltast með fullum þunga yfir í verðlagið, en að því leyti, sem gegn því hefur verið staðið, hefur afleiðingin orðið taprekstur, samdráttur og atvinnuleysi. Árangur kaupgjaldsbaráttunnar að því er snertir raunhæfar kjarabætur hefur oft á tíðum orðið enginn eða jafnvel neikvæður, ef tekið er tillit til þess, að oft hefur hann kostað dýra verkfallsbaráttu, sem ekki hefur orðið bætt.

Það er því meira en tímabært, að kannaðir séu möguleikar á því að taka upp nýtt fyrirkomulag og starfshætti í þessum efnum, er fullnægi aðstæðum í nútíma þjóðfélagi, í stað þess að byggja á fyrirkomulagi, sem er arfur frá fortíðinni og gat e. t. v. hentað aðstæðum þá, þó að það geri það ekki nú. Í nágrannalöndum okkar gegna stofnanir, sem byggðar eru upp líkt og hið nýlega stofnaða Hagráð hér á landi, sem samtök atvinnurekenda, launþega og ríkisvaldið eiga aðild að, mjög mikilvægu hlutverki í þessu efni. Slíkar stofnanir fá til meðferðar víðtækar kjaradeilur og gera tillögur til lausnar þeim. Þótt vald stofnananna sé að vísu aðeins ráðgefandi, mun reynslan víða hafa sýnt það, að mjög er eftir slíkum tillögum farið, ef sæmilega víðtækt samkomulag næst um þær innan stofnananna.

Eitt af því, sem til álita kæmi í þessu sambandi, væri að auka starfsemi Hagráðs frá því, sem nú er, þannig að til þess væri ætlazt, að það gerði ákveðnar tillögur um lausn meiri háttar efnahagsvandamála, sem á döfinni eru hverju sinni, og auðvitað gætu slíkar tillögur verið mismunandi frá fulltrúum hinna ýmsu hagsmunahópa. Eftir þeirri reynslu, sem hingað til hefur verið af starfsemi Hagráðs, er þó að mínu áliti aðeins takmarkaðs árangurs að vænta af slíku.

Sú leið, sem ég tel líklegasta til þess að verða a. m. k. spor í rétta átt í þessu

efni, væri að lögfesta, að fulltrúar vinnuveitenda, launþega og ríkisvalds settust á rökstóla a. m. k. tveim mánuðum áður en allsherjar kjarasamningar rynnu út og gerðu á því allsherjar könnun á grundvelli beztu fáanlegra upplýsinga um afkomu atvinnuveganna og þjóðarbúsins, hverjar séu þær hæstu rauntekjur, er launþegar geti borið úr býtum, án þess að til almenns taprekstrar og þar af leiðandi atvinnuleysis leiði. Ef að slíku væri unnið af raunsæi og ábyrgðartilfinningu af hálfu þeirra aðila, er hlut eiga að máli, má fyrir fram telja líklegt, að í flestum tilvikum náist samkomulag.

En hvað nú, ef samkomulag næst ekki? Ég er þeirrar skoðunar, að lögbann gegn vinnustöðvunum, hvort heldur eru verkföll eða verkbönn, sé óraunhæft. Hins vegar tel ég, að til athugunar gæti komið, ef áðurnefndar samningaumleitanir bera ekki árangur, hvort ekki sé unnt að fara þá leið í ríkara mæli en nú er, að samtök launþega ákveði einhliða kauptaxta, en beri þá auðvitað ábyrgð á því, að vinna fáist fyrir þá taxta. Hér er engan veginn um nýjung að ræða, þar sem allfjölmennar stéttir hafa þegar fengið slíka aðstöðu viðurkennda, svo sem bifreiðastjórar, tannlæknar, verkfræðingar, lögfræðingar o. fl., auk þess sem svo mun raunverulega vera um fjölmennar stéttir iðnaðarmanna, sem vinna eftir uppmælingum. Aðhald um það, að slíkar ákvarðanir yrðu ekki teknar á algjörlega óábyrgan hátt, kæmi fram í því, að auðvitað yrðu þeir, sem slíkan rétt fengju, að bera ábyrgð á atvinnumöguleikum sínum, á sama hátt og leigubifreiðastjórar verða nú einir að bera ábyrgð á því, að gjöld fyrir afnot leigubifreiða séu ekki svo há, að fæstir hafi efni á því að nota þær. Þetta fyrirkomulag getur því auðvitað ekki náð til opinberra starfsmanna eða annarra, sem hafa tryggða fasta vinnu, þeirra launamál verður að leysa með öðru móti.

Þó að slíkt fyrirkomulag tryggi auðvitað ekki, að til samdráttar og jafnvel stöðvunar í einstökum atvinnugreinum geti komið, ef taxtarnir eru ákveðnir óhæfilega háir, mundi það að verulegu leyti fyrirbyggja það mikla tjón og óþægindi, sem víðtækar vinnustöðvanir oft valda saklausum almenningi, sem engin áhrif getur haft á lausn þeirra mála, er vinnudeilan stendur um.

Ed. 276. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og mælir með samþykkt þess. ÁB, BJ og BFB áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 20. febr. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Björn Fr. Björnsson. Ólafur Björnsson.

Steinþór Gestsson. Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson.

Ed. 277. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, en varð ekki sammála um afstöðu til þess. Frumvarpið kveður svo á, að sveitarstjórnum sé heimilt að ákveða hlutfallslega lægri fasteignaskatta á íbúðir til eigin afnota, sem ekki fara yfir 80 þús. kr. að fasteignamati. Í frumvarpinu er hvorki tekið tillit til efnahags íbúðareigenda né húsnæðisaðstöðu, þ. e. hversu margir fermetrar íbúðarhúsnæðis koma á hvern fjölskyldumeðlim. Auk þess er fasteignamat á íbúðum mjög misjafnt eftir landshlutum samkvæmt þeim fasteignamatsreglum, sem enn eru í gildi. Samþykkt frv. gæti því skapað ýmiss konar misrétti. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. febr. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.	Ólafur Björnsson.

Sþ. 278. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um veðurathugunarstöðvar á fiskimiðum.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta gera áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar úti á fiskimiðum, þar sem helzt væri talin þörf á, í því skyni að veita skipstjórnarmönnum sem nákvæmasta veðurlýsingu.

Greinargerð.

Fátt er sjómönnum nauðsynlegra við störf sín en nákvæm vitneskja um veður og veðurhorfur á miðunum. Þær veðurlýsingar, sem þeir hafa við að styðjast, eru eingöngu frá stöðvum í landi, ef frá eru talin nokkur veðurskip allfjarri landinu og þeim miðum, sem máli skipta. Augljóst er, að verulega getur munað á veðri á miðunum og á þeim veðurstöðvum í landi, sem næstar eru. Þar gætir margs kyns áhrifa landslagsins, sem koma fram með mismunandi hætti, eftir því t. d., um hvaða vindátt er að ræða.

Þótt skipstjórnarmenn hafi yfirleitt mikla reynslu í að meta upplýsingar frá einstökum veðurstöðvum og draga af þeim ályktanir um veður á fiskimiðunum, þá er augljóst, hve aukin not væru að því að fá einnig veðurlýsingar beint af miðunum.

Slíkar stöðvar, sem komið er fyrir úti á sjó og veita á sjálfvirkan hátt upplýsingar um veðrið, eru til, m. a. notuðu styrjaldarþilar þær í síðustu heimsstyrjöld.

Full ástæða virðist til að kanna, hvort ekki er tæknilega og fjárhagslega kleift að koma nokkrum slíkum stöðvum fyrir úti á miðunum hér við land, þar sem mestar líkur væru taldar á, að sjómenn hefðu not af þeim. Svo mikilvæg eru þjóðinni störf sjómanna, að um alla hugsanlega þjónustu við þá ber Íslendingum skylda til að standa framar því, sem þekkist meðal annarra þjóða.

Með þingsályktunartillögu þessari er því lagt til, að gerð verði áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar úti á fiskimiðunum. Ef veðurathugunarstöðvar þessar gætu annars vegar stuðlað að því, að ekki sé róið í ófæru, og hins vegar að því, að fleiri róðrardagar nýtist en ella, er

ljóst, að þar er um að ræða mjög miklar fjárhæðir, svo að ekki sé minnzt á þær auknu slysavarnir, sem þær gætu stuðlað að. Slíkar stöðvar mundu auk þess auka öryggi við veðurspár og koma að gagni við almennar veðurrannsóknir.

Nd. 279. Lög [137. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 250.

Ed. 280. Frumvarp til laga [150. mál]

um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Verðlaun Sonnings, sem Halldóri Laxness voru veitt í Danmörku snemma árs 1969, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd efri deildar flytur frumvarp þetta í samráði við ríkisstjórnina. Með lögum nr. 32 frá 13. marz 1956 voru Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness undanþegin tekjuskatti og útsvari, og sýnist einhlítt að fara eins að nú, er skáldið hefur aftur hlotið svo merk verðlaun á alþjóðavettvangi.

Sþ. 281. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um rannsóknir á loðnugöngum.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að láta rannsaka og fylgjast með loðnugöngum að landinu og með ströndum fram.

Greinargerð.

Ekki mun vera fylgzt með göngum loðnunnar á sama hátt og síldarinnar.

Loðnan gengur að líkindum austan úr hafi upp undir suðausturströndina. Þetta er þó engan veginn rannsakað til fulls. Margir telja, að aðalgöngurnar séu þrjár.

Loðnuveiði er nú þegar hafin og afli verulegur. Það væri mikið hagræði fyrir fiskiflotann að fá upplýsingar um loðnugöngur frá degi til dags.

Æskilegast væri að gera út rannsóknarleiðangur tveggja skipa. Í fyrsta lagi rannsóknarskip, sem annaðist skipulegar rannsóknir. Og í annan stað veiðiskip, sem fylgdist með því, hvenær hægt væri að hefja veiðar, og tilkynnti veiðiflotanum um það.

Ed. 282. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt.

Minni hl. telur rétt, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist þannig:

Heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða lægra álag á meðalíbúð til eigin afnota. Hver sé meðalíbúð, metur sveitarstjórn.

Alþingi, 20. febr. 1969.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Björn Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 283. Fyrirspurnir. [152. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 18. apríl 1967?

II. Til samgöngumálaráðherra um lagningu Vesturlandsvegar.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Var lagning Vesturlandsvegar, þ. e. sá hluti, sem nú er unnið að, boðin út, áður en framkvæmdir hófust?
2. Ef svo var ekki, hver er þá ástæðan til, að íslenzkir aðalverktakar voru ráðnir til að sjá um framkvæmd verksins án útboðs, og hver tók þá ákvörðun?
3. Hafði ekki Vegagerð ríkisins sjálf möguleika á að vinna verkið á jafnhagkvæman hátt? Hefur hún haft verkefni í haust og vetur fyrir vinnuvélar sínar og þá starfsmenn, sem þarf að sjá fyrir vinnu svo að segja allt árið, eins og um fasta starfsmenn væri að ræða?

Nd. 284. Frumvarp til laga [153. mál]

um eftirlaun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Sá, sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands, á rétt til launa eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964 — í fyrstu 6 mánuði eftir að hann lætur af embætti. Nú tekur hann stöðu í þjónustu ríkisins og fellur þá niður þessi launagreiðsla, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

Þegar sá, er gegnt hefur embætti forseta Íslands samkvæmt framansögðu, hefur náð 65 ára aldri eða er öryrki og hefur látið af embætti, á hann að sex mánaða tímanum liðnum rétt til eftirlauna.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964. Ef hann hefur gegnt embættinu í meir en eitt kjörtímabil, skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar, hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna, sem hann naut. Sömu eftirlaun skal hún fá eftir lát manns síns, enda þótt hann hafi ekki náð 65 ára aldri, er hann lézt.

Undanþága samkvæmt 2. gr. laga um laun forseta Íslands nær ekki til eftirlaunanna.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lög vantar fyrirmæli um biðlaun og eftirlaun forseta Íslands. Í frv. þessu er lagt til, að um þetta verði sett svipuð ákvæði og nú eru í lögum um ráðherra þó með nokkru hærri hundraðshluta af launum fyrir forseta. Ákvæðin þarfnast ekki skýringa, enda er sjálfsagt, að farið verði eftir ákvæðum hliðstæðra laga og þá einkum laganna um eftirlaun ráðherra að svo miklu leyti, sem vafi kann upp að koma. Þess skal þó getið, að ekki er ætlazt til, að forseti Íslands fái eftirlaun á meðan hann gegnir embætti, sem eðli málsins samkvæmt er ætlað til lífsframfærslu, þótt annað sé en embætti forseta Íslands, og hann hefur tekið við, eftir að hann lét af forsetaembættinu.

Nd. 285. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um rannsókn á kalkþörf jarðvegs, nýtingu skeljakalks og sölu á kalkríkum áburði.

Flm.: Jónas Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að rannsóknum á kalkþörf jarðvegs og hagkvæmri áburðarnotkun verði hraðað svo sem tök eru á.

Rannsóknirnar beinist að eftirfarandi atriðum:

1. Að kanna, á hvaða landssvæðum og við hvaða skilyrði jarðvegs og ræktunar sé hagkvæmt að nota kalk eða kalkríkan áburð.

2. Rannsóknir þessar beinist fyrst að þeim landshlutum, þar sem rannsóknir hafa þegar bent til, að kalkskortur geti verið útbreiddur, og þar sem ræktun hefur orðið fyrir mestum áföllum að undanförnu.
3. Kannað verði, með hvaða hætti sé hagkvæmast að fullnægja kalkþörf jarðvegsins á hverju landssvæði, þar sem kalkþörf er fyrir hendi, hvar hagkvæmt sé að nota skeljakalk og hvar kalkríkan áburð. Í þeim tilgangi sé það rannsakað, hvar hægt er að taka skeljakalk í fjörum eða af hafsbotni og hvernig hagkvæmast er að standa að þeirri vinnslu.

Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á meðan ekki liggja fyrir niðurstöður slíkrar rannsóknar um land allt, verði tryggt, að bændur fái keypt það magn af kalkríkum áburði, sem þeir óska, hver og einn.

Greinargerð.

Það er alkunna, að kalk er hvort tveggja í senn, eitt af jurtanærandi efnum og jafnframt efni, sem getur ráðið miklu um sýrufar og eðlisástand jarðvegs, enda mjög mikið notað til að bæta úr, þegar jarðvegur er of súr og illhæfur til ræktunar. Við langvarandi ræktun getur að því komið, að kalkforði jarðvegs gangi til þurrðar og að sýrustig lækki, svo að gróður fari að vanþrífast. Þetta getur gerzt, ef kalksnauður áburður er notaður, og enn meiri hætta er á slíku, ef áburðurinn er jafnframt sýrandi.

Á meðan hér var mest notaður kalkríkur köfnunarefnisáburður (kalksaltpétur frá Noregi), var lítil hætta á, að slíkt kæmi hér fyrir.

Eftir að hafin var hér framleiðsla á kalksnauðum köfnunarefnisáburði, „Kjarna“, vaknaði vitanlega sú spurning, hvort ekki þyrfti fyrr eða síðar að sjá fyrir kalkþörf jarðvegsins og jafnvel að nota kalk til að vinna gegn hugsanlegri sýringu jarðvegsins af völdum Kjarnans. Enda voru samanburðartilraunir á köfnunarefnisáburðartegundum hafnar þegar árið 1945 á tveimur tilraunastöðvum, Sámsstöðum og Akureyri, en 1953 hófust þær á Skriðuklaustri og Reykhólum. Þessar tilraunir hafa því staðið í 24 ár á tveim hinum fyrri tilraunastöðvum og 17 ár á hinum. Segja má, að þessar samanburðartilraunir hafi leitt í ljós, að Kjarni sýrir ekki jarðveg á þessum stöðum, miðað við það magn, sem þarna hefur verið notað, né heldur hefur kalkríkur áburður gefið betri sprettu við þessar aðstæður.

Síðar hefur annað komið fram, sérstaklega við tilraunir á Hvanneyri og annars staðar í Borgarfirði, en einnig í yngri tilraunum á mýrlendi á Sámsstöðum, tilraunum á Reykhólum og í tveimur tilraunum af þremur, sem gerðar voru með áhrif kalks við uppgræðslu á kaltúnum á utanverðu Fljótsdalshéraði. Í þessum tilraunum hefur komið fram meiri eða minni uppskeruauki við notkun kalks eða kalkríks áburðar.

Friðrik Pálmason, sérfræðingur við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, ritar yfirlitsgerð um niðurstöður kalktilrauna (ekki samanburðartilraunir með köfnunarefnisáburðartegundir) í 2.—3. tölublað Búnaðarblaðsins 1968. Hann kemst að eftirfarandi niðurstöðum: Þar sem árangur af kalki er mestur, má kalkið kosta 800 kr. smálestin, ef vaxtaraukinn á að borga kostnaðinn við kölkunina, miðað við að bera á 4 smálestir af kalki til 8 ára. Í niðurlagi greinarinnar segir svo: „Fáist kalk á hóflegu verði, virðist samkvæmt tilraunum á Reykhólum og Hvanneyri fram til 1964 með nokkrum rétti mega mæla með kölkun mýrarnýrækta á Vesturlandi, þar sem svipað háttar til og á þessum stöðum.“ — „Einnig á Suðurlandi og ekki síður þar en á Vesturlandi virðist óhætt samkvæmt fyrirliggjandi tilraunaniðurstöðum að mæla með notkun 3—4 smálesta af kalki á hektara, ef kalkið fæst á hóflegu verði.“

Dr. Bjarni Helgason, jarðvegsfræðingur við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og dr. Björn Jóhannesson, jarðvegsfræðingur, hafa báðir talið, að ofkölkun jarðvegs geti verið varhugaverð, bæði valdið skorti á snefilefnum í gróðri og búfénaði og einnig því, að fosfór bindist fastar í jarðveginum og nýtist verr.

Báðir hafa jarðvegsfræðingar þessir mælt með því að nota kalk við ræktun við ákveðin skilyrði og sérstaklega við nýræktun á mýrlendi með lágu sýrustigi.

Dr. Bjarni telur þó í grein í 1. tölublaði Freys 1969, að til álita komi, hvort hagkvæmara sé að nota kalkríkan áburð, þar sem kalks er þörf, eða skeljakalk, og fari það eftir því verði, sem er á þessum efnum hvoru fyrir sig.

Þá kemur það fram hjá flestum fræðimönnum, sem um þessi mál rita, að kalþol grasa verði sennilega ætíð minna, ef einhvers kalkskorts gæti, og geti kölkun því stuðlað að **auknu kalþoli grasanna víðar en þar sem uppskeruauki fæst fyrir kalk.**

Þá er það samhljóða niðurstaða allra tilrauna með kalk og kalkríkan áburð, að kalk eykur kalsíummagn grassins verulega, og má ætla, að það auki þar með hollustu fóðursins. Sumir telja þó, að bæta megi úr kalkleysi í heyfóðrinu fullkomlega með réttum steinefnablöndum. Það er svo algerlega órannsakað mál, hve víða á landinu er hægt að finna skeljasand í sjó eða á fjörum og hvað kostar að ná honum og koma á hafnir og gera hann þar nýtilegan til áburðar. Því er lagt til, að þetta sé rannsakað.

Það er alkunna, að fjölmargir bændur hafa mjög illan bifur á Kjarna og telja hann hinn mesta skaðvald í ræktun sinni.

Af framansögðu er ljóst, að það skiptir í tvö horn um niðurstöður þeirra tilrauna, sem gerðar hafa verið með notkun kalks og kalkríks áburðar, borið saman við kalklausa ræktun. Á meðan svo er og tilraunir með þetta eru bundnar við svo fáa staði, sem raun ber vitni og stór landssvæði svo til ókönnuð í þessu tilliti, er ógerningur að fullyrða um, hverjir það eru, sem þurfa að nota kalk, og hverjir ekki.

Það er því mjög mikill ábyrgðarhluti, hvort sem væri að ráðleggja notkun kalks almennt eða að fullyrða, að þess þurfi ekki með.

Hvort tveggja er mjög dýrt fyrir bændur og þjóðarheildina, að nota of eða van af kalki við ræktun. Því ber mjög mikla nauðsyn til að hraða rannsóknum á þessu sem allra mest. Það verður bezt gert með auknum dreifðum tilraunum frá tilraunastöðvunum í jarðrækt, sem skipulagðar verði af jarðvegsrannsóknadeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og gerðar samhliða skipulegum jarðvegsrannsóknum á vegum þeirrar deildar.

Það er fullkomið réttlætismál, að bændur séu ekki neyddir til að kaupa áburð, sem þeir telja sér óhag í að nota og jafnvel mjög varhugaverðan. En reynsla þeirra er sú, að þeir fá yfirleitt ekki aðrar tegundir köfnunarefnisáburðar en Kjarna, nema í vissum hlutföllum á móti Kjarna, eða því sem næst þeim sömu hver bóndi og eru á milli heildarsölu áburðartegundanna. Þetta bendir til þess, að Áburðarverksmiðjan h/f og /eða Áburðarsala ríkisins treysti sér ekki til að selja Kjarnann í samkeppni við aðrar áburðartegundir.

Á það mun þó aldrei hafa reynt, hvort Kjarninn seldist ekki þannig, því að köfnunarefniseiningin í Kjarna mun að jafnaði hafa verið ódýrari en í kalksaltpétri. Fjöldi bænda telur sig ekki hafa slæma reynslu af Kjarna að öðru leyti en því, hve erfiður hann er til dreifingar.

Á meðan málin liggja ekki ljósar fyrir en nú, virðist óverjandi annað en að hver bóndi geti keypt það magn af kalkríkum áburði, sem hann óskar.

Nd. 286. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 31 25. apríl 1964.

Flm.: Jónas Jónsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Í stað orðanna „60 þúsund krónur“ í 1. málsgr. 48. gr. laganna (5. gr. laga nr. 31/1964) komi: 100 þúsund krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Styrkur sá, er hér um ræðir, til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum og hjá þeim bændum, sem hafa örðugan fjárhag og hafa meðaltekjur eða lægri, hefur haldizt óbreyttur að krónutölu síðan 1964. Á því tímabili hefur allur byggingarkostnaður hækkað mjög tilfinnanlega. Lán til íbúðarhúsa í sveitum hafa að vísu hækkað nýlega í 300 þúsund krónur. En við þá hækkun mun hafa verið höfð hliðsjón af því, að eðlilegt væri, að styrkurinn hækkaði einnig. Enda eru lán til íbúðarhúsa í sveitum enn snöggtum lægri en lán til byggingar íbúðarhúsa í bæjum, sem eru 380 þúsund krónur að viðbættum 75 þúsund krónum til meðlima verkalýðsfélaga, sem fá þá samanlagt 455 þúsund krónur að láni.

Nú lítur út fyrir, að verulega dragi úr íbúðarhúsabyggingum í sveitum, svo að ekki er ósennilegt, að hægt verði að hækka styrkinn til hvers bónda án hækkaðrar heildarfjárveitingar.

Þessi litla hækkun gæti þó orðið til að örva nokkuð byggingar á næsta sumri og hjálpa nokkrum bændum, sem búa við örðugt og alls kostar ófullnægjandi húsnæði, en treysta sér ekki til að byggja við núverandi aðstæður. Þannig mundi einnig aukast nokkuð atvinna hjá iðnaðarmönnum og öðrum þeim, sem byggingastörf stunda, og væri þessu fé þá vel varið.

Nd. 287. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 1964.

Flm.: Axel Jónsson.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brottnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, svo að til verulegra erfiðleika verði við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdrátta af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn, með samþykki skipulagsstjórnar, sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna mannvirkjagerðar, húsabygginga og ýmissa annarra framkvæmda, sem á síðari árum eru gerðar í stærri stíl en áður og með stórvirkari tækjum, hefur ásókn í ýmiss konar fyllingarefni aukizt mjög. Flestar slíkar framkvæmdir, aðrar en gerð þjóðvega, eru aðallega í þéttbýli, þ. e. innan skipulagsskyldra staða. Er svo komið nú, að jafnvel innan kaupstaða hefur landslagi verið gjörbylt, svo að verulegum erfiðleikum getur valdið að koma á skynsamlegu skipulagi.

Með ákvæði því, sem hér er lagt til að lögfest verði, telur flutningsmaður, að hægt sé að koma í veg fyrir, að slíkt ástand skapist eftirleiðis, án þess þó að gera landeigendur of háða sveitarstjórnum að því er varðar þau not af landi, sem eðlileg geta talizt. Gert er ráð fyrir frumkvæði sveitarstjórnar til að beita bannákvæði, þar

sem henni finnst hætta vera á ferðum, en ekki gert ráð fyrir, að sækja þurfi fyrir fram um leyfi sveitarstjórnar til hvers konar efnistöku, en slíkt ákvæði telur flutningsmaður að mundi vera óþarft og þungt í framkvæmd. Eðlilegt er og, að sveitarstjórn fylgist með framkvæmdum sem þeim, er málsgreinin fjallar um, og beiti bannákvæði aðeins í brýnni nauðsyn.

Nd. 288. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv., heimsótt listasafnið til að kynnast aðstöðu þess og rætt við dr. Selmu Jónsdóttur, forstöðumann þess.

Heimsókn nefndarinnar í safnið sannfærði nefndarmenn um, að húsakostur þess er algerlega ófullnægjandi og listaverk þjóðarinnar í yfirvofandi hættu. Hið myndarlega og tiltölulega nýbyggða safnhús er stórgallað, og hefur leki þegar valdið miklum skemmdum á málverkum. Engin aðstaða er til að ráða hita- og rakastigi í geymslum og aldrei að vita, hvar fram koma nýjar sprungur í veggjum eða loftum. Af þessum sökum hefur nú verið veitt allmikið fé á fjárlögum til viðgerðar á húsinu.

Upphaflega voru listasafninu fengnir til umráða rúmgóðir sýningarsalir á efri hæð þjóðminjasafnsins, en mjög litlar og óhentugar geymslur. Síðan hefur reynzt óhjákvæmilegt að taka af sýningarsölum til að auka geymslurými og koma einni starfstúlku fyrir.

Nefndin er sammála um að hvetja eindregið til þess, að lögð verði áherzla á að leysa húsnæðisvandræði safnsins og veita því þá aðstöðu, sem íslenzkri myndlist sæmir.

Byggingarmál safnsins snerta þó ekki frv., og mælir nefndin einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1969.

Benedikt Gröndal, form.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Birgir Kjaran, frsm.
Sigurvin Einarsson,	Gunnar Gíslason.	Magnús Kjartansson.

Sþ. 289. Nefndarálit [88. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur rætt tillöguna að viðstöddum utanríkisráðherra. Þar sem nokkurs ósamræmis gætti milli íslenzka og enska textans í fylgiskjali tillögunnar á stöku stað, hefur orðið að prenta þingskjalið í heild upp með smávægilegum leiðréttingum. Nefndin er sammála um efni tillögunnar og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1969.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson.
Þórarinn Þórarinsson.	Pétur Benediktsson.	Gils Guðmundsson.
	Birgir Kjaran.	

Ed. 290. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með tilteknum breytingum, er nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. febr. 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Björn Jónsson.
Ólafur Björnsson.	Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 291. Breytingartillögur [97. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin hljóði svo:
   Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.
   Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.
   Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.
   Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.
2. Við 11. gr. Greinin hljóði svo:
   Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.
3. Við 19. gr.
   a. 3. málsgr. hljóði svo:
      Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni.
4. Við 24. gr. 1. mgr. hljóði svo:
   Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveizlu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Ed. 292. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og fellst á það, sem í athugasemdunum við það segir, að hagkvæmt geti verið að leyfa landanir erlendra fiskiskipa hér, þegar aflaleysi steðjar að, og að slík heimild geti einnig auðveldað íslenzkum fiskiskipum að fá leyfi til löndunar erlendis. Mælir nefndin því með samþykkt frumvarpsins. — Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja þeim, ef fram koma.

Alþingi, 26. febr. 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Sveinn Guðmundsson.	Ólafur Jóhannesson.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 293. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um Póst- og símamálastofnun Íslands.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd Ed. hefur leitað eftir umsögn um frv., og bárust tvær umsagnir, frá póst- og símamálastjóra og Félagi ísl. símamanna.

Í umsögnum kemur fram, að þessir aðilar telja, að samþykkt á frumv., eins og það liggur fyrir, sé ekki æskileg, en benda á, að tímabært sé, að endurskoðun fari fram á lögum um póst og síma, nr. 8/1935.

Meiri hl. samgöngumálanefndar vill **vísa frv. til hæstvirtrar ríkisstjórnar** til athugunar.

Alþingi, 26. febr. 1969.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 294. Þingsályktun [20. mál]

um starfshætti Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 20.

Ed. 295. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landsspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundi í dag og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nm., þeir ÁB og KGuðj, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 26. febr. 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Jón Árnason. Jónas G. Rafnar.

Nd. 296. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Matthías Bjarnason, form. Jónas Pétursson, fundaskr. Pétur Sigurðsson, frsm.
Bragi Sigurjónsson. Steingrímur Pálsson. Jónas Jónsson.
Magnús Kjartansson.

Nd. 297. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn Félags íslenzkra fræða. Frv. felur í sér smávægilegar breytingar á nýlegum lögum, enda ekki ástæða til að endurskoða meginatriði, fyrr en frekari reynsla er fengin.

Bent hefur verið á, að misskilja megi 1. mgr. 4. gr. frv. Nefndin telur ótvírætt, að hver sem skipaður er forstöðumaður stofnunarinnar verði jafnframt prófessor við Háskóla Íslands, en þurfi að sjálfsögðu ekki að hafa verið það áður.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með einni

BREYTINGU:

Þriðja mgr. 4. gr. orðist svo:

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Alþingi, 26. febr. 1969.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Gunnar Gíslason.
Sigurvin Einarsson. Birgir Kjaran. Magnús Kjartansson.

Nd. 298. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundi í dag og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmanna, Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Guðl. Gíslason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson. Jónas Árnason.

Sþ. 299. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um embættaveitingar.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Jónas Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að undirbúa heildarlöggjöf um embættaveitingar og starfsmannaráðningar ríkisins og ríkisstofnana, þar sem stefnt sé að því að tryggja sem óháðast og ópólitískast veitingavald og starfsmannaval. Nefndin skal kynna sér löggjöf og reglur um embættaveitingar í öðrum löndum og þá reynslu, sem þar hefur fengizt í þessum efnum. Þá skal nefndin einnig afla sér álits félaga embættismanna og annarra opinberra starfsmanna um það, hvernig þau telji þessum málum verða bezt skipað, þannig að framangreindur tilgangur náist.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

Greinargerð.

Veitingavaldið er að langmestu leyti í höndum pólitískra ráðherra. og hefur svo verið síðan stjórnin fluttist inn í landið. Embættaveitingar hafa því oft viljað verða pólitískar, þótt aldrei hafi það verið augljósara en hin síðari ár. Sú hefð er óðum að skapast, að ekki komi aðrir menn til greina við veitingu meiri háttar embætta en þeir, sem hafa skilríki fyrir því, að þeir fylgi ríkisstjórninni eða flokkum hennar að málum. Hér er ekki aðeins um fullkomnustu rangsleitni að ræða, heldur hlýzt af þessu, að hið opinbera verður oft og tíðum að notast við lakari starfskrafta en ella.

Af framangreindum ástæðum er það bæði réttlætismál og hagsmunamál fyrir þjóðfélagið, að veitingavaldið verði fært sem mest úr höndum pólitískra ráðherra og lagt í hendur sem óháðastra aðila eða bundið ákveðnum reglum, sem miði að því að útiloka pólitíska eða persónulega hlutdrægni. Ýmis mismunandi form geta komið þar til greina, og þarf að athuga vandlega, hvað hentar bezt íslenzkum aðstæðum og reynist kostnaðarminnst í framkvæmd. Því er lagt til, að sérstakri nefnd verði falið að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni, þar sem jöfnum höndum verði stuðzt við erlenda reynslu og álit þeirra, sem mest hljóta að hugsa um skipan þessara mála hérlendis.

Nánara verður um þetta rætt í framsögu.

Nd. 300. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jónas Árnason.
Matthías Bjarnason. Jón Skaftason. Friðjón Þórðarson.
Hannibal Valdimarsson.

Nd. 301. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að telja verður eðlilegt, að jafnveigamiklar breytingar á tekjustofnalögunum og frv. gerir ráð fyrir séu gerðar í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga, en ekki gegn vilja þess, ályktar deildin að vísa frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Friðjón Þórðarson.

Ed. 302. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Gils Guðmundsson. Steinþór Gestsson. Jón Þorsteinsson.

Ed. 303. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja við það brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Ásgeir Bjarnason var fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Steinþór Gestsson.
Ólafur Björnsson.	Björn Fr. Björnsson.	Björn Jónsson.

Ed. 304. Frumvarp til laga [97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 121 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

19. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sótun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennda hafa verið af brunamálastofnuninni.

24. gr. hljóðar svo:

Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveizlu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

Ed. 305. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá Sveini Guðmundssyni.

Við 2. gr. 3. málsgr. Í stað orðanna „verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum“ komi: maður með sérþekkingu á brunamálum, er sé annaðhvort verkfræðingur eða tæknifræðingur.

Ed. 306. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til laga um Póst- og símamálastofnun Íslands.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Lögin um stjórn og starfrækslu póst- og símamála eru orðin 34 ára gömul. Á þeim tíma, er þau hafa verið í gildi, hafa orðið miklar breytingar og framfarir hjá pósti og síma, enda hefur vöxtur stofnunarinnar orðið mjög ör. Það er því tímabært að setja nýja löggjöf um stjórn og starfsemi þessarar ríkisstofnunar.

Í frv. þessu um Póst- og símamálastofnun Íslands er m. a. það ákvæði, að Alþingi kjósi til fjögurra ára í senn póst- og símamálaráð. Skal það skipað fimm mönnum. Allar meiri háttar ákvarðanir skal póst- og símamálastjóri taka með samþykki póst- og símamálaráðs. Hann skal og gefa ráðinu skýrslur um störf stofnunarinnar.

Til þess er ætlazt, að þessi þingkjörna stjórnarnefnd verði tengiliður milli Alþingis, sem fer með fjárveitingavaldið, og þeirrar ríkisstofnunar, sem hér á í hlut, en rekstrarkostnaður hennar og framlög til fjárfestingar nema á þessu ári samkvæmt fjárlögum 700—800 millj. kr.

Hlutverk póst- og símamálaráðs skal enn fremur vera að gæta í hvívetna hagsmuna almennings ganvart stofnuninni. Á fundum ráðsins skal heimilt að taka til umræðu og afgreiðslu hvert það mál, er snertir samskipti stofnunarinnar við þá, er þjónustu hennar njóta.

Sú skipan, sem upp verður tekin samkvæmt frv. um yfirstjórn pósts og síma, er í samræmi við það, sem nú gildir um ýmsar aðrar ríkisstofnanir.

Minni hl. samgöngumálanefndar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1969.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 307. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um undirbúning og aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera könnun á því, hvað fyrirhugað er að senda mörg fiskiskip til veiða við Grænland á komandi vori og sumri. Jafnframt fari fram athugun á því, hvað nauðsynlegt er að gera til þess að greiða fjárhagslega fyrir þessari útgerð, veita henni aðstoð með læknisþjónustu, viðgerðarþjónustu, birgðaflutninga og upplýsingar um veður og hreyfingu hafíss.

Greinargerð.

Á síðastliðnu vori, þegar meginþorri okkar stærri fiskiskipa bjóst til síldveiða, voru nokkrir framtakssamir útgerðarmenn og skipstjórar, sem vildu ekki kaupa sér von í ótryggum síldveiðum, en héldu skipum sínum í þess stað til bolfiskveiða á Grænlandsmið.

Sumarið 1967 stunduðu tvö eða þrjú íslenzk fiskiskip veiðar á þessum slóðum, og styrkti Fiskimálasjóður eitt þeirra til veiða í ís, og aftur styrkti sjóður þessi eitt skip til veiða í salt á sl. sumri, en þá urðu skip, sem þarna stunduðu veiðar, flest 15—20 talsins. Úthald þessara skipa hefði orðið lengra en raun bar vitni um, ef óvenjumikill hafís á miðunum hefði ekki hamlað veiðum. Virtust ískort fyrri ára jafnvel benda til þess, að ís hafi verið meiri s. l. sumar á miðum bátanna við Austur-Grænland en þekkzt hefur um áratugaskeið.

Þrátt fyrir þessa staðreynd og ýmsa byrjunarörðugleika hefur þeim, sem að þessum veiðum stóðu, hlotnazt ómetanleg reynsla, sem flm. þessarar till. telja nauðsynlegt að aðrir, sem hyggjast stunda veiðar á þessum slóðum, geti notfært sér. Verður að telja sjálfsagt, að opinberir aðilar safni upplýsingum þessum saman og reyni jafnframt að gera tillögur til úrbóta á vandamálum. sem upp hafa komið í sambandi við veiðar á þessum fjarlægu miðum og einstakir útgerðarmenn ráða ekki við.

Ekki þarf að draga í efa þjóðhagslegt gildi þess, að fleiri stoðum verði rennt undir atvinnulíf okkar. Á því er enginn vafi, og hefur reynsla síðasta sumars sannað, að nokkurt magn af t. d. ísuðum bolfiski, sem bærist til vinnslustöðva hér á landi á tímabilinu frá því að vetrarvertíð lýkur og fram á haustmánuði, yrði stórkostleg lyftistöng fyrir allt atvinnulíf á þeim stöðum, þar sem aflanum yrði landað. Er jafnvel hugsanlegt, ef góður afli verður á Grænlandsmiðum, að fiskiskipin ísuðu afla sinn í kassa og skip, sem flytti beitu, vistir, olíu og ís á miðin, tæki kassana og flytti þá til vinnslustöðva hér á landi. Má þó segja, að vegalengdir á mið þessi séu ekki meiri en svo, að fiskiskipin sjálf gætu annað flutningum þessum, en að sjálfsögðu ber að láta hagkvæmnina eina ráða.

Þegar hafðar eru í huga þær miklu breytingar, sem orðið hafa á göngu síldarinnar, og eindæma léleg afkoma þeirra, sem eiga undir þeirri útgerð, eins og á s. l. sumri, hlýtur að teljast mikilvægt að auka fjölbreytni íslenzkra fiskveiða á þessum árstíma.

Til þess að útgerð þessi geti hafizt í stórum stíl, telja flm., að kanna þurfi, hvort hún þurfi á sérstakri fjárhagsfyrirgreiðslu að halda umfram venjuleg útgerðarlán. Einnig þarf að kanna, hvort skip, sem stunda bolfiskveiðar á fjarlægum miðum, þurfi ekki að búa við aðrar og kostameiri úthlutunarreglur úr aflatryggingasjóði en landróðrabátar vegna meiri útgerðarkostnaðar.

Eitt grundvallaratriði þess, að hægt sé að stunda veiðar á þessum slóðum, er, að góðar upplýsingar liggi fyrir um veðurútlit og hreyfingu íssins. Íslenzkar veðurfregnir heyrðust þar vel, en rétt virðist að kanna, hvernig Veðurstofan getur hjálpað

til við að auka öryggi sjófarenda á miðum þessum, og að sjálfsögðu verður Landhelgisgæzlan að leggja hönd á plóginn, sem víða annars staðar, bæði með auknu ískönnunarflugi, aðstoð við skjóta læknishjálp í neyðartilfellum, viðgerðarþjónustu og fleira.

Er mikil hjálp að því, að við Austur-Grænland geta fiskiskipin staðsett sig mjög nákvæmlega vegna radíóstaðsetningarkerfis þess, er þar má nota.

Allar fiskveiðiþjóðir, sem senda skip sín á fjarlæg mið, veita þeim margháttaða þjónustu og fyrirgreiðslu. Verður að teljast eðlilegt, að fiskveiðiþjóð sem Íslendingar standi þar ekki að baki og þessum veiðum verði ekki síður gaumur gefinn í því efni en síldveiðunum á síðasta sumri.

Nd. 308. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

2. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk í stjórn Bandalagsins eða af hálfu fjármálaráðherra um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal slík allsherjaratkvæðagreiðsla þá fara fram meðal starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ákvæði um minnst 7 mánaða uppsagnarfrest kjarasamnings. Þar sem samningstímabilið rennur út um áramót þýðir þetta, að samningaviðræður og meðferð Kjaradóms í sambandi við heildarkjarasamninga opinberra starfsmanna á að fara fram á tímabilinu júní til ágúst, og hefur reynslan sýnt, að þetta er mjög óheppilegur tími ársins til að fjalla um þessi mál.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, færist starfið að kjarasamningagerðinni yfir á mánuðina september til nóvember.

Kjarasamningalögunum hefur tvívegis verið breytt til bráðabirgða að þessu leyti, en frumvarp þetta gerir ráð fyrir að breyta frestunum til frambúðar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að horfið sé frá því sem skyldu, að allsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um ákvörðun stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um, hvort samningum skuli sagt upp, en frumvarpsgreinin geymir á hinn bóginn ákvæði um slíka skyldu, ef ósk kemur fram um allsherjaratkvæðagreiðslu innan stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða af hálfu fjármálaráðherra. Virðist ástæðulaust að lögskylda allsherjaratkvæðagreiðslu í þessu tilviki, ef ákvörðunin er ágreiningslaus í stjórn samtakanna, og látin hlutlaus af hálfu viðsemjanda þeirra.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Nd. 309. Frumvarp til laga [160. mál]

um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1969 greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt er úr gildi felld 12. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áður en fjárlög ársins 1969 voru afgreidd frá alþingi varð ljóst, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkisbúskaparins á því ári. Einn liður í þeim ráðstöfunum var að gera ráð fyrir aukinni hlutdeild ríkissjóðs í tekjum af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Þessi tekjustofn var fyrst á lagður með lögum nr. 86/1956 um útflutningssjóð o. fl., en gildandi ákvæði eru í lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál. Samkvæmt þeim renna 50% tekna af þessum stofnum til ríkisins og 50% til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Árið 1960 námu tekjur til hvors aðila 14 millj. kr., en áætlaðar tekjur árið 1968 eru 35.5 millj. kr., og nemur aukningin á þessu átta ára tímabili því 153.6%. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um raunverulegan kostnað gjaldeyrisbankanna við að veita þessa þjónustu, en geta má þess, að með óbreyttri hlutdeildarskiptingu hefðu tekjur bankanna aukizt um allt að 10 millj. kr. á árinu 1969 vegna gengisbreytingarinnar í nóvember sl., og er þá byggt á áætlun um umfang gjaldeyrisviðskipta á því ári. Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutdeild ríkisins verði 60% og bankanna 40%, en miðað við framangreinda áætlun um vöxt gjaldeyrisviðskipta á árinu 1969 í krónum talið fengju bankarnir í sinn hlut 36.7 millj. kr., sem er 1.2 millj. kr. aukning frá árinu áður, eða 3.4%. Þar sem ekki var gert ráð fyrir sérstökum kauphækkunum í sambandi við gengisbreytinguna og álagning þannig ákveðin, að gengisbreytingin bætti ekki hagsmuni verzlunarinnar, er eðlilegt, að hliðstæð regla gildi um gjaldeyrisviðskipti bankanna. Áðurnefnd 3.4% hækkun á tekjum bankanna af gjaldeyrisviðskiptum ætti að nægja til þess að standa undir þeim kostnaðarliðum, sem þegar hafa hækkað, svo sem síma- og skeytakostnaði.

Nd. 310. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Axel Jónsson.

1. gr.

7. og 8. tölul. 12. gr. laganna breytist og verði svo hljóðandi:

7. Reykjanesumdæmi: Gullbringusýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður og Keflavíkurkaupstaður.
8. Reykjavíkurumdæmi: Reykjavíkurborg, Kjósarsýsla og Kópavogskaupstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um iðnfræðslu er svo kveðið á, að Reykjavíkurborg sé skólaumdæmi. Á sama hátt eru í lögunum ákvæði varðandi Reykjaneskjördæmi.

Varðandi þá breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á ákvæðum iðnfræðslulaga um tiltekin skólaumdæmi iðnskóla, vill flm. taka fram, að hann álítur, að eðlilegast sé, að ákveðið verði í lögum, að næstu nágrannasveitarfélög við Reykjavík tilheyri Reykjavíkurumdæmi.

Nokkur atriði verða hér nefnd til rökstuðnings þessari skoðun, en fleira kemur og til í því sambandi, sem rennir stoðum undir það, að rétt sé einmitt nú að gera umrædda lagabreytingu.

Varðandi iðnnema af Seltjarnarnesi og úr Mosfellssveit vill flm. taka fram m. a. þetta: Þeir hafa til þessa að langmestu leyti sótt sitt iðnnám til Reykjavíkur og vinna þar langflestir. Það er þeim og miklu hægara að sækja iðnnám til Reykjavíkur en t. d. til Hafnarfjarðar.

Það verður að teljast óeðlilegt, að þeir þurfi svo gott sem að fara fram hjá iðnskóla í Reykjavík til þess að sækja skóla, sem fjær liggur þeirra heimabyggðum.

Kópavogskaupstaður er á sama atvinnusvæði og Reykjavík. Langflestir iðnnemar úr Kópavogi sækja því iðnnám í iðnskólann í Reykjavík, og verður að telja, að sú skipan verði að öllu óbreyttu enn um langa hríð.

Vera má, að iðnnemum úr fyrrtöldum byggðarlögum verði ekki bannað að sækja iðnnám til Reykjavíkur hér eftir þrátt fyrir gildandi lagaákvæði um skólaumdæmi Reykjavíkur. Hafa ber þó í huga varðandi framtíðarskipan þessara mála, að byggja þarf nýtt iðnskólahús í Hafnarfirði, og eðlilegt er, að stærð þess ákvarðist af gildandi lagaákvæðum um stærð skólaumdæmisins. Áður umgetin sveitarfélög verða því að óbreyttum lögum að standa straum af byggingarkostnaði þess, þó að iðnnemar úr byggðarlögunum sæki að mestu leyti iðnnám til Reykjavíkur eftir sem áður.

Með tilvísun til allra aðstæðna og þá ekki síst með skírskotun til atvinnuskiptingarinnar á umræddu svæði er eðlilegast, að ráð sé fyrir því gert, að iðnnemar úr tilgreindum nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur sæki að mestu leyti sitt iðnnám þangað. Þar sem fyrir liggur, að byggja þarf nú þegar nýtt iðnskólahús í Hafnarfirði, er nauðsynlegt að gera umrædda lagabreytingu nú, svo að hægt verði að haga uppbyggingu skólans eftir því.

Sveitarstjórnir þeirra nágrannasveitarfélaga, sem hlut eiga hér að máli, leggja ríka áherzlu á, að fyrrgreind lagabreyting nái fram að ganga.

Nd. 311. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um lánskjör atvinnuveganna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um lánskjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum og á heimamarkaði. Upplýsingar þessar skulu bæði ná til stofnlána og rekstrarlána og greina frá lánsmöguleikum, afborgunarskilmálum, vöxtum og öðru því, sem máli skiptir. Að fengnum þessum upplýsingum skal gerður samanburður á lánskjörum þessara atvinnuvega og íslenzkra atvinnuvega og sá samanburður birtur opinberlega.

Greinargerð.

Það er undirstaða að öruggri afkomu þjóðarinnar, að atvinnuvegir hennar séu samkeppnisfærir við atvinnuvegi annarra þjóða. Hið opinbera verður að gera allt, sem það megnar, til þess að svo megi verða. Í þeim efnum er það ekki sízt þýðingarmikið að atvinnuvegirnir búi við ekki lakari lánskjör en tíðkast annars staðar, þar sem lánsfé verður nú stöðugt stærri þáttur í rekstri atvinnuveganna sökum vaxandi vélvæðingar og hraðrar framþróunar. Þess vegna er hér lagt til, að aflað verði sem ýtarlegastra upplýsinga um lánskjör atvinnuvega þeirra þjóða, sem við keppum helzt við, og síðan verði gerður samanburður á þeim og lánskjörum íslenzkra atvinnuvega. Slíkur samanburður mun leiða í ljós, hvernig sú stefna í peningamálum, sem nú er fylgt, tryggir samkeppnisstöðu atvinnuveganna og hvaða breytinga kunni að vera helzt þörf í þeim efnum.

Nd. 312. Frumvarp til laga [97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 3. umr. (Ed., 3. marz.)

Samhljóða þskj. 121 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera maður með sérþekkingu á brunamálum, er sé annaðhvort verkfræðingur eða tæknifræðingur. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu

brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

19. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sótun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni.

24. gr. hljóðar svo:

Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveizlu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

Nd. 313. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Sigurvin Einarssyni, Lúðvík Jósepssyni og Þórarni Þórarinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
      Framan við 7. mgr. bætist:
      Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum, eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
   b. Í stað „kr. 10 000.00“ í b-lið komi: kr. 16 000.00.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ í 3. mgr. komi: ökuskírteini.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Verði ungmenni, innan 20 ára aldurs, uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt eða veitt hafi því áfengið, og skulu hinir seku sæta refsingu samkvæmt 45. gr. þessara laga.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ komi: ökuskírteini.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „á annan fullnægjandi hátt“ í 2. mgr. komi: ökuskírteini.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkv. því:
   Á eftir 1. mgr. 24. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Nú ekur ölvaður maður bifreið, og skal hann þá sviptur ökuleyfi, eða rétti til að öðlast það, í eitt ár minnst. Hafi hann valdið slysi í akstri undir áhrifum áfengis á manni eða mönnum, skal hann sviptur ökuleyfi, eða rétti til að öðlast það, í þrjú ár minnst, auk þess varðar brotið fangelsi allt að þremur árum.
6. Á eftir 7. gr. (verður 8. gr.) komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkv. því:

a. (9. gr.).
   1. Í stað orðanna „Fyrsta sinni kr. 4000—20000. Öðru sinni kr. 8000—40000. Þriðja sinn kr. 16000—80000“ í 1. tölulið 33. gr. laganna komi: Fyrsta brot kr. 16000—80000. Ítrekað brot kr. 60000—300000.
   2. 3. og 4. mgr. 1. tölul. 33. gr. falli niður.
   3. Í stað orðanna „400—12000 krónum“ í 2. tölul. 33. gr. komi: 1500—45000 krónum.

b. (10. gr.).
   1. Í stað orðanna „2000—20000“ í 1. mgr. 34. gr. laganna komi: 8000—80000.
   2. Síðari málsl. 1. mgr. 34. gr. (Skip er að veði o. s. frv.) falli niður.

c. (11. gr.). Í stað orðanna „2000—20000“ í 36. gr. laganna komi: 8000—80000.

d. (12. gr.). Í stað orðanna „800—8000“ í 1. mgr. 37. gr. laganna komi: 3000—30000, og í stað orðanna „1600—20000“ komi: 6000—80000.

7. Við 8. gr. (verður 13. gr.). Í stað orðanna „1500—15000“ komi: 3000—30000, og í stað orðanna „3000—30000“ komi: 6000—80000.
8. Við 9. gr. (verður 14. gr.). Í stað orðanna „500—5000“ komi: 1000—16000.
9. Við 10. gr. (verður 15. gr.).
   a. Í stað orðanna „500—2000“ í 1. mgr. komi: 1000—10000.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Sala, veitingar eða hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum, í fyrsta sinn kr. 5000—50000. Ítrekað brot skal, auk sekta, varða fangelsi allt að 30 dögum.
10. Við 11. gr. (verður 16. gr.). Í stað orðanna „500—8000“ í 1. mgr. komi: 1000—30000, og í stað orðanna „1000—16000“ í sömu mgr. komi: 1600—60000.
11. Við 12. gr. (verður 17. gr.).
   a. Í stað orðanna „500—5000“ í 1. mgr. komi: 1000—16000, og í stað orðanna „500—4000“ í sömu mgr. komi: 1000—8000.
   b. Í stað orðanna „500—10000“ í 2. mgr. komi: 1000—30000.
12. Við 13. gr.(verður 18. gr.). Í stað orðanna „500—5000“ í 1. mgr. komi: 1000—8000.
13. Við 14. gr. (verður 19. gr.). Greinin orðist svo:
    45. gr. laganna orðist svo:
    a. Brot gegn 22. og 23. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 1500—8000. Öðru sinni 3000—16000 kr.
    b. Brot gegn 24. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 3000—16000 kr. Öðru sinni 5000—25000 kr.
    c. Auk sekta kemur stöðu- og réttindamissir, eins og segir í 22.—24. gr. Ítrekuð brot skulu varða fangelsi.
14. Við 15. gr. (verður 20. gr.). Í stað orðanna „500—20000“ komi: 1000—60000.

Ed. 314. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um leiklistarskóla ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frumvarp þetta kveður á um það, að íslenzka ríkið skuli stofna og reka leiklistarskóla, sem fullnægi nútímakröfum um menntun leikara og annarra leikhússtarfsmanna. Í skólastjórn eigi sæti fimm menn tilnefndir af þessum aðilum: menntamálaráðherra, Þjóðleikhúsráði, Leikfélagi Reykjavíkur, Félagi íslenzkra leikara og starfandi leikfélögum utan Reykjavíkur. Menntamálaráðherra ber að ráða, að tillögu skólastjórnar, til fjögurra ára í senn sérmenntaðan mann til að veita skólanum forstöðu.

Minni hl. menntamálanefndar telur mikla þörf á nýrri löggjöf um þetta efni og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 3. marz 1969.

Páll Þorsteinsson, frsm. Gils Guðmundsson.

Nd. 315. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Jónas Árnason var fjarverandi, þegar málið var tekið fyrir.

Alþingi, 3. marz 1969.

Guðl. Gíslason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm. Jón Skaftason.

Hannibal Valdimarsson. Matthías Bjarnason. Friðjón Þórðarson.

Sþ. 316. Fyrirspurnir. [163. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um skuldir Íslendinga við aðrar þjóðir.

Frá Skúla Guðmundssyni.

a. Hvað námu skuldir þjóðarinnar við önnur lönd mikilli fjárhæð um síðustu áramót, reiknaðar í íslenzkum krónum með núverandi gengi:
   1. Föst lán.
   2. Lausar skuldir?
b. Hvað er talið, að afborganir og vaxtagreiðslur af föstum erlendum lánum nemi miklu í íslenzkum peningum árið 1969?

II. Til landbúnaðarráðherra um stækkun áburðarverksmiðjunnar.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin formlega samþykkt áætlanir Áburðarverksmiðjunnar um fyrirhugaða stækkun?
2. Hvaða áburðartegundir er fyrirhugað að framleiða í áburðarverksmiðjunni eftir stækkunina?
3. Hefur verið gerð nákvæm rekstraráætlun fyrir hina nýju verksmiðju? Og hver verður þá framleiðslukostnaður á hverri köfnunarefniseiningu í hverri áburðartegund, miðað við núgildandi verðlag? Og hvernig er hann borinn saman við verðlag á samsvarandi áburði erlendis?
4. Með hvaða verði á raforku til verksmiðjunnar er reiknað?

Nd. 317. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hauki Sigurðssyni, bónda á Arnarstöðum, Helgafellssveit, eyðijörðina Úlfarsfell í sama hreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Hauks Sigurðssonar, hreppstjóra, Arnarstöðum, Helgafellssveit, Snæfellsnesi.

Jörðin Úlfarsfell í Helgafellssveit hefur verið í auðn á þriðja tug ára. Hún er alveg húsalaus, landlítil og erfiðlega í sveit sett. Verður því að telja harla ólíklegt, að hún byggist aftur. Haukur Sigurðsson og synir hans hafa nytjað þetta eyðibýli í 14 ár. Hreppsnefnd Helgafellssveitar mælir einróma með því, að heimild verði veitt til sölu jarðarinnar. Fylgir hér með bréf um þetta efni, dags. 7. febr. 1969, undirritað af öllum hreppsnefndarmönnum í Helgafellssveit.

Fylgiskjal.

Arnarstöðum, 7. febrúar 1969.

Haukur Sigurðsson bóndi á Arnarstöðum hefur óskað eftir meðmælum hreppsnefndar Helgafellssveitar um kaup á þjóðjörðinni Úlfarsfelli hér í sveit, sem hann og synir hans hafa haft til leiguliðaafnota síðastl. 14 ár.

Hreppsnefndin viðurkennir, að þeir hafa stærra bú en jörð þeirra ber, og hafa þeir notað slægjur og sumarbeit á Úlfarsfelli þau ár, sem þeir hafa haft hana á leigu, og hafa fulla þörf fyrir not hennar. Samþykkir hreppsnefndin því að mæla með því, að þeir fái hana keypta.

Síðasti ábúandi jarðarinnar hafði einnig til afnota eyðijörðina Örlygsstaði, en sú jörð hefur nú verið seld og lögð undir aðra jörð. Úlfarsfell hefur verið í eyði yfir 20 ár, jörðin er það landlítil og alveg húsalaus, að við teljum öruggt, að hún byggist ekki aftur sem sérstakt býli.

Virðingarfyllst,

Haukur Sigurðsson. Hallvarður Kristjánsson. Bergsteinn Þorsteinsson.
Illugi Hallsson. Hinrik Jóhannsson.

Nd. 318. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá og frávísun.

Undirritaður minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1969.

Jón Skaftason.

Nd. **319. Lög** [135. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Afgreidd frá Nd. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 248.

Ed. **320. Lög** [50. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 244.

Nd. **321. Frumvarp til laga** [10. mál]

um Handritastofnun Íslands.

Eftir 2. umr. í Nd., 4. marz.)

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfunefndar háskólans.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands.

Ed. 322. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968 skorti ákvæði um gildistöku laganna.

Til að forða vandkvæðum beri brýna nauðsyn til að lögin öðlist þegar gildi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. janúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 323. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [75. mál]

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

í málinu: Till. til þál. um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins.

Í trausti þess, að ríkisstjórn og utanríkismálanefnd láti semja rökstuddar greinargerðir um Atlantshafsbandalagið og afstöðu Íslendinga til þess með hliðsjón af þróun alþjóðamála, að þau gögn verði lögð fyrir Alþingi og rædd, en ákvarðanir síðan teknar um aðild Íslands að bandalaginu, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 324. Frumvarp til laga [166. mál]

um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

I. KAFLI
Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á að dómi menntamálaráðherra. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Heimilt skal sveitarfélögum og einstaklingum, að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins og samkvæmt reglum, er það setur hverju sinni, að stofna og starfrækja menntaskóla á eigin kostnað.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki síst með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem lögin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með

þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð. Heimilt skal að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki menntaskóla þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 7. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. 10. gr.).

III. KAFLI
Um námsefnið.

9. gr.

a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútna kennslustund af því tagi, er tíðkazt hefur í skólunum. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.

b) Námsefni skólanna skal vera þríþætt: kjarni, kjörsvið og frjálsar valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut, sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta námsefni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Frjálsar valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nýta sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í skyldugreinum sínum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

Í námsskrá og reglugerð skal nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og frjálsra valgreina.

Um val námsgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, er til slíks eru settir. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um valið.

IV. KAFLI
Um námsáfanga og próf.

10. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í námsáfanga (annir) eftir því, sem henta þykir. Í lok hvers námsáfanga skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfanga. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða skólaársins.

Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls.

Nánari ákvæði um lokapróf, mat á hæfni og einkunnir skal setja í reglugerð.

11. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í kjarna og öllum öðrum greinum samkvæmt þeim fyrir-

mælum, er sett eru í reglugerð. Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

Setja má í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er heimili, að menntaskólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi.

12. gr.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er yfirstjórn skólanna skipar eftir tillögum skólastjóra að fenginni umsögn háskólaráðs. Um verksvið prófdómenda skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. KAFLI

Um starfslið skólanna.

13. gr.

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Því skal við hvern menntaskóla skipað í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Yfirkennari** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Deildarkennarar,** er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
5. **Félagsráðunautar,** er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi,** er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja,** er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

14. gr.

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa við háskóla eða aðra jafngilda stofnun prófi í aðalkennslugreinum sínum, er um þekkingarkröfur og námstíma sé sambærilegt við cand. mag.-próf frá Háskóla Íslands. Þeir skulu hafa numið uppeldis- og kennslufræði.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessu ákvæði má veita, er sérstaklega stendur á, enda sé þess vandlega gætt, að hver skóli hafi jafnan á að skipa nægilegum fjölda fullmenntaðra kennara í hverri grein til að stjórna kennslu í greininni.

16. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum. Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

17. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskað að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda yfirstjórn skólanna beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef yfirstjórn skólanna telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda með árs fyrirvara. Yfirstjórn skólanna veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Yfirstjórn skólanna setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

18. gr.

Starfandi kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni, ef eigi koma aðrir styrkir til. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.

Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

19. gr.

Heimilt er yfirstjórn skólanna að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna fyrir menntaskólastigið.

VI. KAFLI
Um húsrými og tæki.

20. gr.

Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhlöðu (sbr. 21. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Yfirstjórn skólanna skal setja sérstaka reglugerð, þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

21. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera bókasafn, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 20. gr.

Kennslustofur skólanna skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Yfirstjórn skólanna skal, strax eftir gildistöku laganna, semja skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI
Um stjórn skólanna.

22. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið. Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa yfirkennari og fulltrúar almenns kennarafundar, svo og fulltrúi nemenda (sbr. 23. gr.). Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Skólastjórn fer með öll þau málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í reglugerð. Um skipan skólaráðs, starfstíma þess og starfsháttu skal að öðru leyti kveðið á í reglugerð.

23. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Formaður nemendaráðs á sæti í skólaráði, með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um nemendaráð. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og hljóta staðfestingu yfirstjórnar skólanna.

24. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjórar Verzlunarskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI
Um heilsuvernd.

25. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu

hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Setja skal í reglugerð sérstök ákvæði um heilsuvernd í heimavistarskólum.

IX. KAFLI
Um reglugerð fyrir skólana.

26. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólunum reglugerð um framkvæmd laga þessara strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og frjálsra valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

X. KAFLI
Um gildistöku laganna.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 58/1946, um menntaskóla, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði snemma árs 1963 til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla. Nefndin skilaði ráðuneytinu tillögum í frumvarpsformi með bréfi, dags. 20. nóvember 1968. Fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Hinn 7. marz 1963 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðar ákvæði um menntaskóla.“ Í nefndina voru skipaðir: Kristinn Ármannsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík, formaður, Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskóla Íslands, Jóhann S. Hannesson, skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni, dr. Jón Gíslason, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og Þórarinn Björnsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Árna Gunnarssyni, fulltrúa í menntamálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður há-

skólarektors, og gegndi hann því starfi þar til í janúar 1966. Hinn 1. september 1965 skipaði ráðherra í nefndina þá Einar Magnússon, rektor, er tekið hafði við stöðu rektors Menntaskólans í Reykjavík, og Guðmund Arnlaugsson, rektor hins nýstofnaða menntaskóla við Hamrahlíð. Loks tók Steindór Steindórsson sæti í nefndinni haustið 1967, er hann hafði verið settur skólameistari Menntaskólans á Akureyri.

Kristinn Ármannsson gegndi formennsku í nefndinni, þar til hann lézt í júní 1966. Þá var Þórarinn Björnsson skipaður formaður, en vegna veikinda hans tók Jóhann S. Hannesson við formennsku í ágúst 1966, og var hann skipaður formaður eftir lát Þórarins Björnssonar í febrúar 1968.

Í árslok 1965 tók þáverandi formaður, Kristinn Ármannsson saman „Stutta bráðabirgðaskýrslu um störf menntaskólanefndar“ (fskj. 1). Vísast til þeirrar skýrslu um störf nefndarinnar fram að þeim tíma. (Þó með þeim sjálfsagða fyrirvara, að hugmyndir og skoðanir nefndarinnar hafa ekki staðið í stað síðan skýrslan var samin.) Nefndin hafði þá haldið 39 fundi. Síðan hafa verið haldnir 17 einstakir fundir í nefndinni auk samfellds fundahalds að Laugarvatni dagana 26.—31. ágúst 1968.

Í fyrrnefndri bráðabirgðaskýrslu er lýst undirbúningi að störfum nefndarinnar og m. a. rakin stuttlega þróun lagasetningar og reglugerða um menntaskóla á Íslandi, svo og skýrt nokkuð frá skipan hliðstæðra skólastiga annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Í lok bráðabirgðaskýrslunnar eru rakin helztu atriði, sem nefndin hafði þá rætt til nokkurrar hlítar, og gerð grein fyrir nokkrum helztu málefnum, sem ráðgert var að taka til frekari athugunar og meðferðar. Samkvæmt lauslegri verkaskiptingu, sem þá hafði verið gerð, sömdu nefndarmenn greinargerðir um nokkur þessara málefna. Af þessum álitsgerðum eru þær, sem beinast varða lagafrumvarp það, er nefndin hefur samið, birtar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Frá því árið 1965 hafa menntaskólarnir í sívaxandi mæli tekið upp margvíslega nýbreytni um ýmis þau atriði, er nefndin hefur tekið til athugunar á fundum sínum, og á sumt af því upptök sín í umræðum nefndarinnar. Ber þar ekki sízt að nefna Menntaskólann við Hamrahlíð, sem frá upphafi hefur troðið nýjar slóðir, enda óbundinn af hefðum og venjum, en raunar er nú svo komið, að í öllum menntaskólunum standa yfir einhverjar breytingar á tilraunastigi, allt frá niðurfellingu einstakra skyldugreina til stofnunar nýrra deilda. Nefndin telur, að slíkar tilraunir verði um sinn heillavænlegasta leiðin til þeirra umbóta á námsefni og kennsluháttum sem augljóslega er þörf á, og hljóti að verða undanfari allsherjar endurskoðunar á námsskrá skólanna. Margar kennslugreinar í menntaskólunum eru að vísu óumdeildar, og að endurskoðun námsefnis þeirra má vinda bráðan bug undir leiðsögn sérfróðra manna í hverri grein. Þess er hins vegar að gæta, að þótt augljós sé nauðsynin á því, að auka fjölbreytnina í námsefni skólanna og fjölga námsleiðum í samræmi við æ margvíslegri þarfir þjóðfélagsins jafnt sem einstaklinga, er engan veginn augljóst hverju af hefðbundnu námsefni skólanna skuli varpa fyrir borð, eða hvað taka skuli upp í stað þess, sem brott er numið. Einnig ber að benda á það, að fyrir ýmsu af því, sem augljóslega skortir á námsskrá skólanna, verður ekki séð í einu vetfangi. Sem eitt dæmi af mörgum má nefna kennslu í þjóðfélagsfræðum, en til hennar skortir bæði menntaða kennara og kennslubækur og raunar, ef svo má að orði kveða, „íslenzkun“ fræðigreinarinnar sjálfrar. Loks má benda á það, að meðan á bæði fyrri og síðari skólastigum er svo margt í deiglunni sem raun er á (t. d. færsla námsefnis niður á lægri aldursstig í barna- og gagnfræðaskólum, hugmyndir um almennt inngangsnám við Háskóla Íslands og endurskoðun á námskröfum einstakra deilda), er ekki tímabært að setja kennslu menntaskólanna of þröngar skorður. Meðan svo er ástatt, eru nýjungar og áframhaldandi tilraunir vænlegasta leiðin til umbóta.

Nefndin telur því eðlilegast af stað farið með því að setja lög um menntaskóla,

er geri hvort tveggja í senn: a) að tryggja þeim þá aðbúð og það svigrúm, sem þörf er á til áframhaldandi tilrauna, endurskoðunar og umbóta í hverjum skóla um sig, og b) að setja þeim markmið og leggja megindrög að skipulagi þeirra, þannig að eigi skorti sameiginleg umgjörð um starf þeirra allra, þótt þeir haldist eigi í hendur um hvaðeina.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli.

Við 1. gr.

Nútímaþjóðfélag krefst æ fleiri manna með þá menntun, sem menntaskólanám er undirbúningur að, einkum vegna vaxandi sérhæfingar á öllum sviðum. Þessar þarfir þjóðfélagsins, sem almenningur í landinu hefur fyrir löngu fundið og skilið, verður ríkisvaldið að uppfylla. Það er þjóðhagsleg nauðsyn, að ætíð sé nægilegum fjölda sérmenntaðra manna á að skipa, en sýna fram á, að við höfum í þessum efnum dregizt aftur úr öðrum sambærilegum þjóðum.

Að því leyti sem þörf þjóðfélagsins á háskólamenntuðum mönnum byggist á efnahagslegum og tæknilegum aðstæðum, er hugsanlegt, — þótt það sé ósennilegt — að hana megi áætla svo nákvæmlega, að hægt sé að tiltaka þann fjölda menntaskóla, sem landið þarfnast. Slík áætlunarframleiðsla á menntamönnum leggur hins vegar þjóðfélaginu þann vanda á herðar um val ungmenna til framhaldsnáms, er naumast yrði leystur í fullu samræmi við hefðir okkar og hugmyndir um sjálfræði þjóðfélagsþegnanna, jafnvel þótt ekki brysti þekkingu og tæki til að spá um það á gelgjuskeiði, yfir hvaða getu til þroska og frama hver og einn býr. Enn fremur er þess að gæta, að útreiknanlegar þarfir þjóðfélagsins eru engan veginn einhlítar til stefnumótunar í menntamálum, óskir og vilji þegnanna, sem renna af fleiri rótum en hinni efnahagslegu einni saman, koma hér eigi síður til greina. Á síðustu áratugum hefur eftirspurn eftir menntun allt fram til 18 eða 19 ára aldurs aukizt gífurlega á öllu því menningarsvæði, sem við teljumst til — og raunar um víða veröld — og er ekki annars að vænta en að sú eftirspurn muni enn fara vaxandi. Í skólamálum, ekki síður en á öðrum sviðum þjóðlífsins kann að reynast nauðsynlegt að sætta og samræma þarfir og getu þjóðfélagsins annars vegar og vilja og óskir þegnanna hins vegar. Í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur það að gerast þannig, að mönnum sé með fræðslu og fortölum beint inn á æskilegar námsbrautir, en ekki með því að lokað sé nokkurri leið til mennta. Af þessum sökum telur nefndin óæskilegt að fjöldi menntaskóla í landinu sé bundinn í lögum. Hins ber þó jafnan að gæta, ekki sízt er velja skal nýjum skólum stað, að menntaskóli, er fullnægi öllum kröfum um starfslið, húsrými og tækjabúnað, er dýr stofnun, og því dýrari hlutfallslega, sem hann er minni.

Þótt það sé meginstefna, að ríkisvaldið kosti menntaskólana, sakir þess hve dýrar og umfangsmiklar stofnanir þeir eru, er sá möguleiki hugsanlegur, að sveitarfélög eða einstaklingar (félagssamtök) hefðu bolmagn til að stofna og reka menntaskóla. Telur nefndin því rétt, að lagaleg heimild sé þar fyrir hendi, en gæta yrði þess vandlega, að slíkir skólar yrðu á engan hátt verr úr garði gerðir en ríkisskólarnir.

Við 2. gr.

Starf menntaskólanna er umfram allt þáttur í viðleitni samfélagsins til að sjá ungmennum fyrir sem hentugustu og hagstæðustu umhverfi svo langt fram eftir þroskaskeiði sínu, sem hver og einn þarfnast. Almennt hlutverk menntaskólanna er að auka við þá menntun, er nemendur hafa hlotið á fyrri skólastigum, sérhlutverk þeirra er að búa nemendur undir háskólanám. Þetta tvöfalda hlutverk merkir engan veginn klofning eða tvískiptingu í starfi skólanna. Það verður æ ljósara, að bezta undirbúningsmenntunin, hvort heldur undir æðra nám eða líf og starf, felst síður í öflun tiltekinnar þekkingar en í almennri andlegri þjálfun, hæfilega skipulagðri reynslu af margháttuðum vitsmunalegum viðfangsefnum, og, ekki sízt, þeim

vinnubrögðum og hugsunarhætti, sem til þess þarf að tileinka sér nýja þekkingu og ný sjónarmið í síbreytilegu umhverfi.

Við 3. gr.

Nefndin telur, að eins og nú horfir sé hvorki æskilegt né gerlegt að stytta heildarnámstíma menntaskólanna, heldur hljóti þeir að verða fjögurra ára skólar, svo sem verið hefur. Nefndin er á einu máli um nauðsyn þess, að nemendur hefji háskólanám fyrr en nú á sér stað, en telur, að úrræða í þessu efni sé fremur að leita í endurskipulagningu yngri skólastiga, einkum miðskólastigsins.

Svo sem vikið er að í athugasemdum við 2. gr., ber ekki að einskorða skilgreiningu þeirrar almennu menntunar, er menntaskólarnir veita, við tiltekið þekkingarefni. Sama máli gegnir um undirbúning undir háskólanám: hinar ýmsu tegundir háskólanáms krefjast margvíslegri undirbúnings en séð verður fyrir í einni sameiginlegri námsskrá allra menntaskólanema. Allt ber því að sama brunni um réttmæti og nauðsyn þess, að nemendur skólanna eigi um að velja svo margar námsbrautir, að þörfum og áhuga sem allra flestra sé gert til hæfis.

Við 4. gr.

Það virðist sjálfsagt, að fylgt sé í menntaskólunum þeirri venju, sem tíðkazt hefur þar jafnt og á öðrum skólastigum, að piltar og stúlkur sæki sömu skóla. Hér er ekki aðeins um að ræða jafnrétti kynjanna, heldur er álitlegs hluta af hinum ónýtta gáfna- og getuforða þjóðarinnar að leita hjá kvenþjóðinni, og starfssvið menntaðra kvenna í þjóðfélaginu enn mikilstil of þröngt.

Tveir nefndarmenn, þeir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, og dr. Jón Gíslason, töldu óæskilegt að fyrir það væri byggt í lögum, að skóli ætlaður öðru kyninu eingöngu gæti orðið menntaskóli, ef það væri í samræmi við sögu og þróun skólans og stuðlaði að aukinni fjölbreytni á menntaskólastiginu. Kom þetta álit fram í umsögn nefndarinnar um tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um leyfi til að brautskrá stúdenta. Skiluðu fyrrgreindir nefndarmenn þar séráliti, er studdi umleitan Kvennaskólans.[1])

Við 5. gr.

Miklun og vaxandi hluta þjóðarteknanna er varið til skólahalds. Rannsóknir og tilraunir, er beinast að því, að það fjármagn, sem varið er í þessu skyni, skili sem mestum og beztum arði, eiga sér bein fordæmi og hliðstæður á flestum sviðum atvinnulífsins. Hinar öru breytingar, sem verða á öllum sviðum þjóðlífsins — í atvinnuháttum, búsetu og menningu — krefjast sífelldrar endurskoðunar á starfsemi skólanna. Þótt svo sé til ætlazt, að rúm sé til tilraunastarfsemi í öllum menntaskólum, þykir rétt að opna heimildarleið til að setja á stofn sérstaka menntaskóla í tilraunaskyni. Ýmsar tilraunir — einkum þær er lúta að meiriháttar breytingum á skipulagi menntaskólanna og tengslum þeirra við önnur skólastig — yrðu auðveldari í framkvæmd í slíkum skólum en í þeim skólum, sem sniðnir eru við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

II. kafli.

Við 6. gr.

Í þessu ákvæði felst fyrst og fremst það, að umsóknir um inngöngu skulu sendar skólunum sjálfum en ekki yfirstjórn skólanna eða annarri miðstöð, er síðan dreifi nemendum á skólana. Enn fremur er svo til ætlazt, að skólarnir skeri sjálfir úr um öll hversdagsleg vafaatriði varðandi rétt einstakra nemenda til inngöngu í þá.

Við 7. gr.

Í 6. grein gildandi laga um menntaskóla er kveðið á um lágmarksaldur til inngöngu. Einsætt virðist að fella beri niður þetta ákvæði og greina á milli skilyrða

1) Sjá fylgiskjal 6.

um undirbúningsmenntun og aldursskilyrða. Staða menntaskólanna í skólakerfinu segir til um það, hverrar undirbúningsmenntunar er krafizt. Að miða þá undirbúningsmenntun við tiltekinn aldur er hins vegar óhyggilegt, bæði vegna einstakra nemenda og vegna kerfisins í heild. Í samfelldu skólakerfi mun að vísu flutningur milli skólastiga jafnan í raun verða tengdur við tiltekinn aldur í langflestum tilfellum, með því að lögbinda þann aldur virðist hins vegar of lítið tillit til þess tekið hve mishraður er þroski nemenda á þessu aldursskeiði, jafnvel þótt heimilað sé að veita undanþágu frá ákvæðum laganna. Eins og nú er ástatt í skólamálum landsins virðist nauðsynlegt að opnar leiðir liggi til endurskoðunar og breytinga á einstökum þáttum og stigum skólakerfisins (sbr. athugasemd við 3. gr. hér að framan), en aldursákvæði núgildandi laga getur aðeins torveldað æskilega þróun af þessu tagi.

Þótt boðleiðir hljóti að liggja milli allra stiga samfellds skólakerfis, verður jafnan að minnast þess, að meginhlutverk slíkra boðleiða er að auðvelda samgöngur, þeim er ekki ætlað að útiloka aðrar leiðir. Nauðsyn jafnt þjóðfélagsins sem einstaklingsins krefst þess, að hæfileikar allra ungmenna komi til skila, en af því leiðir, að engin skólaleið má enda í blindgötu. Verður því að telja sjálfsagt, að fleiri leiðir liggi að menntaskólanámi en boðleiðin um bóknámsdeild miðskóla. Með því einu móti verður það tryggt, að námsleiðarval á gelgjuskeiði hafi ekki í för með sér afsal réttinda, er nemandinn með vaxandi þroska reynist fullhæfur til að færa sér í nyt. Af fjölmennum hópum ungmenna, sem hér kynnu að eiga hlut að máli, vill nefndin einkum benda á gagnfræðinga, en einmitt nú stendur yfir endurskoðun og endurbót á gagnfræðaprófinu, er sennilegt má telja, að auðveldi mjög mat á hæfni gagnfræðinga til að hefja menntaskólanám. Meðal einstaklinga, er tryggð yrðu nauðsynleg réttindi með ákvæðinu um inngöngu af öðrum skólastigum, ber einkum að nefna unglinga, er stundað hafa nám við skóla í öðrum löndum vegna búsetu foreldra sinna þar.

Ef til þess kynni að koma, að tiltekin próf innan skólakerfisins yrðu viðurkennd sem inntökupróf í menntaskóla, svo sem próf úr bóknámsdeild miðskóla er nú, yrðu að sjálfsögðu sett í reglugerð nákvæm fyrirmæli þar að lútandi. Um úrskurð í einstökum og sjaldgæfum tilfellum virðist hins vegar henta bezt, að skólastjórn hafi sem frjálsastar hendur.

Við 8. gr.

Svo kann að vera ástatt um fjárhag eða heilsufar nemenda, að honum henti bezt að stunda nám sitt utan skóla um lengri eða skemmri tíma, og er þá sanngjarnt að hann eigi greiða leið inn í skólann aftur. Sama máli gegnir um þá, sem flytjast í menntaskóla úr hliðstæðum skólum. Orðalagi greinarinnar er ætlað að gefa skólastjórn nauðsynlegt svigrúm í meðferð slíkra tilfella.

III. kafli.

Við 9. gr.

Ákvæði gildandi laga um námsefnið og kennsluna felast í skrá um þær greinar, er kenna skal, og heimild til að fjölga þeim eða fækka. Að baki þessum ákvæðum liggur sú hugmynd, sem á sér langa sögu og langa hefð, að almenn menntun felist umfram allt í kynnum af tilteknum námsgreinum, og jafnframt að tilteknar námsgreinar hafi almennt menntunargildi umfram aðrar greinar. Í tímanna rás hafa greinar horfið af menntaskránni og aðrar komið í þeirra stað, einkum vegna breyttra hagnýtra þarfa, en grundvallarhugmyndin hefur lítið breytzt. Merkasta breytingin er sú, er fram kemur í skiptingu skólanna í máladeild og stærðfræðideild. Þar er gert ráð fyrir samhliða jafngildum námsbrautum, en á hvorri brautinni um sig er eftir sem áður hvert spor ófrjávíkjanlega fyrirskipað. Um nokkurt skeið hefur þótt ljóst, að nauðsynlegt væri að fjölga slíkum námsbrautum innan menntaskólanna, og hefur þá einkum verið rætt um náttúrufræðideild. En jafnframt hefur það álit rutt sér til rúms, að innan menntaskólanna sé ekki aðeins um of fáar námsbrautir að ræða,

heldur sé einnig námsskráin á hverri braut of ósveigjanleg til þess, að hægt sé að sinna misjöfnum þörfum og hæfileikum nemenda að því marki, sem réttmætt og nauðsynlegt má teljast.

Nefndin er einhuga um, að ekki sé hægt að stofna til nauðsynlegra umbóta á námi og kennslu í mentaskólunum með því einu, að breyta námsgreinaskránni eða auka við hana. Annars vegar telur hún það vafasama framför í uppeldislegu tilliti að setja eitt ósveigjanlegt kerfi í annars stað, jafnvel þótt fjölgað sé námsbrautum innan skólans. Hins vegar lítur hún svo á, að vegna hinna öru þjóðfélagsbreytinga, sem yfir standa og telja má víst að framundan séu, væri það að tjalda til einnar nætur að binda það nú í lögum, hvaða greinar séu nauðsynlegar til undirbúnings undir háskólanám, eða í hvaða námsefni felist sú almenna menntun, sem þegnar þjóðfélagsins þurfi á að halda.

Af þessum sökum leggur nefndin til, að felld sé brott úr lögum skrá um kennslugreinar skólanna og að tekin séu upp í hennar stað ákvæði, er myndi almenna umgjörð um námsefni, námsmagn og námskröfur skólanna, en setji í þessum efnum starfsemi þeirra þær skorður einar, er nauðsynlegar þykja til að tryggja það, að markmiði þeirra verði jafnan náð.

Um einstök atriði greinarinnar skal þetta tekið fram:

Einingar námsefnis. Kennsla í menntaskólunum hefur að undanförnu því nær undantekningalaust farið fram í 45 mínútna kennslustundum, og hefur seta nemenda í slíkum kennslustundum verið lögð til grundvallar við mat á námsefni og við skiptingu *námstímans milli greina. Nefndin væntir þess, að breytingar og umbætur* á kennsluháttum skólanna muni fyrr en síðar raska töluvert þessu einfalda hlutfalli milli námsefnis og fjölda kennslustunda, t. d. með því móti, að teknar verði upp mislangar kennslustundir, eftir því, sem henta þykir í hverri grein, eða með því, að ætlaður verði til sjálfstæðrar vinnu nemenda utan kennslustunda meiri tími en nú tíðkast. Í samræmi við þetta er hér lagt til, að námsefnið verði ekki mælt í kennslustundum heldur í einingum er **jafngildi** kennslustundum að yfirferð, þannig að námsefnið sé ákvarðað án þess að sagt sé fyrir um starfshætti í námi eða kennslu. Einingu námsefnis mætti skilgreina á ýmsar lundir, en hentugast virðist að leggja þar til grundvallar meðalkennslustund af því tagi, er tíðkazt hefur. Annars vegar er þess að vænta, að allmikið af kennslu skólanna fari jafnan fram í slíkum kennslustundum, hins vegar er öllum, er hlut eiga að máli, hægðarauki að því, að haldið sé því orðalagi, er nemendum og kennurum er tamast, er þeir meta verkefni sín og afköst.

Kjarni, kjörsvið og frjálsar valgreinar. Sú þrískipting námsefnisins, sem hér er um að ræða, er í samræmi við markmið skólanna eins og það er sett fram í 2. gr. laganna. Kjarnanum er ætlað að vera grundvöllur hinnar almennu menntunar nemenda, á kjörsviði búa þeir sig undir sérnám í háskóla, og í frjálsum valgreinum fær hver þeirra og einn nokkurt svigrúm til að fullnægja einkaþörfum sínum og óskum. Ástæða er til að leggja ríka áherzlu á samhengið milli hinna þriggja þátta námsefnisins. Sú almenna menntun, sem í kjarnanum felst, er að sjálfsögðu jafnframt almennur undirbúningur undir háskólanám, allrækileg kynni af einhverju **einu** þeirra sviða mannlegrar þekkingar, sem kjörsviðin eiga að vera fulltrúar fyrir, er ómissandi þáttur almennrar menntunar, og þótt svo sé til ætlazt, að hinar frjálsu valgreinar geti orðið allsundurleitar, er þeim þó öllum ætlað, hverri á sinn hátt, að efla andlegan þroska nemandans. Þótt allir þættir námsefnisins myndi þannig samfellda heild fyrir sérhvern nemanda, er hverjum þætti engu að síður ætlað sitt sérstaka hlutverk. Hlutverk **kjarnans** er tvíþætt: annars vegar á hann að þjálfa nemendur í meðferð vitsmunalegra tækja — umfram allt móðurmálsins — og kenna þeim vitsmunaleg vinnubrögð, þ. e. a. s. gera þá læsa, talandi, skrifandi og reiknandi í meira en yfirborðslegri merkingu þessara orða, hins vegar á hann, á sem flestum sviðum, að sjá nemendum eftir megni fyrir þeirri þekkingu, sem er grund-

völlur samneytis menntaðra manna, og þeim kynnum af ólíkum fræðilegum viðhorfum og starfsaðferðum, sem eru forsenda gagnkvæms skilnings og samvinnu milli sundurleitra starfshópa menntamanna í fjölskrúðugu menningarþjóðfélagi.

Þegar hlutverki kjarnans er þannig lýst, verður ljósara, hvers vegna hlutur hans í námsefninu er svo stór, sem raun er á. Nefndin lítur eindregið svo á, að ekki beri að auka sérhæfingu í menntaskólunum, heldur muni það reynast fullnægja bezt bæði kröfum háskóla og vinnuveitenda og þörfum þjóðfélagsins og einstaklingsins, að efla umfram allt almenna menntun nemenda, í þeim skilningi, sem hér að framan er lagður í þau orð.

Kjörsviðin hafa einnig sínu sérstaka hlutverki að gegna, og rýrir það, sem að framan er sagt um mikilvægi kjarnagreina, á engan hátt gildi þeirra, þar eð þau hljóta öll að verða efnislega tengd kjarnagreinum. Svo sem áður hefur verið drepið á, er sá þroski, sem vinnst við að einbeita sér á afmörkuðu sviði, veigamikill þáttur almennrar menntunar. En jafnframt er sérhæfing á menntaskólastiginu óhjákvæmileg til undirbúnings undir framhaldsnám í háskóla. Kjörsviðinu er því einnig — og ekki sízt — ætlað að gefa nemendum tækifæri til að fullnægja inntökuskilyrðum einstakra háskóladeilda og búa sig eftir þörfum undir það sérnám, er bíður þeirra í háskólunum.

Frjálsar valgreinar. Þótt hlutverk þessa þáttar sé meðal annars að auka fjölbreytni námsefnisins, er það ekki efnisinnihald greinanna sem skilur hann frá kjarna og kjörsviði. Að sjálfsögðu er svo til ætlazt, að meðal frjálsra valgreina séu greinar, sem hvorki er að finna í kjarna eða á kjörsviðum, og telur nefndin því næsta lítil takmörk sett, hvers konar námsefni kynni hér að reynast boðlegt og eftirsóknarvert. En jafnframt er gert ráð fyrir því, að valfrelsið taki ekki síður til viðbótarnáms í kjarnagreinum og í kjörsviðsgreinum, bæði á kjörsviði nemandans og á öðrum kjörsviðum. Einkum virðist mikilvægt, að nemendur eigi kost á viðbótarnámi á kjörsviði sínu. Enda þótt nefndin sé frábitin aukinni sérhæfingu í menntaskólunum, er henni ljóst, að einstökum nemendum kann að vera bæði hollt og hentugt að afla sér á einu sviði rýmri eða rækilegri þekkingar en almennt er krafizt til stúdentsprófs.

Önnur atriði. Í umræðunum um valfrelsi í skólum hefur þess orðið vart, að ýmsir óttast að valfrelsið kunni að hafa það í för með sér, að slegið verði af námskröfum, gildi fullnaðarprófa rýrni, og los komist á hugmyndir manna um markmið skólanna. Nefndin telur því rétt að benda á það, að auk þess sem hlutur frjálsra valgreina í námsefninu er mjög lítill, eru með ákvæðum um kjarna og kjörsvið reistar öflugar skorður gegn hvers kyns upplausn í náminu. Að því er varðar hæfni nemenda til að velja sér sjálfir námsefni, skal á það bent, að samkvæmt þeim lögum, sem í gildi eru, velja nemendur menntaskólanna sjálfir hömlulaust um deildir, og hefur ekki verið talinn skaði að því. Hversu litla ábyrgð það valfrelsi, sem hér er um að ræða, leggur nemendum á herðar, sézt glöggt, þegar þess er minnzt, að unglingum er nú gert að velja, þegar við 15 eða 14 ára aldur, milli námsbrauta er aldrei koma saman aftur.

IV. kafli.

Við 10. gr.

Þótt sjálfsagt sé að miða við skólaárið um allt ytra skipulag skólanna, rekstur þeirra og fyrirkomulag kennslunnar í stórum dráttum, getur af uppeldis- og kennslufræðilegum orsökum reynzt æskilegt að skipta því í námsáfanga. Slík skipting hefur þegar verið reynd í tveimur menntaskólum og gefið þar góð fyrirheit; er ljóst að hún getur, er fram líða stundir, stóraukið tækifæri til margs konar umbóta á kennsluháttum. Umfram allt er þess að vænta, að með styttri námsáföngum veitist skólunum léttara að rækja þá skyldu sína, er þeir hingað til hafa af margvíslegum ástæðum ekki rækt sem skyldi, að fylgjast jafnt og þétt með framgangi nemendanna, tryggja jafnan og stöðugan árangur af náminu, afstýra óþörfu falli og náms-

töf, aðstoða þá, sem aftur úr dragast, og beina í tæka tíð inn á aðrar námsbrautir þeim, sem ekki eiga sér viðreisnar von í menntaskóla.

Segja má, að til þessa hafi prófin verið helzta, ef ekki eina tæki skólanna til þess bæði að fylgjast með framgangi nemenda og meta endanlegan árangur af námi þeirra. Með fleiri eða færri prófum á námsárinu — jólaprófum, miðsvetrarprófum og rangnefndum skyndiprófum á ýmsum tímum — hafa kennarar leitazt við að kanna þekkingu nemenda og gefa þeim vitneskju um framgang sinn í náminu. En hlutverk þessara prófa hefur í sívaxandi mæli orðið það eitt, að dæma um námsárangur nemenda og leggja grundvöll að einkunnagjöf. Vetrareinkunnir kennara, sem ætlað er að vega upp það, sem prófin skortir á um öryggi og nákvæmni, byggjast nú iðulega að langmestu leyti á prófum. Meginþunginn í þessu efni hefur þó hvílt á ársprófinu, en samkvæmt gildandi ákvæðum á það að skera úr um rétt nemandans til að setjast í næsta bekk. Kennslugildi og leiðbeiningargildi hafa prófin nú lítið sem ekkert, enda vafasamt að þau hafi nokkurntíma haft það. Hitt hefur ekki síður verið alvarlegur ágalli á skólunum, að þeir hafa ofmetið úrskurðargildi prófanna. Að kennurum sé þegar orðið þetta ljóst, má sjá af því, að allir skólarnir hafa á undanförnum árum breytt að einhverju marki reglum sínum um vorpróf og flutning milli bekkja, einkum í þá átt að leyfa nemendum að endurtaka ársróf. Í þessum breytingum felst augljós réttarbót fyrir nemendur, en umbætur á sjálfum prófunum og prófakerfinu hafa þær að sjálfsögðu ekki haft í för með sér.

Óumdeilanlegt er, að um allt er lýtur að mati á hæfni nemenda og námsárangri þeirra, höfum við dregizt langt aftur úr sambærilegum þjóðum, ekki sízt á framhaldsskólastigum. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að til slíks mats eigi skólarnir í framtíðinni yfir að ráða fleiri tækjum en nú, og að hverju slíku tæki — þar á meðal prófum af svipuðu tagi og nú tíðkast — verði ætlað sitt sérstaka hlutverk í heildarmati skólans á hæfni nemandans. Leggja ber áherzlu á, að skilyrði til þess, að svo megi verða, er annars vegar stórbætt starfsaðstaða kennaranna, bæði um vinnuálag og vinnustaði, og hins vegar fræðslu- og upplýsingastarfsemi þeim til handa, af því tagi, sem nú er nánast óþekkt á menntaskólastiginu.

Við 11. gr.

Af sögulegum ástæðum og vegna tengsla við frændþjóðir og háskóla grannlanda er heitinu „stúdentspróf“ haldið, þótt í nokkuð breyttri merkingu sé. Það merkir hér hvorki einstök lokapróf né flokk lokaprófa á síðasta námsári nemandans, heldur er heildarheiti á menntun og lærdómi nemandans, er hann hefur uppfyllt allar námskröfur skólans.

Um þann greinarmun, sem hér er gert ráð fyrir á því að standast próf í grein og ljúka prófi í henni, ber að taka þetta fram: Að standast próf merkir að sjálfsögðu að ná lágmarkseinkunn. Það er álit nefndarinnar, að meðaleinkunn eigi ekki að skera úr um það, hvort nemandi hefur á prófum staðizt námskröfur skólans. Yfirgnæfandi meirihluti nefndarinnar er því þó mótfallinn að krefjast skilyrðislaust lágmarkseinkunnar í hverri grein. Telur hann, að með því væri gengið fram hjá þörfum þeirra nemenda, sem hafa til að bera óvenjulega hæfileika á sumum sviðum, þótt þeir eigi í örðugleikum á öðrum, en slíkir menn eru oft á meðal þeirra, sem þjóðfélagið hefur sízt ráð á, að verði af góðri menntun. Hins vegar er nefndin sammála um, að sjálfsagt sé að setja lágmarkskröfur um einkunn í öllum greinum á kjörsviði nemenda, þar eð svo er til ætlazt, að nemendur velji sér kjörsvið í samræmi við hæfileika sína og áhuga. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því, að í reglum um prófkröfur til stúdentsprófs verði nemanda leyft að ljúka prófi í einstökum greinum utan kjörsviðs síns án þess að ná þar lágmarkseinkunn.

Tillaga nefndarinnar um heimild til að taka upp í menntaskólunum annað fullnaðarpróf en stúdentspróf er algjört nýmæli og krefst nokkurrar skýringar. Á undanförnum árum hefur það farið í vöxt, að stúdentar hættu námi eftir stúdentspróf eða innrituðust í háskóla til skammrar dvalar og án þess að hyggja á lokapróf. Er

þannig þegar um að ræða nokkurn hóp nemenda í skólunum sem ýmist þarf ekki á að halda rétti sínum til inngöngu í háskóla eða færir hann sér ekki í nyt. Bendir margt til þess að fyrir þörfum þessara nemenda yrði bezt séð með því, að gefa þeim kost á mennaskólanámi, sem ekki sé bundið af inntökuskilyrðum háskólanna, heldur fyrst og fremst sniðið við hina sívaxandi þörf á mönnum með góða almenna menntun til starfa á fjölmörgum þjóðfélagssviðum. Kæmi þá mjög til greina að bjóða slíkum nemendum kjörsvið almennara eðlis en þau, sem ætluð eru til háskólaundirbúnings, þar á meðal kjörsvið hagnýtra greina. Til að þreifa fyrir sér við undirbúning slíkra almennra eða hagnýtra kjörsviða, gætu skólarnir sem bezt notfært sér það svigrúm, er hinum frjálsu valgreinum er ætlað að gefa þeim.

Loks skal á það bent, að sú breikkun á starfssviði menntaskólanna, sem hér er um að ræða, getur, með því að leggja til bæði fordæmi og fyrirmynd, opnað greiðari leiðir til þess, að öllum almennum framhaldsskólum verði smátt og smátt breytt í menntaskóla — með stúdentsprófi eða án þess — eftir því sem krafan um skólagöngu flestra eða allra þegna þjóðfélagsins til 18 eða 19 ára aldurs vex, svo sem vænta má að hún geri.

Við 12. gr.

Skólunum sjálfum, nemendum þeirra og þeim skólum, sem við nemendunum eiga að taka, er öllum jafnt þörf á því öryggi, sem umsjón utanaðkomandi prófdómenda með lokaprófum veitir. Hins vegar er þess að gæta, að með vaxandi nemendafjölda verður umsjón prófdómenda, eins og störfum þeirra er nú háttað, æ kostnaðarsamari, auk þess sem reynsla sumra annarra landa bendir til þess, að beinlínis geti orðið hörgull á hæfum mönnum, er hafi tíma aflögu til að sinna slíkum störfum. Þykir því ekki rétt að kveða nánar á í lögum en hér er gert um verksvið og starfsháttu prófdómenda. Hlutverk prófdómenda ákvarðast nú einkum af gamalli hefð, sem ekki er lengur öflugri en svo, að talsverður munur er á störfum prófdómara frá grein til greinar og frá skóla til skóla. Er því brýn nauðsyn að sett séu í reglugerð, og e. t. v. einnig í erindisbréfi, skýr ákvæði um verksvið prófdómenda.

V. kafli.

Við 13. gr.

Svo kann að virðast, sem upphafsákvæði þessarar greinar sé sjálfsagt og þar með óþarft. Nefndin telur hins vegar, að reynslan sýni annað. Með sívaxandi aðsókn að mentaskólunum verður að telja sennilegt, að þeir hljóti á stundum af illri nauðsyn að taka að sér til skamms tíma umfangsmeiri hlutverk en þeir í rauninni hafa aðstæður til. Er þá þessu ákvæði ætlað að girða fyrir þá hættu, sem sífellt vofir yfir mennsku samfélagi, að neyðarúrræði og bráðabirgðaráðstafanir verði smám saman talin viðunanleg til frambúðar.

Nefndin telur, að aldrei verði of mikil áherzla lögð á það, að meginforsenda fyrir öllum öðrum umbótum á menntaskólunum og jafnframt fyrir áframhaldandi heilbrigðri þróun þeirra er stórfelld umbót á starfsskilyrðum skólanna. Á engri umbót er þar brýnni þörf en þeirri, að skólunum sé betur en nú gerist séð fyrir því fjölbreytta starfsliði, sem þeim er nauðsynlegt. Í starfsmannaskrá þeirri, sem tekin er upp í greinina, er að sjálfsögðu höfð nokkur hliðsjón af þeim kröfum, sem í grannlöndum okkar eru gerðar um starfslið skóla. Hitt er þó meira um vert, að í skránni eru ekki talin önnur störf en þau, sem þannig eru vaxin, að skólastjórar menntaskólanna, ýmist hver um sig eða allir saman, telja sig af daglegri reynslu geta fullyrt, að skortur á sérstökum mönnum til að gegna þessum störfum hái því alvarlega, að skólastjóri geti gert skyldu sína við skóla og nemendur.

Nefndin vill sérstaklega benda á það, að enda þótt fjöldi starfsmanna fari að nokkru eftir stærð skólanna, er fjöldi þeirra starfa, sem gegna þarf, alls staðar hinn sami eða því sem næst.

Við 14. gr.

Með breyttu skipulagi og nýjum kennsluháttum er þess að vænta, að riðlist sú skipting í fastar bekkjardeildir, sem tíðkazt hefur til þessa. Þykir því hentara að miða tölu fastra kennara við tiltekinn nemendafjölda, en ekki við bekkjardeildir eins og gert er í gildandi lögum.

Við 15. gr.

Nefndin telur óhjákvæmilegt, að haldið sé ákvæðum eldri laga um fullgilda undirbúningsmenntun menntaskólakennara, meðal annars til þess, að jafnan sé ljóst, hvers eðlis og á hvaða lærdóms- og þekkingarstigi kennslu í menntaskólunum er ætlað að vera, virðist þá eðlilegast að miða kröfur um menntun kennaranna við námsgráðu, sem háskóli landsins veitir. Þó virðist ekki síður óhjákvæmilegt, að heimil sé undanþága frá þessum ákvæðum. Nú þegar er nokkur skortur á fullmenntuðum menntaskólakennurum — einkum í þeim greinum, þar sem skólarnir keppa um starfsmenn við aðra vinnuveitendur (þar á meðal aðrar ríkisstofnanir), sem bjóða betri launakjör — og er í þessu efni lítil von um breytingu til batnaðar, sízt af öllu meðan aðsókn nemenda að skólunum vex svo ört, sem hún gerir nú. Má því telja fullvíst, að skólarnir verði að vera við því búnir, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að talsverðan hluta kennaraliðs þeirra skorti þá fyllstu menntun, sem æskileg er. Nefndin lítur svo á, að allmikinn hluta þeirrar kennslu, sem fram fer í menntaskólunum, megi án nokkurrar áhættu fela kennurum, sem ekki hafa fullgilda undirbúningsmenntun, hefur hún þar af augljósum ástæðum einkum í huga kennara með BA-próf frá Háskóla Íslands. Hins vegar telur hún, að ekki verði með góðu móti öðrum en fullmenntuðum kennurum falið að skipuleggja kennsluna í hverri grein, meta hlut hennar í heildarnámsefni skólanna, fylgjast með nýjungum og stýra tilraunum, og setja kennslunni á hverjum tíma mið í samræmi við breyttar kröfur og þarfir. Lágmarksfjöldi fullmenntaðra kennara við hvern skóla er sá fjöldi, sem til þess þarf, að þessum þætti í starfi kennaranna sé jafnan fullur sómi sýndur.

Við 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar um kennsluskyldu kennara og skólastjóra eru tekin óbreytt úr gildandi lögum og ákvæðin um vinnu kennara utan kennslustunda án teljandi breytinga. Þar eð þessi ákvæði varða kjaramál, treystir nefndin sér ekki til þess — enda telur það tilgangslaust — að leggja til um breytingar á þeim. Tvennt skal þó tekið fram. Varðandi þann hámarksstundafjölda, sem kennurum er nú gert að kenna, vill nefndin leggja áherzlu á, að hann er að hennar dómi stórum of hár og samræmist illa þeim kröfum, sem gera verður um eðli og gæði menntaskólakennslu. Varðandi hin nokkuð óljósu ákvæði um vinnu kennara utan kennslustunda er rétt að benda á það, að til greina kemur að fella þau niður með öllu, þar eð skýr og ótvíræð ákvæði 13. greinar hér að framan leysa þau að mestu eða öllu af hólmi.

Við 17. gr.

Það er einróma álit nefndarinnar, að skólarnir megi ekki án vera ákvæðanna um orlof kennara og að frekar beri að rýmka þau en þrengja. Að öðru leyti leggur nefndin ekki til efnislegar breytingar á gildandi ákvæðum, enda er hér um að ræða kjaramál.

Við 18. gr.

Tilefni og tilgangur fyrri hluta greinarinnar skýrist af því, sem þegar er sagt í athugasemdum við 15. grein. Varðandi síðari hlutann skal aðeins á það minnzt, sem lýðum er ljóst, að á okkar dögum getur engin stétt, kennarar sízt allra, menntað sig til starfs í eitt skipti fyrir öll.

Við 19. gr.

Þess eru dæmi, að beðið hafi verið jafnvel áratugum saman eftir kennslubók fyrir menntaskólastigið, vegna þess, að enginn hefur haft tíma til að semja hana.

Það er mikil vandi að semja góða kennslubók, og verður það ekki gert í hjáverkum. Auk þess krefst nú hin öra þróun í vísindum og kennsluháttum tíðari endurnýjunar kennslubóka en þörf hefur verið á til þessa. Þykir því rétt, að heimild sé til þess að veita kennurum orlof sérstaklega í þessu skyni.

VI. kafli.

Við 20. gr.

Um húsnæði skólanna gegnir sama máli og um starfslið þeirra, að stórfelld aukning umfram það, sem tíðkazt hefur, er algjört skilyrði fyrir öllum umbótum og framförum. Vegna hraðvaxandi aðsóknar er ekki ósennilegt, að skólarnir hljóti iðlega um stundarsakir að búa við þröngan húsakost. Ríður þá á því, að starfsmönnum þeirra og stjórnendum falli eigi úr minni, hvað æskilegt er í þessum efnum, né heldur hvað það er, sem með engu móti verður komizt af án. Er því þörf skýrra lagaákvæða um þörf skólanna og rétt á húsnæði. Ákvæðið um sérstaka reglugerð um þessi efni er sett með hliðsjón af því starfi, sem þegar er hafið í byggingadeild menntamálaráðuneytisins. Gera verður ráð fyrir því, að skólar í örum vexti þurfi að grípa til þess óyndisúrræðis að leigja sér húsnæði, og er þá nauðsynlegt, að því séu takmörk sett, hversu langt burt frá skólalóð megi leita um slíkt.

Við 21. gr.

Af öllu því, sem nú tefur umbætur á starfsemi menntaskólanna og hamlar því, að upp séu teknir kennsluhættir í samræmi við beztu vitund kennaranna um fræðslu og uppeldi, er fátt eins áþreifanlegt og skorturinn á bókasöfnum og lestrarsölum. Má til dæmis benda á það, að kröfunni um meiri sjálfstæða vinnu nemenda, sem segja má að sé orðin eins konar samnefnari fyrir almenna óánægju með vinnubrögð skólanna, verður með engu móti sinnt meðan bókakostur skólanna og vinnurými nemenda í húsakynnum skólans er svo gjörsamlega ófullnægjandi sem raun er á.

Leggja ber áherzlu á það, að allar greinar, sem kenndar eru í menntaskóla, eru sérgreinar í þeim skilningi, að til kennslu í sérhverri þeirra þarf í flestum eða öllum kennslustundum á að halda sérstökum bókakosti, sérstökum hjálpargögnum og sérstökum kennslutækjum. Þess vegna er hér lagt til, að kennslustofur skólanna verði eftir föngum sérkennslustofur, búnar til kennslu í einstökum greinum eða flokkum skyldra greina.

Skrá sú um nauðsynleg rit og tæki, sem hér er lagt til að skólunum verði séð fyrir, á sér fyrirmyndir um víða veröld. Er skólunum brýn nauðsyn á þeim leiðbeiningum, er slík skrá myndi veita, meðal annars um það, hvernig bezt verði varið þeim fjármunum, er til þessara þarfa eru ætlaðir á hverjum tíma.

VII. kafli.

Við 22. gr.

Sú breyting á skipan skólastjórnar, sem hér er lögð til, miðar fyrst og fremst að hagnýti og hagræði. Ótal margt í stjórn skólanna, frá agamálum til fjármála, er þannig vaxið, að almennur kennarafundur í stórum skóla er illa til þess fallinn að fjalla um þau fljótt og vel, bæði fyrir stærðar sakir og ókunnugleika. Er því hentugra að fela megnið af framkvæmdastjórn skólanna fámennari hópi, sem þannig sé skipaður, að tryggð sé sú hlutdeild kennaranna í stjórn skólans, sem réttmæt er og skólanum nauðsynleg.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laga og reglugerðar er stjórn skólanna að mestu í höndum kennarafundar. Í framkvæmd hefur hins vegar úrskurðarábyrgð um mikinn fjölda mála verið lögð á herðar skólastjóra eins. Er því nauðsyn, að í reglugerð sé skýrt kveðið á um valdsvið skólastjóra og verkaskiptingu milli hans, skólaráðs og almenns kennarafundar.

Við 23. gr.

Hvarvetna þar, sem vikið er að breyttum og bættum kennsluháttum í þessari greinargerð, hefur nefndin ekki aðeins í huga afkastameiri og árangursríkari þekkingarmiðlun, heldur vakir það einnig, og umfram allt, fyrir henni að breyta skólunum í þá átt, að starf þeirra megi verða öflugri þáttur í lífi nemendanna, og þá um leið hlutur nemendanna í skólastarfinu miklu meiri en nú á sér stað, þannig að með rétti og einhverri von um árangur megi krefjast af nemendum meiri áhuga, meiri ábyrgðar og virkari samvinnu en nú er almennt að vænta af þeirra hálfu. Tillaga nefndarinnar um nemendaráð er af þessum toga spunnin. Með því að veita nemendum hlutdeild í stjórn skólanna er enn fremur komið til móts við vaxandi kröfu æskufólks um samábyrgð á þeim málefnum, er það varðar sérstaklega. Réttmæti þeirrar kröfu má meðal annars marka af framtaki og dugnaði nemenda í félagsmálum sínum, og er það athyglisvert, hversu mjög skortir á eðlileg tengsl milli félagsstarfs nemenda og náms þeirra og hversu lítinn stuðning þessir tveir meginþættir í skólalífinu hafa hvor af öðrum. Loks má benda á það, að úr nemendaráði getur, ef vel tekst til, orðið mikilvægt tæki til þjóðfélagsleg uppeldis nemenda. Í lýðræðisþjóðfélagi er nauðsynlegt að beina sem fyrst inn á þroskavænlegar brautir heilbrigðri tortryggni og mótþróa þess, sem stjórnað er, gegn stjórnandanum, til dæmis með því að leyfa honum eftir föngum að kynnast því af eigin raun, í hverju felst ábyrgð þeirra, sem stjórna skulu.

Félagssamtök nemenda eru skipulögð með sínu móti í hverjum skóla, enda aðstæður og sögulegar forsendur hvergi hinar sömu. Við suma skólana er þegar sprottinn vísir að sjálfstjórn nemenda, svo að með nýmælinu um nemendaráð er ekki stofnað til neinnar byltingar. Virðist því henta bezt að setja ekki almennar reglur um skipan og störf nemendaráðs, heldur láta hefðir og venjur á hverjum stað ráða sem mestu um þróun mála.

Við 24. gr.

Nefndin telur æskilegt og eðlilegt, að skólar á menntaskólastigi séu af mörgu tagi, svo sem nú er, og síður en svo nauðsynlegt, að allir skólar af sama tagi séu eins um allt. En þótt nefndin mæli ekki með samræmingu skólanna umfram það, sem nauðsyn krefur, telur hún að þeim gæti öllum orðið margvíslegt gagn að nánari og skipulegri samvinnu en nú á sér stað milli þeirra. Augljós þörf er á slíkri samvinnu um allt er lýtur að verkaskiptingu milli einstakra skóla eða skólagerða, svo sem ráðgjöf um skólaval og flutning nemenda milli skóla, tilraunir og nýjungar í kennsluháttum, framboð á námsgreinum, sem lítil eftirspurn er eftir o. s. frv. Einnig mætti, að því er skóla í Reykjavík varðar, benda á hugsanlega sameign skólanna á dýrum bókum og tækjum og jafnvel byggingum, og er með því á engan hátt dregið úr fyrri ummælum um þarfir hvers skóla um sig í þeim efnum.

VIII. kafli.

Við 25. gr.

Um heilsuvernd nemenda hafa heimavistarskólar utan þéttbýlis algjöra sérstöðu, sem af eðlilegum ástæðum er ekki tekin til greina í gildandi reglugerð. Til heilsugæzlu í slíkum skólum þarf hjúkrunarkonu í fullu starfi, eins þótt héraðslæknir kunni að sitja í grennd við þá. Að öðrum kosti er lögð á skólastjóra þyngri ábyrgð um líf og heilsu nemenda en sanngjarnt verður talið.

IX. kafli.

Við 26. gr.

Frumvarp þetta felur að mestu leyti í sér almenna umgerð um menntaskóla, stöðu þeirra í skólakerfinu, hlutverk, kennslu, starfslið og starfshætti. Ef frumvarpið verður að lögum, verða þau lög því fyrst og fremst rammalög. Fjölmörgum atriðum, sem greind eru í frumvarpinu, þarf að gera frekari skil í reglugerð, og sum-

um þarf að skipa þar að stofni til. Mælir þessi grein frv. því fyrir um setningu reglugerðar. Er ljóst, að mjög þarf til hennar að vanda. Núgildandi reglugerð um menntaskóla heldur gildi eftir því sem við getur átt, unz ný reglugerð er sett.

Jóhann S. Hannesson. Steindór Steindórsson. Birgir Thorlacius.
Broddi Jóhannesson. Guðm. Arnlaugsson. Ármann Snævarr. Jón Gíslason.

Með fyrirvara:
Einar Magnússon.

Fylgiskjöl:

1. „Stutt bráðabirgðaskýrsla um störf menntaskólanefndar" tekin saman af Kristni Ármannssyni, des. 1965. (Fyrri hluti.)
2. Álit sérnefndar, er falið var að athuga um tengsl menntaskóla og lægri skólastiga, dags. 29. okt. 1964.
3. „Könnun á tengslum háskóla og menntaskóla" (álit sérnefndar), sept. 1965.
4. „Vinnuaðstaða nemenda, kennara og skólastjóra", álitsgerð dr. Jóns Gíslasonar, dags. 6. des. 1965.
5. „Eiga hagnýtar námsgreinar heima í menntaskóla?", álitsgerð dr. Jóns Gíslasonar, dags. 6. des. 1965."
6. Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta:
   a) Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar.
   b) Sérálit Birgis Thorlacius, stutt af dr. Jóni Gíslasyni.

Fylgiskjal I.

Stutt bráðabirgðaskýrsla um störf menntaskólanefndar.

(Tekin saman af Kristni Ármannssyni í desember 1965. — Seinni hluti skýrslunnar ekki birtur hér.)

Störf nefndarinnar.

A.

a. Yfirlit og upphaf.

Með bréfi, dags. 7. marz 1963, skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, 7 manna nefnd „ til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla". Þessir voru í nefndinni: Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Broddi Jóhannesson, skólastjóri, Jóhann Hannesson, skólameistari, Jón Gíslason, skólastjóri, Kristinn Ármannsson, rektor, og Þórarinn Björnsson, skólameistari. Auk þess var skipaður ritari nefndarinnar Árni Gunnarsson, fulltrúi í Menntamálaráðuneytinu. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður háskólarektors í nefndinni að beiðni rektors. Og 1. sept. 1965 skipaði ráðherra rektorana Einar Magnússon og Guðmund Arnlaugsson einnig í nefndina. —

Eins og kunnugt er, starfa menntaskólarnir — eins og flestir íslenzkir skólar — samkvæmt fræðslulögunum frá 1946—47, menntaskólarnir, nánar tiltekið, samkv. lögum nr. 58 7. maí 1946. Merkustu ártöl í sögu menntaskólanna á þessari öld að því, er breytingar snertir, eru þessi: 1904, þegar ný reglugerð var sett fyrir Latínuskólann í samræmi við breytingu á latínuskólum í Danmörku og víðar á Norðurlöndum 1903. Þar komu í stað gömlu latínuskólanna fjögurra ára miðskólar (mellemskoler) og þriggja ára menntaskólar (gymnasier). Á Íslandi var gamla 6 ára Latínuskólanum breytt í Hinn almenna menntaskóla með þriggja ára gagnfræðadeild og

þriggja ára lærdómsdeild. Næsti merkisviðburður var 1919, þegar lærdómsdeildinni var skipt í máladeild og stærðfræðideild. Árið 1937 var samin og samþykkt ný reglugerð fyrir Hinn alm. menntaskóla, sem nú hlaut sitt núverandi nafn, Menntaskólinn í Reykjavík. Aðalbreytingin, sem þessi reglugerð gerði á skólanum, var sú, að gera tvo fyrstu bekkina gagnfræðadeild, en hina fjóra menntadeild, sem lyki með stúdentsprófi. Auk þess var nokkur tilfærsla á einstöku námsgreinum. Loks koma svo 1946 ofangreind lög um menntaskóla og í framhaldi þeirra Reglugerð fyrir menntaskóla 1951. Lögin (og reglugerðin) héldu sömu skipan um tímalengd menntaskóla, þó að þessir skólar séu víðast hvar á Norðurlöndum þriggja ára, aðallega af því, að ekki þótti fært að komast yfir sama námsefni á þremur árum, þar sem námstíminn í íslenzku skólunum er svo miklu styttri en í erlendu skólunum. —

Fræðslu- og kennslumál hafa mjög verið á döfinni síðustu áratugi í nálega öllum menningarlöndum. Jafnvel þegar **Bretar** áttu mest í vök að verjast á síðari heimsstyrjaldarárunum, létu þeir sig fræðslumálin miklu skipta og settu ný lög um þau mál árið 1944 (The Butler Act). Mikilvægustu ákvæði þessara laga voru hækkun á skólaskyldualdri (upp í 16 ár) og breyting á deildaskiptingu framhaldsskólanna (11—16). Framhaldsskólarnir (Secondary Schools) skiptast í 3 deildir eða flokka: 1) Secondary Grammar Schools, sem leggja áherzlu á bóklegt nám og eru einkum ætlaðir nemendum, sem ætla að stunda háskólanám; 2) Secondary Technical Shools, þar sem lögð er áherzla á raunvísindi og 3) Secondary Modern Schools, sem ætlaðir eru þeim, sem ekki eru tækir í hina tvo flokkana. Þessir skólar samsvara að mestu leyti gagnfræðastiginu hér. Menntaskólarnir (The Sixth Form, eða 6. bekkur) eru tveggja til þriggja ára. Þeir leggja áherzlu á undirbúning undir háskólanám og skiptast aðallega í tvær deildir, hugvísinda- og raunvísindadeild. Nemendur hafa aðeins fáar höfuðnámsgreinar, en geta svo valið sér aukagreinar. Þeir vinna oft saman í smáhópum (6—8). Í Bretlandi hefur mjög færzt í aukana skólafyrirkomulag, sem Bandaríkin og Svíþjóð hafa tekið upp, hinir svonefndu Comprehensive Schools. Þessir skólar eru tiltölulega nýtilkomnir (sá fyrsti var stofnaður 1957). Hafa þeir naumast fengið fulla reynslu og eru því enn nokkuð umdeildir. Eins og nafnið gefur til kynna eru þeir „yfirgripsmeiri“ og fjölbreyttari en aðrir framhaldsskólar og innganga í þá er auðveldari en í aðra framhaldsskóla. Fyrsta árið eru nemendur í smáhópum, 4—16 í hóp, á meðan verið er að reyna þá. Eftir fyrsta árið eru þeir svo greindir í bekki og nám eftir mismunandi hæfileikum, en tilfærslur milli bekkja og námsefnis eru þeim síðar auðveldaðar. Þetta eru mjög fjölmennir skólar, oft með 2000—3000 nemendum.[1])

Næstir koma svo **Íslendingar** með skólalöggjöf sína frá 1946.

Danir höfðu þegar árið 1937 gert allveigamiklar breytingar á skólalöggjöf sinni, einkum að því, er varðaði „miðskólann“ (Mellemskolen). Frekari breytingar töfðust af síðari heimsstyrjöldinni, og ný fræðslulög voru ekki sett fyrr en 1958 með leiðbeiningum og reglum („rauðu bókinni“, 1960). Samkvæmt ákvæðum þessara laga er í framhaldi „aðalskóla“ (hovedskole) þriggja ára gagnfræðaskóli, sem veitir inntöku í 3ja ára menntaskóla. Fyrsti bekkur hans skiptist í 2 deildir, máladeild og stærðfræðideild, en efri bekkirnir 2 skiptast aftur annars vegar í formáladeild, nýmáladeild og þjóðfélagsfræðideild og hins vegar í stærðfræðideild, náttúrufræðideild og þjóðfélagsfræðideild. Auk þess eru kjörgreinar (einkum í málum). Nokkrar greinar eru sameiginlegar (fælles) í öllum deildum og mynda eins konar kjarna.

Þessi ákvæði eru nú í þann veginn að komast í framkvæmd, nema helzt þjóðfélagsfræðideildirnar, enda vantar enn bæði kennara og kennslubækur.

Danir hafa ekki enn séð sér fært að hækka skólaskyldualdurinn, sem er enn einungis til 14 ára.

Stúdentaviðkoman er sú lægsta á Norðurlöndum; 1960 var hún 5.8% af aldurs-

3.6 **Greinar, sem bæta ætti inn eða auka.** Hér er um allmargar greinar að ræða, bæði skyldugreinar og valgreinar. Það eru nokkur tungumál, sem hugsanlegar valgreinar; orðmyndunarfræði í stað fornmála; þjóðfélagslandafræði og þjóðfélagsfræði; heimspeki og saga hennar sem valgrein og nokkrar listgreinar, sem velja mætti úr. Auk þess þarf að **leggja höfuðáherzlu á meiri starfsleikni,** en slíkt ætti að mega tengja ýmsum námsgreinum.

4. Lokaorð.

Könnun þessi á tengslum háskóla og menntaskóla er að mörgu leyti ófullkomin. Í fyrsta lagi er hún að mestu leyti miðuð við Háskóla Íslands. Úr þessu mætti bæta með athugun á sænsku könnuninni, sem birt er í Kraven på gymnasiet eftir Urban Dahllöf, Stockholm 1963. Ef hún er athuguð, má þó sjá, að kröfur verkfræðideilda falla að töluverðu leyti saman við kröfur stærðfræðilegra háskóladeilda. Áður hefur verið bent á hliðstæðu með læknadeild og líffræðilegum háskóladeildum. Í öðru lagi eru spurningar þær, sem sendar voru til háskólakennara, svör við þeim og úrvinnsla svaranna ófullkomin, enda var þessi könnun frumtilraun. Af áhuga þeim og umhugsun, sem hún hefur vakið meðal margra, virðist rétt að endurtaka hana innan fárra ára, og mætti þá ráða bót á einhverju af því, sem miður hefur farið í þessari könnun.

Úrvinnsla úr svörum við spurningum III A og B.

Nr.	Greinar	Deildarmeðaltöl A							Heildarmeðaltal	
		Guðfr.-deild (4)*	Lækna-deild (74)	Laga-deild (35)	Viðsk.-deild (35)	Heimspekid. Ísl.fr. (16)	Heimspekid. B.A. (96)	Verkfr.-deild (21)	A	B
1.	Lestur íslenzkra bókmennta	2.0	0.0	–	0.0	2.8	1.7	0.0	0.86	2.13
2.	Lestur erlendra bókmennta	2.2	0.0	–	0.0	1.0	2.0	0.0	0.88	1.96
3.	Íslenzk bókmenntasaga	1.0	0.0	–	0.0	2.8	2.1	0.0	1.02	2.04
4.	Erlend bókmenntasaga	1.3	0.0	–	0.0	1.0	1.8	0.0	0.79	1.89
5.	Íslenzk málsaga	1.0	0.0	–	0.0	3.6	1.5	0.0	0.84	1.67
6.	Íslenzk málfræði	2.5	1.2	–	1.1	3.6	1.7	1.0	1.53	2.50
7.	Setningafræði og merkjasetning	1.7	1.2	–	1.1	2.6	1.8	1.9	1.83	2.26
8.	Stafsetning	2.0	1.4	–	1.0	3.0	2.2	1.9	1.81	2.81
9.	Íslenzkar ritgerðir	2.5	0.9	–	1.8	3.8	1.6	1.4	1.56	2.81
10.	Danska	2.7	1.7	–	1.7	3.2	2.1	2.6	2.41	2.77
11.	Sænska	2.2	1.3	–	0.5	2.8	1.5	0.4	1.30	1.67
12.	Enska	3.0	3.1	–	2.8	3.2	2.0	2.6	2.60	3.10
13.	Þýzka	3.0	1.3	–	0.3	3.0	1.9	1.7	1.56	2.28
14.	Franska	1.3	0.6	–	0.2	1.0	0.9	0.4	0.67	1.66
15.	Spænska	0.0	0.1	–	0.0	0.2	0.0	0.0	0.04	0.04
16.	Ítalska	0.0	0.1	–	0.0	0.2	0.0	0.0	0.04	0.02
17.	Rússneska	0.0	0.1	–	0.0	0.0	0.0	0.0	0.03	0.35
18.	Latína	3.2	0.7	–	0.0	2.2	1.4	0.0	0.95	1.02
19.	Gríska	3.7	0.0	–	0.0	0.8	0.2	0.0	0.19	0.41
20.	Orðmyndunarfræði (saga og notkun klassískra orða og orðstofna)	3.0	0.3	–	0.5	2.2	1.6	0.4	1.00	1.26
21.	Trúarbragðasaga	3.4	0.0	–	0.0	1.0	0.8	0.0	0.41	1.37
22.	Kristinfræði	3.4	0.0	–	0.3	1.2	0.7	0.0	0.45	1.32
23.	Íslandssaga fyrir 1800	2.0	0.0	–	1.0	2.4	2.0	0.0	1.12	2.60
24.	Íslandssaga eftir 1800	2.0	0.0	–	1.1	2.2	1.4	0.0	0.87	2.30
25.	Mannkynssaga fyrir 1800	3.0	0.0	–	0.8	2.0	1.6	0.1	0.93	1.93
26.	Mannkynssaga eftir 1800	2.2	0.0	–	1.0	1.7	1.7	0.1	0.96	2.16

* Fjöldi innritaðra stúdenta haustið 1964.

Úrvinnsla úr svörum við spurningum III A og B (frh.).

Nr.	Greinar	Deildarmeðaltöl A							Heildarmeðaltal	
		Guðfr.-deild (4)*	Lækna-deild (74)	Laga-deild (35)	Viðsk.-deild (35)	Heimspekid. Ísl.fr. (16)	Heimspekid. B.A. (96)	Verkfr.-deild (21)	A	B
27.	Náttúrulandafræði (fysisk geografi, þ.á.m. haffr. og veðurfr.) og jarðfr.	0.3	0.3	–	0.7	0.2	1.5	0.7	0.85	2.11
28.	Þjóðfélagslandafræði (kulturgeografi, þ. á m. hagræn landafræði)	0.7	0.1	–	1.5	0.2	1.6	0.0	0.89	2.03
29.	Þjóðfélagsfræði (almenn félagsfræði, þjóðhagfræði, stjórnskipunarfræði o. fl.)	2.2	0.0	–	1.3	0.5	1.5	0.0	0.84	2.18
30.	Sálarfræði	2.2	0.6	–	0.8	1.5	0.3	0.0	0.55	1.61
31.	Heimspeki og saga hennar	3.0	0.1	–	0.7	1.8	1.0	0.3	0.71	1.63
32.	Almennur reikningur	0.0	2.8	–	3.0	1.4	0.9	3.7	2.03	2.98
33.	Analytisk geometria	0.7	1.4	–	1.2	0.0	0.3	3.0	0.98	1.46
34.	Stereometria	0.0	1.3	–	0.4	0.0	0.6	2.3	0.88	1.20
35.	Önnur geometria	0.0	1.5	–	1.0	0.0	0.6	2.6	1.05	1.50
36.	Algebra	0.7	1.9	–	1.8	0.0	0.6	3.9	1.41	2.16
37.	Differential- og integralreikningur	0.7	1.3	–	1.2	0.0	0.2	2.7	0.88	1.43
38.	Líkindareikningur og tölfræði (statistik)	0.7	1.2	–	2.0	1.2	0.9	1.6	1.22	1.76
39.	Viðskiptareikningur	0.7	0.1	–	2.7	0.0	0.0	0.0	0.42	1.08
40.	Rekstrarhagfræði	0.3	0.0	–	1.3	0.0	0.0	0.0	0.19	0.94
41.	Bókfærsla	1.0	0.3	–	2.0	0.0	0.2	0.0	0.47	1.49
42.	Vélritun og uppsetning bréfa	1.3	0.5	–	0.8	1.5	0.5	0.7	0.64	2.07
43.	Notkun reiknistokks	0.0	1.8	–	0.5	0.0	0.6	3.1	1.12	1.92
44.	Stjörnufræði	0.7	0.1	–	0.0	0.2	0.7	1.0	0.41	1.43
45.	Eðlisfræði	0.7	2.5	–	0.0	0.2	0.9	3.0	1.38	2.55
46.	Efnafræði	0.7	3.2	–	0.0	0.2	0.6	2.0	1.45	2.43
47.	Almenn líffræði	0.7	2.0	–	0.0	0.2	0.2	0.1	0.71	2.22
48.	Líkams- og heilsufræði	1.0	1.3	–	0.0	0.2	0.2	0.1	0.50	2.05
49.	Dýrafræði	0.7	1.0	–	0.0	0.2	0.4	0.0	0.48	1.78
50.	Grasafræði	0.3	0.7	–	0.0	0.2	0.6	0.0	0.46	1.74
51.	Líkamsrækt	0.7	0.8	–	0.0	0.0	0.0	0.0	0.25	1.80
52.	Teikning	0.7	0.8	–	0.5	0.5	1.6	1.3	1.09	1.72
53.	Myndlistarkynning	1.2	0.0	–	0.0	0.2	0.6	0.0	0.27	1.45
54.	Tónlist (tónfræði, söngur o. fl.)	0.5	0.0	–	0.0	0.2	0.3	0.0	0.14	1.39
55.	Tónlistarkynning	1.5	0.0	–	0.0	0.2	0.0	0.0	0.04	1.41
	Almenn starfsleikni:									
56.	að tileinka sér aðalatriðin í texta	3.7	3.6	–	3.3	3.7	2.9	3.6	3.30	3.64
57.	að tileinka sér aðalatriðin í fyrirlestri	3.0	3.5	–	3.0	3.7	2.6	3.6	3.14	3.34
58.	að nota handbækur og bókasöfn	3.5	3.1	–	3.0	2.8	3.2	2.9	3.10	3.38
59.	að tjá sig skipulega í rituðu máli	3.0	2.4	–	3.3	3.8	2.8	3.1	2.85	3.49
60.	að tjá sig skipulega í mæltu máli	3.0	2.3	–	3.2	3.8	2.0	2.9	2.47	3.40
61.	að setja fram skoðanir um og ræða lesinn texta eða erindi eftir stuttan undirbúning	2.7	0.5	–	2.0	3.3	1.8	2.1	1.58	2.30
62.	að ganga frá einföldum, hagnýtum skrifum, svo sem umsóknum, tilkynningum, auglýsingum	2.3	0.8	–	2.2	2.4	1.6	1.4	1.49	2.59
63.	að kunna að fara með töflur og línurit	1.7	2.5	–	2.3	1.3	1.9	2.6	2.15	2.67
64.	að skipuleggja meiri háttar starf og skýra það munnlega og skriflega	1.7	1.2	–	1.3	1.4	1.4	1.7	1.35	2.15
65.	að undirbúa og framkvæma tilraun í rannsóknarstofu	0.0	2.3	–	0.0	0.0	0.4	0.9	0.92	1.59
66.	að gera stutta en nákvæma grein fyrir tilraun í rannsóknarstofu	0.0	2.7	–	0.0	0.0	0.4	1.0	1.05	1.80

* Fjöldi innritaðra stúdenta haustið 1964.

Fylgiskjal IV.

Vinnuaðstaða nemenda, kennara og skólastjóra.

1. Almennar athugasemdir.

Allt fram á þennan dag hafa menn ekki varið miklum tíma á landi hér til að íhuga þetta mál, vinnuaðstöðu nemenda, kennara og skólastjóra. Nokkrar kennslustofur með misjafnlega góðum töflum, kennaraborð og einhver samtíningur af borðum og stólum fyrir nemendur, herbergiskytra, sem kölluð hefur verið kennarastofa, já, meira hefur eiginlega ekki þurft til að fullnægja hugmyndum Íslendinga um skóla allt fram á síðustu ár, einkum framhaldsskóla.

Allir, sem kynnt hafa sér skólabyggingar í nágrannalöndum vorum, vita, hversu rík áherzla er þar lögð á að skapa sem bezt vinnuskilyrði við skólana fyrir alla, er þar eiga að starfa. Hafa menn fyrir löngu, bæði austan hafs og vestan, gert sér grein fyrir því, að rúmgott og vel skipulagt skólahús er nauðsynlegur grundvöllur árangursríks fræðslustarfs. Er raunar óhætt að kveða svo að orði, að umræður um breytta og bætta skipan á kennslunni séu meira og minna út í hött, ef eigi er jafnframt af fremsta mætti unnið að endurbótum á sjálfu húsnæði skólanna. Þá er eigi nóg að fjölga kennslustofum, heldur verður jafnframt að fullnægja öðrum kröfum um viðunandi skólahúsnæði, ef vel á að vera.

2. Rannsóknir Dana á sviði skólabygginga.

Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri hefur góðfúslega lánað mér skýrslu danska menntamálaráðherrans, K. B. Andersens, um skólabyggingar. Var skýrsla þessi lögð fram á fimmtu ráðstefnu menntamálaráðherra Evrópulanda, sem haldin var í októbermánuði s. l. í Vínarborg. Skýrsla þessi er næsta fróðleg um margt. Fyrst og fremst kemur þar skýrt fram, hversu markvisst Danir hafa unnið á undanförnum árum að því að leysa húsnæðismál skólanna. Er þar í engu rasað fyrir ráð fram, heldur eru allar framkvæmdir byggðar á rannsóknum sérfróðra manna, sem stjórnin hefur falið að gaumgæfa einstaka þætti þessa mikla vandamáls, sem skólabyggingar eru í nútíma þjóðfélagi, m. a. sakir þess, hve háar kröfur eru gerðar til þess konar húsnæðis, svo að það geti þjónað sínu hlutverki sem bezt, og hins vegar vegna hinnar gífurlegu fjárfestingar, sem sí-auknar skólabyggingar hafa í för með sér fyrir hið opinbera.

Raunar ættu niðurstöður þessara merku rannsókna vinaþjóðar vorrar að vera kunnar þeim forystumönnum íslenzkum, sem mest fjalla um þessi mál, því að í skýrslu danska menntamálaráðherrans kemur fram, að samvinna er meðal Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Láta þær hver annarri ýmsar niðurstöður rannsókna í té, skipta með sér ákveðnum rannsóknarefnum, (sbr. skýrsluna, bls. 11, og bls. 13—14). Koma forystumenn á sviði skólabygginga á Noðurlöndum árlega saman til fundar til skiptis í höfuðborgum landanna, næsti fundur t. a. m. á að vera í Reykjavík á ári komanda, 1966.

landaþjóðanna á þessu sviði. Láta þær hver annarri ýmsar niðurstöður rannsókna á þessu sviði í Danmörku. Skal hér bent á nokkur: „Building for Educational Purposes and Estimated Staff Requirements 1961—80", sem birtist 1962. Kemur þar fram, hve gífurleg fjárfesting hlýtur að verða á þessu sviði í Danmörku á þessu tímabili, hún muni nema d.kr. 4300 milljónum (skýrslan, bls. 1). Nefnd á sviði byggingarrannsókna hefur starfað í tengslum við menntamálaráðuneytið. Nefnd þessi hefur nána samvinnu við „Byggingarrannsóknarstofnun ríkisins". Hefur hún gefið út rit til leiðbeiningar við skólabyggingar (skýrslan bls. 6—7) og skyld efni, t. a. m. „The Size of the School and Schooldistrict in Rural Municipalities" (1955), „The School Site" (1958), „The Classroom — its Function and Design" (1957) og „Building Prices for Village Schools".

Enn fremur er lýst í skýrslunni rannsóknum, sem beinast að því að finna leiðir til að lækka byggingarkostnað (skýrslan, bls. 8). Er talinn mikill styrkur að reynslu

Breta í þessum efnum, eins og hún kom fram í skýrslu brezka menntamálaráðherrans á fundi menntamálaráðherra í London 1964.

Áætlanagerð um menntaskóla sérstaklega kemur fram í riti, sem gefið var út 1961 og heitir „Demand for Gymnasium Schools 1980“ (skýrslan bls. 11).

Byggingarrannsóknanefnd menntamálaráðuneytanna lagði fram skýrslu 1955 um „Gymnasiums, Home-Room System — Subject-Room System“ (bls. 11, neðst), þar sem lagt var til, að framvegis yrðu menntaskólar aðeins byggðir samkvæmt skipulagi sérkennslustofa. Á árunum 1957—59 komu út ritin „Subject-Room Gymnasium I“, þar sem greint var frá tölu og stærð skólastofa í menntaskólum af fjórum mismunandi stærðum. Fáanlegt í handriti er ritið „Subject-Room Gymnasium II“, þar sem nákvæmlega er rætt um tilhögun og tæki í einstökum sérkennslustofum (skýrslan, bls. 12).

Af þessu stutta yfirliti hygg ég, að ráða megi, hve ötullega hefur að þessum málum verið unnið í Danmörku. Er enginn efi á, að margt mættum vér af þessum rannsóknum læra. Er ljóst, að hér duga engin vettlingatök, ef vel á að fara. Að láta skeika að sköpuðu, kann ekki góðri lukku að stýra. Horfast verður af fullri einurð í augu við staðreyndir, hversu alvarlegar, sem þær kunna að vera. Æðrulaust raunsæi mun vænlegast til árangurs við lausn þessa vanda.

3. Vinnuaðstaða nemenda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vinnuaðstaða nemenda utan kennslustunda er engin við skóla hérlendis. Að loknum kennslustundum dreifast nemendur, og því miður munu fáir eiga að góðum vinnuskilyrðum að hverfa heima. Ýmisir leita á náðir opinberra bókasafna, þó að þeir séu þar engir aufúsugestir. Samt munu á næstunni vaxa jafnt og þétt þær kröfur, sem gerðar eru til heimavinnu nemenda. Þegar rætt er um breytta kennsluhætti á menntaskólastigi, þá er m. a. átt við með því, að nemendur fái aukið svigrúm til sjálfstæðari vinnubragða en nú. Ef ekki á að sitja hér við orðin tóm, þá er auðsætt, að tryggja verður þeim nemendum, sem þess þurfa, sæmilega vinnuaðstöðu og aðgang að nauðsynlegustu handbókum og öðrum gögnum, er ómissandi mega teljast við lausn verkefna, sem skólinn leggur fyrir þá. Öll rök virðast því hníga að því, að óhjákvæmilegt verði í náinni framtíð að koma upp bókasöfnum fyrir nemendur við menntaskólana. Þar verði fyrir hendi í nægilegum eintakafjölda allar þær handbækur og fræðibækur, sem að beztu manna yfirsýn eiga óhjákvæmilega heima í slíku safni. Við slíkt bókasafn yrði að vera rúmgóður lestrarsalur, þar sem notendum væri tryggð góð aðstaða til vinnu. Auðvitað væri vart hugsanlegt, að tryggja öllum nemendum í fjölmennum skóla sæti í lestrarsal samtímis. Allt ylti því á góðu skipulagi. Hver nemandi ætti að eiga þess kost að vinna að verkefnum sínum á ákveðnum tímum í lestrarsalnum og yrði að fá skírteini um það.

Auðvitað mun mörgum vaxa í augum kostnaður, er leiða mundi af stofnun og rekstri slíkra skólabókasafna. Því verður heldur ekki neitað, að kostnaður yrði óhjákvæmilega mikill. Hins vegar er þessi framkvæmd svo brýn, að vér getum vart undan henni skorazt, nema öldum og óbornum til stórtjóns. Bandaríkjamenn telja t. a. m. skólabókasöfn svo mikilvæg, að skólar, sem án þeirra eru, teljast ekki styrkhæfir að dómi sambandsstjórnarinnar í Washington. Þær kröfur, sem gera verður til þekkingar æskulýðsins, fara sí-vaxandi. Liggur mikið við, að hverjum æskumanni verði þessi staðreynd ljós sem fyrst. En ekkert er betur til þess fallið að glæða þekkingarþrá þeirra og styrkja viðleitni þeirra til að ná sem beztum árangri með náminu en vandað og vel skipulagt bókasafn. Á fundum nefndarinnar hefur verið bent á nauðsyn þess, að leiðbeina nemendum í námstækni. Án bókasafns verður slík leiðsögn vart framkvæmanleg.

Félagslíf nemenda hefur löngum átt við örðug skilyrði að búa í skólum hérlendis. Ber mikla nauðsyn til að sinna þeim málum betur en verið hefur. Fyrsta skilyrði til úrbóta er bætt húsnæðisaðstaða fyrir hóp áhugamanna meðal nemenda

um ýmis þroskavænleg og menningarleg efni. Væri einnig afar mikilvægt að veita nemendum leiðbeiningar í félagslegum efnum. Við stóran skóla væri það eitt ærið starf fyrir hæfan kennara.

4. Vinnuaðstaða kennara.

Engum, sem til þekkir, getur blandazt hugur um, að léleg vinnuaðstaða kennara í skólum á landi hér, einkum í framhaldsskólum, hefur stórspillt kennslunni og dregið úr eðlilegum árangri hennar. Ef vel á að vera, þarf að undirbúa hverja kennslustund vandlega. Auðvitað er öllum sæmilegum kennurum það fyllilega ljóst. En hætt er við, að lítið verði úr slíkum undirbúningi, ef engin aðstaða er í skólunum til að inna hana af hendi. Fyrir löngu hefur þessi staðreynd verið mönnum ljós í ýmsum öðrum löndum, þar sem bezt er unnið að þessum málum. Þess vegna eru einatt í sambandi við sérkennslustofur vinnuherbergi fyrir kennara með nauðsynlegum handbókum og öðrum gögnum, er snerta þá námsgrein, sem kennd er í stofunni. Auk þess er svo að sjálfsögðu, oftast í sambandi við rúmgóða kennarastofu, almennt handbókasafn til afnota fyrir kennarana. Við hina nýju kennsluhætti mun aukast þörf kennara fyrir gott geymslurými undir alls konar tæki, bækur og önnur gögn, sem notuð eru við kennsluna.

Víða í nýjum erlendum skólum eru einnig sérstök vinnuherbergi fyrir kennara. Þar gefst þeim líka tækifæri til að ræða við einstaka nemendur eða foreldra um ýmis vandamál í sambandi við námið. Ef kennari þarf nú að ræða við nemanda, á hann einskis annars úrkosti en fara með hann út í horn á einhverjum skólaganginum.

5. Vinnuaðstaða skólastjóra

Ef kennarastofa er rúmgóð og vel skipulögð og gott handbókasafn er í sambandi við hana, hefur stórt skref verið stigið til að tryggja skólastjóra sæmileg vinnuskilyrði. Í rúmgóðri kennarastofu á hann þess kost að kveðja saman kennarafundi, og handbókasafn kemur honum einnig í góðar þarfir. Samt verður skrifstofa skólastjóra að vera svo rúmgóð, að hann geti kvatt þar saman fundi, ef þeir eru ekki mjög fjölmennir.

Í hinum stærri skólum vill oft við brenna, að mikið af tíma skólastjóra fari í afgreiðslu á ýmsum smámunum, sem skrifstofustúlka gæti hæglega annazt og ætti að annast. Verkefni skólastjóra — og það miklu mikilvægari — eru nóg samt, þó að hann slyppi við að sóa starfsþreki sínu og tíma í að svara í síma og gefa út vottorð um skólavist og þar fram eftir götunum. Þessi einföldu afgreiðslustörf mega ekki byrgja fyrir skólastjóra þá heildarsýn, sem öllum er svo brýn nauðsyn að hann hafi yfir skólasamfélagið, ef það á að starfa með góðum árangri.

Reykjavík, 6. desember 1965.

Jón Gíslason.

Fylgiskjal V.

Eiga hagnýtar námsgreinar heima í menntaskóla?

Löngum hefur verið gerður strangur greinarmunur á menntaskólanámi (liberal education) og starfsnámi (vocational education). En jafnskjótt og farið er að kryfja málið til mergjar og leita að skýrum markalínum, þá kemur í ljós, að skilin eru ekki eins skörp og margir vilja vera láta. Venjulega er menntaskólamenntun (liberal education) skilgreind á þann veg, að hún hafi sjálf í sér fólginn eigin tilgang, að örva óeigingjarna þekkingarleit og þekkingargleði, en fari hún út fyrir þau mörk og stefni að einhverju leyti að hagnýtum markmiðum, þá hætti hún að vera æðri mnentun, þ. e. menntaskólamenntun. Þannig útilokar hún sjálfkrafa alla starfsemi, sem á einhvern hátt á skylt við að sjá sér farborða eða vinna fyrir sér.

Þessar hugmyndir eiga rót sína að rekja til vissra þátta í menningu Grikkja og Gyðinga. Fæstir borgaranna í hinum forngrísku borgríkjum þurftu að vinna fyrir sér. Þrælar inntu af hendi alla vinnu. Litið var því niður á líkamlega eða launaða vinnu, enda var hún ekki talin samboðin frjálsbornum mönnum.

Í Gamla testamentinu greinir frá því, að guð hafi lagt á manninn þá refsingu að vinna fyrir sér, neyta brauðs síns í sveita síns andlitis. Þegar maðurinn stóð uppi berskjaldaður í baráttu sinni við náttúruna, úrræðalítill og tómhentur, þá var heldur tæplega við öðru að búast en litið væri á vinnu sem böl, af því að hún var linnulaust strit. Samt felst í hinni gyðinglegu helgisögu óljós skilningur á því, að það er í rauninni vinnan, sem gerir manninn mennskan. Maðurinn var rekinn úr aldingarðinum Eden, af því að hann sóttist eftir guðlegri þekkingu. Hann varð því að fara að yrkja jörðina, sem hann sjálfur var skapaður úr, leita mannlegrar þekkingar og hamingju á grundvelli vinnu sinnar og fyrirhafnar.

Á síðari tímum hefur menntaskólanám alltaf stefnt að ákveðnu markmiði, þó að innan um hafi jafnan verið nokkrir nemendur, sem aðeins hafa lagt stund á það nám, af því að það var talið fint. Samt hefur menntaskólanám öldum saman haft mjög hagnýtan tilgang, því að það hefur verið talið nauðsynlegur undirbúningur undir háskólanám. Embættismennirnir, kennarar við æðri skóla og háskóla, prestar, lögfræðingar, læknar o. s. frv. voru og eru enn allir stúdentar. Að andstæðar hinum frjálsu lærdómslistum (artes liberales) séu hinar hagnýtu eða gagnlegu námsgreinar, og þess vegna væri hægt að kalla artes liberales óhagnýtar eða gagnslausar, mundu jafnvel hinir harðsvíruðustu íhaldsmenn á sviði uppeldismála ekki fást til að samþykkja. Fyrr á tímum nægði meira að segja latínuskólanámið eitt til að tryggja mönnum ýmsar stöður, t. a. m. prestsembætti hér á landi. Bessastaðaskóli var t. a. m. að öðrum þræði prestaskóli. Menn, sem þaðan höfðu lokið prófi, gátu umsvifalaust fengið prestvígslu. Sama gilti um latínuskólana á Hólum og í Skálholti, enda voru þeir beinlínis upphaflega stofnaðir til að fullnægja starfsmannaþörf kirkjunnar. Latínuskólar, og síðar menntaskólar, hafa því frá upphafi vega átt mjög hagnýtu hlutverki að gegna á landi hér eins og raunar í öðrum Evrópulöndum. Það væri líka vandséð, hvaða tilgangi sá skóli ætti að þjóna, sem hefði eitthvað annað að meginmarkmiði en gera nemendur sína á sem flestan hátt hæfari til að glíma við vandamál samtíðarinnar, samfélagsins og þeirra sjálfra og auka þeim þannig möguleika á farsælu og árangursríku lífi.

Svo sem kunnugt er, hefur tala stúdenta á landi hér farið hlutfallslega vaxandi um alllangt skeið undanfarið. Er nú svo komið að um 10% af hverjum árgangi eða aldursflokki þreyta stúdentspróf. Þessi þróun er mjög í samræmi við það, sem er að gerast í þessum efnum á Norðurlöndum og raunar alls staðar í Vestur-Evrópu. Sums staðar er viðkoma stúdenta jafnvel mun meiri hlutfallslega en hér, t. a. m. í Noregi og Svíþjóð, og gert ráð fyrir, að hún eigi eftir að aukast enn verulega, jafnvel allt upp í 30—40% af árgangi.

Þessi gífurlega aukning á sér ýmsar orsakir. Ein hin helzta er hin almenna velmegun. Miklu fleiri en áður hafa nú efni á að kosta börn sín í skóla. Önnur aðalástæðan er hinar miklu þjóðfélagslegu breytingar, sem vísindi og tækni vorra tíma eru að valda á nær öllum sviðum. Verkefnum fyrir ómenntað eða lítt menntað fólk fer jafnt og þétt fækkandi. Hins vegar verður þörfin fyrir menntað fólk æ meiri, því að háþróuð vísindi og tækni byggjast á þekkingu, sem þeir einir eru færir um að tileinka sér, er átt hafa kost á langri og góðri skólagöngu. Þetta eru svo alkunn og augljós sannindi, að þau hafa ekki farið framhjá öllum þorra manna. Beztu sönnur þess er vaxandi sókn íslenzkrar æsku að öllum framhaldsskólum landsins, og þá ekki sízt að skólum á menntaskólastigi, sem opna henni leið að háskólum og ýmiss konar sérskólum á háskólastigi.

Samt er langt í frá, að allir, sem stúdentsprófi ljúka, haldi áfram námi í háskólum, heldur láta margir þar staðar numið og hverfa að ýmsum störfum á sviði opinberrar þjónustu, viðskipta, framkvæmda o. s. frv., sem of langt yrði upp að

telja. Hér skiptir og miklu, að þeim stúlkum fer nú stöðugt fjölgandi, sem ljúka stúdentsprófi. Giftast þær margar um svipað leyti og stúdentsprófi lýkur og sumar jafnvel fyrr. Minnka þar með líkurnar fyrir háskólanámi þeirra verulega.

Þó að eigi liggi beinlínis fyrir ákveðnar tölur, byggðar á sérstakri rannsókn, þá er óhætt að fullyrða, að talsverður hluti brautskráðra stúdenta lætur staðar numið í námi að stúdentsprófi loknu. Auk þess er kunnara en frá þurfi að segja, að mjög margir þeirra, er innritast í háskóla, hætta námi fyrr eða síðar af ýmsum ástæðum.

Að öllu þessu athuguðu er ljóst, að ný viðhorf á sviði menntaskólastigs hafa skapazt. Fræðslan er aðallega miðuð við það að búa nemendur undir háskólanám, þó að talsverður hluti þeirra, já, vaxandi hluti þeirra, fari aldrei í neinn háskóla. Þeir stúdentar, sem láta staðar numið við stúdentspróf eða hætta fyrr eða síðar við háskólanám, hlytu að vera betur settir í lífsbaráttunni, ef menntun þeirra hefði á einhvern hátt verið miðuð við þá staðreynd. Það er of mikil sóun á fé og tíma að verja fjórum dýrmætum æskuárum til náms, sem af eðlilegum ástæðum hefur að ýmsu leyti takmarkað gildi í sambandi við þau störf, er nemendur vinna síðar.

Hér væri hægt að koma fram með þá mótbáru, að fáir nemendur væru búnir að gera það upp við sig fyrirfram, hvort þeir hættu eftir stúdentspróf og því síður væri þá orðið ljóst, hvort þeir gæfust upp við háskólanám. Því er til að svara, að oft kemur allglöggt fram í menntaskóla, hvort nemendur eru vel fallnir til að fást við fræðileg og vísindaleg viðfangsefni. Það er t. a. m. kunnara en frá þurfi að segja, að miklu fleiri þyrpast nú í stærðfræðideildir menntaskólanna en þangað eiga nokkurt erindi að námsefni og námskröfum óbreyttum. Verkefnin verða alltof mörgum nemendum þar ofviða. En nemendur, sem stöðugt eru að glíma við viðfangsefni, sem þeir ráða á engan hátt við, verða auðvitað óánægðir bæði með sjálfa sig og aðra. Hygg ég, að sú óánægja, sem stundum hefur gert vart við sig með menntaskólanámið, eigi oft rætur sínar að rekja til nemenda, sem ekki fá þar verkefni við sitt hæfi, eins og málum er þar skipað nú.

Aukinnar fjölbreytni í námsefni á menntaskólastigi er því vissulega brýn þörf. En jafnframt ætti að leggja mikla áherzlu á að styðja nemendur til sjálfsþekkingar, þannig að þeim yrði ljóst, hvaða verksvið ætti bezt við hæfileika þeirra. Ef deildaskipting á menntaskólastigi á að haldast áfram, þá ætti að auðvelda nemendum að skipta um deild, ef í ljós kæmi, að val þeirra hefði í upphafi verið rangt. Alger sérhæfing kæmi þá í rauninni fyrst til greina síðasta árið í menntaskóla.

Fjölgun námsbrauta á menntaskólastigi hlýtur að miða í rétta átt. Þeim mun fleiri námsbrautir, þeim mun meiri líkur verða fyrir því, að sem flestir finni þar eitthvað við sitt hæfi. Ef gert er ráð fyrir mála-, stærðfræði- og náttúrufræðideildum, þá vantar enn deild eða öllu heldur deildir fyrir þá, sem hætta að loknu stúdentsprófi. Þar virðist deild geta komið í góðar þarfir, sem stefndi að því marki að gera nemendur færa um að gegna ýmsum störfum á skrifstofum ríkis og bæja, í einkafyrirtækjum, ýmiss konar opinberri þjónustu o. s. frv. Þjóðlífið verður æ margbrotnara með hverjum deginum, sem líður, og alltaf eru að skapast nýjar og breyttar þarfir fyrir margs konar þjónustu, sem aðeins vel menntað fólk getur af hendi leyst. Fyrir kvenfólk, t. a. m., sem, eins og áður var getið, verður oft vegna giftingar og barneigna að hætta námi um stúdentspróf, gæti hagnýt þekking á skrifstofustörfum komið að góðu haldi síðar, er aðstæður þeirra breyttust þannig, að þær gætu farið að taka upp aftur störf utan heimilis. Er víða erlendis, þar sem skortur er á vinnuafli, lögð áherzla á, að þessi vinnukraftur giftra kvenna, sem aflögu eiga tíma frá heimilisstörfum, nýtist sem bezt. Hve mikilvægt þetta atriði er hér hjá oss, má bezt af því marka, að brátt mun að því reka, að helmingur brautskráðra stúdenta verði konur. Grundvallarþekking á rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði mundi einnig koma mörgum piltum að góðu gagni. Vélritun ætti að vera skyldugrein fyrir alla nemendur menntaskólanna. Nú á tímum getur sá maður tæp-

lega talizt fullkomlega skrifandi, sem ekki kann vélritun. Þau hagnýtu fræði, sem nú voru talin, virðast bezt eiga heima í þjóðfélagsfræðadeild. Þó mundi nám í slíkri deild jafnframt stefna að því að verða góður undirbúningur undir nám í viðskiptafræði og hagfræði á háskólastigi. Hvernig á nú að samræma þessi sjónarmið, hið hagnýta og hið fræðilega?

Hin almenna menntun, sem hægt er að afla sér á menntaskólastigi, er þörf, þó að hana væri vafalaust hægt að bæta á ýmsan hátt, enda er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að hún sé endurskoðuð alltaf við og við og tillit tekið til breyttra viðhorfa hverju sinni. Öllum ber nú saman um, að gildi almennrar menntunar hafi aukizt, en ekki minnkað á þessari öld sérhæfingarinnar. Framfarir og breytingar í atvinnu- og þjóðlífi verða svo örar, að margir munu verða að skipta um starf kannske tvisvar eða þrisvar á ævinni. Slík umskipti krefjast mikillar aðlögunarhæfni, en ekkert eykur hana meir en góð almenn menntun. Allir nemendur menntaskólanna eiga því að fá ríflegan skammt af traustri almennri menntun. Haldgóð almenn menntun er hin bezta undirstaða fyrir sérhæfingu.

Hvenær og hvernig á þá að fara að sveigja námið svo um muni í ákveðna, hagnýta átt? Bezta tækifærið til þess virðist vera síðasta árið í menntaskóla, er allir nemendur þar ættu að vera búnir að fá góða undirstöðu, að því er snertir almenna menntun. Þá ætti einnig að vera farið að skýrast fyrir nemendum, hvort þeir hefðu hæfileika til háskólanáms eða áhuga á því, eða hvort þeir kysu fremur að snúa sér að hagnýtum verkefnum. Þeir, sem bezt væru fallnir til háskólanáms, bæði sakir áhuga og hæfileika í þá átt, mundu síðasta árið í menntaskóla fá sjálfstæð verkefni að glíma við í sínum fræðigreinum. Hinir, sem meiri áhuga hefðu á hagnýtum efnum, ættu að fá tækifæri til að spreyta sig á þeim.

Það er því tillaga vor, að hver hinna fjögurra fyrirhuguðu deilda menntaskólanna, mála-, stærðfræði-, náttúrufræði- og þjóðfélagsfræðideild skiptist á fjórða ári í tvenns konar námsbrautir. Beinist önnur námsbrautin aðallega í fræðilega og vísindalega átt. Hin leggi meiri áherzlu á hagnýt viðfangsefni innan síns sérsviðs. Áður hefur verið vikið að hagnýtri námsbraut, er miði kennslu við þarfir ýmiss konar opinberrar þjónustu og viðskiptalífsins. En engu síður væri hægt að hugsa sér hagnýta námsbraut innan stærðfræðideildar, þar sem viðfangsefnin væru við það miðuð, að nemendur þaðan gætu farið í ýmiss konar iðnfræði- eða tæknifræðilegt nám, gætu tekið að sér aðstoðarstörf í rannsóknarstofum, mælingastörf o. s. frv. Hagnýt námsbraut í máladeild gæti t. a. m. stefnt að því að æfa nemendur í innlendum og erlendum bréfaskriftum, blaðamennsku, þýðingum, leiðsögn erlendra ferðamanna, störfum á ferðaskrifstofum, gistihúsum, farþegaflugvélum, farþegaskipum o. s. frv. Hagnýt námsbraut í náttúrufræðideild gæti t. a. m. beinzt að verkefnum í garðrækt, búskap, aðstoðarstörfum við náttúrufræðirannsóknir o. s. frv. Sérfróðir menn, hver á sínu sviði, mundu verða að ákveða verkefni hinna hagnýtu námsbrauta í 6. bekk, ekki síður en hinna fræðilegu og vísindalegu.

Eins og áður var tekið fram, fer hlutur kvenfólksins í hinni árlegu stúdentafjölgun vaxandi. Einnig var tekið fram, að ekki væri óalgengt, að þær giftust um það leyti, sem þær lykju stúdentsprófi. Sumar verða jafnvel mæður á menntaskólaárunum. Auðvitað hafa þessar verðandi mæður og húsfreyjur lítinn eða engan undirbúning fengið til að gegna þessum mikilvægu hlutverkum. Þess vegna væri réttmætt og tímabært að bera fram þá spurningu, hvort eigi ætti á einhvern hátt að stuðla að því með fræðslu á menntaskólastiginu, að þær yrðu þessum vanda betur vaxnar eða a. m. k. betur við honum búnar en ella. Jafnvel þó að ekki væri um annað að ræða en vandaða fræðslu um fjölskylduna og hjónabandið, uppeldi barna o. s. frv., þá kæmi sú fræðsla áreiðanlega í góðar þarfir síðar. Aðsókn ungs fólks að námskeiðum Félagsmálastofnunarinnar um þjóðfélagsleg efni eins og þau, sem nú var á drepið, sýna, að hér ber nauðsyn til að bæta úr brýnni þörf. Slík fræðsla mundi geta orðið til þess, að unga fólkið kynni betur en ella fótum sínum forráð, þegar út í lífið kemur.

Skólarnir eru og eiga að vera aflstöðvar, þar sem þjóðin endurnýjast andlega. En því betur mun þeim takast, sem þeir gera sér gleggri grein fyrir þörfum samtíðar og framtíðar. Þeir verða sjálfir að endurnýjast með hverri nýrri kynslóð. Þar mega raddir vorsins aldrei þagna.

Reykjavík, 6. des. 1965.

Jón Gíslason.

Fylgiskjal VI a.

Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

— Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar. —

Í upphafi voru sumir nefndarmenn á þeirri skoðun, að æskilegt væri að verða við málaleitun Kvennaskólans, vegna langrar og góðrar sögu hans og þess álits, er hann nýtur. Hins vegar komu í ljós við umræður nefndarmanna ýmis veigamikil rök, er mæla á móti því að svo sé gert. Skulu hér talin hin helztu:

1. Með því móti yrði horfið frá þeirri meginreglu um aðskilnað menntaskóla og gagnfræðaskóla, sem mótuð var í fræðslulögunum 1946, reglu, sem menntaskólarnir börðust gegn á sínum tíma. Virðist því hæpið, að unnt sé að leyfa einum skóla að brjóta þessa reglu, nema því aðeins að hún sé endurskoðuð í heild og aðrir skólar látnir njóta sömu réttinda.

2. Samkvæmt fræðslulögunum og reglugerð menntaskólanna eiga þeir að vera **samskólar.** Þróunin erlendis stefnir til samskóla. Hérlendis hefur heldur ekkert komið fram, er gefi tilefni til þess að hverfa frá þeirri meginreglu, að menntaskólar séu samskólar.

3. Í áætlun skólanefndar Kvennaskólans er gert ráð fyrir að í menntadeildinni verði hver árgangur einn bekkur óskiptur, en skólinn að öðru leyti óbreyttur. Undanfarin ár hefur aðeins ein bekkjardeild Kvennaskólans lokið landsprófi á ári. Reynslan hefur leitt í ljós, að þessar stúlkur skiptast milli deilda þannig, að ½—⅔ fara í máladeild, hinar í stærðfræðideild. (Af alls 67 stúlkum, er stóðust landspróf í Kvennaskólanum árin 1964, 1965 og 1966, eru nú 52 við nám í menntaskólum í Reykjavík. Þar af eru 29 í máladeild, en 23 í stærðfræðideild). Með aukinni deildaskiptingu menntaskólanna mundi þessi dreifing verða enn meiri. Eru því miklar líkur á, að réttindaveiting Kvennaskólanum til handa mundi eigi ná þeim megintilgangi, er fyrir skólanefndinni vakir: að halda nemendum í sama skóla til stúdentsprófs.

4. Nú mætti hugsa sér, að skólinn fengi aðra nemendur (stúlkur) í stað þeirra, er hverfa myndu á brott vegna deildavals (sbr. 3.). Sú tilhögun mundi skapa ný vandamál: nemendum er skipt í þá tvo menntaskóla, sem fyrir eru í Reykjavík, eftir búsetu, og hvort sem aðsókn nemenda, er ljúka landsprófi við aðra gagnfræðaskóla, að stúdentadeild Kvennaskólans yrði of mikil eða of lítil til að fylla eina bekkjardeild, yrði forráðamönnum skólanna nokkur vandi á höndum, því að mjög er vafasamt að Kvennaskólanum bættist **réttur** fjöldi með algerlega frjálsu vali nemendanna sjálfra.

5. Á sama hátt og sú skólastærð, sem hér um ræðir, er óheppileg gagnvart nemendunum: hún býður upp á of fáar námsleiðir, þá er hún einnig óheppilega lítil miðað við góða nýtingu kennara. Hætt er við, að meiri hluti kennslunnar yrði í höndum stundakennara, vegna þess að eigi eru næg verkefni fyrir fastakennara í hverri grein.

6. Kvennaskólinn hefur um langt árabil valið nemendur inn í skólann. Væru honum fengin réttindi til þess að brautskrá stúdenta, er ekki ósennilegt að þeir

menntaskólar, sem fyrir eru, mundu fara fram á slík réttindi sér til handa, eða að þeim þætti ekki allir menntaskólarnir sitja við sama borð að þessu leyti.

Með tilliti til merkrar sögu Kvennaskólans er eðlilegt, að hann leiti að hlutverki, er sé stærra og í betra samræmi við kröfur tímans um menntun kvenna en það hlutverk, sem hann nú gegnir sem almennur gagnfræðaskóli. Hins vegar virðist nefndinni, að í þeirri leit hafi forráðamenn skólans bundið sig um of við núverandi tilhögun þeirra menntaskóla, sem fyrir eru í landinu. Það skal skýrt fram tekið, að allir nefndarmenn eru sammála um að styrkja beri Kvennaskólann til þess að gegna því hlutverki sem bezt að efla menntun kvenna til munns og handa og vinna á ný brautryðjandastarf í þeim efnum. Í landinu er vaxandi þörf á vel menntuðum konum til margvíslegra starfa, sem háskólamenntun er ekki bezti undirbúningur undir, þótt þau krefjist mikillar almennrar menntunar og verulegrar sérmenntunar. Hér verða þó eigi settar fram neinar ábendingar um slíkt, þar sem það væri eigi í verkahring nefndarinnar.

13. febrúar 1968.

Jóhann S. Hannesson.	Ármann Snævarr.	Steindór Steindórsson.
Einar Magnússon.	Guðm. Arnlaugsson.	Broddi Jóhannesson.

Fylgiskjal VI b.

Beiðni Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

— Sérálit Birgis Thorlacius í menntaskólanefnd. —

(Stutt af dr. Jóni Gíslasyni.)

Í aprílmánuði 1963 kom sú hugmynd fram opinberlega að veita bæri Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að brautskrá stúdenta (Ársrit Kvenréttindafélags Íslands, „19. júní“).

Á fundi í menntaskólanefnd 4. febrúar 1966 vakti ég máls á því, hvort ekki væri æskilegt að setja í lög heimild um sérstakan kvennamenntaskóla, en fundarmenn voru hugmyndinni yfirleitt andvígir.

Með bréfi, dags. 20. ágúst 1966, lét menntamálaráðherra leita umsagnar menntaskólanefndar um eftirgreind erindi Kvennaskólans:

1. að Kvennaskólinn fái réttindi til að brautskrá stúdenta,
2. að fé verði veitt í fjárlögum ársins 1967 til viðbótarbyggingar við skólann og
3. að skólinn fái leyfi til að undirbúa viðbótarbyggingu og hefja sem fyrst framkvæmdir fyrir eigið fé.

Menntaskólanefnd tók erindið til meðferðar á fundi 10. september 1966 og var eftirfarandi bókun gerð um niðurstöður umræðnanna:

„Nefndin telur, að meðal meginatriða í skólaskipan landsins sé, að menntaskólar séu samskólar og aðskildir frá gagnfræðastiginu. Fyrir því leyfir nefndin sér að spyrjast fyrir um, hvort fyrirhugað sé að hverfa frá þessum meginsjónarmiðum, og jafnframt óskar nefndin eftir greinargerð um væntanlega stærð og starfshætti í Kvennaskólanum, ef hann öðlast réttindi til að brautskrá stúdenta.

Við afgreiðslu málsins voru þessir nefndarmenn fjarstaddir: Ármann Snævarr, Birgir Thorlacius og Þórarinn Björnsson.“

Þetta tilkynnti menntaskólanefnd menntamálaráðuneytinu í bréfi, dags. 8. nóvember 1966. Lagði ég bréf þetta næsta dag fyrir menntamálaráðherra með svofelldri áritun um mína afstöðu, þar sem ég hafði ekki verið á fundi nefndarinnar, þegar málið var afgreitt: „Ég hef oftar en einu sinni hreyft því í nefndinni, að ég teldi Kvennaskólann eiga að fá réttindi til að brautskrá stúdenta.“

Nú hefur mál þetta á ný komið til nefndarinnar fyrir tilmæli skólanefndar og skólastjóra Kvennaskólans í bréfi, dags. 9. þ. m. Skólastjórinn, frú Guðrún P. Helgadóttir, og skólanefndin, frú Sigríður Briem Thorsteinsson, formaður, frú Ásta Björnsdóttir og frú Halldóra Einarsdóttir, komu á fund menntaskólanefndar í skrifstofu Kennaraskóla Íslands 16. þ. m. og var erindi Kvennaskólans rætt þar allítarlega, bæði meðan skólastjóri og skólanefnd sátu fundinn og eins eftir að frúrnar höfðu vikið af fundi.

Af nefndarmönnum voru þeir Þórarinn Björnsson og dr. Jón Gíslason fjarverandi, en fundinn sóttu: Formaðurinn, Jóhann S. Hannesson, skólameistari, Ármann Snævarr, háskólarektor, Einar Magnússon, rektor Menntaskólans í Reykjavík, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskólans, Guðmundur Arnlaugsson, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Árni Gunnarsson, stjórnarráðsfulltrúi, ritari nefndarinnar, og undirritaður.

Þeir meðnefndarmenn mínir, sem fundinn sóttu, leggja allir gegn því að Kvennaskólinn fái réttindi til að brautskrá stúdenta, en ég er nú sem fyrr þeirrar skoðunar að skólinn eigi að öðlast umbeðin réttindi.

Gegn því að veita Kvennaskólanum umrædd réttindi hafa komið fram þau höfuðrök, að samskólar pilta og stúlkna séu æskilegri en sérskólar og gangi þróunin í þá átt erlendis að sérskólum fækki.

Þótt samskólar kunni að vera æskilegri, einkum að því er varðar heimavistarskóla, þá er hér á landi fjöldi sérskóla fyrir pilta og stúlkur, án þess að að hafi verið fundið eða litið á sem óæskilegt. Má þar nefna Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hjúkrunarskóla Íslands, bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og marga fleiri skóla mætti telja. Að vísu er ekki bannað að piltar stundi nám í Húsmæðrakennaraskólanum og í Hjúkrunarskólanum hafa örfáir piltar verið við nám og nokkrar stúlkur hafa stundað nám í bændaskólunum, en í reynd má þó segja að þetta séu sérskólar. Aftur á móti hafa stúlkur, sem stunda nám í Menntaskólanum í Reykjavík og koma þangað m. a. úr Kvennaskólanum, verið flokkaðar saman í stúlknabekki og þannig myndað sérdeildir, sem nú er talið óheppilegt að efna til í fyrirhugaðri lærdómsdeild Kvennaskólans.

Gæti þetta bent til, að skoðanir skólamanna á því, hvort sérskólar pilta og stúlkna séu æskilegir eða óæskilegir, séu nokkuð á reiki.

Höfuðrökin fyrir því að veita Kvennaskólanum í Reykjavík réttindi til þess að brautskrá stúdenta eru að mínu áliti í fyrsta lagi þau, að sýnilega þarf fleiri menntaskóla í Reykjavík alveg á næstunni og þá eðlilegt að heimila fastmótaðri skólastofnun, nálega aldargamalli, sem nýtur mikils álits og hefur um langt skeið gegnt merku hlutverki, að auka starfssvið sitt og skipa sér í hóp þeirra skóla, sem veita undirbúning undir háskólanám. Í öðru lagi tel ég, að fleiri af nemendum Kvennaskólans myndu ljúka stúdentsprófi, ef þær gætu stundað námið áfram við sinn gamla skóla, en ég tel mikilsvert að sem flestar stúlkur ljúki stúdentsprófi.

Sjaldan hafa nýir menntaskólar tekið til starfa án þess að andófs gætti úr einhverri átt og er stofnun Menntaskólans á Akureyri glöggur vottur um það. Hins vegar höfum við ágætt dæmi um það, þar sem Kennaraskóli Íslands er, hvílík efling það er skólum að hljóta réttindi til þess að brautskrá stúdenta. Engum blöðum er um það að fletta, að fleiri menntaskólar munu bætast hér við á næstunni, enda hefur þegar verið mörkuð sú stefna í lögum um menntaskóla. Við aukinn skilning á nauðsyn góðrar almennrar menntunar og sérmenntunar og við vaxandi fjárráð almennings hefur fjöldi þeirra, sem keppa að stúdentsmenntun og háskólamenntun vaxið til muna. Þótt menn greini á um námsefni menntaskólanna, þá er það staðreynd, að stúdentspróf er lykill að háskólamenntun heima og erlendis, sem eðlilegt og nauðsynlegt er að ungt fólk sækist eftir og foreldrarnir kappkosti að veita börnum sínum. Þótt því sé iðulega haldið fram, að stúlkum henti annað nám betur en stúdentsmenntun af því að svo fáar þeirra ljúki háskólaprófi, þá má ekki vanmeta þau áhrif, sem velmenntuð húsmóðir hefur á heimili sitt og umhverfi og því betri

almenna menntun, sem menn fá, því betri skilyrði eiga menn að hafa til fyllra og ánægjulegra lífs.

Ef Kvennaskólinn í Reykjavík fengi réttindi til að brautskrá stúdenta, myndi námsefni hans þegar fram liðu stundir vafalaust verða þannig, að auk þess að veita þá menntun, sem krafizt er til inngöngu í háskóla hér og erlendis, yrði áherzla lögð á námsgreinar, sem sérstaklega væru við hæfi kvenna, enda má gera ráð fyrir, að í framtíðinni verði námsefni hinna ýmsu menntaskóla landsins meir sitt með hverju móti en nú er. Hins vegar ber að leggja sérstaka áherzlu á það í þessu sambandi, að engin kvennaskólastúlka yrð þvinguð til þess að halda áfram námi í þeim skóla, ef hún kysi fremur að leita í einhvern samskólanna til að ljúka menntaskólanámi, og Kvennaskólinn tæki að sjálfsögðu við stúlkum frá öðrum skólum.

Fram hjá því verður ekki horft, að stúdentspróf er tvímælalaust eftirsóknarverður menntunaráfangi, ekki sízt vegna þeirrar aðstöðu, sem það veitir til að hefja sérfræðinám, t. d. kennaranám eða háskólanám, hvenær sem er síðar á ævinni, auk þess sem stúdentsprófið sjálft er viðurkennt af þjóðfélaginu sem mikilsverð trygging fyrir góðri almennri menntun. Þetta mun óhjákvæmilega beina ungu fólki í vaxandi mæli að því að ljúka stúdentsprófi og tel ég beiðni Kvennaskólans í Reykjavík um stúdentsréttindi í fullu samræmi við eðlilega þróun í þessu efni. Réttindi Kvennaskólans til þess að brautskrá stúdenta myndu vafalaust leiða til þess að fleiri stúlkur en nú lykju stúdentsprófi og tel ég það eitt út af fyrir sig mikilsverða röksemd fyrir því að veita umbeðin réttindi og hlutaðeigandi einstaklingum og þjóðfélaginu í heild til hagsbóta.

Í umræðum um þetta mál í menntaskólanefnd hefur komið fram, að Háskóli Íslands sé nú lítt fær um að taka við mjög auknum fjölda stúdenta frá því sem er. Ég get ekki fallizt á, að sú röksemd eigi að hafa áhrif á þetta mál, því að þar er um að ræða vandamál, sem leysa verður með öðrum hætti en þeim að stöðva vaxandi straum þeirra, sem ljúka vilja stúdentsprófi.

Einnig hefur því verið haldið fram sem mótrökum, að samfelldur skóli, frá lokum barnaprófs til stúdentsprófs, þekkist ekki í núverandi skólakerfi og myndi Kvennaskólinn þarna fá algera sérstöðu. Mér er ekki ljóst að þetta feli í sér neina hættu, enda er slíkt fyrirkomulag ekki fordæmislaust, því að Menntaskólinn á Akureyri hafði um skeið gagnfræðadeild eftir að núgildandi skólakerfi var lögleitt árið 1946, þótt skólinn hyrfi frá því síðar, þegar nemendafjöldi hans óx. Aftur á móti er annar skóli, sem menntaskólaréttindi hefur, Verzlunarskóli Íslands, með miklu meiri sérstöðu, þar sem unnt er að ljúka stúdentsprófi við þann skóla, án þess að taka landspróf, og virðist ekki hafa komið að sök.

Því hefur einnig verið haldið fram, að Kvennaskólinn ætti að brjóta nýja braut í stað þess að sækjast eftir að brautskrá stúdenta. Eins og nú er háttað er þetta ekki auðvelt, því að fólk, sem vel er fallið til náms, sækir fremur eftir að öðlast viðurkennd prófstig og þau réttindi, sem þeim fylgja, eins og stúdentspróf, heldur en leggja á óljósar og óreyndar leiðir. En sem menntaskóli myndi Kvennaskólinn geta rutt nýjar brautir í frábrugðnu námsefni frá öðrum menntaskólum, þó þannig að það rýrði ekki gildi stúdentsprófs skólans til inngöngu í háskóla.

Á menntaskólastigi er nú unnið að allmörgum byggingaframkvæmdum. Nýlokið er smíði sérkennsluhúss við Menntaskólann við Lækjargötu í Reykjavík. Sams konar hús er í smíðum við Menntaskólann á Akureyri. Lokið er 1. áfanga menntaskólabyggingar við Hamrahlíð í Reykjavík, 2. og 3. áfangi í smíðum og um 4. áfanga verður væntanlega hafizt handa í vor. Að Laugarvatni hefur verið unnið árlega eftir ákveðinni áætlun, sem nær yfir árin 1964—1971, og miðar að því að stækka skólann í 200 nemenda skóla innan ársloka 1971. Í lögum nr. 56/1965, um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, er heimild til stofnunar menntaskóla austanlands og vestan og til stofnunar fleiri menntaskóla í Reykjavík og nágrenni.

Þótt lokið verði byggingarframkvæmdum við Menntaskólann við Hamrahlíð á eðlilegum tíma, þá er sýnilegt að hefjast þarf handa um nýjan menntaskóla í Reykja-

vík alveg á næstunni vegna þess hve þjóðfélagið stækkar ört og hlutfallstala þeirra þó meir, sem æskja að ljúka stúdentsprófi.

Ég tel öll rök hníga að því að veita beri Kvennaskólanum í Reykjavík réttindi til þess að brautskrá stúdenta og legg eindregið til, að svo verði gert.

Reykjavík, 24. janúar 1968.

Birgir Thorlacius.

Yfirlýsing varðandi beiðni Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

Undirritaður leyfir sér hér með að lýsa yfir því, að hann er í öllum atriðum samþykkur séráliti því, sem Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, hefur lagt fram varðandi beiðni Kvennaskólans í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Einkum verður að teljast mikilvægt, að til sé stúdentaskóli á landi hér, sem lokar ekki augunum algerlega fyrir þeirri staðreynd, að flestar stúlkur, er stúdentsprófi ljúka, eiga fyrir sér að verða mæður og húsmæður. Verði Kvennaskólinn í Reykjavík efldur og gerður að stúdentaskóla, er að nokkru ráðin bót á stórri vanrækslusynd menntaskólanna, sem fyrir eru, að því er varðar hinar sérstöku menntunarþarfir kvenna.

Reykjavík, 7. marz 1968.

Jón Gíslason, skólastjóri.

Nd. 325. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um eflingu kalrannsókna á Akureyri.

Flm.: Jónas Jónsson, Bjartmar Guðmundsson, Bragi Sigurjónsson, Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess, að efldar verði kalrannsóknir við tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Akureyri.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að rannsaka þetta mikla vandamál, sem íslenzk grasræktun á við að stríða. Kal hefur herjað í einhverju héraði svo mjög, að stórtjón hefur orðið að, hjá stærri eða minni hópi bænda, öll ár, það sem af er þessum áratug.

Sem dæmi um kalskaða má nefna: 1952 er talið, að heildartjón af völdum kals hafi numið 300 000 hestburðum, samsvarandi 90 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Uppskerurýrnun á Austurlandi einu var áætluð 50 þús. hestburðir 1965, samsvarandi 15 millj. kr. tjóni. Kal í Suður-Þingeyjarsýslu einni 1966 var talið hafa rýrt uppskeru hjá 109 bændum um 20—25 þús. hestburði, eða samsvarandi 6.1—7.5 millj. kr. tapi. Vegna tjóna sumarið 1967 voru veittar 16.13 milljónir sem lán úr Bjargráðasjóði og allt að 2 milljónum í flutningastyrki. Vegna tjóna á s. l. sumri er búið að veita rúmar 6 millj. kr. í flutningastyrki og lán úr Bjargráðasjóði að upphæð 15.2 millj. kr., og þykir það þó hvergi nærri viðunandi.

Ekki skal nánar rætt hér um hinn stórfellda skaða, sem bændur og þjóðin öll hefur orðið fyrir af völdum kalsins.

Það er ekki nokkur vafi á því, að köld veðrátta á höfuðsök á því, að kal er tíðara nú en áður var. Engu að síður er það öruggt, að margt er hægt að gera til að draga úr skaða af kali. Með auknum rannsóknum má bæta ræktunarhættina og auka þol grasanna gegn erfiðum kjörum.

Það skiptir nú höfuðmáli, að hafnar verði sem fyrst skipulegar og markvissar kalrannsóknir í víðum skilningi þess orðs. Rannsóknum þessum væri eðlilegt að skipta í þrjá þætti:

1. Líffræðilisfræðilegar rannsóknir á gróðrinum. Þær færu einkum fram á rannsóknastöð á smáum reitum.

2. Ræktunartilraunir á stærri reitum eða landsspildum, gerðar á tilraunastöðvum og dreifðar um kalsvæðin.

3. Skipulegar athuganir á kalsvæðunum kalárin, söfnun upplýsinga um veðurfar og athuganir á veðurfars- og kalheimildum.

Á Akureyri er ein af jarðræktar-tilraunastöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þar er einnig Rannsóknastofa Norðurlands, sem Ræktunarfélag Norðurlands rekur, og fæst hún við jarðvegsrannsóknir og fóðurefnagreiningar.

Sami maðurinn, Jóhannes Sigvaldason licenciat, sérfræðingur í jurtanæringarefnum, veitir nú báðum þessum stöðvum forstöðu, og tryggir það samstarf þeirra. Nokkur aðstaða og starfskraftar til rannsókna eru því þegar fyrir hendi á Akureyri. En við það þarf þó að bæta, svo að hægt sé að sinna kalrannsóknum verulega. Lágmark er, að við kalrannsóknir einar starfi einn sérfræðingur með aðstoðarmanni, auk þess sem núverandi sérfræðingar við Rannsóknastofnun landbúnaðarins héldu áfram að sinna ákveðnum þáttum þeirra, eins og nú er. En nú hefur enginn af sérfræðingum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins kalrannsóknir sem aðalverkefni.

Það skiptir miklu máli, hvernig þeir fjármunir nýtast, sem varið er til rannsókna. Augljóst er, að ef rannsóknaefni liggja langt frá aðsetri rannsóknamanna, fer óeðlilega mikill hluti fjárins og starfstíma mannanna í ferðalög. Þetta mælir því mjög á móti því fyrirkomulagi, að allir sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafi aðsetur á einum stað.

Eins og kunnugt er, er kal langtíðast á norðanverðu landinu, frá Austfjörðum til Vestfjarða (1965 var kal mest á Austurlandi, 1966 og 1967 í N.-Þing., S.-Þing. og við utanverðan Eyjafjörð, á s. l. sumri var kalið mest í eystri hreppum. N.-Þing. og svo í V.-Hún. og á Ströndum).

Þó að vitað sé, að enginn landshluti getur verið óhultur fyrir heimsóknum þessa vágests, er augljóst, að kalrannsóknastarfsemi er hvergi betur sett en á Akureyri. Þaðan verður í langflestum tilfellum stytzt til kalsvæða þau ár, sem það herjar.

Hér er ekki fyrst og fremst verið að fara fram á auknar fjárveitingar til þessara rannsókna, þó að þeirra sé vissulega þörf, heldur er hér um skipulagsatriði að ræða, sem miðar að því, að fjármagnið nýtist sem bezt.

Augljóst er, að auka verður stórlega þátt kalrannsókna í starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og er sennilegt, að til þeirra verði ráðinn sérfræðingur á næstunni. Þá er mest um vert, að starfskraftar hans nýtist sem bezt og að hann geti hafið starfsemi sína við tilraunastöðina á Akureyri.

Benda má á, að ef slík kalrannsóknastöð yrði stofnuð, er hugsanlegt, að til þess væri hægt að fá styrki frá alþjóðastofnunum, sem láta fé af hendi rakna til rannsóknastarfsemi, þegar þörf er mjög brýn.

Sþ. 326. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um sumaratvinnu framhaldsskólanema.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Jónsson, Björn Pálsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess að tryggja, svo sem auðið er, að framhaldsskólanemar eigi kost góðrar sumaratvinnu.

Greinargerð.

Hin löngu sumarfrí íslenzkra framhaldsskólanema — sem óvíða tíðkast meðal annarra þjóða — hafa gert mörgu efnalitlu ungmenninu kleift að stunda langskólanám, sér og þjóðfélaginu til gagns. Undangengin velgengnisár, 1960—1966, var tiltölulega auðvelt um atvinnu fyrir skólafólk við sæmilega arðbær störf. En sumarið 1967 tók þetta að breytast til hins verra, og á s. l. ári var mjög erfitt um sumaratvinnu fyrir skólafólk, og gekk það hundruðum saman atvinnulaust, meira eða minna. Því miður eru horfur um breytingar til bóta á komandi sumri næsta litlar, og óttast margir, að ástandið verði jafnvel enn þá verra en á s. l. sumri. Svo má ekki til ganga.

Erfitt hefur reynzt að fá upplýsingar hjá yfirvöldum fræðslumála um tölu atvinnulausra framhaldsskólanema á s. l. sumri. Upplýsingar hefur helzt verið að fá hjá vinnumiðlun stúdenta, og á vegum menntaskólanna fór fram könnun s. l. ár um atvinnuhorfur menntaskólanema. Væri æskilegt, að ríkið styrkti með fjárframlögum sameiginlega vinnumiðlunarstöð á vegum framhaldsskólanema. Væri vafalaust hagræði að því, bæði fyrir framhaldsskólanema og þá atvinnurekendur, sem hjálpa vildu efnalitlum nemendum á námsbrautinni með því að veita þeim sumaratvinnu.

Íslenzka þjóðin á mikið undir því, að skólaæskan eigi almennt kost góðrar menntunar í framhaldsskólunum við góð starfsskilyrði og lifrænt nám. Margir telja slíkt beztu fjárfestingu, sem völ sé á. Það má aldrei á þjóðfélag okkar sannast, að hundruð efnilegra námsmanna, sem leggja vilja fyrir sig framhaldsnám, geti það ekki af fjárhagsástæðum. Ef hin löngu sumarfrí notast skólafólkinu ekki vegna atvinnuleysis til fjáröflunar fyrir framhaldsnámið, er gagnsemi þeirra engin. Er þá eðlilegra að hverfa til þess fyrirkomulags, sem erlendis tíðkast, að hafa sumarleyfin skemmri og útskrifa framhaldsskólanemendur yngri úr skólunum út í atvinnulífið. Yrði horfið að því, þyrfti nauðsynlega að stórauka námslánin og námsstyrkina frá því, sem er, svo að efnaminni nemendur geti stundað langskólanám alveg eins og þeir, sem betur eru efnum búnir.

Sþ. 327. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd sendi þingsályktunartillögu þessa til umsagnar eftirgreindum aðilum snemma í nóv. s. l. og óskaði álits þeirra um hana fyrir 1. desember: gjaldeyrisbönkunum, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Félagi ísl. iðnrekenda, 12 aðilum samtals. Fyrir tilskilinn

tíma bárust svör frá 4 þeim, er leitað var umsagnar hjá: Stjórnum ASÍ, Stéttarsambands bænda og Farmanna- og fiskimannasambandsins, er mæltu með samþykkt þingsályktunartillögunnar, og Seðlabankanum, er hvorki mælti með né gegn henni, en upplýsti, að sérstök nefnd hefði fjallað um gjaldeyris- og útflutningsmálin að tilhlutan gjaldeyrisbankanna í samráði við viðskiptamálaráðherra árið 1967 og skilað um þau ýtarlegu áliti snemma á s. l. ári og hefðu ýmsar af tillögum nefndarinnar þegar komið til framkvæmda, einkum að því er varðar útflutningsreglur og gjaldeyrisskil, en aðrar væru í athugun.

Snemma í febrúar ítrekaði allsherjarnefnd beiðni sína um umsagnir til þeirra, er ekki höfðu svarað henni fyrir þinghlé, og barst þá umsögn frá LÍÚ, sem tjáði það álit sitt, að nefndarskipun eins og þáltill. gerði ráð fyrir væri óþörf. Aðrir aðilar svöruðu ekki þrátt fyrir ítrekun, þ. e. SÍS, S.H., Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Félag ísl. iðnrekenda.

Á fundi sínum 3. marz s. l. tók nefndin þáltill. til afgreiðslu, en varð ekki sammála um hana. Í ljósi upplýsinga Seðlabankans sem og þess, að engir þeirra aðila, sem spurðir voru og mest hafa með útflutnings- og gjaldeyrismál að gera, virðast hafa áhuga á að mæla með greindri nefndarskipun, sjá undirritaðir nefndarmenn ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þáltill., en leggja til, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. marz 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
	Friðjón Þórðarson.	

Ed. 328. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytinga gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 6. marz 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Jón Árnason.	Jón Kjartansson.	Bjarni Guðbjörnsson
	Gils Guðmundsson.	

Nd. 329. Lög [77. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 96.

Ed. 330. Lög [4. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 158 (sbr. 4).

Ed. 331. Lög [51. mál]

um Þjóðskjalsafn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 54.

Nd. 332. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þetta frv. vandlega og leitað álits nokkurra aðila á því, þjóðminjavarðar, húsameistara ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Páll Líndal borgarlögmaður skrifaði ýtarlega álitsgerð fyrir tvo síðastnefnda aðila. Þá komu þeir á fund nefndarinnar Þór Magnússon þjóðminjavörður og Hörður Ágústsson listmálari.

Nefndin telur frv. vera mikilvægan bálk og vel unninn, en mest nýjung er að IV. kafla, sem fjallar um friðun húsa og annarra mannvirkja.

Það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, en um þær eru tillögur á sérstöku þingskjali. Helzta efnisbreytingin er sú, að sveitarfélögum er bætt í IV. kafla sem aðilum að húsafriðun. Aðrar brtt. verða skýrðar í framsögu.

Alþingi, 7. marz 1969.

Benedikt Gröndal, form.	Sigurvin Einarsson, frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.
Gunnar Gíslason.	Magnús Kjartansson.	Hannibal Valdimarsson.
	Birgir Kjaran.	

Nd. 333. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar.
2. Við 9. gr. (verður 10. gr.) bætist ný mgr.:
   Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

3. Við 16. gr. (verður 17. gr.). Síðasta mgr. orðist svo:
   Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.
4. 18. gr. (verður 19. gr.) orðist svo:
   Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.
5. Á eftir 21. gr. (verður 22. gr.) komi tvær nýjar greinar:
   a. (23. gr.) Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.
   b. (24. gr.) Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum 23. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.
      Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.
6. 23. gr. (verður 26. gr.) orðist svo:
   Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.
   Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.
   Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.
7. 1. mgr. 27. gr. (verður 30. gr.) orðist svo:
   Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokki og á ytra byrði húsa eða húshlutum í B-flokki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.
8. Síðari mgr. 31. gr. (verður 34. gr.) orðist svo:
   Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eigandanda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunarákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 23. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.
9. Við 32. gr. (verður 35. gr.).
   a. Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.
   b. Aftan við 2. mgr. bætist: Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.
   c. Aftan við 3. mgr. bætist: Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.
   d. Á eftir orðinu „ríkisins“ í 4. mgr. bætist: eða sveitarstjórnar.
10. Við 36. gr. (verður 39. gr.).
   a. Í stað orðsins „sveitastjórnarfélög“ í 1. mgr. komi: sveitarfélög.
   b. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
      Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

11. 40. gr. (verður 43. gr.) orðist svo:

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur menntamálaráðherra, að tillögu þjóðminjavarðar, ákveðið, að gripir þess skuli renna til þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.

Ed. 334. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Heiti laganna skal vera **læknalög.**

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við læknadeild Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og tekið er fram í 4. mgr. 2. gr.

4. gr.

Á eftir IV. kafla, 21. mgr., komi nýr kafli, er verður V. kafli, 22.—26. gr., svo hljóðandi:

Sérákvæði um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf.

22. gr. — Nú telur landlæknir rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísunum læknis á tiltekin ávana- og fíknilyf, og getur ráðherra þá eftir tillögu

landlæknis lagt fyrir lækninn að halda skrá yfir ávísanirnar og skrá þar m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísaðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Um skráninguna og skil á skýrslum vegna hennar fer að öðru leyti eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ákvæði fyrstu málsgreinar taka einnig til eigin notkunar lækna á ávana- og fíknilyfjum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hvaða lyf skuli teljast ávana- og fíknilyf samkv. þessum kafla.

23. gr. — Ef læknir sá, sem á hefur verið lögð skráningarskylda samkv. 22. gr., hlítir ekki fyrirmælum þar að lútandi eða verður uppvís að því að ávísa (sjálfum sér eða öðrum) ávana- og fíknilyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Er ráðherra þá heimilt, að fenginni umsögn læknadeildar háskólans, að svipta lækninn leyfi til að ávísa slíkum lyfjum, öllum eða einstökum flokkum þeirra, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 20. gr.

Nú verður læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda samkv. 22. gr., uppvís að því að ávísa sjálfum sér óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja, og þykir atferli hans alvarlegra eðlis en svo, að skráningarskyldu verði beitt, og má þá svipta hann leyfi samkv. fyrstu málsgr. Þó skal lækninum gefinn kostur á að skýra málstað sinn munnlega, áður en leyfissvipting fer fram, en að öðru leyti fer um málsmeðferð og fyrirvara eftir ákvæðum fyrstu málsgr.

24. gr. — Læknir getur afsalað sér rétti til að ávísa ávana- og fíknilyfjum eða tilteknum flokki (flokkum) slíkra lyfja um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.

25. gr. — Nú hefur læknir ekki leyfi til að ávísa ávana- og fíknilyfjum samkv. ákvæðum 23. eða 24. gr., og má hann þá með leyfi ráðherra og að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

26. gr. — Læknir, sem sviptur hefur verið leyfi til að ávísa ávana- og fíknilyfjum, getur fengið til þess leyfi á ný, að fengnum tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

5. gr.

V. kafli laganna verður VI. kafli, og 22. gr. verður 27. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 51 30. maí 1942, lög nr. 27 21. maí 1960 og lög nr. 26 23. marz 1961, öll um breyting á 2. gr. laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta til breytinga á lögum um lækningaleyfi o. fl. er samið á vegum landlæknis, og eru breytingar þær, sem í því felast, aðallega tvenns konar:

1. **Heimild til að veita erlendum ríkisborgurum tímabundið lækningaleyfi hér á landi, þegar nánara tiltekin skilyrði eru fyrir hendi.**
2. Heimild til að skylda lækna til að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf, ef landlæknir telur ástæðu til, og einnig heimild til að svipta lækni leyfi til að ávísa slíkum lyfjum.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Af hagkvæmnisástæðum þykir rétt að stytta heiti laganna (lög um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar), enda er heiti þeirra sjaldan notað óstytt.

Um 2. gr.

2. gr. laganna hefur oftsinnis verið breytt, og þótti því rétt að skrifa greinina í heild upp í stað þess að bæta við hana enn nýrri málsgrein. Hafa um leið verið gerðar nokkrar smábreytingar á þeim ákvæðum, sem efnislega eru óbreytt, og eru þessar helztar:

Fellt er niður úr fyrstu málsgrein ákvæði um framhaldsnám í fæðingarhjálp. Virðist ástæðulaust að lögbinda nám í einni grein læknisfræði öðrum fremur, og eiga slík ákvæði heima í reglugerð. Einnig er bætt í 3. mgr. skilyrði um lögræði til þess að öðlast lækningaleyfi. Virðist eðlilegt, að mönnum, sem sviptir hafa verið lögræði (sjálfræði eða fjárræði), séu ekki veitt slík réttindi, sem í lækningaleyfi felast.

Síðari málsliður 3. málsgr. 1. gr. frumvarpsins er nýmæli. Með ákvæðinu er sérstaklega haft í huga, að hugsanlegt muni vera að fá erlenda lækna til að gegna læknishéruðum, en héraðslæknaskortur er nú geigvænlegur hér, eins og kunnugt er.

Um 3. gr.

Hér er aðeins breytt tilvísun í 2. gr. í samræmi við frumvarp þetta.

Um 4. gr.

Í lyfjalöggjöf eru reistar skorður við ávísunum á ávana- og fíknilyf, en með þessum heitum er átt við lyf, sem eiga það sameiginlegt, að menn geta orðið sólgnir í þau við notkun og meira eða minna háðir þeim. Er þar að nefna eftirritunarskyldu allmargra lyfja, svo að unnt er að fylgjast með útlátum þeirra, hvaða læknar ávísa þeim og hverjir nota þau. Sömuleiðis er takmarkað það magn nokkurra lyfja, sem ávísa má á einum og sama lyfseðli. Í lögum um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna o. s. frv., eru viðurlög við eiturlyfjanotkun (þ. e. óhæfilegri notkun ávana- og fíknilyfja) lækna, fólgin í sviptingu lækningaleyfis, en að öðru leyti aðeins almenn ákvæði, sem óvarlegar eða óhóflegar lyfjaávísanir mundu falla undir.

Misnotkun „eiturlyfja“ í þröngri merkingu, þ. e. morfíns, kókaíns, heróíns, maríhúana (hashish), LSD, er naumast verulegt vandamál hér á landi. Helzt er um að ræða misnotkun á morfínflokknum og syntetiskum lyfjum með áþekkri verkun. Hins vegar nota margir svefnlyf, róandi lyf og örvandi lyf í óhófi, og eiga læknar oftlega mjög í vök að verjast vegna ásóknar fólks í slík lyf.

Tímabært þykir því að setja inn í lækningaleyfislögin frekari og bein ákvæði um meðferð lækna á ávana- og fíknilyfjum. Er þá ekki einungis haft í huga að beita viðurlögum þá lækna, sem uppvísir verða að óvarlegri meðferð þessara lyfja, heldur engu síður það, að slík ákvæði gætu verið læknum vörn gegn ágengni sjúklinga og þannig spornað óbeint við óeðlilegum ávísunum á þau. Jafnframt yrði um fleiri stig viðurlaga að ræða en samkv. núgildandi löggjöf. Svipting lækningaleyfis er svo alvarleg „refsing“, að henni er aldrei beitt nema í algert óefni sé komið. Vægari viðurlög, sem beitt yrði í tæka tíð, gætu ef til vill komið í veg fyrir, að grípa þyrfti til alvarlegri aðgerða. Fyrsta stigið er þá skráningarskylda samkv. 22. gr. í 4. gr. frumvarpsins. Læknir heldur öllum réttindum sínum, en honum ber að gera ráðherra nákvæma grein fyrir ávísunum á ávana- og fíknilyf. Annað stigið er svipting leyfis til að ávísa ávana- og fíknilyfjum samkv. 23. gr. í 4. gr., en önnur réttindi læknisins eru óskert. Vitaskuld veldur það lækni erfiðleikum í starfi að vera sviptur slíku leyfi, og til beggja vona getur brugðið um það, hvort honum tekst að fá annan lækni til að taka að sér að ávísa fyrir hann, sbr. 25. gr. í 4. gr. Þó ætti það að vera vel framkvæmanlegt, þar sem fleiri en einn læknir situr í héraði. Þriðja stigið er svo alger svipting lækningaleyfis samkv. 20. gr. núgildandi laga, og yrði það væntanlega sú ráðstöfun, sem jafnaðarlega yrði síðast gripið til.

Með þessar almennu athugasemdir í huga ætti að vera óþarft að skýra einstakar greinar í 4. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um skólasjónvarp.

Flm.: Jónas Árnason, Björgvin Salómonsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hraða sem mest má verða undirbúningi skólasjónvarps.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1964 skilaði sérstök sjónvarpsnefnd (skipuð útvarpsráðsmönnum og útvarpsstjóra) skýrslu, sem menntamálaráðuneytið hafði falið henni að gera til undirbúnings íslenzku sjónvarpi. VIII. kafli þessarar skýrslu fjallar um skólasjónvarp og hljóðar svo:

„Kaflinn um dagskrá sjónvarps ber með sér, að áform eru um eins konar „kvöldskóla“ í sjónvarpi, þar sem hafa mætti samfellda kennslu í einstökum greinum. Hefur slík kennsla í tungumálum og fleiri greinum borið sérstaklega góðan árangur víða um lönd, meðal annars á Norðurlöndum.

Þegar rætt er um skólasjónvarp, er hins vegar átt við dagskrá, sem beint væri inn í skólana og nemendur tiltekinna bekkja horfðu á í kennslustundum í skólanum. Er slík kennsla notuð í vaxandi mæli erlendis, enda þótt hún sé vandasöm og krefjist nákvæmrar skipulagningar.

Mikill áhugi er á slíku skólasjónvarpi hjá fræðsluyfirvöldunum. Nokkur síðustu ár hafa sjóvarpsleiðslur verið settar í nýjar skólabyggingar, þar á meðal Kennaraskólann og 4—5 nýjustu skóla Reykjavíkur, og má af því marka, að ráðamenn íslenzkra fræðslumála telja sjónvarp meðal kennslutækja næstu framtíðar.

Sjónvarpskennsla hentar vissum greinum mjög vel, til dæmis eðlisfræði og efnafræði. Hún gæti að nokkru bætt upp skort á sérmenntuðum kennurum og sérstökum kennslustofum.

Sérstök ástæða er til að benda á, hvaða þýðingu sjónvarpskennsla mundi hafa í hinum dreifðu byggðum, þar sem ógerningur er að hafa sérmenntaða kennara í einstökum greinum og dýrustu kennslutæki í sérgreinum eru ekki til. Þar mundi sjónvarpið jafna mjög aðstöðu lítilla skóla og stórra, svo og skóla í dreifbýli og þéttbýli.

Allur undirbúningur undir íslenzkt sjónvarp gildir jöfnum höndum fyrir skólasjónvarp. Komið verður upp sendistöðvum, sem aðeins verða notaðar 2—3 stundir á dag, og verður tæknilega unnt að sjónvarpa til skólanna morgun- og síðdegisstundir. Er því rétt að taka fljótlega til sérstakrar athugunar, að hvaða leyti skólakerfið getur hagnýtt sér þá aðstöðu, sem sjónvarpið mun opna því, en um það verður að sjálfsögðu að vera náið samstarf milli sjónvarpsins og fræðsluyfirvalda.“

Skýrsla þessi er nú orðin 5 ára gömul, og íslenzkt sjónvarp hefur þegar starfað í hálft þriðja ár, og enn bólar þó ekkert á skólasjónvarpi, ef undan er skilin nokkur enskukennsla fyrir byrjendur. Sú kennsla mun hafa verið upp tekin að frumkvæði sjónvarpsins sjálfs, en skipulegt og víðtækt skólasjónvarp hlýtur hins vegar að teljast í verkahring fræðsluyfirvaldanna, enda mun takmarkað starfslið sjónvarpsins þegar hafa ærin verkefni á sinni könnu. Og virðist af þessu tilefni ekki úr vegi að spyrja, hvers vegna svo lítið hafi í reyndinni borið á þeim mikla áhuga fræðsluyfir-

valdanna á skólasjónvarpi, sem um er rætt í ofanskráðum kafla úr hinni 5 ára gömlu skýrslu sjónvarpsnefndar.

Í kafla þessum er áreiðanlega ekkert ofsagt um þýðingu skólasjónvarps og vissulega ekki ófyrirsynju, að nefndin vekur í því sambandi sérstaka athygli á vandkvæðum skólahalds í hinum dreifðu byggðum vegna skorts á sérmenntuðum kennurum og nauðsynlegum kennslutækjum í sérgreinum ýmsum. Aðstöðumunur skólanna í dreifbýlinu annars vegar og þéttbýlinu hins vegar er svo mikill, að ekki getur talizt vansalaust, að til lengdar séu látnir ónotaðir hinir margvíslegu möguleikar skólasjónvarps til að jafna hann.

Sþ. 336. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að unnt verði að hefja sem allra fyrst byggingarframkvæmdir við stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans, þar sem meðal annars verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið vitað, að brýn þörf væri á því að stækka húsnæði það, er Fæðingardeild Landsspítalans hefur til umráða, og að koma þar upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Meðal annars voru gerðar teikningar að umræddum framkvæmdum þegar á árinu 1956. Í fæðingardeild eru nú aðeins 16 rúm, sem ætluð eru kvensjúkdómasjúklingum, og er það auðvitað langtum of lítið, auk þess sem allar aðstæður á deildinni eru mjög óhægar.

Þá þarf að tryggja Cobalt-tækjum þeim, sem Landsspítala hafa borizt að gjöf, varanlegan og viðeigandi samastað, sem auðvelt mundi að gera í sambandi við þá stækkun, sem hér er ráðgerð.

Bandalag kvenna í Reykjavík ályktaði um mál þetta á fundi, sem haldinn var 18. og 19. nóvember s. l., og hefur með bréfi, dags. 26. febrúar 1969, sent öllum alþingismönnum þá tillögu, sem þar var samþykkt. Tillagan er prentuð sem fylgiskjal með greinargerð þessari, og vísast til hennar um nánari atriði.

Þess skal að lokum getið, að yfirgnæfandi meiri hluti allra starfandi kvenna á Landsspítala hefur undirritað áskorun til heilbrigðisstjórnar og Alþingis, þar sem þeirri eindregnu kröfu ljósmæðra, nema og annars starfsfólks Landsspítalans er lýst, að starfsaðstaðan í fæðingardeildinni verði tafarlaust bætt.

Hér er greinilega um hið mesta nauðsynjamál að ræða, sem óverjandi er að fresta lengur.

Fylgiskjal.

BANDALAG KVENNA Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. febrúar 1969.

Á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík, sem haldinn var dagana 18. og 19. nóvember, var eftirfarandi tillaga samþykkt. Einnig samþykkti fundurinn, að tillagan skyldi send heilbrigðismálaráðherra, fjárveitinganefnd og öllum þingmönnum.

Meðfylgjandi greinargerð fylgdi tillögunni frá heilbrigðismálanefnd Bandalagsins, þegar tillagan var flutt á aðalfundinum:

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík, haldinn dagana 18.—19. nóv. 1968, vill hér með benda heilbrigðisyfirvöldunum á þá brýnu nauðsyn að stækka Fæðingardeild Landsspítalans og við þá stækkun verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Fundurinn skorar því á hæstvirt Alþingi að veita nú á þessu þingi fé til þess að hefja án tafar löngu fyrirhugaða viðbyggingu þessara deilda Landsspítalans.

Greinargerð.

Sérdeild fyrir kvensjúkdóma er, eins og kunnugt er, aðeins ein á landinu og er starfrækt í hluta af Fæðingardeild Landsspítalans.

Í fæðingardeild Landsspítalans eru sjúkradeildir á tveimur hæðum, á neðri hæð eru 24 rúm, eingöngu ætluð sængurkonum, en á efri hæðinni eru 29 rúm, en af þeim eru 10 ætluð konum með sjúkdóma á meðgöngutímanum, 3 rúm fyrir sængurkonur, en aðeins 16 rúm fyrir kvensjúkdómasjúklinga.

Deildin er skyld lögum samkvæmt að taka við sjúklingum vegna fóstureyðinga og vanana, þeir sjúklingar eru um 100 á ári.

Konur, sem fá krabbamein í móðurlíf, eru sendar á deildina frá öllu landinu, því að þar er einasta aðstaðan til radíumlækninga.

Svo sem kunnugt er, tekur Fæðingardeild Landsspítalans einnig við afbrigðilegum fæðingum, sem og öðrum, alls staðar af landinu, t. d. flestum keisaraskurðum.

Fæðingardeild Landsspítalans er eina kennsludeildin hér á landi fyrir ljósmæður og læknastúdenta á þessu sviði.

Meðal annars þess vegna er mikil þörf á, að þar séu allar aðstæður sem fullkomnastar, en mikið vantar á, að svo sé nú.

Á fæðingardeildinni er víðast endurbóta þörf, t. d. er engin setustofa fyrir konurnar. Þá eru salernin fá og ekki til fyrirmyndar, og svo mætti lengi telja.

Allar aðstæður á kvensjúkdómadeildinni eru þannig, að hæpið má teljast, að hægt verði að fá fólk til að vinna við slík skilyrði.

Mikil aðsókn hefur leitt til þess, að neyðzt hefur verið til að nota deildina til hinna ólíkustu verkefna, sem að framan greinir.

Í leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur verið unnið mikið og gott starf undanfarin ár, og þar hafa fundizt ýmis grunsamleg tilfelli, sem unnt hefur verið að lækna vegna þess, að sjúkdómurinn reyndist á lágu stigi.

En finnist grunsamlegt tilfelli, liggur leið þessa sjúklings ekki beint á deildina, sem þó er talið nauðsynlegt, heldur skrifast nafn sjúklingsins á biðlista deildarinnar.

Þessi áðurnefndu 16 rúm geta engan veginn leyst sárasta vanda allra þeirra kvensjúkdómatilfella, sem aðeins ættu að meðhöndlast á sérdeild, en ekki á almennu sjúkrahúsi.

Margir þessara sjúklinga hafa dreifzt meira og minna tilviljanakennt á önnur sjúkrahús, og er ekki að vita, hve margar konur hafa hlotið tjón af.

Hér vantar ekki aðeins sjúkrarúm — heldur svo að segja allt svigrúm til starfa, t. d. er aðeins ein skurðstofa á stofnuninni og þar fara allar aðgerðir fram, nánar tiltekið á 9. hundrað aðgerðir á ári, hvort sem um er að ræða keisaraskurð, afbrigðilegar fæðingar eða krabbamein, á hvaða stigi sem er.

Enn eitt vandamálið er það, að vegna skorts á fullkominni geislameðferð hafa læknar deildarinnar neyðzt til þess að koma konum til geislameðferðar erlendis, sem er óhæfilega dýrt bæði fyrir einstaklinga og tryggingar, auk annarra vandkvæða.

Nú stendur það til, að Landsspítalanum verði gefið Cobalt-geislatæki, en Cobalt-geislameðferð er ein sú fullkomnasta, sem þekkist.

Fyrir Cobalt-geislatæki er ekkert pláss í Landsspítalanum, og ætla má, að ekki verði úr því bætt á viðunandi hátt, nema með stækkun geisladeildarinnar. Rætt hefur

verið um, að geisladeildin verði í nánum tengslum við fyrirhugaða viðbyggingu fæðingardeildarinnar.

Viðbygging fæðingardeildarinnar er löngu fyrirhuguð. Árið 1956 var upphaflega teikningin gerð, en tólf ár eru liðin síðan. Eins og ástandi og aðstæðum fæðingardeildarinnar er háttað og þegar hefur verið lýst, er það augljóst mál, að ekki má lengur við svo búið standa.

Engum stendur það nær en konum að beita öllum tiltækum ráðum til að koma málinu í rétt horf.

Konurnar, sem stóðu fyrir stofnun Landsspítalans, hafa gefið okkur fordæmið.

Virðingarfyllst,

Guðrún P. Helgadóttir.

Nd. 337. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi, fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Árskógshrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrætt land eða hluta af því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Land það, sem Hauganesi tilheyrir, er í eigu ríkisins. Meginhluti þessa lands var tekinn undan Selá, sem er ríkisjörð. Enn fremur er lítið horn af þessu landi út úr Brimnesi. Sú jörð er í einkaeign, en ríkið keypti þessa landsspildu undan Brimnesi fyrir nokkrum árum.

Hauganes er vaxandi útgerðarstaður, með rúmlega 100 íbúa. Íbúarnir eru óánægðir með það að þurfa að sækja mál sín til Reykjavíkur, t. d. vegna mannvirkjagerðar, og telja það mikið hagsmunamál, að hreppurinn eignist landið, sem staðnum tilheyrir. Á fundi hreppsnefndar Árskógshrepps hinn 15. febrúar 1969 var samhljóða samþykkt að gera þegar ráðstafanir til þess að afla heimildar Alþingis til að fá land Hauganess keypt, að sjálfsögðu miðað við það, að landið fáist með aðgengilegum kjörum.

Nd. 338. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „sjósaltaðrar“ komi: og ísvarinnar.
2. Við fyrirsögn: Á eftir orðinu „sjósaltaðrar komi: og ísvarinnar.

Þessar brtt. eru fluttar að ósk sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sbr. bréf, dags. 28. febrúar s.l., sem birt er með nál. þessu sem fylgiskjal.

Alþingi, 10. marz 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm. Sverrir Júlíusson, fundaskr. Lúðvík Jósepsson.
Pétur Sigurðsson. Jón Skaftason. Guðl. Gíslason. Björn Pálsson.

Fylgiskjal.

SJÁVARÚTVEGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 28. febrúar 1969.

Ráðuneytið fer þess hér með á leit við háttvirta sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, að hún hlutist til um, að eftirgreind breyting verði gerð á frumvarpi til laga um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, en frumvarpi þessu, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum, hefur verið vísað til nefndarinnar.

Á eftir orðinu „sjósaltaðrar“ í fyrirsögn og 1. gr. laganna komi orðin „og ísvarinnar“.

Ástæður þessarar óskar ráðuneytisins eru þær, að hinn 2. ágúst s.l. setti ráðuneytið reglugerð um flutning á saltaðri og ísaðri síld, en reglugerð þessi var sett samkvæmt bráðabirgðalögunum. Í 2. gr. reglugerðarinnar er svo hljóðandi ákvæði:

„Úr flutningasjóði er heimilt að verja allt að 3 millj. króna til þess að styrkja flutninga á ísvarinni síld af fjarlægum miðum, eða varinni á annan hátt, sem söltunarhæf berst á land. Styrkurinn skal aðeins greiddur fyrir síld, sem veiðzt hefur fjær íslenzkri höfn en 300 sjómílur, og skal vera kr. 60.00 fyrir hverja uppsaltaða tunnu. Fella skal niður alla flutningastyrki, þegar síldin er komin það nálægt, að hún geti borizt söltunarhæf að landi í veiðiskipum án ísunar.“

Ákvæði þetta var sett samkvæmt tillögum síldarútvegsnefndar og eftir að samtök síldarsaltenda, útvegsmanna og sjómanna höfðu samþykkt, að ákvæði þetta yrði sett í reglugerðina. Er nauðsynlegt til að taka af allan vafa um lögmæti þessa ákvæðis reglugerðarinnar að bæta við orðunum „ísvarinnar“ í fyrirsögn og 1. gr. laganna.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 339. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um Listasafn Íslands.

Flm.: Magnús Kjartansson, Birgir Kjaran, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um lóð handa Listasafni Íslands og hafinn undirbúningur að byggingum. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera áætlanir og tillögur um nauðsynlega fjáröflun, til þess að framkvæmdir geti gengið sem greiðlegast.

Greinargerð.

Nýlega hefur verið vakin athygli á því á Alþingi, að húsakostur Listasafns Íslands er ófullnægjandi með öllu. Þjóðminjasafnshúsið hefur reynzt svo illa byggt og gallað, að alvarlegt tjón hefur þegar hlotizt af, auk þess sem þar skortir útbúnað, sem hvarvetna er talinn óhjákvæmilegur í málverkasöfnum, tæki til þess að tryggja sem jafnast hitastig og rakastig. Ætlunin er að bæta úr þessum annmörkum með viðgerð á húsinu og með því að koma listaverkum fyrir í geymslu á öðrum stað.

Umbætur á þessum sviðum breyta þó ekki þeirri staðreynd, að vistarverur listasafnsins eru fyrir löngu orðnar til muna of litlar. Safnið á nú um 1700 listaverk, en ekki er unnt að sýna nema svo sem hundrað þeirra í senn, svo að landsmenn eiga þess mjög takmarkaðan kost að kynnast þessum listaverkum sínum. Engin aðstaða er til þess að hafa yfirlitssýningar og sérsýningar, sem hvarvetna eru ríkur þáttur í störfum listasafna. Engin aðstaða er heldur í húsakynnum safnsins til náms og rannsókna eða til kennslu og fyrirlestrahalds.

Þegar Alþingi setti lög um Listasafn Íslands og stofnaði byggingarsjóð þess, var tekin ákvörðun um að reisa hús fyrir listasafnið. Tímabært er að hefjast handa um að framkvæma þá ákvörðun. Frumskilyrði er að festa lóð handa safninu, því að fyrr er ekki unnt að gera teikningar af húsakynnum, en það verður mikið og vandasamt verkefni og mun taka langan tíma. Kostnaður við byggingarframkvæmdir verður að sjálfsögðu mikill, og eignir byggingarsjóðs listasafnsins munu hrökkva skammt, þegar framkvæmdir hefjast fyrir alvöru, og því er nauðsynlegt, að þegar verði gerðar áætlanir um fjáröflun.

Ed. 340. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um leiklistarskóla ríkisins.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Það var upplýst í n., að menntamálaráðherra hefur með bréfi dags. 20. jan. s. l., skrifað þjóðleikhúsráði, Leikfélagi Reykjavíkur, Félagi ísl. leikara og Reykjavíkurborg og farið þess á leit, að þessir aðilar tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til þess að taka sæti í nefnd til þess að athuga og gera tillögur um sameiningu þeirra tveggja leiklistarskóla, sem áður nefnd leikhús nú reka, og gera í því sambandi áætlun um stofn- og rekstrarkostnað.

Með vísun til ofanritaðs leggur meiri hl. til, að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar**, en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 10. marz 1969.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Sþ. 341. Fyrirspurn [174. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær má vænta þess, að hafizt verði handa um að stækka Fæðingardeild Landsspítalans og koma þar upp sérstakri kvensjúkdómadeild með aðstöðu til nútíma geislalækninga?

Sþ. 342. Nefndarálit [18. mál]

um till. til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft till. þessa til athugunar. Málið var sent til umsagnar Félagi ísl. iðnrekenda, Sjávarafurðadeild SÍS og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sams konar þáltill. lá fyrir síðasta Alþingi og var send sömu aðilum til umsagnar. Tveir svöruðu nú og vísuðu til umsagnar sinnar um málið frá síðasta Alþingi. SH mælir með, að tollar af vélum og efnum til fiskiðnaðarins verði felldir niður. Félag ísl. iðnrekenda er meðmælt till., en bendir á viss vandkvæði, sem athuga þurfi við framkvæmd málsins. Rætt var í nefndinni um það, að endurskoðun tollamálanna stæði yfir, og voru sumir nefndarmenn ekki reiðubúnir að taka afstöðu til málsins og töldu það óeðlilegt vegna yfirstandandi endurskoðunar tollalaga. Nefndin klofnaði um afgreiðslu þess. Mun minni hlutinn, þeir Vilhjálmur Hjálmarsson, Geir Gunnarsson og Jónas Jónsson, skila séráliti. Meiri hlutinn leggur til, að málinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem endurskoðun tollamála stendur nú yfir og augljóst er, að tollamál iðnaðarins falla inn í þá endurskoðun, telur Alþingi ekki rétt að samþykkja þáltill. á þskj. 18, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. marz 1969.

Bragi Sigurjónsson, form. Jónas Pétursson, fundaskr., frsm. Friðjón Þórðarson.
Matthías Bjarnason.

Sþ. 343. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundi sínum og orðið sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Síðasta málsgrein tillgr. orðist svo:
Leitað verði samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga og aðra þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa.

Jónas Jónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 11. marz 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Ásgeir Pétursson.
Matthías Bjarnason. Geir Gunnarsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. **344. Tillaga til þingsályktunar** [175. mál]

um byggingu heyrnleysingjaskóla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Einar Ágústsson, Björgvin Salómonsson.

Þar eð Heyrnleysingjaskólinn býr nú við allsendis ófullnægjandi húsnæði, ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að hefja þegar á næsta vori byggingu fyrsta áfanga fyrirhugaðrar byggingar Heyrnleysingjaskólans, svo að honum verði búin forsvaranleg ytri skilyrði og starfsaðstaða og gert unnt að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Greinargerð.

Íslenzka ríkið rekur einn skóla fyrir heyrnarlaus (og mállaus) börn. Munu það flestir mæla, að fátt sé sjálfsagðari þjóðfélagsskylda en að búa vel að slíkri stofnun.

En því miður verður ekki sagt, að svo hafi verið gert. — Þessi skylda hefur verið herfilega vanrækt.

Heyrnleysingjaskólinn býr við allsendis ófullnægjandi húsnæði og starfsaðstöðu.

Það er þá fyrst, að skólinn er illa settur í hávaðasömu iðnaðarhverfi í borginni, og viðbótarhúsnæði, sem honum hefur nýlega verið fengið, er lítt nothæft til slíkrar kennslu, þar eð það liggur að einni fjölförnustu umferðargötu borgarinnar.

Hér við bætist, að húsnæði skólans er í senn mjög óhentugt — margsambyggð gömul hús — og allt of lítið. Viðtalsstofa skólastjóra við börnin er líkari skáp en herbergi, handavinnustofur engar, fimleikasalur enginn, leikherbergi engin og geymslurými ekkert.

Og það sem verst er: Vegna skyndilegrar fjölgunar barna með skerta heyrn er svo komið, **að skólinn hefur orðið að senda frá sér börn,** sem rétt eiga lögum samkvæmt á skólavist í Heyrnleysingjaskólanum og nauðsynlega þurfa að njóta þar kennslu og leiðsagnar. — Vegna fjölgunar heyrnarlausra barna, sem komast á skólaaldur næsta haust, verður það ástand enn alvarlegra, og fær enginn séð, hvernig fram úr því vandamáli verði ráðið.

En mál heyrnarlausra barna hefur einnig verið afrækt að öðru leyti. Flm. er t. d. ekki kunnugt um, að ríkið hafi varið neinu fé til að fá samdar eða útgefnar sérkennslubækur fyrir heyrnarlaus börn né heldur að fyrir því hafi verið séð á nokkurn viðhlítandi hátt að styðja kennara til sérmenntunar erlendis í kennslu og uppeldi heyrnarlausra barna.

Nokkur ár eru þó síðan yfirstjórn fræðslumála var ljóst, að hér var í mikið óefni komið. Vöknuðu þá vonir um, að rösklegt átak yrði gert í málefnum skólans. Þá voru sett lög um Heyrnleysingjaskólann. Og árið 1967 heimilaði Reykjavíkurborg rúmgóða lóð á skemmtilegum stað undir framtíðarbyggingu skólans. Menntamálaráðherra fékk færan arkitekt til að gera uppdrætti að nauðsynlegum húsakosti og starfsaðstöðu Heyrnleysingjaskólans. Uppdráttum þessum fylgdi líka kostnaðaráætlun. — Og þá voru teknar 300 000 krónur á fjárlög til byggingar Heyrnleysingjaskóla. — Hlægilega lág upphæð að vísu, en samt. — Var ekki hugsanlegt, að mjór yrði mikils vísir?

Nei, þar með var draumurinn búinn. Enn þá er fjárveitingin frá 1967 eins og eyja í hafinu. Engin fjárveiting í þessu skyni á fjárlögum ársins 1968 og ekki heldur á fjárlögum þessa árs, 1969. — Uppdrættirnir eru enn til, en kostnaðaráætlunin löngu úrelt.

Þannig datt botninn úr þessu máli. Vonirnar, sem vöknuðu upp úr 1964, eru að engu orðnar.

Málinu virðist hafa verið stungið svefnþorn um sinn.

En í þessu máli **má ekki** sofa. Neyðin rekur á eftir. Það er þjóðinni til mikillar vansæmdar að bregðast sjálfsagðri skyldu sinni í þessu máli.

Í þessari stofnun er mannsefnum bjargað fyrir þjóðina á hverju ári — og lífshamingju forðað frá strandi. Um þá björgun má engum neita.

Uppdrættir arkitektsins að kennsluhúsnæðinu þykja hafa vel tekizt og eru í fullu gildi. Að því leyti stendur ekkert í vegi þess, að bygging fyrsta áfanga geti hafizt næsta vor. — Á atvinnuleysistímum á hið opinbera að auka verklegar framkvæmdir. Og nú eru einmitt slíkir tímar.

Það, sem allt strandar á, er þá peningahliðin. En hún á ekki og **má** ekki stöðva þetta mál. Lánsfé verður að útvega, og það er ríkisstjórninni auðvelt verk, ef viljinn er fyrir hendi.

Hvað mundi bankana **alla saman** muna um að lána ríkinu fé til eins slíks skóla? Eða, ef þeim yrði það ofvaxið, hvað sýnist mönnum þá sjálfsagðara en að sjóðir almannatrygginga hlypu undir baggann í bili með ríkissjóði og lánuðu fé til lausnar slíku menningarmáli, þar til féð yrði endurgreitt með fjárveitingum á fjárlögum?

Ef svo vildi verkast, gæti seinni áfangi beðið um sinn, þar eð hugsanlegt væri að nota núverandi húsnæði skólans sem heimavistir, þar til byggingu hins nýja Heyrnleysingjaskóla væri að fullu lokið.

Það væri Alþingi og ríkisstjórn til sóma að leysa þetta mál af nokkrum skörungsskap og láta framkvæmdir ekki dragast lengur úr hömlu.

Því vilja flutningsmenn vænta, að tillagan fáist samþykkt, áður en þessu þingi lýkur.

Nd. 345. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

I. KAFLI
Þjóðminjasafn Íslands.

1. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenzka ríkisins. Forseti skipar þjóðminjavörð, sem stjórnar safninu undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Þjóðminjasafnið er miðstöð allrar þjóðminjavörzlu í landinu. Það skal varðveita íslenzkar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safninu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki, sem um er fjallað í sérstökum köflum laga þessara.

3. gr.

Safnið skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum, þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar ástæður leyfa.

4. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum, sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra.

6. gr.

Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar.

7. gr.

Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknum íslenzkra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

8. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar safnverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

II. KAFLI
Fornminjar.

A.
Fornleifar.

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

10. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

11. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

12. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

13. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafizt er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, unz fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

15. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

16. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

B.

Forngripir.

17. gr.

Þegar fornir gripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu og eru ekki, svo að vitað í sé, í einkaeign, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn, svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum, nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu, með því að ella væri hætta á, að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. málsgr. taka til allra muna, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á, og einnig til leifa af líkömum manna eða dýra, sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.

18. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal ef um gullpeninga eða silfurpeninga er að ræða, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda, en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

19. gr.

Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.

III. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

20. gr.

Þjóðminjavörður setur á skrá þá kirkjugripi, sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningar verða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður setur einnig á skrá þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum landsins, sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

21. gr.

Munir, sem á skrá eru teknir samkvæmt 20. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka, svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða nr. 21 23. apríl 1963.

22. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hverrar kirkju, og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum, sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.

24. gr.

Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum 23. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.

IV. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

25. gr.

Friða má hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Með sama skilorði má einnig friða önnur mannvirki, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

26. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.

Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.

27. gr.

Friðuðum húsum eða húshlutum skal skipa í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðað í heild, telst það til A-flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, skal húsið talið til B-flokks.

28. gr.

Halda skal skrá um friðuð hús eða húshluta.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum, sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn

og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu, hvort eign er friðuð í A-flokki eða B-flokki, og því nánar lýst, til hvers friðun taki.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign þá, sem í hlut á. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd, ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

29. gr.

Friðun á húsi eða húshluta ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim, sem réttindi eiga í eigninni, og án tillits til, hvenær réttur þeirra er til orðinn.

30. gr.

Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokki og á ytra byrði húsa eða húshlutum í B-flokki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.

Nú vill eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til samkvæmt 1. málsgr., og skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni, hvort heldur samþykki eða synjun. Nú setur nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu, að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti, öðrum en þeim, sem í umsókn greinir, og er eiganda þá skylt að hlíta því, ef hann hverfur ekki frá framkvæmdum, enda skal hann þá fá greiddan aukakostnað, sem af breytingu nefndarinnar leiðir.

31. gr.

Ef slíkar breytingar, sem um er getið í 1. málsgr. 30 gr., hafa verið gerðar án leyfis húsafriðunarnefndar, getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið eða húshlutann í hið fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar, og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

32. gr.

Ef vanrækt er viðhald húss í A-flokki eða ytra borðs húss eða húshluta í B-flokki, getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda eða afnotahafa að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda eða afnotahafa.

33. gr.

Nú verður friðlýst eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum, og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðizt verður í endurbyggingu, gilda ákvæði 30. gr.

34. gr.

Nú samþykkir eigandi húss eða húshluta friðun, þar á meðal að hús verði hvorki rifið né flutt af stað sínum, og skal þá þinglýsa sérstaklega yfirlýsingu hans um það, enda bindur hún þá einnig síðari eigendur eða aðra rétthafa að eigninni.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eiganda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunarákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 26. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.

35. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss eða húshluta, sem ákvæði 34. gr. taka ekki til, rifa húsið eða flytja það af stað sínum, og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning, skal, að framkvæmd lokinni, aflýsa friðunarkvöðinni. Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.

Ef ráðherra samþykkir ekki umsóknina, getur hann, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar, gert ráðstafanir til þess, að ríkið eignist hina friðuðu eign ásamt tilheyrandi lóð eða lóðarhluta, þar á meðal með eignarnámi, ef á þarf að halda. Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.

Nú hefur ríkið eignazt friðaða eign samkvæmt ákvæðum 2. málsgr., og er því þá heimilt að selja hana aftur, eftir að þinglesin hefur verið sérstök friðunarkvöð í samræmi við 1. málsgr. 34. gr. Um styrk til viðhalds gilda þá einnig ákvæði 2. málsgr. 34. gr. Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.

Óheimilt er eiganda friðlýstrar eignar að rífa hana eða flytja af stað sínum, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 1. málsgr. eða yfirlýsingu húsafriðunarnefndar um, að kaup eða önnur yfirtaka á eigninni af hálfu ríkisins eða sveitarstjórnar muni ekki fram fara.

36. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við, að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið, skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

37. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðlýstri eign, sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

38. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Byggðasöfn.

39. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 40. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæzlumanns.

Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

40. gr.

Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðhátta. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherzlu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

41. gr.

Ef friðað hús í eign ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði, er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni, sem til safnsins heyra, einkum þó þá muni, sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

42. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á aðili þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað.

Laun gæzlumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

43. gr.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur menntamálaráðherra, að tillögu þjóðminjavarðar, ákveðið, að gripir þess skuli renna til þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

45. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum þessum.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum 11.—14. gr., 1. málsgr. 17. gr., 19. gr., 21. gr., 29. gr., 30. gr., 33. gr., 4. málsgr. 35. gr. og 36. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt 177. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

47. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **346. Breytingartillögur** [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. (1. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 3. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
   b. (2. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
   c. (3. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 9. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
   d. (4. gr.) Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 11. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
2. Við 1. gr. (verður 5. gr.). Greinin orðist þannig:
   12. gr. laganna breytist sem hér segir:
   a. 4. mgr. orðist svo:
      Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a-b-liða 1. mgr. og að fengnu samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga á þeim tíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.
   b. Fyrir „kr. 4000.00“ í 7. mgr. komi: kr. 10 000.00.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein (verður 6. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
4. Við 2. gr. (verður 7. gr.). Greinin orðist þannig:
   14. gr. laganna breytist sem hér segir:
   a. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.
5. Á eftir 2. gr. komi ný grein (verður 8. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ í 2. mgr. 15. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
6. Við 3. gr. (verður 9. gr.). Greinin orðist þannig:
   16. gr. laganna orðist svo:
   Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.
   Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.
   Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.
   Áfengisauglýsingar eru bannaðar.
   Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

7. Við 4. gr. (verður 10. gr.). Greinin orðist þannig:
   17. gr. laganna breytist sem hér segir:
   a. Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og í stað orðanna „Áfengisverzlunar ríkisins“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.
8. Á eftir 6. gr. (verður 12. gr.) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. (13. gr.) 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:
      Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
   b. (14. gr.) 29. gr. laganna orðist svo:
      Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistarsjóð framlag eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.
9. Á eftir 7. gr. (verður 15. gr.) komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:
   a. (16. gr.) 33. gr. laganna breytist sem hér segir:
      a) Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.
      b) 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:
         Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.
      c) Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000“ komi: 1000—30000.
   b. (17. gr.). Sektarákvæði í 34. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.
   c. (18. gr.). Sektarákvæði í 36. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.
   d. (19. gr.). Sektarákvæði í 37. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.
   e. (20. gr.). 38. gr. laganna orðist svo:
      Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.
10. Við 8. gr. (verður 21. gr.). Í stað „1500—15000“ komi: 2000—20000, og í stað „3000—30000“ komi: 4000—50000.
11. Við 9. gr. (verður 22. gr.). Greinin orðist þannig:
    40. gr. laganna breytist sem hér segir:
    a) Í stað orðanna „veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926“ í 1. mgr. komi: veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963).
    b) Sektarákvæði í niðurlagi greinarinnar breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—10000.

12. Við 10. gr. (verður 23. gr.). Í stað „500—2000“ í 1. mgr. komi: 500—5000, og í stað „1000—10000“ í 2. mgr. komi: 1000—20000.
13. Við 11. gr. (verður 24. gr.). Í stað „500—8000“ í 1. mgr. komi: 500—20000, og í stað „1000—16000“ í sömu mgr. komi: 1000—40000.
14. Við 12. gr. (verður 25. gr.). Í stað „500—5000“ í 1. mgr. komi: 500—10000, í stað „500—4000“ í sömu mgr. komi: 500—5000, og í stað „500—10000“ í 2. mgr. komi: 500—20000.
15. Við 14. gr. (verður 27. gr.). Í stað „800—4000“ komi: 1000—5000, og í stað „1600—8000“ komi: 2000—10000.
16. Við 15. gr. (verður 28. gr.). Í stað „500—20000“ komi: 500—40000.

Sþ. 347. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um fullkomna kvensjúkdómadeild við Fæðingardeild Landsspítalans.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem mest má verða stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans.

Tryggt verði með stækkuninni, að sérstök kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga fá góða aðstöðu og nægilegt húsrými í hinni nýju byggingu.

Greinargerð.

Fæðingardeild Landsspítalans mun hafa tekið til starfa árið 1952. Tilkoma deildarinnar bætti úr mikilli og brýnni þörf, en brátt kom í ljós, að húsrými var allt of lítið til þess að anna þeim margvíslegu verkefnum, sem deildinni voru falin. Voru gerðir uppdrættir að stækkun fæðingardeildarinnar á árunum 1956 og 1957, en ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Þó hafa verkefnin að sjálfsögðu aukizt og margfaldazt á þeim 12 árum, sem síðan eru liðin, og er nú svo komið, að ástandið er orðið óþolandi. Þess vegna er ofanrituð tillaga flutt.

Flutningsmanni hefur sem öðrum þingmönnum borizt samþykkt, sem gerð var á aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík á liðnu hausti.

Í samþykkt bandalagsins er stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans talin **brýn nauðsyn** og sérstök áherzla lögð á, að með stækkuninni verði **sérstakri kvensjúkdómadeild tryggð fyllsta aðstaða til nútíma geislalækninga.** Einmitt þetta er efni þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er um að ræða.

Í greinargerð Bandalags kvenna koma fram margvíslegar átakanlegar og ótrúlegar upplýsingar um ástand þessara mála, svo sem þær, að þarna sé engin setustofa, að salerni séu fá og ekki til fyrirmyndar, að allar aðstæður á kvensjúkdómadeildinni séu þannig, að hæpið megi teljast, að hægt verði að fá fólk til að vinna við slík skilyrði o. s. frv.

Í greinargerð Bandalags kvenna, sem undirrituð er af ekki ómerkari aðila en dr. Guðrúnu P. Helgadóttur skólastjóra Kvennaskólans, segir enn fremur:

„Hér vantar ekki aðeins sjúkrarúm — **heldur svo að segja allt svigrúm til starfa,** t. d. er aðeins ein skurðstofa á stofnuninni og þar fara allar aðgerðir fram, nánar til tekið á níunda hundrað aðgerðir á ári, hvort sem um er að ræða keisaraskurð, afbrigðilegar fæðingar eða krabbamein, á hvaða stigi sem er.“

Þetta er átakanleg lýsing á ástandi stofnunarinnar, en því miður óefað sönn.

Nýlega birtist í Læknablaðinu (54. árg. 5. kafli) gagnmerk grein eftir Guðmund Jóhannesson lækni, — einn okkar færasta sérfræðing í kvensjúkdómum. Þar segir, að á vissu árabili, er hann tilgreinir, hafi **ein** af hverjum þremur konum með krabba-

mein í leghálsi bjargazt hér á landi, en miðað við árangur þeirra þjóða, sem lengst séu komnar á þessu sviði, eigi að vera hægt að bjarga **tveimur af hverjum þremur konum** með þennan sjúkdóm.

Þetta eru allalvarlegar upplýsingar — en því miður upplýsingar, sem ekki verða rengdar.

Það undirstrikar Guðmundur læknir í grein sinni, **að árangur meðferðar** þessa sjúkdóms, eins og krabbameins yfirleitt, sé að verulegu leyti undir því kominn, **að sjúkdómurinn sé greindur á byrjunarstigi.**

Með þessi orð læknisins í huga skal nú aftur vikið að greinargerð Bandalags kvenna, en þar segir orðrétt:

„Í leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands hefur verið unnið mikið og gott starf undanfarin ár, og þar hafa fundizt ýmis grunsamleg tilfelli, sem unnt hefur verið að lækna vegna þess, að sjúkdómurinn reyndist á lágu stigi."

En svo kemur það alvarlega og ég vil segja, óhugnanlega, því að í beinu framhaldi af þessu segir í greinargerðinni:

„En finnist grunsamlegt tilfelli, liggur leið þessa sjúklings ekki beint inn á deildina, sem þó er talið nauðsynlegt, heldur skrifast nafn sjúklingsins á biðlista deildarinnar."

Það liggur við, að hárin rísi á höfði manns við að horfast í augu við svo ógeðfelldar staðreyndir. Tólf ára bið á stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans er orðin þjóðinni dýr — svo dýr, að við höfum á því engin efni að láta þá framkvæmd lengur dragast. — Verður því að vænta þess, að heilbrigðismálastjórnin snúi sér að framkvæmd þessa máls með forgangshraði.

Ed. 348. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum skv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum þessum gefst bændum, sem miklar lausaskuldir hvíla á vegna framkvæmda á jörðum undanfarin ár, kostur á að breyta þeim skuldum í föst lán.

Sama ráðstöfun var gerð með lögum nr. 15 31. marz 1962 og reyndist það mjög vel. Svipað hefur verið gert með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu.

Einnig hefur iðnfyrirtækjum verið gefinn kostur á með lögum nr. 87 20. desember 1968 að breyta lausaskuldum í föst lán.

Brýn nauðsyn ber til að rétta nú hag þeirra bænda, sem safnað hafa miklum lausaskuldum, og bæta búrekstraraðstöðu þeirra með því að gefa þeim kost á að breyta skuldum sínum í föst lán.

Af þeim sökum er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 349. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um endurskoðun laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Flm.: Björgvin Salómonsson, Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um breytingar á lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna, er tryggi íslenzkum stúdentum við nám erlendis eigi lakari námskjör en stúdentar viðkomandi lands njóta.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi kom fram, að ríkisstjórn Íslands hefur farið þess á leit við ríkisstjórn Svíþjóðar, að íslenzkum stúdentum, er nám stunda við þarlenda háskóla, verði gert kleift að halda því áfram með sérstökum styrkjum frá sænska ríkinu. Mun málið hafa fengið vinsamlegar undirtektir og vera nú í athugun hjá sænsku ríkisstjórninni.

Það er öllum ljóst, að íslenzkir námsmenn erlendis eiga í miklum og vaxandi erfiðleikum eftir síðustu gengisfellingu krónunnar, og við búið, að þeir verði margir hverjir að hverfa frá námi, ef ekki kemur til stóraukin opinber aðstoð við þá til þess að gera þeim unnt að kljúfa námskostnað sinn. Málaleitan íslenzku ríkisstjórnarinnar verður naumast skilin á annan veg en fullkomin viðurkenning á þessum staðreyndum.

Allmiklar umræður urðu á Alþingi um kjör íslenzkra stúdenta erlendis eftir síðustu gengisfellingu, og m. a. hafnaði ríkisstjórnin öllum tillögum, sem gengu svo langt að tryggja það **fullkomlega**, að íslenzkir stúdentar erlendis hrökkluðust ekki heim frá námi sínu vegna afleiðinga gengisfellingarinnar. Þær bætur, sem ríkisstjórnin taldi þá fullnægjandi, nálgast engan veginn það mark. Af þrautagöngu forsætisráðherra á fund sænskra stjórnarvalda í þessu máli má ætla, að ríkisstjórnin hafi nú gert sér þetta ljóst.

En að sjálfsögðu eiga allir íslenzkir stúdentar erlendis jafnan siðferðilegan rétt á sambærilegri fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins. Flutningsmenn leggja því til, að endurskoðuð verði lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna með það fyrir augum að tryggja íslenzkum stúdentum eigi lakari námskjör en tíðkast meðal annarra menningarþjóða.

Sþ. 350. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar tillögu. Meiri hlutinn vill vísa henni til ríkisstjórnarinnar. En minni hlutinn leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Að okkar dómi fjallar þessi þáltill. um mál, sem er í senn yfirgripsmikið og ákaflega mikilvægt. Verzlun með útflutningsvörur landsmanna er háð leyfum, og hefur svo verið um árabil. Skipulag og framvæmd þessara mála hefur sætt mikilli gagnrýni. Og þau eru þannig vaxin, að nauðsynlegt er að taka þau til rækilegrar yfirvegunar öðru hverju. Í tillögunni er gert ráð fyrir, að þingkjörin nefnd framkvæmi slíka athugun nú og skili áliti til Alþingis svo fljótt sem við verður komið. Virðist það í mesta máta eðlilegt, að Alþingi sjálft taki til endurskoðunar stórmál sem þetta og þá ekki sízt þegar hörð og mjög almenn gagnrýni er uppi höfð.

Allsherjarnefnd hefur sent þingsályktunartillöguna allmörgum aðilum til umsagnar, og hafa fimm þeirra skilað áliti.

Landssamband ísl. útvegsmanna telur tillöguna óþarfa og vitnar til samþykkta samtakanna um nauðsyn skipulags í útflutningsverzluninni. — En í tillögunni er raunar engin afstaða tekin til þess eða annarra efnisatriða málsins.

Seðlabankinn telur nauðsynlegt að endurskoða lög og reglur um útflutningsverzlunina við og við. Hann greinir og frá endurskoðun tiltekinna atriða, sem nýlega hefur farið fram á vegum bankanna, en tekur ekki beina afstöðu til tillögunnar.

Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mæla eindregið með samþykkt tillögunnar.

Umsagnir þessara aðila verða prentaðar hér á eftir sem fylgiskjöl.

Minni hluti allsherjarnefndar telur fyllilega tímabært að skoða nú að nýju fyrirmæli laga og reglugerða um útflutningsverzlun Íslendinga, svo og framkvæmdina, telur enda sjálfsagt að verða við hinum almennu óskum borgaranna um slíka endurskoðun og leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 12. marz 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Jónas Jónsson. Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 24. febrúar 1969.

Vísum til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis frá 5. nóvember 1968, ásamt þar með fylgjandi tillögu til þingsályktunar um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Á aðalfundum samtakanna hin síðari ár hefur verið samþykkt eftirfarandi ályktun varðandi þessi mál:

„Aðalfundur L.Í.Ú. telur, að sala á íslenzkum sjávarafurðum eigi að vera í höndum samtaka framleiðendanna sjálfra í hverri framleiðslugrein, og telur það mjög varhugavert, að í þeim greinum útflutningsins, þar sem slík sölusamtök framleiðendanna eru starfandi, sé einstökum aðilum veitt aðstaða til þess að sitja að beztu mörkuðunum og vera lausir við að selja á óhagstæðari mörkuðum og taka þátt í kostnaði við að vinna nýja markaði. — Reynslan hefur og sýnt, að framboð frá mörgum aðilum á útflutningsafurðum hefur oft haft áhrif til óeðlilegs verðfalls þeirra."

Samtökin álíta fyrir sitt leyti, að nefndarskipun sé óþörf, þar sem þau telja eðlilegt, að útflutningsverzlun landsmanna eigi að vera á sama hátt og hún hefur verið hin síðari ár, þ. e. sem mest í höndum framleiðenda sjálfra, sbr. og það, sem fram kemur í ofangreindri ályktun.

Vér viljum að endingu biðjast velvirðingar á þeim drætti, sem orðið hefur á að svara erindi yðar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Gunnar I. Hafsteinsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 29. nóvember 1968.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur í bréfi, dags. 5. þ. m., leitað umsagnar Seðlabankans um tillögu til þingsályktunar um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög og reglugerðir um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Þau stjórnvöld, sem fjalla um hér umrædd mál, eru útflutningsdeild viðskiptaráðuneytisins á vegum ríkisstjórnarinnar með markaðsmál, veðspursmál og leyfaveitingar, gjaldeyrisbankarnir og einkum Seðlabankinn með stjórn gjaldeyriseftirlits og tollyfirvöld.

Þær lagareglur, sem einkum fjalla um þessi mál og varða bankana, eru lög 30/1960, um innflutnings- og gjaldeyrismál o. fl., sjá 8. gr. reglugerðar um sölu og útflutning á vörum, nr. 95/1960, og reglugerð nr. 79/1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sjá einkum 18.—21. gr.

Mál, er varða útflutningsverzlun og gjaldeyrisskil, eru þannig vaxin, að nauðsyn ber til að reglur, sem um þau gilda, séu endurskoðaðar reglulega með tilliti til breytinga, sem eiga sér stað í framkvæmd útflutningsverzlunarinnar.

Einmitt með tilliti til þess var snemma árs 1967, að frumkvæði gjaldeyrisbankanna þriggja og í samráði við viðskiptaráðherra, skipuð nefnd manna til þess að fjalla um skil útfluttra afurða og gera tillögur um breytingar á reglum, eftirliti og allri framkvæmd, er þau snertir.

Skilaði nefndin allýtarlegu áliti ásamt tillögum, dags. 8. apríl s.l. Miða tillögurnar að því að gera framkvæmd þessara mála traustari. Fylgir álit nefndarinnar hér með til upplýsinga fyrir allsherjarnefnd.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar hafa verið gerðar ýmsar breytingar á framkvæmd þessara mála, einkum að því er snertir meðferð og innheimtu útflutningsskjala, en þær tillögur eru að verulegu leyti komnar til framkvæmda svo og endurskoðuð útgáfa útflutningsleyfa.

Unnið er að frekari framkvæmd tillagnanna.

Að lokum vill Seðlabankinn láta í ljós þá skoðun sína, að í löggjöf um þessi mál er einungis unnt að marka heildarstefnu, en um reglur um framkvæmd hinnar tæknilegu hliðar málanna verður réttast og bezt fjallað af sérfróðum mönnum á vegum ráðuneytis, gjaldeyrisbanka og tollyfirvalda.

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands,
Davíð Ólafsson. Bj. Tryggvason.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal III.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Reykjavík, 18. nóvember 1968.

Alþýðusambandinu hefur verið send tillaga til þingsályktunar um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Tillagan var rædd á miðstjórnarfundi sambandsins, og var það samdóma álit miðstjórnarmanna, að fyllilega væri tímabært að hraða endurskoðun laga og reglugerða um útflutningsverzlunina og þá eigi síður allt um gjaldeyrismálin.

Þá er einnig æskilegt, að kannað verði rækilega, hvernig framkvæmd þessara laga og reglugerða sé nú.

Alþýðusambandið mælir því með samþykkt tillögunnar á þessu þingi og telur æskilegt, að þessu endurskoðunarstarfi gæti orðið lokið sem fyrst.

Virðingarfyllst,
Alþýðusamband Íslands,
Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal IV.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 16. desmeber 1968.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 19. nóv. 1968 var samþ. eftirfarandi bókun:

„Lagt fram erindi, dags. 5. þ. m., frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál. Óskað er svars fyrir 1. des. n.k. Samþykkt var að mæla með því, að nefnd þessi verði skipuð."

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson. Sæm. Friðriksson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1968.

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hefur borizt heiðrað bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 5. 11. 1968, þar sem óskað er umsagnar sambandsins á tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 19, um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Sambandið hefur athugað tillögu þessa á tveim fundum í stjórn sambandsins, og viljum vér í þessu sambandi taka fram, að vér teljum alveg tímabært, ef ekki nauðsynlegt, að sú endurskoðun fari fram, sem í tillögunni er greint frá, og að henni verði hraðað eftir föngum.

Viljum vér því skora á Alþingi að samþykkja þessa tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 19.

Virðingarfyllst,
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,
Ingólfur Stefánsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Ed. 351. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. marz 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Axel Jónsson.	Björgvin Salómonsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Einar Ágústsson.	

Ed. 352. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febrúar 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 6. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um lækkun á aldursmörkum að því er varðar kosningarétt og kjörgengi, stofnun hjúskapar og fjárræði, þannig að 21 árs aldursmarki var breytt í 20 ára.

Telja verður, að sömu sjónarmið eigi við um aldursmark það, sem getið er um í 6. gr. laga um ættleiðingu, og er því lagt til, að þar verði einnig miðað við 20 ára aldur.

Ed. 353. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 2. mgr. 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um lækkun á aldursmörkum að því er varðar kosningarétt og kjörgengi, stofnun hjúskapar og fjárræði, þannig að 21 árs aldursmarki var breytt í 20 ára.

Telja verður, að sömu sjónarmið eigi við um aldursmark það, sem getið er um í 2. mgr. 4. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og er því lagt til, að þar verði einnig miðað við 20 ára aldur.

Sþ. 354. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1969—72.

(Lögð fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, að árin 1969—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1969	1970	1971	1972
1.1 Benzíngjaldi	332.9	344.1	370.1	397.5
1.2 Þungaskatti	130.1	138.8	147.4	156.0
1.3 Gúmmígjaldi	39.4	47.6	53.6	58.0
Brúttó tekjur	502.4	530.5	571.1	611.5
Endurgreiðslur af:				
1.1.1 Benzíngjaldi	11.5	12.0	12.0	12.0
1.2.1 Þungaskatti	8.0	8.0	8.0	8.0
Nettó tekjur	482.9	510.5	551.1	591.5

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

2.1 Stjórn og undirbúningur:	1969		1970		1971		1972	
2.1.1 Launagreiðslur	10.9		12.1		12.8		13.4	
2.1.2 Eftirlaunagreiðslur	1.3		1.3		1.5		1.5	
2.1.3 Skrifstofukostnaður	4.8		5.0		5.0		5.0	
2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur	4.0		4.0		4.0		4.0	
2.1.5 Umferðartalning og eftirlit	1.5		1.5		1.5		1.5	
		22.5		23.9		24.8		25.5

2.2	**Viðhald þjóðvega:**							
	2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega ...	175.0		197.4		206.9		211.9	
	2.2.2 Vegmerkingar	1.5		1.5		1.5		1.5	
	2.2.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	5.7		6.1		6.4		6.6	
			182.2		205.0		214.8		220.0
2.3	**Til nýrra þjóðvega:**							
	2.3.1 Til hraðbrauta	50.0		85.0		100.0		125.0	
	2.3.2 Til þjóðbrauta	34.9		29.0		31.0		33.0	
	2.3.3 Til landsbrauta	20.0		23.0		25.0		26.3	
	2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu	4.0		4.0		4.0		4.0	
	2.3.5 Tryggingagj., orlof o. fl.	3.2		4.1		4.8		6.0	
			112.1		145.1		164.8		194.3
2.4	**Til fjallvega o. fl.:**	**1969**		**1970**		**1971**		**1972**	
	2.4.1 Til aðalfjallvega	1.0		1.1		1.1		1.1	
	2.4.2 Til annarra fjallvega	1.4		1.5		1.5		1.6	
	2.4.3 Til reiðvega	0.2		0.2		0.2		0.2	
	2.4.4 Tryggingagj., orlof o. fl.	0.1		0.1		0.1		0.1	
			2.7		2.9		2.9		3.0
2.5	**Til brúargerða:**							
	2.5.1 Til brúa 10 m og lengri	34.0		35.2		40.0		40.0	
	2.5.2 Til smábrúa	5.8		6.0		6.8		8.5	
	2.5.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	1.2		1.2		1.4		1.5	
			41.0		42.4		48.2		50.0
2.6	**Til sýsluvegasjóða:**		17.1		17.5		17.5		17.5
2.7	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum**		54.1		53.2		56.4		58.3
2.8	**Til véla- og áhaldakaupa:**							
	2.8.1 Til véla -og verkfærakaupa	14.0		14.0		15.0		16.0	
	2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa	3.0		4.0		4.0		4.0	
			17.0		18.0		19.0		20.0
2.9	**Til tilrauna í vegagerð:**		2.4		2.5		2.7		2.9
2.10	**Til greiðsluhalla á vegáætlun 1968:**		31.8						
	Samtals		482.9		510.5		551.1		591.5

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

A. Reykjaneskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

A 1 **Hafnarfjarðarvegur:** Frá Reykjavík, um Kópavog á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.

B 1 **Vesturlandsvegur:** Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni.

G 1 **Suðurlandsvegur:** Frá Reykjavík um Lækjarbotna, að sýslumörkum Árnessýslu ofan Sandskeiðs.

A 2 **Reykjanesbraut:** Frá Reykjavík við Elliðaár austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis ásamt álmu að Innri-Njarðvík.

A 3 **Krýsuvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík að Sýslusteini í Herdísarvíkurhrauni.

A 4 **Vatnsleysustrandarvegur:** Af Reykjanesbraut við Kúagerði um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut austan Vogastapa.

A 5 **Grindavíkurvegur:** Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.

A 6 **Nesvegur:** Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum um Kirkjuvog í Höfnum, framhjá Reykjanesvita, um Grindavík og Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.

A 9 **Garðskagavegur:** Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að Stafnesi.
A 11 **Álftanesvegur:** Af Hafnarfjarðarvegi við Engidal að Bessastöðum ásamt hringvegi frá Bessastöðum um Landakot og Sviðholt að Bessastöðum.
A 13 **Garðavegur:** Af Álftanesvegi á Garðaholti um Garða að bæjarmörkum Hafnarfjarðar.
A 15 **Elliðavatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaðavatn á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar, ásamt álmu að Vífilsstöðum.
A 20 **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
A 21 **Reykjavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Álafoss um Reykjahverfi hjá Miðdal á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
G 3 **Þingvallavegur:** Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl að sýslumörkum Árnessýslu, austan Leirvogsvatns.
A 23 **Eyrarfjallsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
A 24a **Meðalfellsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan Vindáss.
A 24 **Kjósarskarðsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli, Vindás og Fremri-Háls að sýslumörkum í Kjósarskarði.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

Nr.	Vegur að:
B 1— 1	Keldum.
B 1— 2	Lágafellskirkju.
B 1— 3	Brúarlandsskóla.
B 1— 4	Varmárskóla.
B 1— 5	Hlégarði, félagsheimili.
B 1— 6	Fólkvangi, félagsheimili.
B 1— 7	Klébergsskóla.
B 1— 8	Brautarholtskirkju og Arnarholtshæli.
B 1— 9	Saurbæjarkirkju.
B 1—10	Félagsgarði, félagsheimili.
A 2— 1	Vífilsstaðahæli.
A 4— 1	Kálfatjarnarkirkju.
A 4— 2	Brunnastaðaskóla.
A 4— 3	Félagsheimili Vatnsleysustrandarhrepps.
A 6— 1	Kirkjuvogskirkju.
A 6— 2	Skóla í Höfnum.
A 9— 1	Gerðaskóla.
A 9— 2	Útskálakirkju.
A 9— 3	Félagsheimili Gerðahrepps.
A 9— 4	Hvalsneskirkju.
A 11— 1	Bessastaðakirkju.
A 11— 2	Bjarnastaðaskóla.
A 13— 1	Félagsheimili Garðahrepps.
A 13— 2	Garðakirkju.
A 20— 1	Úlfarsárhæli.
A 20— 1	Reykjalundi, heilsuhæli.
G 3— 1	Mosfellskirkju.
A 24— 1	Ásgarði, skóla.
A 24— 2	Reynivallakirkju.

B. Vesturlandskjördæmi.

a. Almennir þjóðvegir.

B 1 **Vesturlandsvegur:** Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, um brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, á vegamót Borgarnesbrautar norðan Eskiholts, um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal og Saurbæ að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.

B 2 **Dragavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, um Ferstikluháls, Svínadal, Geldingadraga, neðan Skorradalsvatns um Hestháls að Lundarreykjadalsvegi á Götuási.

B 3 **Svínadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri, að Dragavegi gegnt Geitabergi.

B 4 **Akranesvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.

B 5 **Akrafjallsvegur:** Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall hjá Klafastöðum, um Innra-Hólm á Akranesveg fyrir ofan kaupstaðinn.

B 6 **Leirársveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá að Svínadalsvegi vestan við Hól.

B 7 **Melasveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit að Vesturlandsvegi sunnan við Höfn, með álmu á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.

B 8 **Mófellsstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Andakílsá um Hreppa og Mófellsstaði að Dragavegi sunnan Skorradalsvatns.

B 9 **Skorradalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, norðan Skorradalsvatns, yfir Fitjaárbrú og sunnan vatns að Dragavegi hjá Stóru-Drageyri.

B 10 **Vatnshamravegur:** Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum, um Kvígsstaði og Heggsstaði að Borgarfjarðarbraut.

B 11 **Borgarfjarðarbraut:** Af Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum um Andakíl, Bæjarsveit, Reykholtsdal, yfir brú á Reykjadalsá hjá Kleppjárnsreykjum, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi um Stafholtstungur yfir brú á Norðurá að Vesturlandsvegi hjá Haugum.

B 12 **Lundarreykjadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut neðan við Götuás, inn Lundarreykjadal, sunnan ár yfir brú á Grímsá hjá Brautartungu út Lundarreykjadal norðan ár að Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni.

G 4 **Uxahryggjavegur:** Af Lundarreykjadalsvegi hjá Brautartungu inn Lundarreykjadal um Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.

B 13 **Bæjarsveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka, með álmu að Laugarholti.

B 14 **Flókadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut innan við Varmalæk, hjá Múlastöðum, um brú á Flókadalsá fyrir innan Brúsholt, inn hjá Skógum, um brú á Geirsá, hjá Brennistöðum, að Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.

B 15 **Stóra-Kroppsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp að Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.

B 16 **Reykjadælavegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum að Borgarfjarðarbraut hjá Gróf með álmu norðan ár frá brú hjá Steindórsstöðum fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg nálægt Stóraási.

B 17 **Hálsasveitarvegur:** Af Reykdælavegi hjá Úlfsstöðum, yfir Úlfsstaðaháls um Hálsasveit að Hvítársíðuvegi við Hvítárbrú hjá Kalmanstungu.

B 18 **Hvítársíðuvegur:** Af Borgarfjarðarbraut norðan við Kljáfoss um Hvítársíðu yfir Skeljaháls um Kalmanstungu að Hálsasveitarvegi við Hvítárbrú, með álmu yfir Hvítá hjá Bjarnastöðum.

B 19 **Þverárhlíðarvegur:** Af Hvítársíðuvegi norðan Kljáfoss, um Norðtungu, Arnbjargarlæk og Hjarðarholt að Borgarfjarðarbraut vestan Þverár með álmu sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.

B 20 **Grjóthálsvegur:** Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.

B 21 **Stafholtsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Svarfhóli.

B 22 **Norðurárdalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Einifell, Glitstaði og Hárekssstaði, að Norðurlandsvegi um brú á Norðurá hjá Króki, með álmu að Vesturlandsvegi yfir brýr á Norðurá hjá Glitstöðum.

B 23 **Ferjubakkavegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Ferjukotssíkis um Ferjubakka að Borgarnesbraut hjá Brennistöðum.

B 24 **Borgarnesbraut:** Af Vesturlandsvegi neðan Eskiholts að Borgarnesi.

B 25 **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi ofan Galtarholts að Birkibóli.

E 1 **Norðurlandsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Norðurárdal að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.

B 26 **Stykkishólmsvegur:** Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes, um Mýrar, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.

B 27 **Þursstaðavegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Borgar að Rauðanesi.

B 28 **Álftaneshreppsvegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Stykkishólmsveg hjá Arnarstapa, með álmu frá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.

B 29 **Grímsstaðavegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Árbæ.

B 30 **Hraunhreppsvegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftási, um Saura, Jaðar, Hundastapa, Kolás, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk, Einholt og Fíflholt að Stykkishólmsvegi, með álmu frá Jaðri að Álftaneshreppsvegi yfir brú á Álftá.

B 31 **Staðarhraunsvegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftási að Staðarhrauni.

B 33 **Hítarnesvegur:** Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.

B 34 **Heydalsvegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal á Skógarstrandarveg vestan Bíldhóls.

B 35 **Kolviðarnesvegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan Gerðubergslækjar, að Laugagerðisskóla.

B 36 **Skógarnesvegur:** Af Stykkishólmsvegi vestan við Rauðkollsstaði, að Hausthúsum.

B 37 **Ólafsvíkurvegur:** Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará, um Staðarsveit og Fróðárheiði um Ólafsvík og Rif til Hellissands.

B 38 **Krossavegur:** Af Ólafsvíkurvegi austan Hofstaða að Stakkhamri.

B 39 **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.

B 40 **Lýsuhólsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.

B 41 **Útnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík og Hellissand að Ólafsvíkurvegi nálægt Sveinsstöðum.

B 42 **Grundarfjarðarvegur:** Af Stykkishólmsvegi á móts við Drápuhlíð um Kóngsbakka, Hraunháls, Berserkjahraun, Mjósund, Grundarfjörð og Búlandshöfða á Ólafsvíkurveg austan við Fróðá, með álmu um Berserkjahraun á Stykkishólmsveg norðan Kerlingarskarðs.

B 43 **Framsveitarvegur:** Af Grundarfjarðarvegi hjá Eiði út fyrir Eyrarfjall um Setberg að Grundarfjarðarvegi hjá Vindási.

B 46 **Skógarstrandarvegur:** Af Stykkishólmsvegi norðan Drápuhlíðar, fyrir Álftafjörð, um Skógarströnd, um Hörðudal, á Vesturlandsveg í Miðdölum.

B 48 **Hörðudalsvegur:** Af Skógarstrandarvegi vestan Hörðudalsár um Seljaland og Tungu á Skógarstrandarveg hjá Hörðubóli.

B 49 **Hálsabæjavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan brúar á Reykjadalsá um Hundadal og Bæ að Skógarstrandarvegi við Snóksdal.

B 50 **Hlíðarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu að Vesturlandsvegi norðan Tunguár.

B 51 **Haukadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
B 52 **Laxárdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum inn Laxárdal yfir Laxá á brú á Dönustaðagrjótum út Laxárdal norðan ár á Vesturlandsveg norðan Búðardals, með álmu yfir Laxárdalsheiði að sýslumörkum Dalasýslu og Strandasýslu.
B 53 **Klofningsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vesturlandsveg í Saurbæ.
B 54 **Neðribyggðarvegur:** Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, um Ketilsstaði og Skorravík að Klofningsvegi vestan Hellu.
B 55 **Efribyggðarvegur:** Af Klofningsvegi nálægt Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
B 56 **Staðarhólsvegur:** Af Klofningsvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að vegamótum við brú á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum.
B 57 **Sælingsdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Leysingjastaða að Sælingsdalstungu.
C 2 **Steinadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan Brekkuár að sýslumörkum á Steinadalsheiði.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

Nr.	Vegur að:
B 1— 9	Hlöðum, félagsheimili á Hvalfjarðarströnd.
B 1—10	Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd.
B 1—11	Hvanneyri, kirkju og skóla.
B 1—12	Hvammskirkju í Norðurárdal.
B 1—13	Kvennabrekkukirkju.
B 1—14	Dalabúð, félagsheimili og skóla í Búðardal.
B 5— 1	Fannahlíð, félagsheimili í Skilmannahreppi.
B 5— 2	Innra-Hólmskirkju.
B 5— 3	Heynesi, félagsheimili í Innri-Akraneshreppi.
B 6— 1	Leirá, félagsheimili og skóla.
B 6— 2	Leirárkirkju.
B 9— 1	Andakílsárorkuveri.
B 9— 2	Fitjakirkju.
B 11— 1	Kleppjárnsreykjaskóla.
B 11— 2	Hlöðutúni, félagsheimili í Stafholtstungum.
B 12— 1	Brautartungu, félagsheimili í Lundarreykjadal.
B 12— 2	Lundarkirkju.
B 13— 1	Bæjarkirkju og Brún, félagsheimili í Bæjarsveit.
B 16— 1	Logalandi, félagsheimili í Reykholtsdal.
B 16— 2	Reykholti, kirkju og skóla.
B 17— 1	Stóra-Áskirkju.
B 17— 2	Húsafellskapellu.
B 18— 1	Síðumúlakirkju.
B 18— 2	Gilsbakkakirkju.
B 19— 1	Norðtungukirkju.
B 19— 2	Hjarðarholtskirkju í Stafholtstungum.
B 21— 1	Stafholtskirkju.
B 22— 1	Varmalandi, húsmæðra- og barnaskóla.
B 24— 1	Brennistöðum, félagsheimili í Borgarhreppi.
B 26— 1	Borgarkirkju á Mýrum.
B 26— 2	Lyngbrekku, félagsheimili á Mýrum.

Nr.		Vegur að:
Á sama hátt er gert ráð fyrir, að endurgreiðslur vegna þungaskatts verði 8 milljónir kr. á ári.

1.4. **Óvissa.**

Í spá sem þessari hlýtur ávallt að vera nokkur óvissa. Mest er hún þó í fólksbifreiðaspánni, en innflutningur fólksbifreiða er mjög háður tekjum manna. Í spánni er gert ráð fyrir, að innflutningur fólksbifreiða verði u. þ. b. 1300 árið 1969 og 400 gamlar bifreiðar úreldist, en á næstu árum aukist hvort tveggja mjög.

Fyrir hverjar 100 bifreiðar, sem fólksbifreiðaspáin kann að vera röng hvert ár fyrir sig, annað hvort vegna breytts innflutnings eða breyttrar úreldingar, myndu tekjur breytast sem hér segir: Gúmmígjald um 0.25 millj. kr. sama ár, en 0.06 millj. árin á eftir; benzíngjald 0.37 millj. sama ár, en 0.75 árin á eftir, þungaskattur um 0.04 millj. sama ár, en 0.07 árin á eftir. Ef fjölgun fólksbifreiða yrði 100 bifreiðum lægri öll árin, en spáin gerir ráð fyrir, myndu heildartekjur minnka sem hér segir: 1969 um 0.66 millj., 1970 um 1.54 millj., 1971 um 2.42 og 1972 um 3.3. millj. Ef um meiri skekkju er að ræða, hækka þessar tölur hlutfallslega.

Ef bati verður ekki í efnahagslífinu fljótlega upp úr 1969, myndi spáin fyrir árin 1970—72 að sjálfsögðu reynast of há.

II. UM SKIPTINGU ÚTGJALDA

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.1 Launagreiðslur:

Launagreiðslur fastra starfsmanna samkv. vegáætlun 1965—1968 eru sýndar á fskj. 2.1.1—01 og eru miðaðar við vísitölu 1. des. s.l. Þá eru á fskj. 2.1.1—02 sýndar launagreiðslur starfsmanna, sem ráðgert er, að verði fastráðnir á áætlunartímabilinu, en þeir eru, eins og hér segir:

	1969	1970	1971	1972
Fulltrúi	1			
Tæknifræðingur	1			
Vegaeftirlitsmaður	1			
Verkstjórar	2			
Bókari	1			
Teiknari	1			
Verkfræðingur		1		
Tæknifræðingur		1		
Verkstjórar		2		
Vegaeftirlitsmaður		1		
Bókari		1		
Tæknifræðingur			1	
Verkstjórar			2	
Bókari			1	
Tæknifræðingur				1
Verkstjórar				2

Af þessum 20 nýju starfsmönnum hafa 15 starfað hjá Vegagerðinni sem lausráðnir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma, og er því raunverulega ekki um aukin útgjöld af þeim sökum að ræða, þegar á heildina er litið. Þeir 5 nýir starfsmenn, sem gert er ráð fyrir, að bætist við, eru 1 verkfræðingur, 3 tæknifræðingar og 1 teiknari. Þessi aukning á tæknilegu starfsliði er fyrst og fremst vegna undirbúnings og væntanlegra framkvæmda við lagningu hraðbrauta, en með ráðningu þriggja nýrra tæknifræðinga má nýta betur starfskrafta þeirra verkfræðinga, sem fyrir eru.

2.1.2 Eftirlaunagreiðslur:

Hér er eingöngu um að ræða eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra, sem náð hafa sjötugsaldri, og ekkna fyrrverandi vegaverkstjóra. Eru eftirlaunagreiðslur þessar miðaðar við 60% af fullum eftirlaunum verkstjóra í 12. launaflokki.

Á s.l. ári nutu 17 verkstjórar og 6 verkstjóraekkjur eftirlauna samkv. þessum lið. Af þessum 17 verkstjórum létust 3 á s.l. ári, en 9 verkstjórar munu bætast við á áætlunartímabilinu, og er því reiknað með, að 23 verkstjórar og 6 ekkjur njóti eftirlauna þetta áætlunartímabil.

2.1.3 Skrifstofukostnaður:

Hér er um nokkra aukningu á skrifstofukostnaði að ræða frá fyrri vegáætlun, enda var þar eingöngu miðað við skrifstofukostnað Vegamálaskrifstofunnar í Reykjavík. Til viðbótar er nú tekinn með skrifstofukostnaður í stærstu verkstjórnarumdæmunum, þar sem jafnframt eru starfrækt áhaldahús með viðgerðaraðstöðu. Þessir staðir eru: Borgarnes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri og Reyðarfjörður.

2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda:

Hér er miðað við sömu starfstilhögun og í fyrri vegáætlun, en tilkostnaður hækkar lítillega vegna breytinga á verðlagi. Gert er ráð fyrir, að verkfræðilegur undirbúningur vegna hraðbrauta verði greiddur af fjárveitingum á þeim lið.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að sérstakar fjáveitingar komi til rannsókna, sem gera skal samkvæmt sérstökum ályktunum Alþingis, eins og á Skeiðarársandi og víðar.

2.1.5 Umferðartalning og vegaeftirlit:

Hér er fjárveiting miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin tvö ár og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningar að verulegu leyti. Töluverður tækjakostnaður, bifreiðakostnaður og lögreglukostnaður er samfara vegaeftirlitinu. Þessi starfsemi hefur þó tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Einnig hefur þetta bætt mjög þjónustu við almenning, að því er varðar upplýsingar um færð á vegum o. þ. h.

2.2. Viðhald þjóðvega.

2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega:

1. Tillaga um fjárveitingar á þessum lið á næsta áætlunartímabili er miðuð við eftirfarandi forsendur um verðlag:

   a) Kaupgjald 1. des. 1968.
   b) Leigugjald vörubifreiða samkv. auglýstum taxta L.V. 10. jan. 1969.
   c) Leigugjald vinnuvéla Vegagerðar ríkisins hækki 15—20% frá 1968.
   d) Um önnur atriði gildir verðlag í febrúar 1969.

   Vísitala vegaviðhalds var 1. ágúst 1968 665 stig. Samkvæmt ofangreindum forsendum hækkar viðhaldsvísitalan í 791 stig eða um 11.9%.

   Varðandi lið c skal það tekið fram, að leigugjald vinnuvéla Vegagerðar ríkisins á árinu 1968 var miðað við beina hækkun á rekstrarkostnaði véla vegna gengisbreytingarinnar í nóvember 1967, en afskriftir voru miðaðar við helming þeirrar hækkunar, sem varð á endurkaupsverði véla við gengisbreytinguna 1967. Var þá ráðgert, að á árinu 1969 yrði í leigugjaldinu tekið fullt tillit til endurkaupsverðs við afskriftir.

   Vegna gengisbreytingarinnar í nóvember 1968 hækkar beinn rekstrarkostnaður vinnuvéla verulega. Er því hér miðað við, að leigugjald vinnuvéla í ár hækki sem svarar beinni hækkun á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar á s.l. ári, en að afskriftir verði miðaðar við endurkaupsverð véla fyrir gengisbreytinguna 1968. Á árunum 1970 og 1971 yrði leigugjald vinnuvéla síðan hækkað sem næmi hálfri hækkun endurkaupsverðs véla vegna gengisbreytingarinnar 1968 hvort árið.

   Samkvæmt þessum forsendum og að óbreyttum liðunum a, b og d verður vísitala viðhaldskostnaðar næsta vegáætlunartímabil, eins og hér segir:

Árið 1969	791
Árið 1970	834
Árið 1971	876
Árið 1972	876

2. Almennt viðhald.

   Á fskj. 2.2—01 er sýndur viðhaldskostnaður þjóðvega allt frá árinu 1949. Í dálki 1—4 eru sýndar fjárveitingar og raunverulegur kostnaður. Í dálki 5 er sýnd vísitala viðhaldskostnaðar og í dálki 6 lengd akfærra þjóðvega á hverju ári. Sú stytting á lengd akfærra þjóðvega, sem verður frá árinu 1968 til 1969 stafar af því, að hér er gert ráð fyrir flokkun vega í samræmi við 12. gr. vegalaga, svo sem nánar er greint frá í kafla 3 og sýnt er á fskj. 3.0—01. Í dálki 7 er sýndur viðhaldskostnaður á hvern km fyrir hvert ár, en í dálki 8 miðað við verðlag 1949. Sést þar, að miðað við fast verðlag er gert ráð fyrir svipuðum viðhaldskostnaði á km á næsta áætlunartímabili og verið hefur s.l. 3 ár. Í dálki 9 er sýndur bifreiðafjöldi í byrjun hvers árs, og fyrir árin 1969—1972

er miðað við þá forsögn um fjölgun bifreiða, sem Efnahagsstofnunin hefur gert í sambandi við áætlun um tekjur vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Í dálki 10 er sýndur viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1949, og er þar gengið út frá því, að hver bifreið aki 10000 km á þjóðvegum á ári hverju. Í þessum dálki sést, að þessi kostnaður hefur farið lækkandi frá 1949 til 1960, en verið býsna jafn síðan. Lækkun sú, sem fram kemur á næstu árum, er bein afleiðing af því, að fjárveitingarnar verða svo til þær sömu á km miðað við fast verðlag og því óháðar vaxandi umferð. Á móti þessu mun svo vega að nokkru bætt tækni í viðhaldi. Einnig er þess að geta, að á fáförnum vegum er viðhaldskostnaðurinn mikið til óháður daglegum fjölda þeirra bifreiða, sem um vegina aka.

Mun afdrifaríkara í þessu sambandi er hinn sívaxandi fjöldi mjög þungra bifreiða, sem um vegina aka. Sú þróun, sem átt hefur sér stað í þessu efni síðustu árin, sést greinilega á eftirfarandi yfirliti, sem sýnir skiptingu vörubifreiða eftir burðarmagni. Sleppt er sendiferðabifreiðum, sem hafa burðarmagn 1—2 tonn.

Burðarmagn vörubifreiða:

	2—5 t		5—7 t		Yfir 7 t		
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls
Árslok 1960 ...	2732	81.6	413	12.3	214	6.1	3359
Árslok 1967 ...	1683	42.1	1348	33.7	875	21.8	3995

Af töflu þessari sést, að á undanförnum 8 árum hefur vörubifreiðum með yfir 5 tonna burðarmagn fjölgað úr 18.4% í 55.5% af öllum vörubifreiðum yfir tveggja tonna burðarmagn. Þetta eru bifreiðar, sem mega vega um 10 tonn með farmi og hafa 6—7 tonna öxulþunga. Á sama tímabili fjölgar bifreiðum með yfir 7 tonna burðarmagn úr 6.1% í 21.8%, en þessar bifreiðar eru hlaðnar með 9 tonna öxulþunga og meir.

Um það vandamál, sem hin sívaxandi umferð þungra bifreiða um byggða malarvegi skapar, segir svo í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1968: „Þó að aukning umferðar yfir sumarmánuðina hafi verið nokkru minni í ár en undanfarin ár, eins og að framan greinir, þá má segja, að slit á malarvegum hafi ekki minnkað að sama skapi. Stafar þetta af því, að sá hluti umferðarinnar, sem slítur vegunum mest, er stöðugt vaxandi, en það er umferð þungra vörubifreiða.

Kemur þetta greinilegast í ljós á vorin, þegar frost er að fara úr jörðu og takmarka verður öxulþunga af þeim sökum. Umferð er þá oftast mjög lítil, en á mörgum vegum nær eingöngu vörubifreiðar með mjólk, fóðurbæti og áburð. Þessa flutninga er ekki unnt að stöðva að nokkru marki nema dag og dag í senn. Afleiðing er sú, að þeir stórspilla löngum vegarköflum, og fer mikill hluti af viðhaldsfé til bráðabirgðaviðgerðar, til þess að umferð stöðvist ekki með öllu.

Önnur afleiðing af hinni vaxandi umferð þungra ökutækja eru skemmdir á gömlum brúm. Hefur því víða orðið að grípa til þess úrræðis að setja yfir gamlar brýr bráðabirgðagólf úr timbri."

Full þörf væri á því að taka upp sérstaka fjárveitingu innan ramma vegaviðhaldsins til þess að endurbyggja veikbyggðustu malarvegina, þó ekki væri nema á aðalleiðum. Þetta er þó ekki talið fært að sinni innan þess þrönga ramma, sem tekjuáætlun vegasjóðs setur að þessu sinni.

3. Einstakir liðir vegaviðhaldsins.

Á fskj. 2.2—02 er sýnt, hvernig viðhaldskostnaður þjóðvega á síðasta vegáætlunartímabili skiptist á fjóra aðalliði, sem eru:

1. Vetrarviðhald.
   Undir þessum lið telst allur kostnaður við sjómokstur, ráðstafanir vegna hálku og klaka o. þ. h.
2. Almennt viðhald.
   Undir þessum lið telst allur kostnaður við mölburð, vegheflun, hreinsun á vegskurðum, viðgerð á ræsum o. þ. h.
3. Vatnaskaðar.
   Undir þessum lið er talinn kostnaður við skemmdir, sem stafa af stórfelldum vatnsflóðum, sem flokkast verða undir náttúruhamfarir.
4. Annað viðhald.
   Kostnaður við mölun og hörpun efnis í slitlag malarvegar, viðgerð brúa, rykbindingu, götulýsingu og ýmsar vegmerkingar, aðrar en samkv. umferðarlögum.

Í dálkum 1—4 er sýnt, hvernig viðhaldskostnaður á síðasta vegáætlunartímabili skiptist á framangreinda 4 liði. Í dálkum 9—12 er þessi kostnaður færður til verðlags 1968, samkv. vísitölu vegaviðhalds, sem tilgreind er í dálki 7. Í dálki 14 er sýnt, hvað almennt viðhald hefur orðið á hvern km á verðlagi 1968, og í dálki 15, hvað heildarviðhaldskostnaðurinn hefur orðið á hvern km á verðlagi 1968.

Í framhaldi töflunnar fyrir árin 1969—1972 er sýnt, hvernig áætlað er, að fjárveitingar til vegaviðhalds á næsta vegáætlunartímabili skiptist á hina einstöku liði. Til skýringar um áætlaðan kostnað við einstaka liði vegaviðhaldsins á næsta vegáætlunartímabili skal þetta tekið fram (sbr. fskj. 2—02):

1. Vetrarviðhald.
   Í dálki 1 er fyrir árin 1965—1968 sýndur raunverulegur kostnaður við vetrarviðhaldið hvert ár á verðlagi þess árs. Í dálki 9 er þessi kostnaður færður til verðlags 1968, og kemur þá í ljós, að árið 1967 hefur orðið dýrast í vetrarviðhaldi. Vegna þess, að nýjar reglur um snjómokstur tóku gildi í árslok 1967, þá eru tölurnar fyrir árin 1965—1968 í dálki 9 ekki sambærilegar. Áætlað er, að kostnaður við vetrarviðhald hafi aukizt um 25% við hinar mjög rýmkuðu snjómokstursreglur frá 1967. Sé viðhaldskostnaður fyrir árin 1965—1967 á verðlagi 1968 hækkaður um 25% og meðaltal síðan tekið fyrir þessi 4 ár, kemur út meðaltalið 31.2 milljónir. Af þeim sökum hefur í dálki 9 fyrir árin 1969—1972 verið áætlaður meðalviðhaldskostnaður 30 millj. kr. á ári á þessum lið. Raunverulegur kostnaður fyrir hvert ár er síðan fundinn eftir vísitölu í dálki 7, og koma þá út niðurstöðutölurnar í dálki 1 fyrir árin 1969—1972.
2. Almennt viðhald.
   Í dálki 2 er á sama hátt fyrir árin 1965—1968 sýndur raunverulegur kostnaður við almennt viðhald fyrir hvert ár. Í dálki 10 er þessi kostnaður færður til verðlags 1968, og er meðalkostnaður fyrir þessi 4 ár á verðlagi 1968 um 102.2 millj. kr. Í dálki 14 er sýndur kostnaður á þessum lið á hvern km akfærra þjóðvega, og fyrir árin 1969—1972 er þessi kostnaður talinn nálægt meðaltali fyrir undanfarin 4 ár. Vegna styttingar á akfærum þjóðvegum, sem fram kemur í dálki 6, lækkar heildarviðhaldskostnaðurinn fyrir árin 1969—1972 um 4%, miðað við síðasta áætlunartímabil, eins og sýnt er í dálki 10. Í dálki 2 er fyrir árin 1969—1972 tilgreindur áætlaður kostnaður á þessum lið samkv. viðhaldsvísitölu í 7. dálki.
3. Vatnaskaðar.
   Raunverulegur kostnaður við vatnaskaða er tilgreindur í dálki 3 fyrir undanfarin 4 ár. Í dálki 11 er þessi kostnaður færður til verðlags ársins 1968, og fæst þá meðalkostnaðurinn 6.5 millj. kr. á ári. Með áætlaðri viðhaldsvísitölu í dálki 7 fást síðan raunverulegar áætlunartölur á þessum lið í dálki 3 fyrir árin 1969—1972.

4. Annað viðhald.

Raunverulegur kostnaður á þessum lið er sýndur í dálki 4, og eru stærstu kostnaðarliðirnir mölun og hörpun efnis og viðhald brúa. Á árinu 1966 fékk Vegagerðin nýjar vélasamstæður til mölunar efnis, og hafði rekstur þessara véla að sjálfsögðu verulega aukinn kostnað í för með sér, eins og fram kemur í dálki 4. Með þessum nýju vélasamstæðum hefur undanfarin tvö ár verið unnin möl í alla aðalvegi á svæðinu frá Rangárvallasýslu og upp í Borgarfjörð. Á þessu svæði er víða mjög erfitt um nothæfan ofaníburð, og væri engin leið til þess að halda þessum vegum ökufærum með núverandi umferð, nema með því að vinna efni í þá sérstaklega. Mulinn er ofaníburður í vegi á Norðurlandi með eldri vélasamstæðu, sem því miður er orðin æði gömul og því dýr í rekstri. Í öðrum landshlutum hefur í vaxandi mæli verið hörpuð möl í vegi, og er það ódýrari framkvæmd, en gæði efnisins eru þó ekki sambærileg við mulinn ofaníburð. Væri mjög æskilegt að geta aukið þessa starfsemi til muna, en hún er æði kostnaðarsöm. Þó er ávinningurinn fyrir vegfarendur mjög mikill.

Annar stærsti kostnaðarliðurinn undir þessum lið er viðhald brúa, og hefur kostnaður við það farið vaxandi síðustu árin. Veldur þar mestu, að margar elztu brýrnar á aðalleiðunum þola illa umferð hinna þungu ökutækja, og hefur því orðið að grípa til þess ráðs að setja á sumar þeirra bráðabirgðagólf úr timbri. Þá er einnig vaxandi viðhald á varnargörðum við margar þeirra brúa, sem byggðar hafa verið á síðustu áratugum yfir jökulvötn, sem falla um breiða aura.

Þriðji stærsti kostnaðarliðurinn á þessum lið er rykbinding vega, en sökum kostnaðar hefur aðeins verið unnt að framkvæma þetta á allra fjölförnustu vegunum.

Þá er á þessum lið greiddur kostnaður við merkingar akreina á hraðbrautum með varanlegu slitlagi, eins og á Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut, og er af þessu töluverður kostnaður, þar sem merkingar þessar endast sjaldan lengur en árið. Einnig er nokkur kostnaður við rekstur götulýsinga á Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut í Njarðvíkum, sem einnig greiðist af þessum lið.

Að lokum er á þessum lið talinn kostnaður við ýmsar merkingar, eins og á mjóum ræsum og hættulegum stöðum, sem ekki er hægt að flokka beint undir vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum. Nokkur kostnaður er við þessar merkingar, sem þó eru mjög nauðsynlegar, þar sem þær eyðileggjast að jafnaði að verulegu leyti í vetrarumferð.

2.2.2 Vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum.

Fjárveiting á þessum lið er 25% hærri en í síðustu vegáætlun, og er sú hækkun gerð með tilliti til þess, að mestur hlutinn af kostnaði við uppsetningu umferðarmerkja, samkvæmt reglugerð nr. 61/1959, er erlendur efniskostnaður. Með þessari hækkun á fjárveitingu frá fyrri vegáætlun er áætlað, að hægt verði að halda áfram uppsetningu umferðarmerkja á þessu næsta vegáætlunartímabili með svipuðum hraða og á síðasta vegáætlunartímabili.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1968 er frá því skýrt, að enn er eftir að merkja samkvæmt umferðarlögum um 44% af þjóðvegakerfinu, og er mjög vafasamt, að því verki verði lokið á næsta vegáætlunartímabili.

2.2.3 Tryggingagjöld og orlof.

Atvinnuleysistryggingagjald er lögbundið og er miðað við dagsverkafjölda næsta árs á undan innheimtuári. Miðað við reynslu undanfarinna ára nemur gjald þetta 0.17% af framkvæmdakostnaði.

Slysatryggingagjald er einnig lögbundið og innheimtist á sama hátt og atvinnuleysistryggingagjald, og nemur það nú 0.47% af framkvæmdakostnaði.

Orlof er miðað við 7% af útgreiddum vinnnulaunum, og miðað við reynslu undanfarinna ára nemur það að meðaltali 2.45% af framkvæmdakostnaði.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1 Til hraðbrauta:

Svo sem nánar greinir í kafla 3, lengjast þjóðvegir í hraðbrautaflokki úr 148.5 km í 334.4 km samkv. ákvæðum 12. gr. vegalaga. Í kafla 3.2.1 er nánar greint, hvaða þjóðvegir lenda í þessum vegaflokki, en yfirlit um skiptingu þeirra og ástand er að finna á fylgiskjali 3.0—02.

Samkv. framansögðu verða þjóðvegir í hraðbrautaflokki á næsta vegáætlunartímabili 334.4 km eða eða um 3.8% af öllum þjóðvegum. Í árslok 1968 voru 37.5 km eða 11% af þessum hraðbrautum taldar fullgerðar sem slíkar. Er það Reykjanesbraut frá Engidal við Hafnarfjörð til Keflavíkur. Þó að ekki hafi verið lokið lagningu fleiri hraðbrauta en Reykjanesbrautar, hefur þó verið byrjað á lagningu nokkurra annarra hraðbrauta, eins og Reykjanesbrautar í Breiðholti um Blesugróf, Suðurlandsvegar frá Svínahrauni að Sandskeiði og síðast Vesturlandsvegar austan við Elliðaár, en þar voru hafnar framkvæmdir á s. l. hausti. Hefur verið samið um það verk við Íslenzka aðalverktaka, sem einnig lána fé til verksins samkv. heimild í síðustu vegáætlun. Nær samningur þessi til um 1 km kafla.

Svo sem nánar er greint í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1968, hefur Vegagerð ríkisins á undanförnum þremur árum unnið mikið við undirbúning hraðbrautaframkvæmda. Var þar og greint frá því, að á s. l. ári var samið við verkfræðifyrirtækið Kampsax um heildarathugun á samgöngumálum landsins, og var það gert með hugsanlega lántöku hjá Alþjóðabankanum fyrir augum, svo sem nánar greinir í téðri skýrslu. Mun niðurstaða þessarar samgöngumálaathugunar liggja fyrir innan skamms. Þar sem fjárveiting til hraðbrauta á síðasta vegáætlunartímabili nam ekki nema 40 millj. kr., hefur mestur hluti framkvæmda í hraðbrautum verið unninn fyrir lánsfé, og voru föst framkvæmdalán til einstakra hraðbrauta í árslok 1968, eins og hér segir:

1.	Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	362.2 millj. kr.
2.	Reykjanesbraut (um Breiðholt)	10.7 „ „
3.	Þrengslavegur (Austurvegur)	4.4 „ „
	Samtals	377.3 millj. kr.

Greiðslur vaxta og afborgana af framangreindum lánum til hraðbrauta munu á næsta vegáætlunartímabili verða, eins og hér segir:

Árið 1969	60.5 millj. kr.
Árið 1970	53.5 millj. kr.
Árið 1971	51.8 millj. kr.
Árið 1972	50.2 millj. kr.

Tekjur af umferðargjaldi á Reykjanesbraut eru áætlaðar 15 millj. kr. nettó á árinu 1969, og er áætlað, að þær hækki um 1 millj. kr. á ári næstu 4 ár. Hrekkur því umferðargjaldið skammt til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum, sem hvíla á Reykjanesbraut.

Fjárveiting til hraðbrautaframkvæmda er ráðgerð 50 millj. kr. á árinu 1969, en þessi fjárveiting hækkar í 125 millj. kr. á árinu 1972, og verða því heildarfjárveitingar til hraðbrauta á vegáætlunartímabilinu 360 millj. kr. Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum nema hins vegar 226 millj. kr. á áætlunartímabilinu, en tekjur af umferðargjaldi 66 millj. kr. Bundnar greiðslur umfram tekjur af umferðargjaldi nema því 160 millj. kr. Ef inna ætti þessar bundnu greiðslur af fjárveitingum til hrað-

brautaframkvæmda af hendi á áætlunartímabilinu, yrði að mjög litlu leyti hægt að leysa þau brýnu verkefni, sem fyrir hendi eru um lagningu hraðbrauta.

Af þessum sökum er hér gert ráð fyrir, að af fjárveitingu til hraðbrauta gangi aðeins 6.8 millj. kr. árlega til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum, og er það sama upphæð og varið var til slíkra greiðslna í síðustu vegáætlun. Það, sem á vantar til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum, að frádregnum tekjum af umferðargjaldi á Reykjanesbraut, verði greitt af ríkissjóði.

2.3.2 Til þjóðbrauta:

Svo sem greinir í kafla 3, styttast þjóðbrautir úr 2949.7 km í 2756.3 km eða alls um 193.4 km. Mestur hluti þessarar styttingar á þjóðbrautum stafar af því, að 185.9 km af vegum í þjóðbrautaflokki samkvæmt fyrri vegáætlun fara nú í hraðbrautaflokk. Stytting þjóðbrauta umfram tilfærslu í hraðbrautaflokk stafar af því, að hluti af Grundarfjarðarvegi er nú felldur úr þjóðbrautaflokki, en Helgafellssveitarvegur tekinn í þjóðbrautaflokk í staðinn. Heildaryfirlit yfir skiptingu þjóðbrauta eftir kjördæmum og ástand þeirra er að finna á fskj. 3.0—03.

Á síðasta vegáætlunartímabili hefur verið unnið að verulegum framkvæmdum við þjóðbrautir fyrir lánsfé. Á eftirfarandi yfirliti eru tilgreind föst lán í árslok 1968 á einstökum þjóðbrautum og vextir og afborganir þeirra lána á næsta vegáætlunartímabili, talið í millj. kr.

Þjóðbrautir	Eftirst. lána pr. 31/12 1968	Afb. og vextir 1969	Afb. og vextir 1970	Afb. og vextir 1971	Afb. og vextir 1972
1. Ólafsvíkurvegur	4.0	1.1	1.0	1.0	0.9
2. Vestfjarðavegur					
a. Sunnan Þingmannah. ..	14.2	1.0	1.1	1.3	1.6
b. Breiðadalsheiði	29.8	2.0	2.5	3.4	4.2
3. Siglufjarðarvegur	46.6	9.9	9.4	9.0	8.6
4. Ólafsfjarðarvegur	8.1	1.8	1.8	1.7	1.6
5. Austurlandsvegur	1.5	0.2	0.2	0.2	0.2
6. Suðurfjarðavegur	6.0	1.2	1.1	1.1	1.0
	110.2	17.2	17.1	17.7	18.1

Auk framangreindra fastra lána höfðu í árslok 1968 verið tekin bráðabirgðalán til þjóðbrauta að upphæð tæpar 1.9 millj. kr., svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Er þar aðallega um að ræða bráðabirgðalán til Þingeyjarsýslubrautar samkv. sérstakri heimild í vegáætlun.

Á ofangreindu yfirliti yfir föst lán til þjóðbrautaframkvæmda, nema þau alls um 110 millj. kr., en vextir og afborganir af þeim á áætlunartímabilinu um 70 millj. kr. Þó að lán til Siglufjarðarvegar sé tæpur helmingur hinna föstu lána, nema vextir og afborganir af því láni um 36.9 millj. kr. á áætlunartímabilinu eða líðlega helmingi allra vaxta og afborgana af þjóðbrautalánum. Stafar þetta af því, að lán til Vestfjarðavegar samkv. Vestfjarðaáætlun eru erlend lán, sem eru afborganalaus fyrstu 5 árin, og koma því afborganir af þeim lánum ekki með fullum þunga inn á áætlunartímabilinu.

Fjárveitingar til þjóðbrauta á áætlunartímabilinu eru alls 120 millj. kr. Afborganir og vextir nema hins vegar um 70 millj. kr. á þessu tímabili eða líðlega helmingi allra fjárveitinga. Með þessum miklu bundnu greiðslum yrði erfitt að leysa ýmis aðkallandi verkefni við lagningu þjóðbrauta á áætlunartímabilinu. Af þessum sökum er gert ráð fyrir, að ríkissjóður sjái um greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum til Siglufjarðarvegar á árunum 1970—1972, og lækka greiðslur vaxta og afborgana við það um 27.0 millj. kr. Við það verða fastar bundnar greiðslur af þjóðbrautaframkvæmdum 43.1 millj. kr. eða líðlega þriðji partur af fjárveitingum.

Á framangreindu yfirliti eru föst lán vegna þjóðbrauta talin 1.1 millj. kr. hærri en í skýrslu um framkvæmdir vegáætlunar 1968. Stafar þessi mismunur af því, að í þeirri skýrslu var um 1.1 millj. kr. lán samkvæmt Vestfjarðaáætlun til Flateyrar-

vegar talið með landsbrautum, en er hér talið með þjóðbrautum, vegna þess að nær engar fjárveitingar voru í síðustu vegáætlun til Flateyrarvegar, og hafa því vextir af lánum til þess vegar verið taldir með kostnaði við Vestfjarðaveg á Breiðadalsheiði.

Að lokum skal það tekið fram, að á árunum 1966 og 1967 var mikill hluti Skeiða- og Gnúpverjavega endurbyggður vegna framkvæmda Landsvirkjunar við virkjun Þjórsár við Búrfell. Nam endurbyggingarkostnaður við Skeiðaveg um 8 millj. kr., en við Gnúpverjaveg liðlega 16 millj. kr. Hefur Landsvirkjun verið heitið því, að helmingur endurbyggingarkostnaðar þessara vega skyldi endurgreiddur á næstu tveim vegáætlunartímabilum.

2.3.3 Til landsbrauta:

Svo sem nánar greinir í kafla 3, styttast landsbrautir úr 6303.3 km í 5621.0 km eða alls um 682.3 km. Af þessari styttingu landsbrauta fara 430.1 km í tölu sýsluvega samkv. ákvæðum 12. gr. vegalaga, svo sem nánar er vikið að í kafla 2.6. 252.2 km fara alveg úr tölu þjóðvega, og er mestur hluti þess vegir í eyðibyggðum, svo sem nánar er greint í kafla 3. Yfirlit yfir breytingar á landsbrautum, flokkun þeirra eftir kjördæmum og ástand er nánar sýnt á fskj. 3.0—04.

Föst lán vegna framkvæmda í landsbrautum í árslok 1968 og vextir og afborganir þessara lána á áætlunartímabilinu eru sýnd á eftirfarandi yfirliti, talið í millj. króna.

Landsbrautir	Eftirst. lána pr. 31/12 1968	Afb. og vextir 1969	Afb. og vextir 1970	Afb. og vextir 1971	Afb. og vextir 1972
1. Heydalsvegur	2.7	0.5	0.4	0.4	0.4
2. Vestfjarðaráætlun:					
a. Flugvallarv. Patreksf. ..	1.5	0.1	0.2	0.2	0.2
b. Bíldudalsvegur	7.4	0.5	0.8	1.1	1.1
c. Flugvallarvegur Ísaf. ...	6.8	0.4	0.6	0.9	1.0
d. Bolungavíkurvegur	9.9	0.7	1.6	1.2	1.6
e. Súgandafjarðarvegur ...	4.5	0.3	0.3	0.3	0.5
	32.8	2.5	3.9	4.1	4.8

Auk ofangreindra fastra lána höfðu í árslok 1968 verið tekin bráðabirgðalán til landsbrauta að upphæð 2.5 millj. kr., eins og greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Röskur þriðjungur þessara lána er vegna Strandavegar, og voru þau á sínum tíma tekin til þess að koma Árneshreppi í vegasamband. Önnur lán eru flest smá og dreifast á marga vegi.

Föst lán vegna landsbrauta eru hér talin 32.8 millj. kr., og er það um 1.1 millj. kr. lægri upphæð en greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968, og stafar það af því, að lán til Flateyrarvegar er ekki talið hér með, sbr. athugasemd í kafla 2.3.2.

Fjárveiting til landsbrauta á áætlunartímabilinu er 94.3 millj. kr., en greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum 15.3 millj. kr. Þar sem gert er ráð fyrir, að vegaframkvæmdum samkvæmt Vestfjarðaáætlun verði haldið áfram á þessu ári að verulegu leyti fyrir lánsfé, munu greiðslur vaxta og afborgana af lánum á árunum 1970—'72 hækka, sem hinum nýju lánum nemur.

2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu:

Sérstök fjárveiting á þessum lið var tekin upp við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968. Er fjárveiting þessi nokkuð hærri en í seinustu vegáætlun,

og er það gert með tilliti til aukins tilkostnaðar vegna verðhækkana, en þó fyrst og fremst til þess að mæta hinum mjög auknu kröfum, sem lagðar eru á veghaldara með girðingalögunum frá 1965. Er þessi fjárveiting eingöngu ætluð til þess að mæta kröfum um girðingar og ristarhlið á vegum, sem búið er að leggja og engin fjárveiting er til. Mun taka nokkur ár að sinna öllum lögmætum kröfum í þessu efni, jafnvel þó meirihluti þessarar fjárveitingar fari til girðinga, svo sem verið hefur undanfarin ár.

Þá var nokkur hluti þessarar fjárveitingar ætlaður til uppgræðslu meðfram vegum, sem þegar hafa verið lagðir, og er það gert samkv. ákvæði 59. gr. vegalaga og einnig samkv. ákvæðum í jarðræktarlögum, um að veghaldara sé skylt að græða upp jarðrask vegna vegagerðar. Hefur þegar áunnizt nokkuð við uppgræðslu meðfram vegum undanfarin tvö ár, svo sem nánar er greint í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967 og 1968.

2.3.5 Tryggingagjöld og orlof:

Gjöld samkv. þessum lið eru lögbundin og eru reiknuð á sama grundvelli og nánar greinir í kafla 2.2.3.

2.4. Til fjallvega o. fl.:

2.4.1 Til aðalfjallvega:

Samkvæmt kafla 3.3 eru aðalfjallvegir taldir 824 km, og eru þeir óbreyttir frá seinustu vegáætlun.

Fjárveiting til þeirra á árinu 1969 er 1.0 millj. kr., en hækkar síðan í 1.1 millj. kr. seinustu 3 ár áætlunartímabilsins. Æskilegt væri að veita meira fé til þessara vega,þar sem búast má við mjög aukinni umferð, sérstaklega um Sprengisandsleið, vegna hinnar nýju brúar á Tungnaá hjá Sigöldu, sem byggð var á vegum Landsvirkjunar á s.l. ári.

2.4.2 Til annarra fjallvega:

Engin tæmandi skýrsla liggur fyrir um lengd annarra fjallvega, þar sem þar er í fjölda tilvika um að ræða slóðir úr einstökum hreppum inn á afrétti vegna smalamennsku. Hafa fjárveitingar til fjallvega dreifzt í æðimarga staði á undanförnum árum, svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlana.

Vegna þess hve mjög hefur verið sótt eftir styrkjum til ýmissa fjallvega á undanförnum árum, er hér gert ráð fyrir nokkuð hækkaðri fjárveitingu til þeirra frá síðustu vegáætlun.

2.4.3 Til reiðvega:

Engin tæmandi skýrsla liggur fyrir um lengd þeirra reiðvega, sem styrktir hafa verið með fjárveitingum á þessum lið á undanförnu vegáætlunartímabili. Hefur stjórn Landssambands hestamanna úthlutað þessu fé, svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Hér er gert ráð fyrir óbreyttri fjárveitingu til lagfæringar á reiðvegum, þar sem mjög æskilegt verður að teljast að lagfæra slíka vegi, sérstaklega næst þéttbýlinu, þar sem með því móti verður unnt að aðskilja umferð ríðandi manna og bifreiða, sem enga samleið eiga á fjölförnum þjóðvegum.

2.4.4 Tryggingagjöld og orlof:

Þessi lögboðnu gjöld eru reiknuð á sama hátt og greinir í kafla 2.2.3.

Verðgrundvöllur fyrir kafla 2.3 og 2.4:

Um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega samkv. kafla 2.3 og 2.4 skal það tekið fram, að vísitala vegagerðarkostnaðar í ágúst 1968 var 615. Miðað við þær forsendur um verðbreytingar á áætlunartímabilinu, sem nánar er greint frá í kafla 2.2, mun vísitala vegagerðarkostnaðar samkvæmt þeim forsendum hækka úr 615 í 737 eða um tæp 20%.

Fyrir áætlunartímabilið er gert ráð fyrir eftirfarandi vísitölu nýbyggingarkostnaðar vega:

Árið 1969	737
Árið 1970	781
Árið 1971	822
Árið 1972	822

2.5. Til brúagerða.

2.5.1 Til brúa 10 m og lengri:

Að þessu sinni þykir ekki ástæða til að skipta fjárveitingum til brúagerða í stórbrýr og brýr 10 m og lengri, eins og var í síðustu vegáætlun, þar sem mörkin milli þessara brúaflokka eru orðin æði óljós, eftir að farið var að byggja brýr á hinum fjölfarnari vegum með tveimur akreinum. Er því hér gerð tillaga um óskipta fjárveitingu til brúa 10 m og lengri.

Lagt er til, að fjárveiting þessum lið verði alls 149.2 millj. kr. á áætlunartímabilinu og þar af 34 millj. kr. á árinu 1969. Af fjárveitingu þessa árs munu um 5 millj. kr. fara til greiðslu á lánsfé vegna brúagerðakostnaðar á síðasta vegáætlunartímabili, eins og brúar á Hólsá í Bolungavík, Langárbrúar hjá Ísafirði, Fljótsvegar í Rangárvallasýslu og fleiri, eins og nánar er rakið í skýrslum um framkvæmd vegáætlunar undanfarin ár.

Kostnaðaráætlanir fyrir brýr eru í þessari áætlun byggðar á sömu forsendum og nánar greinir í kafla 2.2. Samkvæmt því hækkar brúagerðakostnaður í ár úr 804 stigum 1968 í 1020 stig 1969. Verður vísitala brúagerðarkostnaðar, á næsta áætlunartímabili samkvæmt ofangreindum forsendum, eins og hér segir:

Árið 1969	1020
Árið 1970	1045
Árið 1971	1070
Árið 1972	1070

Á fskj. 3.0—07 er sýnt yfirlit yfir óbrúaðar ár á þjóðvegum í byrjun síðasta vegáætlunartímabils, í lok þess og í byrjun þessa vegáætlunartímabils, en þá er miðað við flokkun þjóðvega samkvæmt kafla 3. Í síðasta dálkinum kemur fram, að óbrúuðum ám á þjóðvegum fækkar vegna tilfærslu landsbrauta í flokk sýsluvega.

Á fskj. 3.0—08 er á sama hátt sýnt yfirlit yfir óbrúaðar ár á sýsluvegum, en þeim fjölgar við hina nýju flokkun, að sama skapi sem ám á þjóðvegum fækkar.

Á fskj. 3.0—09 er sýnt yfirlit yfir aldursskiptingu brúa 10 m og lengri, og nær sú aldursskipting bæði til brúa á þjóðvegum og sýsluvegum. Samkvæmt yfirlitinu er nú engin brú í notkun, sem byggð var fyrir aldamót. Hins vegar eru enn í notkun 38 brýr, sem byggðar voru á tímabilinu 1900—1919.

Allt fram yfir 1930 voru brýr byggðar 3 m breiðar að utanmáli og 2.5—2.6 m innan bríka, og er augljóst mál, hvaða vandkvæði fylgja akstri bifreiða, sem eru 2.35—2.5 m á breidd, yfir slíkar brýr.

2.5.2 **Til smábrúa:**

Yfirlit yfir óbrúaðar ár, þar sem gert er ráð fyrir smábrúm, er sýnt á fskj. 3.0—07 og 08.

Lagt er til, að fjárveitingar til smábrúa á áætlunartímabilinu nemi alls 27.1 millj. kr. Með þessari fjárveitingu ætti að verða unnt að byggja um 54 smábrýr á áætlunartímabilinu, miðað við verðlag 1969, eða um 40% af þeim ám á þjóðvegum og sýsluvegum, sem brúa þarf með smábrúm. Í raun yrði þó ekki hægt að byggja svo margar nýjar smábrýr, þar sem æðimargar gamlar smábrýr munu þarfnast endurbyggingar.

2.5.3 **Tryggingagjöld og orlof:**

Þessi lögboðnu gjöld eru reiknuð á sömu forsendum og greint er í kafla 2.2.3.

2.6 Til sýsluvegasjóða.

Tekjur sýsluvegasjóða samkv. 21 og 23. gr. vegalaga á árinu 1968 eru áætlaðar um 7.4 millj. kr., eins og sýnt er á fskj. 2.6—01, en endanleg reikningsskil um sjóðina liggja ekki enn fyrir. Samkv. 28. gr. vegalaga á því framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1969 að vera minnst 15.8 millj. kr.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 23. gr. vegalaga áætlaðar 6.65 millj. kr. fyrir árið 1967 og framlag vegasjóðs samkvæmt því ákveðið 13.3 millj. kr. fyrir árið 1968. Þegar endanleg reikningsskil sýsluvegasjóðanna fyrir árið 1967 lágu fyrir á miðju ári 1968 kom fram, að innheimtar tekjur höfðu orðið nokkru meiri en áætlað var eða tæpar 7.3 millj. kr. Samkvæmt því hefði framlag vegasjóðs árið 1968 átt að vera tæpar 14.6 millj. kr. í samræmi við 28. gr. vegalaga. Til þess að bæta upp þennan tekjumissi sýsluvegasjóðanna á árinu 1968 er bætt 1.3 millj. kr. við áætlað lágmarksframlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1969, eins og að framan greinir.

Tekjuáætlun sýsluvegasjóðanna samkv. 21. gr. vegalaga fyrir næstu 4 ár er miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1968, sem var kr. 53.83 á klst. Árleg aukning á þeim tekjum er miðuð við, að fólksfjölgun í sýslunum verði 0.5% á ári næstu 4 ár, og er það nokkru minni árleg fólksfjölgun en reiknað var með í seinustu vegáætlun. Tekjur samkv. 23. gr. eru áætlaðar óbreyttar, frá því sem þær voru 1968.

Samkvæmt framangreindum forsendum verða tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 23. gr. vegalaga, svo og framlag vegasjóðs til þeirra, eins og hér segir (í þús. kr.):

	Tekjur skv. 21. og 26. gr.	Tekjur skv. 23. gr.	Heimaframlag alls	Framlag vegasjóðs	Heildartekjur
1969	8 239	502	8 741	17 100	25 841
1970	8 280	502	8 782	17 500	26 282
1971	8 321	502	8 823	17 600	26 423
1972	8 363	502	8 865	17 700	26 565

Samkvæmt þessari áætlun verða heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árinu 1969 25.8 millj. kr., og er það 4.6 millj. kr. hærri upphæð en áætlaðar heildartekjur þeirra á árinu 1968. Nemur aukningin því um 21.7%.

Við skiptingu á framlagi vegasjóðs til einstakra sýsluvegasjóða samkv. reglugerð nr. 62/1964, sem gefin var út í samræmi við 28. gr. vegalaga, voru sýsluvegir samkvæmt gildandi samþykktum sýsluvegasjóða það ár alls 1962 km. Á undanförnum fjórum árum hefur nokkuð bætzt við af sýsluvegum í einstökum sýslum, og í árslok 1968 var heildarlengd sýsluvega samkvæmt gildandi samþykktum 2141.7 km, eins og sýnt er á fskj. 3.0—06.

Í vegalögum nr. 71/1963 er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að enginn vegur skuli falla úr tölu þjóðvega næstu 5 ár eftir gildistöku laganna, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals. Samkvæmt þessu ákvæði hefur verið í tölu þjóðvega allmikið af vegum, sem ekki uppfylla skilyrði 12. gr. vegalaga um þjóðvegi, en ættu annað hvort að falla alveg niður, þar sem um er að ræða vegi í eyðibyggðum, eða fara í sýsluvegatölu. Við það, að þetta bráðabirgðaákvæði vegalaga fellur úr gildi, munu bætast í tölu sýsluvega alls 430.1 km, og yrði þá heildarlengd sýsluvega næsta vegáætlunartímabil 2571.8 km, eins og sýnt er á fskj. 3.0—06. Er hér um að ræða um 20% lengingu sýsluveganna eða aðeins minni aukningu en nemur áætlaðri tekjuaukningu sýsluvegasjóðanna í heild á yfirstandandi ári miðað við s. l. ár.

Athugandi er þó í þessu sambandi, að í heildarlengd sýsluveganna eru taldir með allmargir sýsluvegir að eyðibýlum, sem nytjuð eru að meira eða minna leyti frá nærliggjandi býlum. Einnig er verulegur hluti af þeim nýju vegum, sem nú koma í sýsluvegatölu, uppbyggðir vegir, sem ekki munu útheimta verulegt framlag til nýbygginga. Verður því útgjaldaaukning sýsluvegasjóðanna ekki í beinu hlutfalli við lenginguna.

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkv. 32. gr. vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12½% af heildartekjum vegasjóðs. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1968 um breytingu á vegalögum nr. 71/1963, er ráðherra heimilt að undanskilja það af tekjum vegasjóðs, sem varið er til hraðbrautaframkvæmda við ákvörðun á framlagi til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Ákveðið er að nota téða heimild, og samkvæmt því verður heildarframlag samkv. 32. gr., 10% frádráttur samkv. 34. gr. og framlag til skipta samkvæmt íbúatölu, svo sem hér segir:

(Millj. kr.)

	1969	1970	1971	1972
Áætlaðar heildartekjur vegasjóðs	482.9	510.5	551.1	591.5
— Framlag til hraðbrauta	50.0	85.0	100.0	125.0
	432.9	425.5	451.1	466.5
Þar af 12.5% samkv. 32. gr. vegalaga	54.1	53.2	56.4	58.3
— 10% samkv. 34. gr.	5.4	5.3	5.6	5.8
Til skipta	48.7	47.9	50.8	52.5
Áætluð íbúatala	168.593	170.279	171.982	173.702
Áætluð upphæð á íbúa í kr.	288.86	281.30	295.38	302.24

Íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru 1. des. s. l. 168 593 samkv. bráðabirgðamanntali Hagstofunnar frá 5. febr. Við áætlun á íbúafjölda þessara staða næstu 4 ár, er gert ráð fyrir, að þeim fjölgi um 1% á ári.

Miðað við bráðabirgðamanntal Hagstofunnar frá 5. febrúar s. l., má gera ráð fyrir, að þjóðvegir í þéttbýli samkvæmt ofangreindri reglugerð falli niður á Hofsósi og í Hrísey á þessu vegáætlunartímabili, þar sem íbúafjöldi á báðum þessum stöðum var nokkuð innan við 300 manns. Hins vegar munu bætast við 3 ný kauptún, þ. e. Álafosshverfi í Mosfellssveit, Gerðar í Garði og Hella í Rangárvallasýslu, en íbúafjöldi í öllum þessum kauptúnum er kominn yfir 300.

Samkvæmt reglugerð nr. 44/1965 um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, var heildarlengd þeirra um s. l. áramót 95.3 km, eins og sýnt er á meðfylgjandi fskj. 3.0—05.

Lenging um 1.4 km á heildarlengd þjóðvega í þéttbýli frá 1. jan. 1965 stafar af breytingu á reglugerð og nákvæmari upplýsingum um lengd einstakra vega en þá voru fyrir hendi.

Lengingin á vegum með varanlegu slitlagi um tæpa 6 km á áætlunartímabilinu gefur ekki rétta hugmynd um það, sem gert hefur verið, þar sem mest af þéttbýlisfé hefur farið til undirbyggingar og undirbúningsframkvæmda undir varanlegt slitlag.

2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa.

2.8.1 Til véla-og verkfærakaupa:

Í vegáætlun 1965—1968 voru fjárveitingar á þessum lið alls 47 millj. kr. Voru alls keyptar vélar og tæki fyrir um 67 millj. kr. á þessu tímabili, og hefur því verið varið um 20 millj. kr. af afskriftarfé véla til endurkaupa á nýjum vélum.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi véla og meðalaldur þeirra í aðalvélaflokkunum í byrjun síðasta vegáætlunartímabils. Einnig er sýndur fjöldi nýrra véla, sem keyptar hafa verið í hinum einstöku flokkum, og fjöldi niðurlagðra véla á tímabilinu. Í síðustu dálkum er sýnd vélaeign 1. janúar 1969 og meðalaldur vélanna þá.

Vélaflokkur	Vélar á skrá 1. janúar 1965 Fjöldi	Meðalaldur	Breytingar 1965—'68 Keyptar	Niðurlagðar	Vélar á skrá 1. janúar 1969 Fjöldi	Meðalaldur
Jarðýtur	23	16.5	2	9	16	16.3
Vegheflar	41	10.5	16	6	51	9.5
Vél- og ýtuskóflur	44	13.5	16	19	41	9.7
Flutn.- og dráttarbifr.	25	9.0	8	8	25	6.6
Samtals	133	Meðaltal 12.2 ár	42	42	133	Meðaltal 9.8 ár

Á yfirliti þessu má sjá, að þótt keyptar hafi verið 42 nýjar vélar á tímabilinu, hafa verið lagðar niður jafnmargar eldri vélar, og meðalaldur þeirra hefur lækkað úr 12.2 í 9.8 ár.

Eins og sjá má á ofangreindu yfirliti, hefur undanfarin 4 ár verið lögð mest áherzla á að endurnýja þær gerðir véla, sem ekki er unnt að fá leigðar á frjálsum markaði, en það eru vegheflar og vélskóflur. Hefur Vegagerðin á undanförnum árum orðið að taka í notkun vaxandi fjölda leiguvéla, eins og jarðýtur og bifreiðar. Á árinu 1967 voru 76.6% af allri ýtuvinnu hjá Vegagerðinni framkvæmd með leiguvélum og 73.3% af öllum bifreiðaakstri. Af ýmsum ástæðum er þó mjög æskilegt, að Vegagerðin hafi yfir að ráða nokkrum vélakosti í þessum vélaflokkum.

Meðalendurnýjunarverð ofangreindra véla er um 2.5 millj. kr. á vél. Til þess að meðalaldur vinnuvéla í ofangreindum vélaflokkum hækki ekki umfram það, sem nú er, á næstu fjórum árum, þarf að endurnýja 53 vélar á áætlunartímabilinu. Kostnaðarverð þeirra véla er á núverandi verðlagi um 132 millj. kr.

Hér er þó ekki talið fært að fara fram á hærri fjárveitingu en 59 millj. kr. á áætlunartímabilinu, og mun sú fjárveiting að meðtöldu afskriftafé tæplega duga til þess að halda núverandi vélakosti í horfinu, enda er ekki gert ráð fyrir, að unnt verði að miða afskriftir við fullt endurnýjunarverð véla fyrr en á árinu 1972, eins og nánar er vikið að í kafla 2.2.

Þá hefur ekki þótt ástæða til þess að fara fram á sérstaka fjárveitingu til bókasafns verkamanna, sem var í síðustu vegáætlun, þar sem eðlilegt er talið, að kostnaður við endurnýjun og viðhald bókasafna í vinnuflokkum verði talinn með kostnaði við endurnýjun á öðrum viðleguútbúnaði vinnuflokka.

2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa:

Hér er gert ráð fyrir alls 15 millj. kr. fjárveitingu á áætlunartímabilinu, og er hún fyrst og fremst ætluð til þess að byggja nýtt áhaldahús á Akureyri, en aðstaða þar er orðin mjög erfið, m. a. vegna þess að hermannaskáli, sem notaður var fyrir skrifstofur, brann fyrir tveimur árum, og er nú starfsemin á Akureyri þrískipt, ófullkomið vélaverkstæði á einum stað, skrifstofur á öðrum og geymslur fyrir vélar, verkfæri og efni á þeim þriðja.

Þar sem bækistöðin á Akureyri er aðalviðgerðaverkstæðið fyrir Norður- og Norðausturland, er óhjákvæmilegt að ráða bót á þessari aðstöðu.

Hefur verið fengin hentug þriggja hektara lóð ofan við Akureyri og hún girt og undirbúningsframkvæmdir hafnar við grunninn. Er áætlað, að hægt verði að byggja hús þetta í áföngum á áætlunartímabilinu.

Þá er einnig gert ráð fyrir að koma upp lítilli áhaldageymslu á Egilsstöðum, og hefur lóð þegar verið fengin. Einnig er áætlað að gera minniháttar umbætur í öðrum áhaldahúsum.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Þessar fjárveitingar eru samkv. 96. gr. vegalaga, þ. e. ½% af heildartekjum hvert ár.

Er áætlað, að tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar verði haldið áfram á þessu vegáætlunartímabili með svipuðu sniði og gert var á síðasta vegáætlunartímabili.

2.10. Til greiðslu halla á vegáætlun 1968.

Lokareikningsskilum um tekjur og gjöld vegasjóðs er enn ekki að fullu lokið. Eftir því sem næst verður komizt, er áætlað, að halli á vegáætlun 1968 verði 31.8 millj. kr. eða um 3 millj. kr. hærri en áætlað var í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968.

Áætlað er, að halli á einstökum liðum vegáætlunar 1968 verði eins og hér segir:

1.	Tekjur voru áætlaðar 451.0 millj. kr., en urðu 441.8 millj. kr.	Halli:	9.2	millj. kr.
2.	Útgjöld við stjórn og undirbúning hækka um 1 millj. kr. vegna hækkunar á vísitölu	—	1.0	— —
3.	Útgjöld til vegaviðhalds voru áætluð 156.7 millj. kr., en verða 176.7 millj. kr.	—	20.0	— —
4.	Hækkun vegna vega í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. skýrslu um framkvæmd vegaáætlunar 1968	—	0.9	— —
5.	Hækkun á tryggingagjöldum	—	0.7	— —
		Samtals	31.8	millj. kr.

3. Um flokkun vega.

Í þessum tillögum eru þjóðvegirnir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga, þar sem 5 ár eru liðin frá gildistöku þeirra og þar með fallið úr gildi það bráðabirgðaákvæði, sem segir, að enginn vegur skuli falla úr þjóðvegatölu fyrstu 5 árin eftir gildistöku þeirra, nema annar komi í staðinn. Við það styttist þjóðvegakerfið nokkuð, þar sem allmargir vegir heim að einstaka bæjum eða um sveitir, sem að mestu eða öllu leyti eru komnar í eyði, voru í þjóðvegatölu.

Um leið og þessi flokkun var gerð, voru og felldir niður nokkrir ólagðir vegir, sem fyrirsjáanlegt var, að ekki hlytu fjárveitingar í náinni framtíð og því ekki tímabært að taka í þjóðvegatölu strax. Hér var aðallega um að ræða fyrirhugaðar tengingar á vegarendum, til þess ætlaðar að mynda hringvegi í framtíðinni, oft um óravegu og erfitt land.

Leitaði vegamálastjóri álits þingmannna allra kjördæma á breytingum þessum, og hlutu þær flestar stuðning þeirra.

Þar sem þjóðvegir samkv. þessari tillögu eru merktir eins og í síðustu vegáætlun, má með samanburði sjá, hvaða vegir hafa fallið úr þjóðvegatölu. Þó ber þess að gæta, að á nokkrum stöðum hefur þótt eðlilegt að sameina vegi eða veg og álmu undir eitt heiti.

Í fylgiskjali 3.0—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og þjóðvega í þéttbýli, eins og þeir voru á síðasta áætlunartímabili og eins og þeir verða samkv. þessari tillögu. Eins og taflan ber með sér, er heildarstytting þjóðveganna um 690 km. Af þeim falla um 260 km alveg niður, en 430 km verða sýsluvegir lögum samkvæmt.

Auk þess sem þjóðvegir hafa stytzt eða verið felldir niður í þessari tillögu, hafa nokkrir vegarkaflar flutzt milli flokka. Þannig eru nú hraðbrautir taldar 334.4 km í stað 148.5. Á breytingu þessari stendur þannig, að við gerð vegáætlunar 1965—1968 voru ekki til nægilegar uplýsingar um umferð, til að hægt væri að ákveða lengd harðbrauta samkv. 12. gr. vegalaganna. Voru þá eingöngu taldir hraðbrautir þeir vegir, sem upplýsingar voru fyrir hendi um, að féllu í þann flokk. Á síðasta áætlunartímabili var umferð talin á þeim vegum, sem til greina gátu komið, og mörk þeirra ákvörðuð, eins og fram kemur í upptalningunni í lok 3. kafla. Miðað er við, að umferð tvöfaldist á 10 árum, þannig að vegir, sem nú hafa 500 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina teljist hraðbrautir samkv. 12. gr. vegalaganna. Niðurstöður umferðartalninga 1967 og 1968 eru sýndar á fskj. 3.0—10 og 3.0—11.

Á fskj. 3.0—05 sést, að smávægilegar breytingar hafa orðið á lengd þjóðvega í þéttbýli. Að mestu leyti er þessi breyting fólgin í nánari ákvörðun á vegalengdum og mörkum milli þjóðvega og þéttbýlisvega en fyrir hendi var við gerð síðustu vegáætlunar. Enn fremur hafa orðið þær breytingar, að á Hofsósi og í Hrísey falla niður þjóðvegir í þéttbýli, þar sem íbúatala þessara kauptúna hefur lækkað niður fyrir 300, en á Hellu, Gerðum í Garði og í Álafosshverfi hafa bætzt við þjóðvegir í þéttbýli, þar sem íbúatala þessara staða er komin yfir 300, sbr. kafla 2.7. Á fylgiskjölum 3.0—02 til 3.0—08 er sýnt yfirlit yfir lengdir vega í hinum einstöku vegaflokkum, fjölda bæja, sem ekki hafa vegasamband og óbrúaðar ár, á þessu áætlunartímabili og því síðasta, og á fylgiskjali 3.0—09 er sýndur aldur brúa.

Þar sem landsbraut endar við bæ, er lengd hennar miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur eftir lengd.

Aðalfjallvegir (3.3) eru óbreyttir frá fyrri vegáætlun.

Yfirlit um þjóðvegi.

	Vegáætlun 1965—1968 1. janúar 1965					Skv. till. til þingsál. um vegáætlun 1969—1972				
	Ekki akfært km	Rutt og lagt ófullg. km		Varanl. slitl. km	Alls km	Ekki akfært km	Rutt og lagt ófullg. km		Varanl. slitl. km	Alls km
I. Hraðbrautir ..	36.0	91.9		20.6	148.5	9.3	286.5		38.6	334.4
% af I.	24.2	61.9		13.9	100	2.8	85.7		11.5	100
II. Þjóðbrautir ..	49.9	598.4	2312.6		2960.9	24.5	433.3	2298.5		2756.3
% af II.	1.7	20.2	78.1		100	0.9	15.7	83.4		100
III. Landsbrautir .	536.5	1896.0	3839.6		6272.1	268.4	1497.6	3855.0		5621.0
% af III.	8.6	30.2	61.2		100	4.7	26.7	68.6		100
IV. Þjóðv. í þéttb.			76.9	19.5	96.4			71.5	25.2	96.7
% af IV.			79.8	20.2	100			73.8	26.2	100
V. Samtals	622.4	2586.3	6229.1	40.1	9477.9	302.2	2217.4	6225.0	63.8	8808.4
% af V.	6.5	27.3	65.8	0.4	100	3.4	25.2	70.7	0.7	100

4. Framkvæmdir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu.

4.1 Svo sem fram kemur í kafla 2.3.1, verða fjárveitingar til hraðbrauta á áætlunartímabilinu alls 360 millj. kr. Af þeirri upphæð er áætlað, að um 28 millj. kr. gangi til greiðslu vaxta og afborgana af lánum vegna Reykjanesbrautar, og verða því til nýrra framkvæmda á tímabilinu um 332 millj. kr.

Áætlað er, að kostnaður við að fullgera Vesturlandsveg frá enda Miklubrautar og upp að Leirvogi og tengja hann við Þingvallaveg, ljúka lagningu Suðurlandsvegar frá Reykjavík að Selfossi og byggja nýja akbraut á Hafnarfjarðarvegi frá Kópavogi og að Engidal muni kosta röskar 1200 millj. kr. miðað við núverandi verðlag. Áætlað er þó, að með 700 millj. kr. lánsfé til viðbótar þeirri fjárveitingu, sem að ofan greinir, megi ljúka að mestu lagningu framangreindra vega á áætlunartímabilinu með því að fresta byggingu dýrra umferðarmannvirkja við enda Miklubrautar.

Fylgiskjal 1—01.

Spá um tekjur vegasjóðs árin 1969—1972.

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1969	1970	1971	1972
1. Benzíngjaldi	332.9	344.1	370.1	397.5
2. Benzínþungaskatti	23.1	24.1	26.0	28.1
3. Dieselþungaskatti	107.0	114.7	121.4	127.9
4. Gúmmígjaldi	39.4	47.6	53.6	58.0
Brúttó tekjur	502.4	530.5	571.1	611.5
Endurgreiðslur af:				
5. Benzíngjaldi	11.5	12.0	12.0	12.0
6. Þungaskatti	8.0	8.0	8.0	8.0
Nettó tekjur	482.9	510.5	551.1	591.5
Benzínsala (millj. ltr.)	71.3	73.7	79.3	85.1
Meðaleyðsla pr. benzínbifreð (ltr.)	1880	1853	1829	1808
% aukning benzíngjalds	8.2	3.36	7.56	7.40
% aukning benzínþungaskatts	13.0	4.33	7.89	8.08
% aukning dieselþungaskatts		7.20	5.84	5.35
% aukning gúmmígjalds	23.9	20.81	12.61	8.21
% aukning á nettó tekjum	9.6	5.72	7.95	7.33

Fylgiskjal 1—02.

Tekjur vegasjóðs árin 1964—1968.

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1964	1965	1966	1967	1968
1. Benzíngjaldi	156.2	180.8	243.1	267.2	307.8
2. Þungaskatti	45.3	47.6	68.1	72.3	115.1
3. Gúmmígjaldi	7.8	10.3	12.1	11.3	31.8
Brúttó tekjur	209.3	238.7	323.3	350.8	454.7
Endurgreiðslur af:					
4. Benzíngjaldi	9.3	14.7	15.7	17.1	10.0
5. Þungaskatti	0.0	0.5	2.0	1.5	4.0
Nettó tekjur	200.0	223.5	305.6	332.2	440.7
Benzínsala (millj. ltr.)	56.4	65.3	66.2	72.8	72.2
Meðaleyðsla pr. benzínbifreið (ltr.)	2.029.5	2.165.6	1.984.9	2.001.4	1.915.1
% aukning benzíngjalds		15.7	34.5	9.9	15.2
% aukning þungaskatts		5.1	43.1	6.2	59.2
% aukning gúmmígjalds		32.1	17.5	-6.6	181.4
% aukning á nettó tekjum		11.8	36.7	8.7	32.7

Áfengismálarannsóknir munu að sjálfsögðu kosta nokkurt fé. Eðlilegt er, að til þeirra verði varið því, sem ætlað er til slíkrar starfsemi samkvæmt 17. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, en meira þarf til að koma. Virðist flutningsmönnum ekki áhorfsmál, að nokkru af áfengissölugróða ríkissjóðs sé varið til áfengismálarannsókna.

Nd. 363. Frumvarp til laga [68. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni, sem Síldarútvegsnefnd tæki, að fjárhæð allt að 15 milljónir króna, eða jafnvirði þess í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar við flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar til íslenzkra hafna af miðunum norðaustur og austur af Íslandi á árinu 1968.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd skal hafa forgöngu um og hafa á hendi framkvæmd flutninga samkvæmt 1. gr., og er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í því skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar reynast til tryggingar framgangs flutninganna. Enn fremur er henni heimilt að veita öðrum aðilum fjárhagslegan stuðning eða aðra fyrirgreiðslu í þessu skyni, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd skal fyrir 10. júní 1968 gera áætlun um heildarkostnaðinn við flutningana samkvæmt lögum þessum. Skal sú áætlunarfjárhæð dregin frá útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1968 hjá Síldarútvegsnefnd, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda. Áætlunarfjárhæð þessi skal ganga til greiðslu kostnaðar við flutningana og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal leggja áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til grundvallar verðlagningu sumarsíldar til söltunar á

árinu 1968. Hinn áætlaði heildarkostnaður við flutningana skal við verðákvörðun skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

4. gr.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum minni en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sú inneign geymd á sérstökum reikningi til næsta árs til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum meiri en áætlun Síldarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sá viðbótarkostnaður greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1969, og skal Verðlagsráð sjávarútvegsins leggja þann viðbótarkostnað til grundvallar við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1969 og skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um löndunarstaði, kaup, yfirtöku og skoðun saltsíldar, sem flutt er samkvæmt ákvæðum laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 364. Frumvarp til laga [185. mál]

um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til **að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.**

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Steinþór Gestsson.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Ingu Þórarinsdóttur, húsfreyju að Þykkvabæ I, jörðina Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Jörðin skal vera séreign Ingu Þórarinsdóttur skv. kaupmála, er gerður verður að lögboðnum hætti.

Kaupandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, skal gera jörðina Þykkvabæ I að ættaróðali samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um ættaróðal og óðalsrétt.

2. gr.

Hreppsnefndin skal sjá svo um, að söluverði jarðarinnar verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk hreppsnefndarinnar í Kirkjubæjarhreppi.

Með gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dagsettu 15. desember 1913, afhentu þau Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu hálfa jörðina Þykkvabæ í Landbroti til eignar með allmörgum skilmálum, sem í gjafabréfinu eru fram teknir.

Í VIII. grein gjafabréfsins segir m. a. svo: „Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika . . .“ Svo sem sjá má af skipulagsskrá þeirri, er gjafabréfið inniheldur, eru ýmis ákvæði þar þannig, að ekki er lengur grundvöllur fyrir því, að jörðin haldist í ábúð, sökum þeirra breytinga, er orðið hafa vegna óviðráðanlegra atvika, síðan skipulagsskráin var sett.

Núverandi ábúandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, sem er sonardóttir gefendanna, telur sig ekki geta lengur búið á jörðinni, nema hún fái hana keypta. Ekki er vitað um aðra, sem mundu vilja taka hana til ábúðar við þau skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Nauðsynlegt er að endurbyggja hús jarðarinnar, en til þess að slíkt geti átt sér stað, verður að vera hægt að veðsetja hana fyrir lánum til þeirra framkvæmda. Ábúandinn, sem þar hefur verið í undangengin 17 ár, hefur óskað eftir því við hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps að fá jörðina keypta, og hefur hreppsnefndin samþykkt einróma að verða við þeirri ósk, að tilskildu samþykki Alþingis.

Samþykkt hreppsnefndarinnar út af beiðni ábúandans um að fá jörðina keypta er birt hér sem fylgiskjal. Einnig eru prentuð hér með sem fylgiskjöl gjafabréfið sjálft og bréf þess gefandans, sem lengur lifði, Höllu Einarsdóttur, dags. 8. júlí 1946, þar sem hún fór þess á leit með samþykki allra niðja sinna og nánustu frænda, að hreppurinn annaðhvort gæfi eftir rétt sinn samkvæmt gjafabréfinu eða semdi um breytingar á því. Voru þá komnir í ljós annmarkar þeir, sem gerðu ábúð á jörðinni næstum óframkvæmanlega vegna breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika.

Fylgiskjal I.

Þar sem frumvarp til laga um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti var ekki afgreitt frá síðasta þingi, þá vill hreppsnefndin eindregið mæla með því, að Alþingi það, sem nú situr, samþykki lög um slíka heimild. Verði salan bundin því, að núverandi ábúandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, kaupi jörðina og söluverðinu varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur. En að öðru leyti fari salan fram eftir því, sem um semst milli kaupanda og seljanda.

Seglbúðum, 6. marz 1969.

Jón Helgason.
Páll Pálsson.
Sigfús H. Vigfússon.
Siggeir Björnsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

GJAFABRJEF

hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir ½ jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Við undirrituð hjón, ég Helgi Þórarinsson og ég Halla Einarsdóttir, gefum hér með frá fardögum 1914 Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu eignarjörð okkar ½ Þykkvabæ í Landbroti, 12,25 hndr. að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, með öllu því,

er jörð þessari fylgir og fylgja ber, öll hús og mannvirki, sem á jörðinni eru, og allt, er henni fylgir, múr- og naglfast, enn fremur upprekstrarland fyrir 100 — eitt hundrað — sauðfjár um sumartímann í Skálalandi og hina svonefndu Kirkju- og Brúarfjöru, með þeim skilmálum, er hér segir:

I. Jörðin skal vera ævarandi eign hreppsins, og má því eigi selja hana, gefa eða veðsetja, hvorki eignina í heild né heldur neinn hluta hennar, sbr. þó IV.

II. Jörðin með öllu því, sem áður er talið, skal jafnan byggð einum ábúanda ævilangt, og heldur ekkja ábúðarrétti manns síns á meðan hún giftist eigi aftur. Ef breyttir búnaðarhættir valda því, er fram líða stundir, að æskilegt þyki eða jafnvel nauðsynlegt, að jörðinni verði skipt sundur í 2 býli, skal það heimilt með því skilyrði, að hvort býli um sig standi eigi að notagildi að baki hinum beztu býlum eða bújörðum í sveitinni.

III. Gefendur áskilja sér rétt til að búa á jörðinni ævilangt og jafnframt til þess að mega verja ár hvert öllu afgjaldi jarðarinnar, eins og það verður ákveðið af hreppsnefndinni með hliðsjón af venjulegum leigumála á jörðum innsveitis, til jarðabóta eða húsabóta á jörðinni sjálfri, og skulu, ef á greinir, úttektarmenn meta, hvort unnið er ár hvert að endurbótum á jörðinni fyrir jafnmikið fé og eftirgjaldinu nemur. Árlegt afgjald af jörðinni, eins og það verður ákveðið, af hreppsnefndinni samkvæmt því, er að framan segir, skal standa óbreytt alla tíð.

IV. Gefendur, sem ætla sér að sækja um leyfi til að gera sér og sínum grafreit á jörðinni, áskilja sér rétt til að kjósa sér blett í landi jarðarinnar, að stærð allt að 1000 ferstikur, til afnota í þessu skyni, og skal jarðeiganda skylt að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfinu fyrir grafreitnum um viðhald hans, og má, ef þess verður krafizt, veðsetja jörðina því til tryggingar.

V. Í hvert skipti, sem jörðin verður laus úr ábúð, eiga ættingjar síðasta ábúanda forgangsrétt að því að fá jörðina byggða fyrir öllum vandalausum, ef þeir óska þess og eru að áliti hreppsnefndar færir til þess. Skulu börn hans ganga fyrir, ef þeirra er kostur, en síðan aðrir ættingjar, fyrst þeir, er nánastir eru að frændsemi, og þá hinir næstu að frændsemi o. s. frv. Að öðru jöfnu skal karl ganga fyrir konu. Ef fleiri en einn jafnskyldir sækja um ábúðina, skal sá hljóta, sem líklegastur er til að sitja vel jörðina, enda skal þess vandlega gætt, að byggja hana þeim einum, sem vænta má að verði nýtur ábúandi, og sé á engum hæfum völ í allri ættinni, skal byggja jörðina vandalausum manni, og öðlast ættingjar hans síðan forgangsréttinn til ábúðarinnar o. s. frv.

VI. Þegar gefendur falla frá eða sleppa jörðinni úr ábúð sinni, skal ¼ hluti hins árlega afgjalds jarðarinnar upp frá því renna í sveitarsjóð Kirkjubæjarhrepps, en ¾ hlutum af hinu árlega afgjaldi jarðarinnar skal varið til að stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður ½ Þykkvabæjar í Landbroti. Sjóðnum setjum við eftirfarandi skipulagsskrá:

SKIPULAGSSKRÁ

Ræktunarsjóðs ½ Þykkvabæjar í Landbroti.

1. gr.

Þegar við Helgi Þórarinsson og Halla Einarsdóttir sleppum ábúð á ½ Þykkvabæ, skulu ¾ hlutar hins árlega afgjalds jarðarinnar settir á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands ár hvert, unz sjóðurinn með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 50 þúsund krónur. Vextir og vaxtavextir leggjast við höfuðstólinn, unz ársvextir nema 50 kr. Eftir það leggst ⅕ hluti ársvaxtanna við höfuðstólinn, en ⅘ koma til útborgunar. En er ársvextir nema 1000 kr., koma til útborgunar árlega ⁹⁄₁₀ hlutar þeirra, en ¹⁄₁₀ leggst við höfuðstólinn upp frá því.

2. gr.

Vöxtum sjóðsins, sem eigi leggjast við höfuðstólinn samkvæmt 1. gr., skal varið til þess að bæta og prýða jörðina ½ Þykkvabæ, sbr. þó niðurlag 3. gr. og 5. gr.

3. gr.

Þegar sá tími kemur, að vextir koma til útborgunar, skal greiða ábúanda jarðarinnar þann hluta þeirra, sem útborga má árlega, gegn vottorði úttektarmanna hreppsins, eða þess manns, sem mælir jarðabætur í hreppnum, um að hann hafi næsta ár á undan varið að minnsta kosti jafnmiklu fé jörðinni til umbóta og prýði, svo sem til þess að auka hið ræktaða land hennar, til húsabóta á henni, til skógræktar, til blómaræktar, til nauðsynlegs viðhalds á eldri mannvirkjum jarðarinnar o. s. frv. Verði hið áskilda verk eigi unnið eitthvert ár, skal fresta vaxtagreiðslunni fyrir það ár til næsta árs. Hafi ábúandi þá unnið áskilið verk tveggja ára, skal greiða honum vexti þá, sem frestað var að borga; ella leggjast þeir við höfuðstólinn.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir það miklir, að það, sem útborga má, nemur fullum 1000 kr., skal upp frá því eigi verja meiru en 1000 kr. árlega til umbóta og prýði jörðinni, á þann hátt, sem fyrr greinir, sbr. 5. gr. hér á eftir.

4. gr.

Ef til þess kemur, að jörðinni verði skipt sundur í 2 býli, eiga ákvæði 3. gr. við báða ábúendurna á þann hátt, að hreppsnefndin skiptir vöxtunum milli þeirra í réttu hlutfalli við framkvæmdir hvors um sig.

5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins, er til útborgunar koma, verða orðnir meiri en 1000 kr., skal verja því, sem umfram verður 1000 kr. árlega, til verðlauna handa bændum í Kirkjubæjarhreppi fyrir jarðabætur, húsabætur eða aðrar nytsamar búnaðarframkvæmdir á ábúðarjörðum þeirra. Á sama hátt skal verja ¾ hins árlega afgjalds jarðarinnar ½ Þykkvabæjar eftir að hætt er að setja það á vöxtu í Söfnunarsjóðinn samkvæmt ákvæðum 1. gr. Ábúandi (eða ábúendur) ½ Þykkvabæjar skal eiga jafnan rétt öðrum bændum sveitarinnar til verðlauna samkvæmt þessari grein fyrir endurbætur þær, er hann gerir á jörð sinni umfram þær, er hann fær endurgoldnar samkvæmt ákvæðum 3. gr. hér á undan.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps og skal hún senda sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu árlega reikning sjóðsins til úrskurðar, en sýslunefndin annast um, að reikningurinn verði birtur í Stjórnartíðindunum.

VII. Ef ágreiningur rís milli hreppsnefndar og ábúanda ½ Þykkvabæjar eða annarra, sem hluta eiga að máli, um réttan skilning á ákvæðum skipulagsskrárinnar, eða skilyrði þau, sem sett eru í gjafabréfi þessu, skal málið lagt undir úrskurð sýslunefndar, en úrskurði sýslunefndarinnar má síðan skjóta til stjórnarráðsins.

VIII. Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar eða óviðráðanlegra atvika, en gæta skal þess þá vandlega, að breytingin samrýmist, svo sem auðið er, tilgangi okkar með gjöfinni.

IX. Á framanrituðu gjafabréfi og skipulagsskrá skal leita staðfestingar konungs.

Til staðfestu rita gefendur nöfn sín undir skjal þetta í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Þykkvabæ, 15. desember 1913.

Helgi Þórarinsson.
Halla Einarsdóttir.

Vitundarvottar:

Lárus Helgason.
Elías Bjarnason.

Að athuguðu framanrituðu gjafabréfi, lýsir undirrituð hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps yfir því, að hún fyrir hönd hreppsins þiggur gjöfina með þeim skilmálum, sem skráðir eru í bréfinu.

Kirkjubæjarhreppi, 4. janúar 1914.

Lárus Helgason. Björn Runólfsson. Vigfús Jónsson.
Eiríkur Þorgeirsson. Auðunn Þórarinsson.

Fylgiskjal III.

Eins og hinni heiðruðu hreppsnefnd er kunnugt, gáfum við hjónin Helgi Þórarinsson og undirrituð Kirkjubæjarhreppi ½ jörðina Þykkvabæ í Landbroti með gjafabréfi, dags. 15. des. 1913. Tók hreppurinn við gjöfinni, sbr. yfirlýsingu dags. 4. jan 1914. Gjafabréfið, hlaut síðan konungsstaðfestingu 14. ágúst 1914 og er birt í B-deild Stjórnartíðindanna 28. okt. 1914, sbr. bls. 137.

Við hjónin bjuggum síðan á jörðinni, til þess er maðurinn minn dó 28/11 1915, en eftir það hef ég haft ábúðina þannig, að Þórarinn sonur minn hefur búið á jörðinni, með samþykki mínu og annarra hlutaðeigenda.

Nú er svo komið með heilsu hans, að hann getur ekki búið á jörðinni og ekkert barna minna né niðjar þeirra, en samkvæmt gjafabréfinu var það fyrst og fremst tilætlunin, að niðjar okkar hjóna hefðu ábúð á jörðinni.

Gjafabréfið ber og með sér, að það var miðað við allt aðrar ástæður en nú eru, og m. a. þannig frá því gengið, að hreppurinn getur aldrei haft neinn hag af jörðinni, þar sem skylt er að verja öllu afgjaldi henni til endurbóta, enda skal afgjaldið ákveðið í eitt skipti fyrir öll, og er því mjög lágt.

Nú hefur Þórarinn sonur minn, sem á jörðinni hefur búið, lagt mjög mikið í kostnað við endurbætur, m. a. á húsum, enda hefur og breytt landbúnaðarlöggjöf leitt til þess, að hýsingarskylda jarðeigenda er nú orðin þungur baggi á jarðeigendum, og því víst, að afgjald hrekkur ekki til þess að fullnægja henni.

Má því gera ráð fyrir, að Þórarinn eigi mjög verulegar kröfur í þessu sambandi.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið tekið fram og nánar væri hægt að rökstyðja, horfir þá málið þannig við, að vegna breyttra ástæðna næst ekki sá almenni tilgangur, sem ætlazt var til með gjöfinni, að þeim hlunnindum, sem okkur hjónum og niðjum okkar var ætlað að njóta, erum við af illri nauðsyn svipt, að hreppnum verður ekki gagn né hagur af gjöfinni, heldur þvert á móti einungis baggi og óþægindi, og loks eru réttmætar kröfur Þórarins, sem erfitt mun að fullnægja.

Að þannig vöxnu máli leyfi ég mér að fara þess á leit, að hreppurinn gefi eftir rétt sinn samkvæmt gjafabréfinu, eða semji um breytingar á því, þannig að þetta mál geti orðið leyst á viðunandi hátt.

Mundi sennilega hægt að fara þá leið, sem VII. gr. gjafabréfsins bendir til, en ef það tækist ekki, þá mundi VIII. gr. væntanlega koma til.

Þess skal getið, að ég hef samþykki allra niðja minna og nánustu frænda til þess, að framangreindar óskir mínar verði teknar til greina.

Reykjavík, 8. júlí 1946.

Virðingarfyllst,

Halla Einarsdóttir.

Til hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps.

Ed. 365. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Ekki má flytja út stóðhesta, tamdar kynbótahryssur né hross innan tveggja vetra aldurs, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda, nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

3. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðherra“ í 3. gr. laganna komi: Landbúnaðarráðherra.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarfélaga Íslands, reglugerð, sem kveður nánar á um framkvæmd laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ræktunar- og útflutningsfélag stóðbænda sendi landbúnaðarnefnd Ed. tillögur um breytingar á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa, með beiðni um, að nefndin flytti frv. um það efni. Landbúnaðarnefnd sendi erindið Búnaðarþingi til umsagnar.

Það frv., sem hér er flutt, er í öllum meginatriðum fellt að tillögum Búnaðarþings og Ræktunar- og útflutningsfélags stóðbænda, og eru þær prentaðar með sem fylgiskjöl.

Þetta frv. gerir ráð fyrir þessum breytingum frá gildandi lögum:

1. Lagt er til að Framleiðsluráð landbúnaðarins verði, ásamt Búnaðarfélagi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu til samráðs um útflutning hrossa og markaðsöflun fyrir þau erlendis. Það verður að teljast mjög eðlilegt, að Framleiðsluráð hafi afskipti af þessum málum, þar sem það hefur umsjón með allri verzlun með landbúnaðarafurðir á erlendum mörkuðum.
2. Þá er gert ráð fyrir, að útflutningshross skuli merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Þetta er nýmæli, en til þess sett að herða á um vöruvöndun á þessu

sviði, enda er það meginforsenda þess, að framtíðarmarkaðir vinnist erlendis, að gæðamat í einhverri mynd sé tekið upp, en það verður ekki gert án þess, að lögfestum merkingum verði komið á.

3. Samkvæmt eldri lögum er óheimilt að flytja hross á erlendan markað frá 1. okt.—1. júní, en þó eru heimildir til að bregða frá því ákvæði. Hér er gert ráð fyrir, að flutningar séu leyfðir á þessum tíma, en aðeins í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, frá 1. nóv. — 1. júní. Þykir það vera eðlilegt að leyfa slíkt, enda gert ráð fyrir því, að í reglugerð, sem sérfróðir menn fjalla um og semja, sé kveðið nánar á um allan öryggisútbúnað þessara flutningatækja.
4. Þótt útflutningsverzlun með hross hafi verið stunduð um nokkurt árabil, þá verður ekki sagt, að sú reynsla sé nú þegar fyrir hendi, sem réttlæti ýtarlega lagasetningu í öllum tilvikum. Því er gert ráð fyrir eins konar rammalöggjöf, svo sem lögin frá 1958 eru, en ýmis ákvæði sett í reglugerð. Í lögunum er ákveðið, hverjir skuli standa að samningu reglugerðarinnar, og talin fram ýmis atriði, sem sérstaklega skuli fjalla nánar um í reglugerðinni.

Frv. þetta er flutt af landbúnaðarnefnd Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fylgiskjal I.

Vík í Mýrdal, 15. 2. 1968.

Hér með er þess farið á leit, að háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis flytji eftirfarandi tillögur sem frumvarp til breytinga á lögum nr. 64 frá 26. nóvember 1958, um útflutning hrossa.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir þau erlendis.

2. gr.

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati yfirdýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri svo og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Á tímabilinu frá 1. desember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda, nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum.

Á tímabilinu 1. janúar — 1. marz skulu hross, sem flutt eru út, hafa verið fóðruð á heyfóðri í 2 vikur minnst fyrir útflutningsdag.

Á tímabilinu frá 1. marz til 1. júní skulu útflutningshross fóðruð óslitið á heyfóðri.

3. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ komi: landbúnaðarráðherra.

8. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ komi: landbúnaðarráðherra. Á eftir „Búnaðarfélags Íslands“ komi: Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Virðingarfyllst,

F. h. Ræktunar- og útflutningsfélags stóðbænda,

Einar Oddsson,
form.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Hr. formaður Steinþór Gestsson,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. marz 1968.

Með bréfi, dags 22. febr. 1968, sendi landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis Búnaðarþingi til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa, sem Ræktunar- og útflutningsfélag stóðbænda hafði samið og farið á leit, að landbúnaðarnefnd efri deildar flytti á Alþingi.

Erindi um sama efni barst Búnaðarþingi frá Gunnari Bjarnasyni, alifugla- og svínaræktarráðunaut.

Búnaðarþing 1968 afgreiddi bæði þessi mál með eftirfarandi ályktun og greinargerð.

Ályktun:

Búnaðarþing hefur fengið til meðferðar breytingartillögur við lög nr. 64 frá 26/11 1958, um útflutning á hrossum, sent Alþingi frá Ræktunar- og útflutningsfélagi stóðbænda.

Búnaðarþing getur fellt sig við þessar breytingar á lögunum um hrossaútflutning með eftirtöldum skilyrðum:

1. Á eftir 1. málsgrein 2. greinar komi: „Ekkert hross má þó flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn, enda séu útflutningshrossin merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki."
2. Nauðsynlegt er, ef þessar breytingar verða gerðar á lögunum, að endurskoða reglugerð við lögin um útflutning á hrossum, sérstaklega þó með tilliti til merkinga á útflutningshrossum. Búnaðarþing lítur svo á, að eitt meginskilyrði þess, að framtíðarmarkaður vinnist erlendis, sé vöruvöndun á þessu sviði, og telur því, að nauðsynlegt sé að taka upp gæðaflokkun í einhverri mynd. Komið gæti til greina að stofna nefnd hrossaræktarsambandanna, sem hefði umsjón útflutningsins með höndum að meira eða minna leyti.

Greinargerð:

Búnaðarþing lítur svo á, að skylt sé og sjálfsagt að haga lagasetningu og reglum, sem varða útflutning hrossa, á þann veg, að sem bezt sé greitt fyrir þessari verzlun, en þó tryggðir hagsmunir framleiðenda og kynbótastarfsins. Það virðist vera eðlilegt að rýmka verulega um þann tíma, sem flytja megi út hross til útlanda, og þess gætt, að hrossin séu í góðu standi og vandað til umbúnaðar þeirra í flutningunum að öðru leyti.

Þá eru taldir möguleikar á því, að fá megi tiltölulega hagkvæmt verð fyrir veturgömul trippi, ef þau eru sérstaklega valin úr folöldum, sem annars yrði slátrað, og þá þegar merkt til útflutnings. Verði slíkt tekið upp, er nauðsynlegt að taka upp vel skipulagðar merkingar á væntanlegum útflutningshrossum, til þess að tryggt verði, að útflutningur á svo ungum og ómótuðum hrossum verði ekki til þess að rýra eðlilega sölumöguleika eldri og reyndari hrossa.

Nauðsynlegt er, að sem öruggust forusta verði í kynbótastarfi hrossaræktarinnar í landinu og sem bezt tryggt, að jafnan haldist í hendur öruggt val kynbótagripa til viðhalds stofninum og vöruvöndun útflutningshrossa. Er því eðlilegt að kanna möguleika á því, að hve miklu leyti stjórnir hrossaræktarsambandanna ættu að hafa umsjón og úrskurð um útflutning á hrossum.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Ed. 366. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

C liður 4. gr. falli niður. D liður greinarinnar verði c liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka þau til framlags ríkissjóðs árið 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið að fella niður beint framlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs á því ári. Þetta var talið unnt með tilliti til þess, að með lögum nr. 58/1968 um stofnfjársjóð fiskiskipa var ákveðið að verja 124 millj. kr. úr ríkissjóði sem stofnfjárframlag til sjóðsins, en slíkt hefði að öðru óbreyttu átt að bæta mjög innheimtuaðstöðu Fiskveiðasjóðs og minnka fjárþörf sjóðsins að öðru leyti. Eins og kunnugt er, breyttust aðrar forsendur um afkomu sjávarútvegsins á árinu 1968 hins vegar mjög verulega, og hefur það leitt til þess að grípa hefur orðið til nýrra efnahagsráðstafana til að styrkja grundvöll sjávarútvegs. Liður í þeim ráðstöfunum er að efla fjárhag stofnfjársjóðs fiskiskipa, sbr. I. kafla laga nr. 79/1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Af þessum ástæðum og vegna annarra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til að skapa sjávarútvegi traustari afkomugrundvöll, var ákveðið að fella niður fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs Íslands í fjárlögum ársins 1969, og er þetta frumvarp lagt fram í samræmi við þá ráðstöfun.

Auk framangreindra ráðstafana til styrktar sjávarútvegi, sem óbeint koma Fiskveiðasjóði til góða, veldur gengisbreytingin verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Er talið, að miðað við útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969 muni tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi aukast um 16.5 millj. kr. á því ári frá því sem ella hefði orðið.

Lánveitingar sjóðsins hafa verið sem hér segir frá árinu 1965:

1968	372.5[1])	millj.	kr.
1967	231.5	—	—
1966	201.7	—	—
1965	157.5	—	—

Ed. 367. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:
I. kafli. — Um aflatryggingar.

2. gr.

2. töluliður 9. gr. orðist svo:
Framlag ríkissjóðs er fjórðungur á móti 1. lið.

1) Innifalið 124 m.kr. ríkissjóðsframlag vegna Stofnfjársjóðs fiskiskipa.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráðabirgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum, (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum sem hér segir:

a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 **brúttórúmlest** að stærð og stærri: 100 **krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 **brúttórúmlest** að stærð: 85 **krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórðungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarra laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Sjá skýringar við 3. gr.

Um 2. gr.

Gengisbreytingin í nóvember á s. l. ári veldur því, að tekjur aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi munu aukast um 26 millj. kr. á árinu 1969, og er þá lögð til grundvallar útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir það ár. Miðað við óbreytt ákvæði laga um sjóðinn, þar sem framlag ríkissjóðs er helmingur á móti útflutningsgjaldi, hefði framlag ríkissjóðs þurft að hækka um 20 millj. kr., bæði vegna krónuhækkunar útflutningsgjaldsins af völdum gengisbreytingarinnar, og hlutfallslegrar hækkunar framlagsins, en með lögum nr. 5/1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera þriðjungur á móti útflutningsgjaldi á því ári.

Í fjárlögum ársins 1969 er miðað við, að framlag ríkissjóðs verði óbreytt í krónum frá fjárlögum 1968, en það svarar því sem næst til þess, að mótframlag ríkissjóðs sé einn fjórði hluti útflutningsgjaldsins, eins og lagt er til með frumvarpi þessu. Með tilliti til áhrifa gengisbreytingarinnar á fjárhag sjóðsins svo og annarra ráðstafana, sem jafnframt hafa verið gerðar til að skapa sjávarútvegi traustan grund-

völl, ætti þörf aflatryggingasjóðs fyrir fjárframlög úr ríkissjóði raunar að minnka, enda þótt frumvarpið geri ekki ráð fyrir skerðingu framlags ríkissjóðs frá því sem var í fjárlögum 1968, eins og fyrr segir.

Samkvæmt lagafrumvarpi þessu yrði ráðstöfunarfé aflatryggingasjóðs 110 millj. kr. á árinu 1969. Má til samanburðar geta þess, að bætur sjóðsins vegna ársins 1965 voru 46 millj. kr., vegna 1966 50 millj. kr., vegna 1967 120 millj. kr. og greiddar höfðu verið 69 millj. kr. vegna ársins 1968 um s. l. áramót. Frá sjónarmiði aflatryggingasjóðs virðist spá Efnahagsstofnunarinnar um aflamagn á árinu 1969 nokkru hagstæðari en aflamagnið reyndist árið 1967, þegar bótagreiðslur sjóðsins urðu hvað mestar. Á þeim grundvelli má ályktа, að umræddar 110 m.kr., sem yrðu til ráðstöfunar árið 1969 samkvæmt framangreindum forsendum, ættu að nægja til þess að sjóðurinn geti starfað eftir óbreyttum reglum, þrátt fyrir þá lagabreytingu, sem frumvarpið felur í sér.

Um 3. gr.

Í samningum þeim, sem gerðir voru í febrúar s. l. milli sjómanna (undirmanna) á bátaflotanum og útvegsmanna, og í miðlunartillögum, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum þann 12. febrúar 1969 og lögfestar voru þann 18. febrúar 1969 fólst, fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, eftirfarandi:

„Samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum.

Aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, þannig, að til báta 151 brúttólest og stærri verði greiddar 100 krónur vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttólest að stærð verði þessi greiðsla 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins.

Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr Aflatryggingasjóði.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði hlutast ríkisstjórnin til um að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða þeirra, sem nú eru útflutningsgjaldskyldar."

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar samkomulagi þessu.

Fylgiskjal.

Bætur aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 1965—1968.

	1965	1966	1967	1968[1]
A. Vegna hvers árs:				
Almenn deild	18.4	25.6	67.1	37.0
Síldveiðideild	8.0	5.3	43.2	31.6
Togaradeild	20.0	19.1	10.1	—
Samtals	46.4	50.0	120.4	68.6
B. Greiðslur á hverju ári:				
Almenn deild	9.3	14.1	69.8	54.8
Síldveiðideild	5.0	2.9	31.1	49.1
Togaradeild	—	20.0	19.1	10.1
Samals	14.3[2])	37.0	120.0	114.0

1) Eftir er að taka ákvörðun um greiðslu til togaradeildar vegna 1968, svo og vegna síldveiða og línuveiða haustið 1968, og loks hefur endanlegt uppgjör vegna botnvörpuveiða haustið 1968 ekki farið fram.

2) Hér er um að ræða greiðslur á árinu 1965 vegna þess árs.

Nd. 368. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Gunnar Gíslason. Skúli Guðmundsson. Lúðvík Jósepsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 369. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Guðl. Gíslason. Gunnar Gíslason. Lúðvík Jósepsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 370. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. marz.)

1. gr.

Í stað orðanna „kostnaður af affermingu“ í 1. tölul. 216. gr. laganna komi: kostnaður af hafnsögu.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar til á árunum 1968 og 1969 vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 371. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum, en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frumvarp þetta kveður á um, að komið verði upp opinberri forustu í atvinnumálum af hálfu þjóðfélagsins í samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins. Enn fremur, að komið verði á heildarstjórn í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna.

Það er viðurkennt, að sú stjórn, sem hið opinbera þegar hefur á þessum málum, sé ekki svo vel samhæfð og skipulögð, að tryggt sé, að sú fjárfesting, sem mikilvægust er hverju sinni, sitji í fyrirrúmi fyrir öðrum. Skortir oft bæði fjármagn og vinnuafl til bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Frumvarpið um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun stefnir að því, að skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samráði við fulltrúa atvinnulífsins verði tekin upp. Virðist full þörf á, að mál þessi verði tekin föstum tökum. Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að frumvarp það, sem hér um ræðir, sé spor í rétta átt, og leggjum því til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. marz 1969.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm. Einar Ágústsson. Björn Jónsson.

Nd. 372. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 9 19. marz 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, var svo fyrir mælt að fresta skyldi að framkvæma ákvæði 11. gr. laga nr. 52 1957, um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt var bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili. Að athuguðu máli þykir rétt að fresta framkvæmd ákvæða 11. gr. téðra laga um önnur fimm ár og banna jafnframt að eitra fyrir refi og minka á sama tímabili. Þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Nd. 373. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar einhver auminginn
ekki borgar skattinn sinn,
hnappagylltur, harðsækinn,
honum ógnar fógetinn.
Allir verða að leggja fé í landssjóðinn.
Þangað streymir þitt og mitt,
og þá eiga skáld að borga sitt.

Úr prestakalli Prímusar
piltar róa á saltan mar.
veiða fisk og greiða skatta og skuldirnar.
Og heiðurskonan Hnallþóra
hefur goldið skattana.
Enn er hún traust, þó annað fari í hundana.

Söfnum fé, því enn þá er
ýmislegt, sem vantar hér.
Skólahúsin hér og þar,
og heilsuverndarstöðvarnar.
Til að líkna og lækna mein,
hjá litlum pilti og silkirein,
sækjum ögn af dönsku gulli í Gljúfrastein.

Hollráð er við höndina.
Hér er
d a g s k r á r t i l l a g a :

Verum ekki að toga þetta til og frá.
Tökum fyrir **næsta mál á dagsins skrá.**

Alþingi, 19. marz 1969.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 374. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum og mælir með því, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 4. gr. orðist svo:
Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:
Forsætisráðuneyti,
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti,

Félagsmálaráðuneyti,
Fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,
Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
Iðnaðarráðuneyti,
Landbúnaðarráðuneyti,
Menntaráðuneyti,
Samgönguráðuneyti,
Sjávarútvegsráðuneyti,
Utanríkisráðuneyti og
Viðskiptaráðuneyti.

2. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo:
Ráðuneytisstjórar og Hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. marz 1969.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Jónas Jónsson.	Jónas Pétursson.	Steingrímur Pálsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 375. Frumvarp til laga [190. mál]

um Norðvesturlandsvirkjun.

Flm.: Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin og sveitarfélög Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, ásamt Sauðárkrókskaupstað, setja á stofn sameignarfyrirtæki um raforkuvinnslu og flutning raforku, er nefnist Norðvesturlandsvirkjun.

Hvor aðili um sig á helming fyrirtækisins, er skal starfrækt sem sjálfstætt fyrirtæki, með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er Sauðárkrókur.

Eigendur eru hvor um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

2. gr.

Tilgangur Norðvesturlandsvirkjunar er:

1. að byggja og reka virki til framleiðslu og flutnings raforku til almenningsnota og iðnaðar;
2. að selja í heildsölu raforku til héraðsrafmagnsveitna;
3. að annast áætlanir og undirbúning nýrra virkja til vinnslu og flutnings raforku;
4. að annast í umboði sveitarfélaga og ríkisins rekstur héraðsveitna, um lengri eða skemmri tíma, samkvæmt samningum við viðkomandi eigendur.

3. gr.

Norðvesturlandsvirkjun tekur við orkuvinnslu og aðalorkuveitum í eign rafmagnsveitna ríkisins á Norðurlandi vestra ásamt áhvílandi skuldum, rekstri þeirra, réttindum og skyldum.

Eignir Norðvesturlandsvirkjunar eru: Gönguskarðsárvirkjun ásamt eldsneytisaflstöð þar, svo og Laxárvatnsvirkjun með eldsneytisstöð. Einnig aðalorkuveita milli fyrrgreindra virkjana.

4. gr.

Þegar lög þessi ganga í gildi, eiga sveitarfélögin rétt til þess að gerast eigandi að helmingi Norðvesturlandsvirkjunar og kaupa þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrirtækið á.

Kaupverð mannvirkja skal, ef samkomulag næst ekki, ákveðast með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Kaupverðið mega sveitarfélögin inna af hendi með því að taka að sér greiðslur á tilsvarandi hluta lána og annarra skuldbindinga fyrirtækisins.

5. gr.

Norðvesturlandsvirkjun er heimilt að leggja aðalorkuveitur til tengingar við önnur orkuveitusvæði ein sér eða í samvinnu við aðra og gera gagnkvæma samninga um raforkusölu við önnur virkjanafyrirtæki.

Verkefni og orkuveitusvæði Norðvesturlandsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

6. gr.

Norðvesturlandsvirkjun er heimilt að reisa allt að 6 MW orkuver í Svartá í Skagafirði, eða í öðru fallvatni á orkuveitusvæðinu, ásamt aðalorkuveitu til tengingar, við orkuverin, sem fyrir eru.

7. gr.

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Norðvesturlandsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Norðvesturlandsvirkjun senda ráðherra uppdrætti af mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt breytinga á fyrirhuguðum mannvirkjum, sem nauðsynlegar kunna að teljast vegna almannahagsmuna.

8. gr.

Stjórn Norðvesturlandsvirkjunar skal skipuð fimm mönnum. Ríkisstjórnin skipar tvo menn og sveitarfélögin tvo, en eignaraðilar skipa sameiginlega fimmta mann, sem skal vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamanns, skal hann skipaður af hæstarétti. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár. Stjórn Norðvesturlandsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Norðvesturlandsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Stjórn Norðvesturlandsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga fyrirtækisins. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki sinn endurskoðandann hvor til þess að endurskoða reikningana.

9. gr.

Stjórn Norðvesturlandsvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra, hvors um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar á ári, að meðaltali á hverju fimm ára tímabili, fara ekki fram úr einum tíunda af árlegri heildarsölu virkjunarinnar.

10. gr.

Stjórn Norðvesturlandsvirkjunar ákveður, að fenginni umsögn Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Norðvesturlandsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverð

við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Norðvesturlandsvirkjun til höfuðstól allt að 5 millj. króna gegn jöfnu framlagi sveitarfélaganna. Af höfuðstól þessum greiðir Norðvesturlandsvirkjun eignaraðilum arð frá fimmta rekstrarári að telja, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að ákveða að lána Norðvesturlandsvirkjun 15 millj. krónur með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

12. gr.

Við framkvæmdir Norðvesturlandsvirkjunar, sbr. 5. og 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum.

Niðurfelling gjalda samkv. 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldabréfum lán, er Norðvesturlandsvirkjun tekur, allt að 55 millj. kr. eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar samkv. 1. málsgr., og endurlána Norðvesturlandsvirkjun með þeim kjörum og gegn þeim tryggingum, sem hún ákveður.

14. gr.

Norðvesturlandsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga.

Þó skal Norðvesturlandsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Norðvesturlandsvirkjunar samkv. lagafyrirmælum.

15. gr.

Mál, er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Norðvesturlandsvirkjun, falla undir ráðherra þann, er fer með raforkumál.

Stjórn Norðvesturlandsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaaðila reglugerð um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá, er fer með raforkumál.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. des. 1969. Reglugerð fyrir Norðvesturlandsvirkjun skal sett, ekki síðar en er nýtt orkuver eða orkuveita tekur til starfa, og tekur Norðvesturlandsvirkjun þá við rekstri orkuvera þeirra og orkuflutningsvirkja, sem talin eru í 3. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna eindreginnar áskorunar Raforkumálanefndar Norðvesturlands. Á fundi nefndarinnar, sem haldinn var á Blönduósi 2. marz s. l., var samþykkt svofelld ályktun:

„Raforkumálanefnd Norðurlands vestra, sem skipuð er fulltrúum frá sýslunefndum Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ásamt Sauðárkrókskaupstað, skorar á þing-

menn kjördæmisins að flytja á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um stofnun sameignarfélags fyrrgreindra aðila, ásamt ríkisstjórninni, er hafi þann tilgang að sjá um orkuöflun og orkuflutning á Norðvesturlandi.“

Ályktun þessi var samþykkt samhljóða með nafnakalli af níu nefndarmönnum, en einn fulltrúi í nefndinni kom því ekki við að sitja fundinn. Í nefnd þessari eiga sæti: Frá Sauðárkrókskaupstað Birgir Dýrfjörð, Björn Daníelsson og Helgi Rafn Traustason, frá Skagafjarðarsýslu Bjarni Halldórsson og Björn Egilsson, frá Húnavatnssýslum Aðalbjörn Benediktsson, Guðjón Jósefsson, Jón Ísberg, Jón Tryggvason og Sigursteinn Guðmundsson. Formaður nefndarinnar er Jón Ísberg sýslumaður.

Áhugi heimamanna á aukinni raforkuöflun í þessum landshluta er ekki nýtilkominn. Árið 1961 lét rafveitunefnd Sauðárkróks undirbúa áætlun um virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði. Var áætlunin lögð fram í marz 1962. Niðurstöður þeirrar áætlunar endurvöktu áhuga manna í Skagafirði á virkjun Svartár, en langt er síðan farið var að ræða um virkjun Reykjafoss, og voru athuganir og áætlun gerð 1920. Áætlun um orkudreifingu um stóran hluta Skagafjarðar ásamt virkjun Reykjafoss var gerð 1930. Um það leyti hófust vatnsmælingar í Svartá og hafa verið samfelldar síðan. Mælingar í Svartá munu vera lengstu samfelldu vatnsrennslismælingar í vatnsfalli hérlendis að Elliðaánum við Reykjavík undanskildum. Mælingar þessar hafa leitt í ljós, að um mikið jafnrennsli er að ræða í Svartá.

Árið 1963 kaus sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fimm manna rafveitunefnd til þess að vinna með rafveitunefnd Sauðárkróks að virkjun Svartár. Tveir nefndarmanna ásamt þrem mönnum frá Sauðárkróki voru kjörnir í framkvæmdastjórn til þess að vinna að virkjuninni, og var formaður hennar Jón Sigurðsson, fyrrv. alþm. á Reynistað. Framkvæmdastjórn þessi starfaði þar til Raforkunefnd Norðvesturlands var kosin seint á s. l. ári, en þá hafði tekizt samstarf milli sýslunefnda Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna um athuganir á því, að héruðin tækju við raforkuöflun og dreifingu orkunnar í þessum byggðarlögum.

Á sýslufundi Skagafjarðarsýslu 26. október 1968 var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Sýslufundur Skagfirðinga lýsir yfir þeirri skoðun sinni í rafmagnsmálum Norðurlandskjördæmis vestra, að sveitarfélögin þar taki í sínar hendur orkuöflun og dreifingu orkunnar.

Telur sýslunefnd rétt, að Skagfirðingar og Húnvetningar myndi sameignarfélag um orkuöflun og sjái um dreifingu.

Kjósi fyrrnefndir aðilar ásamt bæjarstjórn Sauðárkróks sameiginlega nefnd, er vinni að málinu ásamt þingmönnum kjördæmisins.“

Á sameiginlegum aukafundi sýslunefndar Austur-Húnavatns- og Vestur-Húnavatnssýslna þann 7. des. 1968 var lögð fram og samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Sameiginlegur fundur Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu samþykkir að kjósa 2 menn úr hvorri sýslu, auk oddvita sýslunefndar, í raforkumálanefnd, sem í samráði við Skagfirðinga kanni, hvaða leiðir muni færar til þess að auka raforku á veitusvæði Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, svo og að kanna möguleika á, að héruðin sjálf taki dreifingu í sínar hendur.“

Á síðasta fundi Raforkumálanefndar Norðvesturlands, sem haldinn var, sem fyrr getur, 2. marz s. l., var boðið rafveitustjóra og rafveitunefndarformanni Siglufjarðar. Komu þeir á fundinn og skýrðu viðhorf Siglufjarðar, og einnig skýrðu þeir frá áætlun um virkjun Fljótaár, neðan núverandi Skeiðsfossvirkjunar. Athugunin var gerð 1962 og áætlun 1963 á vegum Raforkumálaskrifstofunnar. Er þarna um góða möguleika að ræða til aukningar á vatnsorku fyrir núverandi orkuveitusvæði Skeiðsfossvirkjunar, en hagkvæmni samtengingar við Norðvesturlandssvæðið hefur ekki verið könnuð. Línulengd til Sauðárkróks er um 75 km. Með endurbótum og samtengingu á dreifilínum frá Skeiðsfossi um Haganesvík til Sléttuhlíðar og frá Gönguskarðsá um Hofsós til Sléttuhlíðar er hægt að flytja um 500 KW til Gönguskarðsársvæðisins. Rætt var um þátttöku Siglufjarðarkaupstaðar í virkjanafyrirtæki með

sýslunum og Sauðárkróki, en Siglfirðingar þeir, sem sátu fundinn, höfðu ekkert umboð til þess að taka þar um ákvörðun. Engin ástæða er til þess að ætla, að til hagsmunaárekstra milli þessara aðila þurfi að koma. Hins vegar eru öll skilyrði til þess, að góð samvinna geti tekizt á milli Skeiðsfossvirkjunar og væntanlegrar Norðvesturlandsvirkjunar.

Þá skal á það minnt, að í júní 1966 skipaði raforkumálaráðherra 10 manna nefnd til þess að athuga raforkumál Norður- og Austurlands. Af hálfu Norðurlands vestra áttu sæti í nefndinni sýslumennirnir Jóhann Salberg Guðmundsson og Jón Ísberg. Fyrir þessa nefnd var lögð í júlí 1967 endurskoðuð áætlun um virkjun Svartár. Álit og niðurstöður þessarar nefndar munu ekki hafa verið samhljóða. Eftir því, sem bezt er vitað, lagði helmingur nefndarmanna til, að Laxá í Þingeyjarsýslu yrði virkjuð og línur lagðar austur á land og vestur í Skagafjörð, en hinn helmingurinn taldi, að virkja bæri Lagarfoss fyrir Austurland og athuga nánar virkjun Svartár fyrir Norðvesturland.

Það er margra skoðun, að með því fyrirkomulagi í orkuvinnslu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, sé stefnt í rétta átt, þ. e. að byggðarlögin sjálf eigi sem mestan hlut í orkuverunum og beri sem ríkasta ábyrgð á stjórn þeirra og rekstri og öllu því, sem framkvæmdir varðar, og njóti þá líka þess afraksturs, sem hagkvæmar vatnsvirkjanir gefa.

Frv. er flutt í samráði við hv. 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra og hv. 3. landskj. þm. Þeir eiga báðir sæti í Ed., og gátu því ekki verið meðflutningsmenn að frv.

Skýringar og athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein frumvarpsins eru ákvæði um, að ríkisstjórnin stofni með sýslufélögum Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna og Sauðárkrókskaupstað sameignarfyrirtæki, sem taki við og annist raforkuvinnslu og flutning á Norðvesturlandi, eins og nánar er skýrt í greininni.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin selji sveitarfélögunum helming eigna ríkisins í orkuverum og orkuflutningsveitum á svæðinu.

Gert er ráð fyrir, að öll stjórn fyrirtækisins færist heim í hérað, en heimili þess og varnarþing verði á Sauðárkróki.

Um 2. gr.

Fyrsti og annar liður skýra sig sjálfir.

Í þriðja lið er gert ráð fyrir, að fyrirtækið annist áætlanir og undirbúning nýrra virkja til vinnslu og flutnings raforku. Að sjálfsögðu getur fyrirtæki af þessari stærð ekki haldið starfslið til þess að vinna alla þætti slíkra undirbúningsstarfa. En þýðingarmikið er að hafa í héraði mann eða menn, sem hafa á hendi stjórn á áætlunum um gerð þessara mannvirkja, þó að þeir vinni þær ekki að öllu sjálfir. Má ætla, að með því sé tryggt, að undirbúningur og gerð mannvirkja sé betur felld að aðstæðum, fjárhagslega og tæknilega, en verkefnið falli ekki í skugga stærri viðfangsefna á fjarlægum könnunarstað, svo að lausn þess líði fyrir.

Má í þessu sambandi minna á þróun áætlana um virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu undir stjórn heimamanna og einnig áætlun um Lagarfossvirkjun á Héraði.

Í fjórða lið greinarinnar er fyrirtækinu heimilað að annast í umboði sveitarfélaga og ríkisins rekstur héraðsveitna. Sýslunefndir Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna hafa gert samþykktir um athugun á yfirtöku héraðsveitna, sjá fyrr í grg. Í orkulögum er gert ráð fyrir forgangsrétti sveitarfélaga til einkaréttar á rekstri rafveitu í eigin umdæmi. Er með þessu verið að stuðla að hagkvæmum rekstri héraðsveitnanna undir einni stjórn, þó að sveitarfélögin haldi rétti sínum og eignum. Má hér benda á samvinnu sveitarfélaga á Suðvesturlandi um rafveiturekstur, en rafveitur Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur og Selfoss reka rafveitur fyrir

sveitarfélög í nágrenni sínu. Fyrirtækið gæti þá einnig tekið að sér rekstur veitu, sem væri í eigu ríkisins, ef hagkvæmt þykir.

Um 3.—4. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 5. gr.

Samkvæmt athugunum orkumálastjóra er hagkvæmt að tengja Norðvesturland við Laxárvirkjun í Þingeyjarsýslu með línu frá Akureyri til Sauðárkróks, ef hagstæð kjör fást um orkukaup frá Laxárvirkjun. Þarf verðið að vera lægra en söluverð til Rafveitu Akureyrar og annarra héraðsveitna á Laxársvæðinu. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að virkja Fljótaá í samvinnu við Siglufjörð eða kaupa orku frá virkjun þar og leggja línu frá Skeiðsfossi til Sauðárkróks. Sá möguleiki hefur ekki verið kannaður.

En með þessari grein og 6. gr. er heimilað að velja þá lausn orkuöflunar, sem forráðamenn Norðvesturlandsvirkjunar, ásamt þeim aðilum, sem um þau mál fjalla af hálfu stjórnvalda, telja henta.

Enn fremur heimilar þessi grein, að orkuflutningskerfi Norðvesturlandsvirkjunar verði tengt öðrum kerfum, eftir því sem hagkvæmt er.

Um 6. gr.

Norðvesturlandsvirkjun er í greininni heimilað að reisa allt að 6 MW orkuver í Svartá í Skagafirði eða öðru fallvatni í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Orkulög gera ráð fyrir, að leyfi Alþingis þurfi til virkjunar, sem stærri er en 2000 KW (eða 2 MW).

Auk athugana á virkjun Svartár, sem Rafveita Sauðárkróks hóf 1961, lét raforkumálastjóri 1962 kanna aðstæður til virkjunar Víðidalsár og Fljótaár. Virðast báðar virkjanirnar vera óhagstæðari en Svartá.

Áætlanir þær, sem Rafveita Sauðárkróks lét gera, sýna, að með þeim aðferðum, sem nú tíðkast, og miðað við orkuflutningskerfið, sem komið er í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, er hæfileg vélastærð í virkjun við Reykjafoss talin um 4 MW (4000 KW), og verður þá orkuvinnslugetan um 18 GWh á ári (18 milljón KW-stunda).

Virkjunin er vel í sveit sett með tilliti til orkuflutnings og dreifingar. Aðalorkuveita um Norðurland í framtíðinni mun að líkindum liggja um Öxnadalsheiði og Vatnsskarð. Er þá Reykjafossvirkjun vel sett sem tengistöð við þá veitu. Línan, sem áætluð er frá Svartárvirkjun, getur flutt um 9 MW til Sauðárkróks. Dreifilínur í sveitina, sem tengdar yrðu virkjuninni, geta tekið 2—3 MW. Frá virkjunarstað er því hægt að dreifa 10—12 MW.

Um 7.—10. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 11.—13. gr.

Fullnaðaráætlun hefur ekki verið gerð um Svartárvirkjun, en af þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, er ljóst, að miðað við verðlag í ársbyrjun 1969 er kostnaður við virkjunina og aðalorkuveitu til Sauðárkróks án aðflutningsgjalda og söluskatts undir 80 millj. króna. Í 11.—13. gr. frumvarpsins er heimilað að afla fjár, er nemur þeirri upphæð, svo og að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

Um 14.—17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 376. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið heilan áratug að skapast. Upphaflega var það samið af þriggja manna nefnd, sem skipuð var 1958. Frá henni fór það til landbúnaðarráðherra 1962 og frá honum til Búnaðarþings. Því næst var það sent öllum sýslunefndum og bæjarstjórnum. Og með umsagnir sveitarstjórnanna í höndum gerði Búnaðarþing svo við það margháttaðar breytingar.

Fyrir Alþingi kom frv. í byrjun þings í haust og þá sem stjórnarfrumvarp. Landbúnaðarnefnd hefur rætt það á mörgum fundum og sent það Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og Búnaðarþingi. Frá báðum komu breytingartillögur.

Þó að merkilegt sé, höfum við á þessu sviði athafnanna stuðzt að mestu við Jónsbók og Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar frá 1294 fram á þennan dag. Þar er ekki orðaflóðinu fyrir að fara, en öll fyrirmæli hnitmiðuð og frábærlega skýr, svo langt sem þau ná, t. d. að eitt mark skuli hver hafa á fénaði sínum og hafa einkennt áður en 8 vikur eru af sumri. Og: „Eigi skulu réttir vera fyrr en VI vikur lifa sumars.“ „Svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið, bæði hið efra og hið ytra.“ Eða: „Hver maður, er sauði á, skal ganga eitt sinn á fjall, og um landareign sína hvert sinn er lögrétt skal vera.“ Á þessa leið voru þau boðorð aðallega, er hreppstjórum bar að binda sig við öldum saman. Þar drukkna ekki aðalatriðin í flóði marklítilla orða. Að öðru leyti voru þeir mjög einvaldir í sínum ríkjum, sem ýmist voru smærri eða stærri eftir staðháttum.

Um 1872 kom svo tilskipun um, að gera skyldi fjallskilasamþykktir í sýslunum og kveða nánar á um ýmiss konar smærri atriði fjallskilanna. Og 1890 komu lög um, að amtsráð yrði að staðfesta þessar reglugerðir til að tryggja, að þær væru ekki í ósamræmi við hin fornu lög.

Í athugasemdum við frumvarp þetta segir, að lögunum sé ætlað að verða umgerð, „sem fjallskilasamþykktir hinna ýmsu lögsagnarumdæma fylli úti í.“ Það er vel ráðið. Staðhættir eru breytilegir og venjur víða orðnar næstum því að hefð og geta gefizt vel á einum stað, þótt staðhættir leyfi naumast á öðrum.

Nefndin flytur fáeinar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali, m. a. að niður falli þrjár greinar, er hún telur óþarfar.

Þriðji kafli frv. er ekki nýr. Lög um ítölu frá 1959 eru tekin inn lítið eitt breytt.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með þessu frv., án þess þó að einstakir nefndarmenn skuldbindi sig að fylgja öllum brtt. n. né hafna öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. marz 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Stefán Valgeirsson.	Benedikt Gröndal.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 377. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til laga um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 7. gr. Í 2. mgr. falli burt orðin „Fyrir afréttarnotkun“ o. s. frv. til loka greinarinnar.

2. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:
Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að í slíkt afréttarland megi eigi taka búpening til sumargöngu af utanhreppsmönnum, sem eigi hafa þar upprekstrarrétt, nema með samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur.
3. Við 15. gr. Greinin falli burt, og verður þá næsta gr. 15. gr. o. s. frv.
4. Við 19. gr. Greinin falli burt, og breytist töluröð greinanna samkv. því.
5. Við 24. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.
6. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afrétt þann nota, er ágangspeningur kom frá. Heimilt er þó í fjallskilasamþykkt að ákveða að nokkru aðra skipan á skiptingu þessa kostnaðar. Sama gildir um kostnað við búfé, sem stendur við afréttargirðingar.
7. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði um vorsmölun heimalanda og afrétta.
8. Við 37. gr. Greinin orðist svo:
Öllum, sem búfé hafa undir höndum, sem fjallskilaskylt er, ber að taka þátt í göngum og hreinsun heimalanda samkvæmt fyrirmælum þessara laga og eftir því og á þann hátt, er sveitarstjórn mælir fyrir um á hverjum stað. Húsbændur skulu inna af höndum fjallskil fyrir heimamenn sína, nema sveitarstjórn leggi þau á þá sérstaklega.
9. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það samkv. 8. gr. eða vegna búfjárveikivarna.
Í fjallskilasamþykkt skal ákveða nánar, hvað skuli vera aðalleitir, er ákvæði þessi taka til.
10. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
Sveitarstjórn eða umboðsmaður hennar (fjallskilastjóri) skipar fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar leitir samkv. fjallskilasamþykkt, sbr. 35. og 37. gr. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað, sem gengur í öruggum girðingum eða á eyjum.
Í fjallskilasamþykkt má ákveða, að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.
11. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarbeitarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt.
12. Við 42. gr. Niður falli í 2. mgr. orðin „Er fjallskilaskyldum aðilum skylt að tilkynna stjórn fjallskiladeildar“ o. s. frv. til loka greinarinnar.
13. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
Sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa, greiðist úr sveitarsjóði.

14. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði, er tryggja eins vel og verða má, að göngur fari fram samtímis í löndum, er saman liggja og ekki eru aðgreind frá öðrum með girðingum, vötnum eða fjallgörðum.
Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafið hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur, eftir því sem hæfilegt þykir miðað við gangnakostnað og usla í högum. Rétt er, að um þetta séu nánari ákvæði í fjallskilasamþykkt.
15. Við 47. gr. Greinin orðist svo:
Sýslunefnd ákveður í fjallskilasamþykkt, hvar aðalréttir og aukaréttir skuli vera í fjallskilaumdæmi, að fengnum tillögum sveitarstjórna. Þar skal og tiltekið á sama hátt, hvaða leitarsvæði skuli gengin til hverrar réttar og hvaða daga göngur skuli gerðar á hverjum stað. Gangnadögum má þó breyta fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar, enda sé þess gætt, ef göngum er flýtt eða frestað, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja.
16. Við 50. gr. Fyrir orðin: „sbr. 41. gr.“ komi: sbr. 41. og 45. gr.
17. Við 55. gr. Greinin orðist svo:
Í fjallskilasamþykkt má heimila sveitarstjórn að láta lóga fé á hausti, er finnst í öræfaleitum.
18. Við 56. gr. Greinin orðist svo:
Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálft verð hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður, þar sem björgunartilraun var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.
19. Við 59. gr. Fyrir „nóvemberlok“ komi: árslok.
20. Við 63. gr. Aftan við greinina bætist:
Um hrossamörk og skil á hrossum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sérákvæði í fjallskilasamþykkt.
21. Við 67. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinazt um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta.
22. Við 68. gr. Burt falli niðurlag greinarinnar: „Verði ágreiningur um mark“ o. s. frv. til loka greinarinnar.
23. Við 69. gr. Greinin falli burt, og breytist þá enn töluröð greina til samræmis við það. Einnig breytast að sjálfsögðu tilvitnanir í gr., ef greinum fækkar eins og lagt er til.

Nd. 378. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frv. gerir ráð fyrir, að hin svokölluðu Sonningsverðlaun, sem Halldóri Laxness voru veitt snemma á þessu ári, skuli undanþegin tekjuskatti og útsvari. Á þetta getum

við undirritaðir ekki fallizt, og liggja til þess tvær ástæður. Í fyrsta lagi liggur það fyrir, að í Danmörku, þar sem verðlaun þessi eru veitt, eru þau skattskyld eftir þeim reglum, sem þar gilda, séu þau veitt þarlendum aðila, og teljum við engin eðlileg rök fyrir, að þau séu frekar undanþegin skatti og útsvari hér á landi en þar. Í öðru lagi teljum við ekki, að heiður Halldórs Laxness sé í neinu skertur, nema síður sé, þó að hann greiði lögboðna skatta af umræddum verðlaunum eftir sömu reglum og öðrum þjóðfélagsþegnum ber að greiða skatta af tekjum sínum, hvort heldur þeirra er aflað með hörðum höndum eða á annan hátt.

Leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. marz 1969.

Guðl. Gíslason, frsm. Gunnar Gíslason.

Sþ. 379. Þingsályktun [88. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Sþ. 19. marz.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi, sem gerður var í London 1. júní 1967.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM REGLUR UM FISKVEIÐAR Í NORÐUR-ATLANTSHAFI

Ríkisstjórnir Belgíu, Kanada, Danmerkur, Lýðveldisins Frakklands, Sambandslýðveldisins Þýzkalands, Íslands, Írlands, Ítalíu, Luxembourg, Hollands, Noregs, Alþýðulýðveldisins Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar, Bandaríkja Ameríku, Sovétríkjanna og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,

sem æskja að tryggja góða reglu og háttu á fiskimiðum Norður-Atlantshafs,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningur þessi tekur til Atlantshafs og Norður-Íshafs og tengdra hafsvæða, svo sem nánar er skilgreint í Viðauka I við samning þennan.

CONVENTION ON CONDUCT OF FISHING OPERATIONS IN THE NORTH-ATLANTIC

The Governments of Belgium, Canada, Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, Iceland, Ireland, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Norway, the Polish People's Republic, Portugal, Spain, Sweden, the United States of America, the Union of Soviet Socialist Republics, and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

Desiring to ensure good order and conduct on the fishing grounds in the North Atlantic area;

Have agreed as follows:

Article 1

(1) The present Convention applies to the waters of the Atlantic and Arctic Oceans and their dependent seas which are more specifically defined in Annex I to this Convention.

2. Í samningi þessum merkir

„fiskiskip“ hvert það skip, sem stundar fiskveiðar.

„Skip“ merkir sérhvert fiskiskip og skip, sem notað er til fiskvinnslu eða annast vistaútvegun eða þjónustu við fiskiskip.

2. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal talið hafa nokkur áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir nokkurs samningsríkis að því er varðar mörk landhelgi þess, fiskveiðitakmörk eða lögsögu strandríkis yfir fiskveiðum.

3. gr.

1. Fiskiskip hvers samningsríkis skulu skrásett og auðkennd samkvæmt reglum þess ríkis til þess að tryggja kennsl þeirra á hafi úti.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld hvers samningsríkis skulu ákvarða einn eða fleiri bókstafi og töluröð fyrir hverja höfn eða umdæmi.

3. Hvert samningsríki skal gera skrá um þessi auðkenni.

4. Sú skrá, og allar breytingar, sem síðar kunna að verða gerðar á henni, skal tilkynnt hinum samningsríkjunum.

5. Ákvæði Viðauka II við samning þennan skulu gilda um fiskiskip, báta þeirra og veiðarfæri.

4. gr.

1. Auk þess að fara eftir reglunum um merki, svo sem fyrir er mælt í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, skulu fiskiskip hvers samningsríkis lúta ákvæðum Viðauka III við samning þennan.

2. Engin önnur viðbótarljós- eða hljóðmerki en Viðaukinn mælir fyrir um skulu notuð.

5. gr.

Net, línur og önnur veiðarfæri, er liggja við festar í sjó, og net eða línur á reki í sjó, skulu merkt í því skyni að sýna legu þeirra og umfang. Merkin skulu

(2) In this Convention

"fishing vessel" means any vessel engaged in the business of catching fish;

"vessel" means any fishing vessel and any vessel engaged in the business of processing fish or providing supplies or services to fishing vessels.

Article 2

Nothing in this Convention shall be deemed to affect the rights, claims or views of any Contracting Party in regard to the limits of territorial waters or national fishery limits, or of the jurisdiction of a coastal State over fisheries.

Article 3

(1) The fishing vessels of each Contracting Party shall be registered and marked in accordance with the regulations of that Party in order to ensure their identification at sea.

(2) The competent authority of each Contracting Party shall specify one or more letters and a series of numbers for each port or district.

(3) Each Contracting Party shall draw up a list showing these letters.

(4) This list, and all modifications which may subsequently be made in it, shall be notified to the other Contracting Parties.

(5) The provisions of Annex II to this Convention shall apply to fishing vessels and their small boats and fishing implements.

Article 4

(1) In addition to complying with the rules relating to signals as prescribed in the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, the fishing vessels of each Contracting Party shall comply with the provisions of Annex III to this Convention.

(2) No other additional light and sound signals than those provided in the Annex shall be used.

Article 5

Nets, lines and other gear anchored in the sea and nets or lines which drift in the sea shall be marked in order to indicate their position and extent. The mark-

vera í samræmi við ákvæðin í Viðauka IV við samning þennan.

6. gr.

1. Í samræmi við alþjóðasiglingareglurnar (alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó) skulu öll skip haga aðgerðum sínum svo, að ekki komi í bága við athafnir fiskiskipa eða meðferð veiðarfæra, og lúta ákvæðum Viðauka V við samning þennan.

2. Til þess að auðvelda framkvæmd þessara reglna, geta hlutaðeigandi stjórnvöld samningsríkja að vild sinni tilkynnt hlutaðeigandi stjórnvöldum annarra samningsríkja, sem líklegt er, að málið varði, staðsetningu eða sennilegan stað flota fiskiskipa eða veiðarfæra, sem þeim er kunnur, og samningsríki, sem slíka tilkynningu fá, skulu gera þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að tilkynna skipum sínum um það. Þeir eftirlitsmenn, sem tilnefndir verða samkv. 9. gr. samnings þessa, geta einnig vakið athygli skipa á veiðarfærum, sem í sjó liggja.

7. gr.

1. Um sérhvern ágreining, sem rís milli þegna hinna ýmsu samningsríkja um skemmd veiðarfæri eða skemmdir á skipum vegna flækju á veiðarfærum, gildir eftirfarandi, sé ekki samkomulag milli samningsríkjanna um lausn slíks ágreinings:

Eftir ósk samningsríkis þess aðila, sem kröfu hefur uppi, skipa þau samningsríki, sem málið varðar, rannsóknarnefnd eða annað rétt yfirvald til að fjalla um kröfuna. Þessar nefndir eða yfirvöld kanna málavexti og leitast við að ná lausn.

2. Þessar ráðstafanir skerða í engu rétt kröfuhafa til að framfylgja kröfum sínum með venjulegri lögsókn.

8. gr.

1. Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til að beita og framkvæma ákvæði þessa samnings að því er varðar skip þess og veiðarfæri.

ing shall be in accordance with the provisions of Annex IV to this Convention.

Article 6

(1) Subject to compliance with the International Regulations for Preventing Collisions at Sea all vessels shall conduct their operations so as not to interfere with the operations of fishing vessels or fishing gear and shall conform to the provisions of Annex V to this Convention.

(2) For the better implementation of these provisions the competent authorities of Contracting Parties may at their discretion notify the competent authorities of other Contracting Parties likely to be concerned of concentrations or probable concentrations known to them of fishing vessels or fishing gear, and Contracting Parties receiving such notification shall take such steps as are practicable to inform their vessels thereof. The authorised officers appointed in accordance with Article 9 of this Convention may also draw the attention of vessels to fishing gear placed in the sea.

Article 7

(1) In any dispute that arises between the nationals of different Contracting Parties concerning damaged gear or damage to vessels resulting from entanglement of gear, the following procedure will apply in the absence of agreement among the Contracting Parties concerning the resolution of such disputes:

At the request of the Contracting Party of a complainant each Contracting Party concerned will appoint a review board or other appropriate authority for handling the claim. These boards or other authorities will examine the facts and endeavour to bring about a settlement.

(2) These arrangements are without prejudice to the rights of complainants to prosecute their claims by way of ordinary legal procedure.

Article 8

(1) Each Contracting Party undertakes to take such measures as may be appropriate to implement and enforce the provisions of this Convention with respect to its vessels and gear.

2. Á svæði, þar sem strandríki hefur fiskveiðilögsögu, skal það hafa á hendi framkvæmd og beitingu samningsákvæða þessara.

3. Á slíku svæði getur strandríkið sett sérstakar reglur og undanþágur frá sérhverri reglu í Viðaukum II til V í samningi þessum um skip eða veiðarfæri, sem vegna stærðar sinnar eða gerðar eru notuð til veiða aðeins með ströndum fram, svo fremi engin mismunun, í formi eða reynd, eigi sér stað gagnvart skipum annarra samningsríkja, sem rétt eiga til veiða á þessum slóðum. Áður en sérstakar reglur og undanþágur samkvæmt grein þessari eru gerðar varðandi svæði, sem erlend fiskiskip mega stunda veiðar á, skal samningsríki tilkynna samningsríkjum, sem málið varðar, ætlun sína og ráðgast við þau, ef þau óska þess.

9. gr.

1. Til þess að auðvelda beitingu ákvæða samnings þessa, skulu reglur greinar þessarar og viðauka VI við samninginn gilda utan fiskveiðilandhelgi.

2. Eftirlitsmenn merkir í samningi þessum starfsmenn, sem tilnefndir kunna að verða af samningsríkjunum vegna þessara ákvæða.

3. Sérhvert samningsríki skal, eftir ósk annars samningsríkis, tilkynna því nöfn þeirra eftirlitsmanna, sem tilnefndir hafa verið, eða skipa þeirra, þar sem slíkir starfsmenn eru um borð.

4. Eftirlitsmenn skulu fylgjast með, hvort fyrirmæli samningsins séu framkvæmd, kanna og gefa skýrslur um brot á ákvæðum hans, afla upplýsinga um tjón, sem verða, vekja athygli skipa samningsríkja á fyrirmælum samningsins, þar sem það er æskilegt, og skulu hafa samvinnu í þessum tilgangi við eftirlitsmenn annarra samningsríkja.

5. Ef eftirlitsmaður hefur ástæðu til að ætla, að skip einhvers samningsríkis fari ekki eftir ákvæðum samningsins, getur hann gengið úr skugga um, hvert skipið er, leitazt við að afla nauðsynlegra

(2) Within the area where a coastal State has jurisdiction over fisheries, the implementation and enforcement of the provisions of this Convention shall be the responsibility of the coastal State.

(3) Within that area the coastal State may make special rules and exemptions from any of the Rules in Annexes II to V to this Convention for vessels or gear which by reason of their size or type operate or are set only in coastal waters, provided that there shall be no discrimination in form or in fact against vessels of other Contracting Parties entitled to fish in those waters. Before making special rules and exemptions under this paragraph in respect of areas in which foreign fishing vessels operate a Contracting Party shall inform the Contracting Parties concerned of their intentions and consult them if they so wish.

Article 9

(1) To facilitate the implementation of the provisions of the Convention the arrangements set out in this Article and in Annex VI to this Convention shall apply outside national fishery limits.

(2) Authorised officers means officers who may be appointed by the Contracting Parties for the purpose of these arrangements.

(3) Any Contracting Party shall, upon the request of another Contracting Party, notify the latter of the names of the authorised officers who have been appointed or of the ships in which such officers are carried.

(4) Authorised officers shall observe whether the provisions of the Convention are being carried out, enquire and report on infringements of the provisions of the Convention, seek information in cases of damage, where desirable draw the attention of vessels of Contracting Parties to the provisions of the Convention, and shall co-operate for these purposes with the authorised officers of other Contracting Parties.

(5) If an authorised officer has reason to believe that a vessel of any Contracting Party is not complying with the provisions of the Convention, he may identify the vessel, seek to obtain the necessary

upplýsinga frá skipinu og gefið skýrslu. Sé málið nægilega alvarlegs eðlis, getur hann gefið skipinu fyrirmæli um að nema staðar, og hann getur farið um borð í skipið til athugunar og skýrslugerðar, ef það er nauðsynlegt til þess að staðreyna málsatvik.

6. Hafi eftirlitsmaður ástæðu til að ætla, að skip eða búnaður þess hafi valdið tjóni á skipi eða veiðarfærum, og það kunni að stafa af broti á samningnum, getur hann, við sömu skilyrði og í síðustu málsgr. segir, skipað hverju því skipi, sem málið varðar, að nema staðar og farið um borð til rannsóknar og skýrslugerðar.

7. Eftirlitsmaður skal ekki gefa fiskiskipi fyrirmæli um stöðvun, meðan það er raunverulega að veiðum eða er að leggja eða draga veiðarfæri, nema í neyð, til þess að forðast skemmdir á skipum eða veiðarfærum.

8. Eftirlitsmaður skal ekki ganga lengra í athugun sinni en nauðsyn er á til að sannfærast um annað tveggja, að ekki hafi verið brotið gegn samningnum, eða, þar sem honum virðist, að brot hafi orðið, að afla upplýsinga um þær staðreyndir, sem skipta máli, en haga skal hann jafnan gerðum sínum þannig, að skip verði fyrir sem minnstu óhagræði og óþægindum.

9. Eftirlitsmaður getur, þegar um er að ræða skemmdir á skipi eða veiðarfærum, boðizt til sáttaumleitana á hafi úti, og ef aðilar þeir, sem málið varðar, samþykkja það, aðstoðað þá til að ná samkomulagi. Eftir ósk málsaðila skal eftirlitsmaður skrá samkomulag, sem náðst hefur.

10. Mótþrói skips við fyrirmælum eftirlitsmanns skal metinn sem mótþrói við stjórnvöld heimaríkis skipsins.

11. Samningsríki skulu kynna sér og hefja aðgerðir á grundvelli skýrslna erlendra eftirlitsmanna samkvæmt þessum ákvæðum jafnt sem innlendra. Ákvæði þessarar málsgr. skulu ekki leggja samningsríki neina skyldu á herðar að veita skýrslu erlends eftirlitsmanns meira gildi en hún mundi hafa í heimaríki eftirlitsmannsins. Samningsríki skulu hafa samvinnu um að auðvelda lagalegar eða

information from the vessel and report. If the matter is sufficiently serious, he may order the vessel to stop and, if it is necessary in order to verify the facts of the case, he may board the vessel for enquiry and report.

(6) If an authorised officer has reason to believe that a vessel or its gear has caused damage to a vessel or fishing gear and that this may be due to a breach of the Convention, he may, under the same conditions as in the preceding paragraph, order any vessel concerned to stop and board it for enquiry and report.

(7) An authorised officer shall not order a fishing vessel to stop while it is actually fishing or engaged in shooting or hauling gear except in an emergency to avoid damage to vessels or gear.

(8) An authorised officer shall not pursue his enquiries further than is necessary to satisfy him either that there has been no breach of the Convention, or, where it appears to him that a breach has occurred, to secure information about the relevant facts, always acting in such a manner that vessels suffer the minimum interference and inconvenience.

(9) An authorised officer may, in case of damage to a vessel or fishing gear, offer to conciliate at sea, and if the parties concerned agree to this, assist them in reaching a settlement. At the request of the parties concerned the authorised officer shall draw up a protocol recording the settlement reached.

(10) Resistance by a vessel to the directions of an authorised officer shall be deemed as resistance to the authority of the flag State of that vessel.

(11) The Contracting Parties shall consider and act on reports of foreign authorised officers under these arrangements on the same basis as reports of national officers. The provisions of this paragraph shall not impose any obligation on a Contracting Party to give the report of a foreign authorised officer a higher evidential value than it would possess in the authorised officer's own country. Con-

aðrar aðgerðir, sprottnar af skýrslu eftirlitsmanns samkvæmt samningi þessum.

12. Eftirlitsmaður skal ekki beita því valdi, sem hann hefur til að fara um borð í skip annars samningsríkis, ef völ er á eftirlitsmanni þess ríkis og hann hefur tök á því.

10. gr.

1. Sérhvert samningsríki getur lagt til breytingar við samning þennan. Sérhver breytingartillaga skal send vörzluríki samningsins, sem síðan lætur öllum samningsríkjum og ríkjum, sem undirritað hafa hann, í té afrit hennar. Sérhver breyting skal taka gildi á þrítugasta degi eftir að öll samningsríki hafa fallizt á hana.

2. Þegar einn fjórði hluti samningsríkja æskir þess, skal vörzluríki samningsins efna til fundar samningsríkja, í því skyni að kanna þörf breytinga á ákvæðum samnings þessa. Breytingar skulu hljóta samhljóða samþykki á slíkum fundi og skulu tilkynntar af vörzluríki samningsins öllum samningsríkjum og taka gildi á þrítugasta degi eftir samþykki allra samningsríkja á þeim.

3. Tilkynningar um samþykki á breytingum skulu sendar vörzluríki samningsins.

11. gr.

1. Sérhvert samningsríki getur lagt til breytingar á viðaukum við samning þennan. Sérhver breytingartillaga skal send vörzluríki samningsins, sem láta skal öllum samningsríkjum og þeim ríkjum, sem undirritað hafa hann, samrit þeirra í té. Vörzluríki samningsins skal tilkynna öllum samningsríkjum þá dagsetningu, er samþykki ⅔ hluta samningsríkja á breytingu hefur borizt. Breytingin skal taka gildi fyrir öll samningsríki á eitt hundrað og fimmtugasta degi eftir þann dag, nema því aðeins að samningsríki tilkynni ríkisstjórn vörzluríkis samningsins innan eitt hundrað og tuttugu daga frá sama tímamarki mótmæli sín við

tracting Parties shall collaborate in order to facilitate judicial or other proceedings arising from a report of an authorised officer under this Convention.

(12) An authorised officer shall not exercise his powers to board a vessel of another Contracting Party if an authorised officer of that Contracting Party is available and in a position to do so himself.

Article 10

(1) Any Contracting Party may propose amendments to the Articles of this Convention. The text of any poposed amendment shall be sent to the depositary Government, which shall transmit copies thereof to all Contracting Parties and signatory Governments. Any amendment shall take effect on the thirtieth day after its acceptance by all Contracting Parties.

(2) When requested by one-fourth of the Contracting Parties, the depositary Government shall convene a meeting of Contracting Parties to consider the need for amending the Articles of this Convention. Amendments shall be adopted unanimously at such a meeting and shall be notified by the depositary Government to all Contracting Parties and shall take effect on the thirtieth day after they have been accepted by all Contracting Parties.

(3) Notifications of acceptance of amendments shall be sent to the depositary Government.

Article 11

(1) Any Contracting Party may propose amendments to the Annexes to this Convention. The text of any proposed amendment shall be sent to the depositary Government, which shall transmit copies thereof to all Contracting Parties and signatory Governments. The depositary Government shall inform all Contracting Parties of the date on which notices of acceptance of an amendment by two-thirds of the Contracting Parties have been received. The amendment shall take effect with respect to all Contracting Parties on the one hundred and fiftieth day after that date, unless within a period of one hundred and twenty days from

breytingunni, og öðlast hún þá ekkert gildi.

2. Þegar þrjú samningsríki æskja þess, skal vörzluríki samningsins efna til fundar samningsríkja í því skyni að kanna þörf breytinga á viðaukum við samning þennan. Breyting, sem á slíkum fundi hlýtur ⅔ atkvæða viðstaddra samningsaðila, skal af vörzluríki samningsins tilkynnt öllum samningsríkjum og tekur gildi gagnvart þeim öllum á tvö hundraðasta og tíunda degi eftir dagsetningu tilkynningar, nema því aðeins að eitthvert samningsríkja geri vörzluríki samningsins kunnug innan eitt hundrað og áttatíu daga frá tilkynningardegi mótmæli sín við breytingunni, og öðlast hún þá ekkert gildi.

12. gr.

Samningsríki skulu tilkynna vörzluríki samningsins um þau hlutaðeigandi stjórnvöld, sem þau hafa tilnefnt vegna hverra þeirra ákvæða þessa samnings, sem máli skipta. Vörzluríki samnings gerir samningsríkjum kunnar allar slíkar tilkynningar.

13. gr.

1. Sérhver ágreiningur milli tveggja eða fleiri samningsríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki verður leystur með samningaviðræðum, skal, ef einn aðila æskir þess, lagður í gerð.

2. Beiðni um gerðardóm skal fela í sér lýsingu kröfugerðar og ágrip ástæðna, sem krafa byggist á.

3. Ef aðilar koma sér ekki saman um annað, skal gerðardómur skipaður einum manni frá hverjum ágreiningsaðila og einum til viðbótar, sem vera skal oddviti dómsins, valinn af aðilum í sameiningu. Gerðardómur skal úrskurða mál lögð fyrir hann með einföldum meiri hluta atkvæða, og ákvarðanir hans skulu vera bindandi fyrir aðila. Önnur atriði um málsmeðferð skulu ákveðin með sérstöku samkomulagi milli aðilanna.

the same date any Contracting Party notifies the depositary Government of its objection to the amendment, in which case the amendment will have no effect.

(2) When requested by three Contracting Parties the depositary Government shall convene a meeting of Contracting Parties to consider the need for amending the Annexes to this Convention. An amendment adopted at such a meeting by a two-thirds majority of the Contracting Parties represented shall be notified by the depositary Government to all Contracting Parties and shall take effect with respect to all Contracting Parties on the two hundred and tenth day after the date of notification, unless within one hundred and eighty days from the date of notification any Contracting Party notifies the depositary Government of its objection to the amendment, in which case the amendment will have no effect.

Article 12

The Contracting Parties shall notify the depositary Government of the competent authorities they have designated for the purposes of each of the relevant provisions of this Convention. The depositary Government shall inform the Contracting Parties of any such notification.

Article 13

(1) Any dispute between two or more Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration.

(2) The request for arbitration shall include a description of the claim to be submitted and a summary statement of the grounds on which the claim is based.

(3) Unless the parties agree otherwise, the arbitration commission shall be composed of one member appointed by each party to the dispute and an additional member, who shall be the chairman, chosen in common agreement between the parties. The arbitration commission shall decide on the matters placed before it by simple majority and its decisions shall be binding on the parties. Other details of procedure shall be determined by special agreement between the parties.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. málsgr. geta aðilar samið um að skjóta ágreiningnum til gerðar samkvæmt öðrum reglum, er gilda þeirra í millum.

5. Ef aðilar koma sér ekki saman um skipan gerðardóms innan sex mánaða frá dagsetningu beiðnar um gerð, getur hver aðili um sig skotið ágreiningnum (svo sem greinir í 1. málsgr.) til Alþjóðadómstólsins, með beiðni um það samkvæmt samþykktum fyrir dóminn.

6. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. geta aðilar samið um að leggja ágreininginn fyrir Alþjóðadómstólinn.

14. gr.

1. Að öðru leyti en greinir í 2. og 3. málsgr. þessarar gr. og í 3. málsgr. 17. gr. verða engir fyrirvarar gerðir við samning þennan án samþykkis samningsríkja og ríkja, sem undirrita samninginn. Að ári liðnu frá gildistöku samningsins nægir samþykki samningsríkja einna.

2. Við undirskrift, fullgildingu, staðfestingu eða aðild að samningnum getur hvert ríki gert fyrirvara við 13. gr. hans.

3. Sérhvert ríki getur, við undirskrift, fullgildingu, staðfestingu eða aðild að samningnum, gert fyrirvara við 5. og 6. málsgr. 9. gr. að því er varðar eitt eða fleiri samningsríki eða ríki, sem undirrita samninginn.

4. Sérhvert ríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt síðustu málsgr. eða 3. málsgr. 17. gr., getur hvenær sem er afturkallað fyrirvarann með orðsendingu um það til vörzluríkis samningsins.

15. gr.

Samningur þessi skal liggja fyrir til undirskriftar í London frá 1. júní til 30. nóvember 1967. Hann ber að fullgilda eða staðfesta. Fullgildingarskjöl eða staðfestingar skulu svo fljótt sem auðið er afhent ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

(4) Notwithstanding the provisions of paragraph (3), the parties may agree to submit the dispute to arbitration in accordance with another arrangement operating between the parties.

(5) If within six months from the date of the request for arbitration the parties are unable to agree on the organisation of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute (as referred to in paragraph (1)) to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

(6) Notwithstanding the provision of paragraph (1), the parties may agree to submit the dispute to the International Court of Justice.

Article 14

(1) Except as provided in paragraphs (2) and (3) below and paragraph (3) of Article 17, no reservations may be made to the present Convention without the agreement of the Contracting Parties and signatory Governments. When one year has elapsed after the entry into force of the Convention, the agreement of the Contracting Parties only shall be required.

(2) At the time of signature, ratification, approval or accession any State may make a reservation to Article 13 of the present Convention.

(3) Any State may, at the time of signature, ratification, approval or accession, make a reservation to paragraphs (5) and (6) of Article 9 with respect to one or more of the other Contracting Parties or signatory Governments.

(4) Any State which has made a reservation in accordance with the preceding paragraphs or paragraph (3) of Article 17 may at any time withdraw the reservation by a communication to that effect addressed to the depositary Government.

Article 15

The present Convention shall be open for signature at London from 1st June to 30th November, 1967. It is subject to ratification or approval. The instruments of ratification or approval shall be deposited as soon as possible with the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

16. gr.

1. Samningur þessi skal ganga í gildi á nítugasta degi eftir þann dag, er tíunda fullgildingar- eða staðfestingarskjal hefur verið afhent.

2. Að því búnu gengur samningurinn í gildi að því er hvert ríki varðar á nítugasta degi eftir afhendingu fullgildingar- eða staðfestingarskjals þess.

17. gr.

1. Hvert ríki, sem ekki hefur undirritað samninginn, getur gerzt aðili að honum hvenær sem er, eftir að hann tekur gildi, að því tilskildu, að ¾ hlutar samningsríkja og þeirra ríkja, sem undirrita samninginn, samþykki fyrirhugaða aðild. Að ári liðnu frá gildistöku samningsins nægir samþykki ¾ hluta samningsríkjanna einna.

2. Aðild verður með þeim hætti, að aðildarskjal er afhent ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Samningurinn gengur í gildi fyrir hvert aðildarríki á nítugasta degi eftir afhendingu aðildarskjals þess.

3. Hvenær sem er til þess tíma, að samningurinn tekur gildi fyrir ríki, sem gerist aðili að honum samkvæmt þessari gr., getur samningsríki gert fyrirvara við 5. og 6. málsgr. 9. gr. gagnvart því ríki.

18. gr.

1. Hver samningsaðili getur með yfirlýsingu til vörzluríkis samningsins, við afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjals, eða hvenær sem er síðar, látið samninginn ná til hvers þess landsvæðis eða landsvæða, sem það ber ábyrgð á í alþjóðaskiptum. Ákvæði samnings þessa skulu taka gildi fyrir slíkt eða slík landsvæði á nítugasta degi eftir móttöku slíkrar yfirlýsingar eða á þeim degi, sem samningurinn tekur gildi samkv. 1. málsgr. 16. gr., hvort heldur síðar er.

2. Sérhver yfirlýsing gefin samkvæmt síðustu málsgr., varðandi hvert það

Article 16

(1) The present Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date of deposit of the tenth instrument of ratification or approval.

(2) Thereafter the Convention shall enter into force for each State on the ninetieth day after deposit of its instrument of ratification or approval.

Article 17

(1) Any State which has not signed the Convention may accede thereto at any time after the Convention has entered into force, provided that three-fourths of the Contracting Parties and signatory Governments agree to the proposed accession. When one year has elapsed after the entry into force of the Convention, the agreement of three-fourths of the Contracting Parties only shall be required.

(2) Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland. The Convention shall enter into force for each acceding State on the ninetieth day after the deposit of its instrument of accession.

(3) At any time up to the entry into force of the Convention for a State which accedes under this Article, a Contracting Party may make a reservation to paragraphs (5) and (6) of Article 9 with respect to that State.

Article 18

(1) Any Contracting Party may, when depositing its instrument of ratification, approval or accession, or at any later date, by declaration addressed to the depositary Government, extend this Convention to any territory or territories for whose international relations it is responsible. The provisions of this Convention shall enter into force for such territory or territories on the ninetieth day after receipt of such declaration, or on the date on which the Convention enters into force in accordance with paragraph (1) of Article 16, whichever is the later.

(2) Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in

landsvæði, sem getið er í slíkri yfirlýsingu, verður afturkölluð með þeim hætti, sem greinir í 19. gr.

19. gr.

Hvenær sem er að liðnum fjórum árum frá þeim degi, er samningurinn hefur tekið gildi samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. 16. gr., getur hvert samningsríki sagt samningnum upp með skriflegri yfirlýsingu til vörzluríkis samningsins. Hver slík yfirlýsing tekur gildi tólf mánuðum eftir móttökudag hennar. Samningurinn skal áfram vera í gildi milli annarra aðila.

20. gr.

Þegar samningur þessi hefur tekið gildi, skal vörzluríki hans láta skrá hann hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. sáttmála þeirra.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem gilt umboð hafa til þess, undirritað samning þennan.

GERT í London 1. dag júnímánaðar 1967, á ensku og frönsku, og skulu báðir textar hafa jafnt gildi, í einu frumriti, sem varðveitt skal í skjalasafni ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, er láta skal í té staðfest eftirrit þess ríkisstjórn hvers ríkis, sem undirritað hefur samninginn eða gerzt aðili hans.

respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 19.

Article 19

At any time after four years from the date on which this Convention has entered into force in accordance with paragraph (1) of Article 16, any Contracting Party may denounce the Convention by means of a notice in writing addressed to the depositary Government. Any such notice shall take effect twelve months after the date of its receipt. The Convention shall remain in force as between the other Parties.

Article 20

When the present Convention has entered into force, it shall be registered by the depositary Government with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of its Charter.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed the present Convention.

DONE at London this first day of June, 1967, in the English and French languages, each text being equally authentic, in a single original which shall be deposited in the archives of the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, which shall transmit a certified true copy thereof to each signatory and acceding Government.

VIÐAUKI I

GILDISSVÆÐI SAMNINGSINS

Þeir hlutar Atlantshafs og Norður-Íshafs og tengdra hafsvæða, sem samningur þessi gildir um, eru svæðin utan grunnlína landhelgi innan eftirfarandi marka:

a. í suðri af línu, sem dregin er beint í vestur eftir 36° norður breiddar til 42° vestur lengdar, þaðan beint í suður til 35° norður breiddar, þaðan beint í vestur eftir 35° norður breiddar;

ANNEX I

AREA OF APPLICATION OF CONVENTION

The waters of the Atlantic and Arctic Oceans and dependent seas to which this Convention applies are the waters seaward of the baselines of the territorial sea within the area bounded:

(a) in the south by a line drawn due west along 36° north latitude to 42° west longitude, thence due south to 35° north latitude, thence due west along 35° north latitude;

b. í vestri af línu, sem dregin er í suður frá stað á ströndGrænlands á 78°10′ norður breiddar til staðar á 75° norður breiddar og 73°30′ vestur lengdar, þaðan eftir kompásstriki til staðar á 69° norður breiddar og 59° vestur lengdar, þaðan beint í suður til 61° norður breiddar, þaðan beint í vestur til 64°30′ vestur lengdar, þaðan beint í suður til stranda Labrador, og þaðan til suðurs með ströndum Norður-Ameríku;

c. í austri af 51° austur lengdar, en undanskilin:

1. Eystrasalt og dönsku sundin í suður og austur frá línum dregnum frá Hasenor-höfða til Gniben-odda og frá Gilbjerg-höfða til Kullen: — og
2. Miðjarðarhaf og tengd hafsvæði allt til lengdarbaugsins 5°36′ vestur lengdar.

(b) in the west by a line drawn southward from a point on the coast of Greenland at 78° 10′ north latitude to a point in 75° north latitude and 73° 30′ west longitude, thence along a rhumb line to a point in 69°north latitude and 59° west longitude, thence due south to 61° north latitude, thence due west to 64° 30′ west longitude, thence due south to the coast of Labrador, and thence south along the coast of North America;

(c) in the east by 51° east longitude, but excluding—

(i) the Baltic Sea and Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point and from Gilbierg Head to the Kullen; and

(ii) the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the meridian of 5° 36′ west longitude.

VIÐAUKI II

AUÐKENNI OG MERKING FISKISKIPA OG VEIÐARFÆRA.

1. regla.

1. Einkennisstafur eða stafir þeirrar hafnar eða umdæmis, sem fiskiskip er skrásett í, og skrásetningarnúmer skips skulu máluð á kinnung fiskiskips beggja vegna og mega einnig vera máluð á efri hluta fiskiskips, svo að þau sjáist greinilega úr lofti.

2. Heiti skips, ef til er að dreifa, og heiti skrásetningarhafnar eða umdæmis skulu máluð á skipið þannig, að þau séu vel sýnileg.

3. Heiti, stafir eða númer, sem sett eru á fiskiskip, skulu vera nægilega stór, svo að auðveldlega megi greina þau, og þau má ekki má út, breyta, gera ólæsileg, hylja eða dylja.

4. Bátar fiskiskips og, þar sem gerlegt er, öll veiðarfæri þess skulu merkt staf eða stöfum og númeri þess. Eignarrétt netja eða annarra veiðarfæra má auðkenna með sérmerkjum.

ANNEX II

IDENTIFICATION AND MARKING OF FISHING VESSELS AND GEAR

Rule 1

(1) The letter or letters of the port or district in which each fishing vessel is registered and the number under which it is registered shall be painted on the bow of the fishing vessel at both sides, and may also be painted on the upper part of the fishing vessel so as to be clearly visible from the air.

(2) The name of the fishing vessel, if any, and the name of the port or district in which it is registered shall be painted on the fishing vessel so as to be clearly visible.

(3) The names, letters and numbers placed on a fishing vessel shall be large enough to be easily recognised and shall not be effaced, altered, made illegible, covered or concealed.

(4) Small boats and, where practicable, all fishing implements shall be marked with the letter or letters and number of the fishing vessel to which they belong. The ownership of nets or other fishing implements may be distinguished by private marks.

2. regla.

1. Í hverju fiskiskipi skal vera opinbert skírteini, útgefið af hlutaðeigandi stjórnvaldi heimaríkis þess, sem greinir heiti skips, ef því er til að dreifa, lýsingu þess, þjóðerni, skráseturningarstaf eða stafi og númer, svo og nafn eiganda skips eða fyrirtækis eða félags, sem á skipið.

2. Á hverju fiskiskipi skal vera til þjóðfáni í góðu horfi, sem sýna ber að ósk þar til bærra yfirvalda.

3. Þjóðerni fiskiskips skal ekki vera hulið með neinum hætti.

Rule 2

(1) Each fishing vessel shall carry on board an official document, issued by the competent authority of its country, showing the name, if any, and description of the vessel, its nationality, its registration letter or letters and number, and the name of the owner or of the firm or association to which it belongs.

(2) Each fishing vessel shall carry a national flag in good condition to be shown at the request of the competent authorities.

(3) The nationality of a fishing vessel shall not be concealed in any manner whatsoever.

VIÐAUKI III

VIÐBÓTARMERKI TIL NOTKUNAR Á FISKISKIPUM

1. regla.

Almenn atriði.

1. Í samræmi við alþjóðareglurnar til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, er reglum þessum ætlað að koma í veg fyrir tjón á veiðarfærum eða óhöpp við fiskveiðar.

2. Reglur þessar um ljós skulu gilda, hvernig sem viðrar, frá sólarlagi til sólaruppkomu, þegar fiskiskip eru að veiðum mörg saman, og engin ljós má þá sýna önnur en þau, sem fyrir er mælt í alþjóðareglunum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, og önnur þau ljós, sem ekki verða tekin í misgripum fyrir lögboðin ljós og hvorki hindra, að þau sjáist og þekkist vel, né torvelda glögga útsýn frá skipinu. Ljós þessi má einnig sýna frá sólaruppkomu til sólarlags í takmörkuðu skyggni og við allar aðrar aðstæður, þegar það er metið nauðsynlegt.

3. Í þessum reglum skulu orð þau, sem notuð eru, hafa þá merkingu, sem skilgreind er í alþjóðareglunum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, nema orðið „fiskiskip“ skal hafa þá merkingu, sem því er gefin í 2. málsgr. 1. gr. samnings þessa.

ANNEX III

ADDITIONAL SIGNALS TO BE USED BY FISHING VESSELS

Rule 1

General

(1) Subject to compliance with the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, the Rules herein are intended to prevent damage to fishing gear or accidents in the course of fishing operations.

(2) The Rules herein concerning lights shall apply in all weathers from sunset to sunrise when fishing vessels are engaged in fishing as a fleet and during such times no other lights shall be exhibited, except the lights precribed in the International Regulations for Preventing Collisions at Sea and such lights as cannot be mistaken for the prescribed lights or do not impair their visibility or distinctive character, or interfere with the keeping of a proper look-out. These lights may also be exhibited from sunrise to sunset in restricted visibility and in all other circumstances when it is deemed necessary.

(3) For the purpose of these Rules the words employed shall have the meaning set down in the International Regulations for Preventing Collisions at Sea except that the term "fishing vessel" shall have the meaning assigned to it in Article 1 (2) of this Convention.

4. Ljósum þeim, sem hér greinir, skal komið þar fyrir, sem þau sjást bezt. Milli þeirra skulu vera a. m. k. þrjú fet (0.92 m), en þau eiga að vera neðar en ljós, sem fyrir er mælt í 9. reglu, stafl. (c), (i) og (d) alþjóðareglnanna frá 1960 til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Þau skulu vera sýnileg í a. m. k. einnar sjómílu fjarlægð á alla vegu, svo sem auðið er, og ljósstyrkur þeirra skal vera minni en styrkur ljósa, sem uppi eru höfð samkv. 9. reglu, stafl. (b) í framangreindum alþjóðareglum.

(4) The lights mentioned herein shall be placed where they can best be seen. They should be at least 3 feet (0.92 m.) apart but at a lower level than the lights prescribed in Rule 9 (c) (i) and (d) of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea 1960. They shall be visible at a distance of at least 1 mile, all round the horizon as nearly as possible and their visibility shall be less than the visibility of lights exhibited in accordance with Rule 9 (b) of the above Regulations.

2. regla.

Merki við togveiðar og reknetjaveiðar.

1. Fiskiskip að togveiðum, hvort sem þau nota botn- eða flotvörpu, skulu sýna:

1) á meðan vörpunni er kastað: tvö hvít ljós lóðrétt hvort yfir öðru;

2) á meðan varpan er dregin inn: hvítt ljós yfir rauðu ljósi lóðrétt hvort yfir öðru;

3) á meðan varpan er föst í botni: tvö rauð ljós lóðrétt hvort yfir öðru.

2. Fiskiskip á reknetjaveiðum mega sýna þau ljós, sem lýst er í 1. tölulið að framan.

3. Fiskiskip, sem eru að togveiðum tvö saman („pair trawling"), skulu hvort um sig sýna:

1) að degi: T-flaggmerki, „varizt mig, ég er við samveiðar", við hún á framsiglutré;

2) að nóttu: leitarljós beint fram á við og í átt til hins fiskiskipsins;

3) þegar vörpu er kastað eða hún dregin eða þegar hún hefur festst í botni: ljósin, sem fyrir er mælt í 1. tölul. að ofan.

4. Þessari reglu þarf ekki að beita við fiskiskip styttri en 65 fet (19.80 m). Sérhver slík undantekning og þau svæði, þar sem líklegt er, að slík undanþáguskip séu mörg, skal tilkynnt hlutaðeigandi yfirvaldi þeirra samningsríkja, sem sennilegt er, að málið varði.

Rule 2

Signals for Trawling and Drift netting

(1) Fishing vessels, when engaged in trawling, whether using demersal or pelagic gear shall exhibit:

(i) when shooting their nets:
two white lights in a vertical line one over the other;

(ii) when hauling their nets:
one white light over one red light in a vertical line one over the other;

(iii) when the net has come fast upon an obstruction:
two red lights in a vertical line one over the other.

(2) Fishing vessels engaged in drift netting may exhibit the lights prescribed in (1) above.

(3) Each fishing vessel engaged in pair trawling shall exhibit:

(i) by day: the "T" flag—" Keep clear of me. I am engaged in pair trawling", hoisted at the foremast;

(ii) by night: a searchlight shone forward and in the direction of the other fishing vessel of the pair;

(iii) when shooting or hauling the net or when the net has come fast upon an obstruction: the lights prescribed in (1) above.

(4) This rule need not be applied to fishing vessels of less than 65 feet (19.80 m.) in length. Any such exception and the areas in which fishing vessels so excepted are likely to be numerous shall be notified to the competent authorities of the other Contracting Parties likely to be concerned.

3. regla.

Ljósmerki við herpinótaveiðar.

1. Fiskiskip að veiðum með herpinót skulu sýna tvö rafgul ljós lóðrétt hvort yfir öðru. Ljós þessi skulu tendrast og slokkna á víxl með um það bil einnar sekúndu millibili, þannig að efra ljósið tendrist, þegar slokknar á því neðra, og öfugt. Þessi ljós skal aðeins sýna, meðan ferð skips er tafin vegna veiðarfæra í sjó, og eiga þau að vara önnur skip við að fara of nærri.

2. Þessari reglu þarf ekki að beita við fiskiskip styttri en 85 fet (25.90 m). Hver slík undantekning og þau svæði, þar sem líklegt er, að slík undanþáguskip séu mörg, skal tilkynnt hlutaðeigandi yfirvöldum annarra samningsríkja, sem líklegt er, að málið varði.

4. regla.

Hljóðmerki.

Engin önnur hljóðmerki skulu notuð en þau, sem fyrir er mælt í alþjóðareglunum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó og í alþjóðasiglingamerkjakerfinu.

Rule 3

Light signals for Purse Seining

(1) Fishing vessels engaged in fishing with purse seines shall show two amber coloured lights, in a vertical line one over the other. These lights shall be flashing intermittently about once a second in such a way that when the lower is out the upper is on and vice versa. These lights shall only be shown while the fishing vessel's free movement is hampered by its fishing gear, warning other vessels to keep clear of it.

(2) This rule need not be applied to fishing vessels of less than 85 feet (25.90 m.) in length. Any such exception and areas in which fishing vessels so excepted are likely to be numerous shall be notified to the competent authorities of the other Contracting Parties likely to be concerned.

Rule 4

Sound signals

No sound signals shall be used other than those prescribed by the International Regulations for Preventing Collisions at Sea and the International Code of Signals.

VIÐAUKI IV

MERKING VEIÐARFÆRA

1. regla.

Veiðarfæri við festar.

1. Endar netja, lína og annarra veiðarfæra, sem liggja við festar í sjó, skulu merktir flagg- eða ratsjárspegilduflum að degi til, en ljósduflum að nóttu til, sem nægileg séu til að sýna stað þeirra og legu. Skulu slík ljós vera sýnileg í góðu skyggni í a. m. k. tveggja sjómílna fjarlægð.

2. Að degi skal dufl vesturenda (þ. e. a. s. í þeim helming hrings, sem nær frá suðri um vestur að og með norðri) slíkra veiðarfæra, sem liggja lárétt í sjó, vera merkt tveim flöggum, hvoru yfir öðru, eða einu flaggi og ratsjárspegli, og eystri endi (þ. e. a. s. í þeim helming hrings, sem nær frá norðri um austur að og með suðri)

ANNEX IV

MARKING OF NETS, LINES AND OTHER GEAR

Rule 1

Anchored gear

(1) The ends of nets, lines and other gear anchored in the sea shall be fitted with flag or radar reflector buoys by day and light buoys by night sufficient to indicate their position and extent. Such lights should be visible at a distance of at least 2 miles in good visibility.

(2) By day the westernmost (meaning the half compass circle from south through west to and including north) end buoy of such gear extending horizontally in the sea shall be fitted with two flags one above the other or one flag and a radar reflector, and the easternmost (meaning the half compass circle from

skal merktur einu flaggi eða ratsjárspegli. Að nóttu skal vestasta duflið merkt tveim hvítum ljósum og hið austasta einu hvítu ljósi. Auk þess má leggja dufli, sem að degi sé merkt einu flaggi eða ratsjárspegli og að nóttu einu hvítu ljósi, 70—100 metra frá hvoru endadufli til að sýna stefnu veiðarfæranna.

3. Á veiðarfæri, sem ná yfir stærra svæði en eina sjómílu, ber að leggja viðbótarduflum, með ekki lengra millibili en einnar sjómílu, þannig að enginn hluti veiðarfæranna, sem nær yfir meira en eina sjómílu, sé ómerktur. Að degi skal hvert dufl merkt flaggi eða ratsjárspegli, og að nóttu ber að hafa hvítt ljós á eins mörgum duflum og auðið er. Aldrei skal fjarlægð milli tveggja ljósa á sama veiðarfæri vera meiri en 2 sjómílur.

4. Á veiðarfærum, sem tengd eru fiskiskipi, er ekki þörf dufls á þeim enda, sem festur er við fiskiskipið.

5. Flaggstöng hvers dufls skal vera a. m. k. 2ja metra há upp frá duflinu.

2. regla.

Veiðarfæri á reki.

1. Net eða línur, sem eru á reki í sjó, skulu merkt duflum í hvorn enda, með ekki meira en 2ja sjómílna millibili, og séu stengur þeirra ekki styttri en 2 metrar upp frá duflinu. Á stönginni skal vera flagg eða ratsjárspegill að degi til og hvítt ljós að nóttu, er sjáist a. m. k. í tvær sjómílur í góðu skyggni.

2. Á veiðarfæri, sem fest er í fiskiskip, er ekki þörf dufls á þeim enda, sem festur er við fiskiskipið.

north through east to and including south) end buoy shall be fitted with one flag or a radar reflector. By night the westernmost end buoy shall be fitted with two white lights and the easternmost end buoy with one white light. In addition a buoy fitted with one flag or a radar reflector by day and one white light by night may be set 70—100 metres from each end buoy to indicate the direction of the gear.

(3) On such gear extending more than 1 mile additional buoys shall be placed at distances of not more than 1 mile so that no part of the gear extending 1 mile or more shall be left unmarked. By day every buoy shall be fitted with a flag or a radar reflector and by night as many buoys as possible with one white light. In no case shall the distance between two lights on the same gear exceed 2 miles.

(4) On such gear which is attached to a fishing vessel a buoy shall not be required at the end attached to the fishing vessel.

(5) The flagpole of each buoy shall have a height of at least 2 metres above the buoy.

Rule 2

Drift gear

(1) Nets or lines which drift in the sea shall be marked at each end and at distances of not more than 2 miles by a buoy with a pole not less than 2 metres above the buoy. The pole shall carry a flag or a radar reflector by day and a white light by night visible at a distance of at least 2 miles in good visibility.

(2) On gear which is attached to a fishing vessel a buoy shall not be required at the end attached to the fishing vessel.

VIÐAUKI V
REGLUR UM ATHAFNIR SKIPA

1. regla.

Í samræmi við alþjóðareglurnar til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, skulu öll skip haga aðgerðum sínum þannig, að ekki komi í bága við athafnir fiskiskipa eða meðferð veiðarfæra.

ANNEX V
RULES GOVERNING THE OPERATIONS OF VESSELS

Rule 1

Subject to compliance with the International Regulations for Preventing Collisions at Sea all vessels shall conduct their operations so as not to interfere with the operations of fishing vessels, or fishing gear.

2. regla.

Skip, sem koma á fiskimið, þar sem fiskiskip eru fyrir að veiðum eða hafa lagt veiðarfæri sín í þeim tilgangi, skulu kanna legu og umfang veiðarfæra, sem þegar eru í sjó komin, og skulu ekki staðsetja sig eða leggja veiðarfæri sín þannig, að trufli eða hindri fiskveiðar, sem þegar eru hafnar.

3. regla.

Ekkert skip skal varpa akkerum eða dveljast á fiskimiðum, þar sem fiskveiðar eru hafnar, ef það hindrar þær veiðar, nema þörf sé á vegna eigin fiskveiðiaðgerða þess eða vegna óhapps eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna.

4. regla.

Ekkert skip skal varpa í sjóinn neinum hlut eða efni, sem truflað getur fiskveiðar eða hindrað eða valdið tjóni á fiski, veiðarfærum eða fiskiskipum, nema um sé að tefla óviðráðanlegar hindranir („force majeure").

5. regla.

Ekkert skip skal nota eða hafa innanborðs sprengiefni ætluð til fiskveiða.

6. regla.

Til þess að forðast tjón, skulu fiskiskip, sem stunda togveiðar, og önnur fiskiskip með veiðarfæri á hreyfingu, neyta allra skynsamlegra ráða til að forðast net, línur eða önnur veiðarfæri, sem ekki eru í togi.

7. regla.

1. Þegar net fiskiskipa flækjast saman, skal ekki skera þau í sundur án samþykkis þeirra aðila, sem í hlut eiga, nema ógerlegt sé að losa þau sundur með öðrum hætti.

2. Þegar fiskiskip með línu flækja saman línum sínum, skal fiskiskip, sem dregur línurnar upp, ekki skera þær, nema þær verði ella ekki losaðar, en þá skal skeyta saman þegar í stað, þar sem unnt er, þær línur, sem kunna að hafa verið skornar sundur.

Rule 2

Vessels arriving on fishing grounds where fishing vessels are already fishing or have set their gear for that purpose shall inform themselves of the position and extent of gear already placed in the sea and shall not place themselves or their fishing gear so as to interfere with or obstruct fishing operations already in progress.

Rule 3

No vessel shall anchor or remain on a fishing ground where fishing is in progress if it would interfere with such fishing unless required for the purpose of its own fishing operations or in consequence of accident or other circumstances beyond its control.

Rule 4

Except in cases of force majeure no vessel shall dump in the sea any article or substance which may interfere with fishing or obstruct or cause damage to fish, fishing gear or fishing vessels.

Rule 5

No vessel shall use or have on board explosives intended for the catching of fish.

Rule 6

In order to prevent damage, fishing vessels engaged in trawling and other fishing vessels with gear in motion shall take all practicable steps to avoid nets and lines or other gear which is not being towed.

Rule 7

(1) When nets belonging to different fishing vessels get foul of each other, they shall not be severed without the consent of the parties concerned unless it is impossible to disengage them by other means.

(2) When fishing vessels fishing with lines entangle their lines, the fishing vessel which hauls up the lines shall not sever them unless they cannot be disengaged in any other way, in which case any lines which may be severed shall where possible be immediately joined together again.

3. Undir engum kringumstæðum má skera, kræk ja í, halda í eða draga upp net, línur eða önnur veiðarfæri, nema af því fiskiskipi, sem á þau, eða um sé að ræða björgun og þau tilvik, sem tvær síðustu málsgreinar taka til.

4. Þegar skip rífur eða flækir veiðarfæri, sem það á ekki, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að tjón, sem verða kann á slíkum veiðarfærum, verði sem allra minnst. Fiskiskip, sem á þau veiðarfæri, skal samtímis forðast að grípa til nokkurra ráða, sem gætu aukið slíkt tjón.

(3) Except in cases of salvage and the cases to which the two preceding paragraphs relate, nets, lines or other gear shall not under any pretext whatever, be cut, hooked, held on to or lifted up except by the fishing vessel to which they belong.

(4) When a vessel fouls or otherwise interferes with gear not belonging to it, it shall take all necessary measures for reducing to a minimum the injury which may result to such gear. The fishing vessel to which the gear belongs shall, at the same time, avoid any action tending to aggravate such damage.

VIÐAUKI VI

REGLUR UM OPINBERA EFTIRLITSMENN

1. Eftirlitsmaður skal hafa persónuskilríki á ensku, frönsku og þjóðtungu sinni (ef hún er önnur en þau tungumál) af þeirri gerð, sem samþykkt er af samningsríkjunum eftir ósk vörzluríkis samningsins.

2. Hver skipun eftirlitsmanns um, að skip stöðvi ferð sína, skal gefin með réttu merki úr alþjóðasiglingamerkjakerfinu.

3. Þegar eftirlitsmaður fer um borð í skip, skal hann sýna persónuskilríki sín.

4. Þegar eftirlitsmaður fer um borð í skip, getur hann krafizt af skipstjóra, að hann sýni skilríki þau, sem greind eru í Viðauka II, 1. málsgr. 2. reglu, og staðfestingu þess, að slík skilríki hafi verið sýnd, skal eftirlitsmaður skrá þegar á þau eða önnur opinber skipsskjöl.

5. Hverju sinni, sem eftirlitsmaður fer um borð í skip, skal hann gera skýrslu í því formi, sem sýnt er í viðbæti, og greina þar aðstæður við uppgöngu og þær upplýsingar, sem hann öðlast.

6. Skýrslu þessa skal gera á þjóðtungu eftirlitsmannsins og sýna skipstjóra skips, sem farið er um borð í, og honum gerður kostur þess að bæta við á þjóðtungu sinni hverjum þeim athugasemdum, sem hann eða einhver af skipshöfn hans æskir. Eftirlitsmaður skal undirrita skýrsluna í

ANNEX VI

RULES APPLYING TO AUTHORISED OFFICERS

(1) An authorised officer shall carry a document of identity written in English, French and the language of the authorised officer (if different) in a form agreed by the Contracting Parties on the request of the depositary Government.

(2) Any orders to stop given by an authorised officer shall be given by the appropriate signal in the International Code of Signals.

(3) On boarding a vessel an authorised officer shall exhibit his document of identity.

(4) On boarding a vessel an authorised officer may require the master of the vessel to exhibit the document specified in Annex II Rule 2 (1) and the fact of such document having been exhibited shall immediately be endorsed upon it by the authorised officer or on some other official document of the vessel.

(5) On each occasion on which an authorised officer boards a vessel, he shall draw up a report in the form set out in the Appendix indicating the circumstances of the boarding and the information he secures.

(6) This report shall be drawn up in the language of the authorised officer and shown to the master of the vessel boarded, who shall be given an opportunity of adding in his own language any remarks he or any member of his crew may wish to make. The authorised officer shall sign

viðurvist skipstjóra og afhenda honum samrit hennar. Samrit skýrslunnar skal sent til hlutaðeigandi yfirvalds heimaríkis skips. Þegar um tjón er að ræða, skulu samrit skýrslunnar og send hlutaðeigandi yfirvöldum þeirra ríkja, sem aðrir aðilar, er málið varðar, tilheyra.

7. Hvenær sem eftirlitsmaður verður var við, að skip rjúfi ákvæði samningsins, getur hann tilkynnt atvikið hlutaðeigandi yfirvaldi í heimaríki skipsins, en áður skal hann leitast við eftir mætti að tjá viðkomandi skipi, með merkjabendingum eða öðrum hætti, fyrirætlun sína um að gefa skýrslu um brotið. Gefi hann skipinu skipun um að nema staðar, en fari ekki um borð, skal hann tilkynna atvikið hlutaðeigandi yfirvaldi í heimaríki skipsins.

8. Skip, sem hafa eftirlitsmenn um borð, en það geta verið skip svo sem skilgreint er í 2. málsgr. 1. gr., skulu hafa uppi sérstakt flagg eða veifu. Flaggið eða veifan skal að gerð vera samkvæmt því, sem samningsríkin hafa komið sér saman um að beiðni vörzluríkis samningsins. Eftirlitsmenn skulu beita heimildum sínum samkv. 5. eða 6. málsgr. 9. gr., og hafa samband við skip, aðeins frá ofansjávarförum.

the report in the presence of the master and give him a copy. A copy of the report shall be sent to the competent authority of the country of the vessel boarded. In cases of damage copies of the report shall also be sent to the competent authorities in the countries to which the other parties concerned belong.

(7) Whenever an authorised officer observes a vessel infringing the provisions of the Convention, he may report the occurrence to the competent authority of the country of the vessel, having first made every effort to communicate to the vessel in question by signal or otherwise his intention to report the infringement. If he orders the vessel to stop but does not board it, he shall report the circumstances to the competent authority of the country of the vessel.

(8) Ships carrying authorised officers, which may be vessels as defined in Article 1 (2), shall fly a special flag or pennant. The special flag or pennant shall be in a form agreed by the Contracting Parties on the request of the depositary Government. Authorised officers shall exercise their powers under paragraphs (5) or (6) of Article 9, and communicate with vessels, only from surface craft.

VIÐBÆTIR

SKÝRSLA SAMKV. 5. MÁLSGREIN Í VIÐAUKA VI VIÐ SAMNINGINN

(Strikið út það, sem ekki á við.)

EFTIRLITSMAÐUR:

(Skráist með upphafsstöfum)

1. Nafn og þjóðerni.
2. Heiti skips, sem flytur hann.

STAÐUR, DAGSETNING OG TÍMI ATVIKS:

3.

ÁKVÆÐI SAMNINGSINS, ER MÁLIÐ VARÐA:

4.

APPENDIX

REPORT IN ACCORDANCE WITH PARAGRAPH (5) OF ANNEX VI TO THE CONVENTION

(Strike out what does not apply)

AUTHORISED OFFICER

(To be filled in block letters)

1. Name and nationality.
2. Name of ship carrying him.

POSITION, DATE AND TIME OF OCCURRENCE

3.

PROVISIONS OF THE CONVENTION IN QUESTION

4.

ATRIÐI, ER VARÐA SKIP, SEM UM TEFLIR.

Almennt.

5. Þjóðerni.
6. Heiti skips og skrásetning.
7. Nafn skipstjóra.
8. Nafn og heimilisfang eiganda.
9. Staður skips, dagsetning og tími, þegar farið er um borð.

(Skráist með upphafsstöfum)

INFORMATION ON EACH VESSEL INVOLVED

General

5. Nationality.
6. Vessel's name and registration.
7. Skipper's name.
8. Owner's name and address.
9. Position, date and time of boarding.

To be filled in block letters.

Lýsing atvika.

10. Veiðarfæri í notkun.
11. Skip stöðvað, við festar, eða áætluð stefna og hraði.
12. Merki eða ljós, sem uppi eru, og merkjasendingar.
13. Viðvaranir veittar öðrum skipum.
14. Stefna, sem veiðarfæri voru lögð í eða lágu í.
15. Lengd veiðarfæra út frá skipi.

At the Time of Occurrence

10. Fishing gear in use.
11. Stopped, anchored or estimated course and speed.
12. Signals or lights displayed and sound signals made.
13. Warnings given to other vessel(s).
14. Direction in which gear was shot or lying.
15. The horizontal distance gear extended from the vessel.

AÐSTÆÐUR, ÞEGAR ATVIK GERÐUST.

16. Skyggni.
17. Vindhraði og átt.
18. Sjólag, sjávarföll og straumátt og styrkur.
19. Aðrar aðstæður, sem skipta máli.
20. Lýsið, með teikningu, ef þörf krefur, afstöðu skipa og veiðarfæra.
21. Merking allra viðkomandi veiðarfæra, hvort heldur fastra eða á reki.

CONDITIONS AT THE TIME OF OCCURRENCE

16. Visibility.
17. Wind force and direction.
18. State of sea and tide and direction and strength of currents.
19. Other relevant conditions.
20. Describe, with the help of diagrams if necessary, the relative positions of vessels and gear.
21. Marking of any anchored or drifting gear involved.

AÐRAR UPPLÝSINGAR.

22. Ýtarlegar upplýsingar um tjón eða skemmdir og lýsing á ástandi þeirra veiðarfæra, sem um ræðir.
23. Frásögn af atvikum.
24. Athugasemdir eftirlitsmanns.
25. Yfirlýsingar vitna.
26. Yfirlýsingar skipstjóra viðkomandi skipa.

ADDITIONAL INFORMATION

22. Full particulars of loss or damage, giving condition of any gear involved.
23. Narrative description of occurrence.
24. Comments by Authorised Officer.
25. Statements by Witnesses.
26. Statements by Skippers of vessels involved.

27. Greinargerð um ljósmyndir, sem teknar hafa verið, með lýsingu á munum (ljósmyndir fylgi samriti skýrslu til heimaríkis skips).	27. Statements of photographs taken, with description of subjects (photographs to be attached to copy of report submitted to flag State).
Undirskrift eftirlitsmanns	Signature of Authorised Officer
.....	.....
Framangreind skýrsla var gerð og undirrituð af eftirlitsmanninum í viðurvist okkar.	The above report was prepared and signed by the Authorised Officer in our presence.
Undirskrift skipstjóra	Signatures of Skippers
.....	.....
Undirskrift vitna	Signatures of Witnesses
.....	.....

Nd. 380. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar, en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 381. Frumvarp til laga [11. mál]

um Listasafn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. marz.)

Samhljóða þskj. 11 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, safnverði og annað nauðsynlegt starfslið, að fengnum tillögum forstöðumanns og þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Þeir skulu taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins.

Nd. **382. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

1. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 3. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

3. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 9. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

4. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 11. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

5. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. 4. mgr. orðist svo:

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. mgr. og að fengnu samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga á þeim tíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.

b. Fyrir „kr. 4000.00“ í 7. mgr. komi: kr. 10000.00

6. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

7. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

8. gr.

Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ í 2. mgr. 15. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

9. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

10. gr.

17. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og í stað orðanna „Áfengisverzlunar ríkisins“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

11. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

12. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

13. gr.

2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistarsjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.

15. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

16. gr.

33. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.

b. Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000“ komi: 1000—30000.

17. gr.

Sektarákvæði í 34. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

18. gr.

Sektarákvæði í 36. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

19. gr.

Sektarákvæði í 37. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

20. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vínteg-undir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.

21. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

22. gr.

40. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926“ í 1. mgr. komi: veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963).

b. Sektarákvæði í niðurlagi greinarinnar breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—10000.

23. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—20000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

24. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—20000, og í stað „400—16000“ komi: 1000—40000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsgr. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

25. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—10000 króna sekt og neytanda 500—5000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—20000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsgr. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

26. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

27. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 1000—5000 og í stað „800—4000“ komi: 2000—10000.

28. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16000“ komi: 500—40000.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1969.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 383. Frumvarp til laga [191. mál]

um aðgerðir í atvinnumálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í hverju kjördæmi landsins skal vera ein atvinnumálanefnd nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem vera skal ein sameiginleg nefnd. Hver nefnd skal skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórn Íslands, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hverrar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Auk þess gegna nefndirnar því hlutverki í sambandi við veitingu lána og styrkja, sem nánar getur í 5. gr.

3. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórn Íslands, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.

4. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frumkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnumálum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma atvinnuleysi og efla heilbrigðan atvinnurekstur, svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, er annast fyrirgreiðslu þess samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

Verja skal fénu samkvæmt ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávalt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.

6. gr.

Starfstími atvinnumálanefnda í kjördæmum og Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970. Þá skulu óinnheimtar skuldir vegna lána- og styrkjastarfsemi samkvæmt lögum þessum svo og eignir í skuldabréfum og reiðufé falla til Atvinnujöfnunarsjóðs, enda ber hann ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess lánsfjár, sem aflað hefur verið samkvæmt 5. gr. laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórn Íslands, samtök vinnuveitenda og miðstjórn Alþýðusambands Íslands gerðu með sér samkomulag 17. janúar 1969 um aðgerðir í atvinnumálum. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að veita ríkisstjórninni heimild til fjáröflunar vegna samkomulagsins og lögfesta þau atriði þess, sem fjalla um skipun atvinnumálanefndanna og úthlutun lánsfjár, auk þess sem tekin eru upp í frumvarpið tiltekin atriði úr starfsreglum atvinnumálanefnda, sem settar voru á atvinnumálaráðstefnu 27.—29. janúar 1969.

Um 1.—4. gr.

Ákvæði þessara greina eru í samræmi við 1. til 4. tölulið samkomulagsins frá 17. janúar 1969.

Um 5. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. málsgr. svara efnislega til 5. tölul. fyrrgreinds samkomulags. Í 3. málsgr. eru tekin upp atriði úr 4. málsgr. 2. tölul. og 8. tölul. starfsreglna atvinnumálanefndanna frá 27.—29. janúar 1969. Gert er ráð fyrir, að lántökuheimildin verði að nokkru notuð til að taka erlent lán, þó ekki yfir 200 millj. króna og að nokkru til að taka innlent lán.

Um 6. gr.

Hér eru tekin upp atriði úr 6. tölul. samkomulagsins og við bætt nánari ákvæðum um skyldur Atvinnujöfnunarsjóðs.

Hér með fylgir samkomulag um aðgerðir í atvinnumálum, dags. 17. janúar 1969, og starfsreglur atvinnumálanefnda, settar á atvinnumálaráðstefnu 27.—29. janúar 1969.

Fylgiskjal I.

Samkomulag um aðgerðir í atvinnumálum.

Ríkisstjórnin, undirrituð samtök vinnuveitenda og miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsa sameiginlega yfir eftirfarandi:

1. Stofna skal atvinnumálanefndir, eina í hverju kjördæmi landsins nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjörræmi eystra, þar sem ein sameiginleg nefnd skal stofnuð. Skal hver nefnd skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórninni, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.
2. Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hverrar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Í þeim tilgangi að ná sem skjótustum árangri af starfi atvinnumálanefndanna til útrýmingar atvinnuleysi, skulu þær kallaðar til sameiginlegs fundar í Reykjavík, þegar er þær hafa verið skipaðar.
3. Stofnuð skal Atvinnumálanefnd ríkisins, er skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórninni, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.
4. Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frumkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnumálum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma því atvinnuleysi, sem nú hefur orðið, og efla heilbrigðan atvinnurekstur svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni. Um sinn skal Atvinnumálanefnd ríkisins fyrst og fremst miða tillögur sínar og ákvarðanir við það, að sem fyllst nýting fáist á þeim atvinnutækjum, sem fyrir hendi eru í landinu.
5. Ríkisstjórnin beitir sér nú þegar fyrir öflun fjármagns að upphæð 300 m.kr. til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu, og skal Atvinnujöfnunarsjóður samkvæmt ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins verja þessu fé til lána til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu

hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar verður kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar. Nefndin setur sér hið fyrsta nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána og styrkja.

6. Starfstími Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970 og skulu þá skuldir vegna lána- og styrkjastarfsemi nefndarinnar svo og eignir í skuldabréfum og reiðufé teljast til Atvinnujöfnunarsjóðs.
7. Aðilar þessa samkomulags eru sammála um nauðsyn þess að stuðla að aukningu atvinnu og eflingu atvinnulífsins með því að tryggja atvinnuvegunum nægilegt rekstrarfé, stuðla að sem beztri hagnýtingu framleiðslugetu höfuðatvinnuveganna og vinna að nýtingu orkulinda landsins og þróun nýrra atvinnugreina. Meðal þeirra aðgerða, sem þýðingarmiklar eru í þessu skyni, telja aðilarnir aukningu rekstrarlána, þar á meðal framleiðslu- og samkeppnislána til iðnaðarins, útgerð togara og báta, sem legið hafa í höfnum, framkvæmd skipaviðgerða og nýsmíði skipa innanlands og aðrar ráðstafanir til að auka hlutdeild iðnaðarins í innlendum markaði og útflutningi. Mun Atvinnumálanefnd ríkisins fjalla um þessi atriði og eftir atvikum gera um þau tillögur til ríkisstjórnarinnar.
8. Þá eru aðilar þessa samkomulags sammála um, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að afla fjármagns til Byggingarsjóðs ríkisins til að flýta fyrir byggingu þeirra íbúða, sem nú eru í smíðum, og að leita verði Byggingarsjóði nýrra tekjustofna.

17. janúar 1969.

Fylgiskjal II.

Starfsreglur atvinnumálanefndar.

Settar á atvinnumálaráðstefnu, 27.—29. janúar 1969.

1. Umsóknir um lán og styrki.

a. **Atvinnufyrirtæki:**

Nota skal eyðublað Atvinnujöfnunarsjóðs fyrir umsóknir atvinnufyrirtækja um lán. Þetta eyðublað skal einnig nota fyrir styrkumsóknir eftir því, sem við á. Viðbótarupplýsinga skal aflað á sérstöku eyðublaði um eftirtalin atriði:

1. Mannafla, er starfar hjá fyrirtækinu. Bæði þann mannafla, sem starfandi er við fyrirtækið nú, og þann mannafla, er starfandi yrði að loknum þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru. Gerð væri grein fyrir skiptingu mannafla eftir kyni og aðalstarfsgreinum (verkamenn, iðnverkamenn, iðnaðarmenn o. s. frv.).
2. Hvenær framkvæmdir gætu hafizt og hvenær þeim mundi lokið, eða áhrif aðstoðarinnar á atvinnu með öðrum hætti myndu koma fram.

Umsóknir sendist Atvinnumálanefnd ríkisins, c/o Efnahagsstofnunin, Laugavegi 13, Reykjavík. Jafnframt skal afrit af umsókninni sent formanni atvinnumálanefndar hlutaðeigandi kjördæmis. Einnig geta formenn atvinnumálanefnda kjördæmanna tekið við umsóknum og komi þeim áleiðis til Atvinnumálanefndar ríkisins. Þýðingarmikið er þó, að umsóknir berist sem fyrst, þannig að þær tefjist ekki hjá einstökum kjördæmanefndum. Með umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

b. **Opinberar framkvæmdir:**

Ekki skal nota sérstakt eyðublað vegna umsókna um opinberar framkvæmdir, heldur skrifa bréf varðandi þær hverju sinni. Sendist bréfið Atvinnumála-

nefnd ríkisins en afrit formanni hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Upplýsingum um þessar framkvæmdir skal síðan aflað hjá hlutaðeigandi ríkisstofnun, eða sveitarfélagi, og sér Efnahagsstofnunin um það.

2. Athuganir umsókna.

Athuganir umsókna um lán og styrki til atvinnufyrirtækja verða framkvæmdar af starfsmönnum Atvinnujöfnunarsjóðs eða Framkvæmdasjóðs. Efnahagsstofnunin sér um, að umsóknirnar berist til þeirra og ræðir við þá um tilhögun athugunarinnar eftir því, sem ástæða er til. Starfsmennirnir framkvæma athuganirnar sjálfir eða fela þær eða einstaka þætti þeirra öðrum aðilum, eftir því, sem efni standa til. Athuganirnar skulu einkum beinast að því að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á atvinnuástandið á staðnum, að gera sér grein fyrir því, hvort framkvæmdirnar séu arðbærar, þannig að þær geti staðið undir þeim lánum, sem á þeim mundu hvíla, og hvort unnt sé að afla til þeirra fjár eftir venjulegum leiðum hjá bönkum, fjárfestingarlánasjóðum eða öðrum aðilum. Þá skal athuga, hvort fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sé slík, að rekstur þess geti orðið með eðlilegum hætti. Athuganir beinist einnig að því, hversu tryggan markað afurðir fyrirtækisins eiga og hvernig uppbyggingu hlutaðeigandi greinar er háttað.

Athuganir á opinberum framkvæmdum skulu fara fram í þeirri deild Efnahagsstofnunarinnar, sem fjallar um opinberar framkvæmdir, í samráði við hlutaðeigandi opinberar stofnanir. Þessar athuganir skulu beinast að því, að gera sér grein fyrir kostnaði framkvæmdanna og þeim hagsbótum, sem af þeim leiða. Sérstaklega skal athuguð þýðing þeirra fyrir atvinnu á meðan þær standa yfir og þýðing þeirra fyrir framtíð atvinnulífs á staðnum. Þá skal kanna, hvernig þessar framkvæmdir geti á sem stytztum tíma skilað aftur því fjármagni, sem þær fá til ráðstöfunar, af venjulegum fjárveitingum, framlögum sveitarfélaga eða lánsfé.

Stefnt skal að því, að allar athuganir taki sem skemmstan tíma. Jafnframt skal í byrjun reynt að vinza úr umsóknum, þannig að athuganir séu látnar ganga fyrir um þær framkvæmdir, sem vænlegastar eru til skjóts árangurs til atvinnuaukningar.

Í sambandi við athuganirnar skal álits hlutaðeigandi atvinnumálanefndar aflað og umsóknir ræddar við hana eftir því, sem tilefni gefst til. Að athugunum loknum sé greinargerð um niðurstöður þeirra lögð fyrir Atvinnumálanefnd ríkisins og jafnframt send atvinnumálanefnd hlutaðeigandi kjördæmis. Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkir ekki veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

3. Lán til atvinnufyrirtækja.

Í samræmi við megintilgang samkomulagsins frá 17. janúar 1969 skal Atvinnumálanefndin við ákvarðanir um lán og styrki til einstakra svæða og fyrirtækja fyrst og fremst miða við útrýmingu atvinnuleysis. Lán til atvinnufyrirtækja skulu veitt í þeim tilgangi að auka atvinnu í fyrirtækjum, sem nú eru starfrækt, hefja að nýju rekstur atvinnutækja, sem ekki hafa verið starfrækt að undanförnu, og stuðla að útvegun nýrra atvinnutækja, þegar það á við. Lánin skulu veitt sem stofnlán vegna nýrra framkvæmda og meiriháttar endurbóta á tækjum og mannvirkjum og til að bæta fjárhagslega uppbyggingu fyrirtækja, þegar það er nauðsynlegt til að fyrirtækin geti aukið atvinnu í starfsemi sinni.

4. Lán til opinberra framkvæmda.

Yfirleitt skulu lán til atvinnufyrirtækja sitja í fyrirrúmi fyrir lánum til opinberra framkvæmda. Þó skal heimilt að veita slík lán, einkum þegar þau geta gert það kleift að hefja opinbera framkvæmd fyrr en ella, og hún veitir verulega atvinnu á staðnum. Jafnframt er þá æskilegt, að lán geti endurgreiðst tiltölulega fljótt af reglulegum framlögum til framkvæmdarinnar frá ríki eða sveitarfélagi eða af lánsfé, sem búast má við, að framkvæmdin geti fengið innan tíðar. Einkum kemur lánveiting til greina, ef endurgreiðslan getur farið fram þegar á árinu 1970, þannig

að féð verði aftur til ráðstöfunar, áður en starfstíma atvinnumálanefndanna lýkur. Jafnframt skal gerð sú krafa, að framkvæmdin veiti verulega atvinnu, og að hún hafi mikla þýðingu fyrir framtíð atvinnulífsins á staðnum.

Sem dæmi um opinberar framkvæmdir, er helzt koma til greina, má nefna hafnargerðir á stöðum, þar sem slæm hafnarskilyrði há atvinnulífinu. Einnig má nefna hitaveitu- og vatnsveituframbkvæmdir, er bæði skapa verulega atvinnu meðan þær eru í byggingu og betri skilyrði fyrir atvinnurekstur á staðnum í framtíðinni.

5. Veiting styrkja.

Þar sem gera verður ráð fyrir, að þær 300 millj. kr., sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir að útvega, verði eingöngu eða að yfirgnæfandi hluta lánsfé, er varla unnt að gera ráð fyrir, að um styrkveitingar geti orðið að ræða af þessu fé. Á hinn bóginn getur verið nauðsynlegt, að Atvinnumálanefndin hafi yfir vissu fjármagni að ráða vegna styrkja, einkum í sambandi við tæknilegar athuganir og undirbúning og einnig e. t. v. í öðrum tilvikum. Getur Atvinnumálanefndin reynt að semja við stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs um það, að í slíkum tilvikum veiti Atvinnujöfnunarsjóður samkvæmt tillögum Atvinnumálanefndar ríkisins styrki af þessu tagi af sínu eigin fé, eins og hann hefur heimild til í lögum, en að Ativnnumálanefndin í staðinn gefi Atvinnujöfnunarsjóði eftir til ráðstöfunar jafnháa upphæð af þeim 300 millj. kr., sem hún sjálf á að taka ákvarðanir um.

Styrkir skulu fyrst og fremst veittir vegna tæknilegra athugana og undirbúnings, en geta einnig komið til greina í öðrum og sérstökum tilvikum:

a. Framlag til stofnkostnaðar fyrirtækis eða til starfandi fyrirtækis til að auka eigið fé þess. Slíkir styrkir skulu því aðeins veittir, að þeir séu óhjákvæmilegir til þess að skapa hlutaðeigandi fyrirtæki heilbrigðan fjárhagslegan grundvöll og þetta fyrirtæki hafi jafnframt mikla þýðingu fyrir atvinnulíf á staðnum.
b. Tímabundnir rekstrarstyrkir. Eru hér hafðir í huga styrkir vegna sérstakra tímabundinna aðstæðna, er geta gert fyrirtækinu ókleift að halda áfram starfsemi, t. d. vegna þess, að flytja þarf að hráefni langa vegalengd um skeið, og fyrirtækinu sé um megn að standa undir þeim aukakostnaði.

6. Lánskjör.

Reglur um lánskjör er ekki unnt að setja á meðan ekki eru fyrir hendi upplýsingar um kjör þess ráðstöfunarfjár, sem aflað verður. Að svo miklu leyti, sem tök eru á, skal þó að því stefnt, að lánskjör verði svipuð og hjá Atvinnujöfnunarsjóði. Þó skulu lán ekki veitt til lengri tíma en eðlilegt getur talizt með tilliti til afkomu fyrirtækisins og úreldingar tækja. Veð og aðrar tryggingar skulu teknar í samræmi við reglur Atvinnujöfnunarsjóðs.

Stefnt skal að því, að lán til opinberra framkvæmda séu yfirleitt veitt til skamms tíma og endurgreiðist af venjulegum framlögum til framkvæmdarinnar frá ríkissjóði eða sveitarfélögum eða af lánsfé, sem aflað er með þeim hætti, sem yfirleitt tíðkast til framkvæmda af þessu tagi. Þó er einnig unnt að veita lán til opinberra framkvæmda til lengri tíma, ef framkvæmdin er þýðingarmikil frá þeim sjónarmiðum, sem hér að framan voru lögð, og ekki eru líkur til, að fjár til hennar verði aflað með öðru móti á næstunni.

7. Önnur atriði.

Um þau atriði, sem nefnd eru í 7. og 8. lið samkomulagsins, skal sá háttur hafður á, að þau séu tekin til umræðu í Atvinnumálanefndinni samkvæmt óskum hennar. Efnahagsstofnunin og aðrir aðilar geri athuganir og skýrslur um þau, og geri nefndinni grein fyrir þeim munnlega eða skriflega eftir því, sem ástæða er til hverju sinni.

8. Starfsemi atvinnumálanefnda kjördæmanna.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna gerðu á fundum þeirra og Atvinnumálanefndar ríkisins 27.—29. janúar grein fyrir ástandi og horfum í atvinnumálum hver á sínu starfssvæði og lögðu fram tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífs og aukningu atvinnu. Nefndirnar gefa síðar að eigin frumkvæði eða að ósk Atvinnumálanefndar ríkisins frekari skýrslur um þróun atvinnumála á starfssvæðinu og leggja fram tillögur í þeim efnum, þegar ástæða er til. Þá skulu atvinnumálanefndirnar segja álit sitt um allar umsóknir um lán og styrki á sínu starfssvæði. Þær skulu einnig veita umsækjendum þá aðstoð við undirbúning umsókna, sem þær eru færar um, að veita og óskað er eftir. Þær geta einnig átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög að sækja um lán eða styrki. Æskilegt er, að sem nánast samband verði á milli formanna nefndanna og þeirra starfsmanna Atvinnujöfnunarsjóðs og Efnahagsstofnunarinnar, sem að þessum málum starfa.

Nd. 384. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til laga um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Heiðursverðlaun, sem menn fá án umsóknar frá stofnunum, innlendum eða erlendum, fyrir afrek á sviði lista og mennta, tækni og vísinda, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari frá og með árinu 1969.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um skattfrelsi heiðursverðlauna.

Nd. 385. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar, að fjárhæð allt að 3128 millj. kr. (35.5 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Limited, frá 28. marz 1966, um álbræðslu í Straumsvík, er gert ráð fyrir því, að bræðslan verði reist í þrem áföngum, þannig að í fyrsta áfanga verði árleg afköst hennar 30.000 tonn af áli, í öðrum 45.000 tonn og í þeim þriðja 60.000 tonn. Samningurinn gerir enn fremur

ráð fyrir því, að fyrsta áfanga sé lokið 1969, öðrum ekki síðar en 1972 og þeim þriðja ekki síðar en 1975, nema aðilar verði ásáttir um annað. Eftir samningsgerðina þótti fljótlega sýnt, að tveim síðustu áföngum bræðslunnar yrði flýtt, og eru nú allar horfur á því, að hún verði komin í fulla stærð árið 1972, sem er þrem árum fyrr en umræddur samningur gerir ráð fyrir. Áætlanir um Búrfellsvirkjun miðast við það, að fyrri virkjunaráfanganum, sem er 105 MW, ljúki á þessu ári um leið og fyrsta áfanga álbræðslunnar, en aflþörf hans er 60 MW og síðari virkjunaráfanganum áður, eða um leið og álbræðslan er komin í fulla stærð, en þá er virkjunin 210 MW og aflþörf bræðslunnar 120 MW. Eigi bræðslan að geta verið komin í fulla stærð 1972, er því nauðsynlegt að ljúka báðum áföngum Búrfellsvirkjunar fyrir þann tíma og hefur þegar verið að því stefnt með því að flytja hluta af framkvæmdum seinni virkjunaráfangans yfir á þann fyrri.

Í desember 1965 var stofnkostnaður seinni áfanga Búrfellsvirkjunar áætlaður 305.5 millj. kr. á þáverandi gengi, að vöxtum á byggingartíma frátöldum, eða um 520 millj. kr. á núverandi gengi. Að vöxtum og verðhækkunum meðtöldum áætlast þessi kostnaður nú 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara. Sé framkvæmdum við seinni áfangann hraðað, verður ekki fyrir hendi það fé, sem upphaflega var ætlunin að verja til þeirra úr rekstri árin 1972—1975 samfara minni framkvæmdahraða. Því er fyrirsjáanlegt að taka verður lán fyrir öllum kostnaðinum við seinni áfangann að fjárhæð alls um 7.5 millj. dollara.

Í 1. málsgr. 15. gr. laganna um Landsvirkjun er nú fyrir hendi heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar að fjárhæð allt að 1204 millj. kr. (28 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annari erlendri mynt. Þessi fjárhæð er 2467 millj. kr. á núgildandi gengi ($ 1= kr. 88.1). Með frumvarpi þessu er lagt til, að umrædd heimild verði hækkuð um 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara vegna lána, sem nauðsynlegt er að taka samkvæmt framangreindu vegna seinni áfanga Búrfellsvirkjunar. Að fenginni þessari hækkun yrðu fyrir hendi ríkisábyrgðarheimildir samkvæmt 15. gr. laganna að fjárhæð alls 3128 millj. kr. (35.5 millj. dollara), en eins og fram kemur í athugasemdum við þá grein í frumvarpinu að Landsvirkjunarlögunum er núverandi fjárhæð greinarinnar aðeins miðuð við lántökur vegna stofnkostnaðar við fyrstu framkvæmdir í þágu Búrfellsvirkjunar.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að 2. málsgr. 15. gr. laganna um Landsvirkjun gildi áfram óbreytt, en hún felur í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán, sem komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. greinarinnar, og endurlána það Landsvirkjun.

Sþ. 386. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Jónas Árnason, Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Steingrímur Pálsson, Karl Guðjónsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum, er gekk í gildi 24. ágúst 1949, jafnskjótt og uppsagnarákvæði 13. greinar samningsins leyfa.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Hinn 30. marz 1949 samþykkti meiri hluti Alþingis tillögu til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi „um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis", eins og kveðið var að orði. Var samningur þessi undirritaður í Washington 4. apríl 1949 og gekk í gildi 24. ágúst sama ár. Á grundvelli þessa samnings varð til Norður-Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organization, skammstafað NATO).

Í 13. gr. Norður-Atlantshafssamningsins segir á þessa leið:

„Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga."

Svo sem kunnugt er, urðu á sínum tíma mjög harðar deilur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Alla stund síðan hafa skoðanir verið skiptar um þá ákvörðun, svo og um Atlantshafsbandalagið, gildi þess og áhrif á sambúð þjóða.

Í ágústmánuði næstkomandi eru 20 ár liðin frá því er Norður-Atlantshafssamningurinn gekk í gildi. Frá þeim tíma getur hvert aðildarríki sem er sagt honum upp með einhliða ákvörðun, og tekur úrsögnin gildi að ári liðnu frá því er hún var afhent.

Undanfarin ár höfum við Alþýðubandalagsmenn lagt á það áherzlu í umræðum um utanríkismál og með tillöguflutningi á Alþingi, að Íslendingar gerðu sér þess sem ljósasta og rökstuddasta grein, hver vera eigi afstaða Íslands til aðildar að hernaðarbandalagi í framtíðinni. Við höfum bent á, hve sjálfsagt væri að vega það og meta, að hverju leyti aðstæður kynnu að hafa breytzt í heimsmálum frá þeim tíma, er samningurinn var gerður. Við höfum talið einsætt, að hér yrði hafður á sami háttur og með ýmsum öðrum bandalagsþjóðum, þar sem rökræður hafa átt sér stað um aðild að Atlantshafsbandalagi, byggðar á upplýsingum og gögnum, sem aflað hefur verið. Margt hefur breytzt og er að breytast á alþjóðavettvangi, þar á meðal viðhorf ýmissa þjóða til hernaðarbandalaga. Innan margra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins eru skoðanir þegnanna á gildi þess mjög skiptar. Hafa og Frakkar þegar árið 1966 slitið hernaðarsamvinnu við Atlantshafsbandalagið og vísað aðalstöðvum þess úr landi. Frá því hefur verið greint, að stjórnarvöld í Kanada vinni að endurmati á aðild að bandalaginu. Nýkjörinn forseti Vestur-Þýzkalands hefur lýst vantrú sinni á framtíð bandalagsins.

Nú er ljóst orðið, að íslenzk stjórnarvöld eru andvíg gagnaöflun, sem hagnýta megi við endurmat á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ríkisstjórnin lýsir yfir þeirri stefnu, að Ísland skuli vera áfram í Atlantshafsbandalaginu, úrsögn komi ekki til greina.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum frá upphafi verið algerlega andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi. Teljum við öll rök mæla með því, að friðsöm og vopnlaus smáþjóð sem Íslendingar standi utan hernaðarbandalaga. Því flytjum við nú tillögu um það, að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu, jafnskjótt og samningsákvæði leyfa.

Þegar Atlantshafssamningurinn var gerður 1949, var því sérstaklega lýst yfir af ríkisstjórn Íslands og staðfest af utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að hér á landi skyldi ekki vera her á friðartímum. Árið 1951 gerði ríkisstjórn Íslands samning við Bandaríkjastjórn um dvöl bandarísks herliðs hér á landi. Alla stund síðan hefur erlent herlið verið í landinu. Hefur hin langvinna herseta reynzt íslenzkri þjóð skaðsamleg siðferðislega og þjóðernislega. Ýmsir þeir fylgismenn hernámsins, sem áður töldu það illa nauðsyn, líta nú á það sem æskilegt ástand, hreint og beint keppikefli.

Íslendingar þurfa að losna úr þeim hlekkjum, sem samningur um aðild að hernaðarbandalagi og erlend herseta hafa hneppt þá í. Með því móti einu geta þeir

mótað sjálfstæða og heilbrigða utanríkisstefnu. Þess verður að vænta, enda sjást þess ýmis merki, þrátt fyrir allt, að smám saman vaxi skilningur á því, að fækkun herstöðva og afvopnun sé eina leiðin til að tryggja friðinn. Tortryggni sú og ótti, sem er afleiðing hernaðarbandalaga og dreifðra herstöðva um allan heim, á sinn ríka þátt í að torvelda friðsamlega sambúð. Hver herstöð, sem niður er lögð, léttir gönguna í átt til friðsamlegra samskipta. Úrsögn úr NATO og uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 eru réttmætar ráðstafanir vegna lífshagsmuna Íslendinga sjálfra, og jafnframt hið eina og sjálfsagða framlag þeirra til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Sþ. **387. Fyrirspurnir.** [194. mál]

I. Til fjármálaráðherra um tollstöðvarbygginguna við Reykjavíkurhöfn.

Frá Einari Ágústssyni.

1. Hvenær má ætla, að tollstöðvarbyggingin við Reykjavíkurhöfn verði tekin í notkun?
2. Hvernig verður afnotum þess húss hagað, og hvernig verður aðstaða þar til tollskoðunar?
3. Hvað kostar þessi bygging fullgerð?

II. Til menntamálaráðherra um málefni iðnnema.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst menntamálaráðherra gera til þess að koma í veg fyrir, að námssamningar séu brotnir á iðnnemum með því að halda þeim atvinnu- og kauplausum langtímum saman?

Ed. **388. Lög** [68. mál]

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 363.

Ed. **389. Lög** [139. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 252.

Ed. **390. Lög** [131. mál]

um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 243.

Nd. 391. Frumvarp til laga [2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 2 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:
Forsætisráðuneyti,
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
Félagsmálaráðuneyti,
Fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,
Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
Iðnaðarráðuneyti,
Landbúnaðarráðuneyti,
Menntaráðuneyti,
Samgönguráðuneyti,
Sjávarútvegsráðuneyti,
Utanríkisráðuneyti og
Viðskiptaráðuneyti.

11. gr. hljóðar svo:
Ráðuneytisstjórar og Hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.
Ríkisendurskoðandi stýrir Ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 6. gr.
Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á.
Ráðuneytisstjóri Forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara Ríkisráðs Íslands.
Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.
Slíka skipan sem í 5. mgr. greinir, getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

Nd. 392. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr. orðist svo:
4. gr. laganna orðist svo:
Læknamiðstöð er stofnun, er veitir heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknishéruðum samkv. 1. gr. laga þessara eða hluta þeirra, og við starfa eigi færri en tveir læknar, þar af minnst einn héraðslæknir.
Ráðherra er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt tillögu landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.
Áður en ákveðið er að stofna læknamiðstöð, skal leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutað-

eigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Nú hefur læknamiðstöð verið stofnuð, og er þá heimilt að stækka það svæði, sem hún þjónar, að fengnum tillögum ofangreindra aðila og með þeim fyrirvara að öðru leyti, sem þessi málsgr. kveður á um.

Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. fyrstu málsgr. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt hérað er að ræða, og ákveður ráðherra nafn hins nýja héraðs. Ákvæði þessarar málsgr. gildir einnig, þegar svæði læknamiðstöðvar er stækkað.

Læknamiðstöð skal að jafnaði vera aðsetursstaður lækna þeirra, er gegna störfum við stöðina. Til læknamiðstöðvar teljast íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni. Ráðherra ákveður að tillögu landlæknis og að fenginni umsögn Læknafélags Íslands, hve margir héraðslæknar og/eða aðrir læknar skuli starfa við læknamiðstöð. Um skipun héraðslækna fer samkv. 5. gr., en stjórn læknamiðstöðvar ræður aðra lækna að stöðinni.

Kostnaður við byggingu starfshúsnæðis fyrir læknamiðstöð og íbúðir héraðslækna, sem starfa við stöðina, greiðist samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsalaga. Þó skal kostnaður, sem leiðir af stofnun læknamiðstöðvar, sem tekur yfir tvö eða fleiri læknishéruð samkv. 1. gr., greiddur að fullu úr ríkissjóði. Nú óska hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því, að fleiri læknar en ráðherra hefur ákveðið, sbr. 5. mgr., starfi við læknamiðstöð, og bera þá sveitarfélög ein kostnað af aukningu á húsakynnum, sem af slíkri læknafjölgun leiðir.

Nú er ekki til héraðslæknisbústaður í læknishéraði, þar sem læknamiðstöð, sem tekur yfir tvö eða fleiri héruð, er sett á stofn, og fer þá um kostnað við byggingu einnar héraðslæknisíbúðar samkvæmt almennum ákvæðum sjúkrahúsalaga. Byggingar og búnaður, sem er í eigu einstakra læknishéraða, þar sem læknamiðstöð er sett á stofn, skal ganga til stöðvarinnar.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður læknamiðstöðvar, annar en laun héraðslækna, greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda, hafi þau ekki samið um greiðslu kostnaðar eftir öðrum reglum.

Nú fer fram í læknamiðstöð starfsemi, sem sérstök lög gilda um, og fer þá um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þá starfsemi samkv. þeim lögum.

Í stjórn læknamiðstöðvar skulu eiga sæti þrír menn, einn héraðslæknir, skipaður af ráðherra, og tveir menn kosnir af oddvitum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til 4 ára í senn eða sveitarstjórn, ef læknamiðstöð nær aðeins yfir eitt læknishérað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis utan læknamiðstöðvar, og skal þá landlæknir, að fengnu áliti hlutaðeigandi héraðslækna, gera tillögur til ráðherra um tíðni slíkra viðtalstíma á hverjum stað, en ríkissjóður greiðir ferðakostnað læknis samkv. taxta, er ráðherra setur. Að öðru leyti fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað vegna slíkrar þjónustu eins og um læknamiðstöð væri að ræða.

Nánari ákvæði um tilhögun og starfsemi læknamiðstöðva skal setja í reglugerð.

Ed. 393. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Stjórn Háskólans er falin háskólaráði, rektor og háskólaritara.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðar-

vald í málefnum Háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu Háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan Háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi Háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.

Háskólaritari hefur eftirlit með daglegri starfsemi Háskólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða Háskólann.

Rektor eða háskólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum er snerta Háskólann eða háskólastofnanir verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

3. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi stúdenta, svo og formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af stúdentaráði, og einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

4. gr.

5. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

5. gr.

7. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar háskólaritara, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslið eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs, en starfslið við stjórnun deilda ræður háskólaritari eftir því sem fjárveitingar leyfa.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og háskólaritara. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

7. gr.

9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræði- og raunvísindadeild og viðskiptadeild. Þegar þrír prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð.

Við Háskólann starfa rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

8. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun eða mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum..

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann, halda starfsheitum sínum.

9. gr.

11. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda sendikennara, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Dómnefnd er heimilt að raða umsækjendum eftir hæfni þeirra. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

10. gr.

14. gr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar, sem starfa við Háskólann við gildistöku laga þessara, svo og aðjúnktar megi sitja deildarfundi og hafi þar atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund, og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildarráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

11. gr.

15. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

12. gr.

Við 17. gr. laganna bætist þessi málsliður:

Heimilt er samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að halda próf utan kennsluársins, þegar sérstaklega stendur á.

13. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

14. gr.

19. gr. 2. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem víkur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Staðgengill tekur sæti þess, sem víkur, á deildarfundum og hefur þar atkvæðisrétt, enda sé hann settur til að gegna embætti eða starfi fastráðins kennara.

15. gr.

21. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenzkt stúdentspróf.

16. gr.

Á eftir 21. gr. 3. málsgr., komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

17. gr.

26. gr. orðist svo:

Afskipti Háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við Háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki stundað nám við Háskólann í tvö kennslumisseri samfleytt eftir því sem þær kröfur um námsástundun eru greindar í reglugerð fyrir skólann í heild eða einstakar námsgreinir. Nú hefur stúdent gert háskóladeild sinni viðhlítandi grein fyrir fjarvistum, og skal þá ekki má nafn hans af stúdentaskrá, þótt hann sæki ekki Háskólann allt að fjögur misseri, enda skrái hann sig í árlegri skráningu.

18. gr.

Við 27. gr. bætast svofelld ákvæði, er verði 2., 3. og 4. málsgreinar:

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann enn ekki sama prófið eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf til að endurtaka prófið.

19. gr.

29. gr. 1. málsgr. síðasti málsliður orðist svo:

Við meistarapróf dæma þó kennarar hlutaðeigandi deildar einir.

20. gr.

29. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Þegar svo stendur á, sem í næstu málsgrein segir, getur viðkomandi deild mælt svo fyrir, að prófdómandi utan Háskólans dæmi próf í stað innan skóla prófdómanda, og við próf í forspjallsvísindum skal vera einn prófdómandi utan Háskólans.

21. gr.

30. gr. orðist svo:

Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

22. gr.

Við 31. gr. i. f. bætist svo hljóðandi málsliður:

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

23. gr.

37. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

a) Í guðfræðideild 4, b) í læknadeild 16, c) í lagadeild 6, d) í heimspekideild 14, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36, 18. apríl 1962, 6. gr., e) í verkfræði- og raunvísindadeild 6, f) í viðskiptadeild 4.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi 1. gr. laga nr. 27 29. apríl 1967, um breytingu á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Fulltrúi, er Félag háskólakennara nefnir til setu í háskólaráði, tekur sæti þar 1. maí 1969 og sama er um annan fulltrúa, sem Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefnir. Frá sama tíma tekur annar fulltrúi stúdenta á deildarfundi sæti þar.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 60 7. júní 1957 um Háskóla Íslands með áorðnum breytingum og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við rektorskjör í maí 1969 skal veita félagi tannlækanema kost á að nefna einn fulltrúa, er atkvæðisrétt á um kosningu rektors. Fulltrúar deildarfélaga, sem sæti eiga á fundum háskóladeilda við gildistöku laga þessara, einn frá hverri deild, skulu eiga kost á að taka þátt í rektorskjöri í maí 1969. Ef um fleiri fulltrúa en einn er að ræða, ákveður stjórn deildarfélags, hvaða fulltrúi skuli hafa atkvæðisrétt við rektorskjör í maí 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Háskóla Íslands, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því í menntamálaráðuneytinu í samráði við háskólarektor og háskólaritara.

Röskur áratugur er nú liðinn síðan háskólalög nr. 60 7. júní 1957 voru sett. Margvíslegar og miklar breytingar hafa orðið á Háskóla Íslands á þeim tíma. Nemendatalan hefur framt að því tvöfaldazt, fjöldi prófessora hefur vaxið mjög og nálega tvöfaldazt, og tala annarra kennara hefur meira en tvöfaldazt, þ. á m. hefur bætzt við hópur fastráðinna kennara, lektorar. Námstilhögun allra deilda hefur sætt endurskoðun og í flestum tilvikum hefur nýskipan þegar tekið gildi. Sérstaklega er ástæða til að minna á gagngera endurskoðun á kennslu til B.A.-prófa. Kennsla er hafin í náttúrufræði og tillögur hafa verið settar fram um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf og ýmsar fleiri nýjar menntunarleiðir innan Háskólans eru í athugun. Markverðast við þróun þessa áratugs er tvímælalaust tilkoma rannsóknarstofnananna tveggja, Handritastofnunar Íslands og Raunvísindastofnunar Háskólans, og svo sú áætlunargerð, sem hófst með kennaraáætluninni frá 1964 og haldið hefur verið áfram með skipun háskólanefndar. Þeirri nefnd er ætlað það hlutverk að semja áætlanir um eflingu Háskólans næstu tvo áratugi á sviði kennslu og rannsókna og setja fram sjónarmið um mörkun stefnu varðandi starfssvið Háskólans.

Háskólaráð telur, að tímabært sé að endurskoða háskólalögin á grundvelli þessara breytinga og vegna þess að í vændum er mikil fjölgun stúdenta og stóraukið verksvið Háskólans. Þarf fyrst og fremst að efla Háskólann á sviði rannsókna með nýjum rannsóknarstofnunum og tengja meira en nú er kostur kennslu og rannsóknir. Háskólinn hefur þurft og þarf enn á auknu húsnæði að halda. Tilkoma Árnagarðs næsta haust bætir að vísu úr bráðri þörf á vissum sviðum, en ekki á öðrum. Byggingar í þágu læknadeildar vantar bráðnauðsynlega, og þ. á m. byggingar fyrir tannlæknakennslu. Verkfræðideild þarf á að halda auknu húsnæði til verklegrar kennslu, en aðsókn að þeirri deild hefur aukizt til mikilla muna og mun fara mjög vaxandi á næstu árum. Ráðgert er, að náttúrufræðikennslan fái í sínar þarfir atvinnudeildarbyggingu innan skamms tíma, enda er það nauðsynlegt til að hægt sé að halda áfram þeirri kennslu, sem nú er hafin. Kennslurými þarf og að auka fyrir lagadeild og viðskiptadeild. Þá er vitaskuld á margt annað að líta en kennslurými og þá fyrst og fremst á húsnæði fyrir rannsóknarstofnanir. Æskilegt er og að bæta þjónustu við starfsmenn Háskólans, svo sem

vélritunar- og fjölritunarþjónustu og ýmiskonar aðstoð, sem þeir þurfa á að halda í rannsóknum sínum. Þá ber og að stefna að því að fjölga lestrarsölum fyrir stúdenta og bæta félagsaðstöðu þeirra.

Augljóst er, að framundan eru mikil og brýn verkefni í byggingamálum Háskólans. Mikil aukning er fyrirsjáanleg á brautskráðum stúdentum, og verður að búa Háskólanum aðstöðu til þess að veita viðstöku þessum stóraukna stúdentafjölda, þ. á m. með því að efna til nýrra menntunarleiða innan Háskólans. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að Háskólinn er annars konar stofnun en aðrir skólar landsins. Háskólinn er rannsóknarstöð, og háskólakennsla, sem styðst ekki við rannsóknir, fullnægir ekki því hlutverki, sem háskóla er ætlað að sinna. Einmitt þessvegna var háskólanefndin skipuð, og er ráðgert, að hún ljúki störfum á þessu ári. Tillögur hennar munu verða kynntar Alþingi, þegar þær liggja fyrir.

Frumvarp það, sem hér er flutt, hefur verið í athugun í háskólaráði um nokkurn tíma. Með því er lagt til, að ýmsar breytingar verði gerðar á stjórnun Háskólans, þ. á m. að háskólaritari verði í raun réttri gerður að framkvæmdastjóra Háskólans, en vinni þó undir yfirstjórn rektors, og öll aðstaða til stjórnunar verði stórum bætt. Þá er mælt fyrir um aukna þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, bæði á fundum háskólaráðs og háskóladeilda og það nýmæli tekið upp, sem óvíða tíðkast, að ætla háskólastúdentum aðild að rektorskjöri. Enn er það nýmæli, að kjósa skal einn mann í háskólaráð úr hópi þeirra kennara eða starfsmanna rannsóknarstofnana og háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta og er hann tilnefndur af Félagi háskólakennara. Kveðið er á um stofnun nýrrar deildar, tannlæknadeildar, og ákvæði eru sett um rannsóknarstofnanir, sem að jafnaði skulu heyra undir deildir. Er með þeirri tilhögun m. a. áréttað það sjónarmið, að saman skuli fara eftir því sem fært er kennsla og rannsóknir. Starfsheiti kennara hafa verið endurskoðuð og svigrúm er veitt til að ákvarða starfsmönnum rannsóknarstofnana eða annarra háskólastofnana sérstök starfsheiti. Er þá lagt til, að dósentar og lektorar verði þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi og ráðnir eru til fulls kennslustarfs. Lagt er til, að rektor megi leysa að öllu leyti frá kennslustarfi. Þá er kveðið á um árlega skrásetningu stúdenta, en það er nauðsynjamál, sem raunar komst á s. l. haust. Enn er lagt til, að nokkur ákvæði, sem vafa hafa valdið við lögskýringu, verði gerð fyllilega skýr, og varða þau hámarkstíma í námi og heimild til endurtekningar prófa. Að lokum má benda á, að sú tillaga er tekin upp í 23. gr. frv., að ekki þurfi lagasetningar í hvert skipti, sem prófessorsembætti er stofnað, heldur dugi þar ákvörðun menntamálaráðherra, að áskilinni fjárveitingaheimild samkv. almennum reglum. Á það skal bent í því sambandi, að embætti yfirlæknis við ríkisspítala þarf ekki að stofna með lögum, og taka þeir þó laun samkv. 26. launaflokki.

Að öðru leyti er efni frumvarpsins reifað í athugasemdum um einstakar greinar þess.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Á síðustu árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á stjórnun háskóla víða um lönd. Skilningur manna hefur vaxið mjög á því, að nútíma háskólar þarfnast öflugrar stjórnunar við úrlausn daglegra málefna og við mörkun á framtíðarstefnu í ýmsum efnum og áætlunargerð um starfssvið háskóla, rannsóknarstofnanir og aðrar háskólastofnanir, eflingu þeirra greina, sem fyrir eru í háskóla og upptöku nýrra. Þjónusta við starfsmenn háskóla er mikilvægur þáttur í starfsemi háskóla svo og þjónusta við nemendur. Slíkri þjónustu verður ekki komið við, nema vel sé búið að skrifstofum háskóla og stjórnsýslu allri. Hér á Norðurlöndum eru það einkum Norðmenn og Svíar, sem hafa tekið þessi mál til rækilegrar athugunar. Hefur niðurstaðan orðið sú, að nauðsynlegt sé að létta til muna á framkvæmdastörfum háskólarektora og hafa við hlið þeirra framkvæmda-

stjóra, sem sinni undir yfirstjórn rektora fyrst og fremst fjármálefnum háskóla og öðrum framkvæmdarmálefnum. Veitir sú tilhögun rektorum þá svigrúm til að fjalla einkum um málefni, sem varða mótun heildarstefnu, áætlunargerð og kennslu- og rannsóknarstörf háskóla. Björgvinjarháskóli varð fyrstur háskóla á Norðurlöndum til að koma á slíkri stöðu framkvæmdarstjóra, en síðan hefur Óslóarháskóli einnig tekið upp svipaða tilhögun, og sænsku háskólarnir hafa sömuleiðis gert það, þó með nokkrum öðrum hætti sé.

Við Háskóla Íslands er stjórnun allt of veik. Háskólaráð telur, að höfuðþörf sé á því að efla skrifstofu Háskólans og skapa stjórnsýslu þá aðstöðu til starfa, sem hana vanhagar svo mjög um nú.

Háskólaráð telur, að hið norska fyrirkomulag á stjórnun háskóla eigi vel við í megindráttum hér við Háskólann. Með ákvæði 1. greinar frv. er stefnt að því að rýmka starfssvið háskólaritara þannig að hann verði raunverulega framkvæmdastjóri Háskólans, að því er tekur til fjármálefna, byggingarmálefna og um daglegt eftirlit o. fl. Háskólaráð telur þó, að hann eigi að starfa undir yfirstjórn rektors og að því leyti á hans ábyrgð. Báðir hlíta þeir yfirstjórn háskólaráðs, svo sem verið hefur, en rétt þykir, að þessi stjórnsýslutilhögun komi skýrar fram en nú er. Er því háskólaráð talið fyrst í greininni, þegar lýst er helztu handhöfum stjórnsýsluvalds, en efnislega er engin breyting fólgin í ákvæðinu frá því sem nú er að því er varðar vald háskólaráðs og tengsl háskólans við stjórnvöld. Í greininni er að vísu ekki vikið að háskóladeildum, nema um eitt atriði, en samkv. venju, lögum og reglugerðum verður mörgum málefnum ekki ráðið til lykta, nema deildir hafi um þau fjallað, og mörgum málum ráða deildir nokkurn veginn á eindæmi sitt, svo sem prófum, ákvörðun á námsefni og í stórum dráttum námstilhögun, ráðningu stundakennara, stundaskrám o. m. fl.

Ljóst er, að mörgum atriðum, sem varða starfssvið og starfshætti rektors og háskólaritara og tengsl þeirra við háskólaráð, verður að ráða til lykta með reglugerð. Hin langa reynsla af þessari tilhögun stjórnsýslu við norsku háskólana sýnir, að hyggilegast er að ákvarða starfsmörkin í stjórnvaldsreglum. Ákvæði 1. gr. frv. lýsa því fyrst og fremst stefnumörkum í megindráttum.

Nokkuð hefur verið um það rætt, að háskólaritari fengi nýtt starfsheiti, t. d. háskólaforstjóri eða framkvæmdastjóri Háskólans, til að leggja áherzlu á breytt starfssvið hans, en frá því var þó horfið að þessu sinni.

Um 2. gr.

Hér eru fyrirmæli um kosningarrétt og kjörgengi við rektorskjör. Eru þar tvær meginbreytingar. Annars vegar eru ákvæði um það, að starfsmenn, sem hafa kennslu að aðalstarfi, aðrir en prófessorar, fá nú atkvæðisrétt. Er þar átt við lektora, sem laun taka samkv. 23. launaflokki, og eru þeir nú 6 talsins, svo og dósent í lyfjafræði lyfsala. Dósentar þeir og lektorar, sem skipaðir verða eftir gildistöku laga þessara, fá og atkvæðisrétt, ef 8. gr. frv. verður samþykkt. Hin breytingin lýtur að þátttöku stúdenta í rektorskjöri. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur lagt til, að stúdentar fái aðild að kosningu rektors, og Stúdentafélag Háskólans hefur stutt þær tillögur. Hafa þau tilmæli verið rædd rækilega á fundum háskólaráðs, fundum deilda og fundi háskólakennara. Telja stúdentar, að þeir eigi mikið undir því, hversu til tekst um stjórn Háskólans og sé því réttmætt, að þeir fái fulltrúa á hverju einstöku stjórnarstigi, er túlki sjónarmið stúdenta, svo og að þeir taki með nokkrum hætti þátt í kosningu rektors.

Eins og kunnugt er, fengu stúdentar með háskólalögunum frá 1957 rétt til að eiga einn fulltrúa á fundum háskólaráðs með atkvæðisrétti, og með sömu lögum fengu þeir rétt til að eiga fulltrúa, einn eða fleiri, á fundum háskóladeilda, með málfrelsi, og var þó fundarseta takmörkuð við þá málaflokka, „er varða stúdenta Háskólans almennt“, sbr. 4. gr. um háskólaráð, eða málefni, „sem varðar nemendur deildarinnar almennt“, sbr. 14. gr. um setu á deildarfundum. Þróun þessara mála

hefur orðið sú, að í reyndinni á fulltrúi stúdenta sæti á fundum háskólaráðs í öllum málum, sem þar koma til úrlausnar, og hið sama á við að meginstefnu til um deildarfundi, þegar frá eru skildar tillögur um embættaveitingar og úrlausn um doktorsritgerðir, þ. e. þegar mat krefst sérfræðilegrar þekkingar í ríkum mæli. Þá er þess að geta, að í ýmsum nefndum, sem háskólaráð tilnefnir, er fulltrúi frá stúdentum, og fyrir rösku ári var samþykkt, að Stúdentaráð Háskólans tilnefndi meirihluta stjórnarmanna í þá stofnun, Félagsstofnun stúdenta, sem ætlað er að fjalla um stofnanir í þágu stúdenta félagslegs eðlis. Hluttaka stúdenta í úthlutun lána hefur enn fremur farið vaxandi á síðustu árum. Hið síðasta, sem ástæða er til að benda á í þessu efni, er skipun námsnefnda í hverri deild, sem á var komið fyrir atbeina háskólaráðs. Eru þær nefndir yfirleitt skipaðar tveimur kennurum og tveimur stúdentum, og hafa það hlutverk að fjalla um námsefni og námstilhögun, kennsluhætti og kennslu- og námstækni. Eru slíkar nefndir ágætur vettvangur til umræðna um þessi veigamiklu málefni.

Stúdentaráð Háskólans óskaði þess í tillögum, er bárust háskólaráði hinn 5. des. s. l., að fulltrúatala yrði aukin í háskólaráði og á deildarfundum, og var efnislega um það rætt, að tveir fulltrúar yrðu í háskólaráði og tveir á deildarfundum, en talan átti þó að vera óbundin í lagatextanum. Eru gerðar tillögur um þessa aukningu í 3. og 10. gr. frv. Er fundarseta stúdenta í háskólaráði nú án sérstakra takmarkana, en stúdentar fjalla ekki á deildarfundum um tillögur um embættaveitingar og veitingu doktorsnafnbóta, sbr. 9 og 22. gr. Að öðru leyti er seta þeirra á deildarfundum án takmarkana.

Háskóli Íslands var meðal fyrstu háskóla á Norðurlöndum, þar sem heimiluð var seta fulltrúa stúdenta í háskólaráði og á deildarfundum, og enn eru það tiltölulega fáir af hinum norrænu háskólum, sem hafa þá stjórnunartilhögun. Eftir því, sem bezt er vitað, er stúdentum aðeins við tvo norræna háskóla heimiluð þátttaka í kosningu rektors, þ. e. við háskólana í Björgvin og Ósló, en tillögur eru uppi um þetta víða á Norðurlöndum, og er ekki að fullu vitað, hvernig þeim tillögum hefur reitt af. Við báða norsku háskólana er þessi þátttaka þó frekar táknræn en að líklegt sé, að hún skipti miklu máli fyrir úrslit kosninga. Er atkvæðamagn stúdentanna langt innan við 10% á báðum stöðunum.

Reynslan af þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, þ. á m. á fundum háskólaráðs og háskóladeilda, hefur verið mjög góð. Mikilvægt hefur verið að heyra sjónarmið stúdenta, þeir hafa flutt mál sín af fullri ábyrgðarkennd og lagt sig fram um að kynna sér málefni, sem til afgreiðslu hafa komið. Þessi þátttaka hefur vafalaust stuðlað að því að treysta tengslin milli kennara og stúdenta. Það er þessi góða reynsla, sem veldur því, að talið er rétt að verða við tilmælum stúdenta um aukna tölu fulltrúa á háskólaráðsfundum og á deildarfundum, og það er ekki sízt sú reynsla, sem einnig veldur því, að réttmætt þykir, að leggja til, að þeir fái rétt til þátttöku í rektorskjöri.

Stúdentaráð Háskólans óskaði eftir því, að fulltrúar stúdenta við rektorskjör væru tilnefndir af Stúdentaráðinu, en Stúdentafélag Háskólans, að þeir væru tilnefndir af stúdentum almennt við sérstakar kosningar. Háskólaráð telur, að haganlegast sé að fulltrúar stúdenta, sem setu eiga í háskólaráði, eigi einnig atkvæðisrétt um kjör rektors, og svo einn fulltrúi stúdenta á deildarfundum, og enn fremur formaður Stúdentaráðs Háskólans. Þessir stúdentar hafa í störfum sínum öðrum stúdentum fremur kynnzt málefnum Háskólans, og verður að telja það veigamikið í þessu efni. Er hér að nokkru leyti stuðzt við reynsluna frá Óslóarháskóla (í Björgvin eiga stúdentar ekki fulltrúa í háskólaráði), þó svo að formanni Stúdentaráðs Háskólans er hér bætt við. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að fulltrúi frá félagi tannlæknanema eigi einnig atkvæðisrétt við rektorskjör í maí 1969, en samkv. 7. gr. frv. er mælt fyrir um stofnun tannlæknadeildar nú mjög á næstunni. Tannlæknanemar eiga ekki rétt á að tilnefna fulltrúa fyrir læknadeildina

í heild, og er það nokkurt sanngirnismál, að þeir fái sérstakan fulltrúa við rektorskjör.

Samkv. 2. gr. frv. eiga þá atkvæðisrétt við rektorskjör 1) prófessorar, sem nú eru 45, 2) aðrir kennarar, sem fastráðnir eru til kennslustarfa, þ. e. 6 lektorar og 1 dósent (í lyfjafræði lyfsala) og 3) fulltrúar stúdenta, tveir, sem setu eiga í háskólaráði, einn fulltrúi stúdenta á fundum hverrar deildar um sig, alls sex, einn fulltrúi frá félagi tannlæknanema og formaður Stúdentaráðs, eða alls 10 fulltrúar. Ef þessi tillaga nær fram að ganga, verður Háskóli Íslands sá norrænn háskóli, þar sem þátttaka stúdenta í stjórnun er ríkust.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um skipun háskólaráðs. Þar eru þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til, að stúdentar eigi tvo fulltrúa í háskólaráði í stað eins eftir gildandi lögum, og er vikið að því atriði í umsögn um 2. gr. Í öðru lagi er sú tillaga gerð, að þeir kennarar og starfsmenn rannsóknar- og háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, fái fulltrúa í háskólaráði. Sé hann tilnefndur af Félagi háskólakennara og raunar að því leyti fulltrúi háskólakennara í heild. Stendur stjórn félagsins óskipt að þeirri tillögu. Frekari athugun fer nú fram á aðstöðu þeirra kennara og starfsmanna, sem hér er um að ræða, og að svo vöxnu þykir réttmætt, að þeir fái fulltrúa á þessu stjórnunarstigi. Svo er þessu einnig háttað t. d. við norsku háskólana. Rétt þykir að ákveða í reglugerð um kjörtímabil fulltrúa stúdenta og fulltrúa tilnefnds af Félagi háskólakennara í háskólaráði, svo og að því er varðar fulltrúa stúdenta á deildarfundum sbr. 10. gr. frv. Þá á háskólaritari samkv. ákvæðinu sæti í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétti, en ekki hefur hann atkvæðisrétt.

Um 4. gr.

Hér er nauðsynleg orðalagsbreyting gerð á 5. gr. 2. málsgr. háskólalaga.

Um 5. og 6. gr.

Hér eru ákvæði um starfslið á skrifstofu Háskólans, verkaskiptingu meðal starfsmanna og um skipun í störf. Eðlilegt er, að því máli verði til hlítar skipað með stjórnvaldsreglum.

Um 7. gr.

Í 1. málsgr. er lagt til, að tvær breytingar séu gerðar varðandi háskóladeildir. Í fyrsta lagi er lagt til samkvæmt ósk verkfræðideildar, að heiti hennar sé breytt í verkfræði- og raunvísindadeild. Er það í samræmi við rýmkað starfssvið deildarinnar, því að nú fer fram kennsla í deildinni til B.A.-prófa í raungreinum, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og náttúrufræði. Í öðru lagi er lagt til, að stofnuð sé sérstök tannlæknadeild, þegar þrír prófessorar hafa verið skipaðir í tannlækningum. Þrjú prófessorsembætti eru við deildina, sbr. l. nr. 51/1962, en aðeins hefur verið skipað í eitt þeirra. Er vonandi, að úr því rætist, og eru þá öll rök til þess, að stofna skuli sérstaka tannlæknadeild. Svipuð tilhögun var á höfð, er viðskiptadeild var stofnuð, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1957 um Háskóla Íslands.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um rannsóknarstofnanir. Ýmsar reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur hafa verið settar um rannsóknarstofnanir, sbr. og almenna ákvæðið í 87. gr. háskólareglugerðar, en tryggilegra þykir að hafa ákvæði um þetta mikilvæga efni í háskólalögunum. Sá þáttur í starfsemi Háskólans, sem lýtur að rannsóknum, hlýtur að vaxa mjög alveg á næstunni. Æ meir mun sækja í það horf, að saman tengist rannsóknir og kennsla, og að kennsla fari fram í stofnunum, sem fjalla um rannsóknir (institútum). Háskólanum er nauðsyn á því, að rannsóknaraðstaðan sé bætt. Eðlilegt er, að rannsóknarstofnanir heyri að meginstefnu til

undir háskóladeild, en þó getur verið, að í sumum tilvikum sé rétt, að stofnun heyri undir háskólaráð, er þá leitar umsagnar deildar eða deilda, sem í hlut eiga. Eru ákvæði 2. málsgr. á þessu reist. Ekki þykir nauðsynlegt, að ráðherra setji sérstaka reglugerð um smærri stofnanir, heldur starfi þær eftir samþykktum, er háskólaráð setur.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um kennara og aðra starfsmenn Háskólans, er vinna að kennslu og rannsóknum. Er raunar ástæða til að benda á það hér, að hver kennari er rannsóknarmaður, og hvílir á honum mikil rannsóknarskylda. Greinir það að háskóla og aðra skóla, og veldur sá munur því, að háskólar eru allt annars konar stofnanir en aðrir skólar.

Lagt er hér til, að þeir starfsmenn Háskólans, sem hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi, greinist í þrjá flokka, prófessora, dósenta og lektora, og verði því dósentar og loktorar, sem eftirleiðis verða skipaðir, þeir einir, sem séu fastráðnir við Háskólann og hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Gert er ráð fyrir, að dósentar verði þeir einir skipaðir, sem hafi leyst af hendi vísindalegt rannsóknarstarf, og fjalli dómnefnd ávallt um hæfni þeirra, sbr. 9. gr. frv. Um kennsluskyldu þeirra fari sem segir í 18. gr. háskólalaga, og er byggt á því, að hún verði að öðru jöfnu mun meiri en prófessora, en þó svo að þeim gefist gott tækifæri til að helga sig rannsóknum. Á síðustu fjórum árum hafa verið skipaðir nokkrir lektorar, sem eru fastráðnir til kennslustarfa með tiltölulega mikilli kennsluskyldu, og taka þeir nú laun samkv. 23. launaflokki. Hefur tilkoma þessara starfsmanna leyst mikinn vanda, og tilhögun þessi gefist mjög vel. Lektorar samkv. þessu ákvæði yrðu menn með svipaða kennsluskyldu og lektorar hafa haft að undanförnu og með eigi lakari launakjörum en þeir njóta nú. Til þeirra yrðu ekki gerðar jafnmiklar hæfniskröfur sem dósenta, enda er gert ráð fyrir, að dósentar nytu hærri launa en lektorar. Háskólaráð telur, að stefna beri að því, að sem flestir kennarar verði fastráðnir til rannsókna og kennslu. Allt að einu verða allmargir kennarar stundakennarar á næstu árum. Heppilegt er að hafa sérstakt starfsheiti fyrir suma þeirra, sem t. d. kenna veigamikla grein og prófa í henni. Þessir kennarar hafa að undanförnu verið nefndir lektorar eða dósentar, og hafa hinir fyrrnefndu 4 kennslustunda skyldu, en hinir síðarnefndu 6 stunda. Samkv. framansögðu er gert ráð fyrir, að dósentar og lektorar séu fastráðnir menn í fullu kennarastarfi við Háskólann og þeir einir, og sú er einnig tilhögun við norræna háskóla. Í ákvæðinu er sú tillaga gerð, að nýtt starfsheiti sé tekið upp um þá kennara, sem ráðnir verða til tveggja ára hið skemmsta, og séu þeir nefndir aðjúnktar. Það heiti á háskólakennurum er t. d. tíðkað í Danmörku.

Ekki er gert ráð fyrir, að breyting verði á starfi dósents í lyfjafræði lyfsala.

Í 4. málsgr. er vikið að starfsheitum fastráðinna sérfræðinga á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum. Hefur það mál verið rætt nokkuð að undanförnu og þykir nauðsynlegt að fá heimild til að skipa því máli í reglugerð.

Í 5. málsgr. er lagt til, að núverandi dósentar og lektorar haldi starfsheitum sínum. Sérstaklega skal tekið fram, að ákvæðið raskar ekki starfssviði og stöðu dósents í lyfjafræði lyfsala.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skipun eða ráðningu í einstök embætti og störf, þ. á m. eru ákvæði um dómnefndir. Svo sem fyrr var greint, er lagt til, að dómnefndir fjalli nú ávallt um umsóknir um embætti dósenta auk embætta prófessora, en samkv. 5. málsgr. er heimilt að kveða svo á í reglugerð, að ákvæði um dómnefnd eigi einnig við um lektora og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir og aðrar háskólastofnanir.

Lagt er til, að dómnefnd sé heimilt að raða umsækjendum eftir hæfni. Ákvæðin eru á því byggð, að ýmist geti dómnefnd í heild sinni látið uppi álit eða einstakir dómnefndarmenn.

Um 10. gr.

Hér er svo kveðið á, að fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. málsgr., eigi rétt á setu á deildarfundum og hafi þar atkvæðisrétt, en háskóladeild geti veitt ýmsum öðrum kennurum rétt til setu á fundum og eftir atvikum atkvæðisrétt þar. Þá eru fulltrúar stúdenta tveir samkv. ákvæðinu. Um kjörtímabil þeirra, sjá aths. við 3. gr.

Nýmæli er, að heimilt sé að skipta deild í skorir um hinar ýmsu kennslugreinar, sem við er fengizt í deild, svo og að unnt sé að setja deild stjórnarnefnd (deildarráð). Þessum málum verður að skipa með reglugerðarákvæðum.

Um 11. gr.

Hér er gerð sú breyting, að ályktunarfæri deildarfunda er við það miðað, að eigi færri en helmingur atkvæðisbærra fundarmanna sæki fund (nú miðað við prófessora eina).

Um 12. gr.

Kennsluárið er samkv. 17. gr. frá 15. sept. til 15. júní. Nauðsynlegt er að fá heimild til þess að halda próf utan þessara tímamarka, t. d. þannig að haustpróf, sem nú eru tekin að tíðkast, geti hafizt 1. september. Við doktorspróf getur það einnig komið sér vel að hafa þau utan marka kennsluársins.

Um 13. gr.

Hér er lagt til, að heimilt sé að leysa rektor undan allri kennsluskyldu, en ekki aðeins helmingi hennar, svo sem nú er samkv. 18. gr. 2. málsgr. Er nauðsynlegt að fá þessa heimild lögfesta.

Um 14. gr.

Nokkur óvissa er um það, þegar t. d. prófessor er í orlofi, hvor sækja skuli fundi, hann eða staðgengill hans. Hér er lagt til, að sá háttur verði lögmæltur, að staðgengill taki sæti þess kennara, sem á setu og atkvæðisrétt á deildarfundi, ef staðgengill er settur til að gegna embættinu, en að öðrum kosti ekki.

Um 15. gr.

Allmargar umsóknir berast um námsvist frá erlendum stúdentum. Samkv. 21. gr. 2. málsgr. háskólalaga er það háskólaráð, sem metur, hvort umsækjandi fullnægi undirbúningskröfum til skrásetningar við Háskólann. Er hér lagt til, að rektor sé falið að meta það mál. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að samningar, er íslenzka ríkið kann að bindast, geta mælt fyrir um það, að stúdentspróf eða annað svipað próf frá tilteknum löndum sé jafngilt íslenzku stúdentsprófi.

Um 16. gr.

Að ósk Félagsstofnunar stúdenta var komið á árlegri skrásetningu stúdenta s. l. haust. Eru raunar miklar skólafarslegar nauðsynjar á slíkri tilhögun, því að Háskólanum er brýn þörf á að geta sagt með vissu, hverjir séu við nám hvert ár. Rétt þykir, að ákvæði um slíka skrásetningu sé beinlínis í háskólalögum og þá einnig ákvæði um viðurlög, ef skrásetningu er ekki sinnt. Ákvæði um þann þátt máls er í 17. gr. frv.

Um 17. gr.

Hér eru tvenn nýmæli. Annars vegar er kveðið á um framhaldandi námsvist stúdents, er lýkur t. d. B.A.-prófi, en heldur síðan óslitið áfram námi til annarra prófstiga, og hins vegar eru ákvæði um það, að stúdent falli af skrá, ef hann sinnir ekki boði um árlega skráningu, sbr. athugasemd við 16. gr.

Um 18. gr.

Í háskólareglugerð eru víða ákvæði um hámarkstímalengd í námi eða einstökum námshlutum, og í 61. gr. reglugerðar eru ákvæði sama efnis og í 2. og 3. málsgr.

þessarar greinar. Ákvæði 27. gr. háskólalaga eru stuttorð um þessi efni, og þykir tryggilegra að um þau séu bein ákvæði í háskólalögum.

Um 19. gr.

Heimild er nú til þess, að meistarapróf séu tekin upp í öðrum greinum en íslenzkum fræðum, og er því lagt til, að ákvæðið sé rýmkað frá því, sem er í 29. gr. 1. málsgr., en þar er það einskorðað við meistarapróf í íslenzkum fræðum.

Um 20. gr.

Í 29. gr. 3. málsgr. er kveðið svo á, að við próf þau, sem ekki teljist til fullnaðarprófs, skuli aðeins vera innanskóla prófdómandi eftir kvaðningu deildarforseta. Vinnan við þessi próf er orðin geysimikil í hinum stærri deildum, og þykir því eðlilegt, að við próf þessi sé prófdómandi utan skóla, en þetta er þó lagt á vald deildar eftir orðun ákvæðisins, er ekki skýtur loku fyrir, að einn prófdómandi sé utan Háskólans og annar innan hans, þegar svona stendur á. Um próf í forspjallsvísindum þykir rétt að kveða svo á, að við þau sé ávallt einn prófdómandi utan Háskólans.

Um 21. gr.

Óþarfa vafstur er að skjóta máli því, sem hér greinir, til úrskurðar háskólaráðs, og er lagt til, að deildarforseti skeri úr máli, að höfðu samráði við kennara í hlutaðeigandi grein.

Um 22. gr.

Um þetta atriði var rætt í umsögn um 9. gr. frv.

Um 23. gr.

Um 1. málsgr. er þess að geta, að hér eru talin upp þau prófessorsembætti ein, sem nú hafa verið lögfest, þ. á m. nokkur embætti, sem frestað hefur verið lögum samkvæmt að veita. Bent skal á að samkvæmt 1. gr. laga nr. 27/1967 skal ekki veita 6. embættið í lagadeild fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sá fyrirvari enn við, en ekki þykir ástæða til að greina hann í lagatextanum.

Háskólaráði virðist, að ekki sé þörf á að setja lög um hvert einstakt prófessorsembætti, sem stofna á, og sé eðlilegra, að það velti á mati menntamálaráðherra og fjárveitingarvaldsins, hvort slík embætti verði stofnuð, og verði það a. m. k. höfuðreglan. Bent skal á í því sambandi, að embætti yfirlækna við ríkisspítala þarf ekki að stofna með lögum, og taka þeir þó laun samkv. 26. launaflokki.

Um 24. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og sett ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði þessi hafa verið rædd sérstaklega við formann Stúdentaráðs Háskólans, að því er tekur til stúdenta.

Fylgiskjal.

Greinargerð frá stjórn stúdentaráðs um afgreiðslu háskólaráðs á tillögum stúdentaráðs um aukna þátttöku stúdenta í stjórn háskólans.

1. Stúdentaráð gerði að tillögu sinni, að stúdentar fengju 2 fulltrúa með fullum réttindum á deildarfundum og 2 fulltrúa með fullum réttindum í háskólaráði. Háskólaráð hefur fallizt á hvort tveggja, og vill stjórn stúdentaráðs lýsa ánægju sinni með þá niðurstöðu.

2. Stúdentaráð gerði að tillögu sinni, að stúdentar fengju að ráða 25% atkvæða við rektorskjör. Háskólaráð hefur fallizt á, að 10 kjörmenn stúdenta skuli

taka þátt í rektorskjöri. Með þeim hætti fá stúdentar nokkur áhrif á kjör rektors, en þó munu þeir ráða nokkru minni hluta atkvæðamagns en gert var ráð fyrir í upphaflegum tillögum stúdentaráðs.

Í upphaflegum tillögum stúdentaráðs var ekki sett fram ákveðin stefna í því, **á hvern hátt** skyldi velja kjörmenn stúdenta. Á stúdentaráðsfundi 20. febrúar sl. var samþykkt svohljóðandi tillaga: „Stúdentaráð ályktar, að kjörmenn stúdenta við rektorskjör verði valdir af stúdentaráði, hver svo sem fjöldi þeirra verður. Gætt verði þess, að allar deildir fái kjörmenn". — Sú hugmynd lá að baki þessarar ályktunar, að eðlilegt væri, að stúdentaráð annaðist um val kjörmanna, þar sem það væri fulltrúi stúdentaheildarinnar. Háskólaráð taldi sig ekki geta gengið að þessu, en lýsti vilja sínum til þess, að kjörmenn stúdenta yrðu sem hér segir: 2 fulltrúar stúdenta, sem sæti eiga í háskólaráði, formaður stúdentaráðs og 1 fulltrúi úr hverri deild háskólans, og skyldi sá vera annar af tveimur fulltrúum viðkomandi deildarfélags á deildarfundum. Stjórn stúdentaráðs fól formanni ráðsins að gera þær athugasemdir við þessar tillögur, að eðlilegt hlyti að teljast, að tannlæknanemar hefðu sérstakan fulltrúa í kjörmannaráði, þótt tannlæknadeild sé ekki sérstök deild að lögum enn sem komið er. Auk þess væri nauðsynlegt, að kjörmenn deildanna væru valdir sérstaklega til þess starfa, en fulltrúi viðkomandi deildarfélags á deildarfundum væri ekki sjálfkrafa kjörmaður stúdenta sinnar deildar við rektorskjör. Formaður stúdentaráðs gerði háskólarektor grein fyrir þessum sjónarmiðum, og féllst hann á að bera þau fram á háskólaráðsfundi.

Stúdentaráðsfundur 7. marz 1969 fjallaði enn nokkuð um þetta mál. Þar lýstu stúdentaráðsliðar þeirri skoðun sinni, að féllist háskólaráð ekki á, að stúdentaráð veldi kjörmenn einstakra deilda, væri eðlilegra að þeir væru kosnir til þess starfs sérstaklega á fundum í einstökum deildum en fulltrúi deildarfélags á deildarfundum væri sjálfkrafa kjörmaður.

Háskólaráð hefur nú afgreitt þetta mál fyrir sitt leyti og fallizt á, að tannlæknanemar fái sérstakan kjörmann með sérákvæðum, unz sérstök tannlæknadeild verður stofnuð. Hins vegar féllst háskólaráð ekki á, að stúdentaráð veldi kjörmenn stúdenta úr einstökum deildum, né heldur að þeir yrðu kosnir til þessa starfs sérstaklega á deildarfélagsfundi. Hélt háskólaráð fast við það, að kjörmaður frá stúdentum í hverri deild skyldi vera annar af tveimur fulltrúum deildarfélagsins á deildarfundum.

Stjórn stúdentaráðs lýsir yfir miklum vonbrigðum með það, að háskólaráð skuli ekki hafa treyst sér til að ganga lengra til móts við óskir stúdenta um þetta atriði. Vill stjórnin taka það skýrt fram, að þær tillögur, sem háskólaráð sendir frá sér um þetta eru alls ekki sameiginlegar tillögur háskólaráðs og stúdentaráðs. Hins vegar fer stjórnin ekki fram á, að ráðherra eða Alþingi breyti tillögum háskólaráðs um þetta deiluatriði, enda hefur hún ekki umboð stúdentaráðs til þess. Til grundvallar þeirri afstöðu liggur sú skoðun stúdentaráðsmanna, að háskólinn eigi að vera sem sjálfstæðastur, og því beri ríkisvaldinu og Alþingi jafnan að skipa málum háskólans á þann hátt, sem stjórnendur hans telja réttast á hverjum tíma. Stjórn stúdentaráðs telur því ekki ábyrga stefnu að reyna að hafa áhrif á málefni háskólans með því að beita fyrir sig valdboði að ofan, heldur vill hún stuðla að því, að stúdentar hafi góð áhrif á stefnu og starf háskólans með því að taka ábyrgan þátt í stjórn hans innan frá. Markmið tillagna stúdentaráðs um aukna þátttöku stúdenta í stjórn háskólans var **samvinna** en ekki **sundrung.**

Í stjórn stúdentaráðs 14. marz 1969,

Höskuldur Þráinsson, stud. phil., formaður.

Guðjón Magnússon, stud. med., varaformaður.

Páll Jensson, stud. polyt. Helgi Bjarnason, stud. polyt.

Björgvin B. Schram, stud. oecon.

Sþ. **394. Tillaga til þingsályktunar** [196. mál]

um endurskoðun á hlutverki Landnáms ríkisins, félagsræktun og heykögglagerð.

Flm.: Jónas Jónsson, Ásgeir Bjarnason, Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa 5 manna nefnd til að endurskoða ákvæði um starfssvið Landnáms ríkisins með tilliti til breyttra aðstæðna. Í nefndina verði skipaður einn maður eftir tilnefningu hvers eftirtalinna aðila: Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, Nýbýlastjórnar og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin taki m. a. til athugunar og geri tillögur um eftirfarandi atriði:

1. Aukinn stuðning við félagsræktun, þar sem hennar er þörf, enda sé hún á vegum sveitarfélaga, búnaðarfélaga, búnaðarsambanda eða sérstakra ræktunarfélaga.
2. Aðild ríkisins að og/eða stuðning við heykögglaverksmiðjur og fóðurvinnslu úr innlendu hráefni.
3. Möguleika á því að koma upp fóðurbirgðastöðvum í sambandi við félagsræktun og heykögglagerð.

Nefndin hlutist til um, að nauðsynlegar faglegar athuganir verði gerðar og rannsóknum hraðað á þessum sviðum.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um starfsemi Landnáms ríkisins er að finna í lagabálki um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þau eru að stofni til frá 1946, en hefur lítillega verið breytt síðan.

Landnámið hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna við að veita aðstoð við hagræðingu byggðar í landinu, þótt eins og sakir standa sé minna horft til raunverulegs landnáms. Nýbýlastofnanir eru nú færri en áður, en meira er horfið að félagsrekstri á jörðum, sem borið geta meira en einnar fjölskyldubú. Við þetta hefur nokkuð létt á Landnáminu, og er því ekki óeðlilegt, að því séu fengin önnur verkefni, sem brýn eru fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina.

Félagsræktun hefur verið framkvæmd á allmörgum stöðum á landinu og gefizt vel. Hún hefur orðið lyftistöng heilla sveita og héraða. Sérstaklega er hér hugsað til félagsræktunar á söndum í Skaftafellssýslum, sem notið hefur nokkurs stuðnings frá Landgræðslu ríkisins, enda er þar jafnframt um sandgræðslustarf að ræða.

Víðar hefur félagsræktun komizt í kring, og vitað er um, að mikill áhugi er á henni í mörgum þeim héruðum, sem fyrir mestum áföllum hafa orðið af völdum kals og grasbrests að undanförnu.

Sjaldan eða aldrei kelur svo illa yfir heil héruð, að ekki séu nokkrir hlutar þeirra, sveitir eða sveitarhlutar, sem betur sleppa. Þannig mætti velja félagsræktun staði, að þar yrði minni kalhætta en á miklum hluta túna bænda. Þá kelur oft eitt árið við ákveðin skilyrði, t. d. nær sjó, og annað árið meira til landsins. Minni kalhætta er á þeim túnum, sem aðeins eru einslegin og aldrei beitt.

Þannig má leiða að því mörg rök, að félagsræktun gæti orðið til meiri tryggingar en samsvarandi ræktun hjá einstökum bændum. Við félagsræktun á samfelldum svæðum verður ræktunar- og girðingarkostnaður minni á hvern hektara. Einstakir bændur mundu heyja þessi ræktunarlönd annaðhvort í samvinnu eða hver fyrir sig.

Eðlilegt væri, að slík ræktun hlyti hlutfallslega sama stuðning og ræktun hjá bændum, sem hafa minna en 25 ha. tún.

Í landinu eru nú þrjár hraðþurrkunarstöðvar fyrir gras: Ein í eigu S. Í. S. og önnur í eigu einstaklinga, þær framleiða aðeins grasmjöl. Þriðja stöðin, í Gunnarsholti, er í eigu ríkisins, rekin undir nafninu „Fóður- og fræframleiðslan í Gunnarsholti", hún getur einnig framleitt svonefnda heykögglа. Verksmiðjunni „Fóður og fræ" hefur verið komið upp án fjárveitinga á fjárlögum eða sérstakrar lagaheimildar. Rekstur hennar hefur mjög hvílt á Landnámi ríkisins og starfsmönnum þess. Það hefur lagt af mörkum nokkurt lánsfé til framkvæmdanna. **Eðlilegast virðist, að þessi stofnun heyri formlega undir ákveðin lög og að sömu stofnun verði falið að hafa forgöngu af ríkisins hálfu um að gera frekari tilraunir með rekstur á þessu sviði.**

Að tillögu Búnaðarþings 1965 fól stjórn Búnaðarfélags Íslands tveimur af starfsmönnum sínum, Ásgeiri L. Jónssyni og Jónasi Jónssyni, ásamt Páli Sveinssyni landgræðslustjóra, að gera athugun á því, hvort hagkvæmt væri að beita hraðþurrkun til fóðuröflunar hér á landi. Í skýrslu, sem þeir gáfu Búnaðarþingi 1968, er að finna yfirlit um þróun þessara mála hér og í Danmörku og Noregi og þann árangur, sem hér hefur náðst, borið saman við reynslu Dana og Norðmanna. Hér fer á eftir stuttur útdráttur úr niðurstöðum í skýrslu þeirra.

1. Það kemur í ljós, að við hraðþurrkun varðveitist fóðurgildi jurtanna svo vel, að fóðrið liggur á mörkum þess að vera talið gróffóður og kraftfóður. (Að meðaltali þurfti 1.4 kg í hverja fóðureiningu af heykögglum frá Gunnarsholti 1968). Með þessari framleiðslu má því spara kraftfóðurkaup verulega.
2. Á Norðurlöndum eru menn farnir að gera sér vonir um það, að hraðþurrkun og kögglun geti leyst af hólmi aðrar verkunaraðferðir á grasfóðri, svo sem útiþurrkun og votheysgerð.
3. Rúmþyngd köggla er miklu meiri en annars fóðurs úr grasi, og eru þeir því bæði betur fallnir til geymslu og flutninga vegna þess, hve lítið rými þeir taka miðað við fóðurmagn.
4. Nýjar verksmiðjur hafa yfirleitt farið stækkandi á undanförnum árum, og reynast þær hagkvæmari. Eftir upplýsingum frá Danmörku og norskum áætlunum virtust hagkvæmastar verksmiðjur, sem voru með 8.5 smál. vatnseimingargetu á klst., en það er um það bil fjórföld stærð verksmiðjunnar í Gunnarsholti. Slíkar verksmiðjur þyrftu 500—600 ha. land til umráða. Slíkar verksmiðjur kostuðu á gengi 1968 sem svaraði 18—20 millj. kr.
5. Framleiðslutími virtist geta orðið svipaður hér á Suðurlandi og áætlað er í Noregi, eða um 2000 stundir á ári, en litlu færri norðanlands, en þar mundi það sennilega vinnast upp vegna meiri þurrviðra í þeim landshluta.
6. Olíukostnaður reyndist ekki vera meiri hér en á Norðurlöndum, en hann var frá 38—49 aurar á hvert kg framleiðslu árin 1964—67 í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli. Raforka til framleiðslunnar virtist aftur á móti vera þrisvar til fjórum sinnum dýrari hér en á Norðurlöndum.
7. Fjármagnskostnaður virtist allt að því helmingi hærri hér en á Norðurlöndum, en rök voru leidd að því, að hann gæti lækkað mjög mikið með hagkvæmari verksmiðjustærðum og betri nýtingu á verksmiðjunum.

Niðurlagsorð nefndrar skýrslu eru þessi:

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að athuga nánar alla þessa möguleika hér á landi. Nauðsynlegt er, að gerðar verði nákvæmar kostnaðaráætlanir fyrir heykögglaverksmiðjur af mismunandi stærðum. Þá fari og fram athugun á því, hvaða staðir henta fyrir slíkar verksmiðjur, og út frá því, hvað eðlilegt sé, að þær verði fyrst um sinn margar. Að lauslega athuguðu máli teljum við eðlilegt, að verksmiðjan í Gunnarsholti verði látin anna svæðinu frá Skeiðarársandi að Gilsfjarðarbotni. Í Gunnarsholti er sem kunnugt er mjög mikið landrými. Þar er völ ca. 1000 ha., sem nú er graslendi, og auk þess 2000—3000 ha. sandar.

En í öðrum landshlutum yrðu verksmiðjur reistar, eftir því sem hentugir staðir

leyfðu, er hentuðu aðliggjandi héruðum, t. d. ein eða tvær á Austurlandi og tvær á Norðurlandi og e. t. v. fjórða á Vestfjörðum.

Þar sem mikið fjármagn þarf til að koma upp fullkomnum verksmiðjurekstri, en ástand er nú þannig í fóðuröflunarmálum, að víða virðist þörf fyrir aukna ræktun, virðist það eðlilegast, að fyrst yrði hafizt handa um ræktun á þeim stöðum, sem líklegastir eru fyrir verksmiðjurekstur. Nauðsynlegt er fyrir okkur að fylgjast vel með tæknilegum framförum á þessu sviði og skapa okkar eigin reynslu af þeirri tækni, sem bezt er hverju sinni.

Fylgiskjal.

Erindi Búnaðarsambands Vestfjarða um fóðurforðabúr á Vesturlandi og erindi Þórarins Kristjánssonar og Gísla Magnússonar um fóðurtilraunir með heyköggla o. fl.

Ályktun.

Búnaðarþing telur það þjóðarnauðsyn að efla framleiðslu landsmanna til útflutnings og gera hana fjölbreyttari. Enn fremur leggur Búnaðarþing sérstaka áherzlu á, að öll sú framleiðsla í landinu, sem dregur úr innflutningi, verði efld með öllum tiltækum ráðum. Búnaðarþing vill í þessu sambandi benda á eftirfarandi:

I. Að heykögglaverksmiðjan „Fóður og fræ", sem rekin hefur verið í tengslum við Landnám ríkisins, verði efld, þar sem reynsla bendir ótvírætt til, að með notkun heyköggla megi spara erlendar fóðurvörur til verulegra muna.

II. Jafnframt lítur Búnaðarþing svo á, að nú þegar beri að gera áætlanir um staðsetningu kögglaverksmiðja, sem reistar væru með tilliti til hæfilegra flutningsleiða fyrir notendur framleiðslunnar, og þess jafnframt gætt, að þeir staðir væru valdir, er ætla má, að verði áfallaminnstir í ræktun og árlegum rekstri. Þá skulu sérstaklega athugaðar leiðir til úrbóta, þar sem öflun heyfóðurs er erfið og kal hefur eyðilagt stórlega tún bænda undanfarin ár.

III. Þá telur Búnaðarþing nauðsyn á, að hafnar verði á komandi hausti fóðurtilraunir með heyköggla, svo svarað verði, að hve miklu leyti þeir geti komið í stað kolvetnaauðugs fóðurbætis.

IV. Að Landnám ríkisins beiti sér fyrir ræktun á eignarlandi sínu sem víðast um landið og kaupi land í þessu skyni sem næst þeim byggðarlögum, þar sem bændur hafa of lítið ræktanlegt land á jörðum sínum, og yrði landið leigt út til bænda á félagslegum grundvelli og gæti það síðar orðið undirstaða undir heykögglaframleiðslu.

V. Búnaðarþing felur því stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því við landbúnaðarráðherra og í fullu samráði við Landnám ríkisins, að útvegað verði nauðsynlegt fjármagn í þessu skyni og breytingu á lögum eða setningu laga, ef þurfa þykir, sem geri Landnámi ríkisins kleift að annast þau verkefni, sem lúta að aukinni heykögglaframleiðslu og félagsræktun.

Greinargerð.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga hjá fyrrverandi landnámsstjóra um efnagreiningar á heykögglum frá árinu 1967 framleiddum í heykögglaverksmiðjunni í Gunnarsholti, einnig um framleiðslukostnað.

Efnagreiningar sýna, að hér er um kolvetnafóður að ræða Ca/P hlutfall 0.72—2.17 — eða meginhluti framleiðslunnar frá 1.0—1.86 Ca/P hlutfall, og reiknað fóðurgildi var að meðaltali um 1.4 kg í f.e.

Protein s. l. sumar var frá 14.63%—19.12% og fór heldur minnkandi, er á leið sumarið, ef á heildina er litið.

Gjaldeyriskostnaður hverrar innfluttrar f.e. miðað við janúar 1969 er um kr. 6.54. Samkvæmt því nemur gjaldeyrisverðmæti fóðurkögglaframleiðslunnar 1968, er nam 436729 f.e., kr. 2856208. Sé gjaldeyriskostnaður framleiðslunnar frá dreginn, verður gjaldeyrissparnaður á framleiðslu verksmiðjunnar „Fóður og fræ“ árið 1968 2 millj. kr.

Er ljóst af þessum upplýsingum, að möguleikar til gjaldeyrissparnaðar gætu orðið verulegir, ef horfið væri að því ráði að stórauka framleiðslu heyköggla og með því að starfræktar væru fleiri heykögglaverksmiðjur úti um land.

Enda þótt fram hafi farið rannsóknir á efnainnihaldi þessa fóðurs, sem benda í þá átt, að mjög lítið efnatap verði við hraðþurrkun heys, telur nefndin mjög mikilsvert, að fóðurtilraunir verði gerðar og með þeim kannað til hlítar, að hve miklu leyti heykögglar gætu komið í stað innflutts kolvetnafóðurs.

Eins og kunnugt er, hefur félagsræktun verið framkvæmd á nokkrum stöðum á landinu og reynzt þeim, sem það hafa gert, sannkölluð lyftistöng. Stórfelldastar hafa þessar félagsframkvæmdir verið á söndunum í Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu, og hefur þar komið til öflugur stuðningur Landgræðslu ríkisins.

Vitað er, að áhugi og þörf er fyrir slíka félagsræktun víða um land, og hafa allmargir aðilar leitað til Landnáms ríkisins um forustu og fjárhagslegan stuðning. Búnaðarþing telur því, að hér sé um að ræða eðlilegt og sjálfsagt verkefni Landnáms ríkisins, enda hefur landnámsstjóri í viðtali við nefndina sýnt málinu áhuga og skilning.

Gísli Magnússon. Friðbert Pétursson. Hjalti Gestsson. Magnús Sigurðsson.

Þórarinn Kristjánsson. Össur Guðbjartsson.

Nd. 395. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta á sér engin fordæmi. Með því er lagt til, að stofnað verði við heimspekideild Háskóla Íslands nýtt prófessorsembætti í fræðigrein, sem ekki er akademísk; í annan stað er lagt til, að embættið sé tengt við nafn ákveðins manns án umsóknar og þeirrar könnunar, sem gert er ráð fyrir í lögum um Háskóla Íslands. Fráleitt virðist að hafa þennan hátt á, nema um málið sé almenn samstaða milli Alþingis og Háskóla Íslands. Nú er hins vegar komið í ljós, að svo er ekki; heimspekideild Háskóla Íslands hefur einróma lagzt gegn því, að þessi háttur verði á hafður. Í því sambandi er vert að minna á, að í 12. grein laga um Háskóla Íslands segir svo: „Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, **samkvæmt tillögu háskóladeildar** og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.“ Því verður að telja, að forsendurnar fyrir flutningi þessa máls séu brostnar, og hefði verið eðlilegast, að ríkisstjórnin drægi frumvarp sitt til baka. Sú virðist þó ekki vera ætlun ríkisstjórnarinnar, og leggjum við því til, að frumvarpið verði fellt.

Álitsgerð heimspekideildar Háskóla Íslands er prentuð með nefndaráliti meiri hlutans; hér er prentað sem fylgiskjal bréf frá stúdentaráði Háskóla Íslands sem vísbending um afstöðu háskólastúdenta.

Alþingi, 24. marz 1969.

Magnús Kjartansson, frsm. Sigurvin Einarsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 19. febrúar 1969.

Frumvarp liggur nú fyrir Alþingi þess efnis, að stofnað verði prófessorsembætti í ættfræði við H. Í. tengt nafni Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda, og skal prófessor sitja í heimspekideild.

Það er álit S. H. Í., að brýnni þörf sé á stofnun prófessorsembætta í ýmsum öðrum háskólagreinum en ættfræði, enda hefur H. Í. gert ítarlegar tillögur þar að lútandi. Þá bendir S. H. Í. á tillögur erfðafræðinefndar um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við læknadeild í tengslum við erfðafræði.

S. H. Í. ætlur þann hátt, sem hafður er á um stofnun þessa embættis. Ákveðnar reglur gilda um veitingu prófessorsembætta við H. Í., svo sem um skipun dómnefndar og álit viðkomandi háskóladeildar á hæfni umsækjanda til að gegna embættinu. Sé þess óskað að heiðra einhvern fræðimann með stofnun persónulegs prófessorsembættis, verður að teljast eðlilegt að leita umsagnar viðkomandi háskóladeildar.

Af ofangreindum ástæðum mælir S. H. Í. gegn því, að frumvarpið nái fram að ganga í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

f. h. S. H. Í.

Höskuldur Þráinsson,
form.

Til: menntamálaráðuneytis
alþingismanna
háskólaráðs

Nd. 396. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   12. gr. laganna breytist sem hér segir:
   a. 1.—4. mgr. orðist svo:
      Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:
      a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.
      b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

      Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

      Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

      Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.
   b. 6. mgr. falli niður.

2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   14. gr. laganna breytist sem hér segir:
   a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.
   b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

3. Við 16. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
   4. mgr. 1. tölul. orðist svo:
   Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Nd. 397. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Sigurvin Einarssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

2. Við 9. gr. Á eftir 3. efnismálsgrein greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Verði ungmenni, innan 20 ára aldurs, uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt hafi eða veitt því áfengið, og skulu hinir seku sæta refsingu samkvæmt 45. gr. þessara laga.

Ed. 398. Lög [15. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 370.

Nd. 399. Lög [11. mál]

um Listasafn Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 381 (sbr. 11).

Nd. 400. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum um sauðfjárbaðanir, nr. 23 27. apríl 1959.

Flm.: Jónas Pétursson, Björn Pálsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun, ef um það er að ræða.

Böðun skal fara fram á tímabilinu 1. nóv. til 1. maí annað hvert ár, ef ekki er um kláða að ræða.

Eigendur eða umráðendur sauðfjár skulu hafa nothæfan útbúnað til böðunar eða greiða þann kostnað, sem af hæfum útbúnaði leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir nægum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hefur þá eina breytingu í för með sér, að böðun skal lokið fyrir 1. maí í staðinn fyrir 1. marz. Flest fjárhús eru byggð þannig, að veggir eru úr steini og þök úr bárujárni. Þau eru því mjög köld, þegar mikil frost eru. Óhagkvæmt er því og jafnvel ekki hættulaust að baða þann tíma vetrar, sem frost eru mest. Venjulega er sá tími janúar og febrúar. Vegna fjárins er sennilega bezt að baða að haustinu eða áður en vetrarfrost byrja, en því verður tæpast við komið. Sauðfjárslátrun stendur þá yfir og fjárheimtur misjafnar. Sé veðrátta mild í nóvember og desember, er fé víðast hvar látið liggja úti. Sé baðað á því tímabili, vantar vanalega eitthvað af fé, sem verður þá endanlega óbaðað. Oft getur því verið hagkvæmt að baða í marz eða apríl. Veðrátta er þá undantekningarlítið farin að hlýna, auðveldara er að ná í vatn, birtutími er lengri, svo að hægara er að framkvæma verkið. Bændur fá meiri ull af fé sínu, ef baðað er á þeim tíma, en fyrri hluta vetrar, því að kindur týna þá síður ull. Samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi, er raunverulega bannað að baða þá mánuði ársins, sem stundum getur verið hagkvæmast að baða. Við viljum, að þeim ákvæðum sé breytt. Þessi atriði hafa verið rædd við yfirdýralækni og búnaðarmálastjóra, og hefur okkur skilizt á þeim, að þeir álíti þessa breytingu til bóta.

Nd. 401. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta var flutt í samráði við háskólaráð, sem ræddi efni þess á fundum 4. apríl og 27. ágúst s. l. Nefndin sendi frv. þó til umsagnar Háskóla Íslands.

Háskólaráð leitaði álits heimspekideildar, og snerist hún gegn frv. Þrátt fyrir það mælir ráðið með frv., en leggur á það áherzlu, að umrætt prófessorsembætti verði í lagadeild. Enn fremur óskar háskólaráð eftir, að fram komi í lagatextanum, að

ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 varðandi aldurshámark starfsmanna ríkisins eigi við prófessorsembætti þetta.

Meiri hluti menntamálanefndar leggur í samræmi við vilja háskólaráðs til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað síðasta málsl. 1. gr. komi:

Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um aldurshámark starfsmanna ríkisins eiga við embætti þetta.

Alþingi, 25. marz 1969.

Benedikt Gröndal, form., frsm. | Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. | Birgir Kjaran.

Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 17. marz 1969.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands (stofnun prófessorsembættis í ættfræði).

Hjálagt leyfi ég mér að senda háttvirtri menntamálanefnd neðri deildar Alþingis ofangreinda umsögn. Háskólaráð leitaði áður umsagnar heimspekideildar, og fylgir umsögn deildarinnar umsögn háskólaráðs.

Virðingarfyllst,

Ármann Snævarr,
rektor.

Til menntamálanefndar
neðri deildar Alþingis,
Rvík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 7. marz 1969.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar Háskólans um frumvarp til laga um breytingu á háskólalögum, en efni þess er að mæla fyrir um stofnun prófesorsembættis í ættfræði, er tengt sé nafni Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda. Þar sem svo er kveðið á í frumvarpinu, að prófessorinn skuli eiga sæti í heimspekideild, óskaði háskólaráð eftir umsögn heimspekideildar um málið, áður en gengið væri frá áliti háskólaráðs. Fylgja gögn þau, er bárust frá heimspekideild, eftirfarandi umsögn háskólaráðs.

Á fundum háskólaráðs hinn 4. apríl og 27. ágúst s. l. var um það rætt að óska

eftir stofnun prófessorsembættis í ættfræði hér við Háskólann, og var þá haft í huga að tengja það við nafn Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda. Síðustu ár hefur starfað hér við Háskólann erfðafræðinefnd, sem fjallað hefur um grundvallarrannsóknir í mannerfðafræði. Hefur starf nefndarinnar einkum fram að þessu horft að því að taka upp á spjöld nöfn Íslendinga úr manntölum og öðrum heimildum, en þetta verk er grundvöllur undir margháttaðar mannfræðilegar athuganir og rannsóknir. Um svipaða skráningu eru fyrirmæli í lögum nr. 30/1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi, en samkv. þeim lögum er æviskrárritara falið að annast þetta starf. Af hálfu erfðafræðinefndar var á það bent, að hér væri um tvíverknað að ræða, en störf nefndarinnar fram til þessa hafa verið unnin með meiri hraða en vænta má samkv. þeirri tilhögun, sem ráð er fyrir gert í lögum nr. 30/1956. Var talið rétt að freista þess að tengja þessa starfsemi saman með nokkrum hætti. Í viðræðum við menntamálaráðherra setti hann fram hugmynd um að breyta æviskrárritarastarfi í prófessorsembætti í ættfræði, og tók háskólaráð vel í þá hugmynd, enda væri embættið bundið við nafn Einars Bjarnasonar, sem leyst hefur af hendi mikilvægt rannsóknarstarf í ættfræði. Er og alls ekki sagt, að völ sé á hæfum manni í slíkt prófessorsembætti síðar meir, og þótti því nauðsynlegt að binda embættið við nafn. Háskólaráð batt fylgi sitt við þessa hugmynd þeim fyrirvara, að tryggt væri, að fjárveiting til embættisins bitnaði ekki á öðrum prófessorsembættum, en eins og kunnugt er hefur orðið frestur á veitingu ýmissa embætta, sem stofnuð hafa verið með lögum, og önnur embætti, sem voru á áætlun Háskólans um kennarafjölgun, hafa ekki verið lögfest. Þessum skildaga telur háskólaráð að megi treysta, enda er hér um það að ræða, að fé til æviskrárritaraembættisins sé varið til prófessorsembættisins, og fæst með þeim hætti meginstofninn í fjárveitingar til embættisins. Á það ber þó að leggja áherzlu, að þessu rannsóknarembætti, sem svo verður að höfuðstefnu til, verður að afla góðrar aðstöðu til vinnubragða og liðsinnis við úrvinnslu. Gert er ráð fyrir, að prófessorinn starfi í náinni samvinnu við erfðafræðinefnd og verði ráðunautur nefndarinnar um öflun og úrvinnslu ættfræðigagna. Auk þessa ætti hann að flytja fyrirlestra bæði fyrir stúdenta og almenning eftir því, sem nánar verður ákveðið síðar.

Í ályktun háskólaráðs hinn 27. ágúst s. l. voru samþykkt drög að frumvarpi um framangreint efni. Er það sama efnis og ofangreint frumvarp, nema um það atriði, að samkv. tillögu háskólaráðs skyldi prófessorinn eiga sæti í lagadeild. Stafar það einkum af því, að Einar Bjarnason er lögfræðingur að mennt, og hér er fyrir að fara persónulegu prófessorsembætti. Hér kemur það einnig til, að ættfræðirannsóknir hans tengjast að ýmsu leyti réttarsögu, og mundu fyrirlestrar hans ekki síður koma stúdentum í réttarsögu að gagni en stúdentum í sagnfræði. Vill háskólaráð ítreka þennan þátt í samþykkt sinni, en þessu atriði í afgreiðslu háskólaráðs var breytt, án þess að það væri borið formlega undir Háskólann.

Háskólaráð leggur áherzlu á það, að yfirleitt verði prófessorsembætti ekki veitt, nema dómnefnd fjalli um hæfni prófessors, en telur þó, þegar alveg sérstaklega stendur á, að unnt sé samkv. tillögu háskóladeildar og háskólaráðs að stofna persónuleg prófessorsembætti, án þess að sú leið sé farin, þótt slíkt verði fágætt. Getur vissulega verið mikilvægt að tengja vísindamenn við Háskólann með þessum hætti.

Með hliðsjón af umsögn heimspekideildar og með vísan til fyrri afstöðu háskólaráðs leggur háskólaráð á það megináherzlu, að prófessorinn eigi sæti í lagadeild. Háskólaráð leyfir sér að óska eftir því, að það komi skýrt fram í lagatextanum, að ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 varðandi aldurshámark starfsmanna ríkisins eigi við um prófessorsembætti þetta.

Virðingarfyllst,

Ármann Snævarr,
rektor.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 29. janúar 1969.

Herra rektor,

Heimspekideild hefur fjallað um frumvarp til laga um stofnun persónulegs prófessorsembættis í ættfræði við deildina, sbr. bréf menntamálanefndar neðri deildar Alþingis frá 16. des. s. l. Ályktun deildar sendist hér með, svo og umsögn sagnfræðinga hennar.

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðnason,
deildarforseti.

Til rektors
Háskóla Íslands.

TILLAGA

Heimspekideild hefur borizt til umsagnar frumvarp um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við deildina, er tengt verði nafni Einars Bjarnasonar.

Um leið og deildin harmar, að mál þetta skuli hafa verið borið fram, án þess að nokkurt samráð væri haft við deildina, vill hún taka fram eftirfarandi:

1. Deildin telur, að enda þótt segja megi, að fræðigrein sú, sem hér er um að ræða, hafi nokkra sérstöðu hérlendis, þá sé hún ekki þess eðlis, að hún geti verið sjálfstæð háskólagrein, með sérstöku prófessorsembætti, enda er deildinni ekki kunnugt um, að við nokkurn háskóla, stóran eða smáan, sé prófessorsembætti í greininni né sérstök kennarastaða af öðru tagi.

2. Deildin bendir á, að lítil sem engin verkefni yrðu fyrir prófessorinn við kennslu í greininni, auk þess sem óljóst er, hvernig hún félli inn í prófskipan deildarinnar. Sé það hins vegar ætlun hins háa Alþingis að stofna til hreins rannsóknarembættis við deildina, telur deildin, að aðrar fræðigreinar ættu að ganga fyrir, og er hún reiðubúin að gera tillögur þar að lútandi, ef þess verður óskað.

3. Deildin getur ekki fallizt á stofnun prófessorsembættis af þessu tagi, á meðan ekki hefur verið orðið við tilmælum deildarinnar um embætti og stöður í þeim greinum, sem þegar fer fram starfsemi í á vegum deildarinnar eða áætlanir eru um. Hefur deildin á undanförnum þremur árum gert tillögur til yfirvalda um stofnun þriggja prófessorsembætta og einnar lektorsstöðu (fulls starfs), án þess að þær tillögur hafi náð fram að ganga. Er því svo komið, að tvísýnt er, hvort unnt verður að halda uppi fullnægjandi kennslu og prófum í sumum þeim greinum, sem eru á vegum deildarinnar, og að nokkru er þessa raunar nú þegar ekki kostur. Auk þessa má geta, að í tillögum deildarinnar til háskólanefndar um aukið kennaralið á næstu 7 árum (til 1975) er gert ráð fyrir 19 lektorsstöðum til viðbótar (sem sumum hverjum mætti breyta í prófessorsembætti síðar), þar af 5 á næstu tveimur árum (1969—1970).

4. Þá vill deildin vefengja frá sjónarmiði Háskólans gildi þeirrar röksemdar, sem fram hefur komið, að stofnun þessa embættis hefði hverfandi lítinn aukakostnað í för með sér. Þegar stjórnarvöld telja sér ekki fært að verða við kröfum Háskólans um aukna starfsemi, eru fyrstu rökin að jafnaði þau að vísa til aukningar á kennaraliði Háskólans í heild, í hundraðshlutum á ákveðnu árabili, svo og til aukningar á heildarfjárveitingum til skólans. Verði þetta embætti stofnað, er að áliti deildarinnar ekki vafi á, að talið verður, að prófessorum hafi fjölgað um einn og að fjárveitingar til Háskólans hafi aukizt um sem svarar fullum prófessorslaunum. Telur deildin því einsýnt, að frá sjónarmiði Háskólans muni stofnun þessa embættis hafa sömu áhrif á fjárhagsaðstöðu hans og hver önnur embættisstofnun.

5. Loks vill deildin leggja áherzlu á, að verði hún knúin til þess með lagaboði að taka við embætti þessu, þá væri þar með í raun og veru um að ræða algera stefnubreytingu af hálfu hins háa Alþingis frá þeirri stefnu, sem mörkuð er í 12. gr. háskólalaganna, 1. mgr., sbr. og greinargerð með frumvarpinu (Alþt. 1956 A., bls. 989) og ummæli framsögumanns menntamálanefndar neðri deildar við umræður um frumvarpið (Alþt. 1956 B., d. 1900). Vill deildin að gefnu þessu tilefni lýsa yfir því, að hún telur fyrir sitt leyti, að ef til þess kemur, að ráðstafað verði embætti við deildina án undangenginnar umsóknar, þ. e. a. s. án undangengins hæfnisdóms samkvæmt 11. gr. háskólalaganna, þá skuli það aðeins gert að fenginni álitsgerð sérfræðinganefndar, er starfað hefði á vegum deildarinnar.

Að ofangreindum ástæðum mælir deildin eindregið gegn því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Helgi Guðmundsson. Hreinn Benediktsson. Matthías Jónasson.
Sveinn S. Höskuldsson.

Við undirritaðir sagnfræðikennarar höfum fengið til umsagnar frv. til laga um stofnun persónulegs prófessorsembættis í ættfræði við heimspekideild.

Við viljum taka fram eftirfarandi:

1. Þar eð deildin samþykkti á fundi sínum 22. nóv. 1968 álit um kennaraþörf, annars vegar nú þegar og hins vegar til ársins 1975, þar sem fram kom, að nú þegar er knýjandi þörf á 6 lektorum — þeirra á meðal 1 í sagnfræði — og 5 prófessorum til viðbótar því liði, sem starfar nú, og ekki hefur þótt ástæða þar til að gera tillögu um stofnun prófessorsembættis í ættfræði, álítum við, að stofnun prófessorsembættis í ættfræði við deildina sé ótímabær.

2. Ekki verður séð, að embætti þetta geti verið venjulegt kennsluembætti, heldur einvörðungu rannsóknarembætti, þótt greinargerð með frumvarpinu geri ráð fyrir kennslu.

3. Sjálfsagt hefði verið, að málið hefði verið rætt við deildina, áður en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi.

Reykjavík, 17. jan. 1969.

Þórhallur Vilmundarson. Magnús Már Lárusson. Ólafur Hansson.
Bergsteinn Jónsson.

Ed. 402. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað náð samstöðu um afstöðu til þess. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en aðrir nefndarmenn munu skila séráliti.

Alþingi, 25. marz 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Jón Árnason.
Jónas G. Rafnar.

Ed. **403. Frumvarp til laga** [198. mál]

um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JÞ, AuA, SvG, KGuðj, AJ).

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýrabúum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

4. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

Umsagnar yfirdýralæknis skal leitað í hvert sinn, er innflutningsleyfis fyrir loðdýrum er óskað.

5. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýrabúsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð þess er öll í samræmi við fyrrgreindar áætlanir, og tryggt sé, að loðdýrabúinu veiti forstöðu kunnáttumaður með a. m. k. eins árs reynslu í hirðingu, fóðrun og meðferð dýranna, og úttekt hefur farið fram af veiðistjóra eða umboðsmanni hans.

Nú er umsókn um byggingu loðdýrabús á skipulagsskyldu svæði, og skal þá landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags um staðsetningu, áður en byggingarleyfi er veitt.

Til stækkunar loðdýrabús þarf viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins, og er óheimilt að nota viðbótarbyggingar eða nýbyggingar, fyrr en úttekt veiðistjóra eða umboðsmanns hans hefur farið fram.

7. gr.

Embætti veiðistjóra samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

8. gr.

Loðdýrabú, þar sem minkar eru geymdir, skal hafa þrefalda vörn, vírnetsbúr með hreiðurkassa, lokaðan dýrheldan skála á steyptum ramma og dýrhelda ytri girðingu úr traustu og viðurkenndu efni, til varnar því, að dýr geti sloppið úr haldi. Flutningur lifdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki. Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

9. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óhagræði eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Valdi óviðkomandi menn skemmdum í loðdýrabúum eða ónæði, sem tjón verður af, varðar það sektum og fullri bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkzt af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

10. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörzlu, og skal þá sá, er vörzluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðstjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, 2000—10000 kr., ef út af er brugðið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 2000—20000 kr., nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa eða vörzlumanni réttindamissi til að reka loðdýrabú.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1951, um loðdýrarækt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Loðskinnaverzlun er ævaforn og ábatasöm atvinnugrein. Allt fram á þessa öld byggðist loðskinnaverzlunin eingöngu á veiðum villtra loðdýra í náttúrunni. Nú skiptir veiði villtra loðdýra litlu máli fyrir hina alþjóðlegu loðskinnaverzlun, því að talið er, að aðeins 10% af loðskinnum heimsins komi frá veiddum dýrum, en 90% frá loðdýrum, sem alin eru og ræktuð vegna skinnanna, þar af um 70% frá aliminkum.

Eftirspurn eftir minkaskinnum hefur aukizt stórkostlega eftir síðari heimsstyrjöldina með ört vaxandi velmegun í hinum vestræna heimi. Þetta byggist m. a. á því, að með fræðilegri fóðrun, hirðingu og kynbótum hefur tekizt að framleiða aliminka, sem taka hinum villta mink langt fram að skinngæðum og litafjölbreytni. Um 40—50 litaafbrigði eru nú á markaðnum. Ekkert loðskinn stendur því á sporði um alhliða gæði, og litlar horfur eru taldar á, að nýtt loðskinn geti keppt við það eða komið í þess stað.

Minkaræktin fór hægt af stað. Hún hófst í Kanada og Bandaríkjunum í byrjun þessarar aldar. Um árið 1930 var byrjað á henni á Norðurlöndum. Það er þó fyrst eftir síðari heimsstyrjöldina, að minkaræktin verður öflugur og arðsamur atvinnu-

vegur. Þannig var heimsframleiðslan árið 1940 aðeins 650 þús. skinn, árið 1950 er hún komin upp í 3 millj. skinn, árið 1960 í um 11.1 millj. skinn og árið 1967 í um 25.3 millj. skinn.

Meðfylgjandi tafla sýnir framleiðsluaukninguna milli ára frá árinu 1960:

Ár	Bandaríkin	Norðurl.	Aðrir framleiðendur	Alls millj. skinn
1960	6.1	2.9	2.1	11.1
1961	6.8	3.7	2.3	12.8
1962	7.0	4.4	3.0	14.4
1963	7.3	4.8	3.6	15.7
1964	7.4	5.5	4.4	17.3
1965	7.8	6.7	5.2	19.3
1966	8.5	8.3	5.4	22.2
1967	9.3	9.5	6.5	25.3

Taflan sýnir, að Norðurlönd eru stærstu framleiðendur minkaskinna með 9.5 millj. skinn eða um 40% af heimsframleiðslunni. Þar hefur aukningin einnig orðið mest milli ára eða frá 15—30% árlega. Bandaríkin eru næststærstu framleiðendurnir með 9.3 millj. skinna. Þar hefur aukning framleiðslunnar milli ára verið miklu minni, eða frá 3—10%. Önnur lönd framleiða um 6.5 millj. skinna. Þar hefur aukningin milli ára verið frá 5—20%. Af þessum löndum framleiða Rússar um 3 millj. skinna og Kanada um 1.5 millj. skinna. Það eru því hin norðlægu lönd, sem nær eingöngu framleiða minkaskinn í heiminum.

Stærsti markaður fyrir minkaskinn hefur fram til þessa verið í Bandaríkjunum. Ástæðan fyrir hinni síauknu eftirspurn minkaskinna er vafalaust bættur efnahagur almennings í hinum vestrænu, iðnþróuðu löndum. Miklar breytingar hafa orðið á tekjuskiptingu í þessum löndum, og má búast við, að sú þróun haldi áfram almennt séð, þannig að þeim fjölskyldum fjölgi, sem hafa efni á að veita sér ýmisleg gæði, sem þær höfðu ekki áður ráð á, t. d. aukin ferðalög, skartgripa- og loðskinnakaup.

Árið 1967 keyptu Bandaríkin rúmlega helming af heimsframleiðslunni eða um 13.6 millj. skinna, en önnur lönd, aðallega Evrópulöndin, samtals 11.7 millj. skinna. Eftirspurn eftir minkaskinnum í Bandaríkjunum hefur aukizt um 100% á síðustu 10 árum, og sérfróðir menn telja, að hún muni enn aukast þar í landi um 100% á næstu 10 árum.

Utan Bandaríkjanna hefur eftirspurnin aukizt enn þá meira. Árið 1960 keyptu önnur lönd um 3.2 millj. skinna, en árið 1967 um 11.7 millj. skinna, eða aukning um 350%. Það eru Þýzkaland, Frakkland og Ítalía, sem eru stærstu kaupendur minkaskinna í Evrópu. Ef svipuð efnahagsþróun á sér stað í Evrópu og verið hefur undanfarin ár, eru vænlegar horfur um sölu minkaskinna á næstu árum og ekki ósennilegt, að eftirspurnin aukist í heild um 100% á næstu 10 árum eða aukist úr 25 millj. skinna í 40—50 millj. skinna.

Því er mjög haldið á lofti hér á landi, að framleiðsla minkaskinna sé mjög áhættusöm vegna mikilla verðsveiflna. Að sjálfsögðu eiga sér verðbreytingar stað á minkaskinnum eins og á annarri vöru, sérstaklega á milli mismunandi tegunda og litaafbrigða. Hér er framboð og tízka að verki. Þrátt fyrir hið gífurlega aukna framboð síðari ára hefur verðlag minkaskinna í heiminum verið tiltölulega stöðugt síðustu 30—40 ár. Verðlækkunartímabil hafa að vísu komið 6 eða 7 sinnum, en þau hafa jafnan staðið stutt yfir eða 1—2 ár, en síðan hefur verðið komið upp aftur. Víst er, að hin mikla framleiðsluaukning hefði ekki átt sér stað, ef þessi atvinnugrein hefði ekki verið rekin með sæmilegum hagnaði.

Meðalverð minkaskinna í Danmörku og á Norðurlöndum er nú talið 100 d.kr. á skinn eða 1170 ísl. kr., og hefur verið svipað um langt skeið, nema árið 1966—1967, er óvenjulega mikið verðfall átti sér stað á heimsmarkaðnum.

Meðalverðið í Bandaríkjunum hefur að jafnaði verið nokkru hærra, en jafnframt mun breytilegra, m. a. vegna þess, að þar í landi eru fleiri litaafbrigði á markaðnum en á Norðurlöndum og eftirspurn eftir þeim meira háð tízku en hinar algengustu tegundir, eins og standard- og pastelskinn.

Í Bandaríkjunum var meðalverð á um 9 millj. skinna árið 1966—1967 14.28 dollarar á skinn, og er það lægsta meðalverð, sem nokkru sinni hefur þekkzt þar í landi. Yfirleitt má segja, að meðalverð á minkaskinnum í Bandaríkjunum hafi verið um 17 dollarar eða um 1500 ísl. kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir meðalverð í Bandaríkjunum síðustu árin:

Ár	Meðalverð í $	Hækkun og lækkun í $	Hækkun og lækkun í %
1961	16.41		
1962	18.11	+ 1.07	+ 6.5%
1963	16.66	÷ 1.45	÷ 8.0%
1964	18.08	+ 1.45	+ 8.5%
1965	17.57	÷ 0.52	÷ 2.9%
1966	19.48	+ 1.91	+ 10.8%
1967	14.28	÷ 5.20	÷ 26.7%

Á síðari árum hefur minkarækt verið reynd í mörgum löndum, t. d. Japan og Suður-Afríku, til að afla gjaldeyris. Minkurinn er hins vegar kuldabeltisdýr og eðlileg heimkynni hans bundin við hin norðlægu lönd, Kanada, Bandaríkin, Norðurlönd og Rússland. Þessar þjóðir eru auk þess miklar fiskveiði- og landbúnaðarþjóðir og hafa því öðrum þjóðum betri skilyrði til að afla heppilegs og ódýrs fóðurs fyrir minkinn. En talið er, að 60—90% af fóðri hans þurfi að vera fiskur, fiskúrgangur og sláturúrgangur, ef vel eigi að vera.

Allar þessar þjóðir hafa líka stóraukið framleiðslu sína á minkaskinnum. Þannig hefur framleiðsla Norðurlandanna 20-faldazt frá árinu 1950, er við bönnuðum minkarækt hér á landi. Finnar hafa frá sama tíma 40-faldað framleiðslu sína. Loðskinnasala var fimmti stærsti gjaldeyrisliður Finnlands síðasta ár, og var framleiðsla þeirra 2.2 millj. skinna. Norðmenn framleiddu 2.3 millj. skinna, sem þeir seldu fyrir um 28 millj. dollara, eða um 2500 millj. ísl. kr. Danir framleiddu um 3 millj. skinna og seldu þau fyrir 265 millj. d.kr., eða um 3100 millj. ísl. kr. Svíar framleiddu 1.7 millj. skinna og seldu þau fyrir um 110.5 millj. s.kr., eða um 1900 millj. ísl. kr.

Nú er svo komið, að öll Norðurlöndin, nema Noregur, verða að flytja inn fisk- og sláturúrgang vegna minkaræktar sinnar, m. a. um 8—10 þús. tonn frá Íslandi. Hver þjóð um sig flytur inn um 50 þús. tonn af minkafóðri. Þetta kostar ekki aðeins gjaldeyri, heldur verður fóðurkostnaðurinn óeðlilega hár, vegna þess að frysta þarf vöruna og geyma og flytja hana síðan landa á milli. Þetta veldur því, að þessar þjóðir geta ekki öllu lengur aukið minkarækt sína. Svíar og Kanadamenn hafa t. d. ekki aukið minkarækt sína undanfarin ár vegna þess, hve fóðurkostnaðurinn er orðinn hár. Ólíklegt er, að Danir og Finnar geti aukið framleiðslu sína verulega af sömu ástæðu. Þá hefur framleiðsluaukning í Bandaríkjunum verið tiltölulega hægfara, og framleiðendur kvarta mjög vegna mikils kostnaðar og erfiðrar samkeppnisaðstöðu. Hins vegar er vitað, að Rússar ráðgera að auka framleiðslu sína stórlega á næstu árum.

Íslendingar hafa mikla möguleika til að afla ódýrs minkafóðurs. Við veiðum meira af þorski og öðrum mögrum fiski en Norðmenn, sem þó veiða mest allra Norðurlandaþjóða. Þorskafli okkar er um og yfir 300 þús. tonn árlega. Í vaxandi mæli mun þessi afli fara til flökunar og frystingar á næstu árum, og við það vex fiskúrgangurinn, sem nauðsynlegt er að koma í betra verð. Undanfarin ár hafa fallið til um 100—120 þús. tonn af fiskúrgangi, sem farið hefur í fiskimjölsvinnslu. Af

þessum fiskúrgangi mætti framleiða um 2—3 millj. skinna, ef öllu væri til skila haldið, nýju, frystu eða í formi fiskimjöls.

Um ¼ hluti þorskaflans aflast á sumrin, þegar fóðurþörf minkanna er mest. Þann fiskúrgang þyrfti yfirleitt ekki að frysta og geyma með ærnum kostnaði, heldur láta beint í hakkavélina fyrir dýrin. Af fiskúrgangi frá sumaraflanum ásamt ýmsum úrgangs- og ruslfiski, sem nú er yfirleitt hent, mætti framleiða um 1 millj. minkaskinna að söluverðmæti um 1150—1200 millj. króna.

Að beiðni nefndarinnar hefur Efnahagsstofnunin gert lauslega athugun um rekstur minkabús, sem byggð er á upplýsingum og gögnum frá nefndinni. Niðurstaða þeirra athugunar bendir til, að vænlegt sé, að gerð verði tilraun til minkaræktar á Íslandi. Athugun Efnahagsstofnunarinnar um rekstur 1000 læðu minkabús fylgir.

Fylgiskjal.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Febrúar 1969.

Lausleg athugun um rekstur 1000 læðu minkabús á Íslandi.

Stuðzt er við upplýsingar frá hr. Alf Lund, hjá „Dansk Pelsdyravlerforening", um breytilegan kostnað á framleitt skinn og fastakostnað og fjármagnsþörf 1000 læðu minkabús.

Tekjur.

Reiknað er með meðalverði á skinn d.kr. 100.00 eða 1 170 ísl. kr.

Miðað er við, að búið endurnýi stofndýrin af eigin hvolpum, þannig að á hverju ári eru að jafnaði 25% stofndýranna endurnýjuð.

Af 3500 seldum skinnum eru þá 315 skinn af stofndýrum, en jafnmörgum hvolpum er bætt við lífdýrastofninn.

Breytilegur kostnaður.

Miðað er við, að fóður sé sem mest innlent og fiskmeti og slátúrgangur sé nýtt (ekki fryst). Gert er ráð fyrir, að 2 menn starfi við búið allt árið. Reiknað er með, að fláning og sölukostnaður sé 20% hærri en í Danmörku. Rekstrarvextir eru miðaðir við, að rekstrarlán séu jafnmikil og annar breytilegur kostnaður í eitt ár. Vextir reiknaðir 8%.

Fastur kostnaður.

Kostnaður við búr, hús og girðingu er hækkaður um 10%, auk þess eru tollar áætlaðir. Einnig eru tollar áætlaðir á annan innfluttan útbúnað og fjárfestingarvörur.

Stofnkostnaður vegna keyptra minka umfram söluverðmæti skinna af hvolpum, sem notaðir yrðu til viðhalds stofninum, er afskrifaður á 10 árum. Hús og annar útbúnaður er afskrifaður á 10 árum.

Niðurstaða.

1. Af útreikningunum sést að ávöxtun fastafjármagns er tæp 14%, sem verður að teljast viðunandi. Hreinn hagnaður reiknast vera 295 þús. kr.

2. Miðað við þær upplýsingar og forsendur, sem byggt er á, þá virðist vænlegt, að gerð sé tilraun til minkaræktar á Íslandi. En hafa ber í huga, að sumt í athuguninni er varla nógu ýtarlegt.

Áætlaður rekstrarkostnaður.

	Þús. kr.
A. **Tekjur.** 3 500 skinn á kr. 1 170	4 095
B. **Breytilegur kostnaður**	2 368
1. Fóður	910
2. Vinnulaun	700
3. Fláning o. þ. h.	245
4. Sölukostnaður o. fl.	245
5. Viðhald	100
6. Rekstrarvextir	168
C. **Fastur kostnaður**	1 423
1. Afskrift bygginga, girðinga o. fl., 10% af 4 377	438
2. Afskrift stofnkostnaðar vegna kaupa á lífdýrum, 10% af 2 047	205
3. Stofnvextir (ávöxtun fjármagns), 8% af 7 887	789
D. **Brúttóhagnaður** (A ÷ (B + C. 3)	938
E. **Hreinn hagnaður** (A ÷ B + C)	295

Áætluð fóðurþörf fyrir 1000 læðu minkabú á ári.

	Magn		Áætlað	Heildarverð	
	Hlutfall	Kg	Kr./kg	Hlutfall	Kr.
1. Fiskúrgangur	50%	140 000	1.00	15.4%	140 000
2. Heill úrgangsfiskur	25%	70 000	3.00	23.1%	210 000
3. Sláturúrgangur	10%	28 000	5.00	15.4%	140 000
4. Undanrenna	6%	16 800	2.00	3.7%	33 600
5. Kornfóðurblöndun	6%	16 800	8.00	14 8%	134 400
6. Vítamínblöndur	2%	5 600	40.00	24.5%	224 000
7. Feiti, mör og tólg	1%	2 800	10.00	3.1%	28 000
Alls	100%	280 000	3.25	100.0%	910 000

Áætluð fjármögnun.

	Þús. kr.
1. Skáli með búrum og tilheyrandi	3 312
2. Fóðurhús með tilheyrandi	775
3. Girðing, skolp- og vatnsleiðslur o. fl.	290
4. a. Lífdýr, 1 000 læður + 250 steggir á 1 170	1 463
b. Stofnkostnaður vegna kaupa á lífdýrum, 1 250 dýr	2 047
5. Rekstrarfé	2 200
Alls	10 087

Sþ. 404. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um sérstakar ráðstafanir vegna hráefnaskorts síldarverksmiðjanna.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Björn Pálsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, er undirbúi í samráði við Hafrannsóknastofnunina tillögur um skipulagða og samræmda fiskileit, rannsóknir og veiðarfæratilraunir í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiðlega hefur gengið að afla síldarverksmiðjunum hráefnis og láta rekstur þeirra bera sig.

Síldin hefur reynzt okkur Íslendingum eins og fleirum harla duttlungafull. Fyrrum var mokafli árum saman úti fyrir Norðurlandi. Seinna bauð hún Sunnlendingum blíðu sína. Og Austurland hefur sannarlega ekki farið varhluta af atlotum síldargangna. Hvarvetna hafa menn tekið opnum örmum á móti ævintýrinu. Verksmiðjur hafa verið reistar, fyrst vestra og nyrðra, þá syðra og loks í síðustu og stærstu hrotunni við nálega hverja höfn á Austfjörðum.

Við þessar tilfærslur síldveiðanna á milli landshluta hefur orðið vandræðaástand í rekstri síldarverksmiðjanna. Viðleitni til bjargar hefur verið þríþætt. Vélar hafa verið fluttar frá eldri verksmiðjum landshluta í milli og settar upp á nýjum stöðum. Eftir hefur staðið mikill hluti mannvirkjanna ónýtanlegur og atvinnulíf viðkomandi staða hefur lamazt. Reynd var útgerð verksmiðjuskips, Hærings. En sú tilraun fór út um þúfur. Loks hafa verið leigð stór skip til flutninga af fjarlægum miðum. Við það hafa töluverð aflaverðmæti bjargazt og nokkrar stærstu verksmiðjurnar hafa fengið hráefni. Margar hafa hins vegar orðið alveg útundan, og flutningar þessir hafa orðið mjög dýrir. Vafalaust verður þeim þó haldið áfram í einhverri mynd.

En hafið er auðugt. Fiskimiðin umhverfis Ísland bjóða upp á ýmsa möguleika. Og því fer fjarri, að þeir hafi allir verið kannaðir til nokkurrar hlítar.

Í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, 3. h. þessa árgangs, birtist grein eftir Jakob Jakobsson fiskifræðing og nefnist **Bræðslufiskur.** Í inngangsorðum víkur Jakob að hráefnaskorti síldarverksmiðjanna, en ræðir síðan möguleika á aukinni hráefnisöflun.

Fiskifræðingurinn telur líklegt, að unnt sé að stunda loðnuveiði miklu lengur á ári en nú er gert og þá einnig á öðrum veiðisvæðum og á þeim árstímum, þegar loðnan er feitust og gefur mestar afurðir.

Þá er rætt um þrjár aðrar fisktegundir, spærling, sandsíli og kolmunna, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þær megi allar nýta sem bræðslufisk, ef að líkum láti. Væri hér um fjölþætta möguleika að ræða, þar sem spærlingur og kolmunni mundu væntanlega veiðast hvor á sínu hafsvæði og á mismunandi árstímum, en sandsílið veiðanlegt á grunnsævi víðs vegar við landið.

Í niðurlagi greinar sinnar kemst Jakob Jakobsson svo að orði, að „til þess að vel takist til um slíka nýbreytni, þarf samstillt átak í rannsóknum, fiskileit og veiðarfæratilraunum.“ Ætti að mega vænta þess, að allir þeir, er hugleiða þessi mál, komist að sömu niðurstöðu. Hér eru svo fjölmörg atriði ókönnuð, að nauðsyn slíkra aðgerða er óumdeilanleg.

Þjóðhagslegt gildi þess, ef takast mætti að nýta í miklum mæli nú ónotaða afkastagetu síldarverksmiðjanna og veita þar með fjölda manna arðbæra atvinnu og auka útflutningsframleiðsluna, er einnig augljóst hverjum manni.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja því einsýnt, að hefjast beri handa um undirbúning þann, sem í till. greinir.

Sþ. 405. Þingsályktun [57. mál]

um störf unglinga á varðskipunum.

(Afgreidd frá Sþ. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 76.

Sþ. 406. Þingsályktun [106. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú.

Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga um þetta efni.

Leitað verði samvinnu við Samband íslenzkra sveitarfélaga og aðra þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa.

(Afgreidd frá Sþ. 26. marz.)

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um flutning afla af miðum og hafna á milli.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvík Jósefsson, Tómas Árnason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hversu skipuleggja megi flutninga á sjávarafla af fiskimiðum og hafna á milli með það fyrir augum að nýta sem bezt afkastagetu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva og stuðla að betri meðferð aflans og jafnari atvinnu.

Greinargerð.

Íslendingar hafa að sjálfsögðu lagt mikla fjármuni í veiðiskip sín og vinnslustöðvar sjávarafla. Það varðar þjóðarhag, að afkastageta þessara atvinnufyrirtækja nýtist.

Rekstrarerfiðleikar síldarverksmiðja, frystihúsa og annarra vinnslustöðva fiskifangs stafa eigi að litlu leyti af því, að árlegur starfstími þeirra er of stuttur. Og vissulega skerðir það veiðitíma og þar með afköst fiskiskipa stórlega að þurfa að sigla til hafnar með hvern farm, stóran eða lítinn eftir atvikum, þegar veitt er á fjarlægum miðum.

Í mörgum sjávarplássum hefur oft gætt tímabundins atvinnuleysis, stundum ár eftir ár, þar sem vinnslustöðvarnar hefur þá skort hráefni í lengri eða skemmri tíma. Jafnhliða getur þá verið landburður í öðrum verstöðvum og dýrmætt hráefni legið þar undir skemmdum. Slík atvik eru alkunn, bæði á vetrarvertíð og á síldveiðum.

Hér við land hafa þegar verið gerðar nokkrar tilraunir til úrbóta með útgerð flutningaskipa. En þær hafa að mestu eða öllu leyti verið tengdar síldveiðunum og þá fyrst og fremst flutningi bræðslusíldar. En vandamálið er miklu víðtækara, eins og þegar hefur verið bent á.

Sums staðar erlendis hefur slík flutningastarfsemi verið færð yfir á víðara svið. Norðmenn hafa t. d. á þessu ári beitt 7—8 þús. lesta flota flutningaskipa af mismunandi stærðum við flutning loðnu suður á bóginn frá hinum norðlægu miðum. Þeir halda einnig uppi skipulögðum flutningum á öðrum fiskitegundum, svo sem þorski og makríl.

Flutningakerfi Norðmanna lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Fylgt er þeirri megin-

reglu að landa afla sem næst veiðisvæði, flutningar lengra til koma því aðeins til greina, að vinnslustöðvar nærliggjandi staða anni eigi því, sem að berst.

Flutningsmenn tillögunnar telja tímabært, að stjórnarvöld taki þessi mál til rækilegrar skoðunar. Reynsla sú, sem hér er þegar fengin af síldarflutningum, getur komið að gagni við þá athugun. Eðlilegt virðist einnig að gefa gætur að reynslu Norðmanna, sem um margt búa við líkar aðstæður og við.

Ekkert skal fullyrt fyrir fram um niðurstöður slíkrar athugunar. En það er vissulega til mikils að vinna, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að skipuleggja flutning afla af miðum og staða í milli með þeim árangri, að betur nýttist allt í senn, veiðifloti, vinnslustöðvar og vinnuafl, að því viðbættu, að meðferð aflans yrði einnig betri. — Því er þessi tillaga fram borin.

Ed. 408. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til l. um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (ÁB, KGuðj, PÞ).

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

   Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1968, svo og lausaskuldum vegna véla- og fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins.

   Lánstími skal vera allt að 20 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

   Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½ á ári.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.

4. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

   a. (5. gr.) Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.

   b. (6. gr.) Heimilt er að veita bændum sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu sakir harðæris eða annarra stóráfalla í búskap, svo og frumbýlingum, er staðið hafa í nauðsynlegum framkvæmdum, en skortir veð samkvæmt 4. gr.

      Landbúnaðarráðherra skipar 3 menn til þess að meta þarfir og fyrirgreiðslu þessa. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og einn skipaður án tilnefningar.

Nd. **409. Frumvarp til laga** [201. mál]

um lántökuheimildir fyrir ríkissjóð.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði Íslands eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn að fjárhæð allt að 300 millj. kr. eða jafngildi þess í erlendri mynt.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýlega var gengið frá samningum um byggingu hafrannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar í Þýzkalandi. Hafa fengizt mjög hagstæð lán til byggingar skipsins, er endurgreiðast á 12 árum með 5½% vöxtum. Á fjárlögum fyrir árið 1969 var heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast allt að 185 millj. kr. lán vegna byggingar þessa skips. Var þá gert ráð fyrir því, að Hafrannsóknastofnunin tæki lánið, en ríkissjóður ábyrgðist það. Við samninga um lán þetta hefur hins vegar komið í ljós, að hagstæðara væri, að ríkissjóður tæki sjálfur lán þetta fyrir hönd Hafrannsóknastofnunarinnar. Er því óskað heimildar þessarar, enda verður þá ekki notuð fyrrgreind fjárlagaheimild.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði eða ábyrgjast lán fyrir Framkvæmdasjóð allt að 300 millj. kr. Er hér um að ræða rammaheimild, er væntanlega verður notuð á alllöngum tíma. Í lögum nr. 66/1966 um Framkvæmdasjóð, Efnahagsstofnun og Hagráð, er ekki að finna neinar sérstakar lántöku- eða ábyrgðarheimildir til handa ríkisstjórninni vegna Framkvæmdasjóðs umfram það að ábyrgjast lán, er Framkvæmdasjóður yfirtók af Framkvæmdabanka Íslands. Eigi Framkvæmdasjóður hins vegar að gegna hlutverki sínu sem skyldi, virðist nauðsynlegt, að fyrir hendi sé heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán og endurlána sjóðnum eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í erlendri mynt.Umráðstöfun slíks lánsfjár mundi að sjálfsögðu fara eftir ákvörðun hinnar þingkjörnu stjórnar Framkvæmdasjóðs.

Um ráðstöfun á fé Framkvæmdasjóðs er það hins vegar að segja, að hann veitir fé annars vegar til fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda ,en hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda. Vegna skorts á innlendu lánsfé að undanförnu, hefur þurft að afla Framkvæmdasjóði erlends lánsfjár, til þess að hann gæti séð fjárfestingarlánasjóðum fyrir eðlilegu starfsfé. Auk hinnar almennu fjárþarfar fjárfestingarlánasjóðanna eru nú fyrirhugaðar ýmsar meiri háttar framkvæmdir, er Framkvæmdasjóður mun væntanlega þurfa að veita lán til. Er þar fyrst og fremst að nefna stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Útlánaáætlun fyrir Framkvæmdasjóð á árinu 1969 er nú í undirbúningi og verður hún lögð fyrir Alþingi til upplýsinga, eftir að um hana hefur verið fjallað í stjórn Framkvæmdasjóðs. Eitt af því, sem auka mun lánsfjárþörf Framkvæmdasjóðs á næstunni er það, að nokkur hluti starfsfjár hans er tiltölulega stutt lán, er hann tók við af Framkvæmdabankanum. Ef endurgreiðsla þessara lána á ekki að skerða verulega ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs á þessu og næstu árum, er nauðsynlegt, að aflað verði nýrra langra lána í þeirra stað. Má vænta þess, að lántökuheimild, sem hér er farið fram á, verði að nokkru notuð í þessu skyni.

Ed. 410. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. marz 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Björn Fr. Björnsson.	Auður Auðuns.	Einar Ágústsson.
	Karl Guðjónsson.	

Ed. 411. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Steffen Magnus, járnsmiður á Álafossi, fæddur í Danmörku 20. október 1937.
2. Andersson, Sven Bertil Herder, fulltrúi á rannsóknarstofu í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 23. nóvember 1933.
3. Andreasen, Gudrun Viola, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 19. nóvember 1935.
4. Angelo, Greta Laila, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Noregi 30. janúar 1945.
5. Awad, Ahmed Hafez, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Egyptalandi 26. febrúar 1942.
6. Christensen, Helge Sigurd, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 10. júlí 1934.
7. Colding, Konny Mitsi, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 1. júlí 1937.
8. Dam, Thorlak, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 24. febrúar 1930.
9. Framme, Gisela Ella Flora, húsmóðir á Hrísbóli í Reykhólasveit, fædd í Þýzkalandi 3. apríl 1934.
10. Gaard-Jensen, Karen Margrethe, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 28. maí 1916.
11. Hallfríður Helga Dagbjartsdóttir, húsmóðir í Syðstu-Mörk, Vestur-Eyjafjallahreppi, fædd á Íslandi 8. september 1930.
12. Holm, Anelise Helga, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 4. september 1934.
13. Holmer, Jonna, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 26. júní 1937.
14. Jakob Úlfarsson, læknanemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 25. júní 1943.
15. Jelle, Aase Kathrine Poulsen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 23. marz 1934.
16. Joensen, Heinz Peter, blikksmiður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku 1. janúar 1943.
17. Johannesen, Anna Malena Salomina Leo, húsmóðir í Sandgerði, fædd í Færeyjum 6. september 1911.
18. Kluck, Jón Michael, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur á Íslandi 11. janúar 1950.
19. Kutscher, Rolf Kurt Ernst, verzlunarmaður á Ísafirði, fæddur í Þýzkalandi 27. marz 1943.

20. Larsen, Hanne Oda Ann, flugfreyja í Reykjavík, fædd í Danmörku 12. desember 1941.
21. Ludvig, Sonja Friborg, húsmóðir í Súðavík, fædd í Færeyjum 9. september 1932.
22. Lukesova, Antonie, ekkja í Reykjavík, fædd í Tékkóslóvakíu 29. nóvember 1896.
23. Mitchell, Michael Bruce Mackinnon, verkamaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Englandi 18. desember 1942.
24. Möller, Renate Hedwig Erika, húsmóðir að Helgafelli í Mosfellssveit, fædd í Þýzkalandi 23. júlí 1936.
25. Mörköre, Henry Christian, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 27. september 1939.
26. Müller, Einar, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1942.
27. Newman, Gerald Davis, verkamaður í Höfnum, fæddur á Íslandi 15. september 1951.
28. Nirk, Sibilla, tannlæknir í Reykjavík, fædd í Lettlandi 27. janúar 1938. Fær réttinn 27. maí 1969.
29. Otto, Annelene Irma, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. nóvember 1935.
30. Petersen, Birgit Vini Borg, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 1. nóvember 1938.
31. Petersen, Jensa Kitty, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Færeyjum 26. júní 1935.
32. Pilipienko, Tamara, húsmóðir á Akureyri, fædd í Póllandi 7. maí 1917.
33. Poulsen, Sjurður Johan Joen Henrikssen, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Færeyjum 28. marz 1946. Fær réttinn 8. júní 1969.
34. Rinne, Antti Ensio, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Finnlandi 28. maí 1933.
35. Sobh-Khiz, Manutcher, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Íran 30. júlí 1946.
36. De Sousa, Carlos Alberto Felizardo, verkamaður í Hafnarfirði, fæddur í Portúgal 1. maí 1944. Fær réttinn 1. okt. 1969.
37. Steffen, Giesela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, fædd í Þýzkalandi 6. marz 1932.
38. Toftum, Edith Maria, húsmóðir í Keflavík, fædd í Færeyjum 9. maí 1942.
39. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 17. nóvember 1932.
40. Witkowska, Elzbieta, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 2. október 1931.
41. Woods, Rodney William, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.
42. Woods, Russell Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 26. júlí 1911.
43. Woods, Russell Eugene, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.

Ed. 412. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með svofellri

BREYTINGU:

1. gr. hljóði þannig:

3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Örykjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

Alþingi, 26. marz 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Ólafur Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.
	Björn Jónsson.	

Ed. 413. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. og skilar hún tveimur nefndarálitum, enda margt, sem á milli ber, þótt báðir aðilar séu sammála um, að lausaskuldum bænda sé breytt í föst lán. Leggjum við í minni hl. til, að frv. verði breytt þannig:

1. að lögin nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda;
2. að vextir verði ekki hærri en 6½%;
3. að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins;
4. að heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda;
5. að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði;
6. að þeim bændum, sem verst eru settir fjárhagslega, verði veitt sérstök fyrirgreiðsla með lánum til lengri tíma en almennt gildir, lægri vöxtum, skuldaskilum og greiðslufresti á eldri lánum. Nefnd sú, sem ráðgerð er, verður að vega og meta þarfirnar í hverju tilfelli og miða fyrirgreiðslu eftir ástæðum.

Í skýrslu Harðærisnefndar segir, að:

395 bændur hafa 40—60% fasteignar veðbundin
85 bændur hafa 60—75% fasteignar veðbundin
102 bændur hafa yfir 75% fasteignar veðbundin

Á þessu stutta yfirliti sést það bezt, að þeir tæpl. 600 bændur, sem eiga þarna hlut að máli, hafa þegar veðsett fasteignir sínar og þeir skulda líka hver og einn margfaldar nettóárstekjur sínar. Þess ber að geta, að skýrsla Harðærisnefndar nær til ársloka 1967, en skuldasöfnun árið 1968 á eftir að koma inn í dæmið. Það er vitað mál, að bændur hafa safnað miklum skuldum s. l. ár. Veldur þar miklu erfitt árferði og ört vaxandi dýrtíð. Orsakir skuldasöfnunar bænda eru margar, en þessar helztar:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður, eða

6% til íbúðarhúsalána, en voru áður 3½%, til allra annarra lána deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er allt of lágt og þar með komið úr samhengi við annað verðlag í landinu og þarfir landbúnaðarins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur talsvert aukizt.

Vafalaust eru ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldum atriðum þess valdandi, að margir bændur eiga í fjárhagserfiðleikum.

Nefndin sendi frv. til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Harðærisnefndar, og eru álit þeirra birt hér með. Þá var frv. einnig sent til umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarbanka Íslands, en umsagnir höfðu ekki borizt frá þeim, er málið var afgreitt í nefnd.

Breytingartillögur minni hl. eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. marz 1969.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Karl Guðjónsson. Tómas Árnason.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24. marz 1969.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis
Alþingi.

Með bréfi, dags. 19. marz 1969, sendi landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands tók málið fyrir á fundi sínum hinn 22. marz 1969 og gerði um það eftirfarandi bókun:

„Borizt hefur bréf frá landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, dags. 19. þ. m., ásamt frv. til laga um lausaskuldir bænda.

Stjórnin hefur kynnt sér frv. og telur, að það, ef að lögum verður, muni að nokkru leyti leysa þann vanda um lausaskuldir bænda, sem stofnað hefur verið til vegna fjárfestinga og harðæris. Þó telur stjórn Búnaðarfélags Íslands, að fjárhag allmargra bænda sé þannig farið, að umrædd lán komi þeim ekki á réttan kjöl fjárhagslega, þar sem líklegt er, að þeir hafi ekki tilskilin veð fyrir lausaskuldunum og verða þannig að sitja eftir með mikinn hluta þeirra. Ef á að gera þessum bændum kleift að halda áfram búskap, þá verður að koma meira til, t. d. með því að veita þeim greiðslufrest af föstu lánunum um nokkurra ára bil, og/eða gefa út sérstök skuldabréf með veði í vélum eða búfé (Kreppubréf). Jafnvel getur svo farið, að skuldaskil verði óumflýjanleg hjá sumum bændum. Þar sem frv. gerir ekki ráð fyrir því, að kaupskylda hvíli á neinni peningastofnun til að innleysa umrædd bréf, þá vill stjórn Búnaðarfélags Íslands mjög ákveðið benda á, að nauðsynlegt er til að

greiða fyrir sölu bréfanna, að Seðlabankinn taki þau sem greiðslu frá sparisjóðsdeildum bankanna, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga, sem greiðslu á sparifjárbindingu, sem þessum stofnunum ber að standa skil á til bankans.

Stjórnin er öll sammála framangreindu, en Ásgeir Bjarnason telur þó nauðsyn á, að ákvæði um kaupskyldu Seðlabankans á bréfunum verði lögfest og enn fremur að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, s. s. sláturhúsa, mjólkurbúa og ræktunarsambanda, og einnig að Alþingi ákveði vexti eigi yfir 6½% og að lánað verði 80% af matsverði.“

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Fylgiskjal II.

HARÐÆRISNEFND

Reykjavík, 25. marz 1969.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis
Alþingi.

Á fundi Harðærisnefndar 24. marz var rætt um bréf landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 19. marz 1969, þar sem óskað var umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Formaður tjáði meðnefndarmönnum sínum, að formaður landbúnaðarnefndar efri deildar óskaði eftir, að Harðærisnefnd mætti á fundi landbúnaðarnefndar Ed. hinn 25. marz kl. 15.00 og gæfi þar álit sitt munnlega, og þyrfti því ekki að svara bréfinu skriflega.

Einar Ólafsson vísar til bréfs Búnaðarfélags Íslands til landbúnaðarnefndar um þetta mál, en þar komi álit hans fram.

Formaður, Jón L. Arnalds, sagðist mæta á fundi landbúnaðarnefndar, eins og hún óskar eftir.

Halldór Pálsson lætur sitt álit fylgja hér með, en það hljóðar svo:

Frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, þskj. 348, ef að lögum verður, veitir mörgum skuldugum bændum mikilsverða aðstoð, en það bjargar ekki þeim bændum, sem eiga ófullnægjandi veð til að breyta lausaskuldum sínum í föst lán, en þeir eru allmargir.

Þess vegna þyrfti í fyrsta lagi að koma ákvæðum í lögin um sérstakar ráðstafanir til að hjálpa þeim bændum, sem skulda meira en þeir eiga fasteignaveð fyrir eða meira en hugsanlegt er að þeir geti risið undir, þótt öllum lausaskuldum þeirra yrði breytt í föst lán. Þyrfti að vera í lögum heimild til skuldaskila og útgáfu sérstakra bréfa (kreppubréfa) í því sambandi. Líklegt er, að 200—300 bændur þurfi slíka fyrirgreiðslu.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði um, að Seðlabankinn skuli taka, eftir ákveðnum reglum, skuldabréf þau, sem lögin fjalla um, upp í það fé, sem sparisjóðir, innlánsdeildir kaupfélaga og bankar þurfa að binda í Seðlabankanum.

Séu slík ákvæði ekki í lögum, þá geta ýmsar lánastofnanir og einstaklingar orðið í algjörum vandræðum með að losna við bréfin. Gæti svo farið, að selja yrði þau með afföllum, og geta lánastofnana til að greiða úr lánsfjárþörf bænda gæti orðið mun minni en hún er í dag.

Í þriðja lagi væri eðlilegt, að Alþingi ákvæði vextina af skuldabréfunum.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Sþ. **414. Tillaga til þingsályktunar** [202. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta alþjóðasamninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum.

(Lögð fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um að dreifa ekki kjarnavopnum, sem gerður var í Washington, London og Moskva hinn 1. júlí 1968.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum var gerður í Washington, London og Moskva hinn 1. júlí s. l. og skrifuðu þá fulltrúar 56 þjóða undir samninginn. Auk Íslendinga skrifuðu undir samninginn strax á fyrsta degi fulltrúar allra Norðurlandaþjóðanna annarra en Svía, sem skrifuðu undir samninginn hinn 19. ágúst s. l. Hinn 5. febrúar s. l. höfðu fulltrúar 81 ríkis skrifað undir samninginn, en þeim á eflaust eftir að fjölga.

Eru undirskriftir háðar staðfestingu. Hinn 5. febrúar s. l. höfðu 9 ríki staðfest samninginn og eru Danmörk, Noregur og Finnland meðal þeirra ríkja. En samningurinn tekur fyrst gildi skv. IX. grein, þegar 40 ríki hafa staðfest hann auk kjarnavopnaríkjanna þriggja, sem hafa skrifað undir, — Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna. Hafa Bretar þegar staðfest samninginn og eru þeir taldir með 9 ríkjunum, sem áður voru nefnd, en búizt er við, að hin stórveldin tvö staðfesti samninginn innan skamms.

Ekki er ástæða til að fjölyrða hér um efni samnings þessa eða gildi hans, en enski texti samningsins ásamt íslenzkri þýðingu er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Forsaga samningsins er alllöng og er hún veigamikill þáttur í víðtækum umræðum um afvopnunarmál allt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna á breiðum grundvelli, en einnig í þrengri hóp innan Atlantshafsbandalagsins, enda eru afvopnunarmál samtvinnuð öryggis- og varnarmálunum. Samningur þessi fylgir í kjölfar samningsins frá 1963 um takmarkað bann við tilraunum með kjarnavopn, sem staðfestur hefur verið af Íslands hálfu að fenginni heimild Alþingis með þingsályktun samþykktri hinn 27. febrúar 1964. Hefur dreifingarbann verið sérstaklega til umræðu síðasta áratuginn allt frá því, er írska tillagan svonefnda kom fyrst fram á 13. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á árinu 1958, þegar utanríkisráðherra Írlands lagði til, að alþjóðasamningur yrði gerður um útbreiðslu kjarnavopna. En verulegur skriður komst fyrst á þetta mál, er Bandaríkin og Sovétríkin höfðu komið sér saman um samningsuppkast haustið 1965. Var það síðan aukið og endurbætt næstu misserin, unz þar kom í júnímánuði síðastliðnum, að mikill meirihluti hinna Sameinuðu þjóða mælti með undirskrift samningsins, 98 atkvæði með, 4 á móti og 21 sátu hjá, en um leið lýstu kjarnavopnaríkin þrjú, Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin, yfir því í Öryggisráðinu í sambandi við ályktun þess nr. 255 (1968) hinn 19. júní 1968, að þau myndu koma strax til hjálpar hverju því kjarnavopnalausu ríki, sem ógnað væri með eða orðið hefði fyrir kjarnorkuárás, þar sem slíkt athæfi myndi stofna heimsfriði og öryggi allra ríkja í hættu. Var samningurinn síðan lagður fram til undirskriftar hinn 1. júlí s. l.

Í höfuðdráttum er tilgangur samningsins fjórþættur. Í fyrsta lagi að hefta frekari dreifingu kjarnavopna (I. og II. grein). Í annan stað að tryggja eftirlit með því, að kjarnorku verði ekki veitt til vopnaframleiðslu (III. grein). Í þriðja lagi að efla friðsamlega notkun kjarnorku (IV. og V. grein). Og loks er samningurinn

allur mikilvægt spor í átt til raunverulegrar afvopnunar og eftirlits með vígbúnaði, enda hvetja samningsaðilar til áframhaldandi og áhrifameiri átaka á þeim vettvangi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM AÐ DREIFA EKKI KJARNAVOPNUM

Ríki þau, sem gera með sér samning þennan, hér á eftir nefnd „samningsaðilar“,

hafa í huga eyðileggingunа, sem kjarnorkustyrjöld myndi valda öllu mannkyninu, og þar af leiðandi þá nauðsyn að beita öllum kröftum til að afstýra hættunni á slíkri styrjöld og til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóðanna,

hyggja, að dreifing kjarnavopna myndi auka verulega hættuna á kjarnorkustyrjöld,

fara eftir ályktunum Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem hvatt hefur verið til samningsgerðar til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna,

skuldbinda sig til að vinna saman að því að auðvelda framkvæmd öryggiseftirlits Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar með friðsamlegri notkun kjarnorku,

lýsa yfir stuðningi sínum við rannsóknir, þróun og aðrar tilraunir til að efla, í samræmi við öryggiskerfi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, framkvæmd meginreglunnar um öruggt eftirlit með birgðahreyfingum vinnsluefna og sérstakra kjarnkleyfra efna með því að nota mælitæki og aðra tækni á ákveðnum, mikilvægum stöðum,

staðfesta þá meginreglu, að gagnið af friðsamlegri hagnýtingu kjarnatækni, þar með talin sérhver tæknileg aukaefni, sem kjarnavopnaríki kunna að fá við smíði kjarnasprengjutækja, eigi að standa öllum samningsaðilum til reiðu, hvort heldur eru kjarnavopnaríki eða kjarnavopnalaus ríki,

eru sannfærð um, að allir samningsaðilar eigi samkvæmt þessari meginreglu rétt á að taka þátt í sem allra víðtækustum skiptum á vísindalegum upplýsingum um frekari framþróun kjarnorkunotkunar í friðsamlegum tilgangi og að leggja

TREATY ON THE NON-PROLIFERATION OF NUCLEAR WEAPONS

The States concluding this Treaty, hereinafter referred to as the „Parties to the Treaty“,

Considering the devastation that would be visited upon all mankind by a nuclear war and the consequent need to make every effort to avert the danger of such a war and to take measures to safeguard the security of peoples,

Believing that the proliferation of nuclear weapons would seriously enhance the danger of nuclear war,

In conformity with resolutions of the United Nations General Assembly, calling for the conclusion of an agreement on the prevention of wider dissemination of nuclear weapons,

Undertaking to cooperate in facilitating the application of International Atomic Energy Agency safeguards on peaceful nuclear activities,

Expressing their support for research, development and other efforts to further the application, within the framework of the International Atomic Energy Agency safeguards system, of the principle of safeguarding effectively the flow of source and special fissionable materials by use of instruments and other techniques at certain strategic points,

Affirming the principle that the benefits of peaceful applications of nuclear technology, including any technological by-products which may be derived by nuclear-weapon States from the development of nuclear explosive devices, should be available for peaceful purposes to all Parties to the Treaty, whether nuclear-weapon or non-nuclear-weapon States,

Convinced that, in furtherance of this principle, all Parties to the Treaty are entitled to participate in the fullest possible exchange of scientific information for, and to contribute alone or in cooperation with other States to, the

fram sinn skerf til þessarar framþróunar hver í sínu lagi eða í samvinnu við önnur ríki,

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

56. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

57. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

58. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

59. gr.

Nánari fyrirmæli um meðferð og förgun ómerkinga og annars óskilapenings má setja í fjallskilasamþykkt.

IX. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

60. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afrétta.

61. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars manns en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignazt kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossamörk og skil á hrossum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sérákvæði í fjallskilasamþykkt.

62. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, hvers konar mörk megi taka upp, svo og banna tiltekin mörk, ef mikil soramörk eru.

63. gr.

Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 66. gr., skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

64. gr.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki eða gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu, þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú á maður kaupamark eða gjafamark, en annar sams konar gerðarmark, og skal þá sá af bregða, er gerðarmark á, en ef báðir eiga erfðamark, skal sá hafa, er á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð.

65. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt, og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal hin fyrsta samtíma prentun fara fram tveimur árum eftir að lög þessi taka gildi. Skal hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í viðkomandi markaskrá og borga fyrir, eftir því sem stjórn fjallskilaumdæmis ákveður.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Skal markavörður annast söfnun marka og sjá um útgáfu markaskrár. Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinazt um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta.

Í fjallskilasamþykkt ber að setja nánari ákvæði um gerð og útgáfu markaskrár. Þar má einnig setja fyrirmæli um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sammerkingar.

66. gr.

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyzt milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

67. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 5000.00 til 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

68. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1969.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Jónsbók, Landsleigubálkur, 33., 34., 46., 47., 48., 49. og 53. kap.

Réttarbót Eiríks konungs frá 2. júlí 1294, 5., 39. og 44. gr.

Lög nr. 39/1959, um ítölu.

Enn fremur öll önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Nd. 418. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nm. (LJós) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Við fyrstu umræðu um málið óskaði einn hv. þingmaður nokkurra upplýsinga varðandi málið. Nefndin hefur aflað þessara upplýsinga, og koma þær fram í bréfi frá Happdrætti Háskóla Íslands, sem fylgir hér með sem fskj.

Alþingi, 27. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Gunnar Gíslason.
Guðl. Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 20. marz 1969.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Háttvirt fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur beint til stjórnar happdrættis Háskólans nokkrum spurningum varðandi happdrætti Háskólans, og er stjórn happdrættisins ánægja að veita umbeðnar upplýsingar.

1. Í fyrsta lagi er spurt um, hve mikið hafi verið óselt af miðum happdrættisins um síðustu áramót. Svar við þeirri spurningu er þetta:

   Um seinustu áramót hafði aðalskrifstofa Happdrættisins enga miða til ráðstöfunar. Allir miðarnir voru bundnir í hinum ýmsu umboðum. Var því ekki hægt að fullnægja eftirspurn eftir heilmiðum, og þá sérstaklega eftir röðum af hlutamiðum.

   Fjöldi óseldra miða í 12. flokki (desember) 1968 var þessi:
   Heilmiðar: 4 533 miðar af 63 000 útgefnum miðum, eða 7.195%.
   Hálfmiðar: 24 920 miðar af 114 000 útgefnum miðum, eða 21.86%.

   Benda ber á, að þessir óseldu heilmiðar voru liggjandi í 33 umboðum af 78 umboðum, eða 42.3%. Viðskiptavinirnir óska stöðugt eftir heilmiðum, og sérstaklega heilmiðum í heilum röðum, allt upp í 100 til 200 miða í röð. Á sama tíma fjölgar óseldum hálfmiðum stöðugt, því að eftirspurn eftir þeim minnkar stöðugt. Fyrir fjórum árum voru fjórðungsmiðarnir afnumdir, og tóku viðskiptavinir happdrættisins þeirri ráðstöfun fegins hendi. Þess vegna er ætlunin að gefa út eingöngu heilmiða, ef leyfi fæst fyrir nýjum flokki, enda er þess alls ekki að vænta skv. framansögðu, að hægt sé að auka sölu að nokkru marki við núverandi aðstæður.
2. Í öðru lagi er spurt, hvort heimild til útgáfu 65 þús. númera sé nýtt að fullu. Svarið við þeirri spurningu er, að gefnir eru út 60000 hlutamiðar í hvorum flokki, og eru fyrir því þau rök, sem nú skal greina:

   Aðalkosturinn við þá breytingu, sem gerð var á útgáfu hlutamiða í fleiri en einum flokki, er sá, að auðvelda og minnka drætti og vinningaskrárnar. Nú hefur happdrættið til sölu 60000 hlutamiða í tveim flokkum í stað þess að gefa

út 120000 hlutamiða. Benda má á, að í desember eru nú dregnir út 3250 vinningsnúmer með tvo vinninga hvert. Það tekur 30 til 40 manns rúma tíu klukkutíma að framkvæma þennan stóra drátt, en ef númerin væru 120000, mundi dráttur-inn taka tvo daga og vinningaskráin verða átta síður í stað fjögurra nú.

Það er álit allra aðila, sem við happdrættið vinna, að þetta fyrirkomulag sé mjög hentugt, og hefði betur verið fyrr ráðið.

Af þessum ástæðum telur stjórn happdrættisins stórum haganlegra að leita eftir heimild til að stofna til nýs aukaflokks en að fjölga hlutamiðum með öðrum hætti, auk þess sem 5000 miða fjölgun frá 60000 til 65000 er allt of lítil, miðað við eftirspurn.

3. Tekjur happdrættisins 1967 voru 20 520 338.72 kr. Þar af voru ríkissjóði greidd 20% lögum samkvæmt eða kr. 4 104 067.74. Nettótekjur urðu því kr. 16 416 270.98. Leyfisgjaldið gengur nú til bygginga fyrir rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna. Reikningur fyrir árið 1968 er ekki tilbúinn. En salan á því ári jókst um 1.3%, sem ætti að skila auknum tekjum. Þess ber þó að geta, að allur rekstrarkostnaður hefur hækkað á árinu, svo rétt er að áætla tekjurnar um 16 milljónir árið 1968.
4. Á árinu voru greiddar 11 milljónir króna til byggingar Árnagarðs til viðbótar við þær 7.2 milljónir króna, sem greiddar höfðu verið á árinu 1967. Nú hafa verið greiddar rúmar 20 milljónir til þessarar byggingar. Enn fremur voru á árinu greiddar 2.8 milljónir kr. vegna viðhalds húsa og innanstokksmuna, hirðingar á lóð, tækjakaupa og þess háttar, og er hér um árviss útgjöld að ræða.

Bent skal á það að lokum, að Háskólinn býr við mikla húsnæðiskreppu, sem hamlar framför. Síðsumars verður byrjað á nýrri kennslu- og rannsóknarbyggingu til að fullnægja brýnum þörfum á kennslurými og húsnæði fyrir rannsóknaraðstöðu kennara og lestrasali fyrir stúdenta. Auk þess er bráð þörf á húsnæði fyrir læknadeildarbyggingar og fyrir tannlæknadeild svo og fyrir verkfræðideild, auk þess sem vandræðaástand er ríkjandi í sambandi við lestrarsali fyrir stúdenta og bókasafn, og er þá ógetið húsnæðis vegna stúdentagarða og félagsaðstöðu fyrir stúdenta. Verkefni happdrættisins eru því víðtæk og öll brýn.

Stjórn happdrættisins er ánægja að veita háttvirtri fjárhagsnefnd neðri deildar frekari upplýsingar, en leyfir sér jafnframt að láta í ljós, að hún fulltreystir því, að frumvarp þetta verði afgreitt á Alþingi því, er nú situr.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar happdrættis Háskólans

Ármann Snævarr.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Rvík.

Nd. 419. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Pétri Sigurðssyni, Jóni Skaftasyni, Matthíasi Bjarnasyni, Steingrími Pálssyni og Birni Pálssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað 2. málsgr. 7. gr. laganna komi:
   Ríkisstjórninni er þó heimilt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr.

bráðabirgðaákvæði þessara laga, að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og útflutnings, sem hafi inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Nánari ákvæði um meðferð og sölu á áfengu öli skal setja í reglugerð. Áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi.

2. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er skylt að láta á árinu 1970 fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu meðal alþingiskjósenda um, hvort þeir vilji leyfa tilbúning og sölu áfengs öls skv. því, sem segir í 7. gr. Ef meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, er samþykktur, öðlast 7. gr. gildi.

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna skal fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á.

Ed. 420. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febr. 1953.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. marz 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Björn Fr. Björnsson.	Karl Guðjónsson.	Axel Jónsson.
	Einar Ágústsson.	

Ed. 421. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. marz 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Björn Fr. Björnsson.	Karl Guðjónsson.	Axel Jónsson.
	Einar Ágústsson.	

Nd. 422. Breytingartillaga [120. mál]

við brtt. á þskj. 396 [Áfengislög].

Frá Sigurvin Einarssyni.

Töluliður 1 falli niður.

Nd. 423. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndir beggja deilda héldu sameiginlegan fund um málið.
Undirritaðir nefndarmenn fjárhagsnefndar neðri deildar mæla með því, að frumvarpið verði samþ.
Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Lúðvík Jósefsson.

Alþingi, 27. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.
Gunnar Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 424. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafa rætt frumvarpið á sameiginlegum fundi.
Undirritaðir nefndarmenn fjárhagsnefndar neðri deildar mæla með því, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.
Lúðvík Jósefsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
	Gunnar Gíslason.	

Nd. 425. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta stjórnarfrumvarp mun vera borið fram í því skyni að vega að örlitlu leyti á móti því öngþveiti, sem stefna núverandi ríkisstjórnar í atvinnu- og efnahagsmálum hefur leitt yfir þjóðfélagið. Er frv. byggt á samkomulagi, sem stjórnin gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin í s. l. janúarmánuði, en framkvæmdin á þeim samningi hefur þegar dregizt miklu lengur en ráð var fyrir gert.
Í frv. er heimild til lántöku, 300 millj. kr., og á að verja því fé til atvinnuaukningar. Jafnframt á að setja upp úthlutunarnefndir í öllum kjördæmum landsins og eina yfirúthlutunarnefnd í höfuðstaðnum. Eru þær nefndar atvinnumálanefndir.

Við bendum á, að heppilegra hefði verið að samþykkja tillögu stjórnarandstæðinga um framlag til atvinnuaukningar, sem þeir fluttu við afgreiðslu fjárlaganna í næstl. desembermánuði, heldur en að fresta þessu í þrjá mánuði, eins og nú hefur verið gert.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt og þannig staðið við áðurnefnt samkomulag stjórnarinnar við Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið, þó að hætt sé við, að þessar ráðstafanir reynist ófullnægjandi. Í þessu sambandi viljum við leggja sérstaka áherzlu á nauðsyn þess, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að skólafólk geti fengið viðunandi atvinnu yfir sumarmánuðina, þar sem margt af því mun ekki geta haldið áfram námi að öðrum kosti.

Alþingi, 27. marz 1969.

Skúli Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 426. Frumvarp til laga [203. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968–69.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu. Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er völ á.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. hinn 1. maí 1969 og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Hlutafélagið Áburðarverksmiðjan er jafnframt leyst upp miðað við sama tíma og hlutabréf, sem þá verða í eign annarra aðila en ríkisins, tekin eignarnámi skv. ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Ríkissjóður leggur verksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti, sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins skulu vera tveir skipaðir af landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skuli eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfilegum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til að verksmiðjan geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

10. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h.f., á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. apríl 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. maí 1969.

14. gr.

Hinn 1. maí 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f. úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr

ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er Hæstiréttur tilnefnir. Skipar Hæstiréttur einn þeirra formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Mat nefndarinnar er endanlegt.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 9% ársvaxta af matsverðinu frá 1. maí 1969 til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h.f., er hlutafélagið hættir störfum.

18. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h.f. skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

19. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f. fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og lög nr. 47 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi flutti meiri hluti landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis frumvarp til laga um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h.f., sem eru í einkaeign, og varð þetta frumvarp að lögum 2. maí 1968. Í samræmi við ákvæði þessara laga fór landbúnaðarráðuneytið þess á leit við eigendur hlutabréfanna á síðast liðnu sumri að þeir seldu ríkissjóði bréfin á fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Meirihluti eigenda bréfanna hefur samþykkt að selja ríkissjóði bréf sín, en þó eru nokkrir, sem hafa neitað að selja.

Í 2. málsgrein 13. gr. þessa frumvarps eru ákvæði um að ríkissjóður skuli taka eignarnámi þau hlutabréf, sem verða í einkaeign hinn 30. apríl 1969, og komi eignarnámið til framkvæmda hinn 1. maí 1969 og falli þá hlutabréfin úr gildi sem hlutabréf, sbr. 14. gr. Hinn 1. maí 1969 verður því Áburðarverksmiðjan samkvæmt frumvarpinu hrein ríkiseign og tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Áburðarverksmiðjan er jafnframt leyst upp sem hlutafélag miðað við sama tíma. Að horfið hefur verið að því ráði að gera Áburðarverksmiðjuna að hreinu ríkisfyrirtæki kemur til af því, að nú er fyrirhugað að stækka verksmiðjuna þannig að afkastageta hennar aukist um helming.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum um Áburðarverksmiðju, nr. 40 23. maí 1949, 3. gr., segir að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Þetta ákvæði hefur ekki ljóst gildi, þar eð Áburðarverksmiðjan var, eins og kunnugt er, gerð að hlutafélagi samkvæmt heimild í 13. gr. sömu laga. Í þessari grein er tekið skýrt fram, að Áburðarverksmiðjan sé ríkisstofnun.

Í 2. gr. laga nr. 40/1949 eru talin upp þau áburðarefni, sem ætlað er að framleiða. Rétt þykir að fella niður þessa upptalningu og mæla svo fyrir að verksmiðjan skuli framleiða áburðarefni og önnur efni tengd áburðarvinnslu.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er stefnuyfirlýsing, sem kemur í stað 2. málsgreinar 1. gr. gildandi laga um verksmiðjuna.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um yfirtöku Áburðarverksmiðju ríkisins á öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að ríkissjóður leggi verksmiðjunni til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f., það er allar eignir hlutafélagsins. Í 2. málsgrein er síðan ákvæði um það, að ríkissjóður leggi verksmiðjunni til stofnfjárframlög umfram það, sem um er rætt í 1. málsgrein, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum á komandi árum.

Um 5. gr.

1. málsgrein þessarar greinar fjallar um heimildir verksmiðjunnar til lántöku innanlands og utan til stofnframkvæmda. Er gert ráð fyrir sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni, er til slíkrar lántöku kæmi.

Hins vegar er í 2. málsgr. heimild fyrir verksmiðjuna til að taka rekstrarlán.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um skipun stjórnar verksmiðjunnar og það, hversu margir stjórnarmanna þurfi að undirrita skuldbindingar verksmiðjunnar, svo gilt sé.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ráðningu framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra að verksmiðjunni. Fellt er niður ákvæði um, að framkvæmdastjóri verksmiðjunnar skuli hafa verkfræðilega menntun, enda mun nú mjög dregið í efa víðast hvar um lönd, að tæknilega menntaðir menn séu nokkru betur eða verr til þess fallnir að hafa á hendi framkvæmdastjórn á rekstri af þessu tagi. Á hinn bóginn þótti rétt að taka upp ákvæði um, að ráðinn skuli að verksmiðjunni sérstakur verksmiðjustjóri, sem annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og á sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skuli eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfi-

legum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til að verksmiðjan geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða lögum nr. 47, 21. apríl 1962, um breytingu á lögum um áburðarverksmiðju.

Um 11. og 12. gr.

Þessar greinar eru að mestu samhljóða 11. gr. og 12. gr. laga nr. 40/1949, um áburðarverksmiðju.

Um 13.—19. gr.

Ákvæði þessara greina fjalla um aðferð við eignarnám hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign 30. apríl 1969 og eru efnislega samhljóða ákvæðum 6. kafla laga nr. 34, 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands. Þessi ákvæði þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 427. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um endurskoðun laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum o. fl.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum; enn fremur önnur lög og lagafyrirmæli, er varða ríkisframlög til jarðræktar, bygginga og byggðaþróunar í sveitum, og taka til athugunar, hvort eigi sé ástæða til að samræma þau og fella inn í lögin um Stofnlánadeild o. fl.

Hér er þó ekki lagt til að endurskoða II. kafla laganna, er fjallar um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Greinargerð.

Frá því er lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett 1962, hafa þrívegis verið gerðar á þeim minni háttar breytingar. Sá hluti þeirra, er fjallar um Landnám ríkisins, er þó að meginefni mun eldri, enda þótt miklar breytingar hafi verið gerðar frá því er fyrst voru sett lög um þetta efni 1941. Þrátt fyrir, að lögin hafi verið endurskoðuð á tiltölulega fárra ára fresti, virðist augljóst, að þau hafa tæpast fylgt eftir þróuninni í landbúnaðinum nú hin síðustu ár, þeirri þróun, sem þau vissulega hafa átt sinn gilda þátt í að hrinda áfram.

Með þeirri endurskoðun, sem hér er lagt til að fram fari á lögunum, er þess vænzt, að takist að samræma þau nýjum viðhorfum og marka þeim skýrari framtíðarstefnu í viðleitni til áhrifa á byggðaþróun og uppbyggingu í sveitum landsins. Jafnframt verði leitazt við að sneiða hjá þeim ágöllum, sem komið hafa í ljós hin síðustu ár. Lögin virðast t. d. ýta um of undir skiptingu jarða vegna takmarkana á framlögum til jarðræktar eftir stærð ræktunarlands. Skipting á góðum jörðum getur í vissum tilvikum átt rétt á sér, en allt of mörg dæmi eru þess, að sú ráðstöfun hefur reynzt til óþurftar, og er hætt við, að þess gæti meira í framtíðinni.

Ýmis ákvæði laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl. eru næsta óljós, eins og t. d. er viðkemur byggðaþróun, en jafnframt hafa verið sett önnur lagafyrirmæli, sem hafa skyld verksvið, þó að þau gangi ekki í sömu átt, eins og lögin um jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 27. apríl 1967.

Við endurskoðun laga þessara virðist ástæða til að taka til athugunar, hvort eigi sé unnt að koma við meiri hagkvæmni í skiptingu verkefna milli Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins að því er varðar framlög til ræktunar og bygginga í sveitum.

Fljótt á litið sýnist ekki óeðlilegt, að innan stofnlánadeildarlaganna rúmist ákvæði um hvort tveggja í senn, lánveitingar og ríkisframlög til styrktar þessum framkvæmdum, í stað þess að dreifa þeim verkefnum á hendur fleiri aðila.

Fyrir Alþingi liggja nú tvö mál, á þskj. 286 og þskj. 394, er varða einstaka þætti í lögum um Stofnlánadeild o. fl. Þau atriði rúmast vitaskuld mjög vel innan þeirrar endurskoðunar, sem hér er lagt til að gerð verði, og krefja einmitt frekar en ella fram þá heildarendurskoðun, sem hér er stefnt að.

Mörg rök virðast því hníga að því, að nú sé eðlilegt að láta fara fram endurskoðun stofnlánadeildarlaganna ásamt athugun á samræmingu skyldra lagafyrirmæla. Með því sé stefnt að því, að þau verði á komandi árum ekki síður en hingað til landbúnaðinum öflug lyftistöng og þjóðarheildinni til heilla.

Nd. 428. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur sent frumvarpið til umsagnar náttúruverndarráði, Hinu íslenzka Náttúrufræðifélagi, Náttúrufræðistofnun Íslands og yfirdýralækni. Allir þessir aðilar mæla eindregið gegn því. Í öðru lagi var það sent bæjarstjórn Vestmannaeyja, Náttúrugripasafni Vestmannaeyja og náttúruverndarnefnd Vestmannaeyja. Mæltu allir þeir þrír aðilar með, að frumvarpið nái fram að ganga.

Landbúnaðarnefnd ræddi frumv. á tveim fundum. Skoðanir innan nefndarinnar eru skiptar um, hvort leyfa eigi að nýju loðdýrarækt hér á landi. Þó er nefndin sammála um að leggja til, að þessu frumvarpi verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir liggja upplýsingar um, að stjórnskipuð nefnd fjallar nú um þetta mál á breiðari vettvangi en þetta frumvarp og frumvarp um viðtækari breytingar við loðdýraræktarlögin verður væntanlega lagt fyrir Alþingi næstu daga, telur nefndin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 27. marz 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Benedikt Gröndal.	Stefán Valgeirsson.

Nd. 429. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar

atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Verja skal fé því, sem aflað er samkvæmt 5. gr., eftir ákvörðun Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávallt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.

Ed. 430. Frumvarp til laga [191. mál]

um aðgerðir í atvinnumálum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. marz.)

1. gr.

Í hverju kjördæmi landsins skal vera ein atvinnumálanefnd nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem vera skal ein sameiginleg nefnd. Hver nefnd skal skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórn Íslands, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hverrar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Auk þess gegna nefndirnar því hlutverki í sambandi við veitingu lána og styrkja, sem nánar getur í 6. gr.

3. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórn Íslands, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.

4. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frumkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnu-

málum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma atvinnuleysi og efla heilbrigðan atvinnurekstur, svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

6. gr.

Verja skal fé því, sem aflað er samkvæmt 5. gr., eftir ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávallt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.

7. gr.

Starfstími atvinnumálanefnda í kjördæmum og Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970. Þá skulu óinnheimtar skuldir vegna lána- og styrkjastarfsemi samkvæmt lögum þessum svo og eignir í skuldabréfum og reiðufé falla til Atvinnujöfnunarsjóðs, enda ber hann ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess lánsfjár, sem aflað hefur verið samkvæmt 5. gr. laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 431. Fyrirspurn [205. mál]

til félagsmálaráðherra varðandi auknar sjúkrabætur.

Frá Jóni Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu, sem Alþingi samþykkti 17. apríl 1968, um endurskoðun á IV. kafla laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því, sem nú á sér stað?

Nd. **432. Frumvarp til laga** [206. mál]

um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðra manna.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

1. gr.

Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á hann lagt, 50 þús. kr., ef hann er einhleypur, en 75 þús. kr., ef hann á maka á lífi. Ákvæði þetta gildir ekki um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margt er nú rætt um það, hvað gera megi öldruðu fólki til hagsbóta, og dylst ekki, að um ýmsar leiðir er að velja eftir því, hvernig á stendur. Mikilvægt er að koma upp dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, og hefur margt verið vel unnið á því sviði og nauðsyn þess máls yfirleitt átt hljómgrunn hjá ráðamönnum og almenningi í landinu. Hins vegar verður að hafa í huga, að aðeins lítill hluti aldraðs fólks er svo illa á sig kominn heilsufarslega, að því sé nauðsynlegt að vista sig á dvalarheimilum. Miklu stærri hluti aldraðs fólks getur að mestu séð um sig sjálft og æskir þess, sé þess nokkur kostur. Því verður einnig að hafa í huga þá lausn á hagsmunamálum aldraðra að gera þeim kleift, m. a. fjárhagslega, að dveljast sem lengst á eigin heimilum og koma þannig í veg fyrir þá röskun á heimilishögum, sem margt aldrað fólk verður að horfast í augu við, þegar starfsævi lýkur. Hér er fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ekki nýtur neinna lífeyrissjóðsréttinda. Aðstaða lífeyrissjóðsfélaga er öll önnur, og er að jafnaði minni vandkvæðum bundið fyrir þá að sjá sér farborða í ellinni, þar sem þeir njóta einnig fulls ellilífeyris skv. almannatryggingalögum. En þeir, sem standa utan lífeyrissjóða, hafa ekki aðrar framfærslutekjur en hinn nauma ellilífeyri frá almannatryggingum. Ellilífeyrir einstaklings, sem byrjar að taka lífeyri 67 ára, er nú um 43 þús. kr. á ári, en hjónalífeyrir er rúmlega 77 þús. kr. Þessar tölur hækka nokkuð, ef menn fresta töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, t. d. mundi hjónalífeyrir þeirra, sem fresta töku hans til 70 ára aldurs, verða rúml. 103 þús. kr. á ári. Í reynd mun aðeins lítill hluti fólks fresta lífeyristöku fram yfir 67 ára aldurinn og nýtur því aðeins lágmarksupphæðanna.

Margt aldrað fólk er sæmilega vinnufært og flest ákaflega vinnufúst með eðlisgróna sjálfsbjargarviðleitni. Oft hefur verið mikil þörf fyrir vinnu aldraðra við ýmiss konar störf, m. a. uppskipunarvinnu, fiskvinnu og önnur framleiðslustörf og hvers kyns erfiðis- og óþrifaverk, sem aðrir hafa ekki viljað taka að sér. Vinna þessa fólks hefur lögum samkvæmt verið skattlögð að fullu, þó að í ýmsum tilfellum væri um að ræða menn, sem ekki áttu eftir annað en að ausa út síðustu dropum af líkamshreysti sinni, aldraða verkamenn, sem innan fárra ára hlutu að verða óvinnufærir fyrir aldurs sakir eða lítt eftirsóknarverðir á vinnumarkaði. Nú er engin ástæða til að leggja hindrun í veg þeirra, sem vilja vinna fyrir sér, þótt aldraðir séu, ef þeir eru til þess færir. Slíkt er tæpast mannúðlegt. Hins vegar er ærið tvíbent að skattleggja vinnutekjur slíkra manna.

Flm. þessa frv. leggja til, að öldruðu fólki, sem ekki nýtur lífeyrisréttinda, sé ívilnað í sköttum og útsvörum eftir sjötugt. Meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá fremur kleift að leggja fyrir til síðustu æviára sinna nokkurt sjálfseignarfé, sem yrði því ómetanleg stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka, þótt annars endist líf og heilsa, auk þess sem slík ívilnun

er fullkomlega sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar peningagildis á undanförnum árum, sem hvað harðast kemur niður á öldruðu fólki, sem leitazt hefur við að spara til elliáranna.

Ekki teljum við mikla ástæðu til að ætla, að verulegir efnamenn nytu óverðskuldaðra fríðinda, ef þetta frv. yrði að lögum, en það gæti hins vegar hjálpað mörgum bjargálna manni og þeim, sem verr er megandi, til þess að sjá sér lengur borgið á eigin spýtur en ella mundi. Ekki mun þetta frv. heldur hafa neina úrslitaþýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera, því að hvort tveggja er, að ekki er hægt og varla sæmandi að reisa verulega tekjuvon á skattlagningu gamalmenna, og slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldrað fólk. Hér er því í raun réttri um að ræða sérstakt form félagslegra aðgerða í þágu aldraðra og má skoða í því ljósi.

Ed. 433. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um Landsbókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir 7. gr. frv. komi ný grein, er verði 8. gr., og breytist greinatala samkvæmt því:
   Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörzlu.
   Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir innan Háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn.
2. Við 8. gr. (verður 9. gr.). 2. mgr. orðist svo:
   Heimilt er að skipta safninu í deildir. Heimild þessi nær jafnframt til starfrækslu þeirrar, er leiðir af 8. gr.
3. Við 12. gr. (verður 13. gr.). Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Um samstarf Háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo og um þjónustu við Háskóla Íslands og stofnanir hans, skal sett sérstök reglugerð í samræmi við 8. og 9. gr. þessara laga og 2. og 36. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Nd. 434. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. marz.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Læknamiðstöð er stofnun, er veitir heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknishéruðum samkv. 1. gr. laga þessara eða hluta þeirra, og við starfa eigi færri en tveir læknar, þar af minnst einn héraðslæknir.

Ráðherra er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt tillögu landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Áður en ákveðið er að stofna læknamiðstöð, skal leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Nú hefur læknamiðstöð verið stofnuð, og er þá heimilt að stækka það svæði, sem hún þjónar, að fengnum tillögum ofangreindra aðila og með þeim fyrirvara að öðru leyti, sem þessi málsgr. kveður á um.

Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. fyrstu málsgr. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt hérað er að ræða, og ákveður ráðherra nafn hins nýja héraðs. Ákvæði þessarar málsgr. gildir einnig, þegar svæði læknamiðstöðvar er stækkað.

Læknamiðstöð skal að jafnaði vera aðsetursstaður lækna þeirra, er gegna störfum við stöðina. Til læknamiðstöðvar teljast íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni. Ráðherra ákveður að tillögu landlæknis og að fenginni umsögn Læknafélags Íslands, hve margir héraðslæknar og/eða aðrir læknar skuli starfa við læknamiðstöð. Um skipun héraðslækna fer samkv. 5. gr., en stjórn læknamiðstöðvar ræður aðra lækna að stöðinni.

Kostnaður við byggingu starfshúsnæðis fyrir læknamiðstöð og íbúðir héraðslækna, sem starfa við stöðina, greiðist samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsalaga. Þó skal kostnaður, sem leiðir af stofnun læknamiðstöðvar, sem tekur yfir tvö eða fleiri læknishéruð samkv. 1. gr., greiddur að fullu úr ríkissjóði. Nú óska hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því, að fleiri læknar en ráðherra hefur ákveðið, sbr. 5. mgr., starfi við læknamiðstöð, og bera þá sveitarfélög ein kostnað af aukningu á húsakynnum, sem af slíkri læknafjölgun leiðir.

Nú er ekki til héraðslæknisbústaður í læknishéraði, þar sem læknamiðstöð, sem tekur yfir tvö eða fleiri héruð, er sett á stofn, og fer þá um kostnað við byggingu einnar héraðslæknisíbúðar samkvæmt almennum ákvæðum sjúkrahúsalaga. Byggingar og búnaður, sem er í eigu einstakra læknishéraða, þar sem læknamiðstöð er sett á stofn, skal ganga til stöðvarinnar.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður læknamiðstöðvar, annar en laun héraðslækna, greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda, hafi þau ekki samið um greiðslu kostnaðar eftir öðrum reglum.

Nú fer fram í læknamiðstöð starfsemi, sem sérstök lög gilda um, og fer þá um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þá starfsemi samkv. þeim lögum.

Í stjórn læknamiðstöðvar skulu eiga sæti þrír menn, einn héraðslæknir, skipaður af ráðherra, og tveir menn kosnir af oddvitum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til 4 ára í senn eða sveitarstjórn, ef læknamiðstöð nær aðeins yfir eitt læknishérað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis utan læknamiðstöðvar, og skal þá landlæknir, að fengnu áliti hlutaðeigandi héraðslækna, gera tillögur til ráðherra um tíðni slíkra viðtalstíma á hverjum stað, en ríkissjóður greiðir ferðakostnað læknis samkv. taxta, er ráðherra setur. Að öðru leyti fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað vegna slíkrar þjónustu eins og um læknamiðstöð væri að ræða.

Nánari ákvæði um tilhögun og starfsemi læknamiðstöðva skal setja í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **435. Nefndarálit** [164. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Benedikt Gröndal. Stefán Valgeirsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. **436. Nefndarálit** [201. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.

Axel Jónsson. Bjarni Guðbjörnsson. Sveinn Guðmundsson.

Björn Jónsson.

Nd. **437. Frumvarp til laga** [207. mál]

um breyting á lögum nr. 50 8. maí 1965, um eyðingu svartbaks.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er héraðslækni, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, að leyfa eiganda æðarvarps að nota svefnlyf til útrýmingar svartbak í varplandi sínu. Skal varpeigandi fara í öllu eftir fyrirmælum héraðslæknis um notkun lyfsins, og skal hann láta veiðistjóra í té skýrslu um árangurinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Æðarvarp hefur lengi verið til mikilla nytja á ýmsum bújörðum í landinu. Nú hrakar því stöðugt og er jafnvel að hverfa úr sögunni á sumum jörðum. Að sjálfsögðu er fleiri en ein ástæða til þess, að svo er komið, en ein meginástæðan mun þó vera hið gífurlega tjón, er svartbakur veldur í æðarvarpi, einkum með því að drepa

æðarunga. Í 3. og 4. gr. laganna um eyðingu svartbaks er ráð fyrir því gert, að sérstakir menn séu ráðnir til að útrýma skaðlegum dýrum, þ. á m. svartbak, en þau ákvæði hafa því miður ekki komið til framkvæmda.

Komið er á markað svefnlyfið phenemalnatrium, sem reynt hefur verið við útrýmingu svartbaks með allgóðum árangri. Álitsgerð yfirdýralæknis Páls A. Pálssonar um lyf þetta er birt sem fylgiskjal með frv. þessu, og vísast til hennar. Flm. þessa frv. draga þá ályktun af álitsgerðinni, að rétt sé að heimila varpeigendum að nota svefnlyf þetta til útrýmingar svartbak í eigin varplandi, að minnsta kosti í tilraunaskyni, enda treysti viðkomandi héraðslæknir og sveitarstjórn varpeiganda til að fara svo með lyf þetta sem fyrir er mælt af héraðslækni.

Fylgiskjal.

YFIRDÝRALÆKNIRINN, REYKJAVÍK

13. marz 1969.

Hr. alþingismaður Sigurvin Einarsson,
Alþingi, Reykjavík.

Vegna fyrirspurnar yðar um notkun svefnlyfja til þess að eyða svartbak í stað stryknins, eins og áður tíðkaðist, skal tekið fram:

Nokkuð mun hafa verið reynt að nota svefnlyf til þess að eyða svartbak, bæði á sláturstöðum, en einnig eitthvað í varplöndum.

Á sláturstöðum hefur lyfið verið sett í hæfilega smáa bita, svo fuglinn kokgleypi þá. Árangur af þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið, mun vera allgóður, fuglarnir (svartbakur og hrafn) urðu fljótlega fyrir áhrifum af lyfinu, svo tiltölulega auðvelt var að handsama fuglana og drepa þá.

Í varplöndum hefur lyfið verið sett í egg, sem fuglinn gleypir. Er talið, að af því hafi fengizt sæmilegur árangur.

Í Reykjavík hefur meindýraeyðir borgarinnar notað svefnlyf til að eyða dúfum, sem hafa sums staðar verið plága. Er lyfinu þá blandað í korn, sem er látið drekka lyfið í sig. Korninu er síðan dreift á þá staði, þar sem dúfurnar eru vanar að fá mat sinn.

Þegar fuglar hafa fengið í sig hæfilegan skammt af svefnlyfi, verða þeir meir og minna ósjálfbarga, missa flugið og sofna, drepast stundum í svefni, hafi skammturinn verið nægilega stór. Oftast verður þó að elta þá uppi og drepa þá.

Um krampa eins og við stryknineitrun er ekki að ræða. Að því leyti er lyf þetta minna ógeðfellt til eyðingar fugli. Hins vegar geta fuglar, sem ekki næst til að aflífa, eftir að lyfið hefur svifið á þá, raknað við og hrakizt þá meir og minna ósjálfbjarga, unz þeir drepast eða jafna sig alveg af verkunum lyfsins. Má búast við, að þegar svo ber við, geti fuglinn lemstrazt meira og minna eða orðið fyrir árásum annarra fugla.

Lyf það, sem hér á landi hefur nær eingöngu verið notað til þessara tilrauna, er phenemalnatrium (Natriumfenyletylbarbituricum). Lyf þetta, hvítt duft, leysanlegt í vatni, má að sjálfsögðu eingöngu afhenda gegn lyfseðli hverju sinni samkvæmt núgildandi reglum, og að sjálfsögðu verður að viðhafa fyllstu gát við alla meðferð lyfsins.

Hvort leyfa beri almennt að nota svefnlyf til að eyða svartbak, er ekki mitt að dæma um. Árangurs af notkun þessa lyfs er frekast að vænta, þar sem fuglinn hópast saman á tiltekna staði, eins og t. d. við sláturhús á haustin og fiskvinnslustöðvar á veturna, sorphauga o. s. frv. Væri vænlegast að skipuleggja útrýmingu fyrst á þessum eldisstöðvum fuglsins, og ekki óeðlilegt, að þeir, sem þessar stöðvar reka, beri kostnað að einhverju leyti.

Ég tel rétt að kanna ýtarlegar en þegar hefur verið gert, hve langt má komast með þessari aðferð í herferðinni gegn svartbaknum, áður en almenn notkun lyfs af þessu tagi væri leyfð.

Vafalítið stafar erninum minni hætta af svefnlyfi þessarar tegundar, ef rétt er notað, heldur en af stryknini.

Virðingarfyllst,
Páll A. Pálsson.

Ed. 438. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið, eins og það liggur fyrir á þskj. 430, og er sammála um að mæla með því.

Tveir nefndarmanna, EÁ og BGuðbj, skila séráliti.

Alþingi, 28. marz 1969.

Ólafur Björnsson, form. — Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. — Sveinn Guðmundsson, frsm.

Björn Jónsson. — Axel Jónsson.

Ed. 439. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi, sem ríkisstjórnin gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin í janúarmánuði s. l. í því skyni að ráða nokkra bót á því mikla atvinnuleysi, sem hér hefur verið á þessum vetri.

Með hliðsjón af því leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt, enda þótt við hefðum kosið, að ýmis ákvæði þess væru á annan veg.

Fram hefur komið, að til Atvinnumálanefndar ríkisins hafa þegar borizt umsóknir um lán og aðra fyrirgreiðslu samtals að fjárhæð röskar 700 millj. kr. Er því ljóst, að fjármagn það, sem fyrir hendi verður á þessu ári, fullnægir ekki nema að litlu leyti þörfinni, og því sýnilegt, að frekari aðgerðir þurfa til að koma.

Þá bendum við á brýna nauðsyn þess, að skólafólki verði séð fyrir viðunandi atvinnu yfir sumarmánuðina, þar sem margt af því mun ekki geta haldið áfram námi að öðrum kosti.

Alþingi, 28. marz 1969.

Einar Ágústsson, frsm. — Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 440. Lög [201. mál]

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 409.

Ed. **441. Lög** [191. mál]

um aðgerðir í atvinnumálum.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 430.

Nd. **442. Frumvarp til laga** [208. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Á eftir H-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Arður af innlendum hlutabréfum.

2. gr.

Á eftir D-lið 20. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Innlend hlutabréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað umræður og skrif um gildandi lög um tekju- og eignarskatta og tekjustofna sveitarfélaga með sérstöku tilliti til atvinnufyrirtækja og afkomumöguleika þeirra. Hefur á það verið bent, hversu mjög skortir á það, að áður nefnd löggjöf sé þannig úr garði gerð, að almenningur hafi áhuga á að leggja fjármagn sitt í atvinnurekstur, nema þeir, sem eingöngu ætla sér að hafa af því atvinnu.

Jafnframt hefur verið sýnt fram á, hversu mjög það hefur háð atvinnurekstrinum, hversu eigið fjármagn atvinnufyrirtækjanna hefur verið lítið, og það oft og tíðum meginorsök lélegs árangurs í rekstri fyrirtækjanna.

Við breytingu þá, sem gerð var á skatta- og tekjustofnalögunum 1962, var stigið rétt spor í þá átt að efla atvinnulífið í landinu, en það sýnir sig, þegar á móti blæs, að betur má gera, því að fjárhagslega sterk og vel rekin fyrirtæki verða ævinlega grundvöllur blómlegs atvinnulífs.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að vera spor í þá átt að hvetja almenning til þátttöku í atvinnulífinu með fjármagni sínu, svo og að gera undirstöðu atvinnufyrirtækjanna styrkari með auknu eigin fjármagni.

Ed. **443. Frumvarp til laga** [209. mál]

um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram allt að 150 milljónir króna af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísiliðjunni h.f. við Mývatn til viðbótar því framlagi, sem heimilað var með ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að taka lán í þessu skyni.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. nefndra laga gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni h.f.,

sem ríkissjóður kann að verða skráður fyrir við aukningu hlutafjár umfram upphaflegt stofnfé félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórn Kísiliðjunnar h.f. við Mývatn hefur að undanförnu haft það til athugunar, hvort fært yrði á næstunni að ráðast í stækkun kísilgúrverksmiðju félagsins, en verksmiðja þessi hóf rekstur á s. l. vori. Hefur sú athugun leitt í ljós, að hagkvæmt muni að auka afkastagetu verksmiðjunnar í einu lagi, sem svarar 12 þús. lestum á ári, þannig að heildarafköstin verði rúmlega tvöföld á við það, sem nú er. Telur stjórnin æskilegt, að þetta verði gert, svo fljótt sem ástæður leyfa. Ríkisstjórnin hefur fallizt á þessa tillögu fyrir sitt leyti og lagt drög að því ásamt Johns-Manville Corporation í New York, öðrum aðalhluthafa félagsins, að stækkunin verði framkvæmd á þessu og næsta ári. Er frumvarpi þessu ætlað að afla nauðsynlegra heimilda til þeirrar fjáröflunar, sem við þarf vegna stækkunarinnar og annarra aðstæðna félagsins. Áður en gerð er nánari grein fyrir ákvæðum frumvarpsins, þykir rétt að gefa stutt yfirlit um starfsemi félagsins til þessa.

Kísiliðjan h.f. var stofnuð hinn 13. ágúst 1966, sem kunnugt er, en þann dag voru undirritaðir samningar ríkisstjórnarinnar og Johns-Manville Corporation í New York um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Voru samningar þessir gerðir samkvæmt þeim heimildum, sem Alþingi hafði veitt með lögum nr. 22 21. maí 1964 og lögum nr. 60 13. maí 1966, er síðar voru felld saman og endurútgefin sem lög nr. 80 15. ágúst 1966. Stofnhlutafé félagsins var 78 milljónir króna. Varð hlutur ríkissjóðs af því 51 af hundraði eða kr. 39 800 000. Sveitarfélög á Norðurlandi, sem boðin var þátttaka í félaginu með allt að 10 af hundraði, lögðu fram samtals kr. 980 000 eða sem næst 1.3 af hundraði. Hlutur Johns-Manville Corporation varð þannig kr. 37 220 000 eða 47.7 af hundraði. Í aðalstjórn félagsins voru skipaðir af hálfu ríkisins þeir Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, formaður, Karl Kristjánsson, fyrrv. alþm., og Pétur Pétursson, forstjóri, en af hálfu Johns-Manville Corporation þeir Roger Hackney og W. E. Lehmann frá New York. Hefur stjórnin setið óbreytt síðan.

Kísiliðjan h.f. tók í upphafi við byggingarframkvæmdum við kísilgúrverksmiðjuna, sem hafnar höfðu verið á vegum bráðabirgðafélags þess, er ríkisstjórnin stofnaði í Reykjavík á árinu 1964 til undirbúnings málinu. Var að þeim unnið undir stjórn Péturs Péturssonar, forstjóra, er skipaður var framkvæmdastjóri hins nýja félags, meðan á þeim stæði. Voru framkvæmdirnar jafnframt undir eftirliti verkfræðifirmans Kaiser í Kanada, sem hannað hafði verksmiðjuna, og verkfræðings frá Almenna byggingarfélaginu h.f., auk þess sem sérfræðingar Johns-Manville Corporation áttu hlut að máli. Miðaði byggingunni vel, og tókst að ljúka henni að öllu verulegu í lok október 1967, aðeins mánuði eftir þann tíma, sem upphaflega var áætlaður til verksins. Byggingin stóðst og sú kostnaðaráætlun, sem undirbúningsfélagið hafði látið gera, og var unnt að nota fé það, sem ætlað var fyrir ófyrirséðum kostnaði, til byggingar íbúðarhúsa fyrir starfsfólk o. fl. Alls nam byggingar- og undirbúningskostnaður félagsins í árslok 1967 um 210 milljónum króna, eða um 4.4 milljónum Bandaríkjadollara miðað við það gengi, sem var á byggingartímanum.

Framleiðslumannvirkjum kísilgúrverksmiðjunnar má í aðalatriðum skipta í tvo hluta, þ. e. votvinnslukerfi og þurrvinnslukerfi. Í fyrri hlutanum eru þau mannvirki, sem lúta að dælingu efnisins, þurrkun þess og meðferð fyrir brennslu, en í hinum síðari fer fram glæðing efnisins, sigtun og pökkun. Var hönnun verksmiðjunnar við það miðuð, að þurrvinnslukerfið yrði í upphafi byggt fyrir 24 þús. lesta ársafköst, en votvinnslukerfið fyrir 12 þús. lesta ársafköst. Síðan yrði votvinnslukerfið stækkað smám saman á nokkrum árum, eftir því sem markaðsaðstæður

mundu leyfa. Hinn 27. október 1967 töldu verkfræðingar þennan fyrsta áfanga byggingarinnar hafa náð því marki, að verksmiðjan væri hæf til tilraunavinnslu, og hófst sú vinnsla í byrjun nóvembermánaðar 1967. Jafnframt tóku nýir aðilar við framkvæmdastjórn félagsins. Var Vésteinn Guðmundsson, verkfræðingur, skipaður framkvæmdastjóri félagsins og verksmiðjustjóri, en Einar Tjörvi Elíasson, verkfræðingur, skipaður verkfræðilegur ráðunautur og yfirmaður gæðaeftirlits við framleiðsluna. Höfðu þeir Vésteinn og Einar notið þjálfunar um nokkurt skeið í verksmiðju Johns-Manville Corporation í Lompoc í Kaliforníu. Einnig var Birgir Guðmundsson, tæknifræðingur, ráðinn sem yfirverkstjóri við framleiðsluna. Hið fasta rekstrarstarfslið verksmiðjunnar var og ráðið um þessar mundir, og voru það allt Íslendingar.

Tilraunavinnsla í verksmiðjunni stóð yfir næstu mánuði, og fór hún fram undir handleiðslu sérfræðinga frá Johns-Manville Corporation, sem hingað voru sendir í því skyni samkvæmt tækniaðstoðarsamningi Kísiliðjunnar h.f. við þann aðila. Ýmsir erfiðleikar komu í ljós, sem vonlegt var, þar sem það hefur ekki áður gerzt, að kísilgúr væri unninn upp úr vatni. Fljótlega tókst þó að vinna það efni, sem til var ætlazt, þ. e. síunarefni í fyrsta gæðaflokki. Í síðari hluta aprílmánaðar 1968 var svo komið, að unnt var að hefja venjulega framleiðslu í verksmiðjunni, og voru fyrstu vörusendingar hennar til útlanda afgreiddar frá Húsavík í maímánuði það ár, til kaupenda í Bretlandi og Þýzkalandi. Gaf varan þá þegar góða raun við þá notkun, sem henni var ætluð, og hefur það haldizt undantekningarlaust til þessa.

Verksmiðjan hefur síðan starfað óslitið að framleiðslu á síunargúr fyrir Evrópumarkað, og hefur hann allur selzt jafnharðan. Á árinu 1968 voru framleiddar til sölu um 2500 lestir. Er það minna magn en vonir stóðu til, enda var við ýmsa byrjunarörðugleika að etja. M. a. spillti það um tíma nýtingu í framleiðslunni, að fyrri hráefnisþró verksmiðjunnar reyndist ekki nægilega vatnsheld. Tafir urðu vegna bilana, og nokkur seinkun varð á því, að tilætlað magn af jarðgufu fengist til þurrkunar efnisins. Tilraunavinnslan tók og lengri tíma en við var búizt, en veitti á hinn bóginn dýrmæta reynslu fyrir þá sök, að hún var framkvæmd við erfiðustu ytri aðstæður.

Félagið hefur nú unnið fullan bug á örðugleikum af þessu tagi, og hefur verksmiðjan starfað með eðlilegum hætti undanfarna mánuði. Tilraunavinnslan hefur leitt í ljós, að þurrvinnslukerfi verksmiðjunnar muni geta skilað tilætluðum afköstum án teljandi breytinga. Um votvinnslukerfið þykir það hins vegar sýnt, að afkastageta þess muni reynast minni en aðilar höfðu ætlazt til. Má rekja það til þurrkara verksmiðjunnar, sem eru ekki eins öflugir og við var búizt, og einnig hafa að jafnaði orðið í þeim nokkur efnistöp við útgufun. Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur, sem áætlanir aðilanna voru byggðar á. Í því sambandi ber að hafa það í huga, sem fyrr var nefnt, að votvinnsla á kísilgúr hefur hvergi farið fram áður, og var því ekki við beina reynslu að styðjast við gerð þessara tækja. Verksmiðjan er nú rekin með afköstum, sem svara til um 8 þús. lesta ársframleiðslu, og er það sú afkastageta, sem þurrkararnir virðast geta náð án breytinga. Á þessu vori mun verða komið fyrir útbúnaði við þurrkarana, sem hindra á efnistöp úr þeim. Má þá ætla, að afkastageta þeirra aukist í um 10 þús. lestir á ári. Það er stækkun úr þessu marki, sem nú er fyrirhuguð, og mun hún leysa af hólmi frekari aðgerðir til endurbóta á fyrsta áfanga verksmiðjunnar.

Hin fyrirhugaða stækkun felst fyrst og fremst í aukningu á votvinnslukerfi verksmiðjunnar, sem ráða má af framansögðu. Verður lögð ný hráefnisleiðsla frá Mývatni við hlið þeirrar, sem fyrir er, og afl dælustöðvar aukið. Byggðar verða tvær nýjar hráefnisþrær við verksmiðjuna og ný skilvinda, er verður mun stærri en hin fyrri. Bætt verður við a. m. k. tveim nýjum þurrkurum, er verða öflugri og sterkbyggðari en þeir tveir, sem fyrir eru. Auk þessa fer fram stækkun á vörugeymslum verksmiðjunnar á Húsavík og við Mývatn. Áætlað er, að hinn beini kostnaður af þessari framkvæmd muni nema allt að 2.3 milljónum Bandaríkjadollara eða rúmlega 200 milljónum króna eftir núverandi gengi. Af því er beinn kostnaður við efni og

vinnu (þ. e. annað en flutningsgjöld, verkfræðikostnaður, ófyrirséð og tollar) talinn allt að 1785 þús. dollurum. Þar af yrði sem næst ⅓ hluti innlendur kostnaður. Johns-Manville Corporation mun sjá um hönnun á mannvirkjunum og verkfræðilegt eftirlit með byggingu þeirra gegn greiðslu á útlögðum kostnaði.

Það er samdóma álit fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Johns-Manville Corporation í stjórn Kísiliðjunnar h.f., að ofangreind framkvæmd sé bæði æskileg og aðkallandi. Er sú skoðun fyrst og fremst á því byggð, að framleiðsluvara verksmiðjunnar hefur gefið mjög góða raun og fyllilega staðizt samjöfnuð við þau síunarefni, sem fyrir voru á markaðnum. Telur stjórnin, að öruggur markaður muni verða á komandi árum fyrir hina auknu framleiðslu, sem af stækkuninni mundi leiða, eftir því sem unnt er að fullyrða um þau efni. Má gera ráð fyrir því, að unnt verði að selja jafnóðum þær 8—10 þús. lestir, sem áætlað er að framleiða á þessu ári, en á árinu 1970 ætti salan að geta farið fram úr því marki, sem verksmiðjan annar nú. Jafnframt er á það að líta, að verksmiðjan mun ekki bera arð umfram afskriftir, meðan hún er starfrækt með núverandi afkastagetu. Hins vegar er þess að vænta, að hún muni geta skilað nokkrum arði þegar á árinu 1973, ef stækkunin fer fram, og geta starfað með vaxandi arðsemi eftir þann tíma.

Í samningum ríkisstjórnarinnar og Johns-Manville Corporation frá 1966 var svo fyrir mælt, að aðilar skyldu sjálfir leggja fram eða ábyrgjast útvegun á því fjármagni, sem þurfa mundi til stækkunar verksmiðjunnar að 24 þús. lesta ársafköstum, en framangreind stækkun er innan þeirra marka. Aðilarnir telja heppilegast, að fyrri kosturinn verði tekinn að þessu sinni, þannig að fé til stækkunarinnar verði lagt fram í formi aukins hlutafjár. Er frumvarpið við þetta miðað. Með þessu má ætla, að fjárhagur félagsins yrði tryggður til frambúðar, þannig að aðilarnir þurfi ekki að hlaupa þar frekar undir bagga. Þess ber og að geta, að arðgreiðslur félagsins til hluthafa eru ekki frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna, gagnstætt því, sem nú er um önnur íslenzk hlutafélög. Má því ætla, að skattgreiðslur félagsins hérlendis verði hærri að öðru jöfnu, ef þessi leið er farin, þar sem vextir af lánum til stækkunarinnar yrðu að sjálfsögðu frádráttarbærir.

Í samþykktum Kísiliðjunnar h.f. er svo fyrir mælt, að hluthafar skuli eiga forkaupsrétt að aukningarhlutum í félaginu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Mundi hlutafjáraukning vegna stækkunarframkvæmdanna verða boðin út í samræmi við þetta ákvæði, þannig að hver aðili haldi sínu að öllu forfallalausu. Ekki virðist unnt að skylda félagið til þess að bjóða sveitarfélögum á Norðurlandi frekari þátttöku í hlutafjáraukningunni en eignarhlutur þeirra segir nú til um, og er síðari málsgr. 1. gr. frumvarpsins ætlað að taka af tvímæli í því efni. Aukin þátttaka mun þó væntanlega standa sveitarfélögunum til boða, ef áhugi er fyrir hendi.

Í ákvæðum 1. málsgr. 1. gr. frumvarpsins er tekið tillit til þess, auk stækkunarframkvæmdanna, að gera þarf endanlegar ráðstafanir til að mæta útgjöldum félagsins umfram tekjur á þessu og liðnu ári. Upphafleg fjáröflun til verksmiðjunnar var miðuð við byggingarkostnaðinn einan, þannig að síðar yrðu gerðar ráðstafanir til að afla fjár til að standa straum af tilraunarekstri félagsins og þeim rekstrarhalla, sem sjá mátti fyrir fyrstu árin. Samningar ríkisstjórnarinnar og Johns-Manville Corporation mæltu svo fyrir, að fjárþörf þessi yrði leyst á sama hátt og fjárþörfin vegna stækkunarinnar. Í samræmi við það hafa aðilarnir útvegað félaginu nokkurt lánsfé með eigin ábyrgð, en það fé, sem umfram hefur þurft, hafa þeir sjálfir lagt fram til bráðabirgða. Telja þeir rétt að ganga nú svo frá málum, að bráðabirgðaframlögum þessum verði breytt í hlutafé jafnhliða því, sem hlutafé félagsins verður aukið vegna stækkunarinnar.

Þau útgjöld félagsins, sem aðilarnir hyggjast mæta með þessum hætti, eru sumpart til komin vegna rekstrarhalla félagsins á árinu 1968, en sumpart vegna afborgana og vaxta af stofnlánum þess á árunum 1968 og 1969, svo og viðbótarframkvæmda við verksmiðjuna á sama tíma. Má vænta þess, að hluti ríkissjóðs í hlutafjárframlögum til þessara þarfa verði allt að 36 milljónum króna.

Samkvæmt bráðabirgðareikningi endurskoðenda var afkoma Kísiliðjunnar h.f. þannig um s. l. áramót, að bókfært verðmæti fasteigna og véla, ásamt undirbúningskostnaði, nam samtals 288.6 millj. kr. Lán til langs tíma námu 182.9 millj. kr., en lán til skamms tíma, önnur en framlög aðilanna, 25.8 millj. kr. Hinn reikningslegi halli ársins 1968 nam alls 33.6. millj. kr., en af þeirri fjárhæð teljast 10 millj. kr. til afskrifta og 9.7 millj. kr. til gengistaps, auk þess sem um var að ræða ýmsa aðra gjaldaliði, sem ekki komu til greiðslu á árinu. Greiðsluhalli á rekstri félagsins varð því mun lægri en þessi niðurstaða gefur til kynna. Hefði hann orðið hverfandi, ef framleiðsla ársins hefði náð áætluðu magni. Ef svo heldur fram, sem nú horfir, um árið 1969, munu sölutekjur félagsins standa undir öllum rekstursútgjöldum þess á árinu, og mun félagið ekki þurfa á aðstoð að halda til annars en afborgunar af stofnlánum að nokkrum hluta. Aðgerðir þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, munu að sjálfsögðu stórbæta fjárhagsaðstöðu félagsins. Er það eindregin skoðun aðalhluthafanna, að framlögum þeirra í þá átt megi teljast vel varið.

Ed. 444. Frumvarp til laga [5. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Steffen Magnus, járnsmiður á Álafossi, fæddur í Danmörku 20. október 1937.
2. Andersson, Sven Bertil Herder, fulltrúi á rannsóknarstofu í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 23. nóvember 1933.
3. Andreasen, Gudrun Viola, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 19. nóvember 1935.
4. Angelo, Greta Laila, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Noregi 30. janúar 1945.
5. Awad, Ahmed Hafez, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Egyptalandi 26. febrúar 1942.
6. Christensen, Helge Sigurd, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 10. júlí 1934.
7. Colding, Konny Mitsi, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 1. júlí 1937.
8. Dam, Thorlak, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 24. febrúar 1930.
9. Framme, Gisela Ella Flora, húsmóðir á Hríshóli í Reykhólasveit, fædd í Þýzkalandi 3. apríl 1934.
10. Gaard-Jensen, Karen Margrethe, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 28. maí 1916.
11. Hallfríður Helga Dagbjartsdóttir, húsmóðir í Syðstu-Mörk, Vestur-Eyjafjallahreppi, fædd á Íslandi 8. september 1930.
12. Holm, Anelise Helga, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 4. september 1934.
13. Holmer, Jonna, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 26. júní 1937.
14. Jakob Úlfarsson, læknanemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 25. júní 1943.
15. Jelle, Aase Kathrine Poulsen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 23. marz 1934.
16. Joensen, Heinz Peter, blikksmiður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku 1. jan. 1943.
17. Johannesen, Anna Malena Salomina Leo, húsmóðir í Sandgerði, fædd í Færeyjum 6. september 1911.
18. Kluck, Jón Michael, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur á Íslandi 11. janúar 1950.
19. Kutscher, Rolf Kurt Ernst, verzlunarmaður á Ísafirði, fæddur í Þýzkalandi 27. marz 1943.
20. Larsen, Hanne Oda Ann, flugfreyja í Reykjavík, fædd í Danmörku 12. desember 1941.

21. Ludvig, Sonja Friborg, húsmóðir í Súðavík, fædd í Færeyjum 9. september 1932.
22. Lukesova, Antonie, ekkja í Reykjavík, fædd í Tékkóslóvakíu 22. nóvember 1896.
23. Mitchell, Michael Bruce Mackinnon, verkamaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Englandi 18. desember 1942.
24. Möller, Renate Hedwig Erika, húsmóðir að Helgafelli í Mosfellssveit, fædd í Þýzkalandi 23. júlí 1936.
25. Mörköre, Henry Christian, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 27. september 1939.
26. Müller, Einar, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1942.
27. Newman, Gerald Davis, verkamaður í Höfnum, fæddur á Íslandi 15. september 1951.
28. Nirk, Sibilla, tannlæknir í Reykjavík, fædd í Lettlandi 27. janúar 1938. Fær réttinn 27. maí 1969.
29. Otto, Annelene Irma, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. nóvember 1935.
30. Petersen, Birgit Vini Borg, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 1. nóvember 1938.
31. Petersen, Jensa Kitty, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Færeyjum 26. júní 1935.
32. Pilipienko, Tamara, húsmóðir á Akureyri, fædd í Póllandi 7. maí 1917.
33. Poulsen, Sjurður Johan Joen-Henriksson, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Færeyjum 28. marz 1946. Fær réttinn 8. júní 1969.
34. Rinne, Antti Ensio, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Finnlandi 28. maí 1933.
35. Sobh-Khiz, Manutcher, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Íran 30. júlí 1946.
36. De Sousa, Carlos Alberto Felizardo, verkamaður í Hafnarfirði, fæddur í Portúgal 1. maí 1944. Fær réttinn 1. okt. 1969.
37. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, fædd í Þýzkalandi 6. marz 1932.
38. Toftum, Edith Maria, húsmóðir í Keflavík, fædd í Færeyjum 9. maí 1942.
39. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Austurríki 17. nóvember 1932.
40. Witkowska, Elzbieta, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 2. október 1931.
41. Woods, Rodney William, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.
42. Woods, Russel Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 26. júlí 1911.
43. Woods, Russel Eugene, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.

2. gr.

Þeir sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 445. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt upplýsingum, sem hagstofustjóri hefur látið fjhn. í té, mundi frv. hafa í för með sér um 310 millj. króna tekjumissi fyrir ríkissjóð. Í grg. frv. segjast flm., sem eru fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd, gera sér grein fyrir

erfiðum fjárhag ríkissjóðs og enn fremur, að þeim sé ljóst, „að ríkissjóður geti sparað útgjöld á móti þessum tekjumissi". Engar raunhæfar tillögur um þann sparnað bárust þó frá flm., er fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru til afgreiðslu, og þeirra hefur enn ekki orðið vart, og engan ágreining gerðu flm. um það í fjárveitinganefnd, að fjárlög bæri að afgreiða án tekjuhalla. Víst væri það ánægjulegt, ef unnt væri að samþykkja frv., sem léttir á landsfólkinu álögur, sem nema hundruðum milljóna króna, en þar verður til að koma meira en frómar óskir og frumvörp, sem flutt eru til þess eins að sýnast.

Meiri hl. fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 10. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Gunnar Gíslason, frsm.

Guðl. Gíslason.

Ed. 446. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér umsagnir, sem um það hafa verið gefnar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að efri deild Alþingis fellst á það álit jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, að samþykkt frv. sé andstæð hagsmunum ríkisins, ályktar deildin að vísa frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.

Jón Árnason.

Ed. 447. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.

Karl Guðjónsson.

Nd. **448. Frumvarp til laga** [9. mál]

um Landsbókasafn Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra,
2. að afla erlendra rita í öllum greinum vísinda, bókmennta, lista, tækni og samtíðarmálefna,
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði,
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar innan lands og utan,
5. að leiðbeina þeim, er til safnsins leita, og örva til bóklestrar og fræðaiðkana.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna prentuðu efni íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentuðu efni, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafn varðveitir handritasöfn þau, er það hefur viðað að sér frá öndverðu, en skal jafnframt vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu.

Það skal vinna að öflun mynda af íslenzkum handritum, ef frumrit eru ekki fáanleg. Landsbókasafnið og Handritastofnun Íslands skulu hafa samráð um þetta síðasta atriði, skipta þar með sér verkum, svo að ekki komi til tvíverknaðar.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum (og öðrum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í lögunum um afhendingu slíkra eintaka) og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal halda uppi og greiða fyrir bókaskiptum við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við önnur bókasöfn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

8. gr.

Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörzlu.

Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir innan Háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn.

9. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Heimild þessi nær jafnframt til starfrækslu þeirrar, er leiðir af 8. gr.

Menntamálaráðherra skipar bókaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum landsbókavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

10. gr.

Laun landsbókavarðar og annarra fastra starfsmanna skulu vera samkvæmt hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna.

11. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

Bókaverðir skulu vera landsbókaverði til fulltingis um bókaval, hver í þeirri grein eða greinum, sem hann er kunnugastur.

Háskólaráð skipar safninu jafnframt ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim greinum, er ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókaverði er heimilt að leita ráða eða hlíta tillögum enn annarra sérfróðra manna.

12. gr.

Í Landsbókasafni skal vera myndastofa, og annist þeir, sem þar starfa, alla myndagerð fyrir safnið, en þjóni jafnframt öðrum opinberum stofnunum, eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

Um samstarf Háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo og um þjónustu við Háskóla Íslands og stofnanir hans, skal sett sérstök reglugerð í samræmi við 8. og 9. gr. þessara laga og 2. og 36. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

14. gr.

Í Landsbókasafni skal vera bókbandsstofa, og bindi starfsmenn hennar bækur safnsins og rit, en veiti jafnframt Þjóðskjalasafni þjónustu, svo sem verið hefur.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 44/1949, um Landsbókasafn Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 449. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **450. Lög** [7. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 7.

Ed. **451. Nefndarálit** [141. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frumvarpið, og vill meiri hlutinn fella málið með frávísun, en við, sem minni hlutann skipum, erum því mótfallnir og erum samþykkir frumvarpinu.

Rökin, sem fram hafa verið færð í nefndinni fyrir því, að jörð þessi skuli ekki seld, eru þau, að hún liggi milli tveggja annarra ríkisjarða og sala hennar fleygi þannig í sundur landareign ríkisins. En hér er um sjálfstæð lögbýli að ræða, og hvergi annars staðar hefur þess orðið vart, að stefnt væri sérstaklega að því af stjórnvalda hálfu, að ríkið dragi undir sig eða kappkosti að halda í sinni eigu samfelldri eign jarða vegna búnytja einna saman, svo að tæpast verður það tekið alvarlega, að sú óvenjulega andspyrna, sem mál þetta hefur mætt á Alþingi nú og á síðustu árum, eigi sér þau ein rök, sem fram eru flutt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja fyrri eiganda, Jóhönnu Sæmundsdóttur, jörð þessa. Hún var ábúandi jarðarinnar allt þar til ríkið ákvað fyrirhleðslur og breytingar á vatnasvæði jarðarinnar, þannig að veitt skyldi saman ánum Hafursá og Klifanda vegna brúargerðar. Þá var talið, að jörðin yrði ekki lengur byggileg, en ríkið gerðist kaupandi að henni. Allt um það hélt Jóhanna þó ábúð á henni, og hún og hennar fólk hefur jafnan nytjað Holt, þótt það yrði sér úti um aðra jörð til ábýlis í nágrenninu.

Nú þegar ljóst er orðið, að ágangur vatns á Holt er minni en óttazt var í fyrstu, virðist eðlilegt, miðað við þá stefnu, sem ríkt hefur um kaup og sölu á ríkisjörðum, að fyrri eiganda sé gerður kostur á að eignast jörðina að nýju.

Engu að síður viljum við taka tillit til þess sjónarmiðs, að hagkvæmt geti verið, að jarðeignir ríkisins séu sem samfelldastar. Þess vegna teljum við vel koma til greina að selja jörðina ekki, ef ráðuneytið telur það fara í bága við hagsmuni ríkisins og óskar ekki eftir að nota heimildina, sem í frumvarpinu felst. Hins vegar teljum við það alveg fráleitt, að núverandi aðilar, sem nytja jörðina og hafa gert lengi, verði sviptir ábúðar- eða nytjarétti hennar, enda ekki venja, að brúargerðir ríkisins séu látnar skaða nágranna slíkra mannvirkja. Þess vegna getum við hugsað okkur og gerum það að tillögu okkar í von um, að til samkomulags megi verða, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGARTILLÖGU:

Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Nú verður ekki af því, að heimild þessi verði notuð á yfirstandandi ári, og skal Jóhönnu Sæmundsdóttur þá gefinn kostur á ábúð jarðarinnar með erfðafestu.

Alþingi, 11. apríl 1969.

Karl Guðjónsson, frsm. Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 452. Frumvarp til laga [210. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í Höfðahreppi.

Flm.: Pálmi Jónsson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Skúli Guðmundsson, Eyjólfur Konr. Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðirnar Höfðahólar og Stóra-Spákonufell hafa verið í eyði sem bújarðir í fjölda ára, og verður að telja ólíklegt, að þær, eða hluti úr þeim, byggist að nýju sem slíkar. Höfðahreppur hefur haft jarðirnar á leigu, og í landi þeirra hefur byggzt kauptúnið Höfðakaupstaður.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Höfðahrepps, sem hefur samþykkt einróma að óska eftir því, að heimild verði veitt til sölu jarðanna. Fylgir hér með bréf frá sveitarstjóra Höfðahrepps, dags. 22. marz 1969, með útdrætti úr fundargjörðabók Höfðahrepps varðandi þetta efni.

Fylgiskjal.

SVEITARSTJÓRI HÖFÐAHREPPS

Höfðakaupstað, 22. marz 1969.

Úrdráttur úr fundargerðarbók Höfðahrepps, fundur 22. marz 1969.

I. mál. Rætt um kaup Höfðahrepps á jörðunum Höfðahólum og Spákonufelli af ríkinu.

„Samþykkt var samhljóða að óska eftir því við ríkissjóð, að Höfðahreppur fái báðar jarðirnar keyptar, þar sem kauptúnið er byggt á landi þeirra, og að þingmenn kjördæmisins beri þetta mál fram á yfirstandandi þingi, svo kaupin geti farið fram hið fyrsta".

Réttan útdrátt staðfestir hér með:

Þorfinnur Bjarnason,
sveitarstjóri.

Ed. 453. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta. Nefndin varð ekki sammála um afstöðu til frumvarpsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar telur, að eigi sé hyggilegt að breyta gildandi lögum um aðstoð til vatnsveitna nema að vandlega athuguðu máli, og þyrfti þá einkum að kanna eftirfarandi atriði:

1. Hvort ástæða sé til að veita styrk út á önnur vatnsveitumannvirki en í lögunum greinir.
2. Hver sé eðlilegur fyrningartími vatnsveitumannvirkja.
3. Hvernig eigi að meta, hvað sé hæfilegur vatnsskattur.
4. Hvort þörf sé á að setja skýrari reglur um styrkveitingar, t. d. með því að kveða á um breytilegt hlutfall milli styrkfjárhæðar og kostnaðar eftir aðstæðum og setja ákvæði um, á hve löngum tíma styrkir skuli borgaðir út.
5. Hvort æskilegt sé að hafa heimild til að greiða hærri styrk en 50% í sérstökum undantekningartilfellum.

Í trausti þess, að framangreindri athugun verði hrundið í framkvæmd, leggjum við til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ólafur Björnsson.	Steinþór Gestsson. með fyrirvara.

Nd. 454. Frumvarp til laga [211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Ragnar Guðleifsson, Sverrir Júlíusson, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem tilheyrt hefur samningssvæði varnarliðsins, en varnarliðið afsalaði 28. marz 1968.

2. gr.

Landssvæði það, sem hér um ræðir, takmarkast af línu, sem dregin er úr Hellunefi í Keflavíkurborg, þaðan í punkt 49 metra í vestur frá eldri vatnstank skv. mælingu Ágústs Böðvarssonar, dags. 29. júlí 1950, unz sú lína sker mörk lands Njarðvíkurbænda, og fylgir henni síðan til norðurs og takmarkast úr því af mörkum lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, eins og þau eru tilgreind í lögum nr. 51/1966.

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Keflavíkurkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Keflavíkurkaupstað var gert að greiða fyrir landið.


4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórinn í Keflavík hefur f. h. bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar óskað eftir því, að frumvarp til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins, innan lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi.

Landssvæði það, sem hér er um að ræða, er ca. 350 ha.


BYGGINGARFÉLAG VERKAMANNA
KEFLAVÍK
Yfirlitsuppdráttur
sýnir lóðir
Keflavíkur
1:2500
Mörk staðfestrar lóðar fyrir Grunda-
hverfi sem liggur undir lög-
sagnarumdæmi Keflavíkur.
Desember 1965

Sþ. **455. Fyrirspurnir.** [212. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um sumaratvinnu skólafólks.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja skólafólki næga atvinnu í sumar?

II. Til samgöngumálaráðherra varðandi lagningu svonefnds „Kísilvegar".

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Um hvaða heildarupphæð var samið við verktaka fyrir að leggja veg frá Laxamýri um Reykjahverfi og Hólasand til Reykjahlíðar?
2. Hve mikið hefur þegar verið greitt til verktaka, og hve mikið vegna annars kostnaðar?
3. Hve mikill kostnaður er nú talinn ógreiddur alls, og til verktaka?
4. Hefur komið til greiðslu dagsekta af hendi verktaka, og hve mikilla?
5. Hefur verklýsingu verið breytt frá undirskrift samninga?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um smíði skuttogara.

Frá Geir Gunnarssyni, Gils Guðmundssyni og Steingrími Pálssyni.

1. Hvað líður störfum skuttogaranefndar?
2. Hefur nefndin gert tillögur um ákveðna stærð skuttogara?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja lánsfé til að smíða skuttogara innanlands?
4. Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um fjárhagslega fyrirgreiðslu handa væntanlegum kaupendum?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um rekstur Landssmiðjunnar.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hverjar eru ráðagerðir ríkisstjórnarinnar um frambúðarrekstur Landssmiðjunnar?
2. Hafa viðskipti ríkisstofnana við Landssmiðjuna dregizt saman síðustu árin, og ef svo er, hvers vegna?
3. Hvers vegna eru ýmis ríkisfyrirtæki látin reka málmiðnaðarverkstæði í stað þess að fela Landssmiðjunni þau verkefni?
4. Er ekki unnt að auka samvinnu Landsvirkjunar og Landssmiðju í sambandi við framkvæmdir á járniðnaðarvinnu við vatnsaflsvirkjanir?
5. Hvers vegna eru Landssmiðjunni ekki falin þau verkefni, sem hún getur annazt fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Kísilgúrverksmiðjuna og fleiri ríkisstofnanir?
6. Hvers vegna var húsakostur Landssmiðjunnar þrengdur með því að setja þar upp verknámsdeild Iðnskólans í stað þess að ljúka við fokhelda byggingu við Iðnskólann í Reykjavík?
7. Hver var kostnaður við breytingar á því húsnæði Landssmiðjunnar, sem verksnámsdeild Iðnskólans notar nú?
8. Hefur Landssmiðjan fengið greidda húsaleigu fyrir það húsnæði, sem verksnámsdeildin notar?

Sþ. 456. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um rannsókn sjóslysa.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um rannsókn sjóslysa á þann veg, að gert verði ráð fyrir, að sérstök rannsóknarnefnd annist sjóslysarannsóknir að öðru leyti en því, að sjó- og verzlunardómur á einstökum stöðum á landinu sjái um rannsókn hinna smávægilegri sjóslysa.

Nefnd þessi dragi saman allar þær upplýsingar, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, og miðli þeirri vitneskju jafnan til sjómanna, sjómannaskóla, útgerðarmanna og annarra aðila, sem málið varðar.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum fer sjó- og verzlunardómur með rannsókn sjóslysa, og segir í lögum um meðferð einkamála í héraði, að hafi skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skuli rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys, eða á ákvörðunarstað þess, en þar sem hallkvæmast þykir, ef skip hefur farizt. Í siglingalögum er einnig ákvæði um skyldu skipstjóra til þess að tilkynna yfirvaldi og gefa um það skýrslu, ef maður slasast á skipi eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum. Þá er í lögum um eftirlit með skipum kveðið á um siglingadóm, sem m. a. skal dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru vegna sjóslysa.

Rannsókn sjóslysa er því samkv. núgildandi lögum í höndum dómenda í hinum ýmsu sjó- og verzlunarþinghám í landinu, en ljóst ætti að vera, að vænlegra er til árangurs, að sjóslysarannsóknir séu á einni hendi, svo að sem allra mestur árangur geti fengizt af sjóslysarannsóknum að því leyti, að upplýsingar, sem fram koma, séu nýttar til þess að gera ráðstafanir til að draga úr hættu á sams konar slysum.

Í framkvæmd virðist rannsókn sjó- og verzlunardóms á hinum ýmsu stöðum fyrst og fremst eða eingöngu beinast að þeim þætti málsins að leiða í ljós, hvort um saknæma óaðgæzlu einhvers aðila hafi verið að ræða, en minna hirt um þau atriði, sem varðað gætu slysavarnir. Hugsanleg not af samanburði atvika, sem hliðsjón af mismunandi búnaði skipa og viðbrögðum skipshafna við hin ýmsu slys, verða torveldari og harla lítil í raun, vegna þess að enginn einn aðili kannar öll sjóslys og safnar reynslu á einn stað.

Ákvæði um rannsóknir vegna flugslysa eru strangari að ýmsu leyti, og sýnist full ástæða til að endurskoða ákvæði laga um sjóslys með hliðsjón af ákvæðum laga um loftferðir. Í þeim lögum segir m. a., að rannsókn skuli hefja, ekki aðeins ef um flugslys er að ræða, heldur einnig ef legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna. Þá er í þeim lögum gert ráð fyrir, að niðurstöður rannsókna skuli nýttar til tryggingar öryggi framvegis, því að í 145. gr. laganna segir m. a. um skýrslu rannsóknarnefndar, sem send skal flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra: „. . . . Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum . . . “

Árlega verða Íslendingar fyrir óbætanlegu manntjóni á sjó og miklu eignatjóni, og aldrei verður of mikilli fyrirhöfn eða fé varið til þess að draga sem mest úr slysum og óhöppum á sjó. Það er skoðun flm., að verulega skorti á, að rannsókn sjóslysa sé tekin nægilega föstum tökum með núgildandi ákvæðum laga og árangur, að því er varðar slysavarnir, sé minni en hann ætti að vera og gæti verið. Því er með þings-

ályktunartillögu þessari gert ráð fyrir, að lagaákvæði um rannsókn sjóslysa verði endurskoðuð og lögunum breytt á þann veg, að einn og sami aðili fjalli um öll sjóslys önnur en hin smávægilegustu og sinni því verkefni meir en áður hefur verið gert að safna á einn stað reynslu og lærdómum af slysunum og tryggja, að þeir lærdómar komi að notum í raunhæfum aðgerðum til varnar þeim mannslífum og eignum, sem teflt er í hættu í hinni hörðu sjósókn Íslendinga.

Nd. 457. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 50000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, er heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti". Vinni konan við eigin atvinnurekstur hjónanna, „eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna". — En hér fylgir böggull skammrifi, því að „aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 15000 kr."

Sú mismunun, sem hér á sér stað, er í eðli sínu hæpin að dómi flm. þessa frumvarps. Konan, sem vinnur við atvinnurekstur fjölskyldunnar, t. d. búskap, á vitanlega að njóta sama réttar við skattaálagningu og hin, sem starfar á öðrum vettvangi. Hér er þó eigi lagt til að nema brott hámarksákvæði laganna, heldur aðeins að hækka hina frádráttarbæru upphæð.

Nd. 458. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum, og hefur hún orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. var sent stjórnum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands til umsagnar, og eru umsagnirnar prentaðar með nefndaráliti þessu sem fylgiskjöl.

Einn nefndarmanna (LJós) var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 14. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Gunnar Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Guðlaugur Gíslason.

Fylgiskjal I.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 11. apríl 1969.

Með bréfi, dags. 19. f. m., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar stjórnar Landsbanka Íslands um frv. til laga um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Frumvarp þetta gæti gefið tilefni til hugleiðinga um það, hvort rökrétt sé að skattleggja ríkisbanka í landi, þar sem lánsfjárskortur er eitt hinna erfiðari viðfangsefna atvinnuveganna. Vill bankastjórnin beina því til hæstvirtrar ríkisstjórnar og Alþingis, hvort ekki væri rétt að endurskoða þá stefnu við fyrsta tækifæri. Á hinn bóginn telur bankastjórnin frv. það, sem hér liggur fyrir, ekki hafa í för með sér svo verulega breytingu á gildandi löggjöf, að ástæða sé til að leggja á móti samþykkt þess, og er þá jafnframt haft í huga, að í fjárlögum fyrir 1969, sem þegar hafa verið afgreidd, er gert ráð fyrir þessum tekjustofni fyrir ríkissjóð.

Virðingarfyllst,

LANDSBANKI ÍSLANDS

Pétur Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Alþingi.

Fylgiskjal II.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 10. apríl 1969.

Með bréfi, dags. 19. f. m., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar stjórnar Útvegsbanka Íslands um frumvarp til laga um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Bankastjórnin hefur frá upphafi verið eindregið mótfallin skattlagningu á gjaldeyrisbankana á þann hátt sem lög nr. 4 frá 1960, 12. gr., gera ráð fyrir, þar sem skatturinn er reiknaður af vergum tekjum af tilteknum tegundum gjaldeyrisviðskipta, án tillits til kostnaðar bankanna af þeim. Auk þess er vafasamt, hvort rökrétt sé að skattleggja ríkisbanka í landi, þar sem lánsfjárskortur er eitt hinna erfiðari viðfangsefna viðskiptalífsins. Beinir bankastjórnin því þeirri ósk til hæstvirtrar ríkisstjórnar og Alþingis, að sú stefna verði endurskoðuð við fyrsta tækifæri, skatttaka þessi afnumin og þá leitað að öðrum tekjulið fyrir ríkissjóð, áður en næstu fjárlög verða afgreidd.

Þar sem búið er að gera ráð fyrir þeim tekjustofni, sem frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, í fjárlögum ársins 1969, án þess að leitað væri umsagnar gjaldeyrisbankanna um það atriði, áður en þau voru afgreidd, er afgreiðsla þessa frumvarps að áliti bankastjórnarinnar þar með ráðin. Hins vegar leggur bankastjórnin megináherzlu á framangreinda ósk.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Elíasson. F. R. Valdimarsson.
Jónas G. Rafnar.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Alþingi.

Sþ. 459. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um Listasafn ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillögu þessa og mælir með samþykkt hennar. — Tveir nefndarmenn, Jónas Pétursson og Vilhjálmur Hjálmarsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 14. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form. Friðjón Þórðarson, frsm. Geir Gunnarsson.

Jónas Jónsson. Matthías Bjarnason.

Nd. 460. Frumvarp til laga [215. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Júlíusson, Ragnar Guðleifsson, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

2. gr.

Landspildurnar eru:

I. Landspilda, sem afmarkast að vestan af mörkum Vífilsstaða og Hofstaða, að norðan af mörkum Fífuhvamms, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Vífilsstaðavegi.

II. Landspilda, sem afmarkast að vestan og norðan af girðingu við Hraunsholtslæk, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af mörkum Urriðavatns.

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sveitarstjórinn í Garðahreppi hefur með bréfi, dags. 21. marz 1969, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frumvarp til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á landspildum úr landi Vífilsstaða verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf hreppsins til að eignast landið.

Fylgiskjal.

Garðahreppi, 21. marz 1969.

Hreppsnefnd Garðahrepps hefur falið undirrituðum að hlutast til um það, að Garðahreppur fái keyptar tvær landspildur úr Vífilsstaðalandi.

Spildur þessar eru sýndar á meðfylgjandi korti og mörkum þeirra lýst í frumvarpinu.

Til rökstuðnings þessari beiðni er rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Önnur spildan er norðan Vífilsstaðavegar og er stærð hennar um 66 ha. Hún nær að mörkum Hofstaða, en þá jörð hefur Garðahreppur nú keypt. Austurmörk hennar eru fyrirhugaður Suðurnesjavegur, en hann mun takmarka byggðina til austurs. Austan þessa vegar eiga Vífilsstaðir mikið land, sem ekki verður skert.

   Á næstu árum mun byggðin rísa í Hofstaðalandi og þessari spildu úr Vífilsstaðalandi, ef hún fæst keypt. Allt svæðið vestan fyrirhugaðs Suðurnesjavegar hefur verið skipulagt, og hafnar eru byggingarframkvæmdir á hluta þess.

   Mjög mikilvægt er, að byggðin þróist með eðlilegum hætti, þ. e. að hægt verði að beina byggðinni á samfellt svæði, sem jafnframt er ákjósanlegt byggingarland.

2. Hin spildan er um 27 ha. að stærð og er í hrauninu sunnan Hraunsholtslækjar. Afmarkast hún að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi og mun því, eins og hin, slitna úr tengslum við Vífilsstaðaland með tilkomu vegarins. Ekki er gert ráð fyrir, að byggt verði nema á hluta þessarar spildu, heldur verði þar opið svæði.

   Hins vegar verður að teljast eðlilegt, að Garðahreppur eignist spilduna, eins og raunar allt land vestan hins fyrirhugaða vegar.

Á undanförnum árum hefur byggð aukizt mjög í Garðahreppi. Íbúatala hreppsins 1. desember 1968 var 2529. Samkvæmt skipulagsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið er ætlað, að í Garðahreppi verði 7—8 þúsund íbúar árið 1983. Til þess að svo geti orðið, er hreppnum nauðsynlegt að hafa umráð landsins, þannig að byggðinni verði beint á hentugustu staðina.


Af eðlilegum ástæðum er mikil ásókn í byggingarlóðir í hreppnum, þar sem á hinum skipulögðu svæðum er hið ákjósanlegasta byggingarland. Hlýtur það að vera þjóðhagslega hagkvæmt að beina byggðinni á beztu byggingarlöndin.

Hreppsnefndin væntir þess, að hið háa Alþingi taki jákvæða afstöðu til þessa máls.

Virðingarfyllst,

sveitarstjórinn í Garðahreppi,

Ólafur G. Einarsson.


Vífilsstaðir
Spilda úr Vífilsstaðalandi
stærð ca 6,6 ha
Hofsstaðaland
Tún
Flatir
Spilda úr Vífilsstaðalandi
stærð ca 27 ha

Ed. 461. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 15. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Páll Þorsteinsson.	Karl Guðjónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Jón Árnason.	

Ed. 462. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til laga um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Páli Þorsteinsyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum. Fimm þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Einn skal kosinn af búnaðarþingi og einn er kosinn af aðalfundi Stéttarsambands bænda, báðir til fjögurra ára í senn.
   Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.
   Til að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

Nd. 463. Frumvarp til laga [216. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að $ 1 600 þús.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi	24.3
Boranir við Námafjall	30.4
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði	9.3
Rafmagnsveitur ríkisins	42.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	13.4
Landshafnir	5.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	43.5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	29.6
Reykjanesbraut í Breiðholti	2.8
Keflavíkurflugvöllur	3.9
Menntaskólinn við Hamrahlíð	10.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu	3.0
Samtals	225.0

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi ársins 1969 var birt bráðabirgðayfirlit yfir framkvæmdaáætlun þess árs. Var þar gert ráð fyrir fjáröflun til opinberra framkvæmda að upphæð 168 millj. kr., en óleyst fjárfestingarvandamál voru þá talin nema 57 millj. kr., eða samtals 225 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga voru sum hinna síðarnefndu vandamála leyst að nokkru eða öllu leyti. Áætlunin hefur nú verið endurskoðuð af Efnahagsstofnuninni og fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur síðan, og er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þessa.

Seðlabankinn hefur gert nýja áætlun um fjáröflun til opinberra framkvæmda á árinu 1969, og er hún talin geta numið samtals 225 millj. kr. Myndi fjáröflunin

skiptast þannig, að 75 millj. kr. væri nýtt spariskírteinalán, 80 millj. kr. endurgreiðslur af spariskírteinalánum fyrri ára, sem ekki ganga til innlausnar á bréfum, og 70 millj. kr. P.L. 480 lán. Samkvæmt þessu er spariskírteinalánið óbreytt frá áætlun 1968, endurgreiðslur spariskírteinalána hækka um 30 millj. kr. og P.L. 480 lánið um 24 millj. kr. Lánsfjáröflunin verður því, sem fyrr segir, 225 millj. kr. í stað 330 millj. kr. árið 1968. Framangreindir liðir hækka um samtals 54 millj. kr., en hlutdeild í erlendri lántöku, sem var 147 millj. kr. árið 1968, og bráðabirgðalántaka, 12 millj. kr., falla niður í ár.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin ár. Er gert ráð fyrir, að ný verðbréfaútgáfa nemi 75 millj. kr., en það er sama upphæð og á sl. ári.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar fela í sér sams konar ákvæði varðandi lánskjör og skattalega meðferð og jafnan hafa fylgt spariskírteinum ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að $ 1 600 þús. vörukaupaláns hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnds P.L. 480 láns, á sama hátt og undanfarin ár.

Um 6. gr.

Vegna framkvæmda í raforkumálum verður um að ræða innflutning á tækjum, og er hér leitað heimildar, eins og á undanförnum árum, til að afla erlends lánsfjár til slíkra tækjakaupa. Auk þess má gera ráð fyrir einhverjum innflutningi tækja vegna framkvæmda í flugöryggismálum. Allar slíkar framkvæmdir eru nú innan fjárlaga, en hér er leitað heimildar til tækjakaupaláns, ef til kemur.

Um 7. gr.

Boranir og rannsóknir á Reykjanesi. Kostnaður við aðgerðir, sem að áliti orkumálastjóra þarf að gera á borholum ásamt rannsóknarborunum og öðrum jarðhitarannsóknum á svæðinu í sambandi við fyrirhugaða sjóefnavinnslu, er áætlaður 10.3 millj. kr. Auk þess er kostnaður við saltvinnslurannsóknirnar sjálfar áætlaður 6.0 millj. kr. Þar við bætist, að kostnaður árið 1968 reyndist mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir, og var aflað bráðabirgðalána til framkvæmdanna, samtals að fjárhæð 8 millj. kr. Nauðsynlegt er að endurgreiða þessi bráðabirgðalán á árinu 1969. Fjárþörf verður því í heild 24.3 millj. kr.

Boranir við Námafjall. Boraðar hafa verið tvær holur við Námafjall vegna gufuaflsstöðvar þar og Kísiliðjunnar. Vegna fyrirhugaðrar stækkunar Kísiliðjunnar er talið nauðsynlegt að bora þrjár holur til viðbótar, ef tryggja á þessum fyrirtækjum næga orku. Kostnaður við þessar boranir, tengingu borhola við Kísiliðjuveituna og rafstöðvarveituna svo og kaup viðbótartækja á Norðurlandsbor o. fl. er áætlaður samtals 22 millj. kr. Til endurgreiðslu bráðabirgðalána, sem afla varð vegna framkvæmdanna árið 1968, verður nauðsynleg viðbótarfjáröflun samtals 8.4 millj. kr., þar af 2.3 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar. Heildarfjáröflun vegna þessara framkvæmda er því 30.4 millj. kr.

Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði. Gert er ráð fyrir, að Orkustofnun framkvæmi yfirlitsrannsóknir á Efra-Þjórsársvæði sumarið 1969, en þessar rannsóknir eru nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda eftir Búrfellsvirkjun. Er áætlaður kostnaður við rannsóknirnar 7.3 millj. kr. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir 2.0 millj. kr. fjáröflun til að ljúka byggingu straumfræðistöðvar og til endurnýjunar á borum, eða samtals 9.3 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins. Í fjárlögum ársins 1969 er gert ráð fyrir, að lántökur

rafmagnsveitnanna muni nema 43 millj. kr. Með því móti var unnt að standa undir framkvæmdum og afborgunum vörukaupalána að fjárhæð samtals 59.2 millj. kr., þar af 19.2 millj. kr. vegna sveitarafvæðingar og 40.0 millj. kr. vegna annarra raforkuframkvæmda. Í lok ársins 1968 tóku rafmagnsveiturnar vörukaupalán að fjárhæð 7 millj. kr., sem þarf að endurgreiðast á árinu 1969 ásamt öðrum vörukaupalánum, sem eru 10 millj. kr. á núverandi gengi, eða samtals 17 millj. kr. Hámarkslánsfjáröflun til rafmagnsveitna ríkisins er 42 millj. kr., og verða því til framkvæmda utan sveitarafvæðingar 25 millj. kr. á árinu 1969. Er þá gert ráð fyrir, að framkvæmd verði fyrirhuguð Smyrlabjargaárvirkjun auk ýmissa minni háttar framkvæmda víðs vegar á landinu.

Framkvæmdir á Keldnaholti. Hér er í fyrsta lagi um að ræða innréttingar á húsnæði fyrir Rannsóknastofnun iðnaðarins að fjárhæð 7 millj. kr. Með 13 millj. kr. til viðbótar árið 1970 er áætlað, að unnt verði að fullljúka byggingunni og gera þar með kleifan flutning stofnunarinnar úr húsnæði Háskólans, sem orðinn er brýnn. Í öðru lagi þarf að endurgreiða 6.4 millj. kr. bráðabirgðalán, sem aflað hefur verið til byggingar húsnæðis fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en stofnunin hefur nú flutt í hið nýja húsnæði sitt á Keldnaholti. Verður heildarfjáröflun vegna framkvæmda þar því 13.4 millj. kr.

Landshafnir. Samkvæmt áliti vitamálastjóra er brýnasta verkefnið í landshöfnum á árinu 1969 fólgið í því að koma grjóti til varnar á ytri garð í Þorlákshöfn, og er kostnaður við það áætlaður 4.0 millj. kr. Til skuldagreiðslna við verktaka og vitamálastjórn þarf 1.8 millj. kr., eða samt. 5.8 millj. kr.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Kostnaður við framkvæmdir í ár er áætlaður 45.2 millj. kr., en viðhald, vextir, skuld frá fyrra ári og lántökukostnaður samtals 5.5 millj. kr. Þéttbýlisfé Kópavogs er áætlað 3.1 millj. kr. og framlag úr 10% sjóði 4.1 millj. kr. Nauðsynleg fjáröflun nemur því 43.5 millj. kr., en ríkissjóður hefur heitið aðstoð við Kópavogskaupstað um öflun lánsfjár til framkvæmda, sem síðan verður endurgreitt með framlögum frá Kópavogskaupstað og úr vegasjóði.

Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík). Afborganir og vextir af lánum vegna Reykjanesbrautar nema 56.8 millj. kr. árið 1969. Í vegaáætlun er gert ráð fyrir 6.8 millj. kr. framlagi. Nettótekjur af veggjaldi eru áætlaðar 15.0 millj. kr. í fjárlögum, en auk þess er fyrir hendi 5.4 millj. kr. innstæða frá fyrra ári. Fjárvöntun er því 29.6 millj. kr.

Reykjanesbraut í Breiðholti. Hér er um að ræða afborganir og vexti af láni, sem tekið var á síðasta ári, samtals 2.8 millj. kr.

Keflavíkurflugvöllur. Ráðgert er að afla 3.9 millj. kr. lánsfjár til framkvæmda í sambandi við flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli. Er hér um að ræða yfirbyggða gangbraut fyrir farþega, 1.8 millj. kr., og byggingu bifreiðastæða utan við flugstöðvarbygginguna að hluta, 2.1 millj. kr., en heildarkostnaður við gerð bifreiðastæðanna er áætlaður 3.5 millj. kr.

Menntaskólinn við Hamrahlíð. Vegna fyrirsjáanlegrar aukningar nemenda er talið óhjákvæmilegt að flýta byggingarframkvæmdum við menntaskólann, þannig að fjórða áfanga verði lokið haustið 1970. Áætlað er, að kostnaður við þann áfanga sé 42 millj. kr. Fjárveiting 1969 er 14 millj. kr., svo að á vantar 28 millj. kr. Er ráðgert að afla 10 millj. kr. lánsfjár í ár umfram fjárveitinguna, þannig að 18 millj. kr. kæmu á árið 1970.

Lögreglustöð í Reykjavík. Á fjárlögum 1969 eru veittar 6.9 millj. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík, þar af 3.7 millj. kr. til afborgunar og vaxtagreiðslna af lánum, og 3.2 millj. kr. til framkvæmda. Til að flýta byggingu stöðvarinnar er ráðgert að afla 7 millj. kr. lánsfjár umfram fjárveitinguna, þannig að til framkvæmda verði samtals 10.2 millj. kr. árið 1969.

Rannsóknir á perlusteinsvinnslu. Ákveðið hefur verið að rannsaka til hlítar á þessu ári möguleika á nýtingu perlusteins. Þarf að taka og prófa 400—600 sýnishorn á mismunandi stöðum og dýpi og rannsaka með borun og grefti, hversu mikið

magn er um að ræða. Þá þarf að prófa gæði efnisins, þ. e. hvort það sé nægilega þenjanlegt til að nota megi í léttblendi og til framleiðslu á léttum plötum, eða jafnvel sem síunarefni. Er kostnaðaráætlun við þessi verk 3 millj. kr.

Nd. 464. Frumvarp til laga [217. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes í Akureyrarlögsagnarumdæmi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1954 var lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar stækkað allverulega, og komu þá nokkrar jarðir, er áður heyrðu til Glæsibæjarhreppi, inn fyrir mörk bæjarins, meðal annarra jörðin Ytra-Krossanes, og eru landamerki þeirrar jarðar að norðan jafnframt norðurmörk lögsagnarumdæmis Akureyrar, svo sem jörðin nær. Það hefur verið yfirlýst stefna Akureyrarkaupstaðar um fjölda ára, að kaupstaðnum bæri að eignast öll lönd og lóðir lögsagnarumdæmis hans, og hefur verið unnið að þessu, svo sem tækifæri hafa gefizt og föng verið á, enda löngu svo komið, að bærinn á meginhluta þeirra, m. a. hefur hann á undanförnum árum keypt sumar þær jarðir, sem 1954 voru lagðar undir lögsagnarumdæmi hans úr Glæsibæjarhreppi. Jörðin Ytra-Krossanes liggur að lóð Krossanesverksmiðju, sem Akureyrarbær á og rekur, og er kaupstaðnum þannig mikilsverð til rýminda fyrir verksmiðjuna og fyrirhugaða olíuhöfn bæjarins þar. Af framangreindum ástæðum og vegna þess að ætla má, að losna fari um erfðaábúð á Ytra-Krossanesi vegna aldurs ábúanda, hefur bæjarstjórn Akureyrar beðið þingmenn úr Norðurlandskjördæmi eystra að flytja frumvarp þetta.

Fylgir hér með sem fylgiskjal nefnd samþykkt bæjarstjórnar.

Fylgiskjal.

AKUREYRARBÆR Akureyri, 2. apríl 1969.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bæjarráðs, dags. 27. marz s.l.:

„Óskað lagasetningar um sölu Ytra-Krossaness.

Bæjarráð leggur til, að þess verði farið á leit við alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra, að þeir flytji frumvarp til laga um sölu ríkisjarðarinnar Ytra-Krossaness til Akureyrarbæjar."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Bjarni Einarsson,
bæjarstjóri.

Hr. alþingismaður, Bragi Sigurjónsson,
Alþingi, Reykjavík.

Nd. 465. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði fellt, en undirritaður minni hluti n. mælir með samþykkt þess.

Álagning og innheimta söluskatts, eins og hún er framkvæmd hér, er ekki gefelld aðferð til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Söluskattur lagður á svo til allar brýnustu nauðsynjar almennings er hreinn nefskattur og leggst með mestum þunga á þá, er flesta munna hafa að seðja. Og eins og skatturinn er á lagður hér, þá kemur hann einnig harðast niður á þeim, sem verst eru settir að öðru leyti, t. d. þeim, sem búa við dýrasta aðdrætti, því að eins og kunnugt er, þá er söluskattur hér ekki aðeins lagður á frumverð, heldur einnig á allan tilkostnað. Á allra vitorði er, að innheimta söluskattsins gengur misjafnlega, og engin trygging er fyrir því, að hann nái til allra þeirra þátta, sem til er ætlazt. Allt þetta er vitanlega rétt að hafa í huga, þegar afstaða er tekin til þessa frv.

Fyrir daga núverandi ríkisstjórnar þótti eigi fært að leggja söluskatt á allra brýnustu nauðsynjar almennings, og var þó skatturinn fyrir hennar daga aðeins brot af því, sem hann er nú. Síðan 1962 er nýmjólkin eina neyzluvaran, sem er undanþegin skattinum. En hér er gert ráð fyrir að létta honum einnig af innlendum matvælum öðrum, svo og kaffi, sykri og kornvörum. Enn fremur er lagt til að undanþiggja frá skattinum olíu og sölu raforku og vatns frá hitaveitum.

Þessi tilslökun á gjaldheimtu ríkissjóðs kæmi til góða allri alþýðu manna og þó mest þeim fjölskyldum, er þyngstum hala veifa. Væri þess sízt vanþörf, eins og nú er komið málum, og viðurkenna það allir. Andstæðingar frv. spyrja hins vegar, hversu bæta megi ríkissjóði þann tekjumissi, er af samþykkt frv. leiddi. — Í því sambandi minnum við á eftirfarandi:

1. Samþykkt frv. mundi stuðla að lækkun dýrtíðar og þannig leiða til nokkurs sparnaðar fyrir ríkissjóð vegna lækkaðrar vísitölu.
2. Við afgreiðslu fjárlaga lögðu framsóknarmenn fram ýmsar sparnaðartillögur, einnig rökstuddar tillögur um hækkun á tekjuáætlun fjárlaganna.
3. Tollar eru enn óbreyttir þrátt fyrir gífurlegar hækkanir á innkaupsverði eftir gengisfellinguna.
4. Framsóknarmenn hafa flutt frv. um sérstakar aðgerðir til þess að herða á eftirliti með framtölum. Gæti samþykkt þess leitt til nokkurs tekjuauka.

Af þessu er ljóst, að framsóknarmenn gera sér fulla grein fyrir þörfum ríkissjóðs. Eru þeir og reiðubúnir til þess að taka þátt í þeim ráðstöfunum, sem gera þyrfti til þess að bæta ríkissjóði tekjumissi, er hlytist af því að fella niður söluskatt af allra frumstæðustu þörfum almennings.

Reynslan hefur sýnt, að núgildandi fyrirkomulag á álagningu og innheimtu söluskatts er stórgallað. Innheimtuaðilar eru mjög margir og örðugt að hafa fullnægjandi eftirlit með því, að öllum álögðum skatti sé skilað á réttan stað. Er því að áliti minni hlutans brýn þörf að gera þá breytingu, að hætt verði að leggja söluskatt á vörur í smásölu, en skattur af innfluttum vörum verði innheimtur með aðflutningsgjöldum, um leið og vörurnar eru fluttar til landsins, og að því leyti sem rétt þykir að leggja söluskatt á innlendar framleiðsluvörur, verði hann innheimtur hjá framleiðslufyrirtækjunum.

Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Við upphaf Alþingis haustið 1969 skal ríkisstjórnin leggja fyrir þingið lagafrumvarp um þær breytingar á lögunum um söluskatt, að hætt verði að leggja skatt á vörur í smásölu, en söluskattur af innfluttum vörum verði innheimtur með aðflutningsgjöldum, þegar þær eru fluttar til landsins, og að því leyti sem rétt þykir að leggja söluskatt á innlendar framleiðsluvörur, verði hann innheimtur hjá framleiðslufyrirtækjunum.

Alþingi, 16. apríl 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 466. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumv. er stjórnarfrumvarp, flutt í efri deild og samþykkt þar óbreytt. Nefndin tók það strax til meðferðar á fundi, er það barst henni frá þingdeildinni, og afgreiddi þá þegar. Ekki gat hún þó orðið sammála um að mæla með því án breytinga. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun skila öðru nefndaráliti.

Alþingi, 16. apríl 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Benedikt Gröndal.

Jónas Pétursson.

Nd. 467. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyting í lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en á það getur minni hlutinn ekki fallizt. Að vísu mun enginn draga í efa, að þörf sé aðgerða vegna lausaskulda þeirra, er landbúnað reka, og eru allir nefndarmenn sammála um nauðsyn þess, að frumvarpið nái fram að ganga. En við, sem undirritum þetta minnihlutaálit, lítum svo á, að frv. gangi allt of skammt, til þess að viðunandi geti talizt. Sama skoðun kemur fram í áliti Búnaðarfélags Íslands og áliti Harðærisnefndar, sem prentuð voru sem fskj. með áliti minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar, einnig í áliti Stéttarsambands bænda, sem sent var sömu þingnefnd, en barst of seint, til þess að það yrði birt með áliti hennar. Verður það prentað hér á eftir sem fskj.

Breytingar þær, sem við leggjum til að gerðar verði á frv., eru í aðalatriðum þessar:

1. að lögin nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda;
2. að lánstími verði allt að 30 ár og vextir verði ekki hærri en 6½%;

3. að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins;
4. að heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda;
5. að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði;
6. að þeim bændum, sem verst eru settir fjárhagslega, verði veitt sérstök fyrirgreiðsla með lánum til lengri tíma en almennt gildir, lægri vöxtum, skuldaskilum og greiðslufresti á eldri lánum.

Í skýrslu Harðærisnefndar segir, að:

395 bændur hafa 40—60% fasteignar veðbundin
85 bændur hafa 60—75% fasteignar veðbundin
102 bændur hafa yfir 75% fasteignar veðbundin

Á þessu stutta yfirliti sést það bezt, að þeir tæpl. 600 bændur, sem eiga þarna hlut að máli, hafa þegar veðsett fasteignir sínar og þeir skulda líka hver og einn margfaldar nettóárstekjur sínar, og hljóta þeir því að eiga í miklum greiðsluerfiðleikum. Má raunar ætla, að þeir 1062 bændur, sem samkv. skýrslu harðærisnefndar skulda meira en bruttóárstekjur sínar, séu yfirleitt í nokkrum vanda staddir.

Þess ber að geta, að skýrsla Harðærisnefndar nær til ársloka 1967, en skuldasöfnun árið 1968 á eftir að koma inn í dæmið. Það er vitað mál, að bændur hafa safnað miklum skuldum s. l. ár. Veldur þar miklu erfitt árferði og ört vaxandi dýrtíð.

Orsakir skuldasöfnunar bænda eru margar, en þessar helztar:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður, eða 6% til íbúðarhúsalána, en voru áður 3½%, til allra annarra lána deildarinnar eru 6½% vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er allt of lágt miðað við tilkostnað og er komið úr samhengi við annað verðlag í landinu.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur talsvert aukizt.

Minni hlutanum virðist augljóst, að með 1. gr. frv. sé þeirri aðstoð, sem fyrirhuguð er, allt of þröngur stakkur skorinn.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með allmiklum breytingum, sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1969.

Stefán Valgeirsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 31. marz 1969.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 29. marz s. l. var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Lagt fram og lesið bréf frá landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis, dagsett 19. marz 1969, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Stjórn Stéttarsambandsins mælir með samþykkt frumvarpsins, en tekur fram, að hún telur, að veita þurfi lánin bæði vegna skulda, sem myndazt hafa við fjárfestingar, þar með talin vélakaup, og vegna harðæris og mikilla fóðurkaupa af þeim sökum. Þá telur hún nauðsynlegt að tryggja sölu skuldabréfanna og leggur áherzlu á, að lánsstofnunum og samvinnufélögum verði heimilað að greiða sparifjárbindinguna í Seðlabankanum með þessum skuldabréfum.

Enn fremur telur stjórnin nauðsynlegt, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir vegna þeirra bænda, sem ekki hafa fasteignaveð eða skulda svo mikið, að þeir hafa ekki fullnægjandi fasteignaveð fyrir lánunum. Gefinn verði út sérstakur flokkur skuldabréfa vegna þessara manna. Þá er nauðsynlegt, að vextir verði ekki hærri en í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Æskilegt er, að setning reglugerðar um framkvæmd laganna verði gerð í samráði við stjórn Stéttarsambandsins".

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Stéttarsamb. bænda,

Sæm. Friðriksson. Árni Jónsson.

Til landbúnaðarn. Ed. Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 468. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til l. um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (SV, VH).

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1968, svo og lausaskuldum vegna véla- og fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins.
   Lánstími skal vera allt að 30 ár.
   Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½ á ári.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.
4. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:
   a. (5. gr.) Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.
   b. (6. gr.) Heimilt er að veita bændum sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu sakir harðæris eða annarra stóráfalla í búskap, svo og frumbýlingum, er staðið hafa í nauðsynlegum framkvæmdum, en skortir veð samkvæmt 4. gr.
      Landbúnaðarráðherra skipar 3 menn til þess að meta þarfir og fyrirgreiðslu þessa. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og einn skipaður án tilnefningar.

Ed. 469. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur haft þetta frumvarp til meðferðar, en ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður minni hl. nefndarinnar telur rétt að samþykkja frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málsl. Orðin „og önnur nauðsynleg mannvirki“ falli niður og málsliðnum ljúki þannig: og jarðboranir.
2. Við 1. gr. 2. málsl. og 3. málsl. Í stað orðanna „10 ár“ komi: 15 ár.

Alþingi, 16. apríl 1969.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Björn Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 470. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumvarpsins milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Eftir að efri deild afgreiddi frv., bárust nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt, sem nefndin tók til athugunar, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Pétur Sigurðsson.	Jónas Jónsson.	Jónas Pétursson.
Steingrímur Pálsson.		

Ed. **471. Nefndarálit** [10. mál]

um frv. til l. um Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson.
Steinþór Gestsson.	Gils Guðmundsson.	Jón Þorsteinsson.

Nd. **472. Nefndarálit** [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febr. 1953.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Steingrímur Pálsson.	Jónas Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Jónas Jónsson.	

Nd. **473. Nefndarálit** [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Magnús Kjartansson.
Steingrímur Pálsson.	Jónas Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Jónas Jónsson.	

Nd. 474. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og endurflutt nú. Nefndin sendi það til athugunar og umsagnar ýmissa aðila, og eins og fram kemur í athugasemdum með frv., hafa ýmsar fram komnar tillögur um breytingar verið felldar inn í frumvarpið nú.

Þeir Bjarni Pálsson skrifstofustjóri og Ólafur Jónsson tollgæzlustjóri hafa mætt á fundum nefndarinnar og verið nefndinni til aðstoðar við athugun frumvarpsins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem nefndin flytur sameiginlega á sérstöku þingskjali, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Gunnar Gíslason.
Skúli Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson.
Guðl. Gíslason.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 475. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um frjálsa umferð Íslendinga að og frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins á Keflavíkurflugvelli.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki átt samleið um afstöðu til þessa máls. Meiri hlutinn, þ. e. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni, er andvígur framgangi þess, en undirritaður minni hluti mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Einar Ágústsson, frsm.
Karl Guðjónsson.
Björn Fr. Björnsson.

Ed. 476. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, og leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþykkt óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar (BFB) mun skila séráliti.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson, form.
Sveinn Guðmundsson, fundaskr., frsm.
Pétur Benediktsson.
Karl Guðjónsson.
Einar Ágústsson.
Auður Auðuns.

Ed. 477. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess, eins og það er nú úr garði gert, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Björn Fr. Björnsson.	Björn Jónsson.	Ólafur Björnsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 478. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Björn Fr. Björnsson.	Björn Jónsson.	Ólafur Björnsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 479. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (SvG) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Björn Jónsson.	Einar Ágústsson.	Pétur Benediktsson.

Nd. **480. Frumvarp til laga** [218. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Héraðsskólar, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skulu, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska, starfa áfram eftir lögum nr. 41 17. maí 1955, og gilda þá ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968—1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á næstliðnum vetri flutti ég frumvarp sama efnis og þetta, sem ekki náði þá fram að ganga. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 34 18. apríl 1962 gerði Alþingi þá breytingu á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, að héruðunum var gefið um það valfrelsi, hvort þau afhentu ríkinu héraðsskólana, þannig að þeir yrðu „séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess".

Þessi breyting var gerð vegna mjög eindreginna tilmæla frá aðstandendum nokkurra héraðsskóla úr byggðarlögum, sem töldu sér ofvaxið að standa áfram undir ¼ kostnaðar við byggingu og rekstur skólanna. Með lögum þessum tók ríkissjóður á sig allmikinn fjárhagslegan bagga, sem áður hafði hvílt á herðum íbúa héraðanna.

Allir héraðsskólar, utan einn, munu nú vera komnir á vegu ríkisins samkvæmt þessum lögum.

Suður-Þingeyjarsýsla hefur ekki enn óskað eftir að losa sig undan kostnaði þeim, sem á byggðarlögum þar hefur hvílt vegna nýbygginga, viðhalds og rekstrar Laugaskóla, og velta honum yfir á ríkissjóð, hefur m. ö. o. ekki notað sér þessa sparnaðarmöguleika.

Með nýjum lögum um skólakostnað, sem afgreidd voru frá Alþingi 18. apríl s. l., voru gerðar breytingar á kostnaðarhlutföllum varðandi skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. M. a. þyngist nokkuð hlutur héraðsskóla að því er snertir rekstur og viðhald.

Hins vegar er í 29. gr. kveðið svo á áhrærandi húsmæðraskólana: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41 1955."

Munu nú allar skólanefndir húsmæðraskólanna hafa ákveðið að nota þessa heimild.

Það, sem lagt er til með þessari breytingartillögu við skólakostnaðarlögin, er einungis það, að forráðamenn héraðsskóla, sem ekki hefur verið afhentur ríkinu, fái sama valfrelsi og forráðamenn húsmæðraskólanna hafa nú samkv. 29. gr. laganna frá 1967. Ef breytingartillagan yrði samþykkt, verður kostnaðarhluti ríkissjóðs hinn sami og hann er nú. Hins vegar mun hlutur héraðs þyngjast nokkuð að því er snertir rekstur og viðhald, er nýju lögin taka gildi 1. sept., og gæti valdið því, að héraðið sæi sig til neytt að afhenda ríkinu þann eina héraðsskóla, sem enn hefur ekki verið afhentur. Mundi það verða ríkissjóði mikill kostnaðarauki."

Nd. 481. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er um að ræða hinar sérstöku bætur, sem samtök sjómanna hafa samið um við útgerðarmenn og munu nú nema allt að 400 þúsund krónum fyrir hvern aðila.

Samkvæmt lögunum um almannatryggingar eru bætur samkvæmt þeim tryggingum verndaðar á þann hátt, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Gera verður ráð fyrir, að sama gildi um þær tryggingar, sem hér um ræðir. Þykir flm. þó rétt að flytja þetta frv. til þess að taka af allan vafa í þessum efnum.

Ed. 482. Frumvarp til laga [203. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. apríl.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu. Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er völ á.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. hinn 1. maí 1969 og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Hlutafélagið Áburðarverksmiðjan er jafnframt leyst upp miðað við sama tíma og hlutabréf, sem þá verða í eign annarra aðila en ríkisins, tekin eignarnámi skv. ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Ríkissjóður leggur verksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti, sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skulu eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfilegum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til að verksmiðjan geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

10. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h.f., á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. apríl 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. maí 1969.

14. gr.

Hinn 1. maí 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f. úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er Hæstiréttur tilnefnir. Skipar Hæstiréttur einn þeirra formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Mat nefndarinnar er endanlegt.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 9% ársvaxta af matsverðinu frá 1. maí 1969 til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h.f., er hlutafélagið hættir störfum.

18. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h.f. skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

19. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f. fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og lög nr. 47 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Nd. 483. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1969.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. — Einn nefndarmanna, EKJ, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson. Guðl. Gíslason.

Jón Skaftason. Björn Pálsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. **484. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl).

Samhljóða þskj. 382 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. 1.—4. mgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.

b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.

b. 6. mgr. falli niður.

7. gr. hljóðar svo:

14. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

16. gr. hljóðar svo:

33. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.

b. 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.

c. Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000“ komi: 1000—30000.

Nd. 485. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um undirbúning og aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að tillögugreinin verði samþykkt óbreytt. Fyrirsögn tillögunnar verði samþykkt þannig

BREYTT:

Tillaga til þingsályktunar um aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

Einn nefndarmanna, EKJ, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson.	Guðl. Gíslason.
Lúðvík Jósefsson.	Björn Pálsson.	Jón Skaftason.

Nd. 486. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.
Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Andersen, Else, húsmóðir á Akureyri, fædd í Kanada 20. ágúst 1914.
2. Harbo, Jörgen, sjómaður á Dalvík, fæddur í Danmörku 14. janúar 1944.
3. Höjgård, Elly Susanna Samuelsdóttir, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 20. nóvember 1926.
4. Jensen, Celinda Elisabeth, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 3. október 1946.
5. Jensen, Doren Hjörmunda, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 29. júní 1944.
6. Lambaa, Angelika Sofie Malene, ráðskona á Akranesi, fædd í Færeyjum 6. nóvember 1899.
7. Larsen, Max Helmer, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 24. ágúst 1943.
8. Mann, Hans, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 18. september 1913.
9. Svendsen, Ole Bernhard Palmqvist, verkamaður í Vogum, fæddur í Danmörku 31. júlí 1950.

Sþ. 487. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um veðurathugunarstöðvar á fiskimiðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar og leitað um hana umsagnar. Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta gera áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar í grennd við landið, þar sem helzt er talin þörf á, í því skyni að veita skipstjórnarmönnum sem nákvæmasta veðurlýsingu og upplýsingar um veðurhorfur.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um veðurathugunarstöðvar í grennd við landið.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Geir Gunnarsson.	Jónas Jónsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 488. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um frjálsa umferð Íslendinga að og frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins á Keflavíkurflugvelli.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd Ed. hefur athugað mál þetta gaumgæfilega og m. a. fengið deildarstjóra varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins til viðtals um efni tillögunnar og möguleikana á að framkvæma þær ráðstafanir, sem þar um ræðir.

Að dómi meiri hluta nefndarinnar leiddu þessar athuganir í ljós, að aðalröksemd hv. flutningsmanns fyrir tillögunni er á misskilningi byggð og að auk þess eru allar horfur á því, að það ástand, sem undan er kvartað, verði af allt öðrum ástæðum horfið innan mjög fárra ára. Telur meiri hluti nefndarinnar tillöguna óþarfa með öllu og þeim fjármunum, sem færu til þess að koma henni í framkvæmd, illa varið. Meiri hlutinn leggur því til, að tillagan verði felld. Minni hlutinn (EÁ, KGuðj, BFB) vill samþykkja tillöguna.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson, frsm.
	Auður Auðuns.	

Nd. 489. Breytingartillögur [104. mál]

við frv. til laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 7. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
   Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík.	8. Neskaupstaður.
2. Akranes.	9. Eskifjörður.
3. Ísafjörður.	10. Vestmannaeyjar.
4. Siglufjörður.	11. Keflavík.
5. Akureyri.	12. Keflavíkurflugvöllur.
6. Húsavík.	13. Hafnarfjörður.
7. Seyðisfjörður.	

b. 4. málsgr. orðist svo:
Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes.
2. Ólafsvík.
3. Stykkishólmur.
4. Patreksfjörður.
5. Þingeyri.
6. Flateyri.
7. Suðureyri.
8. Bolungarvík.
9. Hólmavík.
10. Hvammstangi.
11. Blönduós.
12. Sauðárkrókur.
13. Ólafsfjörður.
14. Raufarhöfn.
15. Vopnafjörður.
16. Reyðarfjörður.
17. Fáskrúðsfjörður.
18. Djúpivogur.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Þorlákshöfn.

2. Við 10. gr. Í stað orðanna „þeir telja að hafi“ í 2. málsgr. komi: grunaðir eru um að hafa.
3. Við 15. gr. Á eftir orðunum „Óheimilt er“ í 2. málsgr. bætist: tollheimtumönnum.
4. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlur sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.
5. Við 18. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.
6. Við 19. gr.
a. Í stað orðanna „síðustu málsgrein 7. gr.“ í 1. málsgr. komi: 5. málsgr. 7. gr.
b. Á eftir orðunum „statt er í neyð“ í 6. málsgr. bætist: eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega.
7. Við 32. gr. Orðið „eigin“ í 1. málsgr. falli niður.
8. Við 34. gr. Síðari málsliður orðist svo:
Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.
9. Við 52. gr. Aftan við fyrri málslið fyrri málsgr. bætist: og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir.
10. Við 53. gr. Í stað orðanna „20 dagar“ í fyrri málsgr. komi: einn mánuður.
11. Við 56. gr. Orðið „verulegum“ í fyrri málsgr. falli niður.
12. Við 76. gr.
a. Orðin „sem fram yfir er“ í síðustu málsgr. falli niður.
b. Aftan við síðustu málsgr. bætist: enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.

Sþ. 490. Breytingartillaga [151. mál]

við till. til þál. um rannsóknir á loðnugöngum.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við tillögugreinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að leigja á þessu ári skip til rannsóknar-, leitar- og tilraunastarfa í allt að sex mánuði til viðbótar þeirri fiskileit, sem þegar hefur verið veitt fé til.

Nd. **491. Frumvarp til laga** [220. mál]

um leigunám fyrirtækja, sem stöðvað hafa eðlilegan rekstur vegna verkbannsaðgerða.

Flm.: Magnús Kjartansson, Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Nú hefur starfræksla atvinnufyrirtækis stöðvazt eða úr henni dregið vegna verkbannsaðgerða, og heimilast þá ríkisstjórninni að taka rekstur fyrirtækisins, húsnæði, skrifstofu, skrifstofugögn, áhöld og annað, er til eðlilegrar starfrækslu telst nauðsynlegt, leigunámi um ótiltekinn tíma, enda sé yfirvofandi hætta á því, að slíkar verkbannsaðgerðir dragi úr vinnu launamanna, skerði þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að taka eignarnámi hráefnabirgðir og annað, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja rekstur þeirra fyrirtækja, sem tekin eru leigunámi.

2. gr.

Endurgjald fyrir fyrirtæki, sem tekið hefur verið leigunámi, skal ákveðið af þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi héraðsdómara, einum tilnefndum af verkalýðsfélögum þeim, sem eru samningsaðilar við fyrirtækið, og einum tilnefndum af eigendum fyrirtækisins. Við mat á endurgjaldi skal tekið tillit til hreins ágóða fyrirtækisins, eins og hann er talinn fram í síðasta skattaframtali. Verði ágreiningur um matið, er heimilt að vísa honum til yfirmats, sem framkvæmt sé af þremur óvilhöllum mönnum, tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Um framkvæmd eignarnáms samkvæmt 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Nú afléttir atvinnurekandi verkbanni, og skal hann þá tafarlaust endurheimta fyrirtæki sitt. Vilji leigunemi skila aftur því, er til leigu hefur verið tekið, skal hann tilkynna eiganda það með viku fyrirvara. Skylt er leigunema að skila aftur því, sem til leigu hefur verið tekið, í jafngóðu ástandi, nema að því leyti sem það hefur spillzt af venjulegu sliti og fyrningu. Spjöll skulu metin í samræmi við lagaákvæði um eignarnám.

4. gr.

Rekstur fyrirtækja, sem tekin hafa verið leigunámi samkvæmt lögum þessum, skal falinn atvinnumálanefndum kjördæmanna, sbr. lög um aðgerðir í atvinnumálum frá 28. marz 1969.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd á leigunámi og rekstur fyrirtækja, sem tekin eru leigunámi samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einkaatvinnurekendur í iðnaði hafa lýst yfir verkbanni. Sú aðgerð mun lama íslenzkan iðnað, rýra verulega þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur og skerða til muna afkomu þúsunda manna. Tilgangur verkbannsins er sá einn að lækka tilfinnanlega raunverulegar tekjur þess verkafólks, sem hefur einna naumust kjör á Íslandi. Fyrirtæki þau, sem ætlunin er að stöðva, eru að verulegu leyti reist fyrir lánsfé úr sjóðum almennings, og rekstur þeirra er háður stórfelldum lánveitingum úr sömu sjóðum. Eignarréttur þessara atvinnurekenda á þeim fyrirtækjum, sem þeir ætla að stöðva, er ákaflega hæpinn frá siðferðilegu sjónarmiði og stæðist sjaldnast löglega, ef skuldareigendur gengju að fyrirtækjunum. Með verkbanninu eru atvinnu-

rekendur þessir að taka sér þjóðfélagslegt vald, sem þeir hafa ekki í raun, og því er athöfn þessi langt fyrir utan þann vettvang, sem haslaður er frjálsum samningum atvinnurekenda og launamanna. Verkbannið er gerræðisfull árás lítils atvinnurekendahóps á afkomu þjóðarheildarinnar; það gengur í berhögg við hagsmuni og viðhorf meginþorra landsmanna.

Því er hér lagt til, að beitt verði heimild þeirri, sem felst í 67. grein stjórnarskrárinnar um að svipta menn umráðum yfir eignum sínum, ef almenningsþörf krefur, enda sé slíkt gert með lögum og komi fullt verð fyrir.

Gerð verður nánari grein fyrir frumvarpinu í framsögu.

Nd. 492. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta, sem hlotið hefur samþykkt háttv. Ed., hefur verið athugað og rætt í nefndinni. Eru nefndarmenn sammála um, að þeirri undanþáguheimild fyrir erlend veiðiskip til löndunar afla hér á landi, sem í frumvarpinu felst, eigi að beita mjög varlega, ef að lögum verður, og eingöngu, þegar sérstaklega stendur á. Telur nefndin það höfuðsjónarmið laga nr. 33 frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, að ekki beri að auðvelda erlendum veiðiskipum fiskveiðar á Íslandsmiðum, vera í fullu gildi.

Hins vegar viðurkennir nefndin, að stundum geti ýmis tilvik verið þannig, að rétt sé að opna þá leið til frávika frá meginreglunni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, m. a. með tilliti til vinsamlegra samskipta við aðrar þjóðir og þarfa íslenzks fiskiðnaðar, þegar um hráefnisskort er að ræða.

Að þessu athuguðu mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins í trausti þess, að fyllstu varfærni verði gætt, þegar til þess kemur að veita undanþágur samkvæmt því.

Einn nefndarmanna, EKJ, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Jón Skaftason.	Lúðvík Jósefsson.
Pétur Sigurðsson.	Björn Pálsson.	Guðl. Gíslason.

Nd. 493. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um olíuverzlun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins voru á móti frv., fulltrúi Alþfl. lýsti sig samþykkan efni frv., en taldi sig þó ekki geta samþ. það eins og það lægi fyrir. Ég lagði til, að frv. yrði samþykkt.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að ríkið taki í sínar hendur olíuverzlunina í landinu og að horfið verði frá því þrefalda og kostnaðarsama olíudreifingarkerfi, sem nú á sér stað.

Frumvarp um þetta efni hefur verið flutt af Alþýðubandalagsmönnum á mörgum undanförnum þingum. Það hefur þó aldrei fengið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi. Ljóst er af reynslu undanfarandi ára, að það eru fyrst og fremst þingmenn Sjálf-

stæðisflokksins og Framsóknarflokksins, sem standa í vegi fyrir því, að nauðsynlegar breytingar fáist á því vandræðaástandi, sem ríkir í olíusölu- og olíudreifingarmálunum í landinu. Olíufélögin þrjú, sem nú hafa einokun á olíusölunni, hafa, eins og kunnugt er, náið samband sín á milli og algjöra samstöðu um verðlagningu á olíuvörum. Enginn vafi leikur á, að forustumenn þessara félaga eru miklir áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum og það eru þeirra áhrif, sem hér eru að verki.

Flestir landsmenn viðurkenna, að sú skipan, sem nú er á olíusölumálunum í landinu, sé í fyllsta máta óeðlileg og óhagkvæm. Það er ríkið, sem annast með sérstökum milliríkjasamningi öll innkaup á olíum til landsins. Olíusamninginn, sem ríkið gerir, afhendir síðan ríkisstjórnin olíufélögunum þremur til framkvæmda. Þannig fá olíufélögin einokunaraðstöðu. Síðan reka olíufélögin olíuverzlunina að nafninu til í samkeppni, en semja þó sín á milli um verðlag, öll tilboð og allt sölufyrirkomulag. Þau hafa byggt upp þrefalt dreifingarkerfi um allt land, og víða í þorpum og kaupstöðum er það svo, að olíugeymar þeirra standa hlið við hlið sem lýsandi dæmi um óþarfa fjárfestingu og skipulagsleysi.

Afleiðingar skipulagsleysis í olíudreifingarmálum hafa orðið þær, að hér á landi hefur verð á olíuvörum jafnan verið óheyrilega hátt. Þannig hefur verð á olíum til skipa oft verið 50—70% hærra hér á landi en í nálægum löndum.

Olíunotkun er tiltölulega mjög mikil hér á landi. Fiskiskipaflotinn notar mikla olíu, verksmiðjur sömuleiðis, og olía er mjög mikið notuð til húsahitunar um allt land. Hér er því um mjög þýðingarmikla notkunarvöru að ræða.

Nú er mikið rætt um erfiða rekstrarafkomu atvinnufyrirtækja og mikla dýrtíð á öllum sviðum. Þörf þykir á að gera sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum fyrirtækjum til stuðnings, ýmist með gengislækkunum eða beinum styrkjagreiðslum. En hvers vegna má þá ekki taka upp ódýrara og hagkvæmara sölukerfi á olíuverzlun landsmanna? Hvers vegna á undir slíkum kringumstæðum að halda áfram þreföldu olíudreifingarkerfi með margföldum stofnkostnaði og rekstrarkostnaði umfram það, sem nauðsynlegt er? Getur það verið réttlætanlegt að halda hér uppi hærra olíuverði en nauðsynlegt er, aðeins til þess að þrjú stórfyrirtæki, sem nú hafa olíusöluna með höndum, geti rakað að sér gróða?

Auðvitað á slík óstjórn engan rétt á sér, og að því hlýtur að koma, að almenningur í landinu ásamt eigendum ýmissa atvinnufyrirtækja neiti að una við slíka óstjórn og óþarfaeyðslu.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum, að óhjákvæmilegt sé að gera skipulagsbreytingu á þessum málum. Við viljum, að einn aðili hafi með olíuinnflutning og olíusölu að gera. Og við leggjum áherzlu á, að olíuverzlunin verði gerð eins ódýr og kostur er á. Við teljum eðlilegast, að sérstök ríkisstofnun hafi með höndum olíusölumálin, og álítum, að á þann hátt mætti koma fram verulegri lækkun á olíuverði.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 494. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um greiðslufrest á skuldum vegna heimila.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vildu vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, fulltrúar Framsóknarflokksins vildu breyta frv., en ég lagði til, að frumv. yrði samþykkt.

Aðalefni frumvarpsins er um það, að veita skuli launamönnum, námsmönnum og öðrum, sem svipað stendur á fyrir, nokkurn gjaldfrest á fjárskuldbindingum, sem þeir hafa stofnað til fyrir 11. nóvember 1968 við verzlanir og aðra kaupsýsluaðila svo og vegna kaupa á eigin íbúð.

Eins og kunnugt er, hafa margir launamenn stofnað til fjárskuldbindinga vegna kaupa á ýmiss konar dýrum heimilistækjum og öðru því, sem nú er farið að selja með stuttum afborgunum. Til slíkra fjárskuldbindinga hafa launamenn stofnað í trausti þess, að þeir héldu fullri atvinnu og að kaupmáttur þeirra launa, sem þeir höfðu unnið fyrir, héldist nokkurn veginn óbreyttur. Nú hafa hins vegar orðið stórfelld umskipti í þessum efnum. Margir launamenn hafa orðið atvinnlausir um langan tíma, og allir launamenn hafa orðið fyrir auknum útgjöldum vegna stórhækkandi verðlags.

Af þessum ástæðum sýnist réttmætt að veita launamönnum nokkru lengri greiðslufrest á umsömdum skuldum, eigi síður en rétt þykir og nauðsynlegt að fresta ýmsum umsömdum greiðslum fyrirtækja, sem mætt hafa erfiðleikum í rekstri.

Brýn þörf er á að koma í veg fyrir, að láglaunafólk, sem keypt hefur íbúðarhúsnæði, tapi því vegna getuleysis að standa við þá samninga, sem gerðir hafa verið um greiðslu á afborgunum og vöxtum af íbúðarlánum.

Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að eins og nú er ástatt um atvinnu og afkomu margra launamanna, sé óhjákvæmilegt að gera hliðstæðar ráðstafanir þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, til aðstoðar öllu láglaunafólki.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 495. Frumvarp til fjáraukalaga [221. mál]

fyrir árið 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1967, eru veittar kr. 766 133 777.87 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1.	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ..... af kr. 68 539 268.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	kr.	13 200 239.92
2.	Ríkisútvarpið ..... en tekjur fóru kr. 5 953 400.25 fram úr fjárlagaáætlun.	—	6 889 230.60
3.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ..... en tekjur fóru kr. 455 964.85 fram úr fjárlagaáætlun.	—	1 094 017.28
4.	Innkaupastofnun ..... af kr. 3 274 485.39 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	1 210 211.43
5.	Bessastaðabú ..... en tekjur urðu kr. 200 665.79 umfram fjárlagaáætlun.	—	510 618.67
6.	Hvanneyrarbú ..... en tekjur fóru kr. 12 773.26 fram úr fjárlagaáætlun.	—	51 491.23
7.	Reykjabú ..... en tekjur fóru kr. 244 918.00 fram úr fjárlagaáætlun.	—	161 524.80

8.	Vífilsstaðabú	kr.	62 091.42
	af kr. 293 070.38 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Kópavogsbú	—	20 292.82
	af kr. 25 419.51 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	23 199 718.17

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar	kr.	406 221.74
— — — — - 10. gr. I. — —	—	10 137 340.56
— — — — - 10. gr. II. — —	—	1 133 433.51
— — — — - 10. gr. III. — —	—	2 173 607.67
— — — — - 11. gr. B. — —	—	15 440 360.58
— — — — - 11. gr. C. — —	—	471 763.67
— — — — - 13. gr. B. — —	—	4 323 963.73
— — — — - 13. gr. C. — —	—	4 062 999.97
— — — — - 13. gr. D. — —	—	2 967 647.70
— — — — - 13. gr. E. — —	—	1 309 755.42
— — — — - 13. gr. F. — —	—	2 128 105.17
— — — — - 14. gr. A. — —	—	15 086 410.86
— — — — - 14. gr. B. — —	—	6 356 368.65
— — — — - 15. gr. — —	—	647 526.73
— — — — - 16. gr. C. — —	—	1 115 062.02
— — — — - 16. gr. D. — —	—	2 738 019.06
— — — — - 19. gr. 1. — —	—	48 593 352.17
— — — — - 19. gr. 2. — —	—	20 358 631.88
— — — — - 19. gr. 3. — —	—	233 730 838.18
— — — — - 19. gr. 6. — —	—	288 921.00
— — — — - 19. gr. 7. — —	—	3 875 336.62
	Kr.	400 545 385.06
Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar	—	365 588 392.81
Inn fóru kr. 333 129 098.93 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals	kr.	766 133 777.87

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1967. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1967 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1967.

Nd. 496. Frumvarp til laga [222. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1967 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:	Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga	kr. 4 113 800 000.00	kr. 4 408 919 516.11
2. — — 3. — A. — —	558 350 000.00	— 640 824 945.79

3.	Tekjur samkvæmt	3. gr. B.	fjárlaga	kr.	75 000.00	kr.	570 117.54
4.	— —	4. —	—	—	8 000 000.00	—	59 555 410.27
5.	— —	5. —	—	—	25 000 000.00	—	25 402 166.89
6.	Eignahreyfingar skv.	20. gr.	fjárlaga	—	6 100 000.00	—	339 229 098.93
	Mismunur					—	208 951 352.94
				kr.	4 711 325 000.00	kr.	5 683 452 608.47

	Útborganir:				Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga	kr.	11 008 000.00	kr.	11 959 178.74
2.	— —	8. —	—	—	3 359 000.00	—	3 765 221.74
3.	— —	9. —	—	—	36 790 000.00	—	36 436 882.58
4.	— —	10. — I.	—	—	58 265 000.00	—	68 402 340.56
5.	— —	10. — II.	—	—	36 746 000.00	—	37 879 433.51
6.	— —	10. — III.	—	—	13 270 000.00	—	15 443 607.67
7.	— —	11. — A.	—	—	251 221 000.00	—	249 529 691.04
8.	— —	11. — B.	—	—	98 439 000.00	—	113 879 360.58
9.	— —	11. — C.	—	—	5 200 000.00	—	5 671 763.67
10.	— —	12. —	—	—	216 227 000.00	—	203 575 160.51
11.	— —	13. — A.	—	—	550 000.00	—	520 000.00
12.	— —	13. — B.	—	—	38 497 000.00	—	42 820 963.73
13.	— —	13. — C.	—	—	81 732 000.00	—	85 794 999.97
14.	— —	13. — D.	—	—	27 651 000.00	—	30 618 647.70
15.	— —	13. — E.	—	—	13 007 000.00	—	14 316 755.42
16.	— —	13. — F.	—	—	16 675 000.00	—	18 803 105.17
17.	— —	14. — A.	—	—	663 611 000.00	—	678 697 410.86
18.	— —	14. — B.	—	—	53 285 000.00	—	59 641 368.65
19.	— —	15. —	—	—	43 776 000.00	—	44 423 526.73
20.	— —	16. — A.	—	—	225 484 000.00	—	217 798 609.30
21.	— —	16. — B.	—	—	236 630 000.00	—	203 727 848.22
22.	— —	16. — C.	—	—	21 545 000.00	—	22 660 062.02
23.	— —	16. — D.	—	—	53 117 000.00	—	55 855 019.06
24.	— —	16. — E.	—	—	41 177 000.00	—	39 420 866.16
25.	— —	17. —	—	—	1 106 901 000.00	—	1 072 919 134.68
26.	— —	18. —	—	—	102 330 000.00	—	93 436 904.74
27.	— —	19. — 1.	—	—	708 000 000.00	—	756 593 352.17
28.	— —	19. — 2.	—	—	248 000 000.00	—	268 358 631.88
29.	— —	19. — 3.	—	—	5 000 000.00	—	238 730 838.18
30.	— —	19. — 4.	—	—	17 000 000.00		
31.	— —	19. — 5.	—	—	8 000 000.00		
32.	— —	19. — 6.	—	—	1 000 000.00	—	1 288 921.00
33.	— —	19. — 7.	—	—	20 000 000.00	—	23 875 336.62
34.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga	—	245 886 000.00	—	966 607 665.61
	Mismunur			—	1 946 000.00		
				kr.	4 711 325 000.00	kr.	5 683 452 608.47

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1967, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Ed. 497. Frumvarp til laga [223. mál]

um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

I. KAFLI

Um áfengis- og tóbaksverzlun.

1. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum vínanda og áfengi, sem flytja má til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Þó er öðrum aðilum heimilt að flytja til landsins varning, sem inniheldur vínanda, hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum, tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, svo og vindlingapappír og eldspýtur.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks, samkvæmt lögum þessum, og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins einni skal heimil starfræksla tóbaksgerðar, svo og framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls.

3. gr.

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, svo og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn eða framleiðir samkvæmt 1. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

6. gr.

Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn og/eða framleiðir, selur hún innanlands í heildsölu.

7. gr.

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar.

8. gr.

Leggja skal hald á vörur þær, sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi, og skal afhenda þær Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til ráðstöfunar.

Vörur, sem hér um ræðir, skulu með dómi eða sátt upptækar til ríkissjóðs.

II. KAFLI

Um verzlun með lyf o. fl.

9. gr.

Íslenzka ríkinu er heimilt að reka lyfjaverzlun og lyfjagerð í tengslum við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins undir nafninu Lyfjaverzlun ríkisins. Lyfjaverzlun ríkisins er skylt að útvega lyf, sáraumbúðir og hjúkrunargögn fyrir ríki og ríkisstofnanir, lækna og dýralækna, er rétt hafa til lyfjasölu, sjúkrahús og lyfjaverzlanir.

Enn fremur skal Lyfjaverzlun ríkisins útvega, í samráði við landlækni, hvers konar efni til ónæmisaðgerða.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra fyrir Lyfjaverzlun ríkisins og setur honum erindisbréf. Fullnægi forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ekki skilyrðum 9. gr. 1.—5. liðs, sbr. 6. lið lyfsölulaga nr. 30 frá 29. apríl 1963, skipar ráðherra sérstakan yfirlyfjafræðing, sem fullnægir greindum lagaskilyrðum.

11. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Lyfjaverzlun ríkisins skulu hafa sameiginlegt skrifstofuhald, en aðskilinn fjárhag.

12. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins fer með einkaréttindi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að því er varðar vínanda til lyfja og vínandalyf. Forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ber ábyrgð á afgreiðslu vínanda til lækninga og rannsóknastofa.

13. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja inn frá útlöndum, vinna úr, verzla með og flytja út þau lyf og efni, sem heyra undir lög um tilbúning og verzlun með ópíum og fleira, nr. 14 frá 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 frá 2. maí 1968, um breyting á þeim lögum, í samræmi við lög og aðrar stjórnlagareglur, eins og þær eru á hverjum tíma.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

Lög nr. 69 frá 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, með síðari breytingum. Lög nr. 58 frá 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, með síðari breytingum. Lög nr. 65 frá 10. desember 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, og lög nr. 3 frá 2. marz 1961, um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að steypt verði saman í einn bálk lagaákvæðum um Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, en nú gilda um þá verzlun þrenn lög, þ. e. lögin nr. 65 1928, um einkasölu á áfengi, lögin nr. 58 1931, um einkasölu á tóbaki, og lögin nr. 65 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, auk laganna nr. 3 1961, um

sameiningu á rekstri Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Ýmis ákvæði í fyrrnefndum lögum eru nú úrelt orðin, auk þess sem betur fer á að sameina í ein lög öll ákvæði um verzlunina.

Frumvarpið felur í sér þá meginbreytingu frá gildandi löggjöf, að gert er ráð fyrir því, að innflutningur á ilmvötnum, hárvötnum, andlitsvötnum, bökunardropum og kjörnum til iðnaðar verði gefinn frjáls, en viðhorf til innflutnings á þessum vörutegundum eru nú önnur en þá, er lög um einkasölu á áfengi voru sett upphaflega. Er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skuli heimill innflutningur á varningi, sem inniheldur vínanda, enda hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að eigi megi gera hann drykkjarhæfan.

Að því er varðar 1.—8. gr. lagafrumvarps þessa, að báðum greinum meðtöldum, þykja þær ekki þarfnast skýringa, en ljóst er, að um meðferð áfengis gilda ákvæði áfengislaganna að sjálfsögðu áfram.

Um 9. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða lögum um einkasölu á áfengi nr. 69 frá 9. maí 1928 og er nánast staðfesting á þeim venjum, sem tíðkazt hafa í rekstri Lyfjaverzlunarinnar.

Um 10. gr.

Í lögum um einkasölu á áfengi nr. 69 frá 7. maí 1928 var kveðið svo á, að forstjóri Áfengisverzlunar skyldi hafa lyfsalapróf, eða sá maður, sem stýrði Lyfjaverzlun ríkisins. Hér er gert ráð fyrir sérstökum forstjóra Lyfjaverzlunar ríkisins, en ekki þótti rétt að binda það í lög, að hann skyldi vera lyfjafræðingur að mennt, en jafnframt eru sett inn ákvæði um það, að ráða verði sérstakan yfirlyfjafræðing, ef forstjóri Lyfjaverzlunar hafi ekki lyfsalapróf.

Um 11. gr.

Rétt þykir af hagkvæmnisástæðum, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Lyfjaverzlun ríkisins séu áfram reknar sem samstæðar rekstrareindir, sem hafi sameiginlegt skrifstofuhald, en rétt þykir þó, að fjárhagur fyrirtækjanna sé aðskilinn, þannig að glöggt komi fram, hvernig rekstri hvors fyrirtækis um sig reiðir af.

Um 12. og 13. gr.

Ákvæði 12. og 13. gr. eru fyrst og fremst til þess að lögfesta þau störf, sem unnin hafa verið og unnin eru í Lyfjaverzlun ríkisins.

Ed. 498. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta frumv., en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu á því. Meiri hl. vill samþykkja frumv. óbreytt, en minni hl. telur ekki ástæðu til þess að gera hér sérstaka breytingu á dragnótalögunum, þar sem nú er á næsta leiti frumv. um breyttar heimildir til togveiða innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna. Í því frumv. verður ekki hreyft við lögunum um dragnótaveiði, að öðru leyti en því, að gera má ráð fyrir, að heimilt verði að nota dragnótina á sömu svæðum og togið verður heimilað.

Núgildandi lög um dragnót eru ekki gömul, aðeins frá 1960, og þessi lög gera ráð fyrir því, að leita skuli umsagna mjög margra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta. Reynslan sýnir, að til að byrja með vildu menn ekki mikla opnun fyrir drag-

nótina, en nú hefur þetta mjög breytzt og vilja miklu fleiri aðilar víða um land heimila dragnótina en áður var. En hér í Faxaflóa hefur þróunin orðið sú, að æ færri bátar eru gerðir út á dragnótaveiðar, og voru aðeins 8 bátar á s. l. sumri á dragnót við Faxaflóa. Afli var um 600 tonn. Það sýnist því varla þörf á því að vera að breyta lögum til þess að banna svo fáum bátum veiðar, sem ekki skila meiri afla að landi, og það ber að hafa í huga, að ef sömu bátar væru á veiðum með línu, dræpu þeir einnig eitthvað af smáfiski, sem meiri hl. vill vernda svo vel fyrir dragnótinni, og er það virðingarvert út af fyrir sig.

Sjávarútvegsnefnd leitaði umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, og báðar þessar stofnanir lögðust eindregið á móti frumvarpinu og færðu til þess mörg rök, sem munu koma fram við umræður um nefndarálitin. Samkv. lögum er leitað til þessara stofnana um umsagnir varðandi ýmsar framkvæmdir við fiskveiðar okkar, og það sýnist undarlegt, ef háttv. alþingismenn eru svo vissir í sinni sök, að þeir þurfa ekki að hugleiða neitt um umsagnir, sem koma frá þessum aðilum, — eða eru enn innan Alþingis margir á spákonustiginu?

Samkv. framanrituðu leggur minni hl. til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 17. apríl 1969.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 499. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um nýsmíði fiskiskipa.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um frv. þetta. Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti, en meiri hlutinn leggur til, að frumvarpinu sé vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í yfirlýsingu forsætisráðherra við framsögu um frv. til l. um aðgerðir í atvinnumálum í neðri deild 27. marz s. l. kemur fram, að með ákvörðunum og aðgerðum atvinnumálanefndar ríksins sé nú þegar að því stefnt og unnið enn frekar að því, að smíði fiskiskipa innanlands geti átt sér stað með fullum afköstum, sem tiltæk eru, og án þess, að kaupendur séu fyrir hendi við upphaf smíðinnar. Með tilvísun til þessa samþykkir þingdeildin að vísa frá frv. um nýsmíði fiskiskipa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1969.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Auður Auðuns.

Jónas G. Rafnar.

Nd. 500. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. apríl.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við

nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. janúar 1969.

Sþ. 501. Fyrirspurn [224. mál]

til menntamálaráðherra um fréttastofu sjónvarps.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða reglur gilda um stjórnmálafréttir sjónvarpsins, innlendar og erlendar? Hvers vegna eru aldrei birtar fréttir frá Alþingi, nema ráðherrar séu taldir hafa sagt eitthvað frásagnarvert?

Ed. 502. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til laga um nýsmíði fiskiskipa.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Samstaða hefur ekki náðst í iðnaðarnefnd um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem nú þegar sé með ákvörðunum og aðgerðum atvinnumálanefndar ríkisins að því stefnt, sem er meginefni frumvarpsins, smíði fiskiskipa innanlands án þess, að tryggt hafi verið við upphaf smíðinnar, að kaupandi sé fyrir hendi.

Minni hluti nefndarinnar mælir hins vegar með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Meginhluti þeirra fiskiskipa, sem bætzt hafa í skipastól landsins á síðustu árum, hefur verið byggður erlendis, enda þótt unnt hefði verið að smíða sambærileg skip innanlands. Innlendar skipasmíðastöðvar hafa því oft verið verkefnalitlar. Úr þessu þarf að bæta með skipulegum aðgerðum, sem ríkið hafi forustu um.

Það er skoðun okkar undirritaðra, að aðgerðir þær, sem atvinnumálanefnd ríkisins ráðgerir og meiri hluti n. vitnar til, séu hvergi nærri fullnægjandi í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er það aðeins 50 millj. kr. fjárhæð, sem ráðgert er að verja í þessu skyni. Í öðru lagi hefur ekki enn verið tryggt það fjármagn, sem Fiskveiðasjóði er ætlað að lána til nýbygginganna. Og í þriðja lagi eru ráðstafanir atvinnumálanefndar aðeins miðaðar við næstu tvö ár, en við teljum, að hér sé um framtíðarviðfangsefni að ræða, sem eðli málsins samkvæmt verði að leysa til frambúðar.

Af framangreindum ástæðum getum við ekki fallizt á frávísunartillögu meiri hlutans, en leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Einar Ágústsson, frsm. Björn Fr. Björnsson. Gils Guðmundsson.

Ed. 503. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þskj.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.

Jón Þorsteinsson. Gils Guðmundsson. Páll Þorsteinsson. Steinþór Gestsson.

Ed. 504. Breytingartillögur [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 9. gr. 4 mgr. Setningin „Dómnefnd er heimilt að raða umsækjendum eftir hæfni þeirra“ falli niður.
2. Við 10. gr. 1. mgr. Orðin „og hafi þar atkvæðisrétt“ í niðurlagi mgr. falli niður.
3. Við 18. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.
4. Við 23. gr. Aftan við síðari mgr. bætist orðin: þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Ed. 505. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Einar Ágústsson.

Bjarni Guðbjörnsson. Pétur Benediktsson. Sveinn Guðmundsson.

Ed. 506. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson,
Einar Ágústsson.	Pétur Benediktsson.	Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 507. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um námskostnað.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur fjallað um nefnda þingsályktunartillögu og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera yfirlit um kostnað ríkisins við skyldunám og framhaldsskóla. Skal af yfirlitinu mega sjá, hver hann er:
   a) við heimavistarskóla,
   b) við aðra skóla.
   Einnig komi fram af yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist.
   Stefnt verði að því, að yfirlit þetta verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um skóla- og námskostnað.

Alþingi, 19. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Geir Gunnarsson.	Jónas Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. 508. Nefndarálit [26. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur fjallað um greinda þingsályktunartillögu, eftir að hafa sent Háskóla Íslands og Hæstarétti hana til umsagnar og fengið frá þeim svör þau, sem prentuð eru með þessu nefndaráliti sem fylgiskjöl.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þingsályktunartillögunnar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. málsliður 1. málsgr. tillögugreinarinnar orðist svo:
Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, hvort rétt sé að setja löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort rétt sé að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána.

Aðrir nefndarmenn munu væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 19. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Jónas Jónsson.
Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

HÆSTIRÉTTUR

Reykjavík, 7. febrúar 1969.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar.

Ár 1969, mánudaginn 3. febrúar, komu dómendur Hæstaréttar saman til fundar í dómhúsinu.

Lagt var fram bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dagsett 7. desember 1968, þar sem beiðzt er umsagnar Hæstaréttar um tillögu til þingsályktunar „um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði“ (1968 (89. löggjafarþing) — 26. mál).

Samþykkt var að svara bréfinu sem hér segir:

„Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi 7. desember 1968 beiðzt umsagnar Hæstaréttar um tillögu til þingsályktunar, sem fram hefur komið á Alþingi „um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði“.

Dómendur Hæstaréttar mæla með því, að mál þetta verði kannað af nefnd, er skipuð sé eins og í tillögunni greinir.“

Jónatan Hallvarðsson. Gizur Bergsteinsson. Logi Einarsson.
Benedikt Sigurjónsson. Einar Arnalds.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

Reykjavík, 24. febr. 1969.

Borizt hefur heiðrað bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis frá 7. desember 1968, þar sem beiðzt er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði, en tillagan er prentuð á þingskjali nr. 26. Erindið var rætt á fundum lagadeildar 10. desember og 7. og 21. febrúar. Prófessor Ólafur Jóhannesson tók ekki þátt í meðferð málsins.

Íslenzka stjórnarskráin er um margt lítt eða ekki breytt frá því, sem var, þegar út var gefin „stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands“ árið 1874. Ber hún

því svip af þjóðfélagsháttum og stjórnskipunarhugmyndum löngu liðins tíma og uppfyllir ekki þau skilyrði, sem telja verður, að stjórnarskrá vor þyrfti að fullnægja. Að sumu leyti er vandaverk að samræma stjórnarskrána og þjóðfélagsaðstæður nútímans, til dæmis að því er varðar ríkisréttarlega stöðu stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka. Önnur atriði eru auðveldari, svo sem að finna leiðir til að auka þátttöku kjósenda í töku ákvarðana um einstök mál, þar sem þess er óskað. Hafa sums staðar verið settar reglur í stjórnarskrá um þjóðaratkvæðagreiðslur, svo sem um er getið í tillögunni, sem hér er til umsagnar. Það er að sjálfsögðu pólitískt, en ekki lögfræðilegt skoðunarefni, hvort æskilegt og heppilegt sé að auka með þessum hætti þátttöku kjósenda í töku ákvarðana. Hitt er fræðilegt viðfangsefni að kanna, hvers konar háttur verði hafður á þjóðaratkvæðagreiðslum, um hvers konar málefni þær geti fjallað og hverja þýðingu niðurstöður þeirra geti haft. Lagadeild leyfir sér að mæla með því, að slík fræðileg könnun fari fram. Hún ætti að vera til þess fallin að varpa ljósi á mál, sem hugsanlegt er, að gæti leitt til breytinga á stjórnarháttum vorum á mikilvægu sviði. — Hið háa Alþingi hefur nú fyrir skömmu gert breytingu á 33. grein stjórnarskrárinnar. Var það þannig framkvæmt, að ætla verður, að ekki sé að vænta heildarathugunar á stjórnarskrármálinu á næstunni. Meðan svo er ekki gert, er ástæða til að kanna einstök atriði, sem hugsanlegt er, að Alþingi vilji gera breytingar á. Virðist því eins og á stendur ekki vera ástæða til að tengja könnun á þjóðaratkvæðagreiðslum við önnur málefni, sem stjórnarskrána varða. Viðtækari athugun þeirra væri þó æskilegri að dómi lagadeildar.

Lagadeild vill því leyfa sér að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði. Um tillögugreinina sjálfa hefur deildin ekki aðra athugasemd að gera en þá, að æskilegt virðist að hafa í henni ótvíræða heimild til að ráða sérfræðinga hinni þingkjörnu nefnd til aðstoðar.

Með mikilli virðingu,

Þór Vilhjálmsson,
deildarforseti.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 509. Frumvarp til laga [104. mál]

um tollheimtu og tolleftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 133 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík.
2. Akranes.
3. Ísafjörður.
4. Siglufjörður.
5. Akureyri.
6. Húsavík.
7. Seyðisfjörður.
8. Neskaupstaður.
9. Eskifjörður.
10. Vestmannaeyjar.
11. Keflavík.
12. Keflavíkurflugvöllur.
13. Hafnarfjörður.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes.
2. Ólafsvík.
3. Stykkishólmur.
4. Patreksfjörður.
5. Þingeyri.
6. Flateyri.
7. Suðureyri.
8. Bolungarvík.
9. Hólmavík.
10. Hvammstangi.
11. Blönduós.
12. Sauðárkrókur.
13. Ólafsfjörður.
14. Raufarhöfn.
15. Vopnafjörður.
16. Reyðarfjörður.
17. Fáskrúðsfjörður.
18. Djúpivogur.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Þorlákshöfn.

Þegar sérstaklega stendur á, geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni, að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni, og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tolllgæzlustjóra og viðkomandi tolllstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra, falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

10. gr. hljóðar svo:

Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar, meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing mundu ekki koma að haldi.

Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er tollgæzlumönnum að nota önnur innsigli við innsiglun í fari, nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenzkra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

17. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur, þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlur sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

18. gr. hljóðar svo:

Tollyfirvald getur krafið hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafið kaupsýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

19. gr. hljóðar svo:

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. málsgr. 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

Íslenzk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki, fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnar-

yfirvöld, hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land, þar til afgreiðslu er lokið.

32. gr. hljóðar svo:

Skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda, ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæzlunni um það með hæfilegum fyrirvara.

Tollgæzlan gefur fari tollvegabréf til útlanda í fyrirskipuðu formi, þegar stjórnandi farsins hefur fullnægt öllum skyldum, sem honum ber að rækja, áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti, og ber að senda tollgæzlustjóra annað eintakið, svo fljótt sem unnt er, ásamt innsiglisskrá farsins og innanlands tollvegabréfi þess.

34. gr. hljóðar svo:

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum skv. ákvæðum þessa kafla, ber þeim að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.

52. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47 frá 1960, og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, 1½% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga, sbr. 50. gr., dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja.

Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

53. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

56. gr. hljóðar svo:

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðrýrnun, sem orðið hefur á vör-

unni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda, og hann getur ekki talizt eiga sök á skemmdum.

76. gr. hljóðar svo:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 10 000.00, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og itrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 50 000.00.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna, áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu skv. gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið, enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.

Nd. 510. Frumvarp til laga [5. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. apríl.)

1. gr.

1. Andersen, Else, húsmóðir á Akureyri, fædd í Kanada 20. ágúst 1914.
2. Andersen, Steffen Magnus, járnsmiður á Álafossi, fæddur í Danmörku 20. október 1937.
3. Andersson, Sven Bertil Herder, fulltrúi á rannsóknarstofu í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 23. nóvember 1933.
4. Andreasen, Gudrun Viola, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 19. nóvember 1935.
5. Angelo, Greta Laila, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Noregi 30. janúar 1945.
6. Awad, Ahmed Hafez, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Egyptalandi 26. febrúar 1942.
7. Christensen, Helge Sigurd, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 10. júlí 1934.
8. Colding, Konny Mitsi, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 1. júlí 1937.
9. Dam, Thorlak, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 24. febrúar 1930.

10. Framme, Gisela Ella Flora, húsmóðir á Hrísbóli í Reykhólasveit, fædd í Þýzkalandi 3. apríl 1934.
11. Gaard-Jensen, Karen Margrethe, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 28. maí 1916.
12. Hallfríður Helga Dagbjartsdóttir, húsmóðir í Syðstu-Mörk, Vestur-Eyjafjallahreppi, fædd á Íslandi 8. september 1930.
13. Harbo, Jörgen, sjómaður á Dalvík, fæddur í Danmörku 14. janúar 1944.
14. Holm, Anelise Helga, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 4. september 1934.
15. Holmer, Jonna, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 26. júní 1937.
16. Höjgård, Elly Susanna Samuelsdóttir, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 20. nóvember 1926.
17. Jakob Úlfarsson, læknanemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 25. júní 1943.
18. Jelle, Aase Kathrine Poulsen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 23. marz 1934.
19. Jensen, Celinda Elisabeth, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 3. október 1946.
20. Jensen, Doren Hjörmunda, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 29. júní 1944.
21. Joensen, Heinz Peter, blikksmiður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku 1. janúar 1943.
22. Johannesen, Anna Malena Salomina Leo, húsmóðir í Sandgerði, fædd í Færeyjum 6. september 1911.
23. Kluck, Jón Michael, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur á Íslandi 11. janúar 1950.
24. Kutscher, Rolf Kurt Ernst, verzlunarmaður á Ísafirði, fæddur í Þýzkalandi 27. marz 1943.
25. Lambaa, Angelika Sofie Malene, ráðskona á Akranesi, fædd í Færeyjum 6. nóvember 1899.
26. Larsen, Hanne Oda Ann, flugfreyja í Reykjavík, fædd í Danmörku 12. desember 1941.
27. Larsen, Max Helmer, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 24. ágúst 1943.
28. Ludvig, Sonja Friborg, húsmóðir í Súðavík, fædd í Færeyjum 9. september 1932.
29. Lukesova, Antonie, ekkja í Reykjavík, fædd í Tékkóslóvakíu 29. nóvember 1896.
30. Mann, Hans, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 18. september 1913.
31. Mitchell, Michael Bruce Mackinnon, verkamaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Englandi 18. desember 1942.
32. Möller, Renate Hedwig Erika, húsmóðir að Helgafelli í Mosfellssveit, fædd í Þýzkalandi 23. júlí 1936.
33. Mörköre, Henry Christian, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 27. september 1939.
34. Müller, Einar, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1942.
35. Newman, Gerald Davis, verkamaður í Höfnum, fæddur á Íslandi 15. september 1951.
36. Nirk, Sibilla, tannlæknir í Reykjavík, fædd í Lettlandi 27. janúar 1938. Fær réttinn 27. maí 1969.
37. Otto, Annelene Irma, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. nóvember 1935.
38. Petersen, Birgit Vini Borg, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 1. nóvember 1938.
39. Petersen, Jensa Kitty, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Færeyjum 26. júní 1935.
40. Pilipienko, Tamara, húsmóðir á Akureyri, fædd í Póllandi 7. maí 1917.
41. Poulsen, Sjurður Johan Joen Henriksson, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Færeyjum 28. marz 1946. Fær réttinn 8. júní 1969.
42. Rinne, Antti Ensio, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Finnlandi 28. maí 1933.

43. Sobh-Khiz, Manutcher, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Íran 30. júlí 1946.
44. De Sousa, Carlos Alberto Felizardo, verkamaður í Hafnarfirði, fæddur í Portúgal 1. maí 1944. Fær réttinn 1. okt. 1969.
45. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, fædd í Þýzkalandi 6. marz 1932.
46. Svendsen, Ole Bernhard Palmqvist, verkamaður í Vogum, fæddur í Danmörku 31. júlí 1950.
47. Toftum, Edith Maria, húsmóðir í Keflavík, fædd í Færeyjum 9. maí 1942.
48. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Austurríki 17. nóvember 1932.
49. Witkowska, Elzbieta, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 2. október 1931.
50. Woods, Rodney William, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.
51. Woods, Russel Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 26. júlí 1911.
52. Woods, Russel Eugene, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.

2. gr.

Þeir sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 511. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 57. gr. Orðin „og ekki sé meir en eitt ár liðið frá því að hún kom til landsins“ í lok 1. töluliðar falli niður.

Sþ. 512. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um rafmagnsmál sveitanna.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Sigurvin Einarsson, Stefán Valgeirsson, Björn Pálsson, Páll Þorsteinsson, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að gera 3 ára áætlun um rafvæðingu þeirra byggða, sem hafa ekki fengið rafmagn frá samveitu í árslok 1969 og hafa að meðaltali eigi meira en 2 km á milli býla, fjarlægðir á milli hreppa, umfram 2 km frá býli til býlis, skal eigi reikna með, þegar meðaltal er fundið.
2. Að láta fara fram athugun á því, á hvern hátt hagkvæmast sé fyrir þá bændur að afla sér rafmagns, sem verða utan þeirra svæða, er falla undir 1. tölulið.

Áætlun samkvæmt 1. tölulið og niðurstöður athugana samkvæmt 2. tölulið verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það lætur nærri, að 200 býli hafi verið tengd samveitum að meðaltali árlega, síðan skipulegar framkvæmdir hófust við dreifingu raforku um sveitirnar.

Síðastliðið ár var tala tengdra býla með lægsta móti eða rétt um 130. Nú hafa verið samþykktar veitur til 270 bæja, og eru þá talin flest eða öll þau svæði, þar sem meðalvegalengd á milli býla er 1½ km eða minna. Ef svo fer fram sem horfir um fjáröflun, mun það taka 4 ár að tengja þessi 270 býli.

Tala þeirra býla, sem enn hafa ekki fengið orku frá samveitum, er 1300—1400, og rafmagnslaus með öllu eru um 450 býli.

Það er útilokað að reikna með því til frambúðar, að hluti þjóðarinnar verði án raforku. Er mikil nauðsyn að gera sér grein fyrir því nú þegar, hvernig unnið skuli að þessum málum síðasta áfangann. Kemur þar að sjálfsögðu margt til athugunar. En til þess að unnt sé að meta allar aðstæður, þarf fyrst og fremst að gera sér grein fyrir kostnaðarhliðinni.

Í tillögu þessari er lagt til, að gerð verði 3 ára áætlun um tengingu þeirra býla, sem ekki hafa fengið raforku frá samveitum í lok þessa árs, meðalfjarlægð milli býla allt að 2 km.

Fram til þessa hefur það verið venja að taka vegalengdir á milli byggðarlaga (hreppa) með, þegar reiknuð er meðalvegalengd milli býla, ef brúa þarf bilið með héraðsveitu, þ. e. þar sem svo hagar til, að aðalorkuveita liggur ekki yfir það.

Hér er lagt til að reikna meðalvegalengd eftir fjarlægðum innan hvers sveitarfélags. Talið er, að km í héraðsorkuveitu kosti nú 117—155 þús. kr., mismunandi eftir staðháttum og gerð línunnar. Og flutningsmenn líta svo á, að vel komi til álita að tengja afskekkt, en blómleg byggðarlög orkuveitukerfinu, þótt sérstakan stuðning þyrfti til af hálfu hins opinbera.

Í 2. lið till. eru ákvæði um athugun á því, hvernig hagkvæmast sé fyrir þá bændur að afla sér rafmagns, sem enn yrðu utan samveitusvæðanna. Er þetta í samræmi við þá skoðun flutningsmanna, að til langframa geti enginn unað því að hafa ekki rafmagn.

Orkustofnunin mun hafa í fórum sínum það miklar upplýsingar, að unnt ætti að vera að semja grófa rammaáætlun um þau atriði, er till. fjallar um, áður en næsta reglulegt Alþingi sezt á rökstóla. En að sjálfsögðu yrði það svo hlutskipti Alþingis að taka endanlegar ákvarðanir um framkvæmdir og tilhögun þeirra. Hér er aðeins lagt til, að málið verði nú skoðað í heild.

Þrátt fyrir fámenni og erfiða staðhætti hafa Íslendingar tekið sér fyrir hendur að koma síma, útvarpi og sjónvarpi til allra landsmanna og tengja sérhvert byggt ból vegakerfinu. Það er í fyllsta samræmi við þessa meginstefnu að róa að því öllum árum að koma einnig raforkunni til allra landsmanna.

Nd. 513. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um athugun á auknum siglingum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og rætt á fundum sínum. Jafnframt var hún send til umsagnar nokkurra aðila, sem annast vöruflutninga á sjó, og eru umsagnir þeirra prentaðar hér með sem fylgiskjöl. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara	Gunnar Gíslason.	Lúðvík Jósefsson.

Guðl. Gíslason.

Fylgiskjal I.

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 7. marz 1969.

Tillaga til þingsályktunar um athugun á auknum siglingum.

Með bréfi 4. marz 1969 hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis sent Eimskipafélagi Íslands ofangreinda tillögu til athugunar. Fara athugasemdir Eimskipafélagsins hér á eftir:

I. Óhætt er að fullyrða, að forráðamönnum íslenzkra skipafélaga er það mikið áhugamál, að skipastóll Íslendinga sé aukinn og endurbættur, ekki eingöngu til að fullnægja þörfum íslenzku þjóðarinnar, heldur einnig til siglinga fyrir aðra. Ber því að fagna hvers konar tillögum, sem stefna að því, að svo megi verða.

II. Það er staðreynd, að síðustu áratugina hefur ekkert íslenzkt skipafélag verið þess megnugt að byggja ný skip fyrir eigið fé, en hefur jafnan orðið að taka langmestan hluta byggingarkostnaðarins að láni. Meðan svo horfir, telur Eimskipafélagið tilgangslaust að ræða um stóraukningu skipastólsins. Skipastóll Íslendinga til siglinga fyrir aðra en okkur sjálfa verður ekki aukinn, nema því aðeins að búið verði þannig að siglingum, að heilbrigður rekstrargrundvöllur fáist. Í þessu efni telur Eimskipafélagið, að nauðsynlegt sé:

1) Að endurskoða gaumgæfilega gildandi skattalöggjöf, þannig að skipafélög hafi möguleika til að mynda sjóði, sem varið yrði til nýbygginga.
2) Að afnema gildandi verðlagsákvæði um flutningsgjöld og afgreiðslukostnað. Er Eimskipafélagið þeirrar ákveðnu skoðunar, að fullkomið viðskiptafrelsi verði að ríkja í siglingamálum. Með því móti einu er unnt að sannreyna, hvort Íslendingar geti keppt á erlendum markaði við önnur skipafélög um flutninga.
3) Að endurskoða gjöld, sem skipafélögum er gert að greiða í strandsiglingum. Í því efni er vakin á því sérstök athygli, að samkeppnisaðstaða strandferðaskipa við bifreiðir og flugvélar er algjörlega óviðunandi. Leiðir athugun á afgreiðslugjöldum, vörugjöldum, hafna- og vitagjöldum í ljós, að samkeppnisaðstaða skipa er gerð mun lakari en annarra flutningstækja. Verði ekki brugðið fljótt við og sköpuð jafnréttisaðstaða til samkeppni, munu strandsiglingar minnka eða jafnvel leggjast niður, til tjóns fyrir alla landsmenn.
4) Að endurskoða lagareglur um mannahald á skipum til samræmis við gildandi erlendar reglur, t. d. norskar. Norðurlandaþjóðir hafa stutt siglingafyrirtæki sín á margvíslegan hátt, og ýmsar þjóðir greiða stórfé sem styrk til siglinga. Hér á Íslandi hafa íslenzk skipafélög hins vegar oft verið skylduð til að halda niðri verðlagi með því að flytja vörur undir markaðsverði.

III. Það er ákveðin skoðun Eimskipafélagsins, að fyrsta skilyrði þess, að Íslendingar geti keppt við aðrar þjóðir í siglingum, sé fullkomið viðskiptafrelsi. Fáist almenn viðurkenning á þeirri grundvallarnauðsyn, að fyrirtæki séu rekin með hagnaði og fái þannig tækifæri til að auka eigið fjármagn, munu siglingamálin leysast af sjálfu sér. Almenningur mundi þá sjá sér hag í að leggja fé til skipafélaganna með hlutafjárkaupum eða öðrum hætti. En þessu er vissulega ekki til að dreifa í dag. Við Íslendingar eigum þjálfað starfslið á sjó og landi, sem hefur þekkingu og alla kosti á borð við erlenda starfsbræður þess.

Eimskipafélag Íslands var stofnað árið 1914 og hefur þannig starfað í 55 ár. Telur félagið sig hafa fengið mikla reynslu í siglingum og þeim málum, er lúta að

rekstri skipa. Er félagið reiðubúið til að veita háttvirtri fjárhagsnefnd allar þær upplýsingar, sem félagið getur í té látið.

Virðingarfyllst,
H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS
Óttar Möller.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA Reykjavík, 11. marz 1969.

Með bréfi fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis frá 4. marz s. l. var oss send til umsagnar tillaga til þál. um athugun á auknum siglingum.

Kaupskipafloti vor er jöfnum höndum notaður til siglinga hér heima og erlendis. Þegar ekki eru næg verkefni hér, er þeirra leitað á öðrum vettvangi. Vér höfum því bæði nokkra reynslu og þekkingu á því sviði, sem tillagan fjallar um.

Íslenzk kaupskip búa við óvenjulegar aðstæður að því er varðar siglingar hér heima. Skyldur þeirra eru miklar og til þess ætlazt, að þau veiti þjónustu jafnt á stórum sem smáum höfnum. Þeim er þröngur stakkur búinn og mikill hluti farmgjalda bundinn verðlagsákvæðum. Á undanförnum árum hefur rekstur kaupskipa vorra ekki skilað þeim afgangi, sem nauðsynlegur er til þess að mæta eðlilegum afskriftum til endurnýjana. Á meðan svo er og ef svo verður til frambúðar, er hætta á ferðum. Þá verður hvorki bættur né aukinn skipastóll til að sinna vorum eigin þörfum, hvað þá heldur efnt til sóknar á erlendum vettvangi.

Stutt er síðan vér börðumst einarðlega fyrir því, að oss yrði veitt lítilsháttar lið til, að „Hamrafell" gæti þjónað Íslandi og veitt því það öryggi, sem í því felst, að þjóðin geti sjálf annazt verulegan hluta flutningsþarfa sinna. Alþingismönnum er sjálfsagt minnisstætt, hvernig því máli lauk.

Ef skilningur er fyrir hendi á því að búa íslenzkum kaupskiparekstri viðunandi skilyrði við þau verkefni, sem sinna þarf fyrir Ísland, og verði það gert, þá eflist íslenzkur kaupskiparekstur smátt og smátt. Leitað mun þá fangbragða við ný verkefni á grundvelli þeim og reynslu, sem þegar hefur verið aflað af oss og öðrum innlendum aðilum.

Af þessu leiðir, að vér teljum umrædda tillögu meinlausa, en gagnslausa í því formi, sem hún er og málin í heild liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA,
Skipadeild.
Hj. Hjartar.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 19. marz 1969.

Sem svar við bréfi fjárhagsnefndar þann 4. marz 1969. Á stjórnarfundi F.F.S.Í. þ. 15. marz 1969 var tekin til umsagnar tillaga til þingsályktunar um athugun á auknum siglingum.

F.F.S.Í. telur rétt, að athugun fari fram á því, hvort hagkvæmt getur verið að auka siglingar erlendis.

F.F.S.Í. telur nauðsynlegt, að fulltrúi frá samtökunum sé í undirbúningsnefnd.

Virðingarfyllst,

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Ingólfur Stefánsson.

Til Nd. Alþingis
Alþingishúsinu Reykjavík.

Nd. 514. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í Ed. komu fram athugasemdir vegna kostnaðar við tilkynningarnar. Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur fengið upplýst, að Landssími Íslands hafi lækkað skeytakostnað, sem þeim er samfara, um helming. Þótt einstakir nefndarmenn séu þeirrar skoðunar, að gjald þetta sé enn of hátt, hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form. Pétur Sigurðsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.
Eyjólfur K. Jónsson. Guðl. Gíslason. Jón Skaftason. Björn Pálsson.

Ed. 515. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fela sérstöku félagsmálaráði framkvæmd framfærslumála í stað framfærslunefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 80 frá 24. desember 1967 er ákveðið, að í Reykjavík komi félagsmálaráð í stað framfærslunefndar skv. 26. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, en framfærslumálin eru einn þáttur félagsmála, sem falla undir verksvið félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðs borgarinnar, sem er undirnefnd borgarstjórnar.

Á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofelld ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík."

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.

Ed. 516. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 31 frá 20. apríl 1968 var menntamálaráðherra heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti, en barnaverndarmál eru einn þáttur félagsmála, sem undir félagsmálaráð falla.

Á ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofelld ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík".

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.

Ed. 517. Frumvarp til laga [228. mál]

um fyrirtækjaskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal halda skrá, er nefnist fyrirtækjaskrá, yfir einstaklinga, félög og aðra aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu, svo og yfir embætti, stofnanir (þar með sjálfseignarstofnanir) og félagssamtök, sem að dómi Hagstofunnar hafa þá starfsemi, að ástæða sé til að skrá þau. — Skrá þessi skal færð jafnóðum til samræmis við áorðnar breytingar, eftir því sem við verður komið.

Aðili, sem byggir hús eða annað mannvirki til eigin nota, eða framkvæmir viðgerð á slíkum eignum í eigin notkun, telst ekki reka sjálfstæða atvinnu samkvæmt

1. málsgr. þessarar gr., nema um sé að ræða byggingu eða viðgerð vegna atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi, er um ræðir í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

2. gr.

Í þessum lögum er orðið fyrirtæki notað sem samheiti um alla þá aðila, sem fyrri málsgr. 1. gr. tekur til. Orðið atvinnurekstur tekur á hliðstæðan hátt til hvers konar starfsemi, sem þessir aðilar reka sem slíkir.

3. gr.

Stjórnsýsla ríkisins og annarra opinberra aðila í sambandi við atvinnurekstur styðst við skrár og önnur starfsgögn frá fyrirtækjaskrá, eftir því sem hlutaðeigandi stjórnarvöld ákveða í samráði við Hagstofuna. Auk þess skal fyrirtækjaskrá vera tæki til hagskýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna o. fl.

4. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal skrá nafn og aðsetur fyrirtækja, auðkennisnúmer þeirra, atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, og þau atriði önnur varðandi störf og hagi fyrirtækja, sem hún ákveður.

Fyrirtæki, sem hafa með höndum fleiri en eina tegund starfsemi samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, eða reka sömu starfsemi á tveimur eða fleiri stöðum, skulu, eftir því sem aðstæður leyfa, skráð samkvæmt því í fyrirtækjaskrá, þ. e. hver atvinnugrein og hver starfsstaður telst þar sérstök rekstrareind.

5. gr.

Í fyrirtækjaskrá hefur hvert fyrirtæki sitt auðkennisnúmer. Einstaklingur, sem rekur sjálfstæða atvinnu í eigin nafni, hefur nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá sem auðkennisnúmer. Önnur fyrirtæki skulu fá sérstakt auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá. Hagstofan gefur út skírteini til þeirra, þar sem auk heitis og póstaðseturs er tilgreint auðkennisnúmer, atvinnugreinarnúmer og þau atriði önnur, sem henta þykir að hafa á skírteininu.

Opinber aðili, er notar auðkennisnúmer fyrirtækjaskrár í umsýslu sinni, getur krafizt þess, að fyrirtæki sýni skírteini (sbr. 1. málsgr.) sem sönnunargagn um númer og önnur skráningaratriði í fyrirtækjaskrá.

Heimilt er að gefa út sérstakt skírteini fyrirtækjaskrár einnig til einstaklinga, sem reka sjálfstæða atvinnu í eigin nafni (sbr. 1. málsgr.), og kemur það þá í stað nafnskírteinis í þessu sambandi.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, með reglugerð eða á annan hátt, að aðilar þeir, er um ræðir í 1. málsgr. 1. gr., skuli tilkynna Hagstofunni upphaf og lok atvinnurekstrar síns, enn fremur aðsetur starfsstöðva og breytingar á því, og loks þær breytingar aðrar, sem upplýsingar þarf að fá um til starfrækslu fyrirtækjaskrár. — Upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er aðili hefur sölu eða hliðstæða afhendingu á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna. Þó skal upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er hlutaðeigandi hóf notkun aðkeypts vinnuafls vegna hans, ef það á sér stað áður en sala á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna hefst.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. um, að tilkynningarskylda skuli koma til framkvæmda, skulu bundnar við tilteknar greinar samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

Hagstofan gerir eyðublöð undir tilkynningar þær, er um ræðir í 1. málsgr., og kveður á um skilafresti og annað í því sambandi.

7. gr.

Skattyfirvöld aðstoða Hagstofuna við starfrækslu fyrirtækjaskrár með veitingu upplýsinga og eftirgrennslunum, eftir því sem nánar verður ákveðið með samkomulagi ríkisskattstjóra og hagstofustjóra.

Aðrir opinberir aðilar, er hafa undir höndum upplýsingar, sem þörf er á til starfrækslu fyrirtækjaskrár, skulu láta þær í té samkvæmt því, sem um semst milli hlutaðeigenda.

8. gr.

Heimilt er að krefja alla húseigendur og aðra umráðamenn húsnæðis upplýsinga um, hvaða fyrirtæki hafa starfsstöð í húsum þeirra.

Heimilt er að krefjast þess af félagssamtökum aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu í einstökum greinum — þar á meðal af félagssamtökum meistara í iðnaði — að þeir láti í té skrár yfir meðlimi sína og aðstoði á annan hátt við starfrækslu fyrirtækjaskrár.

9. gr.

Til hagnýtingar fyrirtækjaskrár til skýrslugerðar um atvinnuvegina skulu fyrirtæki láta Hagstofunni í té upplýsingar um starfsemi sína og aðra hagi, að svo miklu leyti sem eðlileg þörf fyrir slíka skýrsluöflun segir til um. Fyrirtæki skulu láta slíkar upplýsingar í té á þann hátt og á þeim tímum, sem Hagstofan ákveður.

10. gr.

Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkvæmt 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeigenda. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.

11. gr.

Hagstofan veitir hverjum sem er upplýsingar um það, sem skráð er um einstök fyrirtæki samkv. fyrri málsgr. 4. gr., enda sé eigi um að ræða upplýsingar, er Hagstofan hefur fengið frá fyrirtækjum sem trúnaðarmál, sbr. 10. gr. Embætti og stofnanir fá slíka þjónustu ókeypis, enda þurfi þær upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Sé hér um að ræða meiri háttar verk, getur Hagstofan þó krafizt greiðslu. Að öðru leyti tekur Hagstofan greiðslu fyrir veitingu upplýsinga úr fyrirtækjaskrá, eftir gjaldskrá, sem hún setur.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að í stað manntals árið 1970 samkvæmt lögum nr. 4/1920 skuli, með aðstoð fyrirtækjaskrár og þjóðskrár, fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa á þessu ári, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Nú bregzt það, að látnar séu í té upplýsingar samkvæmt 9. gr., áður en almennum skilafresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað aðila með dagsektum, 100—1000 kr. á dag, til að láta upplýsingar í té. Dagsektir taka gildi 5 dögum eftir að aðili meðtekur símskeyti eða bréf um þær, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Nú kemur það í ljós, að aðili, er skal veita upplýsingar samkvæmt 9. gr., hefur vanrækt að láta þær í té áður en skilafresti lauk, og varðar það þá sektum allt að 10 000 kr.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. Skal greiðsla þessi innt af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir að hlutaðeigandi afhenti Hagstofu hina síðbúnu skýrslu eða setti hana í póst.

15. gr.

Nú er ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 1. málsgr. 6. gr., og skulu þá brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu varða sektum 300—3000 kr. Ákvæði 2. málsgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hagstofustjóri hefur samið frumvarp þetta. Í því er lagt til, að komið verði á fót heildarskrá yfir fyrirtæki í landinu, er sé sem næst jafnóðum færð til samræmis við þær breytingar, sem verða. Ný fyrirtæki eru þannig tekin á skrá, fyrirtæki, sem hætta störfum, eru felld af skrá eða sett á sérskrá, póstaðsetri er breytt, þegar fyrirtæki fær nýtt aðsetur, o. s. frv. „Fyrirtæki" tekur hér ekki aðeins til aðila — einstaklinga, félaga o. s. frv. — sem hafa með höndum atvinnurekstur í venjulegum skilningi, heldur einnig til embætta, stofnana og félagssamtaka með starfsemi, sem ástæða er talin til að taka á skrá. Þannig er t. d. gert ráð fyrir, að slíkur aðili, sem hefur útgjöld til launa, þótt lítil séu, verði tekinn í fyrirtækjaskrá, og sömuleiðis ef hann á fasteign eða hluta af fasteign. En aðilar, sem reka ekki atvinnu í venjulegri merkingu þess orðs og hvorki hafa launakostnað né eiga fasteign, verði að jafnaði ekki teknir í fyrirtækjaskrá.

Með stofnun þjóðskrár á sínum tíma var einum opinberum aðila falin stjórn almannaskráningar í landinu. Því fylgdi m. a. það hlutverk að sjá opinberum aðilum og öðrum hlutaðeigendum fyrir **tæmandi** og að öðru leyti sem fullkomnustum skrám yfir íbúa landsins, en nákvæmar og öruggar skrár eru skilyrði góðra vinnubragða og annarrar hagkvæmni í stjórnsýslu og hliðstæðum störfum á öðrum vettvangi. Þjóðskráin varð þegar í upphafi undirstaða opinberrar gjaldheimtu, og þýðing hennar á öðrum sviðum stjórnsýslu hefur vaxið með hverju ári. Jafnframt hefur þjóðskráin verið tæki til hagskýrslugerðar um fólkið í landinu. Ljóst hefur verið, að æskilegt væri, að einum opinberum aðila væri á sama hátt falið að sjá um skráningu allra fyrirtækja í landinu, með tilheyrandi skrárgerð í þágu hvers konar stjórnsýslu í sambandi við atvinnurekstur, og um leið fengist tæki til skýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna.

Hagstofan hefur nokkur undanfarin ár unnið að stofnun fyrirtækjaskár, og er það verk nú komið á lokastig. Hér hefur verið stuðzt við margvíslegar heimildir: skattskrár og slysatryggingarskrár skattyfirvalda, símaskrár og ýmsar aðrar prentaðar skrár, firma- og félagatilkynningar í Lögbirtingablaði, árlegar skýrslur fordagæzlumanna (um búendur), skýrslur Fiskifélagsins um aðila í útgerð og fiskverkun, fréttir og auglýsingar í dagblöðum, listar yfir fyrirtæki frá fyrirsvarsmönnum einstakra starfsgreina, og yfir félagssamtök frá félagasamböndum o. þ. h. Hér hefur auk þess margt annað komið til, þar á meðal beinar eftirgrennslanir Hagstofunnar sjálfrar. Skattstjórar hafa látið henni í té mjög mikilsverða aðstoð, og sama er að segja um fyrirsvarsmenn ýmissa samtaka atvinnurekenda í einstökum greinum.

Þörf er lagasetningar um fyrirtækjaskrá aðallega af tveimur ástæðum. Annars vegar þarf með lögum að kveða á um skyldu fyrirtækja til að nota skírteini fyrirtækjaskrár (sbr. 5. gr. frv.). Hins vegar þarf að vera fyrir hendi lagaheimild til að skylda fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum til að tilkynna upphaf og lok atvinnurekstrar, aðsetursbreytingar o. fl., með tilheyrandi ákvæðum um viðurlög.

Við starfrækslu fyrirtækjaskrár verður að sjálfsögðu notuð nútíma véltækni eins og við þjóðskrá. Með tilkomu rafeinda-skýrsluvéla til vinnslu gatspjalda og hliðstæðra miðla sköpuðust algerlega ný viðhorf í öllu varðandi starfsaðferðir og starfsafköst í opinberri starfrækslu og skýrslugerð. Er hér um að ræða víðtæka vélvæðingu skrifstofustarfa, sem nú ryður sér til rúms hvarvetna. Þessari nýju tækni fylgir mikill

vinnusparnaður, stóraukið öryggi í störfum og margfaldur vinnuhraði, auk þess sem unnt er að fá, með tiltölulega litlum eða engum aukakostnaði, ólíkt betri starfsgögn og skýrslur um starfsemi stofnana og fyrirtækja en áður voru fáanlegar. Rétt á haldið á þessi nýja véltækni að leiða til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni á þeim starfssviðum, sem hún á við, en hinu er ekki að leyna, að þessir nýju starfshættir gera stórauknar kröfur um skipuleg vinnubrögð og nákvæmni í störfum, og getur allur ávinningur runnið út í sandinn, ef ekki er rétt á haldið. — Hagnýting þessarar nýju tækni er meðal annars byggð á því, að hverjum einstaklingi, fyrirtæki eða öðrum „aðila", sem vélarnar vinna með og framleiða skrár og önnur starfsgögn um, er gefið númer, sem er fast auðkenni og m. a. notað til þess að koma heim og saman í skýrsluvélum öllum upplýsingaatriðum varðandi hvern aðila um sig. Í þessu skyni fengu þegar á árinu 1959 allir landsmenn 12 ára og eldri nafnnúmer í þjóðskrá. Á árinu 1964 var „vartölu" bætt við nafnnúmerið, en með aðstoð hennar segir skýrsluvél til, þegar rangt auðkennisnúmer er sett í hana. Með þessu er hægt að leiðrétta röng auðkennisnúmer þegar í byrjun verkferils, en af því er mikið hagræði. Loks voru, *með útgáfu nafnskírteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri* (sbr. lög nr. 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina), sköpuð skilyrði til fullrar hagnýtingar á nafnnúmeri þjóðskrár. Til þess þurfti hver einstaklingur að þekkja sitt nafnnúmer og að hafa í höndum skilríki til að sanna, hvert það væri. Nafnskírteinið gegnir þessu hlutverki.

Með stofnun fyrirtækjaskrár er stefnt að því að beita alveg sams konar aðferðum við skráningu fyrirtækja og notaðar eru við almannaskráningu hér á landi. Sama er að segja um hagnýtingu fyrirtækjaskrár — hún verður alveg hliðstæð hagnýtingu þjóðskrár, annars vegar til almennrar stjórnsýslu og hins vegar til hagskýrslugerðar. Um tengslin milli þessara tveggja skráa er það að segja, að þjóðskráin verður að hluta grundvöllur að starfrækslu fyrirtækjaskrár. Hún hlýtur samkvæmt eðli málsins að byggja á þjóðskrá að því er varðar upplýsingar um einstaklinga, sem reka sjálfstæða atvinnu einir, en þeir verða í meiri hluta í fyrirtækjaskrá (bændur, meistarar í iðnaði o. fl. koma til að vega þungt í henni). Nöfn slíkra einstaklinga verða skráð í fyrirtækjaskrá eins og þau eru rituð í þjóðskrá, auðkennisnúmer þeirra samkvæmt henni verður notað sem slíkt í fyrirtækjaskrá, og aðsetur þeirra verður einnig tekið eftir þjóðskrá, þegar svo ber undir. Þá notar fyrirtækjaskrá að sjálfsögðu staðartáknölukerfi þjóðskrár, þ. e. aðallega táknölur hennar um kaupstaði, sýslur og hreppsfélög. Auk þess kemur fyrirtækjaskrá til að styðjast við þjóðskrá að ýmsu öðru leyti. Tilvist þjóðskrárinnar gerir þannig stofnun og starfrækslu fyrirtækjaskrár miklu auðveldari og kostnaðarminni en ella hefði orðið. Segja má, að þjóðskráin sé skilyrði fyrir starfrækslu fyrirtækjaskrár, því að án hinnar fyrr nefndu hefði varla komið til greina að koma á fót fyrirtækjaskrá eins og hér er fyrirhuguð.

Þjóðskráin er samkvæmt uppbyggingu sinni og starfsháttum ákjósanlegt hjálpartæki til stofnsetningar og starfrækslu á vélskrám til margvíslegra nota. Auk almennrar fyrirtækjaskrár, sem hér er ráðgerð, hefur Hagstofan komið á fót nemendaskrá, þar sem skráður er námsferill sérhvers nemanda frá og með síðasta ári skyldunáms. Þessi skrá byggist á þjóðskrá að öllu leyti.

Auk fyrr greindra aðalmarkmiða fyrirtækjaskrár, er gert ráð fyrir, að upplýsingaþjónusta verði stór þáttur í starfsemi hennar. Hún kemur til að veita hverjum sem er upplýsingar um fyrirtæki hvar sem er á landinu, þ. e. um heiti og staðsetningu fyrirtækja, um atvinnugrein eða -greinar, sem þau starfa í, og um sitthvað fleira, en þó að sjálfsögðu ekki um neitt það, sem Hagstofan hefur fengið vitneskju um sem trúnaðarmál. Með þessu verður bætt úr mjög brýnni þörf fyrir skipulega upplýsingaþjónustu varðandi fyrirtæki. Gjald verður tekið fyrir þessa þjónustu, en opinberir aðilar eiga þó að fá hana ókeypis, sjá 11. gr. frv. Þjóðskráin hefur frá upphafi starfað sem slík upplýsingamiðstöð á sínu starfssviði, og hefur þýðing hennar farið vaxandi með hverju ári. — Til viðbótar því að svara fram bornum fyrirspurnum um fyrirtæki, munu verða gefnar út árlega skrár til sölu. Verður senni-

lega um að ræða þríþættar skrár: 1) Heildarskrá fyrirtækja (þar með stofnana og félagssamtaka) á öllu landinu í einni samfelldri stafrófsröð. 2) Skrá, þar sem fyrirtæki eru flokkuð eftir atvinnugreinum. 3) Skrá, þar sem fyrirtæki hvers sveitarfélags eru út af fyrir sig. Í öllum þremur skrám mundi, auk heitis, auðkennisnúmers, staðsetningar og póstaðseturs hvers fyrirtækis, verða getið atvinnugreinar og forms rekstraraðildar (einstaklingsfyrirtæki, sameignarfélag, hlutafélag, samvinnufélag o. s. frv.).

Það mundi verða of langt mál að gera ýtarlega grein fyrir tilhögun fyrirtækjaskrár, en þó þykir rétt að skýra frá nokkrum undirstöðuatriðum hennar. Hvert fyrirtæki hefur sitt grunnspjald í fyrirtækjaskrá, og ef það rekur fleiri en eina tegund starfsemi samkvæmt flokkunarskrá Hagstofunnar um atvinnuvegina, fær hvert fyrirtæki spjald fyrir hverja „rekstrareind". Það er þó að jafnaði skilyrði slíkrar sundurgreiningar fyrirtækis, að sjálfstætt reikningshald sé fyrir hverja grein þess. Ef svo er ekki, fær það aðeins eitt grunnspjald í fyrirtækjaskrá, og það flokkast til þeirrar atvinnugreinar, sem aðalstarfsemi þess tilheyrir. — Fyrirtæki, sem hefur starfsstöð í sömu atvinnugrein í fleiri en einu sveitarfélagi, fær grunnspjald fyrir hverja þeirra. En hafi það fleiri en eina starfsstöð í sömu grein í sama sveitarfélagi, fær það að svo stöddu aðeins eitt grunnspjald fyrir starfsemi sína.

Í grunnspjaldi hvers fyrirtækis, eða hverrar rekstrareindar fyrirtækis, eru þessi skráningaratriði:

1) Heiti fyrirtækis, þ. e. nafn einstaklings, sem rekur það einn í eigin nafni, en ella sérstakt heiti fyrirtækis einstaklings eða annars aðila, að jafnaði samkvæmt firmaskrá eða félagaskrá. Ritun slíkra heita í fyrirtækjaskrá er að sjálfsögðu stöðluð eftir ákveðnum reglum.
2) Póstaðsetur fyrirtækis, þ. e. aðsetur skrifstofu, ef hún er ekki á þeim stað, þar sem aðalstarfsemi fer fram.
3) Sveitarfélag starfsstaðar samkvæmt táknlölukerfi þjóðskrár.
4) Táknlala þess skattsvæðis, sem fyrirtækið tilheyrir samkvæmt staðsetningu starfsstaðar þess.
5) Táknlala þeirrar atvinnugreinar, sem fyrirtæki eða rekstrareind þess tilheyrir samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.
6) Auðkennisnúmer fyrirtækis, sem er nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá, þegar um er að ræða rekstur einstaklings í eigin nafni, en ella sérstakt fyrirtækisnúmer, sem er þó innan ramma nafnnúmerkerfis þjóðskrár. Ef fyrirtæki er greint í sundur eftir tegund starfsemi, fær hver rekstrareind sinn bókstaf til viðbótar hinu 8 stafa auðkennisnúmeri, sem er sameiginlegt fyrir allt fyrirtækið.
7) Táknlala forms rekstraraðildar (t. d. 1 = einstaklingsfyrirtæki, 2 = sameignarfélag, o. s. frv.).
8) Loks er í grunnspjaldi hvers þess fyrirtækis, sem rekið er af einstaklingi undir sérstöku heiti, nafnúmer hans samkvæmt þjóðskrá, svo að örugglega liggi fyrir, hver hlutaðeigandi er, og bein leið sé að þjóðskrárspjaldi hans við vélvinnslu.

Þetta eru hin föstu skráningaratriði fyrirtækjaskrár — sbr. fyrri málsgr. 4. gr. — og eru þau aðallega miðuð við þarfir stjórnsýslu. En um leið verða á hverjum tíma tiltækar í fyrirtækjaskrá upplýsingar um tölu atvinnufyrirtækja í hverri grein og í hverju sveitarfélagi, og um skiptingu þeirra eftir formi rekstraraðildar, o. fl. Á því að verða vel séð fyrir hagskýrslugerð um þessi efni, eftir að fyrirtækjaskrá er komin á fastan grundvöll. En þetta er aðeins byrjun, því að stefnt er að því, að fyrirtækjaskrá verði hagnýtt til að fá til skýrslugerðar margvíslegar upplýsingar úr gögnum skattyfirvalda og fleiri opinberra aðila, sem til þessa hefur ekki verið unnt að nýta nema að takmörkuðu leyti. Skattyfirvöld nota vélspjald fyrirtækjaskrár, og öll vélúrvinnsla skattgagna hvers fyrirtækis er tengd auðkennisnúmeri þess í fyrirtækjaskrá. Þetta þýðir, að upplýsingar í þessum gögnum verða tiltækar til tölufræðilegrar vélúrvinnslu með þeirri sundurgreiningu, sem grunnspjald fyrirtækjaskrár gerir mögulega. Hér er aðallega um að ræða skiptingu eftir atvinnugreinum

og stöðum, og eftir formi rekstraraðildar. Þannig verður mikilvægur efniviður tiltækur til skýrslugerðar í vélum, án þess að það þurfi að kosta skattyfirvöld teljandi viðbótarvinnu. Hér má nefna upplýsingar um brúttóveltu fyrirtækja, rekstrarafkomu, skattskyldar tekjur, slysatryggðar vinnuvikur, launakostnað o. fl. — Vegna kostnaðar og af ýmsum öðrum ástæðum ber að leggja á það megináherzlu, að íslenzk hagskýrslugerð sé skipulögð þannig, að sem mest af henni fáist sjálfkrafa sem afrakstur af opinberri starfrækslu, sem innt er af hendi hvort sem er. Þetta á sérstaklega við skýrslugerð um atvinnuvegi landsmanna. Um þá er árlega aflað fjölþættra gagna, bæði til gjaldheimtu og annarra nota, sem rétt á haldið ætti að vera hægt að nota sem efnivið í ýtarlega og fljótvirka skýrslugerð um atvinnuvegina.

Það er fyrst með tilkomu fyrirtækjaskrár, sem möguleikar opnast til víðtækrar hagnýtingar skattgagna til hagskýrslugerðar, en þó hefur þegar verið gert nokkurt átak í því efni. Frá og með vinnuárinu 1963 varð atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar grundvöllur til skiptingar starfa í áhættuflokka, sem skattyfirvöld framkvæma, og Hagstofan hefur síðan hagnýtt slysatryggingarspjöld þeirra til þess að gera árlega skýrslu um slysatryggðar vinnuvikur eftir atvinnugreinum (síðast birt fyrir vinnuárið 1967, í marzblaði Hagtíðinda 1969). Hér er um að ræða gagnlega skýrslugerð. en hún kostar allmikla vinnu á skattstofunum, og auk þess skortir af eðlilegum ástæðum mikið á, að flokkun starfa til atvinnugreina sé fullnægjandi. Þetta hvort tveggja á að breytast með tilkomu fyrirtækjaskrár, því að þá verður flokkun starfa í hverju fyrirtæki fyrirfram gefin með tákntölu atvinnugreinar á grunnspjaldi því, sem fyrirtækjaskrá lætur skattstofum í té. — Auk þessarar skýrslugerðar um slysatryggðar vinnuvikur, hefur Hagstofan, frá og með tekjuárinu 1962, gert árlega skýrslu um tekjur starfsstétta samkvæmt framtölum (skýrsla um tekjuárið 1967 birtist í aprílblaði Hagtíðinda 1969). Er þar um að ræða flokkun framteljenda til starfsstéttar eftir sérstakri flokkunarskrá Hagstofunnar. Framkvæma skattstofurnar hana á þann hátt, að starfsstéttartákn hvers framteljanda er gatað í skattspjald hans, og fær Hagstofan það síðar til vélúrvinnslu.

Rétt er að taka það fram, að þau framtíðaráform, sem hér hefur verið tæpt á, geta ekki orðið að veruleika fyrr en eftir að starfræksla fyrirtækjaskrár er komin á fastan grundvöll. En á því getur orðið bið, og eru þar sérstaklega hafðir í huga fyrirsjáanlegir örðugleikar í sambandi við öflun gagna til viðhalds fyrirtækjaskrár. Auk þess þarf að breyta sumum störfum á skattstofunum, svo að unnt verði að koma þessum áformum í framkvæmd með viðunandi hætti.

Kostnaður við stofnun fyrirtækjaskrár hefur hingað til verið greiddur af almennum árlegum fjárveitingum til Hagstofunnar, að því frátöldu, að frá og með ársbyrjun 1969 var bætt við einum starfsmanni vegna þessa verkefnis. Eins og horfir er ekki gert ráð fyrir frekari starfsliðsaukningu vegna fyrirtækjaskrár. Að öðru leyti verður um að ræða viðbótarkostnað vegna vélvinnslu fyrirtækjaskrár, en á móti sparast kostnaður við sömu verk, sem fram að þessu hafa verið unnin fyrir skattstofurnar. Hér verður þó um að ræða einhver viðbótarútgjöld, en hluti þeirra mun fást greiddur með tekjum fyrir selda þjónustu — þar á meðal fyrir seld rit — sem geta orðið talsverðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1.—2. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um starfssvið fyrirtækjaskrár, og í 2. gr. er stutt skilgreining á hugtökunum fyrirtæki og atvinnurekstur. Um þetta er fjallað nánar í almennu athugasemdunum hér að framan. Erfitt er að setja fyrirfram ákveðnar reglur um, hvar markalínan skuli liggja milli starfsemi, sem er tekin á skrá, og starfsemi, sem er utan við starfssvið fyrirtækjaskrár, þar eð hún er óveruleg eða sérstaks eðlis. Reynslan verður að skera úr um, hvað telst hagkvæmt og eðlilegt í þessu efni. Þó má t. d. geta þess, að leigusalar húsnæðis munu ekki verða teknir á skrá sem slíkir, nema um sé að ræða aðalatvinnu hlutaðeigandi eða stöðuga starfsemi í allstórum stíl.

Um 3. gr.

Í þessari gr. er tekið fram, hver sé aðaltilgangur fyrirtækjaskrár, en um það vísast til nánari greinargerðar í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 4. gr.

Í fyrri málsgr. þessarar gr. eru ákvæði um skráningaratriði fyrirtækjaskrár, en í almennu athugasemdunum að framan er gerð nokkur grein fyrir þeim.

Um 5. gr.

Hér eru ákvæði um auðkennisnúmer, sem er nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá, þegar um er að ræða fyrirtæki rekið af einstaklingi í eigin nafni, en önnur fyrirtæki fá sérstakt einkennisnúmer, þó innan nafnnúmerkerfis þjóðskrár. Þá er í þessari gr. kveðið á um notkun skírteina, og eru þau hliðstæð fyrirmælum í lögum nr. 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Um 6. gr.

Til viðhalds á skráningaratriðum fyrirtækjaskrár er óhjákvæmilegt að skylda aðila að vissu marki til að tilkynna upphaf og lok atvinnurekstrar, breytingar á starfsstöð o. fl. En vegna þess að ástæðulaust er, að slík skylda taki til allrar starfsemi, og óvíst er, hve víðtæk hún þarf að vera, þykir rétt að hafa þetta í heimildarformi. Mun þegar þar að kemur verða tilkynnt, hvaða atvinnugreinar verða tilkynningarskyldar.

Sumir kunna að telja, að slík tilkynningarskylda eigi ekki rétt á sér, en flestir munu þó viðurkenna, að atvinnurekstur sé það þýðingarmikil athöfn í samfélaginu, að eðlilegt sé, að stjórnarvöld fái vitneskju um upphaf og lok hans, og hvar hann á sér stað. Í þessu sambandi er rétt, að það komi fram, að samkvæmt 11. gr. söluskattslaga, nr. 10/1960, skulu allir söluskattskyldir aðilar tilkynna skattstjóra upphaf og lok atvinnurekstrar, svo og aðrar breytingar, sem máli skipta fyrir skattyfirvöld. Þessi ákvæði munu ekki hafa verið framkvæmd eftir bókstafnum. Þegar starfsemi fyrirtækjaskrár er komin í fullan gang, munu tilkynningar til hennar um upphaf og lok rekstrar o. fl. koma í stað tilkynninga samkvæmt söluskattslögum. — Þá er einnig rétt að geta þess, að í 12. gr. laga nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu, er svo fyrir mælt, að hver sá, sem hefur leyfi til að stunda verzlun, skuli tilkynna Hagstofunni heimilisfang starfsstöðvar og breytingu á því. Má því segja, að tilkynningarskylda sú, er 6. gr. frv. gerir ráð fyrir að heimiluð verði, hafi þegar verið lögfest að því er varðar verzlunarfyrirtæki.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að skattstjóraskrifstofurnar verði öðrum stofnunum fremur Hagstofunni til aðstoðar við starfrækslu fyrirtækjaskrár. Ákvæði þessarar gr. um aðstoð annarra opinberra aðila við fyrirtækjaskrá eru hliðstæð fyrirmælum í lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar gr. miða að því að styrkja aðstöðu Hagstofunnar til öflunar nauðsynlegra upplýsinga til fyrirtækjaskrár. Fyrri málsgr. þessarar gr. er efnislega samhljóða 5. málsgr. 11. gr. söluskattslaga, nr. 10/1960.

Um 9. gr.

Með ákvæðum þessarar gr. er Hagstofunni veitt almenn heimild til að krefja fyrirtæki um upplýsingar til hagskýrslugerðar, „að svo miklu leyti sem eðlileg þörf fyrir slíka skýrslusöfnun segir til um“. Hér er aðallega höfð í huga almenn skýrslusöfnun — sem kalla má „hagtal“ — um rekstur og hagi fyrirtækja í einstökum atvinnuvegum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru efnislega samhljóða ákvæðum í 18. og 19. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Um 12. gr.

Með hliðsjón af því, að þýðing aðalmanntals — er samkvæmt lögum nr. 4/1920 skal tekið þau ár, er ártalið endar á núlli — er nú orðin allt önnur og minni en áður var, þykir rétt að heimila breytt form á öflun upplýsinga af því tagi, sem hér um ræðir. Áður voru aðalmanntöl m. a. nauðsynleg til að afla vitneskju um tölu mannfjöldans og skiptingu hans eftir kyni, aldri og stöðum á landinu, o. þ. h. Frá þjóðskránni liggur nú fyrir snemma í janúar á hverju ári fullnægjandi vitneskja um þessi atriði miðað við næstliðinn 1. desember, og eru aðalmanntöl því orðin óþörf til skýrsluöflunar um þau. Að því er varðar aðrar upplýsingar, sem aflað hefur verið með aðalmanntölum, er það að segja, að mikið af þeim er nú fáanlegt með fyrirhafnarminni, fljótvirkari og ódýrari hætti, og að því er snertir atvinnuupplýsingar sérstaklega, opnar fyrirtækjaskrá nýjar leiðir til öflunar þeirra. Í 12. gr. frv. er fjármálaráðherra því heimilað að ákveða, að í stað hefðbundins aðalmanntals árið 1970 megi láta fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14.—15. gr.

Ákvæði þessarar gr. um viðurlög eru í meginatriðum sama efnis og ákvæði 6. og 7. gr. í lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 518. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allsherjarnefndar Ed. skv. beiðni landbúnaðarráðherra. Að lokinni 1. umr. um málið var það fengið nefndinni til athugunar. Haldinn var einn fundur. Ekkert nýtt kom þar fram. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt. Á þá afgreiðslu gat ég undirritaður ekki fallizt af ástæðum, sem greinir hér á eftir:

Frv. um þetta efni hefur tvívegis áður legið fyrir Alþingi og í hvorugt skiptið náð fram vegna ágreinings.

Hinn 16. des. s. l. skipaði landbúnaðarráðherra 5 manna nefnd til að endurskoða frv. um loðdýrarækt, sem borið var fram á þingi 1965—1966.

Nefndina skipuðu: Ásberg Sigurðsson *borgarfógeti, form.*, alþingismennirnir Bragi Sigurjónsson, Jónas Pétursson og Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius menntaskólakennari. Milliþinganefnd þessi tók til starfa 10. jan. s. l. Hélt nokkra fundi. Kvaddi hún nokkra menn til viðtals, sem flestir eða allir höfðu áður verið kvaddir til álitsgjörðar um málið. Engar nýjar upplýsingar sýnast hafa fram komið fram yfir það, sem áður var kunnugt, að öðru leyti en því, að nú fylgir frv., sem breytt hefur verið um örfá atriði, lausleg áætlun um rekstur 1000 læðu minkabús á Íslandi, gerð af Efnahagsstofnun ríkisins í febrúar s. l.

Milliþinganefndin varð ekki samdóma um afgreiðslu máls til landbúnaðarráðherra. Meiri hl., þeir Ásberg Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson og Jónas Pétursson, mælti með framgangi frv., sem hér liggur fyrir, en þeir Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius lögðu til, að milliþinganefndin hefði málið enn til frekari könnunar.

Í álitsgerð minni hl. milliþinganefndarinnar segir m. a., „að (milliþ.-)**nefndin hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið eins og landbúnaðarráðherra lagði fyrir nefndina að gera og því ekkert á því að byggja, sem frá nefndinni kemur á þessu stigi málsins.**“ Ennfremur segir, „að (milliþ.)-nefndin hafi haft of skamman tíma til starfa, til að tóm gæfist til að kynna sér málið hjá erlendum aðilum, **svo nokkuð sé á að byggja.**“ Loks segir í tilvitnaðri álitsgerð: „Að athuguðu máli leggur minni hl. til, að nefndin fái málið til endurskoðunar, byggi afstöðu sína á könnun, en ekki á trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina, og verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar.“

Hér er vægast sagt fast að orði kveðið af hálfu minni hl. milliþinganefndarinnar. Af þessu verður vart annað ráðið en milliþinganefndin hafi alls ekki lokið ætlunarverki sínu. Málinu er eigi að síður dembt inn í þingið á síðustu dögum þess að sinni, væntanlega með það fyrir augum að hespa það af, ef ráð væru til.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið úr álitsgerð minni hl. milliþinganefndarinnar, sýnist annað ekki sæma en að meðferð máls verði lokið þegar hér á Alþingi í þetta sinn og málið tekið til framhaldsmeðferðar af þeirra hálfu, sem falið var að vinna það til hlítar. Yrði þá við komið nauðsynlegri könnun, og upplýsinga, sem nú telst mjög á skorta, aflað, þannig að allir megindrættir mættu verða ljósari og heildarsýn fengist um hið umdeilda mál.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið rakið, vil ég drepa á nokkur atriði til umhugsunar:

1. Hér ríkir geigvænlegur fjármagnsskortur í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna og raunar öllu efnahagskerfinu.
2. Minkarækt er mjög viðkvæm atvinnugrein, áhættusöm og áfallagjörn. Ekkert þykir mega út af bera í fóðrun, hirðingu og kynbótum aliminka. Nánast um vísindagrein að ræða, sem okkur Íslendingum er ókunn sem slík.
3. Ekkert upplýst, hvar eða með hverjum hætti yrði komizt inn á skinnamarkaði, þar sem ríkir hörð samkeppni.
4. Verðsveiflur á þessum markaði æðimiklar, svo háður sem hann er tízku og mikilli kaupgetu. Verðlækkunartímabil hafa orðið nokkur og staðið sum hver allt að tveimur árum. Í Bandaríkjunum varð t. d. mikið verðfall árið 1967.
5. Áætlun Efnahagsstofnunarinnar um rekstur 1000 læðu minkabús hér á landi styðst aðeins við upplýsingar frá einum erlendum aðila, dönskum. Fjármögnun áætluð rösklega 10 millj. Hreinn hagnaður 295 þús. kr. Í niðurstöðu áætlunarinnar segir m. a.: „Miðað við þær upplýsingar og forsendur, sem byggt er á, virðist vænlegt, að gerð sé tilraun til minkaræktar á Íslandi. **En hafa ber í huga,** að sumt í athuguninni er varla nógu ýtarlegt.“ Fyrir efunarmenn eru þessar upplýsingar ekki ýkja sannfærandi um efnahagslegt gildi minkaræktar hér og því síður að þar á sé byggð löggjöf um loðdýrarækt **almennt.**
6. Í Danmörku, Finnlandi og Kanada og jafnvel Svíþjóð er talið, að minkaeldi sé fremur á fallandi fæti.
7. Erlend minkafóðurefni, mjög dýr sum hver, sem flytja þyrfti inn, e. t. v. um 40—50% af heildarverði fóðurs.
8. Loðdýrarækt var stunduð hér um tveggja áratuga skeið og lauk með hinni verstu plágu — villiminknum alræmda. Það er því varla undrunarefni, þó að mörgum Íslendingi sé það fjarri skapi að stofna af nýju til minkaræktar og telji mikils þurfa við, ef að því ráði yrði horfið.
9. Það mun almennt viðurkennt, að minkar sleppi úr haldi meira og minna, hversu vel sem um búr þeirra er búið.

10. Umsagnir og aðvaranir íslenzkra náttúrufræðinga hljóta að hvetja til varfærni og áráttulausrar íhugunar um málið.

Með skírskotun til þess, sem greint hefur verið, og með því að ekki sýnist bráð nauðsyn á endanlegri úrlausn, verður að telja, að enn frekari íhugunar sé þörf í þessu vandmeðfarna og umþráttaða máli.

Því legg ég til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. apríl 1969.

Björn Fr. Björnsson.

Ed. 519. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
2. Aftan við 6. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 8 15. febr. 1964 inn í lög nr. 47 23. júní 1932 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: **Læknalög.**

Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um málefni heyrnardaufra.

Flm.: Jón Skaftason, Auður Auðuns, Magnús Kjartansson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að undirbúa frumvarp til laga um endurhæfingarkerfi heyrnardaufra. Meðal verkefna nefndarinnar er endurskoðun á lögum um heyrnleysingjaskóla, nr. 13 31. marz 1962.

Greinargerð.

Talið er, að 7% landmanna þjáist af heyrnarskemmdum, misjafnlega alvarlegum, og þyrftu læknishjálpar með, og þeir, sem verst eru settir, endurhæfingarmeðferðar.

Íslenzk löggjöf er mjög fátæk að því er tekur til málefna heyrnardaufra, og í framkvæmdinni hefur þessi þáttur hinnar almennu heilsugæzlu orðið útundan.

Það er áríðandi að gera sér ljóst, að heyrnardauft fólk er sjúklingar og að sú meðferð, sem það á að fá, verður að stjórnast af læknum og öðru sérmenntuðu fólki í heyrnarmálefnum.

Á sviði meðferðar heyrnardaufra hefur mikil framför orðið síðustu árin og nýjar kenningar rutt sér til rúms víða um hinn menntaða heim. Íslendingar hafa hins vegar lítið af þeim að segja. Má ekki við svo búið sitja lengur, og ber brýna þörf til þess að koma á fót endurhæfingarskipulagi heyrnardaufra, að fyrirsögn sérfróðra manna, þannig að fjármunum og starfskröftum verði beitt í samræmi við beztu þekkingu á hverjum tíma. Annað ber ekki þann árangur, sem viðunandi er.

Með tillögu þessari er lagt til að skipa nefnd sérfróðra manna, svo sem lækna, tal- og heyrnarfræðinga o. fl., til þess að gera tillögur um heildarskipulag þessara mála. Ættu þær tillögur að leggja grundvöllinn að skynsamlegri löggjöf um þessi efni, sem nú er mikil þörf fyrir.

Tillögumenn leggja til, að meðal verkefna nefndarinnar sé endurskoðun á gildandi lögum um heyrnleysingjaskóla, en samkvæmt þeim er m. a. lögboðið, að senda beri 4 ára gömul börn í heyrnleysingjaskóla. Þar sem nýjustu kenningar um endurhæfingu leggja megináherzlu á, að heyrnardauf börn alist upp í málhvetjandi umhverfi, þ. e. a. s. innan um talandi fólk, en ekki máldeyðandi, er lögð áherzla á, að sérfróðir menn athugi sérstaklega, hvort þetta lagaákvæði sé ekki úrelt og beri að breyta.

Nd. 521. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. gr. laganna orðist svo:

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Skýrslu þessari skal fylgja sundurliðuð skrá um lán þau, sem sjóðurinn hefur veitt á árinu, og einnig sundurliðuð skrá um samanlagðar lánveitingar til einstakra lántakenda. Ársreikninginn og skrárnar um lánveitingarnar skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

3. gr.

Í stað orðanna „300 milljón króna lán“ í 6. gr. laganna komi: 600 milljón króna lán, og í stað orðanna „100 milljón króna lán“ komi: 200 milljón króna lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margar ástæður valda því, að iðnaðurinn hefur búið við sívaxandi lánsfjárskort á undanförnum árum, þrátt fyrir nokkra aukningu iðnlánasjóðs. Vaxandi vélvæðing og hagræðing krefst síaukins fjármagns. Gengisfellingar hafa rýrt eigið fé fyrirtækjanna og aukið stórlega rekstrarkostnað og stofnkostnað. Sparifjárbindingin hefur þrengt möguleika lánastofnana til að mæta aukinni rekstrarlánaþörf iðnaðarins.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka nokkuð starfsfé iðnlánasjóðs. Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkisframlag til sjóðsins verði jafnhátt og iðnaðurinn greiðir sjálfur til sjóðsins. Þetta hefur lengi verið krafa iðnaðarins. Breyting þessi mundi rúmlega tvöfalda ríkisframlagið, sem er nú 10 millj. kr. á ári. Í öðru lagi er lagt til að tvöfalda lántökuheimildir sjóðsins, bæði vegna venjulegra lána og hagræðingarlána. Þetta er óhjákvæmileg breyting vegna gengisfellinganna, sem m. a. hafa tvöfaldað ýmsan stofnkostnað.

Þá er lagt til, að árlega verði birt opinberlega skrá bæði um nýjar lánveitingar sjóðsins og heildarlánveitingar hans til einstakra aðila. Það er mikið vandaverk að ráðstafa fé sjóðsins, og þarf að skapa stjórn sjóðsins sem bezt aðhald um, að gætt sé réttmætrar skiptingar milli iðngreina og að hlutur einstakra fyrirtækja sé ekki dreginn meira en annarra. Sennilega er ekkert aðhald öruggara en það, að árlega sé birt yfirlit um lánveitingar sjóðsins.

Nd. 522. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til laga um greiðslufrest á skuldum vegna heimila.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hlutinn leggur til, að það verði fellt, en 1. minni hluti, Lúðvík Jósefsson, vill samþykkja það óbreytt.

Undirritaðir líta svo á, að eigi sé unnt, af almennum og augljósum ástæðum, að veita svo víðtæka fresti sem gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar teljum við, að svo mjög sé nú sorfið að íslenzkum heimilum, að óhjákvæmilegt sé að veita greiðslufrest á íbúðalánum þeirra, sem ofan á allt annað hafa átt við atvinnuleysi að stríða. Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Hver sá, sem skráður er atvinnulaus í meira en 12 virka daga, á rétt á greiðslufresti á vöxtum og afborgunum af veðlánum, sem stofnað hefur verið til vegna kaupa, byggingar eða endurbóta á eigin íbúð. Getur hann krafizt þess, að slíkur frestur sé veittur, þar til sex mánuðir eru liðnir frá því að nafn hans var fellt út af atvinnuleysingjaskrá.
2. 2. gr. falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.
3. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um greiðslufrest á íbúðalánum atvinnulausra.

Alþingi, 18. apríl 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 523. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Stefán Valgeirsson. Vilhjálmur Hjálmarsson. Benedikt Gröndal.

Sþ. **524. Nefndarálit** [18. mál]

um till. til þál um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og hefur meiri hlutinn lagt til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Minni hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Íslenzkur iðnaður hefur að undanförnu átt í vök að verjast, og verður það að teljast svo brýn nauðsyn að koma honum strax til hjálpar, að ekki er ástæða til að bíða með það eftir almennri endurskoðun tollamála, sem yfir stendur og meiri hluti nefndarinnar vísar til.

Þessu til enn frekari stuðnings vísast til umsagna frá Félagi íslenzkra iðnrekenda og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem prentaðar eru sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Alþingi, 22. apríl 1969.

Jónas Jónsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 28. nóvember 1968.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 4. nóvember 1968, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins. Eins og tekið er fram í bréfi yðar, sendum vér yður umsögn um hliðstæða tillögu til þingsályktunar, sem kom fram á síðasta þingi.

Stjórn Félag íslenzkra iðnrekenda hefur rætt tillögu þessa að nýju og mælir með samþykkt hennar. Vísar stjórnin að öðru leyti til umsagnar í bréfi, dags. 29. febrúar 1968.

Virðingarfyllst,

Félag íslenzkra iðnrekenda,

Þorvarður Alfonsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,

Alþingi, Reykjavík.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 29. febrúar 1968.

Vér höfum móttekið bréf allsherjarnefndar, dags. 14. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda hefur rætt tillögu þessa og mælir með samþykkt hennar. Vísast í því sambandi einnig til samþykkta aðalfunda félagsins á undanförnum árum.

Á því skal þó vakin athygli, að hvorki í sjálfri þingsályktunartillögunni né í þeirri greinargerð, sem henni fylgir, er minnzt á það vandamál, sem slíkri endur-

skoðun er samfara, vegna þess að hráefni eins fyrirtækis er oft fullunnin vara annars. Teljum vér þýðingarmikið, að slíkt yrði haft í huga, ef til þeirrar endurskoðunar kæmi, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Þorvarður Alfonsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 18. marz 1968.

Í bréfi, dags. 14. febrúar s. l., óskið þér eftir umsögn vorri varðandi tillögu til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Vér viljum tjá yður, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna leggur áherzlu á, að tollar á efni og vélum til fiskiðnaðarins verði afnumdir. Mundi það með öðru styrkja samkeppnisaðstöðu þessarar greinar útflutningsframleiðslunnar.

Virðingarfyllst,
SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA,
Guðmundur H. Garðarsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Nd. 525. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til laga um olíuverzlun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Það orkar varla tvímælis, að dreifingarkerfi þriggja olíufélaga, eða þrefalt olíudreifingarkerfi um land allt, er þjóðinni óhagkvæmt bæði í stofnkostnaði og rekstri. Gengur það skipulag í berhögg við nútíma hugmyndir um hagræðingu og sameiningu minni rekstrareininga.

Þessa óhagstæðu þróun olíudreifingarinnar um áratugaskeið ber að harma, ekki aðeins vegna þess, að hér er um að ræða stærsta kostnaðarliðinn í innflutningi þjóðarinnar, heldur einnig vegna þess, að dreifing þessarar vörutegundar er sérlega hagkvæm á hendi eins aðila. Hér kemur margt til, stærri og hagstæðari birgðageymslur um land allt og flutningakerfi, sem miðað er við þarfir þeirra birgðageymslna og hagsmuni neytenda, bæði einstaklinga og atvinnulífs.

Alþýðuflokkurinn hefur frá öndverðu barizt fyrir einkasölu ríkisins á olíu og er því eindregið fylgjandi þeirri stefnu, sem í frv. felst.

Augljóst er, að langan tíma tekur að ráða bót á þeim skipulagsgöllum, sem orðnir eru á olíudreifingarkerfinu, og það mun kosta mikið fé. Líklegt er, að í fyrstu yrði

að reka mikinn hluta hins þrefalda dreifingarkerfis, þó að einn aðili tæki við rekstri þess. Frv. gerir ráð fyrir, að taka þurfi dreifingarkerfið eignar- eða leignámi og þá að sjálfsögðu á matsverði dómkvaddra matsmanna. Erfitt er að gera sér grein fyrir, hverjum kostum ríkið yrði að sæta, án þess að fram færi sérfræðileg athugun og gerð verði áætlun um yfirtöku og rekstur þess dreifingarkerfis, sem nauðsynlegt er. Tryggja verður, að verðbólgugróði olíufélaganna af þessum eignum leiði ekki til hækkunar á olíuverði.

Þingmannsfrv. það, sem hér liggur fyrir, er eðlilega ekki undirbúið sem skyldi í jafnflóknu og viðurhlutamiklu máli og hér er um að ræða, enda má skilja á greinargerð þeirri, sem málinu fylgir, að það sé fyrst og fremst flutt til liðskönnunar um þá stefnu, sem í frv. felst, og er undirritaður minni hl. fjárhagsnefndar þeirri stefnu fylgjandi.

Þar sem kunnugt er, að viðskiptamálaráðuneytið hefur haft olíudreifingarmálin til nánari athugunar og frv. þetta er ekki undirbúið sem skyldi, er hér með lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að fram fari nauðsynlegur undirbúningur undir flutning þess, svo að tryggt verði, að það nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt, að gera olíudreifinguna ódýrari en nú er.

Alþingi, 21. apríl 1969.

Sigurður Ingimundarson.

Sþ. 526. Nefndarálit [151. mál]

um till. til þál. um rannsókn á loðnugöngum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur rætt þingsályktunartillögu þessa og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 22. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.
Jónas Pétursson, fundaskr.
Matthías Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Jónas Jónsson.
Geir Gunnarsson.

Nd. 527. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

Chistoffersen, Richard Örn Johnsen, nemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 15. júní 1946.

Ed. **528. Lög** [10. mál]

um Handritastofnun Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 321.

Ed. **529. Lög** [3. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 434.

Nd. **530. Breytingartillaga** [117. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá Benedikt Gröndal.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **531. Lög** [153. mál]

um eftirlaun forseta Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 284.

Nd. **532. Þingsályktun** [158. mál]

um aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera könnun á því, hvað fyrirhugað er að senda mörg fiskiskip til veiða við Grænland á komandi vori og sumri. Jafnframt fari fram athugun á því, hvað nauðsynlegt er að gera til þess að greiða fjárhagslega fyrir þessari útgerð, veita henni aðstoð með læknisþjónustu, viðgerðarþjónustu, birgðaflutninga og upplýsingar um veður og hreyfingu hafíss.

Ed. **533. Frumvarp til laga** [104. mál]

um tollheimtu og tolleftirlit.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 133 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík.
2. Akranes.
3. Ísafjörður.
4. Siglufjörður.
5. Akureyri.
6. Húsavík.
7. Seyðisfjörður.
8. Neskaupstaður.
9. Eskifjörður.
10. Vestmannaeyjar.
11. Keflavík.
12. Keflavíkurflugvöllur.
13. Hafnarfjörður.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes.
2. Ólafsvík.
3. Stykkishólmur.
4. Patreksfjörður.
5. Þingeyri.
6. Flateyri.
7. Suðureyri.
8. Bolungarvík.
9. Hólmavík.
10. Hvammstangi.
11. Blönduós.
12. Sauðárkrókur.
13. Ólafsfjörður.
14. Raufarhöfn.
15. Vopnafjörður.
16. Reyðarfjörður.
17. Fáskrúðsfjörður.
18. Djúpivogur.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Þorlákshöfn.

Þegar sérstaklega stendur á, geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni, að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni, og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tollgæzlustjóra og viðkomandi tollstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra, falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

10. gr. hljóðar svo:

Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum, þar sem ótollafgreiddar vör-

ur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar, meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing mundu ekki koma að haldi.

Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er tollgæzlumönnum að nota önnur innsigli við innsiglun í fari, nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenzkra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

17. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur, þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlur sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

18. gr. hljóðar svo:

Tollyfirvald getur krafið hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafið kaupsýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar

vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

19. gr. hljóðar svo:

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. málsgr. 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

Íslenzk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki, fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld, hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land, þar til tollafgreiðslu er lokið.

32. gr. hljóðar svo:

Skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda, ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæzlunni um það með hæfilegum fyrirvara.

Tollgæzlan gefur fari tollvegabréf til útlanda í fyrirskipuðu formi, þegar stjórnandi farsins hefur fullnægt öllum skyldum, sem honum ber að rækja, áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti, og ber að senda tollgæzlustjóra annað eintakið, svo fljótt sem unnt er, ásamt innsiglisskrá farsins og innanlands tollvegabréfi þess.

34. gr. hljóðar svo:

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum skv. ákvæðum þessa kafla, ber þeim að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.

52. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47 frá 1960, og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, 1½% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga, sbr. 50. gr., dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja.

Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

53. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

56. gr. hljóðar svo:

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðrýrnun, sem orðið hefur á vörunni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda, og hann getur ekki talizt eiga sök á skemmdum.

57. gr. hljóðar svo:

Heimilt er, samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð:

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu.
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundizt að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður samkvæmt 1. mgr. 52. gr., frá því hún var flutt hingað til lands, enda sé þá sett full fjártrygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda.
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan sex mánaða frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna, enda nemi aðflutningsgjöld ekki lægri upphæð en 5000 krónum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

76. gr. hljóðar svo:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 10 000.00, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 50 000.00.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna, áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu skv. gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið, enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.

Ed. 534. Frumvarp til laga [5. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Else, húsmóðir á Akureyri, fædd í Kanada 20. ágúst 1914.
2. Andersen, Steffen Magnus, járnsmiður á Álafossi, fæddur í Danmörku 20. október 1937.
3. Andersson, Sven Bertil Herder, fulltrúi á rannsóknarstofu í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 23. nóvember 1933.
4. Andreasen, Gudrun Viola, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 19. nóvember 1935.
5. Angelo, Greta Laila, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Noregi 30. janúar 1945.
6. Awad, Ahmed Hafez, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Egyptalandi 26. febrúar 1942.
7. Christensen, Helge Sigurd, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 10. júlí 1934.
8. Christoffersen, Richard Örn Johnsen, nemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 15. júní 1946.
9. Colding, Konny Mitsi, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 1. júlí 1937.
10. Dam, Thorlak, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 24. febrúar 1930.
11. Framme, Gisela Ella Flora, húsmóðir á Hríshóli í Reykhólasveit, fædd í Þýzkalandi 3. apríl 1934.
12. Gaard-Jensen, Karen Margrethe, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 28. maí 1916.
13. Hallfríður Helga Dagbjartsdóttir, húsmóðir í Syðstu-Mörk, Vestur-Eyjafjallahreppi, fædd á Íslandi 8. september 1930.
14. Harbo, Jörgen, sjómaður á Dalvík, fæddur í Danmörku 14. janúar 1944.
15. Holm, Anelise Helga, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 4. september 1934.
16. Holmer, Jonna, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 26. júní 1937.
17. Höjgård, Elly Susanna Samuelsdóttir, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 20. nóvember 1926.
18. Jakob Úlfarsson, læknanemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 25. júní 1943.
19. Jelle, Aase Kathrine Poulsen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 23. marz 1934.
20. Jensen, Celinda Elisabeth, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 3. október 1946.

21. Jensen, Doren Hjörmunda, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 29. júní 1944.
22. Joensen, Heinz Peter, blikksmiður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku 1. janúar 1943.
23. Johannesen, Anna Malena Salomina Leo, húsmóðir í Sandgerði, fædd í Færeyjum 6. september 1911.
24. Kluck, Jón Michael, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur á Íslandi 11. janúar 1950.
25. Kutscher, Rolf Kurt Ernst, verzlunarmaður á Ísafirði, fæddur í Þýzkalandi 27. marz 1943.
26. Lambaa, Angelika Sofie Malene, ráðskona á Akranesi, fædd í Færeyjum 6. nóvember 1899.
27. Larsen, Hanne Oda Ann, flugfreyja í Reykjavík, fædd í Danmörku 12. desember 1941.
28. Larsen, Max Helmer, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 24. ágúst 1943.
29. Ludvig, Sonja Friborg, húsmóðir í Súðavík, fædd í Færeyjum 9. september 1932.
30. Lukesova, Antonie, ekkja í Reykjavík, fædd í Tékkóslóvakíu 22. nóvember 1896.
31. Mann, Hans, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 18. september 1913.
32. Mitchell, Michael Bruce Mackinnon, verkamaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Englandi 18. desember 1942.
33. Möller, Renate Hedwig Erika, húsmóðir að Helgafelli í Mosfellssveit, fædd í Þýzkalandi 23. júlí 1936.
34. Mörköre, Henry Christian, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 27. september 1939.
35. Müller, Einar, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1942.
36. Newman, Gerald Davis, verkamaður í Höfnum, fæddur á Íslandi 15. september 1951.
37. Nirk, Sibilla, tannlæknir í Reykjavík, fædd í Lettlandi 27. janúar 1938. Fær réttinn 27. maí 1969.
38. Otto, Annelene Irma, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. nóvember 1935.
39. Petersen, Birgit Vini Borg, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 1. nóvember 1938.
40. Petersen, Jensa Kitty, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Færeyjum 26. júní 1935.
41. Pilipienko, Tamara, húsmóðir á Akureyri, fædd í Póllandi 7. maí 1917.
42. Poulsen, Sjurður Johan Joen-Henriksson, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Færeyjum 28. marz 1946. Fær réttinn 8. júní 1969.
43. Rinne, Antti Ensio, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Finnlandi 28. maí 1933.
44. Sobh-Khiz, Manutcher, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Íran 30. júlí 1946.
45. De Sousa, Carlos Alberto Felizardo, verkamaður í Hafnarfirði, fæddur í Portúgal 1. maí 1944. Fær réttinn 1. okt. 1969.
46. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, fædd í Þýzkalandi 6. marz 1932.
47. Svendsen, Ole Bernhard Palmqvist, verkamaður í Vogum, fæddur í Danmörku 31. júlí 1950.
48. Toftum, Edith Maria, húsmóðir í Keflavík, fædd í Færeyjum 9. maí 1942.
49. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Austurríki 17. nóvember 1932.
50. Witkowska, Elzbieta, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 2. október 1931.
51. Woods, Rodney William, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.
52. Woods, Russel Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 26. júlí 1911.
53. Woods, Russel Eugene, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 535. Lög [179. mál]

um breyting á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febrúar 1953.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 352.

Nd. 536. Lög [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 353.

Nd. 537. Lög [165. mál]

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 322.

Ed. 538. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um athugun á hafnargerð við Þjórsárós.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í ósi Þjórsár, og þá jafnframt hverja breytingu það mundi hafa í för með sér með tilliti til hafnargerðar, ef Hvítá í Árnessýslu yrði veitt í Þjórsá, eins og komið hefur til mála í sambandi við frekari orkuvirkjanir á vatnasvæði þessara fljóta.

Greinargerð.

Suðurströnd Íslands er sem kunnugt er erfið til hafnargerðar, enda er þar fátt hafna og smáar þær sem eru. Engin höfn er til miðsvæðis fyrir Suðurlandsundirlendinu. Þetta hefur frá öndverðu háð þessum landsfjórðungi, sem í flestum öðrum efnum býður fram það, sem búsældarlegast er hérlendis.

Á ýmsum tímum hafa menn fundið til þess, hve hafnvana suðurströndin er, og reynt að bæta þar úr. Stokkseyri, Eyrarbakki og Þorlákshöfn eru talandi dæmi um þetta. Alþingi hefur líka, auk þess að styðja hafnargerðirnar eða lendingarbæturnar á þessum stöðum, gert samþykktir til áskorunar á ríkisstjórnina um rannsóknir á hafnarmannvirkjagerð í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu.

Ekki liggur það fyrir nema fremur óljóst, hvað rannsóknir á þeim stöðum hafa leitt í ljós. En varla hefur það verið mjög jákvætt, svo fátt sem af því hefur heyrzt.

Með tilliti til þess, að einhver auðugustu fiskimið, sem þekkt eru á jarðkúlunni, liggja fyrir suðurströndinni, svo og hins, að inn- og útflutningur Sunnlendingafjórðungs verður miklum mun dýrari, þyngri í vöfum og á allan hátt erfiðari vegna þess, hve góðar og fullkomnar hafnir eru fjarlægar, er augljóst, að til mikils væri að vinna, ef fundinn yrði möguleiki til að byggja fullkomna og stóra verzlunar- og fiskihöfn miðsvæðis á suðurströnd Íslands.

Ekki er kunnugt, að nokkru sinni hafi farið fram rannsókn á Þjórsárósnum með tilliti til hafnargerðar þar. Sjálfsagt hafa menn talið víst, að Þjórsárhraunið svonefnda væri svo samtengt ánni og árnynninu, að þar mundi vonlaust að fá nauðsynlegt dýpi til hafnargerðar. En þegar nánar er svipazt um, virðist þessu hreint ekki vera þannig farið. Þvert á móti er líklegast, að fremsti hluti árinnar og ósinn liggi austan við hraunbrúnina með miklu dýpi niður á fast.

Alkunnugt er, að margar af stærstu borgum heims liggja við hafnir í árósum. Hérlendis hafa hafnargerðirnar ekki orðið með þeim hætti, og kunna til þess að liggja margar orsakir. Ein hin líklegasta er að sjálfsögðu sú, að fátt er hér stórra eða verulega vatnsmikilla fljóta.

Ef af því yrði, að saman yrði veitt tveim stærstu ám landsins og þær báðar látnar falla til sjávar í farvegi Þjórsár, skapast hér alveg nýjar aðstæður, og væri með öllu fráleitt að rannsaka ekki gaumgæfilega þann möguleika, sem þá kynni að skapast á jafnákjósanlegu hafnarstæði og Þjórsárósinn er.

Ed. 539. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta gaumgæfilega og m. a. leitað álits nokkurra aðila um efni þess. Hafa svör borizt frá Atvinnumálanefnd Reykjavíkur, dags. 2. þ. m., stjórn Fiskifélags Íslands, dags. 25. f. m., og Hafrannsóknastofnuninni, dags. 8. þ. m. — Leggjast allir þessir aðilar gegn frv., en þó í mislöngu máli.

Atvinnumálanefnd leggur mest upp úr þeirri úrlausn, sem dragnótaveiðar veiti í atvinnumálum borgarinnar, einkum þó um sumaratvinnu skólafólks. Hér virðist meiri hl. nefndarinnar allt of langt gengið, þar sem atvinnuvegur þessi má nú heita sjálfdauður við Faxaflóa, sbr. það, sem hér á eftir segir.

Stjórn Fiskifélags Íslands leggst á móti frv., þótt hún sé hlynnt endurskoðun laganna, sbr. samþykktir Fiskiþings í dagnótamálum. Viðurkennir þó, að „menn telji svonefndu vísindalegu eftirliti áfátt. Réttara sé að bæta eftirlitið.“ Þar vill meiri hl. nefndarinnar aðeins bæta við, að of seint er að bæta eftirlitið, þegar hver fiskur er drepinn á grunnmiðum Faxaflóa.

Umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er langýtarlegust. Er þar, eins og vænta mátti, margt fróðlegt, en niðurstaðan er sú, að Hafrannsóknastofnunin getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Umsagnirnar þrjár, sem að framan getur, eru prentaðar sem fylgiskjöl með þessu nál.

Nú ætlar meiri hl. sjávarútvegsnefndar sér ekki þá dul að etja kappi við fiskifræðinga um almenn fræðileg atriði. Hitt sér nefndarhlutinn ekki, að hinar fram komnu umsagnir hafi á neinn hátt haggað þeirri staðreynd, að dragnótin hefur reynzt aflasælt veiðarfæri örfá fyrstu árin, eftir að farið er að nota hana á hentugum miðum, eða notkun hennar er hafin aftur eftir langa hvíld. Síðan hrakar aflanum með ári hverju, unz nærri liggur, að um ördeyðu sé að ræða, eins og var á dragnótaveiðunum í Faxaflóa í fyrrasumar, sbr. tölur þær, sem 1. flm. benti á við 1. umr. málsins.

Meiri hl. nefndarinnar telur það því réttmætt að banna með öllu dragnótaveiðar í Faxaflóa. Einn nefndarmanna (JÁH) getur ekki fallizt á þessi sjónarmið og skilar séráliti.

Meiri hl. telur rétt að skilgreina í væntanlegum lögum, við hvað sé átt með orðinu Faxaflóa, og leggur því til, að frv. sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist: (en með því er átt við svæðið innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 4 mílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

Alþingi, 23. apríl 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árnason.	Ólafur Jóhannesson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Sveinn Guðmundsson.	Gils Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 2. apríl 1969.

Sjávarútvegsmálanefnd efri deildar Alþingis,
hr. alþingismaður Pétur Benediktsson,
Reykjavík.

Á fundi Atvinnumálanefndar Reykjavíkur 28. f. m. var rætt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiði, sbr. þingskjal nr. 236.

Í ljósi þess atvinnuástands, sem ríkt hefur í borginni í vetur, svo og fyrirsjáanlegra atvinnuörðugleika skólafólks í sumar, þá vill nefndin benda á, að það gæti haft alvarleg áhrif á atvinnulíf í borginni í sumar, ef frumvarpið yrði að lögum, enda hefur verulegur hluti þess hráefnis, sem frystihúsin í borginni vinna yfir sumartímann, verið frá bátum, sem stunda dragnótaveiðar. Sem dæmi má nefna, að í frystihúsi Ísbjarnarins hf. hefur ⅓ hluti hráefnis undanfarin sumur verið frá dragnótabátum.

Það er álit nefndarinnar, að hafi fiskiðjuverin í borginni nægilegt hráefni yfir sumarmánuðina, þá hafi skólafólk að öðru jöfnu betri atvinnumöguleika í sumarleyfum.

Atvinnumálanefnd Reykjavíkur vill því koma þeim eindregnu tilmælum á framfæri við háttvirt Alþingi, að frumvarp þetta verði ekki að lögum nú.

Virðingarfyllst,

f. h. Atvinnumálanefndar Reykjavíkur,

Sigfinnur Sigurðsson,
ritari.

Fylgiskjal II.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS
Reykjavík.

Reykjavík, 25. marz 1969.

Stjórn Fiskifélagsins vísar til bréfs yðar, dags. 12. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar félagsins um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Stjórn félagsins fjallaði um málið á tveimur fundum og samþykkti að leggjast gegn umræddri breytingu á lögunum, enda þótt hún sé hlynnt endurskoðun þeirra, sbr. samþykktir Fiskiþings í dragnótamálum.

Telur stjórn Fiskifélagsins óæskilegt að breyta lögunum í þá átt að þrengja heimild ráðherra til að ákveða veiðisvæði. Telur stjórnin, að nægilegt öryggi eigi að felast í ákvæðum 1. gr. núgildandi laga um rétt hinna ýmsu aðila til umsagnar hverju sinni og í ákvæðum um vísindalegt eftirlit.

Er stjórnin þeirrar skoðunar, að það séu ekki nægileg rök til þýðingarmikilla lagabreytinga, þótt menn telji svonefndu vísindalegu eftirliti áfátt. Réttara sé að bæta eftirlitið.

Virðingarfyllst,

Már Elísson.

Alþingi
Sjávarútvegsnefnd efri deildar.

Fylgiskjal III.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Reykjavík, 8. apríl 1969.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Með tilvísun í bréf nefndarinnar, dags. 12. marz s. l., varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til veiða í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, vill Hafrannsóknastofnunin taka fram eftirfarandi:

Stofnunin hefur margsinnis lýst yfir þeirri skoðun, að hún telji veiðar með botnvörpu og dragnót ekki hættulegri fiskstofninum en með öðrum þeim veiðarfærum, sem í notkun eru á Íslandsmiðum. Það hefur verið sannað, svo að ekki verður um villzt, að mjög náið samhengi er á milli möskvastærðar og stærðar þess fisks, sem aflast, og af þeim sökum hefur stöðugt verið unnið að því að stækka möskvann, og er nú svo komið, að hann er 130 mm (miðað við manilla) fyrir botnvörpu, en 100 mm fyrir dragnót. Það er samróma álit fiskifræðinga þeirra þjóða, er mesta reynslu hafa af veiði með dragnót, að hún hlífi smáfiski betur en botnvarpan, og af þeim sökum er talið, að möskvinn í dragnót megi vera um 10% minni en í botnvörpu.

Á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina voru ekki í gildi nein ákvæði um lágmarksmöskvastærð hér við land, og mun ekki langt frá sanni að áætla, að hún hafi verið 70—80 m/m. Sé reiknað með 80 m/m möskvastærð, þá slapp ekki úr vörpunni nein ýsa yfir 27 cm og enginn þorskur yfir 26 cm. Með núverandi möskvastærð (130 m/m) sleppa svo til allar ýsur undir 44 cm og þorskar undir 42 cm.

Hér hefur því orðið á mikil breyting, enda er nú svo komið, að yfirleitt er lítill munur á lengdardreifingu þess fisks, sem aflast á línu, í botnvörpu eða dragnót, þar sem þessi veiðarfæri eru notuð samtímis, og skal hér nefnt dæmi frá mælingum á þorski úr einstökum veiðarfærum frá Skjálfandaflóa sumarið 1968. V/s Hafþór var þarna við togtilraunir í júlí og gerði ýtarlegar mælingar á þorski veiddum í botnvörpu með möskvastærð um 120 m/m (gerviefni), en það jafngildir 130 m/m möskvastærð í poka úr manilla. Meðallengd þorsks í veiði „Hafþórs" var 59.1 cm, og af þeim 1828 fiskum, sem mældir voru, voru aðeins 4 undir 40 cm. Sýnishorn af nótafiski var tekið á líku svæði, en þó mun grynnra, 18. júlí, og var meðalstærðin 61.4 cm. Í sýnishorni úr afla b.v. Kaldbaks frá Skagagrunni síðast í júní var meðallengdin 62.4 cm. Í sýnishorni úr afla línubáts frá Skjálfanda 4. október var meðallengdin 61.4 cm, en meðallengdin í afla dragnótarbáts daginn eftir frá þessu svæði var 60.2 cm. Þessi dæmi eru valin af handahófi, en þau sýna, svo að ekki verður um villzt, að þessi veiðarfæri virðast öll taka sama fiskinn. Allar eru þessar mælingar gerðar af reyndum mælingamönnum í þjónustu Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég tel nauðsynlegt að benda á, að oft eru á lofti sögusagnir um óhemjumagn smáfisks, sem á að veiðast í botnvörpu eða dragnót, gagnstætt því, sem veiðist í önnur „óskaðleg" veiðarfæri. Hér er því miður oftast nær um að ræða þann mannlega breyskleika, að menn sjá það, sem þeir vilja sjá. Andstæðingar botnvörpu- og dragnótaveiða halda því oft fram, að mælingar, sem gerðar eru í landi, gefi alls ekki rétta mynd af hinum raunverulega afla skipsins, því að öllu smælkinu hafi verið hent fyrir borð. Það er svo til óvinnandi að hafa eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, og mundu þau þá ekki forðast smáfiskinn þann tíma, er eftirlitið fer fram, ef skipstjórinn hefði ekki hreina samvizku?

Hafrannsóknastofnunin hefur framkvæmt rannsóknir sínar á þann hátt að toga á sömu svæðum og botnvörpu- og dragnótarbátarnir og með þeirri möskvastærð, sem leyfileg er, en oft með tvöfaldan poka, þar sem sá ytri tekur við öllum smáfiski, sem sleppur úr þeim innri. Síðan berum við saman okkar mælingar við þær mælingar, sem gerðar eru í landi á afla bátanna, og er samræmið yfirleitt það gott, að við höfum ekki ástæðu til þess að ætla annað en að mælingarnar í landi gefi mynd, sem í öllum aðalatriðum er rétt. Það er þó vitað, að mjög mikið aflamagn dregur úr hinni s. k. kjörhæfni möskvans, þ. e. minna sleppur út af smáfiski en eðlilegt er, og ekki þarf að taka hér fram, að allar reglur um möskvastærð standa og falla með samvinnu við sjálfa sjómennina.

Hér skulu nefnd nokkur dæmi um þær mælingar á möskvastærð í pokum hjá botnvörpum, dragnótum og humarvörpum, sem gerðar voru á vegum Landhelgisgæzlunnar og Fiskifélags Íslands árið 1968: Mældar voru vörpur í 41 togbát undir 200 rúmlestum, og af þeim voru tveir með greinilega of litla möskva, en hinir voru allir mjög nálægt leyfilegri möskvastærð, aðeins undir eða aðeins yfir væri reiknað út meðaltal. Tveir bátar voru með tvöfaldan poka, en slíkt er óleyfilegt. Samkvæmt alþjóðasamningi er leyfilegt að hafa hlífðarnet ofan á poka til varnar sliti við upphífingu, en sé net þetta ekki fest á réttan hátt, getur það dregið mjög úr áhrifum möskvastærðarinnar. Nú eru pokar í vörpum hins vegar orðnir það sterkir, að óþarfi ætti að vera að nota þessi net, enda höfðu þau aðeins 7 bátar af þeim 39, sem að öðru leyti höfðu löglegan útbúnað.

Mældar voru vörpur hjá fimm dragnótarbátum, og höfðu þeir allir stærri möskva en krafizt er.

Ekki eru til lögbundin ákvæði um möskvastærð í humarvörpum, en af þeim 41 báti, sem athugaðir voru, var möskvastærðin yfirleitt 70—80 m/m.

Mældar voru vörpur í 11 íslenzkum togurum, og var möskvastærð mjög nálægt því, sem krafizt er. Einn þeirra hafði þó óleyfilegan tvöfaldan poka. Fjórir höfðu ekki hlífðarpoka að ofan.

Af því, sem hér hefur verið nefnt, virðist möskvastærð hjá hinum einstöku veiðarfærum vera í nokkuð góðu samræmi við gildandi ákvæði, en þó eru víða uppi

raddir um, að þau hafi verið sniðgengin með ýmsu móti: talað er um, að pokar hafi verið klæddir innan með fínna neti og að humarvarpa hafi verið notuð til þess að veiða verndaðar tegundir, svo sem ýsu. Hér er um að ræða sárgrætilegar undantekningar þeirra manna, sem ekki fara að lögum. Þessir menn eru ekki einungis að drepa smáfiskinn og þar með að eyðileggja sína eigin framtíð, heldur koma þeir óorði á veiðarfæri, sem óskaðlegt er fyrir smáfiskinn, sé því beitt á réttan hátt, og þeir koma óorði á alla aðra sjómenn, sem fara að lögum í þessu efni. Hafrannsóknastofnunin telur, að svipta eigi þá menn veiðileyfi, sem þannig misnota það traust, sem þeim er sýnt.

Af því, sem að ofan greinir, er ljóst, að enginn verulegur munur er á lengdardreifingu fisks, sem fæst í hin einstöku veiðarfæri á Íslandsmiðum, hvort sem er fyrir innan landhelgi eða utan. Hafrannsóknastofnunin telur því, að hér sé ekki um að ræða fiskifræðilegt vandamál, heldur öllu frekar fjárhagslegt og þjóðfélagslegt: hagkvæmni sjálfra veiðanna svo og skiptingu veiðisvæðanna á milli þeirra, sem eiga hlut að máli.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir, að dragnótaveiðar verði sérstaklega bannaðar í Faxaflóa, m. a. vegna þess, að Faxaflói sé ein þýðingarmesta fiskuppeldisstöð við strendur Íslands.

Það er víst, að Faxaflói er þýðingarmikið uppeldissvæði fyrir ýmsa nytjafiska, eins og skýrt kemur fram í skýrslu hinnar s. k. Faxaflóanefndar, er á sínum tíma lagði til, að flóanum yrði lokað í nokkur ár fyrir botnvörpuveiðum í tilraunaskyni. Rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið s. l. 20 ár, hafa sýnt, að víðar eru þýðingarmiklar uppeldisstöðvar við Ísland en í Faxaflóa og að vaxtarhraði ýmissa tegunda, t. d. ýsu, er sums staðar allmiklu meiri en í flóanum. Ef litið er á þorskstofninn íslenzka í heild, vex sáralítið af honum upp í Faxaflóa, heldur eru meginuppeldissvæði hans í kalda sjónum fyrir Norður- og Norðausturlandi.

Það má segja, að fyrstu raunhæfu hugmyndir okkar Íslendinga um frekari vernd fiskstofnanna við Ísland hafi komið fram með tillögunni um lokun Faxaflóa árið 1937, en eins og vitað er, tóku þessi mál aðra stefnu er Bretar neituðu að vera með í að loka flóanum árið 1948, og sú friðun, er síðan hefur fengizt, er margföld á við það, sem lokun Faxaflóa hefði ein gefið.

Það, sem raunverulega skiptir máli í sambandi við afkastagetu og nýtingu stofnsins, er sóknin og hugsanleg áhrif hennar á stærð stofnsins og möguleika til eðlilegrar endurnýjunar.

Til eru upplýsingar um heildarsóknina í íslenzka þorskstofninn síðan árið 1924, og má segja, að í stórum dráttum haldist sókn og heildarafli í hendur. Undantekning frá þessu var þó tímabilið 1956—1964, en þá tvöfaldaðist sóknin, en aflinn féll að sama skapi. Síðan 1964 hefur heildarsóknin hins vegar lækkað allverulega, hún var 824 einingar það ár, en var komin niður í 592 einingar árið 1966, en það er seinasta árið, þar sem vitað er um heildarsóknina, og er það að mestu leyti að þakka minnkandi sókn brezkra togara við Ísland. Samkvæmt brezkum heimildum lækkaði sókn brezkra togara á Íslandsmiðum um 25% á árunum 1964—1967. Er ekki vafamál, að þetta hefur komið okkar skipum til góða.

Í alþjóðlegri úttekt, sem gerð var á fiskstofnunum við Ísland fyrir árin 1960—64, kom m. a. fram, að dánartalan í veiði brezkra togara á smáþorski við Ísland var um 60% á ári. Frekari athuganir á þessu atriði leiddu hins vegar í ljós, að hlutfallið á milli hins óþroska og kynþroska hluta stofnsins var of hagstætt, til þess að dánartalan gæti verið svona há, og eru hugsanlegar tvær skýringar á þessu: annaðhvort er hinn óþroska hluti stofnsins mun stærri en brezka veiðin gefur til kynna eða þá að hrygningarstofninn er minni en hann sýnist vera vegna meiri gangna þorsks frá Grænlandi til íslenzku hrygningarstöðvanna en áður hefur verið álitið. Eru nú í gangi víðtækar alþjóðarannsóknir til þess að varpa frekara ljósi á þetta mál. Á þessu stigi er erfitt að segja, hvor skýringin muni reynast rétt.

Það er alkunn staðreynd, að miklar sveiflur eru í stærð árganganna hjá hinum

einstöku stofnum nytjafiska hér við land, og á það ekki sízt við um þorskinn. Nú virðist vera í uppsiglingu góður þorskárgangur, fæddur árið 1964, og hefur hann verið meginuppistaðan í veiðinni í kalda sjónum að undanförnu. Þessi árgangur mun hafa mikil áhrif á veiðina í kalda sjónum næstu 2 árin, en ef að líkum lætur má búast við, að hans fari að gæta í vertíðaraflanum í heita sjónum árið 1971.

Ef litið er á, hvernig heildarsóknin á Íslandsmiðum skiptist á þorskstofninn, þá kemur í ljós, að Íslendingar taka langmest af hinum kynþroska hluta stofnsins, en útlendingar (aðallega Bretar) sækja mest í smáfiskinn (þ. e. fisk undir 70 cm). Á tímabilinu 1960—64 er áætlað, að frá Íslandsmiðum hafi borizt á land rúmlega 271 milljón þorskar undir 70 cm, en af því öfluðu Íslendingar 50 milljónir eða tæplega 19% af heildarfjöldanum. Það er engin goðgá að veiða þorsk, sem orðinn er 50—70 cm langur, ef hægt er að nýta hann á skynsamlegan hátt. Það er misskilningur að ætla, að öll veiði smáfisks sé hættuleg. Það er ekki ástæða til þess, að allur smáfiskur nái því að verða kynþroska, en nauðsynlegt að grisja stofninn alveg á sama hátt og nytjaskóg. Vitaskuld ber að tryggja, að hrygningarstofninn sé ætíð nægjanlega stór til þess að sjá fyrir eðlilegri viðkomu, en þó eru margir fiskifræðingar, sem halda því fram, að stærð hrygningarstofnsins ráði engu um útkomuna á klakinu, og hingað til hefur gengið erfiðlega að sanna hér nokkurt samhengi. Ég er þó á þeirri skoðun, að hættulegt sé, að hrygningarstofninn fari niður fyrir ákveðin mörk. Hins vegar er það okkur í hag að tryggja stærð þessa stofns, þar sem við höfum mestu möguleika á að nýta hann, vegna þess, að verulegur hluti hrygningarsvæðanna er nú kominn innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Við megum á hinn bóginn ekki byggja okkar fiskveiðipólitík á því eingöngu að ala upp vertíðarfisk, sem helzt ekki má snerta, fyrr en hann kemur til hrygningar, og þá frekast með öngli. Við verðum að kosta kapps að nýta allan hinn veiðibæra hluta stofnsins, eftir því sem frekast er hægt, frá fiskifræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði. Hvort þessi hluti stofnsins er veiddur á línu, í net, nót, botnvörpu eða dragnót, skiptir engu máli frá líffræðilegu sjónarmiði.

Með skírskotun til þess, sem að framan hefur verið rakið, getur Hafrannsóknastofnunin ekki mælt með ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
Jón Jónsson.

Nd. 540. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á þremur fundum og leggur til, að það verði samþykkt með breytingu, sem birtist á sérstöku þskj. Tveir nefndarmanna, þeir Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Nefndin kvaddi á sinn fund Svein Einarsson veiðistjóra, og gerði hann grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi frv. Þá lá fyrir hjá nefndinni afrit af bréfi veiðistjóra til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. marz 1969, þar sem koma m. a. fram tillögur hans um breytingar á lögum þessum.

Breyting sú, sem nefndin leggur til að gerð verði á frv., felur í sér, að veiðistjóra og sérstökum trúnaðarmönnum hans verði heimilað að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstakir erfiðleikar eru á því, að þeir náist með öðrum hætti. Það er kunnugt, að í sumum tilfellum getur verið mjög örðugt að vinna yrðlinga í grenjum, einkum þá síðustu, sem hafa þá gjarna hvekkzt, þegar hinir fyrri hafa náðst. Getur sá tími skipt sólarhringum, sem tekur að vinna slík dýr, og veldur það miklum erfiðleikum og ærnum kostnaði. Þegar svo vill til, að greni liggja fjarri byggð og akfærum leiðum, getur svo farið, að grenjaskyttur neyðist til að yfirgefa

þau, áður en vinnsla hefur tekizt að fullu. Sé eitrað í greni af samvizkusemi, eftir að fullorðnu dýrin hafa verið felld, er talið nokkuð öruggt, að það verði yrðlingunum að grandi. Jafnframt má álíta, að sé verk þetta unnið af fullri aðgæzlu og kostgæfni, skapist ekki af því teljandi hætta fyrir önnur dýr, sízt fugla.

Með þeirri breytingu, sem nefndin gerir tillögu um, er stefnt að því að öðlast á næstu fimm árum reynslu af slíkri takmarkaðri heimild til eitrunar, sem hér hefur verið rakið.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., með fyrirvara. Pálmi Jónsson, fundaskr., frsm. Stefán Valgeirsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Jónas Pétursson.

Nd. 541. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. frv. bætist:

Heimilt er þó veiðistjóra eða sérstökum trúnaðarmönnum hans, að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstaklega erfiðar aðstæður torvelda vinnslu þeirra með öðrum hætti.

Lyfjaverzlun ríkisins skal láta veiðistjóra í té eitur í þessu skyni, eftir fyrirmælum heilbrigðismálaráðuneytisins.

Nd. 542. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í 1. gr. breytist skilgreining orðanna alifiskur, fiskur og veiðimál, og við bætast nýjar mgr. með skilgreiningu á hugtakinu almenningur í stöðuvatni, sem komi á eftir orðinu alifiskur, á hugtakinu jörð, er komi á eftir orðinu göngusilungur, og á hugtakinu veiðihlutur, sem komi á eftir orðinu vatnasilungur.

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus) eða annar vatnafiskur, ef ræktaður verður.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Almenningur í stöðuvatni: Sá hluti stöðuvatns, sem liggur fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra, sem að vatninu liggja.

Jörð: Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

Veiðihlutur: Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta,

þegar landskipti fara fram, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði eigi samkomulag um aðra skipan.

3. gr.

Síðasti málsliður 5. gr. hljóði svo:

Veiðifélagi við slík vötn er heimilt að ráðstafa veiði í samræmi við lög þessi.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er hvorum landeiganda heimil veiði í því veiðivatni innan þeirra marka, er lög þessi segja til um. Eigi er landeiganda rétt að standa að veiði hinum megin ár, en bjarga má hann veiði og veiðitæki að hinu landinu.

5. gr.

1. mgr. 12. gr., sem er ný mgr., verði svo hljóðandi, enda breytist aðrar mgr. til samræmis við það:

1. Hverjum þeim, er stundar lax- og silungsveiði, skal gert að kaupa veiðimiða, sem heimili honum að veiða lax og silung og að kaupa leyfi til slíkrar veiði, sbr. 90. gr. Veiðimiði er gefinn út á nafn veiðimanns og gildir eitt veiðitímabil.

6. gr.

Á eftir síðustu mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

7. gr.

1. málsliður 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns á tímabilinu frá 1. marz til 1. október en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu, en 2000 metra, ef vatnsmagnið er meira.

8. gr.

1. mgr. 19. gr. orðist svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 96 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagskvölds kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 72 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

9. gr.

1. mgr. 22. gr. hljóði svo:

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. svo og ákvæði 38. gr. er leyfilegt að veiða lax og silung til klaks og vísindalegra rannsókna, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

10. gr.

Aftan við 2. mgr. 22. gr. komi:

Hrogn, sem þannig er aflað, er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðherra með tilteknum skilyrðum, ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.

11. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

3. Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðherra heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

12. gr.

Ný mgr. komi í 27. gr., sem verði 2. mgr., og breytist töluröð annarra mgr. til samræmis við það:

2. Leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra þarf til að taka í notkun til veiða á laxi og silungi veiðarfæri úr nýjum efnum eða úr efnum framleiddum með nýjum aðferðum.

13. gr.

2. mgr. 30. gr., sem er ný, verði svo hljóðandi, enda breytist aðrar mgr. til samræmis við það:

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti né á vikufriðunartíma þessara veiðitækja. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag.

14. gr.

4. mgr. (áður 3. mgr.) 30. gr. orðist svo:

4. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits veiðifélags.

15. gr.

5. mgr. 34. gr. orðist svo:

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet vera tekin öll upp úr vatni. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu standa opin á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

16. gr.

3. mgr. 35. gr. hljóði svo:

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar.

17. gr.

Málsliður b í 2. mgr. 41. gr. hljóði svo:

b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, og það hefur verið samþykkt á aðalfundi veiðifélags, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.

18. gr.

VIII. kafli: Um fiskræktarfélög falli niður.

19. gr.

IX. kafli: Um veiðifélög verði VIII. kafli, og töluröð annarra kafla og greina breytist í samræmi við það.

20. gr.

44. gr. (áður 62. gr.) orðist svo:

1. Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er. Rétt er félagi:

a. Að ákveða, að veiða skuli með tilteknum veiðitækjum, eftir því sem segir í lögum þessum.
b. Að láta stunda veiði.
c. Að selja á leigu rétt til stangarveiði í öllu fiskihverfinu eða hluta þess.
d. Að skipta veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihlut sínum.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt, eftir því sem við á. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eyðing sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

3. Um slíkan félagsskap, sem getur í grein þessari, skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

21. gr.

45. gr. (áður 63. gr.) orðist svo:

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

a. Heilt fiskihverfi.
b. Einstakt veiðivatn í fiskihverfi.
c. Hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.
d. Veiðivötn á afrétti, sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landssvæði.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og er rétt að félagssvæði nái svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á.

22. gr.

46. gr. (áður 64. gr.) orðist svo:

1. Veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða félagssvæði veiðifélags innan marka laganna.

2. Frumkvæði að stofnun veiðifélags hafa:

a. Einn eða fleiri ábúendur eða eigendur jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði í samráði við veiðimálastjóra og veiðimálanefnd.
b. Veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd.

3. Veiðimálastjóri hlutast til um boðun stofnfundar.

23. gr.

47. gr. (áður 65. gr.) orðist svo:

1. Nú ber að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði svo og eigendur eyðijarða. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign að fullu, og skal boða handhafa veiðiréttar. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2.

mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn. Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.

2. Nú ber að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

3. Fund skal boða skriflega eða í símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

24. gr.

48. gr. (áður 66. gr.) orðist svo:

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr., skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

3. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt á til upprekstrar á þá.

25. gr.

67. gr. falli niður.

26. gr.

68. gr. falli niður.

27. gr.

Í stað 1. mgr. 69. gr. laganna (verður 49. gr.) komi tvær mgr., svo hljóðandi:

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða á öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Atkvæði ⅔ félagsmanna þarf til þess, að samþykkt sé gerð. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður samþykkt eigi gerð vegna ónógrar fundarsóknar eða af öðrum ástæðum, og skal boða til annars fundar á sama hátt og að framan greinir. Ræður þar afl atkvæða. Um félagsmál, sem eigi er sérstaklega ákveðið í lögum, gildir afl atkvæða.

2. Nú er eigi gerð lögmæt samþykkt samkvæmt 1. mgr., og er þá veiðimálastjóra og veiðimálanefnd rétt að setja félaginu samþykkt, sem gildir, unz félagið setur sér lögmæta samþykkt með þeim hætti, er í 1. mgr. segir. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker ráðherra úr.

28. gr.

50. gr. (áður 70. gr.) orðist svo:

1. Á fundi, boðuðum á sama hátt og stofnfundur, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og skal greiða atkvæði um hana, eins og segir í 1. mgr. 49. gr. Í arðskrá skal greina tímamark fyrir gildistöku hennar. Nú verður arðskrá eigi löglega samþykkt, og skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 93. gr. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast mats samkvæmt 93. gr. Tekur mat gildi tveimur mánuðum eftir birtingu í ábyrgðarbréfi frá stjórn veiðifélags eða á annan sannanlegan hátt, enda sé yfirmats eigi krafizt. Nú fer yfirmat fram, og tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsmenn ákveða.

3. Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá, sem gilt hefur í fimm ár.

29. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný og orðist svo:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti fara eins og segir í 50. gr.

30. gr.

59. gr. (áður 79. gr.) orðist svo:

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Eignir veiðifélags skulu teljast fylgifé jarða á félagssvæðinu í arðskrárhlutfalli. Ef ágreiningur verður vegna eignarhluta í veiðifélagi, sker mat úr, sbr. 94. gr.

31. gr.

80. gr. og 81. gr. laga nr. 53/1957 falli niður.

32. gr.

58. gr. laga nr. 53/1957 verði 60. gr.

33. gr.

61. gr. (áður 59. gr.) orðist svo:

1. Nú vill veiðifélag með ráði og samþykki veiðimálastjóra auka friðun eða láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, auka fjarlægð milli fastra veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, stytta hámarkslengd þeirra, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða kveða á um meiri lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir með ⅗ atkvæða félagsmanna, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 49. gr. laga þessara, og fundarefnis sé getið í fundarboði.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

34. gr.

66. gr. (áður 86. gr.) orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi samkvæmt því, sbr. 70. gr. Ráðherra er rétt að setja skilyrði í reglugerð.

35. gr.

Á eftir 66. gr. komi ný grein, sem verði 67. gr. (áður 1. mgr. 60. gr.):

Hverjum manni er skylt að láta af hendi við veiðifélag land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging slíkra stöðva eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

36. gr.

Á eftir 72. gr. komi ný grein, er verði 73. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. mgr. 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

37. gr.

Á eftir 73. gr. komi ný gr., er verði 74. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er rétt, samkvæmt meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó innan 200 metra frá frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið í því skyni, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarvist lokinni.

38. gr.

75. gr. (ný gr.) orðist svo:

1. Ráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd, en í henni eiga sæti yfirdýralæknir, og sé hann formaður, veiðimálastjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Hún skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað, er að fisksjúkdómum lýtur.

2. Rétt er ráðherra þeim, er í hlut á, að skipa, þá er fé verður til þess veitt á fjárlögum, við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum sérfræðing í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

39. gr.

76. gr. (áður 92. gr.) orðist svo:

Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum.

40. gr.

77. gr. orðist svo:

Eigi má flytja til landsins lifandi skrautfiska né hrogn þeirra. Rétt er ráðherra að leyfa tilteknum aðilum slíkan innflutning, enda samþykki fisksjúkdómanefnd það hverju sinni og sé fyrir hendi heilbrigðisvottorð, sem hún metur gilt.

41. gr.

78. gr. (áður 93. gr.) orðist svo:

1. Sótthreinsa skal hrogn, ílát og umbúðir um hrogn eða skrautfiska, sem flutt eru til landsins samkvæmt 76. og 77. gr., bæða skrautfiska úr lyfjablöndu, ef ástæða

þykir til, svo og hafa hrogn og fisk í sóttkví, ef nauðsynlegt þykir. Fisksjúkdómanefnd gefur fyrirmæli um sótthreinsun og sóttkví og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum yfirdýralæknis.

42. gr.

79. gr. orðist svo:

Fisksjúkdómanefnd er rétt, ef ástæða þykir til, að fyrirskipa sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt sé að flytja hann inn í landið, enda sé vottorð eigi lagt fram um, að veiðitæki og veiðibúnaður hafi verið sótthreinsaður erlendis. Enn fremur er nefndinni rétt að banna, ef ástæða þykir til, innflutning á dauðum vatnafiski, ferskum eða frystum.

43. gr.

80. gr. (áður 95. gr.) orðist svo:

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra rétt að fengnum tillögum fisksjúkdómanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

44. gr.

81. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt eftir tillögum fisksjúkdómanefndar að setja reglur um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum, svo og kveða nánar á um önnur ákvæði þessa kafla, eftir því sem þurfa þykir.

45. gr.

82. gr. (áður 97. gr.) orðist svo:

Rétt er að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

46. gr.

Í upphafi 1. og 2. mgr. 83. gr. (áður 98. gr.) komi orðið arðgæf í stað orðsins friðlýst, og hefjist báðar mgr. þannig: „Nú eru arðgæf selalátur og . . .“

47. gr.

2. mgr. 84. gr. (áður 99. gr.) orðist svo:

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær í arðskrárhlutfalli. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

48. gr.

Á 2. mgr. 86. gr. (áður 101. gr.) laganna verði þær breytingar, að við bætist tveir nýir stafliðir, sem verða a- og c-liðir, og aðrir stafliðir í gr. breytist til samræmis við það, og auk þess bætist orðið fiskeldi inn í f-lið (áður d-lið):

a. Hann annast þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum.
c. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum, sem hann setur.
f. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskeldi eða veiði.

49. gr.

87. gr. (áður 102. gr.) hljóði svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangarveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra í nefndina í hans stað. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál og fer með þau mál, sem henni er falið í lögum þessum. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun, fiskeldi og veiði.

3. Fundur er ályktunarfær, ef minnst þrír menn eru á fundi.

4. Atkvæði þriggja nefndarmanna þarf til þess, að ákvörðun veiðimálanefndar sé lögmæt.

50. gr.

5. og 6. mgr. 88. gr. (áður 103. gr.) eru nýmæli og hljóði svo:

5. Nú leikur grunur á, að fiskur sé ólöglega veiddur, og getur eftirlitsmaður krafizt þess, að sá, er hefur hann undir höndum, geri eftirlitsmanni grein fyrir, hvar hann hafi fengið fiskinn, ella telst fiskurinn ólöglegt veiðifang.

6. Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verzlun, reykhúsi, frystihúsi eða í öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörzlu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar.

51. gr.

Í upphafi XIV. kafla komi ný gr. og fyrirsögn breytist og verði: Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

52. gr.

90. gr., ný gr., hljóði svo:

1. Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
b. Sala veiðimiða til veiðimanna. Ráðherra setur reglur um fjárhæð og innheimtu þessa gjalds.
c. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.
d. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins eftir ákvörðun ráðherra.
e. 2‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöða í landinu, sem selja orku til almennings.
f. Aðrar tekjur.

2. Ráðherra er rétt að setja Fiskræktarsjóði starfsreglur. Með stjórn sjóðsins fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Nú greinir veiðimálastjóra og veiðimálanefnd á, og sker ráðherra úr.

53. gr.

91. gr. (áður 105. gr.) breytist þannig, að upphafi gr. komi orðin „úr Fiskræktarsjóði“ í stað orðanna „úr ríkissjóði“ og að síðasta setning í gr.: „Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja“ falli niður.

54. gr.

92. gr. (áður 106. gr.) breytist þannig, að orðin „úr Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962“ komi í stað orðanna „úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947“.

55. gr.

Í 3. mgr. 93. gr. (áður 107. gr.) komi orðin „tveir mánuðir“ í stað orðanna „8 vikur“.

56. gr.

Í 1. mgr. 94. gr. (áður 108. gr.) komi orðin „að mestu eða öllu“ í stað orðanna „með öllu“, og ný mgr. bætist við gr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu.

57. gr.

96. gr. (áður 110., 111., 112. og 113. gr.) orðist svo:

1. Það varðar mann sektum og varðhaldi, ef miklar sakir eru, ef:

a. Hann veiðir ólofað í vatni annars manns.
b. Hann hittist með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé, að hann hafi átt þar lögmætt erindi.
c. Hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð.
d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, eða fylgir eigi settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
e. Hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal.
f. Hann brýtur ákvæði 23., 30. eða 38. gr.
g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
i. Hann hlítir eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.
j. Hann hlítir annars eigi lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

2. Brot gegn ákvæðum 14. gr. innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi varðar fésektum allt að 500 000 kr. og auk þess varðhaldi, ef miklar sakir eru.

58. gr.

97. gr. (áður 114. gr.) orðist svo (óbreytt):

Brot þau, er getur í c-, d- og h-liðum 96. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

59. gr.

98. gr. (áður að nokkru 1. mgr. 110. gr. laganna) orðist svo:

Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og skal sá, er misgert var við, fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

60. gr.

99. gr. (áður 115. gr.) orðist svo:

Ólöglegt veiðitæki og veiðitæki, sem eru notuð með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 98. gr.

61. gr.

116. gr. laganna verði 100. gr.

62. gr.

101. gr. er nýmæli og orðast svo:

1. Rétt er dómsmálaráðherra að fela Landhelgisgæzlunni löggæzlu samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við verður komið.

2. Rétt er dómsmálaráðherra að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að rannsaka og dæma brot gegn lögum þessum.

63. gr.

102. gr. (áður 117. gr.) orðist svo:

Veiðifélag, sem löglega hefur verið stofnað samkvæmt eldri lögum, skal haldast, en breyta skal samþykktum þess samkvæmt 1.—2. mgr. 49. gr.

64. gr.

Fella skal niður orðið „fiskræktarfélag“ úr gr. laganna og setja orðið „veiðifélag“ í staðinn og svo fella niður samtengingar eins og t. d. „og“, „eða“ með orðinu „fiskræktarfélag“, þar sem nauðsyn krefur, og orðin „ef til er“ á eftir orðinu „veiðifélag“. Þá skal og breyta tilvitnunum í einstakar gr., þar sem þörf verður á vegna breyttrar töluraðar á lagagreinum.

65. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðdragandi.

Á undanförnum árum hefur öðru hverju verið talað um nauðsyn þess að endurskoða lax- og silungsveiðilögin, nr. 53 5. júní 1957, vegna breytinga, sem orðið hafa á veiðimálum, síðan lögin voru endurskoðuð síðast. Í ársbyrjun 1963 fól landbúnaðarráðuneytið veiðimálanefnd í samráði við veiðimálastjóra að undirbúa endurskoðun laganna. Tillögur þessara aðila voru sendar ráðuneytinu í marz 1965 og þær síðan lagðar fram sem frumvarp á Alþingi með breytingum og viðbótum ráðuneytisins í marz 1966 og svo aftur á þinginu um haustið sama ár. Í tillögum veiðimálanefndar

og veiðimálastjóra var m. a. gert ráð fyrir stofnun veiðiskiptafélaga og fiskræktarsjóðs, en þær tillögur voru ekki teknar upp í frv., en á hinn bóginn bætti ráðuneytið inn í það nýjum atriðum.

Alþingi sendi frv. til umsagnar til margra aðila. Nokkrir þeirra gerðu athugasemdir við tillögur frv. um breytingar á atkvæðagreiðslum í fiskræktarfélögum og veiðifélögum og á skaðabótagreiðslu, sbr. 3. mgr. 35. gr. laganna. Búnaðarþing var í hópi þeirra, sem frv. var sent til umsagnar. Lagði það til, að víðtækari endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna færi fram heldur en frv. fól í sér.

Hinn 1. ágúst 1967 skipaði landbúnaðarráðherra átta menn í nefnd „til að endurskoða lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, með hliðsjón af frv. því til laga um breyting á þeim lögum, sem legið hefur fyrir Alþingi á tveimur síðustu þingum. Enn fremur geri nefndin tillögur um fiskrækt í landinu og taki til athugunar ályktun síðasta Búnaðarþings um yfirráð lax- og silungsjarða og afnot af þeim". Í nefndina voru skipaðir þeir Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, formaður, Bjartmar Guðmundsson alþingismaður, Guðmundur J. Kristjánsson deildarstjóri, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, Jakob Hafstein lögfræðingur, Þórir Steinþórsson fyrrv. skólastjóri og Þór Guðjónsson veiðimálastjóri, sem verið hefur ritari nefndarinnar. Hinn 22. ágúst 1967 skipaði ráðherra Jón Ármann Héðinsson alþingismann til viðbótar í nefndina.

Nefndin hefur haldið marga fundi og fengið fjölda bréfa frá veiðibændum og veiðimönnum og samtökum þessara aðila. Þá hefur nefndin og gengið á fund landbúnaðarráðherra, Ingólfs Jónssonar, og rætt við hann um nokkrar breytingartillögur við lögin, en ráðherrann hafði óskað eftir því í skipunarbréfi nefndarmanna, að undir hann yrðu borin atriði, sem mundu leiða af sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Margar tillögur um breytingar við laxveiðilögin voru lagðar fyrir nefndina. Sumar þeirra fólu í sér mikilvægar breytingar frá núgildandi lögum, svo sem að banna netjaveiði, auka vikufriðun, fella niður fiskræktarfélög, gera veiðifélögin að skyldufélögum, auka við fisksjúkdómakaflann, breyta fyrirkomulagi á stjórn veiðimála, stofna fiskræktarsjóð til eflingar fiskrækt og fiskeldi og auka löggæzlu.

Banni við netjaveiði var hafnað, vegna þess að af slíkri ráðstöfun mundi leiða, að margir veiðieigendur misstu veiðihlunnindi, en ríkissjóður yrði að greiða skaðabætur fyrir. Slík breyting, ef gerð væri, mundi og valda varhugaverðum verðsveiflum á stangarveiðimarkaðnum. Á hinn bóginn eru ákvæði í frv., sem heimila veiðifélögum takmarkanir á netjaveiði til friðunar, enda fái þeir bætur fyrir, sem öðrum fremur verða fyrir tjóni.

Um flestar breytingartillögurnar náðist samstaða í nefndinni svo og um ýmis efni, sem horfa til skýringar eða leiðir af breyttum háttum, frá því að gildandi lög voru sett.

Við endurskoðun laxveiðilaganna hefur verið höfð í huga nú eins og áður nauðsyn þess að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði og halda í heiðri hinni gömlu reglu, að ganga skuli: „guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa". Ætlunin er að ná þessum markmiðum með því að lengja vikufriðun fyrir netjum um 12 stundir, enda hefur netjaveiðitækni fleygt mjög fram. Enn fremur þykir eðlilegt að setja hömlur á, að tekin séu í notkun net úr nýjum efnum eða úr efnum, sem fullkomnuð hafa verið í framleiðslu sem veiðiútbúnaður. Mjög var til umræðu í nefndinni að friða algjörlega fyrir laxveiði í 14 daga samfleytt á tímabilinu frá 20. maí til 15. júlí ár hvert, en forsvarsmenn ríkissjóðs vildu eigi taka á sig áhættu af skaðabótaskyldu, er af því kynni að leiða fyrir ríkissjóð. Hins vegar er félagsmönnum í veiðifélögum rétt að ákveða með tilskildu atkvæðamagni að framkvæma slíka friðun, svo sem áður er getið, gegn því að taka á sig greiðslu skaðabóta, er af því kunna að hljótast.

Merkar nýjungar í frv. eru m. a. breytingar á félagslegu skipulagi veiðimála. Lagt er til, að fiskræktarfélög verði lögð niður, enda hafa þau eigi náð þeirri hylli eða útbreiðslu, sem vænzt var í upphafi. Ætlazt er hins vegar til, að veiðifélög verði

starfandi samkvæmt lögum við öll fiskihverfi landsins, m. a. á afréttum, þar sem slík félög geti náð yfir fleiri en eitt fiskihverfi eftir aðstæðum. Er fyrirhugað að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, þ. e. að veiðifélög starfi við sum fiskihverfi og eigi við önnur, enda er stjórn og rekstur veiðimála í góðu lagi, þar sem veiðifélögin starfa, til mikils gagns og hagsbóta fyrir veiðibændur. En þar sem veiðifélög eru eigi starfandi, er skipulagsleysi ríkjandi og fiskrækt vart hugsanleg vegna skorts á samstarfi. Er slíkt ástand til vandræða fyrir menn almennt við einstök fiskihverfi, þó að einstakir veiðibændur kunni að koma ár sinni vel fyrir borð vegna skipulagsleysis. Í nágrannalöndum hefur skipulag á stjórn veiðimála við fiskihverfi eða stærri félagsheildir þegar verið bundið í lögum.

Í frv. er gert ráð fyrir stofnun fiskræktarsjóðs, sem hafi það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánum. Með fiskræktaraðgerðum, eins og t. d. með fiskvegagerð og með því að sleppa seiðum, má auka veiði í ám og vötnum til mikilla muna frá því, sem nú er. Nútíma fiskrækt byggir að verulegu leyti á fiskeldi, þar sem aliseiðum af mismunandi stærðum er sleppt í veiðivötn. En fisk má enn fremur ala upp til neyzlu, og má gera fiskeldið þannig að sérstakri fæðuframleiðslugrein, eins og t. d. á sér stað um silungseldi í Danmörku. Fiskur (alifiskur) er alinn upp í sérstökum eldisstöðvum, sem kostnaðarsamt er að reisa og reka. Geta slíkar eldisstöðvar reist starfsemi sína á mismunandi uppeldisaðferðum, og fer gerð og kostnaður af byggingu þeirra eftir því. Hér á landi starfa nú tíu fiskeldisstöðvar, og eru flestar þeirra litlar og í eigu einstaklinga. Bendir árangur af starfi þeirra til þess, að fiskeldi eigi mikla framtíð fyrir sér hér á landi, en vitaskuld þarf að leysa ýmsa byrjunarörðugleika, áður en fiskeldi kemst á öruggan grundvöll. Hefur ríkisstjórnin komið á fót tilraunaeldisstöð, þ. e. Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, til þess að vinna að lausn tæknilegra vandamála við fiskeldið svo og að ala upp seiði í því skyni að nota við fiskrækt. Einn aðalerfiðleiki fiskeldis á Íslandi nú er skortur á nægjanlegri fjárhagslegri fyrirgreiðslu fyrir fiskeldisstöðvar og reyndar einnig að því er varðar fiskvegagerð, en fiskræktarsjóði er ætlað að bæta úr þessu.

Með vaxandi fiskeldi erlendis hefur fisksjúkdómamálum verið veitt sívaxandi athygli nú hin síðari ár, enda hafa fisksjúkdómar valdið miklu fjárhagslegu tjóni, m. a. í nágrannalöndunum. Rannsóknir á fisksjúkdómum hafa farið vaxandi, og heilbrigðiseftirliti hefur verið komið á, enda er þess æ tíðara krafizt, að heilbrigðisvottorð fylgi hrognum og fiski, sem fluttur er á milli staða og landa. Í laxveiðilögunum eru ákvæði um innflutning á lifandi fiski og hrognum. Í frv. er bætt við kaflann merkum atriðum, sem miða að því að færa lagaákvæði um fisksjúkdóma í það horf, sem kröfur eru nú gerðar til. Í frv. er gert ráð fyrir, að fisksjúkdómanefnd fjalli um fisksjúkdómamálin, fisksjúkdómafræðingur verði ráðinn, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, fyrirskipa megi sótthreinsun á veiðitækjum og veiðibúnaði til þess að hindra, að sjúkdómar berist til landsins með slíkum tækjum, og að komið verði á heilbrigðiseftirliti með klak- og eldisstöðvum.

Verðmæti lax og silungs hefur vaxið mjög hin síðari ár og ásækni manna aukizt í að veiða þessar fisktegundir ólöglega. Ber því nauðsyn til að vernda þær í vaxandi mæli gegn ólöglegri veiði og að auðvelda, að komið sé fram viðurlögum við brotum gegn laxveiðilöggjöfinni. Í frv. eru ákvæði um að létta eftirlitsmönnum leit að ólöglegu veiðifangi, að Landhelgisgæzlan taki að sér veiðieftirlit úr lofti og að sérstakur veiðidómari rannsaki og dæmi veiðilagabrot. Þá hefur refsimörkum verið breytt og þau gerð víðtækari og sektir fyrir laxveiði í sjó verið hækkaðar verulega.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Skilgreiningu á þremur orðum í lögunum er breytt lítilsháttar. Við skilgreiningu á hugtakinu „fiskur“ í lögunum er bætt við orðunum „eða annar vatnafiskur“, og við skilgreiningu á hugtakinu „veiðimál“ er bætt inn „álaveiði“. Skilgreiningu á

hugtakinu „almenningur í stöðuvatni“ er að finna í 1. og 4. gr. vatnalaga nr. 15 1923. Rétt þykir að taka þessa skilgreiningu einnig upp í lög um lax- og silungsveiði. Orðið „jörð“ er skilgreint í samræmi við ákvæði ábúðarlaga. Orðið „veiðihlutur“ er hér skilgreint, og er til hægðarauka að taka orðið upp í orðskýringar laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1957 mæla svo fyrir, að eigandi hver eigi veiði fyrir sínu landi, eftir að landareign, er var í sameign, hefur verið skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, enda hafi eigi önnur lögmæt skipun verið á ger. Getur ákvæði þetta leitt til þess, að sumir landeigendur hljóti eftir skiptingu lands betri veiðiaðstöðu heldur en aðrir og samsvarar landareign þeirra. Er grein þessari ætlað að bæta úr þessu. Eigi er samt talið rétt að setja ófrávíkjanlegar reglur um slíka skiptingu, enda er samkvæmt núgildandi ákvæðum gert ráð fyrir, að mönnum sé frjálst að hafa þá skipan á, sem þeir kjósa.

Um 3. gr.

Orðalagi gr. er breytt til samræmingar, sbr. breytingar á ákvæðum um veiðifélög, sjá kaflann um veiðifélög hér að aftan.

Um 4. gr.

Orðalag 6. gr. laganna er eigi alls kostar skýrt um réttarstöðu veiðieiganda gagnvart þeim, sem veiði á gegnt honum við veiðivatn. Er hér gerð tilraun til þess að orða greinina svo skýrt sem kostur er.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að afla fiskræktarsjóði tekna, sbr. b-lið 52. gr. frv.

Um 6. gr.

Þessi mgr. er nýmæli. Laxveiði framan við árósa hefur að undanförnu verið reynd með nokkrum árangri í veiðitæki, sem notuð eru til veiða á sjávarfiski. Í 1. mgr. 14. gr. er laxveiði í sjó bönnuð. Ef ákvæði þetta á að koma að gagni að því er varðar veiði framan við árósa, þar sem bann í 6. mgr. nær eigi til, er nauðsynlegt að heimila slíkt veiðibann sem hér greinir, meðan lax er að ganga í árnar á sumrin.

Um 7. gr.

Í tillögum milliþinganefndar, sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955, var lagt til, að friðunarsvæði við árósa yrðu 1000 metrar. Í meðförum Alþingis var svæðið fært niður í 500 metra. Reynslan hefur sýnt, að 500 metra friðunarsvæði er allt of lítið, einkum við ósa stórfljóta. Er því lagt til, að friðunarsvæði við stærri ár verði 2000 metrar og 1000 metrar við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 25 teningsmetra á sekúndu, miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Laxá í Aðaldal er talin rúmlega 40 teningsmetrar á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru það langt á veg komnar, að vandalítið má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

Um 8. gr.

Frá fornu fari hafa það verið lög á Íslandi, að lax og silungur skuli eiga færi á því að ganga upp eftir veiðivötnum, sbr. ákvæði Jónsbókar, kap. 56: „Ganga skal guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa“. Ákvæði íslenzkra laxveiðilaga, sbr. 17. gr., um friðunartíma, og 18. og 19. gr., um veiðarfæri, svo og VI. kafla, eru öll m. a. miðuð við það að fullnægja þessari fornu reglu, sem reist er á sjónarmiði réttlátrar veiðiskiptingar. En nú á tímum er mönnum orðið ljóst, að hér sé eigi um að tefla einungis veiðiskiptingu, heldur beri brýna nauðsyn til að setja hömlur á veiði til varðveizlu á fiskstofnum veiðivatna. Eftir því sem tímar líða, verða veiðitæki

öflugri og veiðnari. Leiðir af því, að hömlur við ofveiði, sem nægilegar töldust á tilteknum tíma, reynast ónógar á síðari tíma, er veiðitæki hafa verið endurbætt. Tilkoma betri veiðitækja, frá því að lög nr. 53/1957 voru sett, gera það nauðsynlegt að setja nýjar og fastar reglur um veiði með föstum veiðivélum, en í þessu sambandi er rétt að taka fram, að veiðimálastjóri og veiðimálanefnd ákveða stangafjölda í veiðivatni og hafa því heimild til að fækka stöngum í veiðivatni, ef þess gerist þörf. Samkvæmt því, er nú var sagt, þykir brýna nauðsyn bera til að auka vikufriðun um 12 stundir, úr 84 stundum í 96 stundir. Eigi þykja vera tiltök á því að banna veiði með föstum veiðivélum, enda mundi slíkt leiða til skaðabótaskyldu opinberra aðila, sbr. 56. gr. frv. Hins vegar er ⅗ félagsmanna í veiðifélagi veittur réttur til að samþykkja á fundi viðtækari takmarkanir á notkun fastra veiðivéla gegn greiðslu skaðabóta, ef því er að skipta, sbr. nýmæli í 61. gr. frv.

Þá eru og gerðar þær breytingar á friðunartíma, að friðun gegn netjaveiði skuli hefjast á föstudagskvöldum kl. 10 í stað inn fyrir kl. 9 og veiði skuli hefjast á þriðjudagskvöldum kl. 10 í staðinn fyrir kl. 9. Enn fremur er bætt inn í mgr. ákvæði um, að ráðherra geti ákveðið daglegan stangarveiðitíma í veiðivötnum.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. 22. gr. laganna er bætt ákvæði um, að veiða megi vatnasilung eins og lax og göngusilung til klaks og vísindalegra rannsókna, en í lögum er slík veiði nú bundin við lax og göngusilung.

Um 10. gr.

Inn í 2. mgr. 22. gr. laganna er bætt ákvæði um, að óheimilt sé að flytja úr landi hrogn, sem aflað er með undanþágu á friðunartíma, enda komi seiði úr slíkum hrognum þá eigi að notum til fiskræktar innanlands, eins og til er ætlazt. Jafna má veiði stofnfisks, sem aflað er á friðunartíma til kreistingar á hrognum til útflutnings, til þess, að löglegur veiðitími sé lengdur, þar sem hrogn slíkra fiska koma eigi að gagni til viðhalds fiskstofnum hér á landi. Rétt þykir að heimila undanþágu frá banni við útflutningi á hrognum fiska, sem veiddir eru á friðunartíma, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef hörgull er eigi á hrognum til klaks innanlands eða fiskgöngur hafa verið miklar, en veiði lítil að tiltölu. Setja má slíkum útflutningi tiltekin skilyrði, ef þurfa þykir. Útflutningur á hrognum úr fiskum, sem aflað er á lögleyfðum veiðitíma og geymdir eru fram á haust til kreistingar, svo og á hrognum alifiska, er mönnum á hinn bóginn frjáls.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar mgr., sem verði 3. mgr. 25. gr., er nýmæli. Á undanförnum árum hefur það tíðkazt töluvert erlendis að eyða óæskilegum fiski í veiðivötnum með þar til gerðum efnum og rækta þar síðan æskilegar fisktegundir. Rétt er að veita heimild til slíkrar meðferðar hér á landi.

Um 12. gr.

Framfarir í gerð efna í veiðitæki eru svo örar, að brýna nauðsyn ber til að hafa eftirlit með því, að ný veiðitæki ofbjóði eigi fiskstofni í veiðivötnum. Er ákvæði þetta sett til þess að tryggja slíkt eftirlit. Sams konar reglur eru í lögum erlendra þjóða.

Um 13. gr.

Rétt þykir að banna stangarveiði, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti. Þykir of mikið lagt á veiðivatn, ef veitt er með öllum veiðitækjum. Virðist einsætt, að skjóta beri loku fyrir slíka meðferð á veiðivatni.

Um 14. gr.

Þessari mgr. er breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á reglum laganna um veiðifélög og fiskræktarfélög.

Um 15. gr.

Settar eru skýrari og fortakslausar reglur um umbúnað lagnetja og króknetja á vikufriðunartíma. Er þetta gert að fenginni reynslu.

Um 16. gr.

Ákvæði 3. mgr. 35. gr. frá og með orðunum: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis . . .“ er fellt niður, en í stað þess koma ákvæði um þetta efni í 56. gr. frv. og vísast til skýringa um hana.

Um 17. gr.

Bætt er inn í b-lið 2. mgr. 41. gr. ákvæði um, að mannvirki, er þar greinir, skuli samþykkt á aðalfundi veiðifélags til þess að vera fullgilt til undanþágu frá ákvæðum greinarinnar. Þykir nauðsynlegt, að mannvirkjagerð sú, sem ræðir um í greininni, sé vel undirbúin.

Um 18. gr.

Lagt er til, að VIII. kafli laganna: Um fiskræktarfélög verði felldur niður úr lögunum. Fiskræktarfélög sem sjálfstæðar félagsstofnanir hafa eigi notið þeirrar hylli, sem vonazt var eftir, þegar lögin um þau voru samþykkt. Veiðifélög hafa, þar sem þau hafa verið starfrækt, annazt fiskrækt, og er það eðlilegt, að sami félagsskapur við eitt og sama fiskihverfi fari með hvort tveggja hlutverk, veiðiskap og fiskrækt. Er þetta einsætt, þá er veiðifélög eru lögbundin, svo sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Við niðurfellingu fiskræktarfélaga fer um ráðstöfun á eignum og skuldbindingum eftir löglegum leiðum.

Um 19. gr.

Í frv. þessu er lagt til, að veiðifélög verði lögbundin og gerð að skyldufélögum. Nú eru starfandi veiðifélög í landinu við nær allar helztu veiðiár landsins og nokkur við stöðuvötn. Veiðifélögin hafa reynzt vel, en hins vegar hefur ríkt skipulagsleysi í veiðimálum á þeim stöðum, þar sem slík félög hafa eigi verið stofnuð. Má ætla að fenginni reynslu, að skapast muni með lögbindingu veiðifélaga miklu meiri festa í meðferð veiðimála en áður til hagsbóta fyrir veiðieigendur og þjóðfélagið. Veiðifélögin hafa betri tök en einstaklingar út af fyrir sig á því að vernda fiskstofnana og vinna að fiskrækt. Í nágrannalöndum hefur lögbundnu skipulagi um veiðimál verið komið á, og styrkir það þá niðurstöðu, að þetta sé rétt leið.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um eitt aðalefni frv., þ. e. að mönnum skuli skylt að stofna veiðifélög í fiskihverfi hverju. Í stafliðum a til d eru taldar upp heimildir veiðifélaga um starfshætti, og eru stafliðirnir a og d nýir. Rétt þykir strax að benda á það hér, að beiti veiðifélag réttarheimildum sínum þannig, að einstakir félagsmenn verði öðrum fremur fyrir tjóni af þeim sökum, þá eiga tjónþolendur rétt til skaðabóta samkv. 56. gr. frv. Samkv. 2. mgr. þessarar gr. er veiðifélag jafnframt fiskræktarfélag. Þykir það eðlilegast, eins og áður var sagt, að sama félag fari með veiði- og fiskræktarmál í einu og sama fiskihverfi.

Um 21. gr.

Í gr. þessari er stafliður d nýr. Er þar svo kveðið á, að veiðifélag megi stofna um veiðivötn á afrétti, sem eru hlutar af einu eða fleiri fiskihverfum, er staðsett eru á sama landsvæði. Liggja haldkvæmnisástæður til grundvallar þessu ákvæði. Oft eru sömu veiðieigendur að vötnum á stórum svæðum, þótt þau séu eigi í sama fiskihverfi. Auðveldar þessi meðferð bæði fiskræktun í slíkum vötnum, leigu á þeim og eftirlit með veiði. Flest afréttarvötn liggja ofan fjallabrúna, sem fiskgöngur komast eigi upp fyrir, og liggja afréttarsvæðin því utan eðlilegra félagssvæða veiðifélaga við árnar.

Í 63. gr. 2. mgr. laga nr. 53/1957 er kveðið svo á, að félagssvæði skuli ætíð ná svo langt upp með vatni, sem veiði er stunduð. Rétt þykir að veita heimild til þess að víkja frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á. Er orðalag 3. mgr. þessarar gr. við það miðað.

Um 22. gr.

Þar sem ætlazt er til, að veiðifélög verði skyldufélög, verður að setja reglur um stofnun slíkra félaga, er miðist við þá tillögu. Er því svo mælt í frv., að veiðimálastjóri í samráði við veiðimálanefnd skuli hafa frumkvæði að stofnun veiðifélags, ef ábúendur eða eigendur á hinu fyrirhugaða svæði snúa sér eigi að fyrra bragði til veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun.

Um 23. gr.

Aðilar að fiskræktarfélagi eru eigendur þeirra jarða, þar sem veiði er hægt að stunda í því fiskihverfi. Félagsmenn samkvæmt IX. kafla sömu laga eru ábúendur jarða í fiskihverfinu. Nú er fiskræktarfélag sameinað veiðifélagi, og vaknar þá sú spurning, hvort eigendur eða ábúendur í fiskihverfi skuli vera félagsmenn. Meiri hluti nefndarmanna telur, að ábúendur jarða eigi að vera félagsmenn. Einn nefndarmanna, Gizur Bergsteinsson, tekur þetta fram: „Lax- og silungsveiði hefur frá fornu fari verið stunduð til öflunar búsílags handa heimilum á veiðijörðum. Á síðari tímum hefur orðið breyting á þessu. Lax- og silungsveiði er nú í æ stærra mæli iðkuð sem sérstök tekjuöflunargrein með sölu veiðifangs eða með aðstöku um hendur veiðifélaga. Er hér oft um mjög veigamikla tekjuöflun að tefla. Það virðist því illsamrýmanlegt grunnreglum laga um eignarrétt að svipta veiðieigendur, sem ekki búa sjálfir á jörðum sínum, hluttöku í veiðifélögum, sem jafnframt eru fiskræktarfélög og taka mjög afdrifaríkar ákvarðanir um mikilsverða atvinnugrein og um eign veiðieigenda".

Gr. svarar til 65. gr. laga nr. 53/1957 að því viðbættu, að aftan við 1. mgr. er tekið upp ákvæði úr 1. mgr. 45. gr. laganna varðandi félagsþátttöku veiðieigenda í almenningi stöðuvatna.

Um 24. gr.

Gr. svarar til 66. gr. laganna að viðbættri 3. mgr., sem fjallar um atkvæðisrétt í veiðifélögum á afréttum, sbr. 5. gr. laganna og d-lið 21. gr. frv. Þykir rétt, að hvert lögbýli, sem aðild á að upprekstrarfélagi, hafi atkvæðisrétt.

Um 25. og 26. gr.

Ákvæði 3. mgr. 66. gr., 67. gr. og 68. gr. laganna eiga eigi við um skylduveiðifélög og eru því felld niður.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. 69. gr. laganna eru við það miðuð, að stofnun veiðifélags sé þegar ákveðin með atkvæðum tilskilins fjölda félagsmanna. Er þar því ákveðið, að um samþykkt og önnur félagsmálefni ráði afl atkvæða. Þá er setja skal skylduveiðifélagi samþykkt, þykir eðlilegt að krefjast þess, að ⅔ félagsmanna gjaldi henni jákvæði sitt á fyrsta fundi. Ef slíkur meiri hluti er eigi fyrir hendi á fyrsta fundi, hvort sem er vegna ónógrar fundarsóknar eða ósamkomulags, eða af öðrum ástæðum, skal boða til annars fundar, og ræður þar afl atkvæða.

Nú er það tilvik hugsanlegt, að félagsmenn setji sér eigi lögmæta samþykkt, svo sem mælt er í 1. mgr., og ber þá þeim handhöfum stjórnarvalds, sem í 2. mgr. segir, að setja félagi samþykkt, sem gildir, unz félagsmenn sjálfir hefjast handa um setningu samþykktar.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. er einungis um orðalagsbreytingu, en eigi efnis, frá gildandi ákvæðum að tefla. Í 2. mgr. er nýmæli, er kveður á um gildistöku arðskrár.

Hafa oft risið deilur um tímamarkið milli nýrrar og eldri arðskrár. 3. mgr. laganna er bætt inn í 2. mgr. frv., og 3. mgr. er ný í samræmi við framkvæmd þá, sem verið hefur, sbr. 2. mgr. 53. gr. laganna.

Um 29. gr.

5. mgr. 56. gr. (áður 76. gr.) er ný, en er í samræmi við þá framkvæmd, sem hefur verið viðhöfð um þessi mál.

Um 30. gr.

2. mgr. þessarar greinar er nýmæli.

Oft ber nauðsyn til, að hluta af arði veiðifélags sé varið til sameiginlegra þarfa, svo sem byggingar veiðimannahúss eða annarrar mannvirkjagerðar. Eðlilegt virðist, að þessar eignir teljist fylgifé jarða á félagssvæðinu í hlutfalli við arðskrá á hverjum tíma, enda miklum vandkvæðum bundið að greiða ábúanda, er fer frá jörð á félagssvæðinu, hluta hans í þessum eignum. Rísi ágreiningur út af kröfum fráfarandi ábúanda á hendur jarðareiganda vegna framlags til veiðifélags, skal skera úr þeim ágreiningi með mati.

Um 31. gr.

Niðurfall 80. gr. leiðir af niðurfalli ákvæða um fiskræktarfélög, og niðurfall 81. gr. leiðir af því, að veiðifélög skulu verða skyldufélög, sem starfa óslitið.

Um 32. gr.

Gr. er tekin úr VIII. kafla laga nr. 53/1957, er fjallar um fiskræktarfélög, og er hún tekin hér upp í kaflann um veiðifélög, sem eru jafnframt fiskræktarfélög.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar gr. geyma að nokkru reglur 59. gr. laganna, en þau veita félagsmönnum aukna heimild til þess að friða veiðivötn. Hinn aukni réttur felst í heimild til þess: 1) að auka friðun fram yfir vikufriðun, 2) að láta vikufriðun gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, og 3) stytta hámarkslengd fastra veiðivéla. Hins vegar er þess krafizt í frv., að ⅔ atkvæða allra félagsmanna þurfi til að koma slíkum veiðitakmörkunum á. Leggja ber áherzlu á, að ráðstafanir, sem ákvæði þetta heimilar, geta leitt til skaðabótaskyldu, skv. 56. gr. frv.

Um 34. gr.

Rétt þykir, að eldisstöðvar séu háðar viðurkenningu veiðimálastjóra, enda eru þeim veitt ýmisleg sérréttindi og undanþága frá ákvæðum vissra lagagreina.

Um 35. gr.

Gr. svarar til 1. mgr. 60. gr. laga nr. 53/1957, þó þannig, að bætt er inn í gr. orðunum: „eða klak- og eldisstöðvar".

Um 36. gr.

Þessi gr. er nýmæli. Með tilkomu fiskeldisstöðva, þar sem sleppt er laxaseiðum af göngustærð í frárennsli stöðvanna í þeim tilgangi, að þau komi upp í þær aftur, verður nauðsynlegt að vernda svæðin framan við eldisstöðvar fyrir allri veiði. Vænta má, að veiði framan við eldisstöðvar verði reynd undir því yfirskini, að verið sé að veiða aðrar fisktegundir en lax. Þekkist slíkt í Elliðavogi við Reykjavík. Það er sanngirnismál, að þeir, sem ala upp laxinn, fái að njóta hans, þegar hann kemur af hafi, enda er það undirstöðuregla, sem byggt var á, er lax- og silungsveiðilögin voru samin.

Um 37. gr.

Þessi gr. er nýmæli. Koma má upp eldisstöðvum við vatnslitlar ár, og sleppa má seiðum í slíkar ár í því skyni, að fiskur gangi aftur upp í árnar. Í þurrkatíð getur orðið töf á, að fiskur gangi upp í slíkar ár, og væri þá æskilegt, að eldisstöðvar

fái undanþágu til þess að veiða fisk framan við árósana með þeim takmörkunum, sem veiðimálanefnd og veiðimálastjóri setja hverju sinni, enda sé um að ræða fisk, sem stöðin hefur alið upp. Er hér um stórkostlegt hagsmunamál fiskeldisstöðva að tefla.

Um 38. gr.

Á X. kaflanum um innflutning á lifandi fiski og hrognum eru gerðar veigamiklar breytingar og tekin upp nýmæli, sem tryggja eiga betur en gert er nú í lögum, að fisksjúkdómar berist eigi til landsins eða dreifist út innanlands. Þekking á fisksjúkdómum hefur aukizt mjög hin síðari ár og sömuleiðis skilningur á nauðsyn þess, að komið sé í veg fyrir, að fisksjúkdómar berist á milli staða og landa. Þykir nú nauðsyn bera til, að sérfróðir menn í fisksjúkdómum fjalli um slík mál og kanni sem bezt fisksjúkdóma í vatnafiskum í hverju landi, enda hefur flutningur á vatnafiski aukizt mjög hin síðari ár með ört vaxandi fiskeldi.

Með hliðsjón af nýjum viðhorfum í fisksjúkdómamálum þykir rétt að fela sérstakri nefnd sérfróðra manna, fisksjúkdómanefnd, framkvæmd fisksjúkdómamála undir yfirstjórn ráðherra, og er þetta svo og annað efni gr. nýmæli. Með formennsku í nefndinni fari yfirdýralæknir, sem leggur á ráð um meðferð dýrasjúkdómamála og sér um framkvæmd þeirra, en með honum sé veiðimálastjóri sem sérfræðingur í veiðimálum og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum sem yfirmaður dýrasjúkdómarannsókna í landinu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að skipa sérfræðing í fisksjúkdómum í Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, þegar fé verður til þess veitt í fjárlögum. Er eðlilegt að ætla fisksjúkdómafræðingi að starfa þar, enda er þar alhliða aðstaða til þess að rannsaka dýrasjúkdóma. Gert er ráð fyrir, að fisksjúkdómafræðingur kanni sjúkdóma í vatnafiskum hér á landi og verði fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis í umræddum málum.

Um 39. gr.

76. gr. er efnislega eins og 92. gr. laganna, að öðru leyti en því, að í 76. gr. er eigi leyft að flytja inn lifandi vatnafiska, heldur einungis hrogn þeirra, enda má í ýmsum tilvikum sótthreinsa hrogn, en fiskar verða eigi sótthreinsaðir á sama hátt, svo að öruggt sé. Nýmæli er það í gr. að krefjast þess, að heilbrigðisvottorð fylgi hrognasendingum erlendis frá, enda er slíkri reglu beitt í mörgum löndum.

Um 40. gr.

Í 77. gr. er bannað að flytja skrautfiska til landsins, en svo nefnast smávaxnir vatnafiskar, sem einnig hafa verið kallaðir „akvarium"-fiskar og hafðir eru í búrum í hlýju vatni, oftast í híbýlum manna. Vegna sýkingarhættu frá skrautfiskum ber nauðsyn til að fylgjast með innflutningi þeirra til landsins, eftir því sem við verður komið. Ráðherra er rétt með samþykki fisksjúkdómanefndar að leyfa tilteknum aðilum að hafa með höndum innflutning skrautfiska. Er ætlunin að koma á eftir föngum eftirliti með heilbrigði skrautfiska. Ókleift mun að koma algjörlega í veg fyrir, að skrautfiskar verði fluttir til landsins, t. d. í plastpokum, sem hafa má í vösum og í farangri ferðamanna.

Um 41. gr.

Efni 78. gr. er í aðalatriðum það sama og í 93. gr. laganna. Fisksjúkdómanefnd er ætlað að gefa fyrirmæli um sótthreinsun og sóttkví og hafa eftirlit með þessum aðgerðum í stað veiðimálastjóra og yfirdýralæknis, eins og nú er mælt í lögum. Yfirdýralæknir einn gefi fyrirmæli um flutning fisks milli landa með viðkomu á Íslandi, enda má vænta, að slík fyrirmæli muni þurfa að gefa oft með litlum fyrirvara.

Um 42. gr.

Efni 79. gr. er nýmæli. Þykir nauðsyn bera til að hafa heimild í lögum um fyrirskipun á sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar til þess að koma í veg fyrir, að

næmir sjúkdómar berist til landsins með slíkum útbúnaði. Á Bretlandseyjum herjar á lax og fleiri vatnafiska nú þessi árin hættulegur sjúkdómur, sem kallaður er roðsáraveiki, „Ulcerative Dermal Necrosis“. Gæti hann hugsanlega borizt milli landa með veiðitækjum og veiðibúnaði. Með sótthreinsun er ef til vill kleift að koma í veg fyrir útbreiðslu slíks sjúkdóms. Rétt þykir, að fisksjúkdómanefnd gefi út fyrirskipun um sótthreinsun, þegar svo stendur á, og einnig bann við innflutningi á dauðum vatnafiskum, ferskum eða frystum, ef hætta er talin á, að fisksjúkdómar geti borizt með slíkum fiskum inn í landið. Bandaríkjamenn krefjast þess, að með vatnafiskum, ferskum eða frystum, sem fluttir eru inn í Bandaríkin, fylgi vottorð frá yfirvöldum í upprunalandinu um, að fiskurinn komi eigi frá stöðum, sem ákveðnir sjúkdómar í vatnafiski finnast á. Vænta má, að fleiri þjóðir muni í framtíðinni gera kröfu til sams konar vottorða.

Um 43. gr.

Efni gr. er í 95. gr. laganna. Sú breyting er gerð á, að í stað veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og yfirdýralæknis í lögunum skuli fisksjúkdómanefnd fjalla um málin.

Um 44. gr.

81. gr. er nýmæli. Í gr. er fjallað um heilbrigðiseftirlit í klak- og eldisstöðvum og ráðstafanir, sem gera þarf í því sambandi. Með vaxandi fiskeldi í landinu verður nauðsyn á að koma á slíku heilbrigðiseftirliti. Fiski í eldisstöðvum er þjappað saman í miklu magni á lítil svæði, og er fiski þá hættara við kvillum og jafnvel skæðum sjúkdómum. Með eftirliti fæst reynsla um heilsufar alifisks. Mun það stuðla að lækningu á kvillum og skjótri greiningu á banvænum sjúkdómum, sem gera verður sérstakar varúðarráðstafanir gegn, í því skyni að hefta útbreiðslu þeirra.

Um 45. og 46. gr.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði skyldu sýslumenn ótilkvaddir af eigendum hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi selalátra og selalagna. Einnig skyldu sýslumenn lýsa friðhelg ný selalátur, er þættu til þess hæf. Sýslumenn munu í meira eða minna mæli hafa látið farast fyrir að framkvæma friðlýsingu þá, sem mælt er í nefndu lagaákvæði. Hefur því brostið friðlýsingu á selalátrum, þar sem menn hafa stundað selveiði frá fornu fari. Hefur þetta leitt til þess, að dómstólar hafa orðið að skýra ákvæði 13. kafla laga nr. 53/1957 með hliðsjón af ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttinda, sbr. dóm hæstaréttar upp kveðinn 17. nóv. 1967. Ákvæðum 42. og 43. gr. er breytt með hliðsjón af þessu. Í 42. gr. eru felld niður orðin „hverjum manni“, og í 1. og 2. mgr. 43. gr. er sett inn orðið „arðgæf“ í stað orðsins „friðlýst“.

Um 47. gr.

Í 2. mgr. þessarar greinar er fellt niður ákvæðið, að bætur skuli „ákveðnar í eitt skipti fyrir öll“. Er þetta ákvæði ósanngjarnt á verðbólgutímum. Í frv. er ákveðið, að bætur skuli greiddar í arðskrárhlutfalli, í stað þess að veiðieigendur greiði þær „að tiltölu við veiði sína síðasta ár“.

Um 48. gr.

Í 2. mgr. er bætt tveimur nýjum stafliðum, a og c, og inn í staflið f (áður staflið d) er bætt orðinu „fiskeldi“. Í staflið a er tekið fram, sem er vitaskuld, að veiðimálastjóri annist þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum. Stafliður c er nýmæli. Fiskmerkingar eru mikilvægur þáttur í rannsóknum á ferðum fiska og á því, hve mikill hluti þeirra er veiddur. Því meir sem það tíðkast að sleppa seiðum í veiðivötn, því mikilvægara verður það að kanna með merkingum, hvaða árangur verður af því að sleppa seiðum við mismunandi skilyrði. Þar sem merkja þarf fisk í mörgum ám, er nauðsynlegt, að einn aðili, þ. e. veiðimálastjóri, hafi slíkar merk-

ingar með höndum og geti leyft öðrum að merkja fisk, enda fari sá, er í hlut á, eftir því kerfi, sem veiðimálastjóri hefur á merkingum, enda er annars hætt við, að ringulreið skapist og að lítið verði að marka niðurstöður af slíkum merkingum. Samkvæmt lögunum fer veiðimálastjóri með rannsóknir vatnafiska. Er honum því ætlað að samræma allar merkingar á vatnafiskum. Með þessari mgr. eru tekin af öll tvímæli um tilhögun á merkingu vatnafiska.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir fjölgun manna í veiðimálanefnd úr þremur í fimm og skuli Landssamband stangarveiðimanna og Landssamband veiðifélaga tilnefna hvort sinn viðbótarmanninn. Aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir á sama hátt og áður. Þá er bætt inn því ákvæði, að varamenn skuli skipa með sama hætti og aðalmenn.

Í 2. mgr. er greint nákvæmar um verkefni veiðimálanefndar en gert er nú í lögum. Í 3. og 4. mgr. eru nýmæli. Þótti rétt að setja skýr ákvæði um þau efni, er þar greinir.

Um 50. gr.

Efni gr. er nýmæli. Með hækkandi verðlagi á veiðifangi hefur ásækni manna aukizt í að veiða lax og silung ólöglega. Eftirlitsmenn með veiði starfa nú um laxveiðitímann við margar ár, og ber nauðsyn til að auðvelda þeim erfitt starf eftir föngum. Eftirlitsmönnum er af þessum sökum veitt heimild til að krefja menn sagna um uppruna veiði, sem grunur leikur á, að sé ólöglega fengin, og jafnvel að gera leit að ólöglegu veiðifangi í verzlunum og geymsluhúsum án úrskurðar dómara, en gera skuli þeir dómara þegar viðvart, þegar slík leit hefur farið fram, en honum ber þegar að taka ákvörðun um málið.

Um 51. gr.

Afskipti opinberra aðila af veiðimálum eru nýlegt fyrirbæri. Hafa fjárveitingar til starfsemi á vegum ríkisins í þeirra þágu svo og til styrkveitinga vegna fiskræktaraðgerða verið mjög skornar við nögl fram undir það síðasta. Veiðihlunnindi hafa vaxið að magni og verðmætum, og enn má stórauka tekjur af veiði. En til þess að auka verðmæti veiðinnar þarf mikið starf að koma til af hendi ríkisins, félaga og einstaklinga. Menn leita til ríkisins um framlög til þessa, bæði fræðileg og fjárhagsleg. Ber því brýna nauðsyn til að stórauka fjárframlög til veiðimála. Er gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður til þess að efla veiðimálin, en úr honum verði veitt fé m. a. til að stuðla að því, að reyndar verði nýjungar í veiðimálum, styrktar framkvæmdir, svo sem fiskvegagerð og bygging eldisstöðva, með beinum fjárframlögum og lánum. Brýn þörf er á að byggja á næstu árum um 20 fiskvegi fyrir um 12—15 milljónir króna. Nema lögbundnar styrkveitingar úr ríkissjóði þriðjungi af þeirri fjárhæð. Þá er þess að vænta, að styrkja þurfi á næsta áratug nokkrar eldisstöðvar, sem geti kostað 5—15 milljónir króna hver.

Um 52. gr.

Í gr. er gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum til handa fiskræktarsjóði auk framlags beint úr ríkissjóði, og er fjárheimtum stillt mjög í hóf. Mikilvægasti tekjuliðurinn yrði 2‰ af óskírum (brúttó) tekjum vatnsaflsstöðva, og mundi hann nema 300 þúsund krónum, miðað við rafmagnssölu 1968. Er eigi ósanngjarnt, að lítið brot af þeim tekjum, sem vatnsaflið veitir, gangi til þess að búa betur um fiskinn í veiðivötnunum heldur en náttúran gerir sjálf óstudd. Þá er gert ráð fyrir, að veiðimenn greiði árlegt gjald í sjóðinn, en kvittunin, þ. e. veiðimiðinn, eins og hún er kölluð í frv., veiti heimild til þess að veiða lax og silung og kaupa leyfi til slíkrar veiði. Enn fremur er veiðifélögum gert að greiða 2% af skírum tekjum sínum til sjóðsins. Aðrir tekjuliðir eru tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins eftir ákvörðun ráðherra og aðrar tekjur, eins og t. d. gjafir til sjóðsins.

Eðlilegt þykir, að veiðimálanefnd og veiðimálastjóri fari með stjórn sjóðsins, en ráðherra setji honum starfsreglur.

Um 53. gr.

Gr. er að mestu í samræmi við 105. gr. laganna. Í upphafi gr. koma orðin „úr fiskræktarsjóði“ í stað orðanna „úr ríkissjóði“, en samkvæmt 90. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður m. a. leggi fiskræktarsjóði til fé.

Um 54. gr.

Leiðir þetta af breyttri löggjöf um lánasjóði landbúnaðarins.

Um 55. gr.

Menn standa oft í þeirri trú, að þeir hafi tveggja mánaða málskotsfrest samkvæmt lögunum, og verða því of seinir fyrir um málskot. Þykir því eðlilegt að breyta orðunum „8 vikur“ í orðin „tveir mánuðir“.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. koma í stað orðanna „með öllu“ orðin „að mestu eða öllu“. Þykir rétt að rýmka skaðabótarétt manna á hendur ríkissjóði og sýslusjóði frá því, sem nú er í lögum.

Í nefndinni var um það rætt, hvort setja bæri beinar og meiri lagahömlur en frv. gerir ráð fyrir á rétt manna til að veiða með föstum veiðivélum. Eigi þótti tiltækt að gera það, nema leggja þá um leið skaðabótaskyldu á opinbera aðila. Hins vegar er veiðifélögum með 61. gr. frv. veittur réttur til að takmarka í friðunarskyni með ⅔ hlutum atkvæða allra félagsmanna veiði í fiskihverfi veiðifélags. Af slíkum takmörkunum getur leitt bótaskyldu, og kveður þessi mgr. á um, hvernig þeirri bótaskyldu skuli til lykta ráðið. Samkvæmt þessu geta félagsmenn friðað veiðivötn í fiskihverfi sínu umfram það, sem fastákveðið er í lögum, gegn því að taka á sig að greiða bætur til þeirra, er af því bíða tjón.

Um 57. gr.

Refsiákvæðin, sem áður var dreift í 110.—113. gr. laganna, hafa öll verið flokkuð í þessari gr. frv., og refsimörkin hafa verið stórum rýmkuð, þannig að dómstólum er veitt miklu meira ákvörðunarrúm en áður var. Virðast ákvæðin, eins og þau liggja nú fyrir, vera miklu skýrari og aðgengilegri en er í lögunum. Benda má á, að refsing fyrir laxveiði í sjó er hert að miklum mun.

Um 58. gr.

Gr. er efnislega óbreytt frá 114. gr. laganna.

Um 59. gr.

Ákvæði gr. eru tekin úr 1. mgr. 110. gr. laganna og er sektarupphæð felld niður.

Um 60. gr.

Ákvæði gr. er tekið úr 115. gr. laganna og bætt er við hana orðunum: „sbr. þó 98. gr.“

Um 61. gr.

Gr. breytir um röð.

Um 62. gr.

Gr. er nýmæli. Heppilegt er, að löggæzlumenn á flugvélum Landhelgisgæzlunnar hafi eftirlit með veiðimönnum í veiðivötnum landsins, þá er flugvélar þessar eru

á gæzluflugi. Heppilegt er að létta á héraðsdómurum rannsókn og uppsögn dóma vegna brota á löggjöf þessari, Virðist eðlilegt að skipa sakadómara í Reykjavík til þess að fjalla um þessi mál.

Um 63.—66. gr.

Þurfa eigi skýringar við.

Fylgiskjal.

Eftirmáli.

Að framanrituðu frv. ásamt athugasemdum standa Gizur Bergsteinsson, Gunnlaugur E. Briem og Þór Guðjónsson svo og Þórir Steinþórsson, samkvæmt símskeyti til veiðimálastjóra, ritara nefndarinnar, dags. í dag, sbr. þó aths. við 23. gr. Í símskeyti til formanns nefndar, dags. 15. jan. 1969, segir nefndarmaðurinn Bjartmar Guðmundsson: „Geri ekki ágreining varðandi frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir hjá formanni nefndarinnar, en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að endurskoða það nánar, þegar Alþingi tekur það fyrir til meðferðar". Nefndarmaður Halldór Pálsson segir í bréfi til formanns, dags. 18. janúar 1969: „Þar eð ég undirritaður get ekki mætt á síðasta fundi nefndarinnar, sem halda á laugardaginn 18. janúar 1969 kl. 10.00 f. h., vil ég hér með taka fram, að ég er í meginatriðum sammála **Frumvarpi til laga** um breytingu á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, sem nefndin hefur samið, en hef þó fyrirvara um nokkur atriði og áskil mér rétt til að gera breytingartillögur við eða fylgja breytingartillögum, sem kunna að koma fram við einstakar greinar frumvarpsins". Nefndarmennirnir Jón Ármann Héðinsson, Guðmundur J. Kristjánsson og Jakob V. Hafstein eru samþykkir frv. í sumum greinum, en eigi öðrum, og hafa samið sérfrv. um ágreiningsefnin.

Reykjavík, 22. janúar 1969.

Gizur Bergsteinsson. Gunnl. E. Briem. Þór Guðjónsson.

Ed. 543. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefur nefndin athugað og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Jón Árnason, frsm.
Páll Þorsteinsson. Karl Guðjónsson. Jónas G. Rafnar. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 544. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefur nefndin athugað og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með nokkrum breytingartillögum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Karl Guðjónsson. Jón Árnason. Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 545. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við 13. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori, fyrr en sveitarstjórn leyfir.
2. Við 15. gr. Fyrir orðin „og skal hún þá breyta fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveða hreppnum“ komi: og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum.
3. Við 17. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: og má þá taka málið upp aftur að tveim árum liðnum.
4. Við 32. gr. Niðurlag greinarinnar „ef handvömm er um að kenna“ falli niður.
5. Við 66. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.

Sþ. 546. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og undirbúning stóriðju á Reyðarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar og leitað um hana umsagnar hjá nokkrum aðilum.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir markvissum rannsóknum á möguleikum til koparvinnslu í Svínhólalandi í Lóni og rannsóknum á járnmagni í Héraðssöndum og við Hornafjarðarfljót og á þeim jarðefnum eða málmum, sem verða mættu framleiðsluþættir í stærri eða minni mæli á Austurlandi. Enn fremur að hefja nú þegar könnun til undirbúnings stóriðju á Reyðarfirði eða öðrum stað á Austfjörðum.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og könnun til undirbúnings stóriðju á Austfjörðum.

Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form. Jónas Pétursson, fundaskr. Matthías Bjarnason, frsm.
Friðjón Þórðarson. Vilhjálmur Hjálmarsson. Jónas Jónsson.

Nd. 547. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og hefur það verið borið tölulega saman við Ríkisreikninginn 1967, og var frumvarpið í samræmi við hann.

Á fund nefndarinnar kom Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri og ræddi sérstaklega þær athugasemdir, sem þingkjörnir endurskoðendur vísuðu til aðgerða Alþingis, og gaf upplýsingar þar um.

Nefndin undirstrikar athugasemdir þær, sem þar eru gerðar varðandi reikningsgerð Ríkisútvarpsins, og leggur áherzlu á, að Ríkisendurskoðunin sjái svo um, að eftir þeim verði farið.

Athugasemdir við reikninga Skipaútgerðar ríkisins 1967 hafa verið skýrðar, og þar sem upplýst er, að skipan mála þar hefur þegar verið breytt, gefur það ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmanna, Sigurður Ingimundarson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. — Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara. Guðl. Gíslason. — Gunnar Gíslason.

Nd. 548. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Yfirskoðunarmenn hafa gert 20 athugasemdir við reikninginn. Þar kemur m. a. fram, að af innheimtum ríkissjóðstekjum á árinu voru 200 millj. kr. í vörzlum innheimtumanna í árslokin. M. ö. o., þeir voru ekki búnir að skila þessu fé til ríkissjóðs.

Tíu innheimtumenn áttu eftir að skila af sér í árslokin yfir 40% af innheimtu fé, og fjórir áttu þá eftir að skila 61.2%—70.8% af því, sem þeir höfðu innheimt á árinu.

Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna eru innheimtumennirnir ekki látnir skila fénu til ríkissjóðs, strax þegar þeir hafa innheimt það?

Hér er óreiða, sem skylt er að uppræta tafarlaust.

Fleira ihugunarvert kemur fram í athugasemdum yfirskoðunarmanna, svo sem einkennilegar afskriftir og bókhaldsaðferðir hjá ríkisútvarpinu, en að því mun meiri hl. fjárhagsnefndar víkja í sínu nefndaráliti. Þá má nefna lánveitingar úr ríkissjóði og útistandandi skuldir hjá ríkisstofnunum og athugasemd við reikninga húsameistaraembættisins.

Ríkisendurskoðunin hefur ekki enn lokið endurskoðun allmargra reikninga fyrir árið 1967, og nokkuð er óendurskoðað frá fyrri árum. Undirritaðir leggja til, að Alþingi fresti afgreiðslu ríkisreikningsins, þar til endurskoðun þeirra reikninga, sem hann er byggður á, er að fullu lokið.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Skúli Guðmundsson, frsm. — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. **549. Nefndarálit** [166. mál]

um frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum, leitað álits skólastjóra, kennara og nemenda menntaskólanna, rætt við höfunda frv. og fengið tillögur fleiri aðila.

Nefndin er sammála í afstöðu sinni til frv., telur það stórmerkan áfanga í þróun menntaskólanna og leggur áherzlu á, að það verði gert að lögum og síðan framkvæmt heilhuga. Nefndin er sammála um nokkrar breytingartillögur, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Kvennaskólinn í Reykjavík.

Í grg. frv. kemur fram, að nefndin, sem samdi það, hefur fengið til umsagnar ósk Kvennaskólans í Reykjavík um leyfi til að útskrifa stúdenta. Um þetta mál varð menntamálanefnd sammála um að skrifa menntamálaráðherra eftirfarandi bréf:

„ALÞINGI

Neðri deild, 25. marz 1969.

Menntamálanefnd neðri deildar hefur rætt um ósk Kvennaskólans í Reykjavík um leyfi til að útskrifa stúdenta, en sú umsókn er gerð að umtalsefni í greinargerð menntaskólafrumvarpsins.

Nefndinni er ljóst, að hugsanlegt sé að túlka 5. gr. frv. svo, að samkvæmt henni gæti ráðherra gert Kvennaskólann að menntaskóla, þrátt fyrir 4. gr. Þó telur nefndin þetta hæpna málsmeðferð og ekki æskilega.

Nefndin vill minna á, að auk menntaskólanna hafa tveir skólar heimild til að útskrifa stúdenta. Um þá er ekki fjallað í frumvarpinu, enda eru þeir ekki menntaskólar.

Í samræmi við þetta telur nefndin rétt, að um heimild til að leyfa Kvennaskólanum að útskrifa stúdenta verði fjallað í sérstöku frumvarpi.

Menntamálanefnd samþykkti á fundi í dag að skrifa hæstvirtum menntamálaráðherra og tjá honum þessi sjónarmið.

Virðingarfyllst,

f. h. menntamálanefndar neðri deildar,

Benedikt Gröndal. Bjartmar Guðmundsson.

Til menntamálaráðherra.“

Breytingartillögur verða skýrðar í framsögu.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Bjartmar Guðmundsson, fundaskr.	Sigurvin Einarsson.
Hannibal Valdimarsson.	Gunnar Gíslason.	Magnús Kjartansson.

Nd. **550. Breytingartillögur** [166. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.
2. Við 9. gr.
   a. Annar málsliður 1. málsgr. orðist svo:
      Meðalkennslustund er 45 mínútur.
   b. Í stað orðanna „frjálsar valgreinar“ í 2., 5. og 7. málsgr. komi: valgreinar.
3. Við 13. gr.
   a. Annar málsliður 1. málsgr. orðist svo:
      Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a.:
   b. Í stað orðsins „Yfirkennari“ í lið A. 1. komi: Aðstoðarskólastjóri.
   c. Í stað orðsins „Deildakennarar“ í lið A. 3. komi: Yfirkennarar.
4. 15. gr. orðist svo:
   Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna:
   a. sem lokið hafa við háskóla eða aðra jafngilda stofnun prófi í aðalkennslugreinum sínum, er um þekkingarkröfur og námstíma sé sambærilegt við cand. mag.-próf frá Háskóla Íslands;
   b. sem hafa lokið B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi og gangi þeir næst þeim, sem um getur í a-lið, hvað snertir réttindi til kennslu í menntaskólum.

   Kennararnir skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

   Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

   Undanþágu frá þessu ákvæði má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi jafnan á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun (sbr. a-lið) til að stjórna kennslu í hverri grein.
5. Við 18. gr.
   a. Í stað orðsins „Starfandi“ í 1. málsgr. komi: Fastir.
   b. Orðin „ef eigi koma aðrir styrkir til“ í 1. málsgr. falli niður.
6. Við 19. gr. Orðin „fyrir menntaskólastigið“ falli niður.
7. Við 21. gr. Í stað orðsins „bókasafn“ komi: safn bóka og annarra kennslugagna.
8. Við 22. gr. Annar málsl. orðist svo:
   Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og nemenda (sbr. 23. gr.).
9. Við 23. gr.
   a. Annar málsl. orðist svo:
      Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um það.
   b. Orðið „hljóta“ í síðasta málsl. falli niður.
10. Við 26. gr. 1. málsl. orðist svo:
    Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

Nd. 551. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. og 3. gr. laganna verði 1. gr. og orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð, settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leita um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli, annar en síld, sé upptækur til ríkissjóðs.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskrannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu og flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari málsgr. skal ávallt tímabundið.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er íslenzkum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þá er rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sé annars ekki getið.

A. Norðurland.

A 1. Frá línu, réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er átta sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07.5′ n.br. 21°31.2′ v.lg.) og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A 2. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A 1, og takmarkast svæði þetta að vestan og austan, svo sem í A 1 greinir.

A 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið á svæði því, sem um getur í A 2, að undanskildu því svæði og þeim tíma, er getur í A 5.

A 4. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A 1, og takmarkast svæði þetta að vestan og austan, svo sem í A 1 greinir.

A 5. Þrátt fyrir ákvæði A 3 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á tímabilinu 1. júní til 1. október á svæði, sem takmarkast af línu, réttvísandi norður af Rauðunúpum (grunnlínupunktur 6), og línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9).

A 6. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.
A 7. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B 1. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9), að línu, réttvísandi norðaustur frá Bjarnarey (65°47.1′ n.br. 14°18.3′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan við grunnlínu milli eftirfarandi staða: Langaness (grunnlínupunktur 9), Skálatóarskers (65°59.7′ n.br. 14°37.5′ v.lg.) og Bjarnareyjar (65°47.1′ n.br. 14°18.3′ v.lg.).
B 2. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, er í B 1 getur.
B 3. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Bjarnarey (65°47.1′ n.br. 14°18.3′ v.lg.), að línu, réttvísandi norðaustur af Ósfles (65°37.8′ n.br. 13°55.4′ v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
B 4. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Ósfles (65°37.8′ n.br. 13°55.4′ v.lg.), að línu, réttvísandi suðaustur af Selskeri (grunnlínupunktur 17), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu, sem dregin er milli Ósflesjar, Almenningsflesjar (65°33.1′ n.br. 13°40.6′ v.lg.), Glettinganess (grunnlínupunktur 10) og grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3/1961 (grunnlínupunktar 11—17).
B 5. Á tímabilinu 1. nóvember til 1. maí er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á svæði því, sem um getur í B 4, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, sem þar getur.
B 6. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalsbaks.

C. Suðausturland.

C 1. Frá línu, réttvísandi suðaustur af Selskeri (grunnlínupunktur 17) að 18° vestlægri lengd, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961.
C 2. Á tímabili því, sem í C 1 segir, er skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er milli Selskers (grunnlínupunktur 17) og Hvítinga (grunnlínupunktur 18) og síðan í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á svæði, sem takmarkast að austan af línu, réttvísandi suðaustur frá Hvítingum (grunnlínupunktur 18) og að vestan svo sem í C 1 greinir.

D. Suðurland.

D 1. Frá 18° vestlægri lengd til 20° vestlægrar lengdar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961.
D 2. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem í D 1 greinir.

D 3. Frá 20° vestlægri lengd að línu, réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48.0′ n.br. 22°42.7′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 28), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 29), Einidrangs (63°27.4′ n.br. 20°37.2′ v.lg.), Selvogs (63°49.1′ n.br. 21°39.4′ v.lg.), Hópsness (63°49.3′ n.br. 22°24.6′ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30), sbr. þó D 8 og D 9.

D 4. Á tímabilinu 1. maí til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, er í D 3 getur, á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem þar greinir, sbr. þó D 8 og D 9.

D 5. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, og takmarkast svæði þetta að austan og vestan, svo sem getur í D 3, sbr. þó D 8 og D 9.

D 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman, og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárós (63°46.5′ n.br. 20°49.0′ v.lg.), sbr. þó D 9.

D 7. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22°32′ vesturlengdar, sbr. þó D 9.

D 8. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman. Enn fremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

D 9. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem um getur í D 3—D 7.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E 1. Frá línu, réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, að línu, réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52.8′ n.br. 22°44.2′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. þó E 9.

E 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir eða minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem í E 1 getur, utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. þó E 9.

E 3. Frá línu, réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52.8′ n.br. 22°44.2′ v.lg.), að 64°40′ norðlægrar breiddar, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan grunnlínu milli Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30) og Gáluvíkurtanga (64°44.9′ n.br. 23°55.3′ v.lg.), sbr. þó E 9.

E 4. Á tímabilinu 1. október til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 1 sjómílu innan við grunnlínu þá, er getur í E 3, milli 64°0′ norðlægrar breiddar og 64°35′ norðlægrar breiddar, sbr. þó E 9.

E 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti, 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi (63°52.8′ n.br. 22°44.2′ v.lg.) í punkt, 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04.9′ n.br. 22°41.7′ v.lg.), og þaðan í Malarrifsvita (64°43.7′ n.br. 23°48.5′ v.lg.), en að norðan og sunnan takmarkast svæði þetta, svo sem um getur í E 3, sbr. þó E 9.

E 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 1. janúar á svæði, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða og í réttvísandi vestur frá þeim, sbr. þó E 9:

a) 64°12′ n.br., 22°20′ v.lg.

b) 64°25′ n.br., 22°30′ v.lg.

E 7. Frá 64°40′ n.br. að línu, réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita (64°53.1′ n.br. 24°02.9′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið að línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30), Gáluvíkurtanga (64°44.9′ n.br. 23°55.3′ v.lg.), Hraunvarar (64°49.6′ n.br. 24°01.0′ v.lg.), Skálasnaga (grunnlínupunktur 32) og Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), sbr. þó E 9.

E 8. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 1. janúar upp að meginlandi, en þó ekki austan við línu, sem dregin er úr Malarrifsvita í punkt, 4 sjómílur réttvísandi vestur frá Garðskagavita, en að norðan og sunnan takmarkast svæði þetta, svo sem getur í E 7, sbr. þó E 9.

E 9. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í E 1—E 8.

F. Breiðafjörður.

F 1. Frá línu, réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, (grunnlínupunktur 33), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sbr. þó F 5.

F 2. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti, 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita í Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 250° úr stað á 65°09′ n.br. 23°40′ v.lg. og 290° úr stað á 65°19′ n.br. 23°51′ v.lg., sbr. þó F 5.

F 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 16. september utan línu, sem dregin er 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita og þaðan í punkt 65°0′ n.br. 23°30′ v.lg. og þaðan í punkt 65°09′ n.br. 23°40′ v.lg., og línu, sem dregin er í 250° réttvísandi stefnu úr þeim punkti, sbr. þó F 5.

F 4. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er réttvísandi 250° úr punkti 65°09′ n.br., 23°40′ v.lg., og línu úr þeim punkti í punkt 65°19′ n.br., 23°51′ v.lg., og þaðan í réttvísandi 290°, sbr. þó F 5.

F 5. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 1. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í F 1—F4.

G. Vestfirðir.

G 1. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. október til 1. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjó-

mílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, á eftirgreindum svæðum:

a) á svæði, sem takmarkast af línum, réttvísandi 300° frá Kópanesi (grunnlínupunktur 34) og Fjallaskagavita (66°0.4′ n.br., 23°48.8′ v.lg.) og

b) á svæði, sem takmarkast af línum, réttvísandi norðvestur frá Rit (66°21.3′ n.br., 23°11.5′ v.lg.) og réttvísandi norður frá Kögri (grunnlínupunktur 37).

3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr. og orðist svo:

Heimildir þær, sem veittar eru í 2. gr. til veiða með botnvörpu og flotvörpu, taka og til dragnótaveiða. Að öðru halda áfram gildi sínu lög nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

4. gr.

2. gr. laganna verði 4. gr. og orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, þar sem því er óheimil veiði, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

5. gr.

Í 4. gr. laganna, sem verði 5. gr., komi í stað orðanna: „1. gr.“ orðin: 1., 2. og 3. gr., og í stað orðanna: „2. gr.“ orðin: 4. gr.

6. gr.


Í 6. gr. laganna, sem verði 7. gr., komi í stað orðanna: „1. gr.“ orðin: 1., 2. og 3. gr. og í stað orðanna: „4. gr.“ orðin: 5. gr.

7. gr.

5.—8. gr. laganna verði 6.—9. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. laganna gilda til ársloka 1971.


HEIMILD TIL BOTNVÖRPU- OG FLOTVÖRPUVEIÐA Í FISKVEIÐI-LANDHELGI ÍSLANDS
ÍSLENZKU SJÓMÆLINGARNAR 1969
opið allt árið
lokað 1.júní til 1.okt.
1.okt. til 16.apr. — 105 t allt árið
1.okt. til 16.apr.
opið allt árið
1.okt. til 16.apr.
opið allt árið
1.nóv til 1.maí
opið allt árið
1.maí til 1.marz
350 t 1.maí til 1.marz
105 t 15.feb. til 16.apr.
1.maí til 1.jan.
105 t allt árið
105 t 1.júní til 1.jan.
1.okt. til 1.jan.
350 t allt árið
opið allt árið
105 t 1.júní til 16.sept.
16.sept. til 1.jan.
105 t 16.sept. til 1.jan.
350 t 1.okt. til 1.jan.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir tillögum landhelgismálanefndar, sem skipuð var af sjávarútvegsmálaráðherra á s. l. hausti. Fylgir greinargerð nefndarinnar hér á eftir sem fylgiskjal.

Í örstuttu máli má segja, að meginbreytingar á heimildum til togveiða frá því, sem heimilað var með reglugerðum frá árunum 1958 og 1961, séu þessar:

Fyrir Norðurlandi er gert ráð fyrir auknum veiðiheimildum við Kolbeinsey og Grímsey og að vetri til fyrir Norðurlandi öllu, þ. e. togveiðum 2—4 sjómílum nær landi en áður var.

Fyrir Austurlandi er gert ráð fyrir auknum veiðiheimildum að vetri til á Bakkaflóa. Enn fremur allt árið á Héraðsflóa og við Hvalsbak, en þar er gert ráð fyrir að veiðar séu heimilaðar að 3 sjómílum frá landi.

Fyrir Suðurlandi er gert ráð fyrir að veiðiheimildir stærri skipa verði nokkuð rýmkaðar. Aukning heimilda er þó einkum fyrir skip undir 105 rúmlesta stærð, en þeim verður leyft að stunda veiðar að 3 sjómílum frá landi.

Við Faxaflóa er gert ráð fyrir að stærri skip fái heimild til togveiða að 4 sjómílna mörkum. Skipum undir 350 rúmlestum verða heimilaðar veiðar utan línu úr Garðskaga í Malarrif og skip undir 105 rúmlestum að stærð fá tímabundna heimild til togveiða inni í Faxaflóa.

Á Breiðafirði fá stærri skip heimild til togveiða allt árið að 4 sjómílna mörkum. Skip undir 350 rúmlestum fá auk þess tímabundnar heimildir til togveiða á Breiðafirði. Skip undir 105 rúmlestum fá þó rýmstar heimildir á Breiðafirði.

Á Vestfjörðum verða opnuð tvö svæði að 4 sjómílna mörkum, þar sem togveiðar verða heimilaðar fyrir skip 350 rúmlestir og minni.

Greinargerð Landhelgismálanefndar 1969.

Skipun, verksvið og vinnutilhögun nefndarinnar.

Með bréfum, dags. 2. okt. 1968, skipaði sjávarútvegsmálaráðuneytið eftir tilnefningu stjórnmálaflokkanna, eftirtalda menn í nefnd, sem hér á eftir verður kölluð landhelgismálanefnd:

Guðlaug Gíslason, alþm. og Sverri Júlíusson, alþm. tilnefnda af Sjálfstæðisflokknum. Jón Skaftason, alþm. tilnefndan af Framsóknarflokknum. Lúðvík Jósefsson, alþm. tilnefndan af Alþýðubandalaginu. Jón Ármann Héðinsson, alþm. tilnefndan af Alþýðuflokknum, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Jón L. Arnalds, deildarstjóri, var ráðinn ritari nefndarinnar.

Um verkefni nefndarinnar segir svo í skipunarbréfunum:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa fimm manna nefnd samkvæmt tilnefningu stjórnmálaflokkanna, til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni. Tillögurnar eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða. Við tillögugerð sína skal nefndin gæta sérstaklega, að nauðsynlegt er að forðast ofveiði nytjafiska".

Nefndin hóf störf í síðustu viku október s. l. Nefndarmenn ákváðu þegar í upphafi, að viða að sér sem mestum upplýsingum varðandi málið. Þess vegna ákvað nefndin, að rétt væri að fara í ferðalag vítt um landið og halda fundi með sjó- og útgerðarmönnum og þeim öðrum aðilum, sem áhuga hefðu á þessum málum. Til þess að ná sem beztum árangri í fundahöldunum, ákvað nefndin að skipta landinu niður í viss svæði, sem hefðu sem mestra sameiginlegra hagsmuna að gæta, þótt hér geti verið um ýmsa annmarka að ræða við slíka niðurröðun. Einnig ritaði nefndin alþingismönnum og fór fram á, að þeir beittu sér fyrir því, að sérstök nefnd á viðkomandi svæði starfaði og skilaði áliti um tillögugerð eða hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar til landhelgismálanefndarinnar. Þessar nefndir hafa starfað og sumar

vel. Landhelgismálanefndin hefur í ýmsum atriðum farið eftir þeim tillögum, sem fram komu á þessum fundum.

Fundir landhelgismálanefndarinnar utan Reykjavíkur urðu alls 9 og mættu menn mjög vel á þessa fundi og voru haldnar alls nær 200 ræður um landhelgismálið og létu menn þar í ljós skoðanir sínar um, hvernig heppilegast væri að hagnýta fiskveiðilögsöguna. Það kom greinilega í ljós, að skoðanir manna fóru mjög á mis og verulega voru þær mótaðar af þeirri aðstöðu, sem fyrir hendi er til útgerðar í dag. Hins vegar er rétt að undirstrika það, að alls staðar kom það skýrt fram, að menn spurðu ekki: **Á að auka togveiðar, heldur hvernig á að auka togveiðar innan fiskveiðilögsögunnar.** Þetta eru verulega breytt viðhorf frá því sem áður var.

Auk þessa hefur nefndin rætt við stjórnendur þeirra stofnana, sem sérstaklega fjalla um þessi mál, svo og fyrirsvarsmenn þeirra samtaka, er hagsmuna hafa að gæta við fiskveiðarnar. Nefndin hefur haft fundaraðstöðu í Þórshamri og hefur hún haldið þar 40 bókaða fundi, en auk þess hafa einstakir nefndarmenn unnið mikið starf á milli funda og svarað fjölda fyrirspurna í síma og með öðru móti.

Auk alls þessa undirbúnings taldi nefndin rétt að halda sérstaka fundi með þingmönnum og kynna frumhugmyndir og tillögugerð um auknar togveiðiheimildir í fiskveiðilögsögunni. Þessir fundir urðu fjórir.

Á þessum þingmannafundum urðu umræður um viðhorf í landhelgismálinu og frumhugmyndir nefndarinnar ræddar. Nefndarmenn notuðu tækifærið til að greina frá ýmsum sjónarmiðum, sem fram höfðu komið á fundum út um land, svo og svara fyrirspurnum um málið.

Þá fór nefndin einnig á fund Jóns Jónssonar, fiskifræðings, forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar, og hlýddi þar á fyrirlestur og kynnti sér gögn um veiðar Íslendinga og útlendinga á hafinu við Ísland.

Á grundvelli þessa starfs og þeirra gagna, sem hér hefur verið getið, setur nefndin fram ákveðnar tillögur um auknar togveiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni.

Árið 1948 voru sett lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, lög nr. 44 5. apríl 1948. Stækkun landhelginnar til þessa dags hefur verið gerð með reglugerð samkvæmt lögum þessum, en í 1. gr. þeirra segir: „Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum.“

Með reglugerð nr. 46 22. apríl 1950, um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, sem sett var samkvæmt lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948, var fiskveiðilandhelgi fyrir Norðurlandi á svæðinu frá Horni að Langanesi ákveðin 4 sjómílur út frá tilteknum beinum grunnlínum, sem dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða, og voru þessir grunnlínustaðir tilgreindir í 1. gr. reglugerðarinnar. (Sjá meðfylgjandi uppdrátt).

Með reglugerð nr. 21 19. marz 1952, sem einnig var sett samkvæmt lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948, var fiskveiðilandhelgi við Ísland, allt í kringum landið, ákveðin 4 sjómílur út frá tilteknum beinum grunnlínum, er dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða, og voru grunnlínustaðir tilgreindir í 1. gr. reglugerðarinnar. Sjálfstæða landhelgi höfðu samkvæmt 1. gr. Kolbeinsey, Hvalsbakur, Geirfugladrangur og Grímsey. (Sjá meðfylgjandi uppdrátt).

Með síðastgreindri reglugerð voru bannaðar veiðar með botnvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi. Var bannið við botnvörpu staðfest með lögum nr. 82 8. desember 1952 um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Jafnframt voru flotvörpuveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi. Þó var ráðherra veitt heimild til að veita undanþágu frá banninu, til að stunda kampalampaveiðar og

leturhumarveiðar á tilteknum svæðum, svo og til að leyfa síldveiðar í landhelgi með flotvörpu. Lög þessi voru staðfesting á bráðabirgðalögum nr. 44 30. apríl 1952.

Samkvæmt reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958, var fiskveiðilandhelgin ákveðin 12 sjómílur. Var reglugerð þessi sett með vísan til áðurgreindra landgrunnslaga nr. 44/1948. Fiskveiðilandhelgin var afmörkuð 12 sjómílur utan við grunnlínu, sem dregin var milli þar tilgreindra staða, og eru grunnlínustaðir hinir sömu og eftir reglugerð nr. 21/1952. (Sjá meðfylgjandi uppdrátt).

Með reglugerð nr. 87 29. ágúst 1958 var íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilað að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, eins og hún var ákveðin með reglugerð nr. 70 30. júní 1958, á vissum veiðisvæðum og tíma, en þó utan þeirra fiskveiðitakmarka, sem ákveðin voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952 (þ. e. utan við línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínur, er dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. (Sjá meðfylgjandi uppdrætti).

Lög nr. 6 17. febrúar 1959 um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum fella úr gildi áðurgreind lög nr. 82/1952. Þau kveða svo á, að í „fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin með reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skuli bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 31 19. marz 1952". Reglugerð nr. 87/1958 stendur þannig áfram í fullu gildi. Annars voru ákvæði laganna endurtekning ákvæða laga nr. 82/1952, þó með viðbótarheimildum til botnvörpuveiða í rannsóknarskyni.

Með lögum nr. 40 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, en þau lög gilda óbreytt enn í dag, er ráðherra heimilað að veita allt að 45 brúttórúmlesta bátum leyfi til dragnótaveiða í íslenzkri fiskveiðilandhelgi á tímabilinu 15. júní til 31. október. Heimild ráðherra er þó ýmsum skilyrðum bundin.

Á grundvelli síðastgreindra laga hafa dragnótaveiðisvæði verið ákveðin árlega og auglýst. Hefur bátum allt að 45 brúttórúmlestum verið veitt leyfi til veiðanna. Of langt mál yrði að rekja veiðisvæðin, eins og þau hafa árlega verið ákveðin, en síðustu ár hafa þau aukizt, svo að nú má segja, að dragnótaveiðar séu leyfðar allt í kring um land á tímabilinu frá 15. júní til 31. október. Dragnótaveiðar eru þó yfirleitt bannaðar í innfjörðum og flóum.

Með reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961, settri samkvæmt landgrunnslögum nr. 44/1948, var fiskveiðilandhelgin enn stækkuð með breytingum á grunnlínu. Fiskveiðilandhelgin var sem fyrr afmörkuð 12 sjómílur utan við grunnlínu. Skipum skrásettum í Bretlandi og seinna skipum skrásettum í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi voru þó heimilaðar veiðar á vissum svæðum milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar til 10. marz 1964.

Með reglugerð nr. 4 11. marz 1961 er íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu eða flotvörpu, veitt heimild, auk þess sem heimilað var með reglugerð nr. 87/1958, til að veiða innan fiskveiðilandhelginnar á sömu stöðum og tímum, sem brezk skip mega stunda veiðar samkvæmt samkomulagi íslenzku og brezku ríkisstjórnarinnar frá 11. marz 1961.

Heimild þessi var svo framlengd ótímabundið með reglugerð nr. 29 11. marz 1964. (Sjá uppdrætti).

Hinn 20. desember s. l. voru sett lög um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu og gefin út reglugerð, þar sem íslenzkum bátum, allt að 200 brúttórúmlestum að stærð, eru veittar auknar heimildir til botnvörpu- og flotvörpuveiða fyrir Norðurlandi og Suðurlandi á tímabilinu frá 1. janúar til 30. apríl 1969.

Samkvæmt síðastgreindum lögum og reglugerð hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið gefið út auglýsingar, dags. 27. febrúar og 20. marz s. l. um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

Á undanförnum áratugum hefur íslenzka þjóðin lagzt á eitt um það, að knýja fram kröfur um aukna útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Eins og kunnugt er hefur árangurinn orðið sá, að við njótum nú fullrar viðurkenningar annarra þjóða á 12 mílna fiskveiðilögsögunni. Það er einnig viðurkennt, að við höfum fullan rétt til þess að hagnýta okkar fiskveiðilögsögu fyrir sjálfa okkur, eins og við teljum skynsamlegast. En sú hefur orðið reynslan undanfarin ár, að mjög skiptar skoðanir eru um það, með hvaða hætti við eigum að nýta fiskveiðilögsögu okkar, þ. e. a. s. með hvaða veiðarfærum eigi að veiða fiskinn. Vegna ýmissa breytinga í útgerðarháttum landsmanna er fyllilega tímabært að kanna til hlítar, með hvaða hætti hagkvæmast sé að hagnýta veiðisvæðin innan fiskveiðilögsögunnar.

Við útfærslu fiskveiðitakmarkanna 1952 og 1958 breyttist aðstaða til togveiða verulega, og þó sérstaklega fyrir minni skipin. Fyrstu áhrif voru þau, að verulega dró úr togveiðum bátaflotans. Eins og áður er rakið voru dragnótaveiðar leyfðar á ný árið 1960 og nokkrum árum síðar hefjast botnvörpuveiðar bátanna fyrir alvöru, og þó sérstaklega fyrir Suðurlandi. Þessar veiðar jukust frá ári til árs og þó einkum á tveimur til þremur síðastliðnum árum. Breyttar síldargöngur voru m. a. ein af aðalástæðunum fyrir þessari þróun. En vegna þrengri aðstöðu til togveiða innan fiskveiðilögsögunnar fór það svo, að ýmsir skipstjórar brutu settar reglur um veiðar í fiskveiðilandhelginni og sköpuðust við það alvarleg vandamál.

Hinn 1. desember s. l. veitti forseti Íslands, eftir tillögu dómsmálaráðherra, þeim, er staðnir höfðu verið að ólögmætum veiðum í fiskveiðilandhelginni, almenna uppgjöf saka. Jafnframt ákvað dómsmálastjórnin, að viðurlögum við landhelgisbrotum yrði stranglega framfylgt. Með þessum ráðstöfunum má segja, að aðstaða togveiðibáta hafi gjörbreytzt. Alþingi ákvað síðan að gera tímabundna breytingu á lögum um bann við botnvörpuveiðum, eins og áður er rakið.

Vegna þess, að síðastnefnd lög falla úr gildi 30. apríl n. k. verður ekki komizt hjá því, að Alþingi setji ný lög um heimildir til togveiða innan fiskveiðilögsögunnar fyrir þann tíma.

Hin mikla ásókn togveiðibáta til veiða í fiskveiðilandhelginni undanfarin ár hefur stafað m. a. af því, að þeim gengur erfiðlega að stunda aðrar veiðar af ýmsum ástæðum, sem of langt mál er að gera hér grein fyrir.

Hin nýja tækni við síldveiðar og breyttar göngur síldarinnar gerðu flestum hinna smærri skipa ókleift að stunda þær lengur. Þessi atvik hafa kippt rekstrargrundvelli við síldveiðar undan stórum hluta bátaflotans. Haldi síldin áfram að leita svo norður í haf eins og verið hefur undanfarin tvö ár, eru útgerðarmenn margra báta neyddir til þess, að leita að öðrum leiðum í útgerð fyrir þá. Mönnum hefur því komið til hugar, að auðveldast væri að skipta yfir á togveiðar. Sá útbúnaður er ódýrastur og handhægt að skipta yfir frá síldveiðum í togútbúnað.

Bátar, sem stunda togveiðar, þurfa á mun færri mönnum að halda, en þurfa mundi til annarra veiða. Þá má einnig benda á, að veiðar hjá togveiðibátum eru alla jafna lengri, samfelldari og kostnaðarminni. Afli togveiðibáta berst því til fiskiðnaðarins með jafnara móti. Fiskur úr vörpu nýtur viðurkenningar hjá frystiiðnaðinum fyrir gæði.

Eins og kunnugt er hafa ýmsar greinar fiskvinnslunnar átt í rekstrarerfiðleikum. Frystiiðnaðurinn hefur átt afkomu sína verulega undir þeim bolfisks- og flatfisksafla, er frá togurum og bátum kemur. Eitt mikilvægasta atriðið, til þess að tryggja góða rekstrarafkomu, er að hafa sem jafnast hráefni hverju sinni. Það er því brýn nauðsyn að gera átak í þá átt að tryggja hráefnisöflun allt árið. Um það verður ekki deilt, að hið mikla aflamagn hefur leitt til þess, að gæðum fisksins hefur hrakað. Mjög mikið framboð er nú yfir tvo aðalvertíðarmánuðina, marz og apríl, en verulega minna framboð er hina mánuði ársins. Þetta skapar mikið vandamál hjá fiskkaupendum, sem nauðsynlegt er að finna hagkvæma lausn á. Talið er að auka megi hráefnisframboð til frystihúsanna, einkum utan aðalvertíðartímans.

Full ástæða er til að ætla, að jafnara framboð af góðum bolfiski stuðli að betri afkomu frystihúsanna, sem þá ættu að geta greitt hærra fiskverð.

Áður en lengra er haldið er rétt að víkja nánar að botnvörpunni sem veiðarfæri og áliti fiskifræðinga í því sambandi. Nefndin telur rétt að birta hér bréf, er henni barst frá Jóni Jónssyni, fiskifræðingi, forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar, dags. 9. apríl 1969, svo hljóðandi:

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Reykjavík, 9. apríl 1969.

Landhelgismálanefnd,
Þórshamri, Reykjavík.

Yfirgripsmiklar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, bæði hér við land og annars staðar, hafa sýnt, að náið samhengi er á milli möskvastærðar í botnvörpu og dragnót og stærðar þess fisks, sem aflast. Þetta byggist á því, að möskvarnir haldast opnir þegar varpan er á ferð og hefur það verið sannað með ýmsu móti.

Á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina voru ekki í gildi nein ákvæði um lágmarksmöskvastærð hér við land og mun ekki langt frá sanni að áætla að hún hafi verið 70—80 m/m. Sé reiknað með 80 m/m möskvastærð, þá slapp ekki úr vörpunni nein ýsa yfir 27 cm og enginn þorskur yfir 26 cm. Með núverandi möskvastærð (130 m/m) sleppa svo til allar ýsur undir 44 cm og þorskar undir 42 cm.

Hér hefur því orðið á mikil breyting, enda er nú svo komið, að yfirleitt er lítill munur á lengdardreifingu þess fisks, sem aflast á línu, í botnvörpu eða dragnót, þar sem þessi veiðarfæri eru notuð samtímis og skal hér nefnt dæmi frá mælingum á þorski úr einstökum veiðarfærum frá Skjálfandaflóa sumarið 1968. V/s Hafþór var þarna við togtilraunir í júlí og gerði ýtarlegar mælingar á þorski veiddum í botnvörpu með möskvastærð um 120 m/m (gerviefni), en það jafngildir 130 m/m möskvastærð í poka úr manilla. Meðallengd þorsks í veiði „Hafþórs" var 59.1 cm og af þeim 1828 fiskum, sem mældir voru, voru aðeins 4 undir 40 cm. Sýnishorn af nótafiski var tekið á líku svæði, en þó mun grynnra, 18. júlí og var meðalstærðin 61.4 cm. Í sýnishorni úr afla b.v. Kaldbaks frá Skagagrunni síðast í júní var meðallengdin 62.4 cm. Í sýnishorni úr afla línubáts frá Skjálfanda 4. október var meðallengdin 61.4 cm, en meðallengdin í afla dragnótarbáts daginn eftir frá þessu svæði var 60.2 cm. Þessi dæmi eru valin af handahófi, en þau sýna, svo að ekki verður um villzt, að þessi veiðarfæri virðast öll taka sama fiskinn. Allar eru þessar mælingar gerðar af reyndum mælingamönnum í þjónustu Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég tel nauðsynlegt að benda á, að oft eru á lofti sögusagnir um óhemjumagn smáfisks, sem á að veiðast í botnvörpu eða dragnót, gagnstætt því sem veiðist í önnur „óskaðleg" veiðarfæri. Hér er því miður oftast nær um að ræða þann mannlega breyskleika, að menn sjá það sem þeir vilja sjá. Andstæðingar botnvörpu- og dragnótaveiða halda því oft fram, að mælingar, sem gerðar eru í landi, gefi alls ekki rétta mynd af hinum raunverulega afla skipsins, því öllu smælkinu hafi verið hent fyrir borð. Það er svo til óvinnandi að hafa eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum og myndu þeir þá ekki forðast smáfiskinn þann tíma er eftirlitið fer fram, ef skipstjórinn hefði ekki hreina samvizku?

Hafrannsóknastofnunin hefur framkvæmt rannsóknir sínar á þann hátt, að toga á sömu svæðum og botnvörpu- og dragnótarbátarnir og með þeirri möskvastærð sem leyfileg er, en oft með tvöfaldan poka, þar sem sá ytri tekur við öllum smáfiski, sem sleppur úr þeim innri. Síðan berum við saman okkar mælingar við þær mælingar, sem gerðar eru í landi á afla bátanna og er samræmið yfirleitt það gott, að við höfum ekki ástæðu til þess að ætla annað, en að mælingarnar í landi gefi mynd, sem í öllum aðalatriðum er rétt. Það er þó vitað, að mjög mikið aflamagn

dregur úr hinni s. k. kjörhæfni möskvans, þ. e. minna sleppur út af smáfiski, en eðlilegt er og ekki þarf að taka hér fram, að allar reglur um möskvastærð standa og falla með samvinnu við sjálfa sjómennina. Það á skilyrðislaust að svipta þá menn veiðileyfi, sem misnota það traust, sem þeim er sýnt. Þeir eyðileggja ekki einungis fyrir sjálfum sér, heldur öllum hinum, sem fara eftir settum reglum.

Af því sem að ofan greinir, er ljóst, að enginn verulegur munur er á lengdardreifingu fisks, sem fæst í hin einstöku veiðarfæri á Íslandsmiðum, hvort sem er fyrir innan landhelgi eða utan. Hafrannsóknastofnunin telur því að hér sé ekki um að ræða fiskifræðilegt vandamál, heldur öllu frekar fjárhagslegt og þjóðfélagslegt: hagkvæmni sjálfra veiðanna svo og skiptingu veiðisvæðanna á milli þeirra, sem eiga hlut að máli.

Það sem raunverulega skiptir máli í sambandi við afkastagetu og nýtingu stofnsins er sóknin og hugsanleg áhrif hennar á stærð stofnsins og möguleika til eðlilegrar endurnýjunar.

Það eru til upplýsingar um heildarsóknina í íslenzka þorskstofninn síðan árið 1924 og má segja að í stórum dráttum haldist sókn og heildarafli í hendur. Undantekning frá þessu var þó tímabilið 1956—1964, en þá tvöfaldaðist sóknin, en aflinn féll að sama skapi. Síðan 1964 hefur heildarsóknin hins vegar lækkað allverulega, hún var 824 einingar það ár, en var komin niður í 592 einingar árið 1966, en það er seinasta árið, þar sem vitað er um heildarsóknina og er það að mestu leyti að þakka minnkandi sókn brezkra togara við Ísland. Samkvæmt brezkum heimildum lækkaði sókn brezkra togara á Íslandsmiðum um 25% á árunum 1964 til 1967. Er ekki vafamál að þetta hefur komið okkar skipum til góða.

Í alþjóðlegri úttekt, sem gerð var á fiskstofnunum við Ísland fyrir árin 1960—64 kom m. a. fram að dánartalan í veiði brezkra togara á smáþorski við Ísland var um 60% á ári. Frekari athuganir á þessu atriði leiddu hins vegar í ljós, að hlutfallið á milli hins óþroska og kynþroska hluta stofnsins var of hagstætt, til þess að dánartalan gæti verið svona há og eru hugsanlegar tvær skýringar á þessu: annaðhvort er hinn óþroska hluti stofnsins mun stærri en brezka veiðin gefur til kynna, eða þá að hrygningarstofninn er minni en hann sýnist vera, vegna meiri gangna þorsks frá Grænlandi til íslenzku hrygningarstöðvanna, en áður hefur verið álitið. Eru nú í gangi viðtækar alþjóðarannsóknir, til þess að varpa frekara ljósi á þetta mál. Á þessu stigi er erfitt að segja hvor skýringin muni reynast rétt.

Það er alkunn staðreynd, að miklar sveiflur eru í stærð árganganna hjá hinum einstöku stofnum nytjafiska hér við land og á það ekki sízt við um þorskinn. Nú virðist vera í uppsiglingu góður þorskárgangur, fæddur árið 1964 og hefur hann verið meginuppistaðan í veiðinni í kalda sjónum að undanförnu. Þessi árgangur mun hafa mikil áhrif á veiðina í kalda sjónum næstu 2 árin, en ef að líkum lætur má búast við að hans fari að gæta í vertíðaraflanum í heita sjónum árið 1971.

Ef litið er á hvernig heildarsóknin á Íslandsmiðum skiptist í þorskstofninn, þá kemur í ljós, að Íslendingar taka langmest af hinum kynþroska hluta stofnsins, en útlendingar (aðallega Bretar) sækja mest í smáfiskinn (þ. e. fisk undir 70 cm). Á tímabilinu 1960—64 er áætlað, að frá Íslandsmiðum hafi borizt á land rúmlega 271 milljón þorskar undir 70 cm, en af því öfluðu Íslendingar 50 milljónir eða tæplega 19% af heildarfjöldanum. Það er engin goðgá að veiða þorsk, sem orðinn er 50—70 cm langur, ef hægt er að nýta hann á skynsamlegan hátt. Það er misskilningur að ætla að öll veiði smáfisks sé hættuleg. Það er engin ástæða til þess að allur smáfiskur nái því að verða kynþroska, það er nauðsynlegt að grisja stofninn alveg á sama hátt og nytjaskóg. Vitaskuld ber að tryggja að hrygningarstofninn sé ætið nægjanlega stór, til þess að sjá fyrir eðlilegri viðkomu, en þó eru margir fiskifræðingar, sem halda því fram að stærð hrygningarstofnsins ráði engu um útkomuna á klakinu og hingað til hefur gengið erfiðlega að sanna hér nokkurt samhengi. Ég er þó á þeirri skoðun að hættulegt sé að hrygningarstofninn fari niður fyrir ákveðin takmörk. Hins vegar er það okkur í hag að tryggja stærð þessa stofns, þar sem við

höfum mestu möguleika á að nýta hann, vegna þess að verulegur hluti hrygningarsvæðanna er nú kominn innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Við megum á hinn bóginn ekki byggja okkar fiskveiðipólitík á því eingöngu að ala upp vertíðarfisk, sem helzt ekki má snerta, fyrr en hann kemur til hrygningar, og þá frekast með öngli. Við verðum að kosta kapps að nýta allan hinn veiðibæra hluta stofnsins eftir því sem frekast er hægt frá fiskifræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði. Hvort þessi hluti stofnsins er veiddur á línu, í net, nót, botnvörpu eða dragnót skiptir engu máli frá líffræðilegu sjónarmiði.

Jón Jónsson.

Stundum hefur verið að því vikið, að staða okkar gagnvart öðrum þjóðum út á við myndi veikjast, ef við heimilum auknar togveiðar í fiskveiðilandhelginni. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að fulltrúar Íslands á erlendum vettvangi hafa ætíð haldið því fram, að Íslendingar gætu sjálfir ákveðið hvernig fiskimiðin innan landhelginnar yrðu hagnýtt, og gert hefur verið ráð fyrir togveiðum landsmanna í fiskveiðilandhelginni á hliðstæðan hátt og aðrar þjóðir hagnýta sína landhelgi. Það er því eigi ástæða til að óttast eða ætla, að þótt nú séu settar nýjar reglur um hagnýtingu fiskimiðanna innan fiskveiðilandhelginnar, muni sú ákvörðun okkar torvelda áframhaldandi sókn Íslendinga til yfirráða á öllu landgrunninu. En að því markmiði, að við höfum fullan umráðarétt yfir landgrunninu, stendur þjóðin sameinuð. Aðrar þjóðir telja í dag, að þær hafi ótvíræðan rétt til þess að setja reglur um hagnýtingu fiskimiða innan sinnar fiskveiðilögsögu í sína þágu. Það er því eðlilegt, að Íslendingar geri slíkt hið sama og því fremur sem við eigum okkar efnahagslega grundvöll fyrst og fremst að þakka góðum afla og vel hagnýttum.

Eftir gagngerða athugun taldi nefndin það óhjákvæmilegt, að skipta fiskveiðiflota landsmanna í þrjá hópa með hliðsjón af heimildum til togveiða í fiskveiðilögsögunni. Þessi skipting er sem hér segir:

1. Togveiðibátar 105 brúttólestir eða minni.
2. Togveiðibátar 106 brúttólestir og stærri að 350 brúttólestum.
3. Togskip 350 brúttólestir og stærri.

Miðað er við hinar nýju mælingareglur, sem nú eru að taka gildi.

Hér fer á eftir yfirlit, sem sýnir í hverju breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar verði, eru fólgnar. Af hagkvæmnisástæðum taldi nefndin rétt að skipta fiskveiðilandhelginni niður í 11 svæði, svo sem hér segir:

1. svæði: Horn—Langanes.
2. svæði: Langanes—Bjarnarey.
3. svæði: Bjarnarey—Ósfles.
4. svæði: Ósfles—Selsker.
5. svæði: Selsker—Skarðsfjöruviti.
6. svæði: Skarðsfjöruviti—Reykjanestá.
7. svæði: Reykjanestá—Hafnarberg (að sunnan).
8. svæði: Hafnarberg—Malarrif.
9. svæði: Malarrif—Öndverðarnes.
10. svæði: Öndverðarnes—Bjargtangar.
11. svæði: Bjargtangar—Horn.

Hér með fylgja uppdrættir, er sýna reglur fyrir togveiðiheimildum, eins og þær voru, sbr. reglugerð nr. 87/1958 og 4/1961, svo og uppdrættir, er sýna tillögur nefndarinnar.

Tillögur landhelgismálanefndar um skiptingu veiðisvæðanna.

Svæði nr. 1.

Horn—Langanes: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttvísandi N af Horni og línu réttv. NA af Langanesi.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Öllum togveiðiskipum að 6 mílum frá 1. okt. til 15. apríl, en að 8 mílum frá 16. apríl til 30. september.

Togveiðibátar undir 105 br.tonn hafi rétt til togveiða að 4 og 6 mílum með sömu tímaskiptingu. Öll togveiði skal þó óheimil innan við 8 mílur á svæðinu réttv. N af Rauðunúpum til Langaness mánuðina 1. júní til 30. september.

Grímsey hafi 6 mílna línu allt árið.

Kolbeinsey hafi 3 mílna línu allt árið.

Svæði nr. 2.

Langanes—Bjarnarey: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. NA af Langanesi og af línu réttv. NA af Bjarnarey.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Öllum togveiðiskipum að 4 mílum frá 1. okt. til 15. apríl, en að 8 mílum frá 16. apríl til 31. ágúst.

Svæði nr. 3.

Bjarnarey—Ósfles: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. NA af Bjarnarey og línu réttv. NA af Ósfles.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Öllum togveiðiskipum að 3 mílum með landi allt árið.

Svæði nr. 4.

Ósfles—Selsker: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. NA af Ósfles og línu réttv. SA af Selskeri.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Öllum togveiðiskipum að 4 mílum mánuðina 1. nóv. til 30. apríl. Á öðrum árstíma er togveiði óheimil innan 12 mílna.

Hvalbakur hafi 3 mílur allt árið.

Svæði nr. 5.

Selsker—Skarðsfjöruviti: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. SA af Selskeri og línu réttv. í S af Skarðsfjöruvita.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna er togveiði heimil sem hér segir:

Togveiðibátar að 350 br.tonn hafi rétt til togveiða frá línu Selsker—Hvítingur og síðan að 3 mílum með landi, að undanskildu tímabilinu frá 1. marz til 1. maí, en þennan tíma eru togveiðar innan 12 mílna óheimilar.

Togveiðiskip yfir 350 br.tonn hafi rétt til togveiða að 4 mílna línu frá 1. maí til 28. febrúar.

Svæði nr. 6.

Skarðsfjöruviti—Reykjanestá: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. S af Skarðsfjöruvita og línu réttv. S af Reykjanestá.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Togveiðibátar undir 105 br.tonn hafi rétt til togveiði að 3 mílum með landi allt árið. Auk þessa að landi á Grindavíkursvæðinu eins og er í dag og á svæðinu frá Þjórsárós að vestan austur að bannmörkum við sæsímastrenginn upp af Vestmannaeyjum á tímabilinu 15. febr. til 15. apríl.

Togveiðiskip yfir 105 br.tonn hafi rétt til togveiði að 4 mílum með landi allt árið vestur að 20° v.lg. en svo að 8 mílum vestur að Reykjanestá á tímabilinu 1. janúar til 1. maí, en að 4 mílum frá 1. maí til 31. desember.

Ráðherra er heimilt að takmarka togveiðiréttinn með reglugerð á tímabilinu 1. marz—30. apríl vegna veiða með netum.

Svæði nr. 7.

Reykjanestá—Hafnarberg (að sunnan): Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. S af Reykjanestá og í línu 240° frá Hafnarbergi að sunnan.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Togveiðibátar undir 105 br.tonn hafi rétt til togveiða að 3 mílum allt árið.

Togveiðiskip yfir 105 br.tonn—350 br.tonn hafi rétt til togveiða að 3 mílum allt árið.

Togveiðiskip yfir 350 br.tonn hafi rétt til togveiða að 6 mílum allt árið.

Svæði nr. 8.

Hafnarberg, að sunnan, — Malarrif: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin 240° frá Hafnarbergi, að sunnan, og línu réttvísandi í V frá punkti 3 mílur undan Malarrifi (í Faxaflóa).

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Togbátar undir 105 br.tonn hafi rétt til togveiða allt árið að 4 mílum norður í réttv. í V af Garðskaga, og áfram að línu frá punkti 4 mílur réttv. í V frá Garðskaga beint í punkt 3 mílur undan Malarrifi.

Auk þessa á svæði, sem afmarkast þannig: 64°12′ n.br. og 22°20′ vlg. að sunnan og 64°25′ n.br. og 22°30′ vlg. að norðan og línu á milli þessara punkta og línum í réttv. í V frá þeim út að línunni milli Garðskaga—Malarrifs á tímabilinu 1. júní til 31. desember.

Togskip að 350 br.tonn hafi rétt til togveiði allt árið að 4 mílum norður með landi og að línunni frá Garðskaga—Malarrif.

Togskip yfir 350 br.tonn hafi rétt til togveiða allt árið að 4 mílna línunni frá 1958, en auk þessa á svæði sem afmarkast þannig:

64°0′ nbr.—23°12′ vlg. að sunnan og 64°35′ N—23°44′ vgl. að norðan og línu á milli þessa punkta og línum í réttv. í V frá báðum punktunum á tímabilinu 1. október til 31. desember.

Ráðherra er heimilt að takmarka togveiðiréttinn á þessu svæði frá 1. janúar til 30. apríl vegna veiða með línu og netum.

Svæði nr. 9.

Malarrif—Öndverðarnes: Svæðið takmarkast af línu í réttv. í V frá punkti 3 mílur í S frá Malarrifi og línu í réttv. í V af Öndverðarnesi.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Togveiðibátar undir 105 br.tonn hafi rétt til togveiða að landi frá 1. júní til 31. desember, en á öðrum árstíma að 4 mílum.

Togveiðiskip yfir 105 br.tonn hafi rétt til togveiða að 4 mílum allt árið.

Svæði nr. 10.

Öndverðarnes—Bjargtangar: Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttvísandi í V af Öndverðarnesi og línu, sem er dregin réttvísandi í V af Bjargtöngum.

Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Togveiðibátar undir 105 br.tonn hafi rétt til togveiða allt árið að 4 mílna línunni en auk þess á svæðum afmörkuðum þannig:

Frá punkti í 2 mílur N af Öndverðarnesi er dregin lína í punkt 65°0′ n.br. og 23°30′ vlg. og síðan lína í punkt 65°09′ n.br. og 23°40′ vlg. og svo í punkt 65°19′ n.br. og 23°51′ vlg. og lína 290° réttv. út í 4 mílna línuna. Frá miðpunktinum (65°09′ n.br. og 23°40′ vlg.) er dregin lína í 250° í réttv. út.

Á syðra svæðinu verði togveiðar heimilaðar frá 1. júní til 15. september en á nyrðra svæðinu frá 16. september til 31. desember.

Togveiðiskip hafi rétt að 4 mílum allt árið en auk þess á tímabilinu frá 16. september til 31. desember á svæði, sem afmarkast þannig: Af línu í norður frá

Öndverðarnesi í Bjargtanga að innan en norðan af línu í réttvísandi 250° frá punkti 65°19'n.br. og 23°51' vlg. og að sunnan frá punkti 65°09' n.br. og 23°40' vlg.

Ráðherra er heimilt að takmarka togveiðiréttinn á þessu svæði frá 1. janúar til 30. apríl vegna veiða með línu og netum.

Svæði nr. 11.

Bjargtangar—Horn:Svæðið takmarkast af línu, sem er dregin réttv. í V frá Bjargtöngum og línu í réttv. í N af Horni. Innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna eru togveiðar heimilaðar sem hér segir:

Togveiðiskip undir 350 br.tonn hafi rétt til togveiða að 4 mílum á tímabilinu frá 1. október til 31. desember þannig:

Af línu úr Kópanesi í 300° réttv. að sunnan og línu 300° úr Fjallaskaga að norðan og svo af línu NV af Rit að sunnan og línu í N af Kögri að norðan.

Landhelgismálanefnd hefur fengið upplýsingar um, að nokkur brögð séu að því, að settar reglur um gerð og notkun veiðarfæra séu ekki virtar og í nokkrum tilfellum getur verið um alvarleg brot að ræða. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, greindi frá því, að þeir hefðu aðeins einn mann til þess að rannsaka sérstaklega, að gerð veiðarfæra sé samkvæmt settum reglum. Eðlilega getur einn maður engan veginn ráðið við svo mikið viðfangsefni.

Landhelgismálanefnd er fyllilega ljóst að við svo búið má ekki lengur standa. Nefndin vill hér með undirstrika nauðsyn þess, að virkt eftirlit sé með veiðarfærum í landinu og að það sé tryggt, að settar reglur séu virtar um gerð veiðarfæra og einnig um fjölda netja í sjó. Þess vegna vill nefndin benda á nauðsyn þess, að sérstök deild hjá Landhelgisgæzlunni sé skipulögð, sem annist eftirlit með gerð veiðarfæra og notkun og hafi frjálsan aðgang að veiðarfærum, hvar sem þau eru á sjó og landi. Starf þessarar deildar næði einnig til báta, er stunda veiðar með netum, en orð fer af því, að menn hafi miklu fleiri net í sjó en leyfilegt er samkvæmt reglugerð.

Nefndin leggur ríka áherzlu á, að eftirlit verði raunhæft og að þeir, sem brjóta lög og reglugerðir, sæti tafarlaust ábyrgð samkvæmt lögum.

Landhelgismálanefnd er ljóst, að varlega verður að fara í að auka alla togveiði við strendur landsins og reynsla og þekking verður að vera sá skóli, sem landsmenn læra af í þessum efnum.

Bann við togveiðum á rétt á sér á vissum svæðum og tíma, og enn eru mjög stór og víðáttumikil fiskimið þar sem togveiði er bönnuð á ákveðnum tíma eða allt árið.

Í þessum tillögum kemur fram nokkur aukning á togveiðiheimildum, sem ætlað er að gildi um 2ja ára skeið og reynslan verður að skera úr um það, hvort rétt er að halda lengra eða ekki.

Á það má samt sem áður benda, að margir ábyrgir og vel þekktir skipstjórar vilja fá veiðimöguleika miklu nær landi en hér er lagt til, og benda á auðug kolamið, sem nú eru að mestu ónotuð, en rök mæla með að verði hagnýtt betur.


Landhelgismálanefndin hefur þó ekki talið fært að gera tillögur um slíkar veiðar, sem þá mundu verða í ýmsum tilvikum innan þeirra marka, sem nú er miðað við.


Rétt er að undirstrika það, að þessar tillögur eru niðurstaða um samkomulag meðal nefndarmanna og þingmönnum hafa verið kynnt höfuðsjónarmiðin í tillögunum. Nefndin leggur til, að þessar tillögur eigi að gilda til ársloka 1971 og skuli endurskoðast fyrir þann tíma. Þá gefst tækifæri á því, að lagfæra það, sem reynslan sýnir að betur má fara.


Grundvallaratriði er, að allir landsmenn virði fiskveiðilög sem önnur lög og hlíti dómi reynslunnar varðandi það, hvernig æskilegt er að hagnýta fiskimiðin.

Reykjavík, 18. apríl 1969.


Jón Árm. Héðinsson. Jón Skaftason. Lúðvík Jósefsson.
Guðl. Gíslason. Sverrir Júlíusson.


67°
66°
65°
14°
15°
16°
17°
18°
19°
20°
21°
22°
23°
24°
12
10
5
3


ÍSLAND
AKUREYRI
REYKJAVÍK
KOLBEINSEY
GRÍMSEY
RAUÐINÚPUR
LÁGEY
LANGANES
SIGLUNES
ÁSBJARNARÍF
DRANGASKER
SELSKER
HÚNAFLÓI
KÖGUR
NORÐURFLÁ
STRAUMNES
BARÐI
KÖPANES
BJARGTANGAR
BREIÐAFJÖRÐUR
SKÁLASNAGI
HRAUNVOR
GÁLVÍKURTANGI
FAXAFLÓI
GARÐSKAGI
HÖFNES
GEIRFUGLADRANGUR
ELDEYJARDRANGUR
SELVOGUR
ENIDRANGUR
GEIRFUGLASKER
VESTMANNEYJAR
LUNDADRANGUR
KÓTLUTANGI
MYRDALSSANDUR
MEÐALLANDSSANDUR
HVALSÍKI
INGÓLFSHÖFÐI
VÍSIKER
HROLLAUGSEYJAR
STOKKSNES
HVÍTINGAR
SELSKER
ÝTIBOÐI
HVALSBAKUR
HORNBANKI
SETUSKER
ÞURSASKER
NORÐFJARÐARHORN
GERPIR
GLETTINGANES
ALMENNINGSFLES
BJARNAREY
SKAGATÁRSKER
HRAUNHAFNARTANGI
RIFSTANGI
Grunnlínustaðir
Grunnlínur
Fiskveiðitakmörk



Sjómælingadeild Vita- og hafnamálastofnunar


ÍSLAND
AKUREYRI
GRÍMSEY
KOLBEINSEY
39
HVALBAKUR
40
HÚNAFLÓI
BREIÐAFJÖRÐUR
FAXAFLÓI
REYKJAVÍK
VESTMANNAEYJAR
1 HORN
2 ÁSBÚÐARIF
3 SIGLUNES
4 FLATEY
5 LÁGEY
6 RAUÐINÚPUR
7 ÞISTILFJÖRÐUR
8 HRAUNHAFNARTANGI
9 LANGANES
10 GLETTINGANES
11 NORÐFJARÐARHORN
12 GERPIR
13 HÓLMUR
14 SETURSKER
15 ÞÚRSKER
16 ÝTRIBÚÐI
17 SELSKER
18 HVÍTINGAR
19 STOKKSNES
20 HROLLAUGSEYJAR
21 TVÍSKER
22 INGÓLFSHÖFÐI
23 HVALSKÍ
24 MEÐALLANDSSANDUR I
25 MEÐALLANDSSANDUR II
26 MÝRNATANGI
27 KÖTLUTANGI
28 LUNDADRANGUR
29 GEIRFUGLASKER
30 ELDEYJARDRANGUR
31 GEIRFUGLADRANGUR
32 SKÁLASNAGI
33 BJARGTANGAR
34 KÓPANES
35 BARÐI
36 STRAUMNES
37 KÓGUR
38 HORN
39 KOLBEINSEY
40 HVALBAKUR
1-40 GRUNNLÍNUSTAÐIR
GRUNNLÍNUR
FISKVEIÐITAKMÖRK
ÍSLENZKU SJÓMÆLINGARNAR


TOGVEIÐIHEIMILD
Reglug 11 marz 1961
Opið allt árið


BREYTINGARTILLAGA
Svæði 1
N
Opið allt árið
Horn
Tegstu undir 105 T. 1 okt – 15. apr.
Tegskip yfir 105 T. 1. okt


TOGARAR
Opið Júní – 30 sept


Kolbeinsey
N
Lokað 1 juni – 30 sept
Raudunúpar
Langanes
– 15. apr. Undir 105 T allt árið

TOGARAR



TOGVEIÐIHEIMILD
Reglug 11 marz 1961
Opið allt árið
Opið 1 maí - 30 des
NA
NA
Opið 1 des - 30 apr
Opið 1 des - 30 apr og 1 júli - 31 ag
Opið 1 des - 31 júli
SA
BREYTINGATILLAGA
Svæði 2, 3 og 4
Langanes
Opið allt árið
Opið 1 okt - 15 apr
NA
NA
Bjarnarey
Ósfles
Opið 1 nóv - 30 apríl
Selsker
SA



TOGARAR
TOGVEIÐIHEIMILD
Reglug 11 marz 1961
Selsker
Opið 1 des – 30 apr
SA
Opið 1 des – 31 juli
Opið 16 maí – 31 des
Opið 1.marz – 31 des
Skarðs-fjara
Opið allt árið
S



BREYTINGARTILLAGA
Svæði 5
Selsker
SA
Opið 1.maí – 28.feb. undir 350T
Opið 1.maí – 28 feb. yfir 350 T
Skarðs-fjara
S



TOGVEIÐIHEIMILD
Reglug 11 marz 1961
Opið 16 mai – 31 des
Opið allt arið
Opið 1 marz – 31 des
Opið allt árið

TOGARAR


Opið 1 mai – 31 des fyrir togsk. YFIR 105T BREYTINGARTILLAGA
Svæði 6
Reykjanes
Opið 15 feb – 15 apríl undir 105 T
Opið allt árið fyrir skip undir 105 T
Skarðsfjara
Opið allt árið
20°
S


TOGVEIÐIHEIMILD
Reglug 11 marz 1961
Opið 16 maí – 31 des.
Opið allt árið
Opið 1 marz – 31 des


TOGARAR
BREYTINGARTILLAGA
Svæði 7, 8 og 9
V
V
V
Opið 1 júní – 31 des undir 105 T
Opið allt árið undir 350 T
Opið 1 júní – 31 des undir 105 T
Opið allt árið
Opið 15 sept – 31 des yfir 350 T
I 64°12' 22°20'
II 64°25' 22°30'
240°
S


BREYTINGARTILLAGA
Svæði II
Opið 1 okt – 31 des
Horn
Bjarg
Ondvnes
Opið 16 sept – 31 des 105–350 T
Opið 16 sept – 31 des undir 105 T
Opið 1 júní – 15 sept undir 105
Opið allt árið
TOGVEIÐIHEIMILD
Reglug. 11 marz 1961
Opið 16 maí – 15 okt
Opið 1 marz 15 okt

Ed. 552. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er aðeins staðfesting fyrir árið í ár á því, sem þegar hefur verið samþykkt í fjárlögum. Nefndin sér því ekki ástæðu til að taka efnislega afstöðu til frv., en leggur til, að það verði samþykkt sem tæknilega nauðsynleg staðfesting á orðnum hlut.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson. Gils Guðmundsson. Jón Árnason.
Ólafur Jóhannesson.

Nd. 553. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað „þrjú ár“ í síðari málslið 2. málsgreinar 2. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. grein laga 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, segir að sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, kælt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema í þrjú ár frá gildistöku laganna.

Enda þótt miklar endurbætur hafi verið gerðar á sláturhúsum í landinu frá því að lögin voru sett, eru þó enn þá nokkur sláturhús, sem eru þannig úr garði gerð, að þau fullnægja ekki fyllstu kröfum til löggildingar. En unnið er að endurbótum á þessum húsum og til að koma í veg fyrir að slátrun leggist niður á þeim stöðum, þar sem svo er ástatt, er nauðsynlegt að framlengja heimild til undanþágu frá því sem nú er í lögunum, eða úr þremur árum í fimm ár.

Nd. 554. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, frsm.	Guðl. Gíslason.
Jón Skaftason.	Eyjólfur K. Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 555. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með því með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Annar málsliður c-liðar (Óheimilt er o. s. frv.) falli niður.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Jón Skaftason.	Jónas Árnason.	Matthías Bjarnason.

Nd. 556. Lög [9. mál]

um Landsbókasafn Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 448.

Ed. 557. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956, eftir því sem nánar verður fyrir

mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 558. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 240.

Nd. 559. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

Heimilt er þó veiðistjóra eða sérstökum trúnaðarmönnum hans, að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstaklega erfiðar aðstæður torvelda vinnslu þeirra með öðrum hætti.

Lyfjaverzlun ríkisins skal láta veiðistjóra í té eitur í þessu skyni, eftir fyrirmælum heilbrigðismálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 560. Lög [177. mál]

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 348.

Nd. 561. Þingsályktun [147. mál]

um athugun á auknum siglingum.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 274.

Ed. **562. Frumvarp til laga** [195. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 393 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

11. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda sendikennara, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

10. gr. hljóðar svo:

14. gr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar, sem starfa við Háskólann við gildistöku laga þessara, svo og aðjúnktar megi sitja deildarfundi.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildarráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

18. gr. hljóðar svo:

Við 27. gr. bætast svofelld ákvæði, er verði 2., 3. og 4. málsgreinar:

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf, til að endurtaka prófið.

23. gr. hljóðar svo:

37. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

a) Í guðfræðideild 4, b) í læknadeild 16, c) í lagadeild 6, d) í heimspekideild 14, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., e) í verkfræði- og raunvísindadeild 6, f) í viðskiptadeild 4.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Ed. 563. Frumvarp til laga [21. mál]

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 417 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori, fyrr en sveitarstjórn leyfir.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vorsmölun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarbúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

15. gr. hljóðar svo:

Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði ¾ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttalanda fer sem hér segir:

a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri, sem skipta á, hefur frá fornu fari annazt um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.
b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði

skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

17. gr. hljóðar svo:

Hreppsnefnd getur krafizt ítölu á jörðum í hreppnum, nokkrum hluta hans eða í afréttarlöndum hreppsins, enda mæli gróðurverndarnefnd sýslunnar með, að ítala verði gerð. Skal þá boða búendur hreppsins eða hreppshlutans til fundar um málið. Sá telst búandi, er jörð hefur eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hver mál verði til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef fleiri sækja en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans. Hver maður hefur eitt atkvæði og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Skrá skal í fundargerð, hve margir séu búendur á viðkomandi svæði svo og hversu margir hafi greitt atkvæði um fundarefnið. Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um ítölu, og skal hún þá boða til fundar, sem að framan segir.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt, skal málið sent viðkomandi gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að tveim árum liðnum.

32. gr. hljóðar svo:

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelti. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

66. gr. hljóðar svo:

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyzt milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.

Nd. 564. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um olíuverzlun ríkisins.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir þeirri stefnu, sem fram kemur í frv.

Við erum að sjálfsögðu meðmæltir sem hagkvæmastri olíudreifingu í landinu, en teljum, að henni yrði engan veginn betur fyrir komið með ríkiseinkasölu né heldur hagsmunum olíunotenda betur borgið með þeim hætti.

Þar sem viðskiptamálaráðuneytinu ber að fylgjast með olíudreifingu í landinu og það er upplýst, að svo hefur verið gert, leggjum við til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Gunnar Gíslason. Guðl. Gíslason.

Sþ. 565. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það frumvarp síðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Það tíðkast í æ ríkara mæli hér á landi, að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að kaupandi gjaldi aðeins lítinn hluta kaupverðs þegar í stað, en greiði síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Jafnframt er svo oft um samið, að seljandi haldi eignarrétti sínum að hinum selda hlut, þar til kaupverðið er að fullu greitt. Sem dæmi lausafjármuna, sem oft eru seldir með afborgunarkjörum, má nefna notaðar bifreiðar, húsgögn, heimilistæki, hljóðfæri, sjónvarpstæki, bækur og margt fleira. Er enginn vafi á, að slík afborgunarkaup hafa færzt hér mjög í vöxt á síðustu árum. Er og efalaust, að þessi samningskjör hafa greitt fyrir viðskiptum og stuðlað að því, að menn eignuðust lausafjármuni, sem þeir ella hefðu orðið að vera án. Við slík afborgunarkaup reynir á ýmis atriði, sem ekki koma til, þegar um venjuleg lausafjárkaup er að ræða. Hér á landi eru samt engin sérstök lagaákvæði um sölu lausafjár með afborgunarkjörum. Slík lög hafa þó verið sett fyrir löngu í nágrannalöndum okkar, og voru raunar upphaflega sett þar um svipað leyti og lög um lausafjárkaup. Voru þau undirbúin af norrænni samstarfsnefnd. Þau lagaákvæði voru síðan endurskoðuð fyrir um það bil fimmtán árum. Að áliti flutningsmanna er fyllilega tímabært, að sett séu hér á landi sérstök lög um afborgunarkaup. Er æskilegt, að sem allra fyrst verði settar fastar reglur um þessa tegund lausafjárkaupa. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt. — Nánar í framsögu.

Sþ. 566. Fyrirspurnir. [236. mál]

I. Til viðskiptamálaráðherra um verðlagsmál.

Frá Þórarni Þórarinssyni, Einari Ágústssyni og Jóni Skaftasyni.

Fylgir oddamaðurinn í verðlagsnefnd, fulltrúi ríkisstjórnarinnar, ekki því ákvæði laga um verðlagsmál frá 14. júní 1960, að „verðlagsákvarðanir allar skuli miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur“?

Hvenær má vænta frumvarps þess um „eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi“, sem ríkisstjórnin hefur lengi boðað og sérstakri nefnd var falið að semja 1967?

II. Til fjármálaráðherra um sölu á tækjum ríkisstofnana.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Gilda ekki almennar, fastar reglur um sölu á bifreiðum, tækjum og vélum ríkisstofnana?

Nd. **567. Frumvarp til laga** [237. mál]

um sjóð til aðstoðar við þróunarríkin.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Jónas Árnason, Jón Skaftason.

1. gr.

Stofna skal opinberan sjóð, er beri heitið „Þróunarsjóður".

Hlutverk sjóðsins skal vera:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstöfun fjár, sem á hverju ári er veitt á fjárlögum til aðstoðar við þróunarlöndin, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárframlög í því skyni.
2. Að skipuleggja þátttöku Íslands í framkvæmdum í þágu þróunarlanda á vegum Sameinuðu þjóðanna.
3. Að vinna að skipulagningu framkvæmda í þágu þróunarlanda, er kostaðar kunna að vera af íslenzka ríkinu, annaðhvort einu saman eða í samstarfi við aðra innlenda eða erlenda aðila.
4. Að vera til ráðuneytis opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlanda.
5. Að veita upplýsingar um allt, er snertir aðstoð við þróunarlöndin.
6. Að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndum, bæði með því að veita því aðgang að hérlendum skólastofnunum og með því að fá hæfa, íslenzka menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlanda.
7. Að vinna með öðru móti að kynningu á högum þróunarlanda, áhuga á aukinni aðstoð Íslands við þau og auknu samstarfi við þau.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 7 mönnum, er sameinað Alþingi kýs, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að ráða sjóðnum starfsmann, er hefur sérþekkingu á málefnum þróunarlanda og alþjóðlegum stofnunum, er starfa að málefnum þeirra.

4. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt stærsta vandamál heimsins nú á dögum er tvímælalaust hið ört vaxandi bil milli ríkra þjóða og snauðra. Sú staðreynd, að um 1400 milljónir íbúa jarðar svelta og um 950 milljónir skortir nauðsynleg næringarefni, meðan auður fárra iðnaðarþjóða vex stöðugt, er meiri ógnun við heimsfriðinn í framtíðinni en nokkur deilumál þjóða í milli.

Hin ört vaxandi fólksfjölgun, sérstaklega í þróunarlöndunum, á mikinn þátt í eymd og þjáningu íbúanna. Árið 1960 voru íbúar jarðar 3 milljarðar, en 1965 voru þeir orðnir 3.3 milljarðar. Á fyrstu sextíu árum þessarar aldar hefur íbúafjöldi jarðar nær tvöfaldazt, og ef mannkyninu fjölgar jafnmikið á ári og undanfarið, má búast við tvöföldun á 35 ára fresti.

Hinn sveltandi hluti heimsins hlýtur að rísa gegn hinum auðugu þjóðum, ef hinar síðarnefndu breyta ekki algjörlega um afstöðu gagnvart fátæku þjóðunum og

veita þeim réttlátan hlut í auðæfum heimsins í stað stöðugs arðráns. Undirstaða auðlegðar flestra iðnaðarþjóða er lágt verð hráefnis og ódýrt vinnuafl í þróunarlöndunum. Má benda á, að heimsmarkaðsverð á hráefnum og matvælum, sem er aðalútflutningur þróunarlandanna, lækkaði úr 27% árið 1953 í 19.3% árið 1966 og þessi lækkun heldur áfram.

Samkvæmt upplýsingum Efnahags- og framfarastofnunar Sameinuðu þjóðanna munu meðaltekjur hvers manns í þróunarlöndunum hafa verið 190 dollarar árið 1965, en tekjur hvers manns í hinum þróuðu ríkjum voru 2200 dollarar það ár. Íbúafjöldi þróunarlandanna var þá 1.6 milljarðar, en 588 milljónir í hinum þróuðu ríkjum.

Reiknað er með því, að tekjur hvers manns í þróunarlöndunum aukist um 1.4% á ári fram til 1970 og verði þá komnar í 210 dollara. Á sama fimm ára tímabili er búizt við því, að tekjur hvers manns í hinum þróuðu ríkjum aukist um 3.3% á ári og nemi því 2610 dollurum árið 1970.

Árið 1960 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þess efnis, að hinar betur megandi þjóðir heims stefndu að því að láta 1% af þjóðartekjum sínum renna til aðstoðar við þróunarlöndin. Árið 1968 höfðu aðeins 4 iðnaðarþjóðir (Frakkland, Belgía, Holland og Bretland) náð þessu marki, og á sama tíma hafði heildaraðstoð ríkra þjóða við þróunarlöndin minnkað um 0.20%.

Aðstoð við þróunarlöndin hefur ekki verið samþykkt einu sinni á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, heldur oft, og er vitað, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið í hópi þeirra sendinefnda, sem goldið hafa jáyrði við samþykkt þessarar ályktunar (en gert fyrirvara um 1% markið). Vissulega er því eðlilegt, að aðstoð Íslands sé byggð á grundvelli þessarar ályktunar, og þó að nú sé harðara á dalnum hjá okkur en oft áður, skiptir það litlu máli, þegar örbirgðin í þróunarlöndunum er höfð í huga og hið yfirvofandi hættuástand í þeim heimshluta.

Þegar rætt er um hlut Íslands í aðstoð við þróunarlöndin, er hollt að minnast þess, hve skammt er síðan hungurdauði ógnaði tilveru íslenzku þjóðarinnar. Þá sættu Íslendingar ámóta viðskiptakjörum og þróunarlöndin í dag. 90% íbúanna stunduðu landbúnað í dreifbýlinu, en innlendur iðnaður var eingöngu heimilisiðnaður. Fæðingartalan var há, en dánartalan enn hærri. Það er ekki öld síðan Ísland bar öll einkenni þróunarlands, og enn í dag byggjum við afkomu okkar á einhæfum útflutningi hráefna. Því má segja, að söguleg reynsla þjóðarinnar skyldi okkur til að ríða á vaðið og verða meðal fyrstu þjóðanna, er gera tilmæli Sameinuðu þjóðanna að veruleika. Slíkt næst aðeins með skipulegri aðstoð hins opinbera í krafti lagasetningar, en ekki eingöngu með fórnfúsu starfi einstaklinga eða félagasamtaka þrátt fyrir góðan vilja. Mikilvægt er, að mikill hluti væntanlegrar aðstoðar Íslands fari í gegnum Sameinuðu þjóðirnar eða hjálparstofnanir þeirra.

Ed. 568. Frumvarp til laga [238. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofun ríkisins, sbr. l. nr. 21 4. jan. 1968, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson.

1. gr.

Á eftir 4. gr. í lögunum komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Byggingarsjóður (Veðdeild) skal gefa út og selja skuldabréf til 35 ára.

Kaupendur slíkra bréfa skulu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skatt- og útsvarsskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfin af Byggingarsjóði (Veðdeildinni). Þó skulu ekki frádráttarbær meiri bréfakaup ár hvert en sem nemur kr. 100 000.00 hjá einstaklingum og kr. 300 000.00 hjá fyrirtækjum.

Bankavaxtabréf þessi skulu vera ríkistryggð og 1/35 hluti hvers lánaflokks —

árssala — dreginn út ár hvert. Vísitöluuppbót skal greidd á bréf þessi við útdrátt á sama hátt og af lánum Byggingarsjóðs.

Bankavaxtabréf þessi skulu skráð á nafn, og hver lánaflokkur má eigi nema hærri fjárhæð en 300 milljónum króna. Bankavaxtabréf þessi skal Byggingarsjóður (Veðdeild) hafa til sölu í öllum bönkum og bankaútibúum, svo og þeim sparisjóðum, sem Húsnæðismálastjórn ákveður í samráði við Veðdeild.

Húsnæðismálastjórn og Veðdeild Landsbankans skulu ákveða gerð bréfanna og fjárhæð hvers lánaflokks.

Vextir af bréfum þessum skulu vera hinir sömu og eru af lánum Byggingarsjóðs.

Nánari ákvæði um sölu og útdrátt bréfanna skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flestum er að verða það ljóst, að húsnæðisskorturinn hefur verið einn snarasti þáttur í sívaxandi óðaverðbólgu. Þegar meta skal, hvað til ráða sé til lækkunar gífurlegum kostnaði, sem byggingu húsnæðis fylgir, kemur margt til athugunar. Mesti vandinn er skortur á fjármagni og undanskot að fylgja fram þeim ákvæðum, sem felast í 3. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Sérfræðingar telja, að hér á landi þurfi að byggja ca. 1700—1800 íbúðir ár hvert næstu 5—10 árin. Miðað við núgildandi byggingarkostnað munu 1700 íbúðir kosta minnst ca. 2000 milljónir króna í fjárfestingu ár hvert. Lánsmöguleikar Byggingarsjóðs eru áætlaðir þetta ár 360 milljónir króna. Auk þessa koma svo hinir ýmsu lífeyrissjóðir til, sem ekki er auðsætt, hve mikið geta lánað í þessu skyni, en það getur vart eða alls ekki farið fram úr ca. 300 milljónum króna á ári. Byggingarsjóð vantar í ár, þ. e. 1969, a. m. k. 420—460 milljónir króna til þess að geta veitt þau hámarkslán, sem húsbyggjendur eiga rétt á. Þá er ekkert fé ætlað Byggingaráætluninni. Frá atvinnulegu sjónarmiði er hin mesta nauðsyn að festa fjármagn í byggingarstarfseminni og að því sé stefnt, að hún verði sem jöfnust ár frá ári. Sízt má þar vera samdráttur á tímum atvinnuleysis.

Það er auðsætt, að þjóðfélaginu er þannig hin brýnasta nauðsyn, að stórauknir verði útlánamöguleikar Byggingarsjóðs. Fjármögnun sú, sem til þarf í þessu skyni, ætti að koma með auknum sparnaði.

Ein leiðin meðal annarra, sem að áliti okkar flm. er rétt að fara, er sú, sem felst í þessu frv. Í Vestur-Þýzkalandi t. d. hefur líkri fjármögnunaraðferð í þágu íbúðarlánakerfis verið beitt og gefizt með ágætum.

Í íslenzkri löggjöf er verðbréfasala með þeim hætti, sem frv. greinir, algjört nýmæli. Hér á landi hafa verðbréf verið með öllu óseljanleg á frjálsum markaði nema í mjög óverulegum mæli og þá með 40—50% afföllum. Víðast hvar í vestrænum heimi hefur verðbréfasala þjóðhagslega mikilvæga þýðingu á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins. Hjá okkur hefur hins vegar ekki reynt á slík viðskipti, að minnsta kosti ekki svo að heitið geti, og er orsök þess vafalaust hið síminnkandi verðgildi krónunnar.

Með því að vísitölutryggja verðbréfin, eins og frv. gerir ráð fyrir, er stefnt að því, að menn sjái sér hag í því að kaupa slík bréf að öðru jöfnu. Síður yrði hlaupið til að fjárfesta í margvíslegum miður þörfum hlutum. Mætti ætla, að þá drægi úr ónauðsynlegri eyðslu, sem tíðkazt hefur hér um árabil, m. a. af ótta við að eiga peninga stundinni lengur. Vantraustið á þeim hefur vissulega leitt til alvarlegs vanmats á gildi sparnaðar, bæði hjá einstaklingum og félögum.

Þá mætti það verða hvatning til kaupa á verðbréfunum og jafnframt örvun til fjáröflunar, ef andvirði bréfanna fengist frádregið skattskyldum tekjum og útsvarsálagningu. Í þjóðfélagi okkar, sem þarf á öllu sínu vinnuafli að halda til upp-

byggingar á velflestum sviðum til sífellt bættrar framtíðaraðstöðu þjóðarinnar, er nauðsyn, að hver og einn verkfær borgari inni af hendi hagnýtt starf og iðki sparsemd, svo sem tök eru á, sín og þjóðfélagsins vegna. Við höfum, svo að eitt dæmi sé tekið, ekki efni á því, að dugmiklir aflaskipstjórar fari í land um 2ja eða 3ja mánaða skeið, vegna þess að kúfurinn af tekjum þeirra kann að fara í opinber gjöld. Við höfum ekki fremur efni á því, að fjöldi einstaklinga leiði hjá sér margs konar aukastörf, sem full þörf er á að vinna, með þeirri umsögn, að allt fari í skatta og útsvör. Við flm. teljum núverandi atvinnuleysisástand aðeins tímabundið og að atvinna verði meiri en nóg fyrir alla landsmenn, þegar því linnir. Til þess að einstakir hátekjumenn geti ekki komizt undan verulegri greiðslu opinberra gjalda, þykir rétt að takmarka árleg verðbréfakaup einstaklinga og fyrirtækja við ákveðna frádráttarbæra hámarksfjárhæð.

Ekki er úr vegi að ætla, að betur yrði frá framtölum gengið, og er þá reiknað með mannlegum veikleika, ef framteljendur gætu notað slík bréfakaup til nokkurrar lækkunar skatta og um leið léttis á samvizku.

Þess vegna má þykja líklegt, að hin árlega verðbréfasala eftir þessari leið, sem hér er bent á, verði ekki nema að nokkrum hluta til að draga frá tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga.

Erfitt er auðvitað að segja fyrir um það, hvað verðbréfasalan kynni að auka fjármögnun íbúðarlánakerfisins. Þrátt fyrir ýmsa kosti þess fyrir einstaklinga og fyrirtæki að festa fé í verðbréfum þessum og þrátt fyrir ríka þegnskapartilfinningu margra, þá þætti e. t. v. sumum vafasamt að festa fé sitt jafnvel til 35 ára. Á hitt er að líta, að verðbréfin hlytu jafnan að teljast sæmileg handveð fyrir lánum hjá peningastofnunum, ef til þyrfti að grípa. Vísitölutryggingin og frádrátturinn við skattframtal hlýtur að höfða til margra, enda þótt bréfin séu fram talin til eignar og grunnvextir til tekna.

Við Íslendingar forsmáum engan veginn þátttöku í hvers konar happdrætti. Verðbréfin verða að hluta árlega dregin út, og ræður hending þar hverju sinni. E. t. v. yrði ýmsum þannig unnt að nota sömu þúsundirnar 2—3 sinnum til kaupa á bréfum á 35 ára tímabilinu.

Eins og áður segir, er engin vissa um það, að með stefnu þeirri, sem í frv. greinir, verði um verulega aukna fjármögnun að ræða til húsnæðismála. Það fer eftir atvikum. En að áliti okkar flm. er það tilraunarinnar virði að stofna m. a. með þessum hætti til fjáröflunar. Alvarlegur fjármagnsskortur Byggingarsjóðs og brýn lánsfjárþörf hinna mörgu, sem brjótast í því að koma þaki yfir höfuð sér og sinna, knýr svo fast á, að eigi verður hjá því komizt fyrir ríkisvaldið að leysa úr þessum stórfellda og margþætta vanda með öllum tiltækum ráðum.

Ed. 569. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara, byggingarsamvinnufélaga og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 21 27. apríl 1968 var húsnæðismálastjórn heimilað að veita lán, meðan á byggingartíma stendur, til bygggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar, en lán þessi skyldu síðar skiptast milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Þessi ráðstöfun var gerð til þess að ráða nokkra bót á fjármagnsskorti þeirra aðila, sem lögin ná til, og hefur vafalaust verið full þörf á henni, svo mjög sem byggingarkostnaður hefur hækkað hér á undanförnum verðþensluárum.

Okkur flm. finnst einsýnt, að byggingarsamvinnufélögin eigi ekki síður rétt á slíkri fyrirgreiðslu af opinberri hálfu, enda má segja, að lögin um þessi merku samvinnufélög séu nú lítið meira en dauður bókstafur, þar sem ekkert hefur verið gert til þess að tryggja sölu hinna ríkistryggðu skuldabréfa, en sala þeirra er forsenda fyrir fjármögnun framkvæmda á vegum félaganna.

Því hefur margsinnis verið lofað af opinberri hálfu, að fram skyldi fara gagnger endurskoðun á lagafyrirmælum, er varða byggingamálin. M. a. hefur frumvarpi um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög verið vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökstuðningi, að slík endurskoðun stæði yfir. Þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar hefur ekkert komið fram til endurbóta á þessari þýðingarmiklu löggjöf, og meðan svo er, teljum við flm. það lágmarkskröfu, að byggingarsamvinnufélögin sitji við sama borð og aðrir að því er varðar þá takmörkuðu fjárhagsaðstoð, sem hið opinbera lætur í té til húsbygginga.

Ed. 570. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Enda þótt einstakir nefndarmenn séu þeirrar skoðunar, að grundvöllur þeirrar skattlagningar gjaldeyrisbankanna, sem frv. gerir ráð fyrir, sé hæpinn, þá leggur n. þó til, ekki sízt með tilliti til þess, að í fjárlögum þeim, sem afgreidd voru í des. s. l., var gert ráð fyrir þeirri tekjuöflun ríkissjóði til handa, er í frv. felst, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson.
Björn Jónsson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Einar Ágústsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 571. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um greiðslufrest á skuldum vegna heimila.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að eigi sé unnt að samþykkja frumvarpið, þar sem ákvæði þess eru um margt óljós og afleiðingar slíkrar lagasetningar yrðu mjög víðtækar og ófyrirsjáanlegar. Augljóst er, að fjárhagsástæður þeirra aðila, sem lagt er til, að notið geti greiðslufrests, eru mjög mismunandi, og slík röskun á greiðsluskuldbindingum mundi hafa lamandi áhrif á starfsemi lánveitenda al-

mennt og mörgum yrði hún ofraun. Þó að meiri hl. nefndarinnar telji eigi unnt af framangreindum ástæðum að samþykkja frumvarpið í svipaðri mynd og það liggur fyrir, eru í því atriði, sem rétt er að skoða nánar, og er því lagt til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til nánari skoðunar.

Alþingi, 28. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Gunnar Gíslason.
	Guðl. Gíslason.	

Ed. 572. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt það á fundum sínum. Þá sendi nefndin frumvarpið til umsagnar eftirtalinna aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, Síldarverksmiðja ríkisins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Í umsögnum ofangreindra aðila kemur fram, að Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda gera ekki athugasemdir við frumvarpið og leggja til, að málið verði samþykkt.

Landssamband ísl. útvegsmanna mælir einnig með, að málið verði samþykkt, en leggur jafnframt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins telur, að stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sé svo vandasamt verk, að það verði ekki gert, svo að í lagi sé, nema með meiri undirbúningi en enn hafi átt sér stað. Hins vegar telur stjórnin hugmyndina góða og verða þess, að hún verði athuguð gaumgæfilega. Leggur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins til, að skipuð verði milliþinganefnd til að gera tillögur um málið.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tekur ekki afstöðu til frumvarpsins í heild né sérstakra greina þess, en telur, að málið þurfi miklu nánari athugunar við, áður en það sé samþykkt. Sölumiðstöðin leggur til, að skipuð verði sérstök nefnd með aðild fulltrúa fiskiðnaðarins, sem semdi frumdrög að reglugerð um starfshætti hugsanlegs Verðjöfnunarsjóðs.

Það er álit sjávarútvegsnefndar, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Hinar miklu sveiflur, sem á undanförnum árum hafa átt sér stað í sjávarafla og heimsmarkaðsverði sjávarútvegsframleiðslunnar, tala sínu máli um nauðsyn þess, að komið verði á meira jafnvægi í rekstrinum en nú á sér stað. — Með lögum um Aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins voru af hálfu hins opinbera gerðar veigamiklar ráðstafanir til þess að draga úr þeim erfiðleikum, sem skapast, þegar aflabrest ber að höndum. — Með því frumvarpi, sem hér um ræðir, ef að lögum verður, er hins vegar gert ráð fyrir að auka jafnvægi í verðlagi milli ára.

Sjávarútvegsnefnd telur nauðsynlegt, að gerðar verði nokkrar breytingar á einstökum greinum frumvarpsins. Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali, en þannig breytt leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Pétur Benediktsson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Bjarni Guðbjörnsson.	Ólafur Jóhannesson.	Sveinn Guðmundsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. **573. Breytingartillögur** [63. mál]

við frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn, og skal hún þannig skipuð: 3 menn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og tveir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs.

2. 3. gr. orðist svo:
Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku þessara laga skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum.

3. 4. gr. orðist svo:
Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeild frystra fiskafurða fái í hlutfalli við gengishagnað af frystum fiskafurðum, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar og skiptingar á sama hátt við stofnun nýrra deilda.

4. 5. gr. orðist svo:
Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.
Greiðsla hluta verðhækkunar samkvæmt þessari grein skal áætluð fyrir fram fyrir ekki lengri tíma en hálft ár í senn. Innheimta fer fram við gjaldeyrisskil, og skal lokauppgjör fara fram eftir hvert framleiðsluár.

5. 7. gr. orðist svo:
Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika.

6. 8. gr. orðist svo:
Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkv. 1. málsgr. 5. gr. og hlutföll verðbóta samkv. 6. gr. Ákveða má, að þessi hlutföll séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns.

7. 10. gr. orðist svo:
Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur ákveður ráðherra með reglugerð um stofnun nýrra deilda.

Ed. 574. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum. Hafa verið fengnar upplýsingar um rekstrar- og kostnaðaráætlanir vegna stækkunar verksmiðjunnar. Eins og sjá má af greinargerð, sem prentuð er með frumvarpinu, hefur rekstur verksmiðjunnar gengið erfiðlega fram til þessa, bæði tæknilega og fjárhagslega. Rekstraráætlun, sem nefndinni hefur verið kynnt, sýnir, að hægt er að koma verksmiðjunni á fjárhagslega traustan grundvöll á ákveðnum tíma, ef stækkun fer fram, eins og hér er ráðgert. Iðnaðarnefnd mælir því með samþykkt frumvarpsins óbreytts, en nánari grein fyrir afstöðu einstakra nefndarmanna mun koma fram við framsögu. Minni hluti mun skila sérstöku nefndaráliti. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 28. apríl 1969.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.
Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.
Jónas G. Rafnar.
Auður Auðuns.

Nd. 575. Frumvarp til laga [240. mál]

um garðyrkjuskóla á Akureyri.

Flm.: Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Heimilt skal ráðherra, þegar fé er til þess veitt á fjárlögum, að stofna á vegum ríkisins og reka að fullu á þess kostnað garðyrkjuskóla á Akureyri, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með málefni skólans. Þriggja manna skólanefnd, er ráðherra skipar samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar Akureyrar, Búnaðarsambands Eyjafjarðar og Sambands norðlenzkra kvenna, hefur stjórn skólans með höndum ásamt forstöðumanni, sem ráðherra setur eða skipar til starfans að fenginni umsögn skólanefndar.

3. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land og íbúðarhús fyrrum Gróðrarstöðvar Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og kostar að öllu leyti þær endurbætur og viðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera vegna skólastarfsins.

4. gr.

Stefnt skal að því, að skólinn starfi a. m. k. átta mánuði á ári, frá 1. marz til 31. október ár hvert. Lögð skal megináherzla á hagnýta, verklega kennslu í útigarðrækt og skipulagningu og ræktun skrúðgarða og skjólbelta auk leiðbeininga um notkun sérfræðibóka.

Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi skólans, inntökuskilyrði, námsefni, kennslutilhögun, próf og prófréttindi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hefur verið uppi allsterk hreyfing norðanlands um endurreisn garðyrkjukennslu á Akureyri. Hafa ýmsir áhugamenn um ræktunarmál, þ. á m. Samband norðlenzkra kvenna, beitt sér fyrir þessari hreyfingu, enda á hún eindreginn stuðning áhrifamikilla aðila, svo sem Búnaðarsambands Eyjafjarðar, bæjarstjórnar Akureyrar o. fl.

Garðyrkjukennslu var haldið uppi í Gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri á árabilinu 1904—1940, en þá féll sú starfsemi niður, er Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi tók til starfa. Því var trúað þá, að eigi væri þörf garðyrkjukennslu á Akureyri, eftir að sá skóli kom til sögunnar. Reynslan sannar þó hið gagnstæða. Garðyrkjuskólinn í Ölfusi hefur fremur sérhæft sig í gróðurhúsaræktun, og er ekkert við því að segja út af fyrir sig, en garðyrkjukennslan á Akureyri var jafnan miðuð við heimilisgarðyrkju og skrúðgarðaræktun. Áhrifa þeirrar stefnu gætti með sérstökum hætti á Akureyri og víðar um Norðurland, þar sem garðyrkja til heimilisnota og staðarfegrunar setti svip á bæ og byggð. Sú hreyfing, sem uppi er á Norðurlandi fyrir endurreisn garðyrkjukennslu á Akureyri, miðar fyrst og fremst að því að endurvekja áhuga á heimilisgarðyrkju og skrúðgarðarækt og fjölga þeim mönnum, sem unnið gætu leiðbeiningastörf eða veitt þjónustu á því sviði. Flutningsmenn eru einnig þeirrar skoðunar, að fyrirhugaður skóli yrði mikilvægur forskóli eða námsáfangi þeim, sem hugsa til fullnaðarnáms í garðyrkjufræðum, einkum þeim, sem stefna að því að öðlast iðnréttindi í skrúðgarðyrkju. Aðstæður til náms í skrúðgarðyrkju eru á ýmsan hátt betri á Akureyri en annars staðar, ekki sízt á landi gömlu Gróðrarstöðvarinnar, þar sem finna má ljósust vitni um hina margvíslegu ræktunarmöguleika hér á landi og þar sem ræktunarmenning verður séð og skynjuð af lifandi táknum og dæmum. Er óhætt að fullyrða, að verðandi skrúðgarðyrkjumönnum verður ekki fundinn þroskavænlegri staður til náms, þótt um stuttan tíma væri.

Vorið 1966 var samþykkt þingsályktun á Alþingi, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi væri grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd, og skyldi þeirri athugun lokið fyrir reglulegt Alþingi, sem koma átti saman 10. október 1966.

Landbúnaðarráðherra skipaði þriggja manna nefnd til þess að athuga málið, en í nefndinni voru Jón Rögnvaldsson, garðyrkjuráðunautur á Akureyri, Dómhildur Jónsdóttir, prestsfrú á Höskuldsstöðum, og Ármann Dalmannsson, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Nefndin skilaði áliti og tillögum til landbúnaðarráðherra í febrúarmánuði 1967 og lagði til, að stofnaður skyldi garðyrkjuskóli á Akureyri og til hans lagt land og húsnæði gömlu Gróðrarstöðvarinnar. Nefndin lagði til, að skólinn tæki til starfa 1. marz 1968, yrði fyrst um sinn 8 mánaða skóli og tæki allt að 10 nemendum. Skólinn skyldi leggja megináherzlu á kennslu í heimilisgarðrækt í víðtækum skilningi og vera fyrst og fremst verknámsskóli með nokkru hagnýtu bóknámi.

Fyrirhugaður garðyrkjuskóli á Akureyri yrði hvorki dýr né viðamikil stofnun. Ekki mun þörf nema eins fastráðins kennara (skólastjóra), og stundakennsla yrði hverfandi. Ríkið á nothæft hús fyrir skólann, þar sem er gamla Gróðrarstöðin, og nægilegt land, sem nýta má í þágu skólans. Ástæðulaust er því að óttast þau útgjöld, sem skólanum yrðu samfara.

Nd. 576. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþykkt með tiltekinni breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali, sem allir nefndarmenn standa að. Minni hluti nefndarinnar mun skila sérálíti eða álitum.

Alþingi, 27. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Gunnar Gíslason.

Nd. 577. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka í Danmörku lán að fjárhæð allt að 1 millj. danskra kr. til endurbóta á húsi Jóns Sigurðssonar.

Ed. 578. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Pétri Benediktssyni.

1. Við 7. gr. C-liður orðist svo:
   Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna í einn sólarhring í senn afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti. Nú leikur grunur á, að sending, sem ekki er svo merkt, sé áfengissending, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess, að hún sé opnuð í viðurvist hans eða fulltrúa hans, ella verði afhendingu frestað í samræmi við það, sem að framan segir.
2. 9. gr. orðist svo:
   16. gr. laganna orðist svo:
   Útsölur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og vínveitingahús mega ekki afhenda ölvuðum mönnum áfengi. Ekki mega þessir aðilar heldur selja eða veita yngra manni en 20 ára áfengi. Ef vafi leikur á um aldur manns, verður hann að geta sannað sitt mál með nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt.
3. Við 10. gr. Bókstafurinn a framan við fyrra málslið og b-liður falli niður.
4. 11. gr. falli niður, og breytist greinatalan skv. því.
5. Við 15. gr. Í stað tveggja síðustu setninganna komi: Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.
6. 20. gr. falli niður, og greinatalan breytist skv. því.

Nd. **579. Lög** [16. mál]

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 16.

Nd. **580. Lög** [150. mál]

um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 280.

Ed. **581. Lög** [5. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 534.

Ed. **582. Lög** [192. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 385.

Nd. **583. Frumvarp til laga** [169. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við læknadeild Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum

háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hætta af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og tekið er fram í 4. mgr. 2. gr.

3. gr.

Á eftir IV. kafla, 21. gr., komi nýr kafli, er verður V. kafli, 22.—26. gr., svo hljóðandi:

Sérákvæði um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf.

22. gr. — Nú telur landlæknir rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísunum læknis á tiltekin ávana- og fíknilyf, og getur ráðherra þá eftir tillögu landlæknis lagt fyrir lækninn að halda skrá yfir ávísanirnar og skrá þar m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísaðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Um skráninguna og skil á skýrslum vegna hennar fer að öðru leyti eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ákvæði fyrstu málsgreinar taka einnig til eigin notkunar lækna á ávana- og fíknilyfjum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hvaða lyf skuli teljast ávana- og fíknilyf samkv. þessum kafla.

23. gr. — Ef læknir sá, sem á hefur verið lögð skráningarskylda samkv. 22. gr., hlítir ekki fyrirmælum þar að lútandi eða verður uppvís að því að ávísa (sjálfum sér eða öðrum) ávana- og fíknilyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Er ráðherra þá heimilt, að fenginni umsögn læknadeildar háskólans, að svipta lækninn leyfi til að ávísa slíkum lyfjum, öllum eða einstökum flokkum þeirra, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 20. gr.

Nú verður læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda samkv. 22. gr., uppvís að því að ávísa sjálfum sér óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja, og þykir atferli hans alvarlegra eðlis en svo, að skráningarskyldu verði beitt, og má þá svipta hann leyfi samkv. fyrstu málsgr. Þó skal lækninum gefinn kostur á að skýra málstað sinn munnlega, áður en leyfissvipting fer fram, en að öðru leyti fer um málsmeðferð og fyrirvara eftir ákvæðum fyrstu málsgr.

24. gr. — Læknir getur afsalað sér rétti til að ávísa ávana- og fíknilyfjum eða tilteknum flokki (flokkum) slíkra lyfja um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.

25. gr. — Nú hefur læknir ekki leyfi til að ávísa ávana- og fíknilyfjum samkv. ákvæðum 23. eða 24. gr., og má hann þá með leyfi ráðherra og að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

26. gr. — Læknir, sem sviptur hefur verið leyfi til að ávísa ávana- og fíknilyfjum, getur fengið til þess leyfi á ný, að fengnum tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

V. kafli laganna verður VI. kafli, og 22. gr. verður 27. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 51 30. maí 1942, lög nr. 27 21. maí 1960 og lög nr. 26 23. marz 1961, öll um breyting á 2. gr. laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 8 15. febr. 1964 inn í lög nr. 47 23. júní 1932 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: **Læknalög.**

Ed. 584. Lög [140. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 253.

Nd. 585. Frumvarp til laga [241. mál]

um visitölutryggð spariskírteini vegna Byggingarsjóðs ríkisins.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Til öflunar lánsfjár á vegum Byggingarsjóðs ríkisins skal Veðdeild Landsbanka Íslands hafa til sölu spariskírteini.

Spariskírteini þessi skulu visitölutryggð á sama hátt og lánsfé Byggingarsjóðs og vextir af þeim hinir sömu og útlánsvextir Byggingarsjóðs, og skulu þeir útborgaðir um leið og skírteini er innleyst. Skírteinin skulu skráð á nöfn kaupenda.

Eigendur skírteina skulu njóta þeirra hlunninda að hafa forgang fyrir lánum til bygginga eða kaupa á íbúð, svo og rétt til 25% hærra láns en venjulegt lán Byggingarsjóðs er, þó aldrei yfir 85% af matsverði íbúðar.

Til að njóta slíkra hlunninda þurfa þó hlutaðeigendur að hafa keypt spariskírteini fyrir minnst 250 þús. kr. á eigi skemmri tíma en 10 árum, og skal a. m. k. 35% af upphæðinni hafa verið keypt 5 árum áður en þeir sækja um lánið.

Nú vill eigandi spariskírteinis fá skírteini sitt innleyst, og skal hann þá tilkynna Veðdeild Landsbankans það með eins árs fyrirvara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í greinargerð þessari skal þess ekki freistað að ræða húsnæðismálin hér á landi í öllum atriðum né rekja sögu þeirra. Þó skal þess getið, að mjög fer því fjarri, að Íslendingum hafi tekizt að framkvæma heilbrigða stefnu í húsnæðismálum, hvað sem

segja má um yfirlýst **markmið** í þeim efnum, eins og þau birtast í húsnæðismálalöggjöfinni. Tæpast getur nokkrum manni dulizt, að verulegt misræmi er á milli **orða og aðgerða** í húsnæðismálum okkar. Annars vegar er húsnæðismálalöggjöfin (lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, lög um verkamannabústaði, lög um byggingarsamvinnufélög o. s. frv.), þar sem markmiðið er að leysa húsnæðisþörf landsmanna með sem minnstum tilkostnaði, og hins vegar er framkvæmdin, sem lýsir sér í sífelldum húsnæðisskorti, hömlulitlu bruðli, óhófsbyggingum í ríkum mæli, miklum byggingarkostnaði og eilífum fjármagnsskorti — í einu orði sagt: stefnuleysi. Íslendinga vantar ekki lagaumgerð, sem rúmi skynsamlega byggingarhætti, og fyrirmyndir um þessi efni frá öðrum þjóðum, einkum Norðurlandaþjóðum, skortir ekki heldur. Það, sem á vantar hér, er markvís framkvæmd skynsamlegrar húsnæðismálastefnu í samræmi við þörf og fjárhagsgetu þjóðfélagsins á hverjum tíma. Við þurfum fyrst og fremst að framfylgja grundvallarákvæði húsnæðismálalöggjafarinnar, sem felst í 3. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, 3. tölulið þeirrar greinar, að stuðlað verði að því að byggja fyrst og fremst „hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð".

Ljóst má vera, að Íslendingar þurfa af ýmsum ástæðum að leggja talsvert háan hluta þjóðartekna sinna til íbúðarbygginga. Í fyrsta lagi er það ein af frumþörfum hvers manns að hafa þak yfir höfuðið. Í öðru lagi er sífelldrar endurnýjunar þörf á húsnæði. Í þriðja lagi fjölgar fólki tiltölulega ört hér á landi. Í fjórða lagi er loftslagi og veðurfari háttað þannig á Íslandi, að gott húsnæði er veigamikið atriði í lífsþægindum og almennum lífskjörum manna. Þjóðfélagið getur því ekki vikizt undan skyldum sínum um það að sinna húsnæðismálum sem einu fremsta nauðsynjaverkefni sínu. Þjóðin á kröfu til þess, að Alþingi og ríkisstjórn gefi húsnæðisþörfinni fullan gaum og sinni lausn húsnæðismálanna ekki síður en öðrum aðkallandi þjóðfélagsmálum.

Reynslan frá því á heimsstyrjaldarárunum og allt til þessa dags sýnir og sannar, að húsnæðiskostnaðurinn er einn aðalverðbólguvaldurinn í efnahagslífi okkar. Sú staðreynd, að um áratuga skeið hefur ríkt hér óeðlilegt hlutfall milli almenns kaupgjalds og húsnæðiskostnaðar (húsaleigu), hefur leitt af sér sífellt reiptog milli verðlags og kaupgjalds og valdið óstöðvandi verðbólgu og gengisfellingum. Staðan hefur lengst af verið sú, að venjuleg árslaun verkamanns og annarra lágtekju- eða miðlungstekjumanna hafa að óeðlilega miklum hluta farið í að greiða húsnæðiskostnað. Mun algengt, að menn hafi greitt og greiði allt að helmingi mánaðarkaupsins í húsaleigu. Slíkt hlutfall milli kaupgjalds og húsaleigu er að sjálfsögðu fráleitt. Á hinn bóginn er svo tilhneigingin í verðbólguþjóðfélagi okkar að fjárfesta sem mest, skulda sem mest og láta verðbólguna um að brenna skuldirnar í eldi sínum. Þessi tilhneiging hefur m. a. valdið ásókn í að fjárfesta í íbúðarhúsum, þannig að stór hópur manna hefur verið haldinn eins konar byggingaræði og ekki sézt fyrir í þeim efnum. Hér hefur því orðið til vítahringur, sem illt er að komast út úr, en er þó þess eðlis, að hann molar niður efnahagskerfið og grefur undan heilbrigðri fjármálaþróun.

Af þessu má sjá, að húsnæðismálin verður að taka nýjum tökum með það að leiðarljósi að framkvæma húsnæðismálastefnuna í samræmi við yfirlýstan tilgang húsnæðislöggjafarinnar um byggingu hóflegra íbúða á hagstæðu verði. Húsaleigubyrðina verður að létta og gera hana jafnari. Þjóðin á að sjálfsögðu heimtingu á nægilegu framboði góðs íbúðarhúsnæðis, en hún verður einnig að láta sér skiljast, að óhófskröfur verða að víkja fyrir skynsamlegum byggingarháttum. Um slíka stefnu og málstúlkun ættu allir stjórnmálaflokkar að sameinast. En mestu varðar, að þeir, sem með framkvæmdavaldið fara á hverjum tíma, geri sér ljósar skyldur sínar í þessu efni.

Talið er, að árleg byggingaþörf sé um 1700—1800 íbúðir næstu 5—10 ár. Miðað við núgildandi verðlag er áætlað, að árleg fjárfesting í íbúðarhúsnæði þurfi að vera um 2000 milljónir króna. Lánsmöguleikar byggingarsjóðs eru áætlaðir á þessu ári 360 millj. kr., en aðrir lánsmöguleikar, aðallega útlánafé lífeyrissjóða, má telja að fari vart fram úr 300 millj. kr. — Byggingarsjóði er á þessu ári (1969) vant

u. þ. b. 420—460 millj. kr. til þess að geta veitt þau hámarkslán, sem húsbyggjendur hafa rétt til að fá. Alger óvissa ríkir um öflun þessa fjár.

Það er skoðun flm. þessa frv., að hér þurfi mikilla úrbóta við. Aukins fjár til byggingarframkvæmda verður að afla, ef þess á að vera nokkur kostur að halda eðlilega í horfinu um íbúðabyggingar. Æskilegast væri, að aukin fjáröflun til byggingarframkvæmda yrði reist á auknum sparnaði hjá þjóðinni, eða m. ö. o. með því að beina fjárráðstöfun almennings, sem nú fer allt um of í þjóðhagslega óhagkvæma eyðslu, að uppbyggjandi framkvæmdum.

Tvær leiðir koma mjög til greina í þessu sambandi:

1. Útgáfa vísitölutryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð, frádráttarbærra að vissu marki í sambandi við útsvör og skattgreiðslur.
2. Sala vísitölutryggðra spariskírteina með sérstökum réttindum að því er varðar lán úr byggingarsjóði.

Þar sem okkur er kunnugt um, að framsóknarmenn í Ed. hafa í hyggju að flytja frumvarp um útgáfu vísitölutryggðra skuldabréfa, frádráttarbærra í sambandi við útsvör og skatt, munum við ekki hreyfa því máli hér í þessu frumvarpi, en munum að sjálfsögðu fylgja því, ef hið væntanlega frumvarp efrideildarmanna verður afgreitt til neðri deildar.

Hins vegar fjallar þetta frv. um sölu vísitölutryggðra spariskírteina, sem við teljum líklega leið til árangursríkrar fjáröflunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Með slíku ákvæði er opnuð leið til frjáls sparnaðar almennings í þágu mikilvægs málefnis. Ætla má, að sá forgangsréttur fyrir íbúðarlánum, sem í frumvarpinu greinir, auk heimildar til hærra láns, 85% í stað 75% af hæsta verði íbúðar, verði mörgum hvatning til kaupa á spariskírteinum, en minna verður á nauðsyn þess, að húsnæðismálastjórnin haldi uppi virkri kynningu á þessum möguleikum til skynsamlegrar ráðstöfunar sparifjár.

Nd. 586. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um olíuverzlun ríkisins.

Frá 4. minni hl. fjárhagsnefndar.

Olíur og benzín eru þýðingarmiklir vöruflokkar í þjóðarbúskap Íslendinga, hinir stærstu í innflutningnum. Verðlag á olíuvörum skiptir miklu fyrir höfuðatvinnuvegi landsmanna og varðar raunar einnig alla einstaklinga að meira eða minna leyti.

Nú er rekið þrefalt dreifikerfi fyrir þessar vörur. Undirritaður minni hluti telur líklegt, að hér megi koma á betri skipan og gæta meiri hagsýni en nú á sér stað. Við lítum svo á, að rétt sé og nauðsynlegt að taka þetta yfirgripsmikla mál til rækilegrar skoðunar, og leggjum til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi nefnd fjögurra manna, er tilnefndir séu einn frá hverjum þingflokki, til þess að rannsaka, með hverjum hætti olíuverzlun Íslendinga og þar með dreifingu olíunnar um landið verði hagkvæmlegast fyrir komið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Ed. 587. Breytingartillögur [187. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   Framlag ríkissjóðs skv. C-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árið 1969.
2. 2. gr. frv. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 588. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Það eru engar smáupphæðir, sem ríkisstjórnin lætur ríkissjóðinn taka að láni um þessar mundir. Á nýliðnum vetri hefur stjórnin aflað sér lántökuheimilda, sem nema samtals 960 millj. kr. Og enn er óafgreitt frá þinginu stjórnarfrumvarp um 150 millj. kr. lántöku, auk þess frv., sem hér liggur fyrir.

Hér er aðallega um erlendar lántökur að ræða. Viðbót við skuldir þjóðarinnar í útlöndum, sem eru þegar orðnar geigvænlega miklar. Talið er, að vextir og afborganir af útlendum lánum á þessu ári muni nema yfir 30% af heildarverðmæti útfluttrar vöru frá landinu, eins og það var árið 1968.

Ríkisstjórnin er á harðahlaupum að biðja um lán í öðrum löndum, austan og vestan Atlantshafs, en flest er í sukki hjá henni á heimaslóðum. Sem dæmi um það má nefna, að í árslokin 1967 átti ríkissjóður í vörzlum innheimtumanna sinna víðs vegar um landið 200 millj. kr., sem þeir voru búnir að innheimta, en höfðu ekki verið látnir skila á réttum tíma á réttan stað. Það þætti ekki góð fjármunameðferð hjá einkafyrirtæki að láta rukkarana geyma stórar upphæðir af innheimtu fé í vösum sínum mánuðum og jafnvel missirum saman. En þetta lætur ríkisstjórnin gerast á þjóðarbúinu, sem talið er að hún stjórni.

Minni hl. leggur áherzlu á, að áður en ríkisstjórnin notar þær lántökuheimildir, sem hún fær samþykktar á Alþingi, láti hún innheimtumenn sína skila til ríkissjóðs öllu því innheimtufé, sem þeir hafa í sínum vörzlum, og geri ráðstafanir, er að gagni megi koma, til að þeir skili framvegis öllum ríkistekjum, strax þegar þeir hafa innheimt þær.

Í þessu frv. fer ríkisstjórnin fram á heimild til að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnt PL-480 lán, að fjárhæð allt að 1 milljón 600 þús. dollara. Slík lán hafa áður verið tekin þar í landi. Og þar sem lán þetta mun fást með hagstæðari kjörum en annað lánsfé, telur minni hl. fjárhagsnefndar ekki rétt að beita sér á móti því, að það verði tekið, enda er fyrirhugað samkv. frumvarpinu að verja því til gagnlegra hluta.

Stjórnin fer líka fram á heimild til að afla lánsfjár innanlands með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, að upphæð 75 millj. króna. Nokkur slík lán hefur stjórnin tekið síðustu árin. En mikið af því fé, sem menn verja til kaupa á slíkum bréfum, taka þeir af innieignum í bönkum og sparisjóðum. Með því móti eru skertir möguleikar þeirra lánastofnana til að sjá atvinnuvegunum fyrir nauðsynlegu lánsfé. En lánsfjárþörf atvinnufyrirtækjanna hefur aukizt mjög síðustu árin, m. a. vegna gengisfellinganna. Minni hl. telur því, að um leið og slík heimild er veitt til lánsfjáröflunar, sé rétt að afnema heimild Seðlabankans til að binda hluta af sparifjáraukningu innlánsstofnana, og flytur breytingartillögu um það.

Þá flytur minni hl. tillögu um, að skuldabréfin eða sparifjárskírteinin verði nafnskráð.

Samkv. framansögðu er hér lagt til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana á árinu 1969.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Skúli Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 589. Breytingartillögur [223. mál]

við frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Pétri Benediktssyni, Einari Ágústssyni, Bjarna Guðbjörnssyni, Birni Jónssyni og Sveini Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. bætist:
   Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera sem næst þrír á móti einum.
2. Við 7. gr. bætist:
   Umbúðir um vindlinga skulu á áberandi hátt merktir með eftirfarandi áletrun:

VIÐVÖRUN
VINDLINGAREYKINGAR
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM

Ed. 590. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Pétri Benediktssyni og Birni Jónssyni.

Eftir 8. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala skv. því):

Ef birtar eru auglýsingar um vindlinga í blöðum, tímaritum, bókum, kvikmyndahúsum, útvarpi eða á annan hátt, skal sá aðili, sem tekur við gjaldi fyrir að birta slíkar auglýsingar, sjá Krabbameinsfélagi Íslands og félaginu Hjartavernd (í hlutfallinu 2 á móti einum þeirra á milli) fyrir auglýsingarými (eftir atvikum -tíma) í

hinum sömu fjölmiðlunartækjum án endurgjalds. Þessar gjaldfrjálsu auglýsingar skulu að rúmi (tíma) mega vera allt að þriðjungi miðað við vindlingaauglýsingarnar.

Nd. 591. Frumvarp til laga [242. mál]

um breyting á lögum nr. 88 20. des. 1968, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969“ komi: tímabilinu 1. jan. til 10. maí 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heimild sú til veiða með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelgi, sem veitt var með lögum nr. 88 22. des. 1968, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, gildir aðeins til loka þessa mánaðar.

Augljóst er, að ekki vinnst tími til að afgreiða fram komið frv. um veiðar með botnvörpu og flotvörpu á þeim tveimur dögum, sem eru til mánaðarmóta. Frv. þetta gerir því ráð fyrir, að lögin frá 20. des. s. l. verði framlengd um 10 daga, til þess að Alþingi gefist tóm til að athuga og afgreiða hið nýja frv.

Ed. 592. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum. Nefndin leitaði umsagnar um málið hjá stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og fékk auk þess umsögn um málið frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Báðir þessir aðilar mæla gegn því, að hluti ríkissjóðs í framlagi til aflatryggingasjóðs verði lækkaður frá því, sem nú er.

Sjávarútvegsnefnd er ljóst, að með þeirri tekjuskerðingu, sem hér um ræðir, getur svo farið, að aflatryggingasjóður verði ekki fær um að standa við skuldbindingar sínar eftir sömu reglum og gilt hafa um greiðslur úr sjóðnum á undanförnum árum. Nefndin taldi því rétt að gera hæstv. fjármálaráðherra grein fyrir þessari skoðun sinni. Í því tilefni gaf hæstv. fjármálaráðherra nefndinni eftirfarandi yfirlýsingu:

„Ríkisstjórnin mun sjá svo um, að ef til þess kemur, að aflatryggingasjóð skorti fé, til þess að greiðslur úr sjóðnum geti farið fram eftir sömu bótareglum og giltu á s. l. ári, þá muni sjóðnum verða séð fyrir því fjármagni, sem af skerðingunni leiðir eða á kann að vanta.“

Um II. kafla frumvarpsins, greiðslu fæðiskostnaðar, er það að segja, að hér er um samkomulagsatriði að ræða, sem um getur í samningum milli sjómanna (undirmanna) á bátaflotanum og útgerðarmanna, sem gerðir voru hinn 12. febrúar 1969.

Með hliðsjón af framansögðu leggur sjávarútvegsnefnd til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
2. töluliður 9. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

Alþingi, 28. apríl 1968.

Pétur Benediksson, form.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Ólafur Jóhannesson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 593. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta var upphaflega samið af sérstakri áfengismálanefnd, sem kosin var af Alþingi í maí 1964, en síðar var frumvarpinu breytt og meðal annars aldursmörk lækkuð úr 21 ári í 20 ár til samræmis við aldursmörk kosningarréttar og lögræðis. Þá hafa og verið gerðar nokkrar breytingar á frv. við meðferð þess í neðri deild.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt í sinni núverandi mynd, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma frá öðrum.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Auður Auðuns.	Einar Ágústsson.	Karl Guðjónsson.
	Pétur Benediktsson.	

Ed. 594. Breytingartillaga [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Auði Auðuns.

Við 15. gr. Aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Nú ákveður sveitarstjórn utan Reykjavíkur að stofna félagsmálaráð, og getur þá dómsmálaráðherra með sama hætti falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

Ed. 595. Frumvarp til laga [63. mál]

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

2. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn, og skal hún þannig skipuð: 3 menn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og tveir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs.

3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku þessara laga skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum.

4. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera:

a. Afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Renni fé þetta til deildar frystra fiskafurða.
b. Fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeildirnar tvær, sbr. 3. gr., fái hvor um sig upphæð í hlutfalli við gengishagnað tilfallinn af afurðum þeirra, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar við stofnun nýrra deilda í sjóðnum.

5. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Greiðsla hluta verðhækkunar samkvæmt þessari grein skal áætluð fyrir fram fyrir ekki lengri tíma en hálft ár í senn. Innheimta fer fram við gjaldeyrisskil, og skal lokauppgjör fara fram eftir hvert framleiðsluár.

6. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lög þessi ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 7. og 8. gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkv. 1. málsgr. 5. gr. og hlutföll verðbóta samkv. 6. gr. Ákveða má, að þessi hlutföll séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns.

9. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði laga þessara, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur ákveður ráðherra með reglugerð um stofnun nýrra deilda.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1968 skal vera í gildi verðtrygging fyrir frystar fiskafurðir, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og fyrir frysta rækju. Skal miða verðtrygginguna við verðlag við áramót 1967/68. Skiptist verðtryggingin í tvö tímabil, miðað við framleiðslu frá 1. janúar til 31. júlí annars vegar, en frá 1. ágúst til 15. nóvember hins vegar. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu um sig hærra en það var um áramótin 1967/68, greiði framleiðendur helming þeirrar hækkunar í Verðjöfnunarsjóð. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu fyrir sig lægra en það var um áramótin 1967/68, skal helmingur þeirrar lækkunar greiddur úr Verðjöfnunarsjóði fyrir framleiðslu fyrra tímabilsins, en þrír fjórðu hlutar fyrir framleiðslu síðara tímabilsins.

Ed. 596. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 68 28. des. 1934, sbr. l. um breyt. á þeim lögum, nr. 88 23. des. 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Henni hafa borizt umsagnir um frv. frá eftirtöldum aðilum: fjármálaráðuneytinu, útvarpsstjóra og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Mælir félagið með samþykkt frv., en útvarpsstjóri gegn því.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir m. a., að það geti fyrir sitt leyti fyllilega fallizt á forsendur þess, að frv. sé flutt. Hins vegar telur ráðuneytið, að nauðsyn-

legt sé að gera ýtarlegri könnun á, hvernig slíka breytingu skuli gera, heldur en tök hafi verið á í sambandi við frv. það, er hér liggur fyrir. Er gerð nánari grein fyrir tæknilegum örðugleikum á því að fella innheimtu útvarpsgjaldsins sem nefskatts inn í núverandi innheimtukerfi opinberra gjalda, og bent á nauðsyn þess, að áður en málinu sé ráðið til lykta, sé framkvæmd tæknileg könnun á því, hvernig þann vanda megi leysa á sem auðveldastan hátt.

Nefndin fellst á þau sjónarmið, sem fram koma í umræddri umsögn fjármálaráðuneytisins, og leggur til í samræmi við það, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að umrædd könnun verði gerð og niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Einar Ágústsson.	Pétur Benediktsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 597. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Svo sem fram kemur af athugasemdum með frumvarpi þessu, nam byggingarkostnaður Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn í árslok 1967 um 210 millj. kr., eða 4.4 millj. Bandaríkjadollara miðað við það gengi, sem var á byggingartímanum. Við verksmiðjuna vinna nú um 30 manns. Rekstrarafkoman varð mun lakari á árinu 1968 en vonir stóðu til, og varð hallinn á því ári 33.6 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, er meginástæða óhagstæðrar rekstrarafkomu talin sú, að framleiðslan á árinu 1968 varð til muna minni en ráðgert hafði verið eða aðeins 2500 lestir, en eins og kunnugt er, var votvinnslukerfið gert fyrir 12 þús. lesta ársafköst.

Ýmsir byrjunarörðugleikar eiga þarna nokkurn hlut að, en megingallinn hefur komið fram á votvinnslukerfinu. Um það segir í athugasemdum, að sýnt þyki, að afkastageta þess muni reynast minni en aðilar höfðu ætlazt til. „Má rekja það til þurrkara verksmiðjunnar, sem ekki eru eins öflugir og við var búizt, og einnig hafa að jafnaði orðið í þeim nokkur efnistöp við útgufun. Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur, sem áætlanir aðilanna voru byggðar á".

Þessa hönnun, sem svo illa hefur tekizt, framkvæmdi fyrirtækið KAISER í Kanada, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndinni voru gefnar, telja ráðamenn verksmiðjunnar, að engar bætur muni fást vegna þeirra mistaka, sem þarna hafa orðið.

Ráðið til að koma rekstri fyrirtækisins á réttan kjöl telja stjórnendur þess vera að auka votvinnslukerfi verksmiðjunnar. Er í því skyni fyrirhugað að leggja nýja hráefnisleiðslu frá Mývatni við hlið þeirrar, sem fyrir er, og auka afl dælustöðvar. Byggðar skulu tvær nýjar hráefnisþrær við verksmiðjuna og ný skilvinda, mun stærri en sú, sem fyrir er. Bætt verður við a. m. k. tveim nýjum þurrkurum, öflugri og sterkari en þeim, sem fyrir eru, auk þess sem vörugeymslur verksmiðjunnar verða stækkaðar.

Áætlaður kostnaður þessara framkvæmda er um 200 millj. kr., en auk þess er talið, að afla þurfi um 100 millj. kr. til þess að standa undir rekstrarhalla, bæði

þeim, sem þegar er orðinn, og eins hinum, sem fyrirsjáanlegur er fyrstu árin eftir stækkunina.

Er í þessu skyni ætlað að auka hlutafé fyrirtækisins um allt að 300 millj. kr. Sameignaraðilinn, Johns-Manville Corporation í Bandaríkjunum, mun þegar hafa lofað hlutafjáraukningu af sinni hálfu.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, fjallar um heimild handa ríkisstjórninni til að leggja fram allt að 150 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn til viðbótar því, sem þegar hefur verið lagt fram. Er ríkisstjórninni jafnframt ætluð heimild til að taka lán í þessu skyni.

Við undirritaðir, sem skipum minni hluta iðnaðarnefndar, teljum, að með framleiðslu kísilgúrs við Mývatn hafi verið brotið upp á merku nýmæli í íslenzkum iðnrekstri og þrátt fyrir ýmis vonbrigði hafi þó ótvírætt komið í ljós, að framleiðslan sé með því bezta, sem þekkist í heiminum.

Við viljum ekki leggjast gegn því, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja verksmiðjunni starfsgrundvöll, og munum því greiða frumvarpinu atkvæði, en leyfum okkur jafnframt að benda á eftirtalin atriði:

1. Við teljum, að með jafnmiklu fjármagni og hér hefur verið lagt fram af hálfu ríkisins hefði mátt búa þannig að ýmsum alinnlendum fyrirtækjum, að þau skiluðu verulegum arði. Nýjar iðngreinar eru vissulega góðra gjalda verðar, en hinar eldri atvinnugreinar mega ekki heldur alveg gleymast.
2. Þrátt fyrir þessa miklu fjármagnsaukningu fjölgar starfsfólki verksmiðjunnar aðeins um 12 manns.

   Atvinnumálanefnd ríkisins hefur 300 millj. kr. til að útrýma öllu atvinnuleysi í landinu.
3. Umboðslaun Johns-Manville Corporation af sölu framleiðslunnar eru stighækkandi eftir magni og geta komizt upp í 31%. Það teljum við allt of hátt og ástæðu til að endurskoða sölusamninginn, um leið og hlutafjáraukningin fer fram.
4. Við teljum mikilvægt, að sem stærstur hluti hins fyrirhugaða verks verði unninn hér innanlands, en samkvæmt áætluninni verður aðeins ⅓ hluti af efni og vinnu innlendur kostnaður. Ráðgert er, að hinir stóru þurrkarar verði t. d. að öllu leyti gerðir erlendis, enda þótt innlend fyrirtæki muni auðveldlega geta smíðað þá. Telur minni hl. n. sjálfsagt, að slíkt verk verði boðið út og íslenzkum fyrirtækjum gefinn kostur á að gera tilboð. Þá er og upplýst, að hönnun mannvirkjanna og verkfræðilegt eftirlit með byggingu þeirra verði í höndum erlendra manna. Fáum við ekki séð, að til þess beri neina nauðsyn. Við teljum, að framvegis beri að gera meira að því en hingað til að nota innlent vinnuafl og þekkingu við slíkar framkvæmdir.
5. Við leggjum ríka áherzlu á, að ekki verði unnin spjöll á hinu sérstæða náttúrulífi við Mývatn með byggingu umræddra mannvirkja.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Einar Ágústsson, frsm. Björn Fr. Björnsson. Gils Guðmundsson.

Nd. 598. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið samþykkt í efri deild. Í fyrra lá það fyrir Alþingi, en dagaði þá uppi, vegna þess m. a., að annmarkar þóttu vera á að heimila sölu jarðarinnar, eins og sjá má á þeim fylgiskjölum, sem með frumv. eru prentuð. Nú hefur hins vegar náðst samkomulag um ágreiningsatriði, er þá töfðu málið, og leggur landbúnaðarnefnd til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Benedikt Gröndal. Vilhjálmur Hjálmarsson. Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.

Ed. 599. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Á eftir orðunum „að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum“ í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: annars staðar en í Faxaflóa (en með því er átt við svæðið innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 4 mílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 600. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Framlag ríkissjóðs skv. C-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árið 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 601. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um skylduþjónustu ungmenna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Till. þessi hefur verið til athugunar hjá nefndinni um alllangt skeið. Send var hún til umsagnar nokkurra félagasamtaka, nánar tilgreindra þessara: Æskulýðs-

sambands Íslands, Sambands ísl. barnakennara, Félags framhaldsskólakennara og U.M.F.Í. Svör hafa borizt, en þó ekki frá U.M.F.Í. Með svari Æskulýðssambands Íslands fylgdu svör frá sex félagsheildum innan Æ.S.Í. Afstaðan til till. er nokkuð skipt, en verulegur meiri hluti meðmæltur athugun málsins.

Allsherjarnefnd varð ekki einhuga um afgreiðslu. Undirritaður minni hluti leggur til, að till. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Í stað niðurlagssetningar í tillgr.: „Skal stefnt að því“ o. s. frv. komi: Skal nefndin skila áliti til Alþingis, og komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að lögfesting skylduþjónustu sé æskileg, skal hún skila frv. um það efni til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 25. apríl 1969.

Jónas Pétursson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.	Matthías Bjarnason.

Ed. 602. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. gr. b-lið**ur** orðist svo:

Fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeild frystra fiskafurða fái í hlutfalli við gengishagnað af frystum fiskafurðum, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar og skiptingar á sama hátt við stofnun nýrra deilda.

Ed. 603. Lög [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 317.

Nd. 604. Frumvarp til laga [97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 121 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu

Sambands íslenzkra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera maður með sérþekkingu á brunamálum, er sé annaðhvort verkfræðingur eða tæknifræðingur. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr. hljóðar svo:

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi brunavarnaeftirlit með öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og benzín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum um brunamál sé fullnægt.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum og halda námskeið fyrir slökkviliðsmenn.
f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi varðandi brunavarnir, þar með talið að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.
h. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
i. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

11. gr. hljóðar svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

19. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sótun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni.

24. gr. hljóðar svo:

Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveizlu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

Nd. 605. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán innanlands eða utan, allt að 40 milljónum króna, sem varið verði:

a. til Byggingarsjóðs verkamanna 20 millj. kr.
b. til Félagsheimilasjóðs 20 millj. kr.

Sþ. 606. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju.

Frá allsherjarnefnd.

Þingsályktunartillaga þessi var send til umsagnar. Búnaðarfélag Íslands, Sölufélag garðyrkjumanna og Rannsóknaráð ríkisins sendu jákvæð svör. Allsherjarnefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Matthías Bjarnason.	Geir Gunnarsson.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 607. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Við 2. málslið bætist:

svo og að eitra fyrir refi og minka á takmörkuðum landssvæðum, ef nauðsyn ber til að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórna og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Nd. 608. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur skoðað frv. þetta og brtt., sem borizt hafa. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingu á 3. gr., sem flutt er á sérstöku þingskjali. Þeir nefndarmenn, sem undirrita nál. með fyrirvara, áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Birgir Finnsson, form., með fyrirvara. Pétur Sigurðsson, frsm., með fyrirvara. Guðl. Gíslason.

Jón Skaftason. Björn Pálsson, með fyrirvara. Lúðvík Jósefsson.

Eyjólfur Konráð Jónsson.

Nd. 609. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðunum „að öðru“ bætist orðið: leyti.

b. Við greinina bætist ný málsgrein:

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum um takmarkaðan tíma og á tilteknum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

Nd. 610. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 2. gr.

1. Í staflið C 2. falli burt „350 brúttórúmlestir og minni.“
2. Í staflið E 2. falli burt „350 brúttórúmlestir eða minni.“
3. Í staflið E 5. falli burt „350 brúttórúmlestir og minni.“
4. Í staflið G 1. falli burt „350 brúttórúmlestir og minni.“

Nd. 611. Breytingartillögur [166. mál]

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 11. gr. Í stað orðsins „háskóla“ í 1. mgr. komi: Háskóla Íslands.
2. Við 13. gr.
   a. Annar málsliður 1. málsgr. orðist svo:
   Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a.:
   b. Í stað orðsins „Yfirkennari“ í lið A. 1 komi: Aðstoðarskólastjóri.
   c. Í stað liðar A. 3 komi tveir liðir:
      3. **Deildarstjórar,** er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
      4. **Yfirkennarar,** sem gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan námstíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórna kennslu í hverri grein.

Setja má í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum.

Ed. 612. Lög [242. mál]

um breyting á lögum nr. 88 20. des. 1968, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 591.

Nd. 613. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Sigurvin Einarssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Birgi Finnssyni, Sigurði Bjarnasyni og Steingrími Pálssyni.

Við 2. gr. (F. Breiðafjörður).

1. Liðurinn F. 2 falli niður.
2. Liðurinn F. 4 falli niður.

Nd. 614. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. mai 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Sigurvin Einarssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Birni Pálssyni, Birgi Finnssyni, Sigurði Bjarnasyni Pálma Jónssyni, Steingrími Pálssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. (A. Norðurland). Orðin „nema á Húnaflóa ... í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2)“ í A. 1 falli niður.

Nd. 615. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi Skólaeftirlitinu frumvarpið til umsagnar. Forstöðumaður þess, Aðalsteinn Eiríksson, mælir með, að það verði samþykkt, og segir í bréfi 28. þ. m. meðal annars:

„Það mun ekki hafa verið ætlunin með setningu hinna nýju skólakostnaðarlaga að þrengja hag sveitarfélaga. Þess vegna var samþykkt, að húsmæðraskólarnir kæmu undir áðurnefnda undanþáguheimild, ef þess yrði óskað, og það hafa allir hlutaðeigendur gert. Nákvæmlega sömu rök liggja til þess, að sama gildi um héraðsskólann á Laugum. Að honum stendur eitt sýslufélag, er kostar hann móti ríkinu, og hlutur þess verður allmiklu meiri eftir ákvæðum nýju laganna en hinna eldri. Vísast um þetta atriði til meðfylgjandi samanburðaryfirlits miðað við kostnað 1967.

Ég er sammála öllum þeim atriðum, er fram koma í síðustu mgr. greinargerðar með frumvarpi því, er fyrir liggur, og mæli því eindregið með því, að það verði samþykkt.“

Að athuguðu máli leggur menntamálanefnd til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — BK og MK voru ekki á fundi, þegar frv. var afgr. úr nefndinni.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Benedikt Gröndal, form. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sigurvin Einarsson.

Hannibal Valdimarsson. Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

Fjármálaeftirlitsmaður skóla
Skólavörðustíg 12
Reykjavík.

Héraðsskólinn Laugum, Suður-Þingeyjarsýslu.

Samanburður á skiptingu rekstrarkostnaðar milli aðila eftir lögum nr. 41/1955 og lögum nr. 49/1967 — árið 1967.

1. Rekstrarkostnaður 1967			kr. 1 411 275.66
2. Tekjur	kr.	291 451.00	
3. Nettókostnaður	—	1 119 824.66	
	Kr.	1 411 275.66	Kr. 1 411 275.66

A. Samkvæmt lögum nr. 41/1955 — Nettókostnaður				kr. 1 119 824.66
Í hlut ríkissjóðs		kr. 960 807.29		
Í hlut sýslusjóðs	kr. 450 468.37			
— — — tekjur	— 291 451.00	—	159 017.37	
		Kr. 1 119 824.66		Kr. 1 119 824.66
B. Samkvæmt lögum nr. 49/1967 — Nettókostnaður				kr. 1 119 824.66
Í hlut ríkissjóðs	kr. 823 904.29			
— — — tekjur	— 218 588.00	kr.	605 316.29	
— hlut sýslusjóðs	— 587 371.37			
— — — tekjur	— 72 863.00	—	514 508.37	
		Kr. 1 119 824.66		Kr. 1 119 824.66

Mismunur A. og B.	Ríkissjóður	Sýslusjóður
A. skv. l. nr. 41/1955	kr. 960 807.29	kr. 159 017.37
B. skv. l. nr. 49/1967	— 605 316.29	— 514 508.37
Ríkissjóði til hagnaðar	— 355 491.00	
Sýslusjóði í óhag		— 355 491.00

Reikningar 1968 liggja ekki þannig fyrir, að samanburður geti verið raunhæfur fyrir það ár.

19/3 1969.

Ed. 616. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Karl Guðjónsson var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.

Ed. 617. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir hún með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Karl Guðjónsson var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson.	Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.

Ed. 618. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

Ed. 619. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 30. apríl 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Pétur Benediktsson.	Sveinn Guðmundsson.
	Björn Jónsson, með fyrirvara.	

Sþ. 620. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um skylduþjónustu ungmenna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd Sþ. sendi umrædda tillögu til umsagnar Sambandi ísl. barnakennara, er mælti með samþykkt tillögunnar, Landssambandi framhaldsskólakennara, er mælti gegn henni, UMSÍ, er sendi enga umsögn, og Æskulýðssambandi Íslands, er sendi umsagnir stjórna nokkurra sambanda innan þess, og voru sumar meðmæltar tillögunni, en aðrar andstæðar. Þá kynnti nefndin sér heimildarlög frá 1941 um þegnskylduvinnu, sem enn eru í gildi.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að henni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem heimild er til í lögum nr. 63 27. júní 1941 fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að stofna til þegnskylduvinnu fyrir ungmenni og enginn áhugi hefur komið fram til að nota þá heimild, sér Alþingi ekki ástæðu til að efna til kostnaðar við athugun á framkvæmd skylduþjónustu ungmenna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm. Geir Gunnarsson. Jónas Jónsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 621. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um varnir gegn sígarettureykingum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jón Skaftason, Eðvarð Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sígarettureykingum:

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Viðvörunarmerki um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga verði límd á hvern sígarettupakka.
V. Stofnaðar verði „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
VI. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi eftirfarandi hlutverk:
    a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
    b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
    c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Meðal flestra siðmenntaðra þjóða eru nú gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr reykingum og þá fyrst og fremst sígarettureykingum. Læknavísindin hafa sannað, að heilsu manna stendur mikill háski af þessu nautnalyfi.

Nokkrir læknar hafa beðizt liðsinnis flutningsmanna þessarar tillögu um ráðstafanir gegn því hér á landi. Er það skoðun flm., að brýna nauðsyn beri til aðgerða á þessu sviði. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Um frekari rökstuðning fyrir henni skal vísað til bréfs þeirra Sigurðar Samúelssonar prófessors, Hrafnkels Helgasonar læknis og Ólafs Ólafssonar læknis, sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Enn fremur er birt hér útvarpsræða, er Hafnkell Helgason flutti nýlega um skaðsemi reykinga. Loks eru birtar hér tillögur, sem nýlega hafa verið lagðar fram í Noregi um þessi mál.

Það er von flm., að þessari tillögu verði vel tekið á Alþingi og að hafizt verði nú þegar handa um þær ráðstafanir, sem læknar okkar leggja til, að gerðar verði í þessu þýðingarmikla heilbrigðismáli.

Fylgiskjal I.

Tillögur um leiðir til að draga úr tóbaksreykingum.

Niðurstöður rannsókna víða um heim hafa leitt í ljós, að reykingamönnum og þá aðallega þeim, er reykja sígarettur, er mjög hætt við m. a. hjarta-, æða- og lungnasjúkdómum. Samkvæmt útvarpsræðu Hrafnkels Helgasonar yfirlæknis, sem flutt var í heilbrigðisviku Hjartaverndar þ. 16. apríl 1969 og lögð er hér fram sem greinargerð, hafa margar þjóðir gert víðtækar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum (sjá greinargerð).

Með tilliti til þessarar greinargerðar leggjum við undirritaðir læknar til, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar hérlendis til að draga úr tóbaksreykingum og þá sérstaklega sígarettureykingum.

I. Víðtæk upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga verði hafin í dagblöðum, hljóð- og sjónvarpi. Höfuðáherzla verði lögð á þær skyldur, sem foreldrar og kennarar hafa.
II. Í skólum verði hafin reglubundin kennsla um heilsufarslegar hættur sígarettureykinga.
III. Regluleg fræðsluerindi (námskeið) verði haldin fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál.
IV. Viðvörunarmerki um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga verði límd á hvern sígarettupakka.
V. Kannaðar verði leiðir til þess að draga úr áhrifum sígarettuauglýsinga, t. d. með því að skylda hvern auglýsanda tóbaks að verja jafnmiklu rými til að kynna skaðvænleg áhrif sígarettureykinga.
VI. Útsöluverð sígarettupakka verði hækkað allverulega.
VII. Stofnaðar verði „opnar deildir“ (poliklinik), sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum.
VIII. Stofnað verði ráð lækna og leikra, sem hafi fastráðinn ritara. Hlutverk þessa ráðs verði eftirfarandi:
   a) Að safna upplýsingum um, hversu víðtækar reykingar séu, t. d. meðal skólabarna og unglinga.
   b) Að stjórna vísindalegum rannsóknum um áhrif reykinga.
   c) Að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál.

Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Reykjavík, 30. apríl 1969.

Hafnkell Helgason. Sigurður Samúelsson. Ólafur Ólafsson

Fylgiskjal II.

„Bjartveitnefndin" norska, sem stofnuð var eftir umræður í Stórþinginu, lagði nýlega fram m. a. eftirfarandi tillögur til að draga úr reykingum:

I. Greinagóðar upplýsingar í blöðum, hljóð- og sjónvarpi um skaðsemi tóbaksreykinga. Leggja þarf mesta áherzlu á hin almennu heilsuspillandi áhrif reykinga á lungu og hjarta, en minni áherzlu á krabbameinshættuna. Einnig verði hafin áróðursherferð meðal kennara, lækna, æskulýðsleiðtoga o. fl.
II. Athugun fari fram á banni við tóbaksauglýsingum, a. m. k. reynt að draga úr þeim. Mundi það sýna, hversu alvarlega yfirvöldin litu á hættuna af reykingum.
III. Lagt er til, að límdur sé viðvörunarmiði á hvern sígarettupakka um heilsuspillandi áhrif sígarettureykinga.
IV. Athugað sé um verðhækkun á sígarettum.
V. Reynt sé að hjálpa reykingamönnum til að hætta reykingum með því að stofna sérdeildir til lækninga.
VI. Til þess að ná þessu marki ber að stofna sérstakt ráð með fastráðnum ritara. Ráðið hafi það hlutverk að safna upplýsingum og stjórna vísindalegum athugunum um skaðsemi reykinga, auk þess að vera yfirvöldum til ráðuneytis um þessi mál. Kostnaður skal greiddur úr ríkissjóði. Nefndin lagði einnig til, að sem mest af þessu yrði gert samtímis. Vekti slíkt meiri athygli og sýndi, hversu alvarlegs eðlis málið væri.

Fylgiskjal III.

Dagana 11.—13. september 1968 var haldin í New York alþjóðaráðstefna um reykingar og heilsu, hin fyrsta sinnar tegundar í sögunni. Þarna voru saman komnir 487 vísindamenn, læknar og ýmsir aðrir sérfræðingar frá 34 löndum.

Dr. Luther L. Terry, fyrrverandi landlæknir Bandaríkjanna flutti inngangserindið og sagði þá meðal annars: „Það eitt, hversu margir og víðkunnir vísindamenn hafa séð ástæðu til að sækja þessa ráðstefnu, vekur vonir um, að okkur takist að leysa reykingavandamálið. Við stöndum nú á tímamótum, tími efasemdanna er liðinn. Ekki er nokkur vafi á því lengur, að reykingar eru hættulegar heilsunni. Nú er mál til komið, að eitthvað sé aðhafzt". Vissulega fór dr. Terry hér með rétt mál.

Á undanförnum árum hafa farið fram víðtækar vísindalegar rannsóknir á skaðsemi reykinga. Niðurstöður þeirra verða ekki vefengdar með neinum rökum, enda margar þeirra unnar með slíkri vísindalegri nákvæmni, að betur verður ekki gert í dag. Þekktastar þessara rannsókna eru þær, sem bandaríska heilbrigðismálaráðuneytið gekkst fyrir, og var árangur þeirra birtur 1964 og 1968. Helztu niðurstöður eru í stuttu máli þessar: Dánartala reykingamanna reyndist um 70% hærri en þeirra, sem ekki reykja. Ef við lítum örlítið nánar á þessa niðurstöðu, kemur m. a. í ljós að 77% 25 ára gamalla bandarískra karlmanna geta vænzt þess að ná 65 ára aldri, ef þeir reykja ekki sígarettur. Aðeins 54% 25 ára gamalla reykingamanna ná þessum aldri og einungis 6% verða 85 ára, en 19% þeirra, sem ekki reykja, ná 85 ára aldri. Ef bandarískir karlmenn hættu reykingum, mundi meðalaldur þeirra hækka um 3.4 ár.

Á árunum 1919—1965 hækkaði meðalaldur bandarískra karlmanna um rúm 4 ár. Þetta varð á þeim tíma, er miklar framfarir urðu í læknisfræði, súlfa- og fúkalyf komu til sögunnar, unnt var að lækna lungnabólgu, berkla og ýmsa aðra smitsjúkdóma, efnahagur batnaði og heilsugæzla tók miklum framförum. Fram komu margar nýjar aðferðir til greiningar og meðferðar fjölmargra sjúkdóma. Á sama

tíma hafa reykingar aukizt mjög og tjónið í mannslífum af þeirra völdum orðið næstum eins mikið og það, sem áunnizt hefur á hálfri öld með öllum þessum framförum í læknisfræði.

Krabbamein í lungum hefur orðið tíðara í öllum löndum, þar sem sígarettuneyzla hefur aukizt. Hér á landi seldi tóbakseinkasalan árið 1920 innan við 100 sígarettur á íbúa. Árið 1960 var salan um 1100 sígarettur á hvert mannsbarn. Á árunum 1931—1954 voru 34 tilfelli af krabbameini í lungum greind hér, eða um 1.5 tilfelli á ári. Á árunum 1960—1964 voru greind hér um 20 tilfelli árlega. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er lungnakrabbi e. t. v. ekki mikið vandamál, enn þá er þetta ekki algengur sjúkdómur hér á landi, en hann á því miður örugglega eftir að færast í aukana. En reykingar valda öðrum og algengari lungnasjúkdómum en krabbameini, og á ég þar við langvinna berkjubólgu, bronkitis og lungnaþan. Tíðni þessara sjúkdóma hefur aukizt mjög undanfarin 20—30 ár, og vissulega eru reykingar aðalorsök þess.

Þessir tveir sjúkdómar eru ein algengasta orsök skertrar starfsgetu hjá fullorðnum karlmönnum og eru algengasta dánarorsök í Bandaríkjunum, næst á eftir hjartasjúkdómum. Hvernig þessu er varið hér á landi, skal ósagt látið, þessum sjúkdómum hefur lítill gaumur verið gefinn hér, enda hefur slæm aðstaða verið fyrir hendi til að greina þá. Er slíkt óviðunandi lengur, því að hér er um alvarlega og algenga sjúkdóma að ræða. Hér á landi er fjöldi fólks öryrkjar af völdum þessara tveggja sjúkdóma. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá rannsóknum Hjartaverndar fundust einkenni þessara sjúkdóma hjá allt að 7% fullorðinna karlmanna, og eru það svipaðar tölur og í nágrannalöndum okkar.

Sjúkdómar verða ekki sjaldgæfari fyrir þá sök, að lítt sé hirt um að greina þá eða ráða bót á þeim.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós hin skaðlegu áhrif tóbaksreyks á lungun. Ekki þarf að draga að sér nema einn góðan reyk, og er þá strax mælanleg minnkun á lungnastarfsemi. Hægt er að láta annað lungað anda að sér tóbaksreyk, en hitt ekki. Súrefnisnotkun og öndun verður miklu minni hjá því lunganu, sem fær í sig tóbaksreykinn. Þessi skaðlegu áhrif tóbaksreyks á lungnastarfsemi er auðvelt að fá fram bæði hjá reykingamönnum og þeim, sem ekki reykja. Við krufningu sjást breytingar í lungum hjá öllum stórreykingamönnum, stundum eru þessar breytingar forstig krabbameins.

Ég þori að fullyrða, að langvinn berkjubólga og lungnaþan eru nú þegar mjög algengir sjúkdómar hér á landi og mikið heilsufarslegt vandamál, en því miður eiga þessir sjúkdómar eftir að færast í aukana. Er engin ástæða til að ætla, að þeir verði minna vandamál hér en í nágrannalöndum okkar, og mál til komið, að við gerum okkur það ljóst og sköpum okkur aðstöðu til að fást við þá.

Eins og víða annars staðar eru kransæðasjúkdómar nú algengasta dánarorsök hérlendis. Þeir eru brýnasta heilbrigðisvandamál okkar í dag, og þessum sjúklingum fer því miður fjölgandi. Ekki er jafnákveðið samband á milli kransæðasjúkdóma og reykinga, eins og er milli reykinga og lungnasjúkdóma. Þótt reykingar einar saman valdi ekki kransæðakölkun, þá hefur fjöldi rannsókna sýnt, að þær eru hér mikill skaðvaldur. Hér er um mjög algengan sjúkdóm að ræða, og líklega muna allir fullorðnir Íslendingar eftir einhverjum ættingja eða vini, sem hefur látizt fyrir aldur fram úr þessum sjúkdómi.

Dauði af völdum kransæðakölkunar er næstum helmingi algengari hjá reykingamönnum en hinum, sem ekki reykja. Meðal yngri karlmanna, þ. e. á aldrinum 35—44 ára, sem reykja meira en 2 pakka af sígarettum á dag, er 5 sinnum hærri dánartala af völdum þessa sjúkdóms en meðal þeirra, sem ekki reykja.

Í ljós hefur komið, að reykingamenn þola kransæðastíflu miklu verr en þeir, sem ekki reykja. Sjúkdómurinn er því ekki aðeins tíðari hjá reykingamönnum, heldur eru og batahorfur miklu verri. Í Gautaborg heyrir það til undantekninga að sjá kransæðastíflu hjá manni innan við 50 ára aldur, ef ekki er um reykinga-

mann að ræða. Birtar hafa verið í læknatímaritum kannanir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum, þar sem tekið var til athugunar sambandið milli kransæðakölkunar og reykinga. Niðurstaðan varð alltaf hin sama. Krufningar sýndu, að reykingamenn höfðu meiri kölkun í kransæðum en hinir, og því meiri sem þeir reyktu meira.

Ég hef minnzt hér á áhrif reykinga á lungna- og hjartasjúkdóma. En ekki er öll sagan þar með sögð. Reykingamenn fá oftar en aðrir krabbamein í munn og barkakýli, enda eru reykingar ein af orsökum þessara sjúkdóma. Fjöldi annarra sjúkdóma er og algengari hjá reykingamönnum, t. d. magasár og lifrarskorpnun, en óvíst er, hvaða samband er þar á milli. Í ljós hefur komið, að reykingamenn eru frá vinnu vegna sjúkdóma fleiri daga ár hvert en jafnaldrar þeirra og starfsbræður, sem ekki reykja. Í æsku minni heyrði ég sígarettur kallaðar líkkistunagla. Nú er ljóst, hversu réttmæt sú nafngift var. Ég fullyrði, að sígarettureykingar eru eitt stærsta heilsuvandamál okkar, svipað þjóðfélagslegt vandamál og t. d. berklar voru á sínum tíma. Berklum höfum við útrýmt að mestu, vonandi á okkur eftir að farnast eins vel í baráttunni við sígaretturnar.

Mikilvægast er að reyna að vernda börn og ungmenni fyrir þessari hættu, mér liggur við að segja lífsháska. Þessi hætta er því meiri sem menn byrja yngri að reykja. Sá, sem byrjar að reykja 14 ára, er verr settur eftir 20 ára reykingar en hinn, sem byrjaði ekki fyrr en um eða eftir tvítugt.

Víða hafa verið stofnaðar sjúkradeildir eða læknastöðvar til að reyna að hjálpa reykingamönnum að hætta reykingum. Árangurinn verður að teljast sæmilegur, ca. 50% hætta a. m. k. um tíma, eftir eitt ár er tala þeirra, sem hætt hafa, þó komin niður í um 25%. En menn verða að vilja hætta. Árangurinn hjá þeim, sem sóttu þessar stöðvar fyrir áeggjan vina eða ættingja, var næstum enginn. Á það skal bent, að allt það, sem hér hefur verið sagt um reykingar, á aðeins við um sígarettureykingar. Enda þótt pípu- og vindlareykingar séu ekki alveg hættulausar, er skaðsemi þeirra hverfandi borin saman við sígarettureykingar. Sjúkdóms- og dánarlíkur minnka, ef menn hætta reykingum, og fer minnkandi með hverju ári sem líður, en ef menn treysta sér ekki til að hætta alveg, er pípa eða vindlar betra úrræði en sígarettur.

Þegar tóbaksframleiðendur heyrðu um niðurstöður rannsókna bandarískra heilbrigðismálaráðuneytisins, reyndu þeir fyrst að vefengja þær. Nú hafa þeir gefizt upp við það. Í staðinn eru nú framleiddar síusígarettur og fólki talin trú um, að þær séu hættuminni. Til eru síusígarettur, sem innihalda minna af nikótíni og tjöru en venjulegar sígarettur, en sá munur er hverfandi. Vissar tegundir af síusígarettum innihalda meira magn af nikótíni og tjöru en aðrar tegundir án síu. Síusígarettur í núverandi mynd leysa ekki neinn vanda.

Allar þær rannsóknir, er ég hef vitnað til, hafa verið gerðar hjá karlmönnum. Ekkert bendir til, að konur þoli betur sígarettur en karlar, en reykingar hafa verið miklu algengari hjá körlum og þeir því valdir til þessara rannsókna. Mikið hefur undanfarið verið rætt um skaðsemi ýmiss konar lyfja á fóstur í móðurlífi. Greinar hafa og birzt um skaðsemi sígarettureykinga á fóstrið, en varla mun nokkur ábyrgur læknir treysta sér til að fullyrða neitt um það að svo stöddu. En vissulega er ástæða til að rannsaka það mál nánar, enda er víða unnið að slíkum rannsóknum.

Í Bandaríkjunum, landi auglýsinga og einkaframtaks, hafa nýlega verið sett lög, er mæla svo fyrir, að hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem taka auglýsingar um tóbak, skuli skyldar til að verja ókeypis jafnlöngum senditíma til upplýsinga um skaðsemi tóbaksins. Þegar Bandaríkjamenn setja slíkar hömlur á einkaframtak og auglýsingar, finnst þeim áreiðanlega mikið við liggja. Sígarettureykingar eru þar algengari en í öðrum löndum, vandamálið stærst hjá þeim, enda hafa þeir lengur og betur rannsakað þessi mál en aðrar þjóðir og sjá betur hættuna. Á sígarettupökkum, sem nú eru seldir í Bandaríkjunum, stendur: „Hafið aðgát. Sígarettureykingar geta skaðað heilsu yðar.“ Nú er reynt að fá þessu breytt, svo að þar standi. „Aðvörun: Sígarettureykingar eru hættulegar heilsu yðar og geta orsakað dauða af krabbameini eða öðrum sjúkdómum.“

Á ráðstefnu þeirri í New York, er ég gat um í upphafi þessa máls, talaði Robert heitinn Kennedy næstur á eftir dr. Terry. Hann gat þess í upphafi ræðu sinnar, að sér væri vel ljóst, hversu gífurlegt vandamál sígarettureykingar væru í Bandaríkjunum og hversu mikilvægt væri að draga úr þeim með öllum ráðum. Hann ræddi um sígarettuauglýsingar og ráð til að minnka þær. Hann kvaðst næsta dag ætla að leggja fram á þingi tvö frumvörp um þessi mál, annað á þá leið, að aðvörun um hættuna yrði að fylgja öllum sígarettuauglýsingum. Hitt var á þá leið, að heilbrigðisyfirvöld gætu bannað sígarettuauglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi á vissum tímum sólarhringsins og samfara vissu vinsælu skemmtiefni. Hann kvaðst og bráðlega mundu leggja fram frumvarp um fjórfalda skattahækkun á þeim sígarettum, er hefðu mest magn af tjöru og níkótíni.

Ég hef reynt að benda á þá geigvænlegu hættu, sem samfara er sígarettureykingum, og þá aðeins tekið með þau atriði, er fullsönnuð verða að teljast. Rætt hefur verið um, hversu aðrar þjóðir, og þá einkum Bandaríkjamenn, hafa reynt að bregðast við. Norðurlandabúar aðrir en Íslendingar hafa og hafið baráttuna, m. a. með félagastofnunum, blaða- og bókaútgáfu, reynt að hjálpa reykingamönnum að hætta að reykja, með stofnun sérstakra læknamiðstöðva og sjúkradeilda. Norska læknafélagið hefur gefið út mjög ákveðna yfirlýsingu um skaðsemi sígarettureykinga og m. a. hvatt meðlimi sína til að reykja ekki opinberlega og upplýsa sjúklinga, sérstaklega lungnasjúklinga, um skaðsemi reykinga. Reykingar voru til umræðu í norska Stórþinginu árið 1964. Þá var skipuð nefnd til að athuga skaðsemi reykinga. Eftir tveggja ára starf hefur nefnd þessi nýlega skilað áliti. Niðurstöður hennar voru mjög á sama veg og rannsóknir Bandaríkjamanna. Í álitinu var meðal annars lagt til, að skipað yrði sérstakt opinbert ráð til að stjórna baráttunni gegn reykingum og fylgjast með og stjórna rannsóknum á skaðsemi tóbaks.

Í Sovétríkjunum er nú börnum kennt um reykingahættuna í skólunum.

Ég tel ástæðu til, að við Íslendingar förum að dæmi annarra þjóða og reynum að berjast gegn þessari hættu með auknum áróðri og upplýsingum í ræðu og riti. Hér eiga heilbrigðisyfirvöld, læknar og ekki síst kennarar mikið starf fyrir höndum. Ef vel tekst til, megum við örugglega vænta oss lengri lífdaga og betri heilsu. Ekki þýðir að hræða fólk um of eða banna reykingar. Það eru mjög gleðileg tíðindi, að nú alveg nýlega hafa verið birtar tölur, er sýna, að mjög hefur dregið úr reykingum hjá bandarískum ungmennum. Tízkan er voldug, og ef hægt væri að sannfæra unglinga um, að reykingar væru ekki lengur í tízku, heldur ófínn löstur eldri kynslóðarinnar, þá hefði vissulega mikið áunnizt. Ekki þekki ég neitt öruggara ráð til að lengja meðalaldur Íslendinga um nokkur ár og bæta heilsufar okkar en að hætta sígarettureykingum.

Nd. 622. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni, Hannibal Valdimarssyni, Þórarni Þórarinssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Matthíasi Bjarnasyni, Halldóri E. Sigurðssyni, Eðvarð Sigurðssyni og Steingrími Pálssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Liður E 6 falli niður.
   b. Í stað orðanna „upp að meginlandi“ í lið E 8 komi: utan línu, sem dregin er 1 sjómílu utan við grunnlínu milli Gáluvíkur (grunnlínupunktur 40), Hraunvarar (grunnlínupunktur 41) og Skálatanga (grunnlínupunktur 42).

2. Við bætist ný grein, sem verði 6. gr., svo hljóðandi:
Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Óheimilt skal skipstjóra, sem framið hefur ítrekað brot á 1., 2. og 3. gr. laga þessara, að hafa á hendi skipstjórn við fiskveiðar með botnvörpu eða flotvörpu.
3. Við 8. gr. Í stað „ársloka 1971“ komi: ársloka 1970.

Ed. 623. Breytingartillögur [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
2. Við 9. gr. Á eftir 3. efnismálsgrein greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Verði ungmenni, innan 20 ára aldurs, uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt hafi eða veitt því áfengið, og skulu hinir seku sæta refsingu samkvæmt 45. gr. þessara laga.

Ed. 624. Þingsályktun [111. mál]

um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og könnun til undirbúnings stóriðju á Austfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir markvissum rannsóknum á möguleikum til koparvinnslu í Svínhólalandi í Lóni og rannsóknum á járnmagni í Héraðssöndum og við Hornafjarðarfljót og á þeim jarðefnum eða málmum, sem verða mættu framleiðsluþættir í stærri eða minni mæli á Austurlandi. Enn fremur að hefja nú þegar könnun til undirbúnings stóriðju á Reyðarfirði eða öðrum stað á Austfjörðum.

Sþ. 625. Þingsályktun [173. mál]

um Listasafn Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 339.

Ed. 626. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, ÓlJ, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 2. maí 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm. | Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. | Bjarni Guðbjörnsson.
Jón Árnason. | Sveinn Guðmundsson. | Gils Guðmundsson.

Ed. 627. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um fyrirtækjaskrá.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Tveir nm. (BJ og SvG) voru fjarstaddir, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 2. maí 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm. | Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. | Bjarni Guðbjörnsson.
Einar Ágústsson. | Pétur Benediktsson.

Nd. 628. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og ákveðið að hraða afgreiðslu þess til að tryggja, að rektorskjör, sem verður í Háskóla Íslands í þessum mánuði, fari fram samkvæmt ákvæðum nýrra laga.

Frv. fjallar fyrst og fremst um stjórn og skipulagsmál háskólans. Starfssvið háskólaritara er aukið og aðstaða rektors bætt. Þá eru ýmis ákvæði um kennarastöður og skipun í þær, svo og störf deilda.

Veigamestu breytingar frv. snerta þó rektorskjör og skipan háskólaráðs.

Stúdentar fá nú aðild að kjöri rektors. Eru þeim ætluð 10 atkvæði á móti 52, sem prófessorar, lektorar og dósentar hafa. Stúdentar höfðu óskað eftir að fá nokkru meira, eða 25% atkvæða. Samkomulag varð þó um þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, nema um þá aðferð, sem höfð er við val á fulltrúum stúdenta. Ekki óskar stúdentaráð þó eftir, að Alþingi breyti því atriði, sbr. fylgiskjal með grg. frv.

Á háskólaráði verður sú breyting, að stúdentar fá tvo fulltrúa í stað eins og Félag háskólakennara tilnefnir fulltrúa fyrir þá kennara og starfsmenn rannsóknar- og háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta.

Háskólaráð segir í greinargerð um þessar þýðingarmiklu breytingar: „Reynslan af þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, þ. á m. á fundum háskólaráðs og háskóladeilda, hefur verið mjög góð. Mikilvægt hefur verið að heyra sjónarmið stúdenta, þeir hafa flutt mál sín af fullri ábyrgðarkennd og lagt sig fram um að kynna sér málefni, sem til afgreiðslu hafa komið. Þessi þátttaka hefur vafalaust stuðlað að því að treysta tengslin milli kennara og stúdenta. Það er þessi góða reynsla, sem veldur því, að talið er rétt að verða við tilmælum stúdenta um aukna tölu fulltrúa á háskólaráðsfundum og á deildarfundum, og það er ekki sízt sú reynsla, sem einnig veldur því, að réttmætt þykir að leggja til, að þeir fái rétt til þátttöku í rektorskjöri."

Nefndarmenn í menntamálanefnd áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Birgir Kjaran og Magnús Kjartansson.

Alþingi, 2. maí 1969.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Bjartmar Guðmundsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Gunnar Gíslason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 629. Frumvarp til laga [63. mál]

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

2. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn, og skal hún þannig skipuð: 3 menn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og tveir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs.

3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku þessara laga skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum.

4. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera:

a. Afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða, sbr. 6 gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Renni fé þetta til deildar frystra fiskafurða.
b. Fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeild frystra

fiskafurða fái í hlutfalli við gengishagnað af frystum fiskafurðum, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar og skiptingar á sama hátt við stofnun nýrra deilda.

5. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Greiðsla hluta verðhækkunar samkvæmt þessari grein skal áætluð fyrir fram fyrir ekki lengri tíma en hálft ár í senn. Innheimta fer fram við gjaldeyrisskil, og skal lokauppgjör fara fram eftir hvert framleiðsluár.

6. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lög þessi ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 7. og 8. gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkv. 1. málsgr. 5. gr. og hlutföll verðbóta samkv. 6. gr. Ákveða má, að þessi hlutföll séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns.

9. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði laga þessara, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur ákveður ráðherra með reglugerð um stofnun nýrra deilda.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1968 skal vera í gildi verðtrygging fyrir frystar fiskafurðir, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og fyrir frysta rækju. Skal miða verðtrygginguna við verðlag við áramót 1967/68. Skiptist verðtryggingin í tvö tímabil, miðað við framleiðslu frá 1. janúar til 31. júlí annars vegar, en frá 1. ágúst til 15. nóvember hins vegar. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu um sig hærra en það var um

áramótin 1967/68, greiði framleiðendur helming þeirrar hækkunar í Verðjöfnunarsjóð. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu fyrir sig lægra en það var um áramótin 1967/68, skal helmingur þeirrar lækkunar greiddur úr Verðjöfnunarsjóði fyrir framleiðslu fyrra tímabilsins, en þrír fjórðu hlutar fyrir framleiðslu síðara tímabilsins.

Ed. 630. Lög [160. mál]

um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 309.

Nd. 631. Frumvarp til laga [216. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að $ 1 600 þús.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka í Danmörku lán að fjárhæð allt að 1 millj. danskra kr. til endurbóta á húsi Jóns Sigurðssonar.

7. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi	24.3
Boranir við Námafjall	30.4
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði	9.3
Rafmagnsveitur ríkisins	42.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	13.4
Landshafnir	5.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	43.5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	29.6
Reykjanesbraut í Breiðholti	2.8
Keflavíkurflugvöllur	3.9
Menntaskólinn við Hamrahlíð	10.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu	3.0
Samtals	225.0

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 632. Breytingartillögur [216. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá Jóni Skaftasyni, Sigurvin Einarssyni, Þórarni Þórarinssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „75 millj. kr.“ komi: 95 millj. kr.
2. Við 8. gr. Á eftir „Lögreglustöð í Reykjavík“ bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Kvensjúkdómadeild við fæðingardeild Landsspítalans 20.0

Nd. 633. Lög [21. mál]

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 563 (sbr. 417).

Ed. 634. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

I. kafli. — Um aflatryggingar.

2. gr.

2. töluliður 9. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráðabirgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum sem hér segir:

a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 **brúttórúmlest** að stærð og stærri: **100 krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.
b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 **brúttórúmlest** að stærð: 85 **krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórðungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Nd. 635. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. Aðrir nefndarmenn eru því andvígir.

Alþingi, 5. maí 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm. Guðl. Gíslason. Eyjólfur Konráð Jónsson.

Pétur Sigurðsson.

Nd. 636. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 5. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Stefán Valgeirsson. Jónas Pétursson.

Nd. 637. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Við B 6. Nýr liður (verður B 7):
      Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember utan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá grunnlínu (grunnlínupunktar 10—11) á svæði, sem takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Álftavíkurtanga (sunnan Húsavíkur), og línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Dalatanga.
   b. Í stað orðanna „upp að meginlandi“ í E 8 komi: upp að einni sjómílu frá fjörumarki.
   c. Í stað orðanna „til 1. maí“ í E 9 komi: til 15. maí.
2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú gerist skipstjóri sekur um ítrekuð brot á lögum þessum, og er þá heimilt að svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma.

Nd. 638. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í Höfðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar venjulegra aðila. Voru umsagnir þeirra jákvæðar, en fram komu ábendingar varðandi nöfn jarðanna, og flytur nefndin breytingartillögur í samræmi við það á sérstöku þskj. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Stefán Valgeirsson. Jónas Pétursson.

Nd. 639. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í Höfðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Höfðahóla og Stóra-Spákonufell“ komi: Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

Sþ. 640. Fyrirspurnir. [244. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um lán og styrki úr atvinnubótasjóði og atvinnujöfnunarsjóði.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvernig skiptast lán og styrkir atvinnubótasjóðs og atvinnujöfnunarsjóðs á einstök kjördæmi frá og með stofnári atvinnubótasjóðs 1962 til síðustu áramóta?

II. Til raforkumálaráðherra um Búrfellsvirkjun.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hver var áætlaður byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar, þegar ákvörðun var tekin um framkvæmdir? Hvað var áætlað orkuverð á kvst.?
2. Hvað hækkaði áætlunin vegna áhrifa gengisbreytinganna 1967 og 1968?
3. Hefur byggingarkostnaðurinn hækkað af öðrum ástæðum? Þá hverjum?
4. Hver er byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar nú orðinn?
5. Hvað er talið, að kosti að ljúka virkjuninni?
6. Hvað þarf að selja kílóvattstundina, miðað við byggingarkostnað, sem orðinn er, og áætlaðan kostnað?

III. Til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir vegna kaupa á tilbúnum áburði.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hafa verið gerðar einhverjar ráðstafanir til að gera bændum mögulegt að fá tilbúinn áburð á tún sín á þessu vori, t. d. með því að hækka rekstrarlán út á sauðfjárafurðir, eða með öðrum hætti?

IV. Til utanríkisráðherra um gjaldeyristekjur í sambandi við starfsemi varnarliðsins o. fl.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hve mikil er sú upphæð í dollurum, sem tapazt hefur vegna síðustu tveggja gengislækkana í sambandi við starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli:

a. vegna starfa íslenzkra verktaka,
b. vegna íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu,
c. vegna raforkukaupa varnarliðsins,
d. vegna þjónustu og vörusölu til varnarliðsins?
2. Hverjar voru gjaldeyristekjur af ofangreindri starfsemi fyrir tímabilið 1. júlí 1966 til 30. júní 1967?
3. Hver voru meðallaun íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu í dollurum sumarið 1967, og hver eru þau nú?
4. Hver var fjöldi íslenzkra starfsmanna á vegum varnarliðsins annars vegar og erlendra starfsmanna hins vegar árið 1966, og hver er hann nú?

V. Til fjármálaráðherra um vexti af innheimtum ríkissjóðstekjum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað miklum vöxtum samtals var skilað til ríkissjóðs á tímabilinu frá 1. jan. 1968 til 1. apríl 1969 af ríkistekjum, sem geymdar voru í reikningum innheimtumanna eða embætta þeirra í bönkum og sparisjóðum?

VI. Til landbúnaðarráðherra varðandi áburðarkaup og rekstrarlán bænda.

Frá Jónasi Jónssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Með hvaða greiðslukjörum verður tilbúinn áburður seldur í vor?
2. Verður Áburðarsala ríkisins að taka erlent lán vegna áburðarkaupa í ár, og ef svo er, hver ber gengisáhættu af því?
3. Hver greiðir endanlega gengistap Áburðarsölunnar vegna erlends víxilláns frá síðasta hausti?
4. Hver verða svonefnd rekstrarlán vegna sauðfjárframleiðslu í ár, miðað við hvern væntanlegan dilk til innleggs?

VII. Til menntamálaráðherra um fuglafriðun.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Er ráðuneytinu kunnugt um, að gildandi lög um fuglafriðun eru verulega brotin?

VIII. Til fjármálaráðherra varðandi samningsrétt Bandalags háskólamanna.

Frá Jónasi Jónssyni.

Á hvern hátt hyggst ríkisstjórnin koma til móts við óskir Bandalags háskólamanna um samningsrétt því til handa fyrir hönd háskólamanna í þjónustu ríkisins?

Nd. 641. Breytingartillaga [232. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá Jónasi Árnasyni.

Við 24. gr. Við 2. málsgr. bætist:
Aldrei má eigandi gera tilboð í veiðirétt né leigutaki fara með umboð eða atkvæði á fundi veiðifélags.

Nd. **642. Frumvarp til laga** [166. mál]

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

3. gr.

Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki sízt með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

5. gr.

Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem lögin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

6. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

7. gr.

Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð. Heimilt skal að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki menntaskóla þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 7. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. 10. gr.).

III. KAFLI
Um námsefnið.

9. gr.

a) Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku í eitt skólaár. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.

b) Námsefni skólanna skal vera þríþætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta námsefni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nýta sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í skyldugreinum sínum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

Í námsskrá og reglugerð skal nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina.

Um val námsgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, er til slíks eru settir. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um valið.

IV. KAFLI
Um námsáfanga og próf.

10. gr.

Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í námsáfanga (annir) eftir því, sem henta þykir. Í lok hvers námsáfanga skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám á næsta áfanga. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða skólaársins.

Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls.

Nánari ákvæði um lokapróf, mat á hæfni og einkunnir skal setja í reglugerð.

11. gr.

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í kjarna og öllum öðrum greinum samkvæmt þeim fyrirmælum, er sett eru í reglugerð. Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

Setja má í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er heimili, að menntaskólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi.

12. gr.

Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er yfirstjórn skólanna skipar eftir tillögum skólastjóra að fenginni umsögn háskólaráðs. Um verksvið prófdómenda skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. KAFLI
Um starfslið skólanna.

13. gr.

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður,** er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.
3. **Deildarstjórar,** er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Yfirkennarar,** sem gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
5. **Námsráðunautar,** er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
6. **Félagsráðunautar,** er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi,** er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.
2. **Gjaldkeri,** er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður,** er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. **Tækjavörður,** er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja,** er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C.

Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

14. gr.

Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan námstíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórn kennslu í hverri grein.

Setja má í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum.

16. gr.

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum. Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

17. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskað að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda yfirstjórn skólanna beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef yfirstjórn skólanna telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda með árs fyrirvara. Yfirstjórn skólanna veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Yfirstjórn skólanna setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

18. gr.

Fastir kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.

Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

19. gr.

Heimilt er yfirstjórn skólanna að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

VI. KAFLI
Um húsrými og tæki.

20. gr.

Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhlöðu (sbr. 21. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum

nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Yfirstjórn skólanna skal setja sérstaka reglugerð, þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

21. gr.

Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 20. gr.

Kennslustofur skólanna skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

Yfirstjórn skólanna skal, strax eftir gildistöku laganna, semja skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. KAFLI

Um stjórn skólanna.

22. gr.

Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið. Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og nemenda (sbr. 23. gr.). Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Skólastjórn fer með öll þau málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í reglugerð. Um skipan skólaráðs, starfstíma þess og starfsháttu skal að öðru leyti kveðið á í reglugerð.

23. gr.

Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um það. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu yfirstjórnar skólanna.

24. gr.

Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjórar Verzlunarskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. KAFLI

Um heilsuvernd.

25. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Setja skal í reglugerð sérstök ákvæði um heilsuvernd í heimavistarskólum.

IX. KAFLI
Um reglugerð fyrir skólana.

26. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og frjálsra valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstima, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

X. KAFLI
Um gildistöku laganna.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 58/1946, um menntaskóla, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Ed. 643. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við, sem að þessu nál. stöndum, leggjum til, að frv. verði samþykkt, en minni hl. (PÞ) mun skila séráliti.

Alþingi, 5. maí 1969.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Ólafur Jóhannesson.	Gils Guðmundsson.	Steinþór Gestsson.

Nd. 644. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. maí 1969.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Jón Skaftason.	Jónas Árnason.	Matthías Bjarnason.
	Hannibal Valdimarsson.	

Nd. 645. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. maí 1969.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Jón Skaftason.	Jónas Árnason.	Matthías Bjarnason.
	Hannibal Valdimarsson.	

Ed. 646. Frumvarp til laga [223. mál]

um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

Samhljóða þskj. 497 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:
Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar.
Umbúðir um vindlinga skulu á áberandi hátt merktar með eftirfarandi áletrun:

VIÐVÖRUN
VINDLINGAREYKINGAR
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM

Nd. 647. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Ingvari Gíslasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 millj. kr. og endurlána til byggingar stúdentaheimilis.

Sþ. 648. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að gera athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis í landinu og upplýsa, hvaða aðilar hafa náð bezta árangri hvað verð og gæði snertir. Nefndin leggi fram skýrslu um niðurstöður sínar á næsta þingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á því leikur enginn vafi, að hraðvaxandi byggingarkostnaður hefur átt drjúgan þátt í því, hvað dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum á liðnum árum. Með það í huga er ekki seinna vænna að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, á hvern hátt er hægt að hamla á móti þessum mikla byggingarkostnaði. Virðist einsýnt, að þeir, sem byggja ódýrast miðað við gæði, eigi að sitja fyrir lóðum og fjármagni, enda er það eina sýnilega leiðin til að lækka íbúðakostnaðinn.

Þegar Breiðholtsáætlunin var gerð á sínum tíma, var að því stefnt, að sagt var, að lækka byggingarkostnaðinn með fjöldaframleiðslu íbúðarhúsnæðis. Nú er það almenn skoðun, ekki sízt meðal iðnaðarmanna, að Breiðholtsbyggingarnar hafi orðið enn dýrari en íbúðir byggðar af einstaklingum á sama tíma, og þó séu þessar Breiðholtsíbúðir meira og minna gallaðar, að sagt er.

Það er enn fremur talið, að ýmis byggingarsamvinnufélög hafi byggt fullkomlega sambærilegar íbúðir við Breiðholtsbyggingarnar fyrir allt að 33% minna verð, t. d. byggingarsamvinnufélag vélstjóra, sem hóf byggingu 12 íbúða í september s. l. að Leirubakka 18 og 20, og eru þessar íbúðir nú fokheldar. Byggingarkostnaður þessara íbúða fokheldra, miðað við 3 herbergja íbúðir, 80 m², auk geymslu í kjallara, er um 256 þúsund krónur.

Þrátt fyrir skýr fyrirmæli í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins um, að stofnunin eigi að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, þá hefur þessum málum ekki verið sinnt sem skyldi enn sem komið er.

Það ætti að vera öllum aðilum áhugamál, að það sé kannað, hvað sannast er í þessum málum, og að staðið sé að byggingu íbúðarhúsnæðis á þann hátt, að sem mest fáist fyrir það takmarkaða fé, sem þjóðin hefur efni á að setja í það á ári hverju. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

Ed. 649. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frá upphafi byggðar á Íslandi hefur ættfræði verið mikils metin með þjóðinni. Íslendingar hafa og fullkomnara yfirlit um uppruna sinn og ættir en flestar aðrar þjóðir.

Ættfræði er og verður fyrst og fremst rannsóknarstarf, þar sem lagðar eru til grundvallar heimildir, sem aðallega eru í vörzlu Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns.

Fyrir þrettán árum var samkvæmt lögum stofnað embætti æviskrárritara, og er það tengt Þjóðskjalasafni.

Minni hl. menntamálanefndar telur ekki ástæðu til að breyta þeirri skipan, þannig að stofnað verði prófessorsembætti í ættfræði við Háskóla Íslands, og leggur til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 5. maí 1969.

Páll Þorsteinsson.

Nd. 650. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

1. og 3. gr. laganna verði 1. gr. og orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð, settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leita um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli, annar en síld, sé upptækur til ríkissjóðs.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskrannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu og flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari málsgr. skal ávallt tímabundið.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er íslenzkum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þá er rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sé annars ekki getið.

A. Norðurland.

A 1. Frá línu, réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er átta sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07.5′ n.br. 21°31.2′ v.lg.) og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A 2. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A 1, og takmarkast svæði þetta að vestan og austan, svo sem í A 1 greinir.

A 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið á svæði því, sem um getur í A 2, að undanskildu því svæði og þeim tíma, er getur í A 5.

A 4. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A 1, og takmarkast svæði þetta að vestan og austan, svo sem í A 1 greinir.

A 5. Þrátt fyrir ákvæði A 3 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á tímabilinu 1. júní til 1. október á svæði, sem takmarkast af línu, réttvísandi norður af Rauðunúpum (grunnlínupunktur 6), og línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9).

A 6. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A 7. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B 1. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9), að línu, réttvísandi norðaustur frá Bjarnarey (65°47.1′ n.br. 14°18.3′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan við grunnlínu milli eftirfarandi staða: Langaness (grunnlínupunktur 9), Skálatóarskers (65°59.7′ n.br. 14°37.5′ v.lg.) og Bjarnareyjar (65°47.1′ n.br. 14°18.3′ v.lg.).

B 2. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, er í B 1 getur.

B 3. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Bjarnarey (65°47.1′ n.br. 14°18.3′ v.lg.), að línu, réttvísandi norðaustur af Ósfles (65°37.8′ n.br. 13°55.4′ v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B 4. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Ósfles (65°37.8′ n.br. 13°55.4′ v.lg.), að línu, réttvísandi suðaustur af Selskeri (grunnlínupunktur 17), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu, sem dregin er milli Ósflesjar, Almenningsflesjar (65°33.1′ n.br. 13°40.6′ v.lg.), Glettinganess (grunnlínupunktur 10) og grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3/1961 (grunnlínupunktar 11—17).

B 5. Á tímabilinu 1. nóvember til 1. maí er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á svæði því, sem um getur í B 4, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, sem þar getur.

B 6. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalsbaks.

B 7. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember utan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá grunnlínu (grunnlínupunktar 10—11) á svæði, sem takmarkast af línu, sem

dregin er réttvísandi austur frá Álftavíkurtanga (sunnan Húsavíkur), og línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Dalatanga.

C. Suðausturland.

C 1. Frá línu, réttvísandi suðaustur af Selskeri (grunnlínupunktur 17) að 18° vestlægri lengd, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961.

C 2. Á tímabili því, sem í C 1 segir, er skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er milli Selskers (grunnlínupunktur 17) og Hvítinga (grunnlínupunktur 18) og síðan í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á svæði, sem takmarkast að austan af línu, réttvísandi suðaustur frá Hvítingum (grunnlínupunktur 18) og að vestan svo sem í C 1 greinir.

D. Suðurland.

D 1. Frá 18° vestlægri lengd til 20° vestlægrar lengdar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961.

D 2. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem í D 1 greinir.

D 3. Frá 20° vestlægri lengd að línu, réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48.0′ n.br. 22°42.7′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 28), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 29), Einidrangs (63°27.4′ n.br. 20°37.2′ v.lg.), Selvogs (63°49.1′ n.br. 21°39.4′ v.lg.), Hópsness (63°49.3′ n.br. 22°24.6′ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30), sbr. þó D 8 og D 9.

D 4. Á tímabilinu 1. maí til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, er í D 3 getur, á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem þar greinir, sbr. þó D 8 og D 9.

D 5. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, og takmarkast svæði þetta að austan og vestan, svo sem getur í D 3, sbr. þó D 8 og D 9.

D 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman, og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárós (63°46.5′ n.br. 20°49.0′ v.lg.), sbr. þó D 9.

D 7. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57′ vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22°32′ vesturlengdar, sbr. þó D 9.

D 8. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman. Enn fremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

D 9. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem um getur í D 3—D 7.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E 1. Frá línu, réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, að línu, réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52.8′ n.br. 22°44.2′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. þó E 9.

E 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir eða minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem í E 1 getur, utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. þó E 9.

E 3. Frá línu, réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52.8′ n.br. 22°44.2′ v.lg.), að 64°40′ norðlægrar breiddar, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan grunnlínu milli Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30) og Gáluvíkurtanga (64°44.9′ n.br. 23°55.3′ v.lg.), sbr. þó E 9.

E 4. Á tímabilinu 1. október til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 1 sjómílu innan við grunnlínu þá, er getur í E 3, milli 64°0′ norðlægrar breiddar og 64°35′ norðlægrar breiddar, sbr. þó E 9.

E 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti, 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi (63°52.8′ n.br. 22°44.2′ v.lg.) í punkt, 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04.9′ n.br. 22°41.7′ v.lg.), og þaðan í Malarrifsvita (64°43.7′ n.br. 23°48.5′ v.lg.), en að norðan og sunnan takmarkast svæði þetta, svo sem um getur í E 3, sbr. þó E 9.

E 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 1. janúar á svæði, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða og í réttvísandi vestur frá þeim, sbr. þó E 9:
a) 64°12′ n.br., 22°20′ v.lg.
b) 64°25′ n.br., 22°30′ v.lg.

E 7. Frá 64°40′ n.br. að línu, réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita (64°53.1′ n.br. 24°02.9′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið að línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30), Gáluvíkurtanga (64°44.9′ n.br. 23°55.3′ v.lg.), Hraunvarar (64°49.6′ n.br. 24°01.0′ v.lg.), Skálasnaga (grunnlínupunktur 32) og Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), sbr. þó E 9.

E 8. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 1. janúar upp að einni sjómílu frá fjörumarki, en þó ekki austan við línu, sem dregin er úr Malarrifsvita í punkt, 4 sjómílur réttvísandi vestur frá Garðskagavita, en að norðan og sunnan takmarkast svæði þetta, svo sem getur í E 7, sbr. þó E 9.

E 9. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í E 1—E 8.

F. Breiðafjörður.

F 1. Frá línu, réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, (grunnlínupunktur 33), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sbr. þó F 5.

F 2. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti, 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita í Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 250° úr stað á 65°09′ n.br. 23°40′ v.lg. og 290° úr stað á 65°19′ n.br. 23°51′ v.lg., sbr. þó F 5.

F 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 16. september utan línu, sem dregin er 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita og þaðan í punkt 65°0′ n.br. 23°30′ v.lg. og þaðan í punkt 65°09′ n.br. 23°40′ v.lg., og línu, sem dregin er í 250° réttvísandi stefnu úr þeim punkti, sbr. þó F 5.

F 4. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er réttvísandi 250° úr punkti 65°09′ n.br., 23°40′ v.lg., og línu úr þeim punkti í punkt 65°19′ n.br., 23°51′ v.lg., og þaðan í réttvísandi 290°, sbr. þó F 5.

F 5. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 1. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í F 1—F4.

G. Vestfirðir.

G 1. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. október til 1. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, á eftirgreindum svæðum:

a) á svæði, sem takmarkast af línum, réttvísandi 300° frá Kópanesi (grunnlínupunktur 34) og Fjallaskagavita (66°0.4′ n.br., 23°48.8′ v.lg.) og

b) á svæði, sem takmarkast af línum, réttvísandi norðvestur frá Rit (66°21.3′ n.br., 23°11.5′ v.lg.) og réttvísandi norður frá Kögri (grunnlínupunktur 37).

3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr. og orðist svo:

Heimildir þær, sem veittar eru í 2. gr. til veiða með botnvörpu og flotvörpu, taka og til dragnótaveiða. Að öðru leyti halda áfram gildi sínu lög nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum um takmarkaðan tíma og á tilteknum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

4. gr.

2. gr. laganna verði 4. gr. og orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, þar sem því er óheimil veiði, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

5. gr.

Í 4. gr. laganna, sem verði 5. gr., komi í stað orðanna: „1. gr.“ orðin: 1., 2. og 3. gr., og í stað orðanna: „2. gr.“ orðin: 4. gr.

6. gr.

Í 6. gr. laganna, sem verði 7. gr., komi í stað orðanna: „1. gr.“ orðin: 1., 2. og 3. gr. og í stað orðanna: „4. gr.“ orðin: 5. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú gerist skipstjóri sekur um ítrekuð brot á lögum þessum, og er þá heimilt að svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma.

7. gr.

5.—8. gr. laganna verði 6.—9. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. laganna gilda til ársloka 1971.

Ed. 651. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá fjárhagsnefnd.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:
Lyfjaverzlun ríkisins er skylt að útvega lyf, sáraumbúðir og hjúkrunargögn fyrir ríki og ríkisstofnanir, þó ekki til endursölu einstaklingum, enn fremur lækna og dýralækna, er rétt hafa til lyfjasölu, svo og sjúkrahús.

Ed. 652. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

3. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðherra“ í 3. gr. laganna komi: Landbúnaðarráðherra.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:
Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarfélaga Íslands, reglugerð, sem kveður nánar á um framkvæmd laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 653. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við 2. gr. Í stað „1. júní“ í lið E 6 komi: 1. ágúst.

Ed. 654. Fyrirspurn [246. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um rannsóknir á hafnarstaðstöðu við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og Þykkvabæ í Rangárvallasýslu.

Frá Birni Fr. Björnssyni og Karli Guðjónssyni.

1. Hvað líður rannsókn í hafnarmálum við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu?
2. Hefur nokkur rannsókn farið fram af opinberri hálfu á hafnaraðstöðu í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu?

Nd. 655. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á þeim togveiðisvæðum, sem skipum af stærðunum 106 t til 350 t eru heimilaðar botnvörpuveiðar skv. grein þessari, eru stærri skipum heimilaðar slíkar veiðar, selji þau afla sinn á innlendum markaði, enda tilkynni þau um löndunarstað, áður en veiðiferð hefst.

Nd. 656. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr., F 5. Í stað orðanna „til 1. maí“ komi: til 15. maí.

Ed. 657. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Eftir 8. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins er skylt að verja 3% hið minnsta af árlegum hagnaði af tóbaksverzlun til auglýsinga í fjölmiðlunartækjum um skaðsemi sígarettureykinga og annarrar tóbaksnotkunar.

Ed. 658. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Pétri Benediktssyni, Einari Ágústssyni, Bjarna Guðbjörnssyni og Sveini Guðmundssyni.

Við 3. gr. bætist: Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

Nd. 659. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta hefur hlotið samþykki háttvirtrar Ed.

Sjávarútvegsnefnd er þeirrar skoðunar, að ýmis atriði í lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, þurfi endurskoðunar við. Þegar þau lög voru sett, var beinlínis út frá því gengið, að innan tíðar mundi þurfa að endurskoða ýmis ákvæði laganna.

Nú hefur sjávarútvegsmálaráðherra skipað sérstaka nefnd, landhelgisnefndina, sem hefur þetta verkefni m. a. með höndum.

Undirritaðir nefndarmenn telja því ekki tímabært að afgreiða það frv., sem hér liggur fyrir. Álíta þeir rétt, að beðið sé eftir tillögum landhelgisnefndarinnar, að því er dragnótaveiðar varðar, og leggja til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að hraðað verði endurskoðun lagaákvæða um dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelginnar og frumvarp um nauðsynlegar breytingar á þeirri löggjöf verði lagt fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Eyjólfur Konráð Jónsson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason.
Jón Skaftason.	Pétur Sigurðsson.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 660. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþ. frv., en við viljum fella það.

Með frv. er lagt til að fella niður með öllu framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs, en samkv. lögum er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði til sjóðsins árlegt framlag, sem nemi jafnhárri fjárhæð og tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi.

Áður var framlag ríkissjóðs lækkað með bráðabirgðaráðstöfunum frá því, sem ráðgert var í lögunum um Fiskveiðasjóð, en nú er hins vegar lagt til að fella það niður algjörlega.

Við erum andvígir þessari stefnu, teljum að Fiskveiðasjóður hafi þýðingarmiklu hlutverki að gegna, og allir vita, að enn skortir tilfinnanlega fé, til þess að hægt sé að sinna nauðsynlegum lánbeiðnum vegna stofnkostnaðar sjávarútvegsfyrirtækja.

Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 5. maí 1969.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Jón Skaftason. Björn Pálsson.

Nd. 661. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Sigurvin Einarssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Pálma Jónssyni, Birni Pálssyni, Skúla Guðmundssyni, Óskari E. Levy, Steingrími Pálssyni og Jónasi Árnasyni.

Við 2. gr.

a. Við stafl. A 1 bætist:
og gildir sú grunnlína fyrir skip 350 brúttósmálestir og minni.

b. Upphaf stafl. F 2 hljóði svo:
Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum, 350 brúttósmálestir og minni, heimilt að veiða o. s. frv.

Nd. 662. Lög [195. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 562 (sbr. 393).

Ed. 663. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 650 með þessari breytingu:

2. gr. F hljóðar svo:

F. Breiðafjörður.

F 1. Frá línu, réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, að línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, (grunnlínupunktur 33), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sbr. þó F 5.

F 2. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti, 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita í Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 250° úr stað á 65°09′ n.br. 23°40′ v.lg. og 290° úr stað á 65°19′ n.br., 23°51′ v.lg., sbr. þó F 5.

F 3. Skipum, 105 brúttórúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 16. september utan línu, sem dregin er 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita og þaðan í punkt 65°0′ n.br. 23°30′ v.lg. og þaðan í punkt 65°09′ n.br. 23°40′ v.lg., og línu, sem dregin er í 250° réttvísandi stefnu úr þeim punkti, sbr. þó F 5.

F 4. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er réttvísandi 250° úr punkti 65°09′ n.br., 23°40′ v.lg., og línu úr þeim punkti í punkt 65°19′ n.br., 23°51′ v.lg., og þaðan í réttvísandi 290°, sbr. þó F 5.

F 5. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í F 1—F 4.

Nd. 664. Frumvarp til laga [247. mál]

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Flm.: Eyjólfur Konr. Jónsson, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands og Félag íslenzkra iðnrekenda og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til.

4. gr.

Hlutafé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Bankastofnunum og opinberum sjóðum í landinu skal heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur stjórn Verzlunarráðs Íslands og Félags ísl. iðnrekenda haft til athugunar að beita sér fyrir stofnun öflugs fjárfestingarfélags, og miðar frumvarp það, sem hér er flutt, að því að heimila þessum samtökum að hafa forgöngu um stofnun slíks félags með tilteknum skilyrðum. Er það álit málsaðila, að félag sem þetta gæti mjög örvað atvinnurekstur, stuðlað að bættum rekstri fyrirtækja, beitt sér fyrir nýjungum í atvinnumálum og unnið að sameiningu og endurskipulagningu fyrirtækja, þar sem það hentar.

Félög áþekk þessu eru rekin í flestum nágrannalöndunum og eru þar talin gegna hinu mikilvægasta hlutverki. Er ráðgert að hafa hér hliðsjón af þeirri reynslu, sem þar hefur fengizt í þessu efni. M. a. ferðaðist Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, um Norðurlöndin í nóvembermánuði s. l. til að kynna sér slíka starfrækslu þar.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um tilgang félagsins og almennar starfsheimildir. Er þar ekki um tæmandi talningu að ræða, enda æskilegt, að félagið starfi á sem breiðustum grundvelli.

Um 2. og 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Félagið verði því einungis stofnað, að unnt reynist að safna þegar í upphafi 80 milljón króna hlutafjárloforðum. Er gert ráð fyrir, að þessa fjár megi afla frá einkabönkum, einkaaðilum og með hlutafjárframlagi frá Framkvæmdasjóði eða Seðlabankanum. Enn fremur væri hugsanlegt minni háttar hlutafjárframlag frá Alþjóðalánastofnuninni í Washington, sem fremur kæmi þó til greina, eftir að félagið hefur tekið til starfa.

Samkv. 2. málsgr. verður bankastofnunum og opinberum sjóðum heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, enda má telja það undirstöðuatriði í starfsemi félagsins, að þátttaka fáist af hálfu þessara aðila. Tekur ákvæði þetta til hvers kyns opinberra sjóða.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að samþykktir félagsins fari eftir almennum lögum um hlutafélög, að öðru leyti en því, sem í lögum þessum segir, en eðlilegt er talið vegna réttinda þeirra, sem félaginu er ætlað að njóta, að samþykktirnar séu háðar samþykki ráðherra þess, er fari með bankamál.

Um 6. gr.

Í ákvæði þessu felst, að Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skuli njóta sömu réttinda að því er varðar skattfrelsi og allir bankarnir njóta.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 665. Frumvarp til laga [248. mál]

um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.

2. gr.

f-liður 3. gr. laganna falli niður og stafliðir greinarinnar breytast í samræmi við það.

h-liður, sem nú verður g-liður, orðast þannig:

að annast atvinnuleysisskráningar og láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu, enda leggi þeir fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. 5. gr.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Vinnuveitendur skulu og láta launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, innan 12 síðustu mánaða. Í vottorði þessu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Enn fremur er vinnuveitendum skylt að tilkynna vinnumiðlun, hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilinu. Slík neitun jafngildir, að umsækjandi neiti vinnu, sem vinnumiðlun býður honum.

4. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr., sem orðist svo:

Sérhver launþegi, sem óskar aðstoðar vinnumiðlunar, skal snúa sér til vinnumiðlunar í sínu sveitarfélagi. Dvelji hann utan sveitarfélags síns í sveitarfélagi, sem lög þessi taka til, getur hann snúið sér til vinnumiðlunar þar sem umsækjandi um atvinnu. Vinnumiðlun dvalarsveitar sendir vinnumiðlun heimilissveitar þá tilkynningu um skráninguna hverju sinni, sem launþeginn lætur skrá sig. Jafnframt skal litið á slíkan umsækjanda sem umsækjanda um atvinnu í heimabyggð sinni.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera nauðsynleg eyðublöð til afnota við framkvæmd laga þessara, þar á meðal eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár og vottorð vinnuveitenda, sbr. 5. gr. Útbúa skal sameiginlegt eyðublað fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og umsókn um bætur til úthlutunarnefndar, sem vinnumiðlun ritar í þríriti. Tvö eintök skal senda hlutaðeigandi úthlutunarnefnd eða verkalýðsfélagi, en vinnumiðlun heldur þriðja eintakinu.

Eyðublöð, samkvæmt lögum þessum, skulu afhent hlutaðeigendum ókeypis.

6. gr.

Greinatala laganna raskast þannig, að 6. gr. verður 8. gr. og síðari greinar samkvæmt því.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 1969, skipaði félagsmálaráðherra fjögurra manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Nefndinni var falið að leita álits þeirra aðila, sem mesta reynslu hafa við framkvæmd téðra laga.

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir menn: Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, tilnefndur af því, Eðvarð Sigurðsson, alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem skipaður er í nefndina án tilnefningar og var jafnframt skipaður til að vera formaður hennar.

Nefndin hefur setið marga fundi með ýmsum fulltrúum úr úthlutunarnefndum og aðilum, sem annazt hafa vinnumiðlun í Reykjavík og nágrenni. Nefndin hefur einnig haldið fund með Stefáni Bjarman, sem annazt hefur í langan tíma vinnumiðlun í Akureyrarkaupstað, og Óskari Garibaldasyni, sem verið hefur formaður úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta í Siglufjarðarkaupstað undanfarin ár. Á þessum fundum hefur nefndin fengið ýmsar ábendingar og tillögur til úrbóta á núgildandi löggjöf um vinnumiðlun. Við samningu þessa frumvarps hafði nefndin hliðsjón af ábendingum þeim og tillögum, sem framangreindir aðilar létu henni í té.

Nefndin telur nauðsynlegt, að breytingar þessar nái fram að ganga nú á þessu þingi í sambandi við afgreiðslu annars frumvarps frá nefndinni, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Nefndinni hefur ekki enn unnizt tími til að ljúka heildarendurskoðun þessara laga. Verður því að líta á breytingartillögur þessar sem bráðabirgðabreytingar. Nefndin telur nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum í lögunum, sem þetta frumvarp fjallar ekki um, en gerir ráð fyrir áframhaldandi endurskoðun laganna, og vill stefna að því að ljúka henni sem fyrst.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild til handa sveitarfélögum, sem fleiri saman hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu. Notkun slíkrar heimildar virðist einkum koma til álita hér á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur hafa öll sameiginlegan vinnumarkað. Það ætti að geta verið mikil hagræðing, ef þessi sveitarfélög gætu samið um sameiginlega vinnumiðlun, sem annast öll störf vinnumiðlunar á þessu sameiginlega vinnumarkaðssvæði.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ákvæði f-liðs 3. gr. gildandi laga verði numið úr gildi. En þar er ráð fyrir því gert, að hlutverk vinnumiðlunar sé að annast atvinnuleysisskráningar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert og láta auk þess fara fram atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum sveitarstjórnar eða félagsmálaráðherra. Svo virðist sem ákvæði þetta hafi orsakað nokkurn misskilning á hlutverki vinnumiðlana í landinu. Vegna þess, að vottorð vinnumiðlunar eru grundvöllur fyrir bótagreiðslum atvinnuleysistrygginga, er nauðsynlegt, að þær annist skráningu, hvenær sem atvinnulaus maður óskar eftir henni. Sumar sveitarstjórnir virðast hafa álitið, að nægilegt sé að auglýsa, hvenær þær ætli að skrá atvinnuleysingja í sínu sveitarfélagi. Líklegt er, að þetta ákvæði hafi orsakað þennan misskilning. Það er því lagt til að ákvæðið verði numið úr lögunum.

Í seinni málsgrein þessarar greinar er lagt til að þeir, sem óska atvinnuleysisskráningar og aðstoðar við vinnuráðningu, skuli leggja fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. næstu grein.

Um 3. gr.

Lagt er til, að í stað 2. mrg. 5. gr., sem fjallar um eyðublöð, sbr. 5. gr. frv., komi ákvæði, sem gera ráð fyrir því, að vinnuveitendur láti launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, þó ekki fyrir lengri tíma en síðustu 12 mánuði. Í vottorðinu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Lagt er til, að sú skylda verði lögð á vinnuveitendur að tilkynna vinnumiðlun hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilum. Þó að gera megi ráð fyrir, að skylda þessi verði ekki alveg rækt af öllum vinnuveitendum, þykir þó rétt að setja slíkt ákvæði í lögin, sem vænta mætti að gæfi nokkurt aðhald í þessu efni.

Um 4. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að launþegi eigi aðgang að vinnumiðlun á dvalarstað sínum. Jafnframt er svo til ætlazt, að vinnumiðlun dvalarsveitar tilkynni heimilissveit umsækjanda um skráningu, sem þar fer fram. Atvinnulaus maður, sem leitar eftir atvinnu utan heimilissveitar sinnar, þarf því ekki að óttast, að hann glati bótarétti sínum vegna þess, að hann hafi ekki átt þess kost að skrá sig í heimasveit sinni.

Um 5. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir sameiginlegu eyðublaði fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og fyrir umsókn um bætur. Þetta virðist spara tvíverknað og vera til mikillar hagræðingar bæði fyrir þá, sem annast vinnumiðlun, og þá, sem annast úthlutun atvinnuleysisbóta.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 666. Frumvarp til laga [249. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

5., 6. og 7. málsliður 1. málsgreinar 14. gr. laganna falli niður.

2. gr.

15. gr. hljóði svo:

Rétt til bóta samkv. lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:

a. eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.
b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu í a. m. k. 1144 dagvinnustundir, eða 572 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfsdagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kauptaxta verkalýðsfélags eða kjarasamningi. Bótaþegi, sem fullnægir ákvæðum þessa stafliðs, missir ekki rétt sinn til bóta, þó að hann taki starfi, sem ekki er tryggingaskylt samkv. lögum þessum, og stundi það allt að 24 mánuðum. Bótaréttur glatast heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur

um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Enginn getur þó öðlazt bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingarskyld, eða atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans. Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, eða í skólaleyfum, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði. Sá sem öðlast bótarétt, samkvæmt grein þessari, heldur honum, þó að hann síðar fullnægi ekki ákvæði þessa stafliðs um vinnustundun vegna skráðs atvinnuleysis á tímabilinu. Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.

c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum, eða í 9 daga virka, ef um algert og samfellt atvinnuleysi er að ræða. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, samkvæmt lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Verði meira en 12 dagar milli skráninga, reiknast að auki 6 daga biðtími. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til.
b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.
d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími séu í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á, enda sé ekki um að ræða starfsgrein, sem hann stundaði, þegar hann varð atvinnulaus, eða önnur hliðstæð störf. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vosbúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, sem veldur ekki bótamissi, samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.
f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af.
g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði

ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.

h. dvelja erlendis.

Sá, sem orðið hefur uppvís að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bótamissi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brot fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótagreiðslur, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi maður oftar rétt til bóta, samkvæmt þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

4. gr.

17. gr. orðist svo:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, á umsækjandi rétt til bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Fái hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, falla bótagreiðslur niður frá þeim tíma þannig, að við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, skal draga frá, auk vinnudaganna, einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu. Nemi launagreiðslur í slíkri vinnu meiru en tvöföldum 2. dagvinnutaxta Dagsbrúnar, skal enn fremur draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir tekjur umfram það, sem svarar til 8 klst. vinnu samkv. 2. taxta Dagsbrúnar.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir sunnudaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 156 daga virka á síðustu 12 mánuðum.

5. gr.

18. gr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera sem hér segir:

a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 266.00 á dag. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og greiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur samkvæmt b-lið þessarar greinar. Bætur samkvæmt c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt grein þessari einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

b. Til einstaklinga kr. 230.00 á dag.

c. Til bótaþega kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri, yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna má nema kr. 355.00 á dag. Enginn getur þó fengið hærri dagpeninga en sem svarar 75% af meðaldagtekjum hans á síðustu 12 mánuðum, áður en hann varð atvinnulaus.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, og greiðast á þær sömu verðlagsbætur og á grunnkaup skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkv. lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en bætur almannatrygginganna. Með bótum almannatrygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og makabætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Nú hefur umsækjandi haft hálfsdagsvinnu, og skulu bætur til hans þá nema ½ bótum, sbr. a—c-liði þessarar greinar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

19. gr. orðist svo:

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og skal þá sjóðstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er sjóðstjórn heimilt að lána milli sérreikninga.

7. gr.

Fyrsta málsgr. 20. gr. orðist svo:

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau skulu vera hvort tveggja í senn, skráningareyðublöð til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun. Skulu eyðublöð þessi fást hjá úthlutunarnefndum, skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem henta þykir.

8. gr.

Orðið „vikulega“ í 21. gr. laganna falli niður.

9. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

10. gr.

Á eftir 23. gr. komi ný grein, sem verði 24. gr., svo hljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. b og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 81/1968 og 1. og 2. gr. laga nr. 28 25. apríl 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 1969, skipaði félagsmálaráðherra fjögurra manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Nefndinni var falið að leita álits þeirra aðila, sem mesta reynslu hafa við framkvæmd téðra laga.

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir menn: Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, tilnefndur af því, Eðvarð Sigurðsson, alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem skipaður er í nefndina án tilnefningar og var jafnframt skipaður til að vera formaður hennar.

Nefndin hefur setið marga fundi með ýmsum fulltrúum úr úthlutunarnefndum og aðilum, sem annazt hafa vinnumiðlun í Reykjavík og nágrenni. Nefndin hefur

einnig haldið fund með Stefáni Bjarman, sem annazt hefur í langan tíma vinnumiðlun í Akureyrarkaupstað, og Óskari Garibaldasyni, sem verið hefur formaður úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta í Siglufjarðarkaupstað undanfarin ár. Á þessum fundum hefur nefndin fengið margvíslegar ábendingar og tillögur til úrbóta á núgildandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Við samningu þessa frumvarps hafði nefndin hliðsjón af ábendingum þeim og tillögum, sem framangreindir aðilar létu henni í té.

Nefndin telur nauðsynlegt, að breytingar þessar nái fram að ganga nú á þessu þingi í sambandi við afgreiðslu bráðabirgðalaganna, sem út voru gefin 31. desember 1968, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar. Nefndin tók því þann kost, að fella ákvæði bráðabirgðalaganna inn í lagafrumvarpið. Frumvarp þetta hefur því að geyma hin sömu ákvæði og sett voru með bráðabirgðalögunum, með nokkrum undantekningum, sem grein verður gerð fyrir í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Nefndinni hefur ekki enn unnizt tími til að ljúka heildarendurskoðun laganna. Verður því að líta á breytingartillögur þessar sem bráðabirgðabreytingar, sem ætla má, að reynslan kunni að sýna, að breyta þurfi fyrr eða síðar. Nefndin telur nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum í lögunum, sem frumvarp þetta fjallar ekki um, en gerir ráð fyrir áframhaldandi endurskoðun laganna og vill stefna að því að ljúka henni sem fyrst.

Um 1. gr.

Samkv. núgildandi lögum, skulu úthlutunarnefndir, hver fyrir sig, setja sér reglugerð, sem þær starfi eftir. Í frumvarpi þessu er lagt til, að ráðherra setji, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í stað úthlutunarreglugerðar fyrir hverja úthlutunarnefnd, verði sett ein reglugerð sem gildi fyrir allar úthlutunarnefndir í landinu.

Um 2. gr.

Upphaf þessarar greinar er samhljóða 1. gr. bráðabirgðalaganna nr. 81/1968. Nefndin varð þó ekki sammála um þetta atriði. Einn nefndarmanna, Björgvin Sigurðsson, taldi rétt, að í upphafi greinarinnar kæmi í stað orðanna „16 ára og eldri“ orðin: á aldrinum 16—70 ára.

Stafliður a. er óbreyttur eins og hann er í lögum nr. 29 frá 1956.

Verulegar breytingar eru á staflið b. greinarinnar. Reynslan hefur sýnt, að þörf er mun ýtarlegri ákvæða um þessi efni, heldur en þeirra, sem eru í núgildandi lögum. Að vísu má segja, að ekki sé í raun og veru um miklar efnisbreytingar að ræða frá því, sem eðlileg framkvæmd ákvæðanna hefði átt að vera. Nýmæli er það, að með frumvarpi þessu er lagt til, að skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, eða í skólaleyfum, telst hafa fullnægt ákvæði um öflun bótaréttar, ef það hefur á s. l. 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í 3 mánuði og skólanám í 6 mánuði. Með bráðabirgðalögunum var ákveðið, að elli- og örorkulífeyrisþegar geti notið bóta vegna atvinnuleysis. Nauðsynlegt þótti að setja hér ákvæði vegna þessa fólks þess efnis, að elli- og örorkulífeyrisþegar öðlist því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.

Biðtímaákvæði c-liðs greinarinnar eru óbreytt. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því, að úthlutunarnefndir setji sér ákvæði um lengri biðtíma þeirra, sem hafa árstíðabundna vinnu, hafa tekjur af eigin atvinnurekstri eða hafa haft hærri tekjur en almennt gerist í byggðarlagi þeirra síðustu 6 mánuði, svo og um styttri biðtíma fyrir þá, sem hafa búið við skertan vinnutíma undanfarið. Þessi heimildarákvæði hafa hvergi verið notuð og er því lagt til, að þau verði felld úr lögum.

Nýmæli er í seinni málsgrein þessarar greinar. Þar er berum orðum kveðið svo á, að skráning sé óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að bótaréttur vinnist. Enn fremur

eru ákvæði í þessari málsgrein um viðurlög, sem við liggja ef skráningar eru vanræktar.

Um 3. gr.

Lagt er til, að a-liður, c-liður og d-liður verði óbreyttir eins og þeir hafa verið frá því að lögin voru sett. Hins vegar er b-liður greinarinnar samhljóða 2. gr. bráðabirgðalaganna nr. 81 frá 1968. Sú breyting var þá gerð á ákvæðum þessa stafliðs, að örorkulífeyrisþegar geta nú öðlazt bætur vegna atvinnuleysis, ef þeir fullnægja öðrum skilyrðum laganna.

Í ákvæðum e-liðs er lagt til, að gerðar verði ýmsar breytingar. Samkvæmt núgildandi lögum glatast bótaréttur ef hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, ef umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að úthlutunarnefnd meti bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein. Lagt er til, að úthlutunarnefnd hafi heimild til að fella niður bótagreiðslur þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að fella niður bótagreiðslur, þegar svo stendur á. Þá er það nýmæli í ákvæðum þessa stafliðs, að vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveði svo á, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu sem hann á kost á.

Nýmæli er í f-lið greinarinnar. Þar segir að bætur greiðist ekki þeim, sem stundi vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af. Vandkvæði eru á því, að skilgreina ákvæði þetta nánar í lögunum, a. m. k. að svo stöddu. Það virðist óeðlilegt, að greiða manni bætur, sem hefur orðið atvinnulaus, en vinnur á meðan honum ekki býðst launuð vinna t. d. í bifreiðageymslu sinni að viðgerð bifreiða, sem hann fær beinar tekjur fyrir. Öðru máli gegnir ef umsækjandi vinnur aðeins að viðhaldi íbúðar sinnar, svo að dæmi sé nefnt. Reynslan mun sýna, hver mörk er eðlilegt að setja í þessu efni. Í reglugerð þeirri, um úthlutun bóta, sem um ræðir í 9. gr. frumvarpsins, er eðlilegt að skilgreina ákvæði sem þetta nánar.

Í 3. gr. bráðabirgðalaganna, nr. 81 frá 1968 var f-liður laganna felldur niður, en samkv. honum skyldi sá ekki fá greiddar bætur, sem á síðustu 6 mánuðum hefði haft tekjur, sem fóru fram úr 75% af meðalárstekjum almennra verkamanna eða verkakvenna ef um konu væri að ræða í heimabyggð næst liðið ár. Varhugavert þykir að fella með öllu niður tekjuviðmiðun í þessu sambandi, þegar um er að ræða maka, sem er í fastri vinnu og hefur á síðustu 12 mánuðum haft og hefur allgóðar tekjur, eða sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þá virðist ástæðulaust að greiða hinu makanna bætur. Þá er lagt til, að þessi regla, sem varðar hjón, gildi einnig um karl og konu, sem búa í óvígðri sambúð. Reglan er í samræmi við ákvæði 57. gr. almannatryggingalaga, nr. 40 30. apríl 1963.

Ákvæði í h-lið er samhljóða núgildandi lögum sbr. g-lið greinarinnar.

Í annarri málsgrein greinarinnar er gert ráð fyrir viðurlögum, sem beita skal gagnvart þeim, sem reyna að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar upplýsingar um hagi sína. Ákvæðið virðist eðlilegt og þarfnast ekki skýringa.

Loks er í síðustu málsgrein þessarar greinar lagt til að þeir, sem misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, sbr. c-lið greinarinnar, missi ekki bótarétt fyrir fullt og allt. Svipting bótaréttar gildi aðeins í þrjátíu daga virka. Missi slíkur umsækjandi oftar rétt til bóta af þessum sökum, öðlast hann þó ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

Um 4. gr.

Samkv. frumvarpinu fjallar grein þessi um það, hvernig ákveða skuli bætur til þeirra, sem fullnægja skilyrði laganna um bótarétt. Ákvæðin eru samhljóða gildandi ákvæðum um þessi efni. Þá er orðalagi greinarinnar breytt til þess að fyrirbyggja

misskilning sem komið hefur fram. Ákvæðið um samfellt og algert atvinnuleysi í 9 daga hefur t. d. verið skilið á þann veg, sem þetta dæmi sýnir: Verkamaður hefur verið vinnulaus í samfellda 9 daga virka, en vinnur alla þrjá dagana, sem eftir eru af 12 daga tímabili hans. Þá hefur þetta verið skilið svo, að fyrir þessa þrjá daga dragist einn bótadagur frá og hann eigi þá aðeins eftir tvo bótadaga, en fyrir þá er ekki greitt sbr. síðustu málsgr. þessarar greinar. Nú er lagt til að þessi regla verði orðuð þannig: Fái hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, falla bótagreiðslur niður frá þeim tíma, þannig að við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, skal draga frá, auk vinnudaganna, einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu. Í framhaldi af þessu ákvæði er bætt við nýmæli, sem kveður á um það, að ef launagreiðslur í vinnu, sem menn hafa meðan þeir eru á bótum, nemi meira en tvöföldum öðrum dagvinnutaxta Dagsbrúnar, þá skuli enn fremur draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir tekjur umfram það, sem svarar til 8 klst. vinnu samkv. sama taxta.

Ákvæði annarrar og þriðju málsgreinar þessarar greinar eru samhljóða núgildandi lögum. Í síðustu málsgrein er lagt til að í stað orðsins „helgidagar“ komi: sunnudagar og enn fremur er tekið upp í þessa síðustu málsgrein ákvæði 4. gr. bráðabirgðalaganna nr. 81 frá 1968, sem mæla svo fyrir að í stað „120 daga virka ár hvert“ komi: 156 daga virka á síðustu 12 mánuðum.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um upphæð atvinnuleysisbóta. Upphæðirnar eru hinar sömu og ákveðnar voru í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 81/1968. Þó er í grein þessari vikið frá ákvæðum bráðabirgðalaganna í nokkrum atriðum. Lagt er til þegar bæði hjónin eiga rétt á bótum, að hvoru þeirra verði þá greiddar einstaklingsbætur, sbr. b-lið, en barnabætur, samkvæmt c-lið, falli niður. Enn fremur er lagt til, að sama rétt til bóta og hjón hafi karl og kona, sem lifa saman í óvígðri sambúð, sbr. athugasemd við g-lið 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði bráðabirgðalaganna um hámark bóta er nokkuð breytt samkv. 2. málsgrein þessarar greinar. Gert er ráð fyrir að enginn geti fengið hærri dagpeninga en svarar 75% af meðaldagtekjum hans á síðustu 12 mánuðum áður en hann varð atvinnulaus. Ef launþegi hefur á síðustu 12 mánuðum haft 120 þús. krónur í heildaratvinnutekjur og reiknað er með 300 vinnudögum á þessu tímabili, verða meðaldagtekjur hans 400.00 krónur. Bætur til hans gætu þá ekki orðið hærri en sem svarar 75% af þeirri fjárhæð, eða kr. 300.00 á dag.

Í annarri málsgrein 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 81/1968 er gert ráð fyrir því, að bótafjárhæðir taki sömu breytingum og grunnkaup samkv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Í þriðju málsgrein þessa frumvarps er lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður. Hins vegar er lagt til að verðlagsuppbætur á bótafjárhæðir verði greiddar eftir sömu reglum og verðlagsuppbætur eru greiddar á grunnkaup samkv. 2. taxta Dagsbrúnar.

Ákvæði 3. málsgreinar 5. greinar bráðabirgðalaganna nr. 81/1968 er tekið óbreytt upp í 4. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins. En bætt er við ákvæði til skýringar um það, að með bótum almannatrygginga í þessu sambandi skuli telja barnalífeyri og makabætur, sem bótaþegi kann að fá greiddar.

Nýmæli er í 5. málsgrein frumvarpsins. Í b-lið 15. greinar, sbr. 2. grein frumvarpsins, er gert ráð fyrir hálfsdagsbótum. Ákvæði þessarar málsgreinar gerir ráð fyrir því að bætur skuli þá vera hálfar bætur samkv. því sem nánar greinir í a—c-liðum greinarinnar.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum, 19. grein, er gert ráð fyrir því, að sjóðstjórn sé heimilt að lána stofnfé Atvinnuleysistryggingasjóðs, ef fé er ekki fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta. Í þessari frumvarpsgrein er hins vegar lagt til að þegar svo stendur á, þá skuli sjóðstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu

skyni. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að lána milli sérreikninga með ábyrgð ríkissjóðs ef þrotið er stofnfé sjóðsins. Í þessari frumvarpsgrein er lagt til að heimilt sé að lána á milli sérreikninga, en krafa er ekki gerð um ábyrgð ríkissjóðs fyrir slíkum lánum.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að eyðublöð fyrir umsóknir um bætur og eyðublöð fyrir skráningu til afnota fyrir vinnumiðlun skuli vera á einu og sama eyðublaði. Það er ekki gert ráð fyrir því, að í þessum lögum né heldur í lögum um vinnumiðlun séu ákvæði um gerð þessara eyðublaða, hins vegar sett ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laganna og gerð nauðsynlegra eyðublaða.

Um 8. gr.

Ákvæði 21. greinar núgildandi laga um það, að úthlutunarnefnd skuli gera skrá um þá menn er hún úrskurðar bætur á viku hverri, hefur ekki verið fylgt. Breyting sú, sem hér um ræðir, er í því fólgin að fella niður skylduna um vikulega skýrslugerð.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en vísað er til athugasemda við 1. grein þessa frumvarps.

Um 10. gr.

Lagt er til, að úthlutunarnefndir geti snúið sér til tryggingayfirlæknis og fengið umsögn hans um læknisvottorð, ef ástæða þykir til. Með frumvarpi þessu er lagt til, að vinnuhæfni umsækjanda um bætur þurfi að sanna með læknisvottorði. Slík vottorð eru ekki ætíð svo ýtarleg eða glögg sem skyldi. Úthlutunarnefndir þurfa því að eiga aðgang að trúnaðarlækni, sem getur metið gildi læknisvottorða, sem þannig eru.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 667. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist þannig:

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi viðbót, svo hljóðandi:

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
c. Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.

e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

3. gr.

Síðasti málsl. 2. mgr. 28. gr. orðist þannig:

Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur, eða ekki akfær.

4. gr.

85. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 7 10. apríl 1968, orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 5.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

5. gr.

a-liður 88. gr. laganna falli niður, og aðrir stafliðir greinarinnar breytist samkvæmt því.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 12 14. maí 1964 og laga nr. 7 10. apríl 1968, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, inn í vegalög, nr. 71 30. desember 1963, og gefa lögin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárveitinganefnd Alþingis fjallar nú um vegáætlun fyrir árin 1969—1972, og hefur nefndin, í sambandi við athugun málsins, einróma samþykkt tillögu um, að nauðsyn beri til að afla vegasjóði aukinna tekna, og þá sérstaklega með þeim hætti að hækka benzínskatt um 1 kr. á hvern benzínlítra.

Fallast verður á, að æskilegt er að verja auknu fjármagni til nýbyggingar og viðhalds vega.

Því er þetta frumvarp flutt.

Um 1. gr.

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 eru þjóðvegir flokkaðir í samræmi við ákvæði 12. gr. vegalaga, svo sem nánar er skýrt í greinargerð með 3. kafla í tillögu að vegáætlun.

Í flokkun þjóðvega kemur hins vegar fram, að hliðarvegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum, heilsuhælum og fullgerðum raforkuverum samkvæmt undanþáguákvæðum um landsbrautir í 12. grein, eru alls 393 að tölu. Heildarlengd þessara vega er samkvæmt fskj. 3.0—04 með tillögu að vegáætlun 223.2 km, og er því meðallengd þeirra tæpir 600 m.

Miðað við eðli þessara vega og hinn mikla fjölda þeirra þykir rétt, að þessir vegir verði settir í tölu sýsluvega og undanþáguákvæðin í 12. gr. vegalaga felld niður, að undanskildum vegum að kauptúnum og að innsta býli, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð.

Við þessa breytingu lengjast sýsluvegir um 223.2 km eða um 8.7%, frá því sem tilgreint er í fskj. 3.0—06 með tillögu að vegáætlun.

Þar sem flestir þessara hliðarvega teljast fullgerðir vegir, munu útgjöld sýsluvegasjóðanna ekki aukast að sama skapi og lengingunni nemur. Til þess að rýra

ekki fjárhagsgrundvöll sýsluvegasjóðanna af þessum ástæðum væri þó rétt, að framlag ríkisins til sýsluvegasjóða verði aukið nokkuð árin 1970—1972 umfram það lágmark, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 28. gr. vegalaga.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af þeim breytingum á 12. gr. vegalaga, sem um getur í 1. gr. þessa frumvarps, þykir rétt að taka upp í 19. gr. vegalaga nánari ákvæði um það, hvaða vegir skulu vera í tölu sýsluvega.

Í a- og c-lið eru eingöngu nánar greind atriði, sem fyrir eru í vegalögum. Í b-lið er hins vegar tekið fram, að vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum skuli vera í tölu sýsluvega, þ. e. þeir vegir, sem áður voru landsbrautir samkvæmt undanþáguákvæðum 12. gr. vegalaga. Hins vegar hefur ekki undir þessum lið þótt ástæða til að skylda sýsluvegasjóði til að taka við vegum að fullgerðum raforkuverum, þar sem í einstökum tilvikum getur verið um mjög langa vegi að ræða.

Í d-lið er hins vegar tekið upp ákvæði um það, að sýslunefndum sé heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum raforkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum. Á undanförnum árum hafa margar sýslunefndir tekið í tölu sýslunefnda vegi að eyðibýlum, sem nýtt eru frá nærliggjandi jörðum, svo og vegi að fjallskilaréttum. Þykir rétt að bæta einnig við heimild um að taka í tölu sýsluvega vegi að bryggjum, þar sem um lendingarstaði er að ræða.

Samkvæmt e-lið er bætt inn heimild til að verja nokkru fé til fjallvega í sýsluvegaáætlun, enda teljist vegir þessir nauðsynlegir vegna nýtingar afréttar og beitilanda. Hefur ásókn í framlög úr fjallvegasjóði til slíkra vega á undanförnum árum aukizt mjög og langt umfram það, sem fjallvegasjóður hefur getað sinnt. Þykir því rétt að taka hér upp heimildarákvæði um þetta atriði.

Í niðurlagi þessarar greinar er tekið fram, að gildandi ákvæði 19. gr. vegalaga um lágmarkslengd sýsluvega nái aðeins til a-liðar þessarar greinar, en gildi ekki um vegi, samkvæmt b-, c- og d-liðum.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af þeirri aukningu af sýsluvegum, sem d- og e-liður 2. gr. gerir ráð fyrir, þá þykir rétt, að skipting á ríkisframlagi samkvæmt 2. mgr. 28. gr. vegalaga verði bundin við lengd sýsluvega samkvæmt a—c-lið 2. gr., en skipting þessi er nú gerð samkvæmt reglugerð nr. 62/1964.

Um 4. gr.

Benzínskatturinn er nú, eftir þá breytingu, sem á honum var gerð með 2. gr. laga nr. 7/1968, kr. 4.67 á hvern benzínlítra.

Gert er ráð fyrir, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga og innheimta skattaukans hefst 1. júní n. k., myndi tekjuaukning vegasjóðs verða sem hér segir:

Árið 1969 (frá 1. júní)	29.1 millj.
Árið 1970	72.1 millj.
Árið 1971	76.8 millj.
Árið 1972	82.6 millj.

Framangreindar tölur eru allt nettótekjur vegasjóðs, eftir að lögheimilar endurgreiðslur hafa verið inntar af hendi.

Um 5. gr.

Ekki þykir ástæða til annars en greiddur sé þungaskattur af skólabifreiðum eftir almennum reglum, og er núgildandi undanþága óeðlileg, enda þýðir hún í raun og veru, að umræddur hluti skólakostnaðar er greiddur úr vegasjóði.

Um 6.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 668. Nefndarálit [204. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. sendi tillögu þessa til umsagnar stjórnar Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda og landnámsstjóra. Sömuleiðis sendi nefndin sömu aðilum tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á hlutverki Landnáms ríkisins, félagsræktun og heykögglagerð, sbr. þingskjal 394. Eftir að hafa athugað umsagnir, sem bárust, borið tillögurnar vel saman og haft samráð við aðalflutningsmenn þeirra, varð allsherjarnefnd sammála um að leggja til, að tillögurnar yrðu afgreiddar sameiginlega með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Við endurskoðun þessa verði m. a. tekin til athugunar eftirgreind atriði:

1. Aukinn stuðningur við félagsræktun, þar sem hennar er þörf, heykögglaverksmiðjur og fóðurvinnslu úr innlendu hráefni.
2. Möguleikar á því að koma upp fóðurbirgðastöðvum í sambandi við félagsræktun og heykögglagerð.

Enn fremur verði endurskoðuð önnur lög og lagafyrirmæli, er varða ríkisframlög til jarðræktar, bygginga og byggðaþróunar í sveitum, og kannað, hvort eigi sé ástæða til að samræma þau og fella inn í lögin um Stofnlánadeild o. fl.

Hér er þó eigi lagt til að endurskoða II. kafla laganna, er fjallar um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Alþingi, 7. maí 1969.

Bragi Sigurjónsson, form.	Jónas Pétursson, fundaskr., frsm.	Jónas Jónsson.
Friðjón Þórðarson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.

Geir Gunnarsson.

Sþ. 669. Nefndarálit [96. mál]

um till. til þál. um atvinnulýðræði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði er lagt til, að kosin verði 11 manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Tillaga þessi hefur tvíþættan tilgang, annars vegar að bæta aðstöðu launþega til áhrifa á sérhverjum vinnustað í atvinnulífi þjóðarinnar, hins vegar að flytja vald og ábyrgð frá hinum fáu til hinna mörgu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er gerð mjög ýtarleg grein fyrir málinu, og geta undirritaðir nefndarmenn, sem telja, að hér sé hreyft mjög athyglisverðu og mikilsverðu máli, fallizt á þau rök, sem þar eru flutt.

Allsherjarnefnd bárust tvær umsagnir um þingsályktunartillöguna. Landssamband ísl. útvegsmanna mælir gegn tillögunni, en í umsögn Alþýðusambands Íslands segir m. a.: „Það er grundvallarskoðun vor, að vinnuaflið eigi ekki síðri rétt til áhrifa á rekstur og stjórn atvinnufyrirtækja en fjármagnið.“

Undirritaðir nefndarmenn eru þessari skoðun sammála og mæla með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1969.

Geir Gunnarsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Jónas Jónsson.

Nd. 670. Frumvarp til laga [251. mál]

um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Heimilt er að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í Háskóla Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Námskröfur til stúdentsprófs frá Kvennaskólanum skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Um stjórn og starfsháttu menntadeildar Kvennaskólans fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntaskóla á hverjum tíma, eftir því sem við getur átt og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Kostnaður við menntadeild Kvennaskólans greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kvennaskólinn í Reykjavík hefur farið fram á að fá rétt til þess að brautskrá stúdenta, svo sem fram kemur í athugasemdum við 4. gr. frumvarps til laga um menntaskóla, er fyrir þinginu liggur, og fylgiskjölum frumvarpsins VI a—b.

Nefndinni er ljóst, að hægt er að túlka 5. gr. menntaskólafrumvarpsins svo, að samkvæmt henni geti ráðherra veitt Kvennaskólanum umbeðin réttindi, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. Nefndin telur þó réttara, að um slíka heimild verði fjallað í sérstöku frumvarpi, og vill í þessu sambandi minna á, að auk menntaskólanna hafa tveir skólar heimild til að brautskrá stúdenta, þ. e. Kennaraskólinn og Verzlunarskólinn, en um þá er ekki fjallað í menntaskólafrumvarpinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk menntamálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa ekki tekið afstöðu til frumvarpsins. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nd. 671. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um viðskiptafulltrúa.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Deildin beinir þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún í sambandi við þá endurskoðun, sem fram fer á skipulagi utanríkisþjónustu landsins, hlutist til um, að komið verði á fót skrifstofum viðskiptafulltrúa á Ítalíu og Spáni.

Greinargerð.

Allmikil viðskipti eiga sér stað milli Íslendinga og þeirra landa, sem tilgreind eru í tillögunni. Seljum við þangað verulegan hluta af saltfiskframleiðslu okkar og nokkurn hluta skreiðarframleiðslunnar. Í hvorugu þessara landa höfum við búsettan sendiherra eða sendiráð. Sendiráðið í Osló annast sendiráðsstörfin á Ítalíu og sendiráðið í London sendiráðsstörfin á Spáni. Ólaunaðir ræðismenn eru þó að sjálfsögðu í báðum þessum löndum.

Útflutningur okkar til þessara landa nam á árinu 1968 samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar samtals 376 milljónum króna, og var þar nær eingöngu um sjávarafurðir að ræða, mest óverkaðan saltfisk, auk nokkurs magns af skreið, sem seld var til Ítalíu. Innflutningur frá þessum löndum nam á sama tíma 178 milljónum króna. Varðandi saltfiskinn er það vitað, að verð hans er oft á tíðum mjög óstöðugt og sveiflukennt og sölumöguleikar mjög misjafnir, sem hvort tveggja byggist á misjöfnum aflabrögðum og framleiðslu bæði Íslendinga og annarra þjóða, sem þessi lönd kaupa saltfisk og aðrar sjávarafurðir frá. Að sjálfsögðu fá sölusamtök okkar og þeir einstaklingar, sem þessi mál láta sig varða, upplýsingar um verðlag og markaðshorfur frá umboðsmönnum sínum. Hins vegar verður að telja, að hér sé um það veigamikið atriði að ræða í útflutningi okkar, að nauðsynlegt sé og eðlilegt, að Íslendingar hafi aðstöðu til að fylgjast svo að segja daglega með verðlagi og markaðshorfum í þeim löndum, sem hér um ræðir. Telur flm., að það yrði bezt tryggt með því, að þar yrðu staðsettir viðskiptafulltrúar, með þeim réttindum og skyldum, sem slíkum aðilum ber samkvæmt alþjóðavenjum. Auk þess yrði það að sjálfsögðu einnig aðalstarf þessara aðila að vinna að aukinni sölu, ekki einasta á sjávarafurðum, heldur einnig öðrum framleiðsluvörum okkar, sem hugsanlegt væri að selja til þessara landa.

Á það ber einnig að líta, að án efa mundi það greiða fyrir útflutningi okkar til þessara landa, ef innflutningur frá þeim hingað til lands ykist. Væri það vissulega einnig verkefni viðskiptafulltrúa að kanna alla möguleika í því sambandi og vinna að því. Mundi það og verða innflytjendum vara hér til hagræðis, ef þeir ættu aðgang að öruggum opinberum aðila með öflun nauðsynlegra upplýsinga í sambandi við starfsemi sína. Ljóst er, að hér yrði um nokkur aukin útgjöld að ræða, ef ekki kæmu til breytingar á öðrum sviðum utanríkisþjónustunnar, sem oft hefur verið rætt um. En á það ber að líta, að óefað mundi staðsetning viðskiptafulltrúa í þeim löndum, sem tilgreind eru í tillögunni, verða til hagræðis bæði fyrir útflutnings- og innflutningsverzlun okkar, og telur flm., að mjög komi til athugunar, að staðsettir yrðu, auk annarra sendiráðsstarfsmanna, sérstakir og sérmenntaðir viðskiptafulltrúar í sendiráðum okkar hjá þeim þjóðum, sem við höfum mest viðskipti við.

Ed. 672. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. maí 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.	Ólafur Björnsson.
	Björn Jónsson.	

Sþ. 673. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1967.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölur þess saman við ríkisreikning ársins 1967.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Þess skal getið, að heimild til þess að lána Rafmagnsveitum ríkisins 10 milljónir króna er að finna í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1967, lið XI.

Alþingi, 8. maí 1969.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Gíslason.
Geir Gunnarsson.	Halldór E. Sigurðsson.	Eyjólfur Konr. Jónsson.
Óskar E. Levy.	Matthías Bjarnason.	Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 674. Breytingartillaga [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Einari Ágústssyni og Birni Fr. Björnssyni.

Við 14. gr. frumvarpsins bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á árinu 1969 skal framlag til gæzluvistarsjóðs samkvæmt 1. málsgrein þó eigi vera lægra en 15 milljónir króna.

Ed. 675. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Um afstöðu til þessa máls hefur ekki náðst samstaða í nefndinni. Við undirrituð lítum svo á, að það, sem í frv. felst, horfi yfirleitt til bóta frá því, sem nú er. Hins vegar teljum við, að vinnulöggjöfin, sem nú er meira en 30 ára gömul, samsvari ekki lengur kröfum tímans og þurfi heildarendurskoðunar við og sé því vafasamt að taka ákvörðun um breytingu á einstökum atriðum hennar, áður en sú heildarendurskoðun hefur farið fram. Núverandi ríkisstjórn hefur áformað, að slík endurskoðun yrði framkvæmd.

Við leggjum því til, í trausti þess, að umræddri endurskoðun verði hraðað, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. maí 1969.

Auður Auðuns, fundaskr.	Ólafur Björnsson, frsm.	Steinþór Gestsson.

Ed. **676. Lög** [189. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 559.

Ed. **677. Lög** [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 337.

Ed. **678. Lög** [219. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 481.

Nd. **679. Frumvarp til laga** [223. mál]

um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

I. KAFLI

Um áfengis- og tóbaksverzlun.

1. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum vínanda og áfengi, sem flytja má til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Þó er öðrum aðilum heimilt að flytja til landsins varning, sem inniheldur vínanda, hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, svo og vindlingapappír og eldspýtur.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks, samkvæmt lögum þessum, og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins einni skal heimil starfræksla tóbaksgerðar, svo og framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls.

3. gr.

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, svo og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn eða framleiðir samkvæmt 1. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

6. gr.

Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn og/eða framleiðir, selur hún innanlands í heildsölu.

7. gr.

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar.

Umbúðir um vindlinga skulu á áberandi hátt merktar með eftirfarandi áletrun:

VIÐVÖRUN
VINDLINGAREYKINGAR
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM

8. gr.

Leggja skal hald á vörur þær, sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi, og skal afhenda þær Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til ráðstöfunar.

Vörur, sem hér um ræðir, skulu með dómi eða sátt upptækar til ríkissjóðs.

II. KAFLI

Um verzlun með lyf o. fl.

9. gr.

Íslenzka ríkinu er heimilt að reka lyfjaverzlun og lyfjagerð í tengslum við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins undir nafninu Lyfjaverzlun ríkisins. Lyfjaverzlun ríkisins er skylt að útvega lyf, sáraumbúðir og hjúkrunargögn fyrir ríki og ríkisstofnanir, þó ekki til endursölu einstaklingum, enn fremur lækna og dýralækna, er rétt hafa til lyfjasölu, svo og sjúkrahús.

Enn fremur skal Lyfjaverzlun ríkisins útvega, í samráði við landlækni, hvers konar efni til ónæmisaðgerða.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra fyrir Lyfjaverzlun ríkisins og setur honum erindisbréf. Fullnægi forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ekki skilyrðum 9. gr. 1.—5. liðar, sbr. 6. lið lyfsölulaga nr. 30 frá 29. apríl 1963, skipar ráðherra sérstakan yfirlyfjafræðing, sem fullnægir greindum lagaskilyrðum.

11. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Lyfjaverzlun ríkisins skulu hafa sameiginlegt skrifstofuhald, en aðskilinn fjárhag.

12. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins fer með einkaréttindi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að því er varðar vínanda til lyfja og vínandalyf. Forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ber ábyrgð á afgreiðslu vínanda til lækninga og rannsóknastofa.

13. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja inn frá útlöndum, vinna úr, verzla með og flytja út þau lyf og efni, sem heyra undir lög um tilbúning og verzlun með ópíum og fleira, nr. 14 frá 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 frá 2. maí 1968, um breyting á þeim lögum, í samræmi við lög og aðrar stjórnlagareglur, eins og þær eru á hverjum tíma.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

Lög nr. 69 frá 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, með síðari breytingum. Lög nr. 58 frá 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, með síðari breytingum. Lög nr. 65 frá 10. desember 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, og lög nr. 3 frá 2. marz 1961, um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Ed. 680. Lög [97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 604 (sbr. 121).

Ed. 681. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Bjarna Guðbjörnssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Við 2. gr. (A. Norðurland). Orðin „nema á Húnaflóa . . . í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2)“ í A. 1 falli niður.

Ed. 682. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Jóni Árnasyni, Bjarna Guðbjörnssyni, Einari Ágústssyni, Ólafi Jóhannessyni og Pétri Benediktssyni.

1. Við 2. gr. Liðurinn E. 6 falli niður.
2. Við 8. gr. Í stað „1971“ komi: 1970.

Ed. 683. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, og er meiri hl. sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 3. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skal bönnuð dragnótaveiði í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 4 mílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

Um aðrar breytingar á frv. hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur. Einn nefndarmanna (JÁH) vill samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1969.

Pétur Benediktsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Jón Árnason.
Ólafur Jóhannesson.	Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 684. Lög [185. mál]

um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 364.

Nd. 685. Frumvarp til laga [210. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 686. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag að viðstöddum vegamálastjóra. Varð hún sammála um að mæla með samþykkt þess á grundvelli þess samkomulags, sem upplýst er að orðið hefur milli fulltrúa allra þingflokka í fjárveitinganefnd um hækkun innflutningsgjalds á benzíni, og að ríkissjóður taki að sér greiðslu vaxta og afborgana af skuldum þjóðbrauta og landsbrauta á árunum 1970—1972.

Nefndin leggur til, að 5. gr. frv. falli niður, en í henni er gert ráð fyrir, af afnumið verði undanþáguákvæði vegalaga um greiðslu þungaskatts af skólabifreiðum. Flytur nefndin breytingartillögu um það á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (BGr) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1969.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur Pálsson.	Sigurvin Einarsson.
Friðjón Þórðarson.	Jónas Árnason.	Guðl. Gíslason.

Nd. 687. Breytingartillaga [250. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

5. gr. falli niður.

Nd. 688. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., sem komið er frá Ed. Það er samið af meiri hluta nefndar, er landbúnaðarráðherra skipaði í des. s. l. til athugunar frv. um loðdýrarækt, er Alþingi hafði áður vísað til ríkisstjórnarinnar. Felast í frv. ýmsar breytingar frá núgildandi lögum um loðdýrarækt, en sú breyting þó veigamest og

aðalatriði málsins, að bann gegn minkaeldi er numið úr lögum. En samkv. núgildandi lögum eru minkar eina loðdýrategundin, sem bannað er að ala hér í búrum, — sú loðdýrategund, sem arðsamast hefur reynzt að ala í nágrannalöndum okkar til austurs og vesturs vegna mjög aukinnar eftirspurnar einmitt þessara loðskinna, sem með því hafa sannað yfirburði sína samanborið við önnur loðskinn.

Allsherjarnefnd varð ekki einhuga í afstöðu til málsins. Tveir nefndarmenn, þeir Magnús Kjartansson og Jónas Jónsson, vilja vísa frv. frá, en við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1969.

Matthías Bjarnason, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Jónas Pétursson. frsm.

Steingrímur Pálsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 689. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum sem hér segir“ í 17. gr. laganna komi: allra sjómanna á fiskibátum sem hér segir, enda liggi fyrir fullnægjandi sönnun um störf þeirra á fiskibátum.

Ed. 690. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til laga um Stjórnarráð Íslands.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin hljóði svo:
   Á ráðherrafundum skal skrá fundagerð. Forsætisráðherra skipar ritara ráðherrafunda úr hópi starfsmanna forsætisráðuneytisins.
2. Við 9. gr. 1. mgr. hljóði svo:
   Forseti Íslands úrskurðar eftir tillögum forsætisráðherra, hvaða stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima.
3. Við 11. gr. Greinin breytist sem hér segir:
   a. 2. mgr. falli niður.
   b. 3. mgr. falli niður.
   c. 4. mgr. falli niður.
   d. Í stað „5“ í 6. mgr. komi: 2.
4. Við 12. gr. Greinin hljóði svo:
   Starfsdeild ráðuneytis, sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.
   Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri þess ráðuneytis, og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.
   Ráðherra setur deildarstjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.
5. Við 13. gr. Greinin hljóði svo:
   Auk ráðuneytisstjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar,

bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra. Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.

6. Við 14. gr. Greinin hljóði svo:
   Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, ríkisendurskoðanda og hagsýslustjóra. Ráðherra skipar deildarstjóra og aðra starfsmenn ráðuneytis.
7. Við 15. gr. Orðið „hálfra“ falli niður.
8. Við 16. gr. Greinin hljóði svo:
   Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.
9. Við 17. gr. 1. mgr. hljóði svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.
10. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið hljóði svo:
    Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þeir embættismenn, sbr. 14. gr., sem eigi hafa hlotið veitingu forseta fyrir embætti sínu, hljóta slíka veitingu.

Nd. 691. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frv. óbreytt, en ég tel óhjákvæmilegt að breyta ýmsum ákvæðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu felast tvær meginbreytingar frá gildandi lögum um aflatryggingasjóð.

Önnur er sú, að lækka skuli framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs þannig, að það verði aðeins einn fjórði hluti á móti tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi í stað helmings áður. Hin er um það, að taka skuli upp við sjóðinn svonefnda áhafnadeild, en henni er ætlað að greiða hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum.

Tekna á að afla til þeirrar deildar með þeim hætti að lækka útflutningsgjald á sjávarafurðum um 1%.

Ég er andvígur því, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs verði lækkað. Upphaflega var út frá því gengið, að ríkissjóður legði fram jafnmikið fé til aflatryggingasjóðs og útflutningsgjaldinu næmi. Árið 1962 var dregið úr þessu hlutfalli og framlagshlutur ríkissjóðs lækkaður, en útflutningsgjaldið jafnframt hækkað verulega.

Nú er enn gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs minnki, og virðist því stefnt að því, að útvegsmenn og sjómenn verði einir að standa undir þessu tryggingakerfi. Þetta tel ég ranga stefnu, og er augljóst, að hún hlýtur að leiða til þess, að mjög verður dregið úr gildi þessa tryggingakerfis útgerðarinnar.

Með frv. þessu er lagt til að hækka enn útflutningsgjald á sjávarafurðum um 1%, og var það þó ótrúlega hátt áður og miklu hærra en þekkist í nokkru samkeppnislandi okkar.

Tilgangurinn með þessu nýja gjaldi er sá að afla fjár í svonefnda áhafnadeild við aflatryggingasjóð, en þar er um að ræða sameiginlegan fæðiskostnaðarsjóð bátaútgerðarinnar. Nú er ráðgert að taka upp það kerfi að greiða nokkurn hluta af fæðiskostnaði fiskimanna úr sameiginlegum sjóði, sem fjár verði aflað til með almennu útflutningsgjaldi á sjávarafurðum.

Þetta nýja útflutningsgjald leggst á allar sjávarafurðir bátanna og kemur því í reynd fram sem lækkun á fiskverði til sjómanna og útvegsmanna. Þannig verða allir, sem fisk veiða til sölu, að greiða gjald í þennan fæðiskostnaðarsjóð.

Í frumv. er hins vegar lagt til, að einungis skuli greiða úr sjóðnum fæðiskostnað „lögskráningarskyldra“ sjómanna, en það þýðir, að þar er aðeins um að ræða þá sjómenn, sem eru á bátum, sem eru 12 rúml. að stærð eða stærri. Sjómenn á minni bátum eru ekki „lögskráningarskyldir“. Með þessu ákvæði er því ætlunin að skattleggja með útflutningsgjaldi og lækkuðu fiskverði alla bátasjómenn, einnig þá, sem veiðar stunda á minni bátum en 12 rúmlestum, en hins vegar eiga þeir sjómenn ekki að fá neitt upp í sinn fæðiskostnað úr sjóðnum. Með öðrum orðum, sjómenn á minnstu bátunum (undir 12 rúml.), sem fiskveiðar stunda allt í kringum landið, eiga að greiða í sjóðinn, en fá ekkert greitt úr honum upp í sinn fæðiskostnað. Þannig á að skattleggja sjómenn á minnstu bátunum, til þess að hægt sé að greiða hluta af fæðiskostnaði sjómanna á stærri bátunum. Hér er að mínum dómi um hróplegt ranglæti að ræða, og því flyt ég tillögu um, að allir sjómenn á bátaflotanum, sem gjald greiða í sjóðinn, skuli hafa jafnan rétt til greiðslu úr sjóðnum.

Ég tel þá stefnu, sem tekin er upp með þessum fæðiskostnaðarsjóði, ranga. Útgerðarmenn eiga sjálfir að semja við sjómenn sína um greiðslu á fæðiskostnaði, eins og átt hefur sér stað í ýmsum tilfellum. Fæðiskostnaður er útgjaldaliður hverrar útgerðar, sem útgerðarmaður verður að glíma við sjálfur. Sameiginlegur fæðiskostnaðarsjóður stefnir að mínum dómi út í ógöngur, og lítið réttlæti er í því, að útgerðir greiði fæðiskostnað í hlutfalli við aflamagn, en með þessum sameiginlega sjóði er að því stefnt.

Alþingi, 9. maí 1969.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 692. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. maí 1969.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Friðjón Þórðarson. Jón Skaftason. Matthías Bjarnason.
Jónas Árnason.

Nd. 693. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 9. maí 1969.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Friðjón Þórðarson. Jón Skaftason. Matthías Bjarnason.
Jónas Árnason.

Ed. 694. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Tveir nm. (BGuðbj og EÁ) mæla með samþykkt þess, en skila séráliti. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Árm. Héðinsson, fundaskr. Pétur Benediktsson.
Sveinn Guðmundsson.

Sþ. 695. Nefndarálit [202. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta alþjóðasamninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna að viðstöddum utanríkisráðherra. Leggur hún einróma til, að tillagan verði samþykkt óbreytt og að samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum verði staðfestur fyrir hönd Íslands.

Alþingi, 9. maí 1969.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Birgir Kjaran. Pétur Benediktsson. Þórarinn Þórarinsson.
Gils Guðmundsson.

Nd. 696. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, í trausti þess, að staðið verði við þá yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar, sem fram kemur á nál. sjávarútvegsnefndar háttv. Ed. varðandi útvegun á fjármagni til aflatryggingasjóðs, ef á þurfi að halda.

Alþingi, 9. maí 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Guðlaugur Gíslason.
Pétur Sigurðsson.

Ed. 697. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmaður (JÞ) mælir með samþykkt frv., þrír nefndarmenn (ÓB, AuA, StG) vilja vísa því til ríkisstjórnarinnar. Við undirritaðir viljum hafa annan hátt á afgreiðslu málsins og tökum þetta fram:

Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur hafa verið svo að segja óbreytt í gildi frá árinu 1938. Þetta er mikill lagabálkur, sem fjallar um viðkvæmt, en viðurhlutamikið efni. Allharðar deilur voru uppi og átök, áður en tókst að koma lögunum í höfn.

Frv. það, sem hér ræðir um, felur í sér breytingar á þeim atriðum laganna, sem varða sáttameðferð og valdsvið sáttasemjara.

Frv. var sent til umsagnar þessum aðilum, sem allir svöruðu: Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Nokkrir umsagnaraðilanna óskuðu eftir vissum breytingum á velflestum greinum frv., en samdóma álit þeirra var, að endurskoða bæri löggjöfina í heild og fyllsta samráð haft við aðila vinnumarkaðarins.

Í nefndinni var ekki hugað nánar að brtt. umsagnaraðila, og kom því ekki til þess, að nefndarmenn tækju afstöðu til þeirra.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands er tekið fram m. a., að frv. skorti allan þann undirbúning, sem þurfi, áður en við löggjöfinni sé hreyft. Auk þess sé ekkert efnisatriða frv. þess eðlis, að knýjandi nauðsyn sé að lögfesta ákvæði þess nú, enda tíminn sízt heppilega valinn að hreyfa við svo „eldfimu máli".

Af því, sem hér hefur verið rakið, teljum við eigi ástæðu til að stofna til neinna breytinga á löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur, eins og málum er háttað, heldur beri að stefna að því, að þessi löggjöf verði tekin til gagngerðrar heildarendurskoðunar í fyllsta samráði við aðila vinnumarkaðarins. Leggjum við því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að það er eindregin skoðun þeirra aðila, sem löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur varðar, að endurskoða beri í heild þessa löggjöf og haft sé fyllsta samráð við aðila vinnumarkaðarins, og í trausti þess, að sá háttur verði hafður á, áður en til breytinga á henni er stofnað, sér deildin ekki ástæðu til þess að afgreiða frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1969.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Hjalti Haraldsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 698. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta, og í samráði við flutningsmann þess og með hliðsjón af stjórnarfrumvarpi um atvinnuleysistrygg-

ingar, nýframlögðu, orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
2. málsgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur skv. 19. gr., örorkubætur og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

Tekið skal fram, að frumvarpið þannig orðað felur þá breytingu eina í sér frá gildandi lögum, **að greiða beri einstæðum mæðrum mæðralaun, þótt þær taki örorkubætur,** en svo virðist ekki eiga að gera eftir hljóðan almannatryggingalaga nú.

Alþingi, 9. maí 1969.

Guðlaugur Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Jón Skaftason.	Matthías Bjarnason.
	Jónas Árnason.	

Nd. 699. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í desembermánuði s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um minkaeldi á Íslandi. Nefndin tók sér nauman tíma til starfa, enda teljum við undirritaðir, að allmikið skorti á, að hún hafi kannað, svo sem nauðsynlegt er, annars vegar hugsanlega arðsemi af minkaeldi og hins vegar annmarkana á því að flytja á nýjan leik til landsins dýr, sem þegar hefur gert mikinn usla í íslenzkri náttúru. Teljum við æskilegt, að nefndin fjalli gaumgæfilegar um málið, áður en það verði tekið til endanlegrar ákvörðunar á Alþingi. Því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að framkvæmd verði frekari rannsókn á kostum og göllum minkaeldis á Íslandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nefndaráliti þessu fylgja greinargerðir frá minni hluta nefndar þeirrar, sem landbúnaðarráðherra skipaði til að fjalla um minkaeldi, enn fremur álitsgerð frá Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 9. maí 1969.

Magnús Kjartansson, frsm.	Jónas Jónsson.

Fylgiskjal I.

Með bréfi, dags. 16. des. 1968, skipaði landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd til að endurskoða frumvarp til laga um loðdýrarækt, sem var til meðferðar á síðasta Alþingi og þá vísað til ríkisstjórnarinnar vegna of lítils undirbúnings, vantrúar á þýðingu þessarar atvinnugreinar og beinnar andstöðu við málið. Nefndinni var enn fremur falið að athuga þau atriði, sem máli kynnu að skipta í sambandi við loðdýraeldi hér á landi, og gera tillögur til ráðuneytisins um, hvort leyfa skuli minkaeldi hér á landi eða ekki. Ef nefndin kæmist að jákvæðri niðurstöðu, skyldi hún gera tillögur um, hvernig um minkabú skuli búið, og um aðrar varúðarráðstafanir, er skipta kynnu máli, til að verja þessa nýju atvinnugrein áföllum og náttúru landsins tjóni.

Nefndin hóf störf sín 10. janúar s. l. og hefur síðan haldið nokkra fundi. Hún boðaði til sín nokkra menn til að upplýsa málið, en þar kom ekkert nýtt fram frá því í fyrra, er landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hafði málið til meðferðar, enda ekki þess að vænta, þar sem nefndin ræddi við sömu aðila og landbúnaðarnefndin gerði. Engin þekking er í okkar landi um þessa atvinnugrein, og nefndin hafði of skamman tíma til starfa, til að tóm gæfist til að kynna sér málið hjá erlendum aðilum, svo að nokkuð sé á því að byggja.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar, Ásberg Sigurðsson, Jónas Pétursson og Bragi Sigurjónsson, leggur til, að minkaeldi verði leyft, og leggur fram frumvarp til laga um loðdýrarækt.

Minni hlutinn lítur svo á, að nefndin hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið, eins og landbúnaðarráðherra lagði fyrir nefndina að gera, og því ekkert á því að byggja, sem frá nefndinni kemur á þessu stigi málsins.

Ef landbúnaðarráðherra gerir sér að góðu slík vinnubrögð, er það sýnt, að þessi nefndarskipun hefur aldrei verið nema til málamynda, aðeins til að geta sagt, að nefnd hafi verið skipuð í málið og hafi gert um það tillögur.

Enginn nefndarmannanna hefur neina reynslu eða sérþekkingu varðandi minkarækt, og því hlýtur nefndin að þurfa talsverðan tíma til að kynna sér málið, ef hún á að vera þess umkomin að taka afstöðu til málsins, sem byggð sé á könnun, eða gera tillögur um gerð mannvirkja, þar sem fyllsta öryggis sé gætt, eftir því sem það er hægt, og hins, að kostnaður fari ekki úr hófi fram, hvað þá um annað, sem málið varðar.

Benda má á ýmis atriði í greinargerð meiri hlutans, sem þarfnast frekari athugunar. Þar er til dæmis fullyrt, að hár fóðurkostnaður standi því fyrir þrifum, að minkarækt hafi aukizt á Norðurlöndum og í Kanada undanfarin ár. Minni hlutinn vill benda á þann möguleika, að markaðsörðugleikar ráði hér miklu, og telur fráleitt, að flutt verði frumvarp um minkarækt, fyrr en markaðsmálin eru betur könnuð.

Mjög ábatasamur liður í loðdýrarækt og verzlun er fólginn í sölu lífdýra til annarra búa, einkum nýrra loðdýrabúa. Ber því að taka með varúð áhuga erlendra aðila á endurvakningu minkaræktar á Íslandi á tímum, þegar girt virðist fyrir útþenslumöguleika þessarar atvinnugreinar innanlands hjá þeim.

Frá því minkarækt var lögð niður á Íslandi, hafa miklar framfarir orðið í fræðilegri fóðrun, hirðingu og kynbótum aliminka, svo sem fram kemur í greinargerð meiri hlutans. Frumskilyrði þess, að minkaeldi verði arðvænlegur atvinnurekstur hérlendis, er vitanlega, að íslenzkir minkaræktendur tileinki sér þessi vísindalegu vinnubrögð. Erlendis munu aliminkar aldir á fóðurblöndum með þekktri og mjög jafnri samsetningu. Þó að fiskúrgangur frá sumaraflanum, ásamt ýmsum úrgangs- og ruslfiski, svo að vitnað sé í greinargerð meiri hlutans, geti eflaust orðið undirstaða verðmæts minkafóðurs, þarf að auðga þessa undirstöðufæðu ýmsum steinefnum og bætiefnum. Búast má við, að þessi viðbót þurfi að vera breytileg eftir efnasamsetningu úrgangsfisksins og að ekki fáist úrvalsskinn af minkunum, nema óslitið

fræðilegt eftirlit sé haft með blöndun fóðursins. Ef miðað verður við erlenda reynslu, yrði trúlega hagstæðast að setja upp sérstakar blöndunarstöðvar, þar sem úr fisk- og sláturúrgangi ásamt tilskildum viðbótarefnum væri framleitt fullgilt minkafóður, í stað þess að fiskúrgangur af breytilegri samsetningu fari „beint í hakkavélina", eins og meiri hlutinn gerir ráð fyrir í greinargerð sinni. Hér er greinilega — svo sem í fleiri atriðum — þörf frekari könnunar, og búast má þarna við kostnaði, sem ekki er gert ráð fyrir í lauslegri athugun Efnahagsstofnunarinnar.

Að athuguðu máli leggur minni hlutinn til, að nefndin fái málið til endurskoðunar, byggi afstöðu sína á könnun, en ekki á trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina, og verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda er það í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

Ef frumvarp það, sem meiri hlutinn hefur gengið frá og sent ráðuneytinu, verður nú lagt fyrir Alþingi, er ekki líklegt, að það nái fram að ganga, þar sem ekkert nýtt hefur komið fram í málinu, sem ætla má að breyti afstöðu þingmanna til málsins.

Auk ofangreindra atriða óskar annar okkar, Örnólfur Thorlacius, að skila séráliti um þá hættu, er hann telur náttúru landsins búna af strokuminkum, ef minkarækt yrði tekin hér upp að nýju.

Reykjavík, 11. marz 1969.

Stefán Valgeirsson. Örnólfur Thorlacius.

Til
landbúnaðarráðherra.

Fylgiskjal II.

Ýmis umsvif í atvinnulífi nútímaþjóðfélags eru þess eðlis, að náttúru lands eða sjávar er af þeim nokkur hætta. Með vaxandi menntun almennings og auknum tómstundum eykst skilningur manna á þeim auði, sem fólginn er í óspilltri náttúru, auk þess sem rányrkju á náttúruauðlindum fylgir oft fjárhagslegt tjón. Þegar innflutningur minka hófst hér fyrir tæpum 40 árum, urðu náttúrufræðingar og ýmsir fleiri aðilar til að vara við því tjóni, sem af þessu dýri mundi hljótast, ef það næði að ílendast hér. Þessum viðvörunum var ekki sinnt, en þær hafa nú löngu sannazt.

Þegar nú er íhugað, hvort leyfa skuli minkaeldi á nýjan leik hérlendis, ber að athuga, hver hætta náttúru landsins geti enn stafað af þessari atvinnugrein, og meta, hvort ágóði af minkaeldi verði slíkur, að hann réttlæti, að banninu gegn minkaeldi á Íslandi verði aflétt.

Í minni hluta áliti okkar Stefáns Valgeirssonar eru færð rök að því, að viðhlítandi könnun á ábatasemi minkaeldis hérlendis hefur enn ekki farið fram. Ef frumvarp til laga um loðdýrarækt verður samt lagt fyrir Alþingi að þessu sinni, leyfi ég mér að vekja athygli á því, að hættan af innflutningi aliminka er engan veginn úr sögunni, þótt fyrir sé í landinu villiminkur og ósennilegt sé, að honum verði útrýmt, a. m. k. með þeim aðferðum, sem nú eru tiltækar.

Aliminkar, sem úr haldi sleppa, hegða sér á allt annan veg en villiminkar, sem fyrir eru í landinu og aðhæfzt hafa hér aðstæðum. Nægir í þessu sambandi að vekja athygli á því, að á meðan minkarækt var stunduð hérlendis, bárust tíðar fréttir af spjöllum, sem minkar unnu á alifuglum, auk þess sem minka varð oft vart í þéttbýli, jafnvel inni í höfuðborginni. Nú er minkastofninn í landinu mun stærri og útbreiddari en þá var, en samt fréttist sjaldan um ásókn minka í hænsn eða aðra alifugla, og menn verða á allan hátt minna varir við villiminka en áður. Og ástæða er til að ætla, að spjöll þau, sem nýsloppnir minkar valda á villtri náttúru landsins, einkum á fuglalífi, séu líka meiri en búsifjar af völdum hagvanra villiminka. Ýmsir vísindamenn telja t. d., að nýsloppnir aliminkar æxlist örar en minkar, sem komnir eru í jafnvægi við umhverfið.

Því er oft haldið fram, að með traustlegum frágangi minkabúa megi koma að mestu eða öllu leyti í veg fyrir að minkar sleppi úr haldi, og að auðvelt sé að ná þeim fáu kvikindum, sem sleppa kunni. Reynsla nágranna okkar á Norðurlöndum (og raunar annarra þjóða, þar sem minkaeldi fer fram) sýnir hins vegar, að aliminkar sleppa jafnt og þétt úr haldi. Í Danmörku eru náttúrlegar aðstæður þannig, að auðvelt er að veiða þau dýr, sem sleppa, svo að villiminkur er þar ekkert vandamál, en í Skandinavíu lifir og breiðist út talsverður stofn villiminka, og er álit margra sérfræðinga, að ókleift sé að halda þessum stofni niðri, meðan minkaeldi fer þar fram. Í þessum löndum voru þó fyrir marðategundir með svipuðum lifnaðarháttum og minkur, en hér var ekkert slíkt dýr villt fyrir, er minkaeldi hófst, þannig að jafnvægi náttúrunnar var — og er enn — mun meiri hætta búin hér af minkaeldi en í flestum öðrum löndum.

Þau rök, sem fram hafa verið færð um ábatasemi minkaræktar hér á landi, virðast mér mjög ófullnægjandi, svo sem fyrr greinir, en það, sem ég hef nú talið, hvetur hins vegar til varfærni. Þeir fulltrúar náttúrufræðinga, sem látið hafa í ljós álit sitt um þetta mál, t. d. Náttúruverndarráð og stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags, hafa varað við innflutningi aliminka á sömu forsendum og ég hef hér rakið.

Reykjavík, 11. marz 1969.

Örnólfur Thorlacius.

Til landbúnaðarráðherra.

Fylgiskjal III.

HIÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRÆÐIFÉLAG

Náttúruverndarnefnd Hins íslenzka náttúrufræðifélags skorar á Alþingi að leyfa ekki minkaeldi í landinu að nýju. Máli okkar til stuðnings viljum við leyfa okkur að benda á eftirfarandi atriði:

1. Náttúrufræðingar, sem fjallað hafa um þetta mál, eru sammála um, að ekki beri að leyfa minkarækt á Íslandi að nýju. Ef farið hefði verið að þeirra ráðum í upphafi, væri enginn minkur á Íslandi nú.

2. Reynslan hefur sýnt, að enginn getur ábyrgzt, að minkar sleppi ekki úr haldi. Minkabúr geta t. d. skemmzt af völdum náttúruhamfara eða dýrin komizt út á annan hátt. Þetta hefur ekki aðeins gerzt hér á landi, heldur einnig í öðrum löndum, svo sem Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Afleiðingin verður sú, að öðru hvoru koma hópar aliminka út í náttúruna, en það eru einmitt slíkir minkar, sem mestu tjóni valda. Þeir fara um myrðandi án tillits til þarfa. Einnig verður að gera ráð fyrir, að þessum minkum fjölgi miklu örar en þeim villtu minkum, sem fyrir eru. Það tekur minka, sem sleppa úr búrum, langan tíma að aðlaga sig umhverfi sínu og taka upp lífshætti villtra dýra. Þetta hefur því í för með sér, á meðan minkaeldi er stundað, að sífelld röskun verður á jafnvægi í náttúrunni, en slíkt getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Sá minkastofn, sem fyrir er í landinu, hefur að baki sér aðlögunarskeið og hefur tekið upp lifnaðarhætti villtra dýra. Ætti því tjón það, sem hann veldur, að fara minnkandi, enda er hann sennilega að komast í jafnvægi í náttúrunni eftir uppnám það, sem hann olli með fyrstu tilkomu sinni. Minkastofn þessi hefur þó ekki verið rannsakaður enn, hvorki stofnstærð hans né lifnaðarhættir. Að svo stöddu er því erfitt að meta, hvaða tjóni núverandi villiminkastofn kann að valda í framtíðinni, ef ekki tekst að útrýma honum.

3. Nefndin dregur í efa, að skilyrði til minkaræktar hér á landi séu eins góð og forsvarsmenn minkaræktar vilja vera láta. Í þessu sambandi viljum við benda á þá

staðreynd, að minkarækt hafði að mestu lagzt niður af sjálfsdáðum, er hún var bönnuð árið 1951.

4. Ísland hefur algera sérstöðu að því er varðar fábreytni í gróðri og dýralífi og verður því að gæta alveg sérstakrar varúðar við innflutning dýra. Við viljum minna á það tjón, sem hlotizt hefur af innflutningi dýra að vanhugsuðu og órannsökuðu máli. Erlendis er bæði hundapest og hundaæði í minkastofnum, en hundaæði er mjög alvarlegur og mannskæður sjúkdómur, eins og kunnugt er.

5. Nefndin telur hættu á, að draga mundi úr áhuga á því að halda villiminknum í skefjum, ef minkarækt yrði leyfð, þar sem alltaf mætti gera ráð fyrir, að dýr slyppu úr haldi að nýju. Einnig hafa erlendir aðilar látið í ljós áhuga á því að gera tilraun til þess að eyða villimink hér á landi með sýkingu, en slíkar tilraunir er auðvitað aðeins hægt að framkvæma í landi, þar sem minkabú eru ekki fyrir hendi.

6. Um leið og við ítrekum andstöðu okkar og mótmæli gegn innflutningi minka og minkarækt, viljum við skora á Alþingi að beita öllum tiltækum ráðum til eyðingar og útrýmingar villiminknum í landinu.

Frá Náttúruverndarnefnd

Hins íslenzka náttúrufræðifélags.

Ed. 700. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsögn lagadeildar Háskóla Íslands. Í umsögn lagadeildar koma fram ýmsar ábendingar, sem nánar mun verða gerð grein fyrir í framsögu.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að enda þótt framkvæmd friðunarákvæða frv. geti skapað vanda, aðallega í sambandi við bætur til eigenda friðaðra mannvirkja, sé þó æskilegt, að það nái fram að ganga á þessu þingi, og leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

44. gr. orðist svo:

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. IV. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

Alþingi, 9. maí 1969.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Ólafur Jóhannesson.	Gils Guðmundsson.	Steinþór Gestsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 701. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. með einni breytingu, er nefndin flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. maí 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson.
Einar Ágústsson.	Sveinn Guðmundsson.	Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 702. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 37. gr. Aftan við greinina bætist:
Heimilt er þó ráðherra að greiða af uppboðsandvirði vöruleigu fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu hennar til landsins.

Nd. 703. Lög [169. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 583.

Ed. 704. Lög [117. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 557.

Ed. 705. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 3. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

3. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 9. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

4. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 11. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

5. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. 1.—4. mgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.

b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.

b. 6. mgr. falli niður.

6. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

7. gr.

14. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

8. gr.

Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ í 2. mgr. 15. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

9. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda

sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

10. gr.

17. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og í stað orðanna „Áfengisverzlunar ríkisins“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

11. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

12. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

13. gr.

2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistarsjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.

15. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.

Nú ákveður sveitarstjórn utan Reykjavíkur að stofna félagsmálaráð, og getur þá dómsmálaráðherra með sama hætti falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

16. gr.

33. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.

b. 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.

c. Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000” komi: 1000—30000.

17. gr.

Sektarákvæði í 34. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

18. gr.

Sektarákvæði í 36. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

19. gr.

Sektarákvæði í 37. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

20. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vínteg-undir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.

21. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

22. gr.

40. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926“ í 1. mgr. komi: veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963).

b. Sektarákvæði í niðurlagi greinarinnar breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—10000.

23. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—20000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

24. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—20000, og í stað „400—16000“ komi: 1000—40000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsgr. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

25. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—10000 króna sekt og neytanda 500—5000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—20000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsgr. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

26. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

27. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 1000—5000 og í stað „800—4000“ komi: 2000—10000.

28. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16000“ komi: 500—40000.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1969.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 706. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist þannig:

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi viðbót, svo hljóðandi:

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
c. Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.
e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

3. gr.

Síðasti málsl. 2. mgr. 28. gr. orðist þannig:

Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

4. gr.

85. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 7 10. apríl 1968, orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 5.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 12 14. maí 1964 og laga nr. 7 10. apríl 1968, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, inn í vegalög, nr. 71 30. desember 1963, og gefa lögin út svo breytt.

Ed. 707. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um Stjórnarráð Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frv. og styðja breytingartillögur, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 9. maí 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Sveinn Guðmundsson, fundaskr.
Björn Fr. Björnsson.
Pétur Benediktsson, með fyrirvara.
Auður Auðuns.
Karl Guðjónsson.
Einar Ágústsson.

Ed. 708. Lög [233. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 663 (sbr. 650).

Nd. 709. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir komið frá efri deild.

Alþingi, 9. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Stefán Valgeirsson.

Nd. 710. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frumv. verði samþykkt með breytingu við 6. gr. Meiri hl. ber fram svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

6. gr. orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjóninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

Minni hl. n. áskilur sér rétt til að flytja aðra brtt. við greinina, þeir Vilhjálmur Hjálmarsson og Stefán Valgeirsson. Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson voru ekki á fundi, þegar n. gekk frá álitinu.

Alþingi, 9. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.
Jónas Pétursson. Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara.

Ed. 711. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér umsögn Skólaeftirlitsins, sem er jákvæð. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Á eftir 1. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skal, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska, skipta eftir ákvæðum laga nr. 41 17. maí 1955, og gilda ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968—1969.

Alþingi, 9. maí 1969.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson, frsm.
Jón Þorsteinsson.	Páll Þorsteinsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 712. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Björn Fr. Björnsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 10. maí 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Ólafur Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Hjalti Haraldsson.

Ed. 713. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Björn Fr. Björnsson var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 10. maí 1969.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Ólafur Björnsson.	Ásgeir Bjarnason.	Hjalti Haraldsson.

Nd. 714. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað þetta mál og fengið um það margvíslegar upplýsingar hjá fulltrúum Kísiliðjunnar, bæði á sérstökum fundi og eins á sameiginlegum fundi með iðnaðarnefnd efri deildar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hl. fagnar því, að tekizt hefur að vinna bug á tæknilegum erfiðleikum verksmiðjunnar, svo og því, að komið hefur í ljós, að framleiðsla verksmiðjunnar er gæðavara, sem hefur meiri markaðsmöguleika en rétt þótti að reikna með. Á því byggjast þeir möguleikar, sem nú eru fyrir hendi um stækkun verksmiðjunnar.

Allar líkur benda nú til þess, að fyrirtækið framleiði eftir stækkunina arðbæra útflutningsframleiðslu, er nemi 240 millj. kr., og verði efnahagslífi þjóðarinnar veruleg lyftistöng, auk þess sem byggingarframkvæmdir skapa nú töluverða atvinnu.

Meiri hl. n. leggur eindregið til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun skila séráliti. Tveir nefndarmanna, þeir Jónas Jónsson og Pétur Sigurðsson, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1969.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 715. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til laga um fyrirtækjaskrá.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 12. maí 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Lúðvík Jósefsson.	Skúli Guðmundsson.

Nd. 716. Frumvarp til laga [253. mál]

um fólkvang á Álftanesi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Haga skal skipulagningu byggðar í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, þannig, að þar verði svæði fyrir fólkvang til útivistar fyrir almenning, eins og um ræðir í 8. gr. laga um náttúruvernd, nr. 48

7. apríl 1956, er skal vera í umsjón náttúruverndarráðs. Þess skal gætt, að innan svæðanna verði, svo sem föng eru á, land eða landsspildur, sem vegna náttúrufegurðar og jurta- eða dýralífs eru vel til friðunar og verndar fallin, einkum með tilliti til framangreindra almenningsafnota.

Að lokinni skipulagningu samkvæmt 1. málsgr. ákveður ráðherra, sem fer með náttúruverndarmál, nánari aðgerðir, að fengnum tillögum náttúruverndarráðs og eftir því sem fé verður veitt til á fjárlögum.

2. gr.

Óheimilt er að reisa eða gera í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, opinber mannvirki, sem truflað geti eða hindrað skipulagningu samkvæmt 1. gr. eða spillt á nokkurn hátt fyrir afnotum og tilgangi fólkvangs þess, sem þar er fyrirhugaður.

3. gr.

Beita má vegna framkvæmda samkvæmt 1. gr. eignar- og leigunámsheimild 8. gr. laga nr. 48 frá 1956. Kostnað, sem af því leiðir eða annarri framkvæmd samkvæmt lögum þessum, skal greiða úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú á tímum þykir óhjákvæmilegt í sambandi við myndun bæja og borga eða annars þéttbýlis, að friðuð séu og skipulögð landssvæði, þar sem almenningur getur notið útiveru í frístundum sínum. Við val slíkra landssvæða er margs að gæta, meðal annars að þau liggi vel við samgöngum, svo að auðvelt sé og ódýrt fyrir íbúa þéttbýlisins að komast þangað. Í öðru lagi er það mikilsvert, að þau hafi til að bera kosti frá náttúrunnar hendi, sem geri mönnum dvöl þar ánægjulega, svo sem fagurt útsýni og umhverfi, fagrar og sérstæðar náttúrumyndanir og fjölbreytilegt jurta- og dýralíf. Um staðarval kemur einnig til greina, hvort fyrir hendi sé nægilega stórt óbyggt svæði, sem taka megi til framangreindra nota.

Það liggur í augum uppi, að í nágrenni hins mesta þéttbýliskjarna hér á landi, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og aðliggjandi sveitarfélaga, er enginn staður, sem sameinar alla framangreinda kosti í eins ríkum mæli og Álftanesið. Sá möguleiki er nú fyrir hendi að gera þar fagran og friðsælan almenningsgarð, sem veitt geti þeim, er hann sækja, ótaldar ánægjustundir, ekki einungis íbúum þéttbýlisins, heldur einnig öðrum landsmönnum, sem hingað leggja leið sína. Vegna staðhátta og annarra kosta mundi gildi hans fara sívaxandi, eftir því sem byggðin ykist. Það væri mikil skammsýni, sem aldrei yrði afsökuð, ef þetta tækifæri væri nú látið ónotað, en sökum sífelldrar útfærslu byggðarinnar fylgir hér allri bið mikil áhætta.

Ákvæði 2. gr. eru sett til að koma í veg fyrir, að framgangi málsins verði spillt með opinberri mannvirkjagerð í Bessastaðahreppi, svo og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, sem þannig væri háttað, að hún gæti ekki samrýmzt þeim fyrirætlunum og aðgerðum, sem stefnt er að með frv.

Í 8. gr. náttúruverndarlaganna er heimild til að friða landssvæði og gera þau að fólkvöngum, er gegni sams konar hlutverki og um er fjallað í frv. þessu. Ákvæði 8. gr. eiga þó ekki að öllu leyti við hér, því að þar er gert ráð fyrir, að náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir eða sýslunefndir taki ákvarðanir, sem hér að lúta, og skal sýslusjóður bera fjórða hluta kostnaðar, sbr. 28. gr. laganna. Fólkvangi þeim, sem fyrirhugaður er í frv., er hins vegar ætlað svo víðtækt hlutverk, að rétt þykir að víkja frá ákvæðum 8. gr. og láta hann falla beint undir umsjón náttúruverndarráðs, enda beri ríkissjóður allan kostnað af honum, sbr. 3. gr. og 2. málsgr. 1. gr. frv.

Nd. 717. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um æskulýðsmál.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Á síðastl. Alþingi flutti ríkisstjórnin frv. um æskulýðsmál. Það frv. var samið af milliþinganefnd, er ríkisstjórnin skipaði 1963. Menntmn. ræddi frv. á nokkrum fundum sínum þá og varð sammála um það, að í frv. fælust mikilsverð ákvæði um skipulegan stuðning hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, er skapa mundi æskufólki þroskandi viðfangsefni. En á síðustu stundu stöðvaði ríkisstjórnin málið, og varð frv. því ekki útrætt.

Nú hefur 4. landsk. þm., Jónas Árnason, flutt þetta frv. óbreytt. Menntmn. aflaði sér upplýsinga hjá ríkisstjórninni um það, hvort hún féllist á, að frv. fengi nú fram að ganga. Nefndin fékk þau svör, að það gæti ríkisstjórnin ekki fallizt á.

Minni hl. menntmn. lítur svo á, að hér sé um mikilsvert menningarmál að ræða. En þótt engar líkur séu til þess, að frv. fáist samþykkt á þessu þingi, vill minni hl. n. lýsa yfir því, að hann leggur til, að frv. verði samþykkt, óbreytt í aðalatriðum, og telur illa farið, að slíkt mál skuli stöðvað þing eftir þing.

Alþingi, 12. maí 1969.

Sigurvin Einarsson, frsm. Hannibal Valdimarsson. Magnús Kjartansson.

Ed. 718. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá Pétri Benediktssyni.

1. Við 4. gr.
   a. Fyrir „Dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ komi: Dómsmálaráðuneyti.
   b. Fyrir „Menntaráðuneyti“ komi: Mennta- og kirkjumálaráðuneyti.
   c. Orðin „Hagstofa Íslands“ falli niður.
   d. Við greinina bætist ný málsgrein:
      Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisendurskoðunin skal vera sjálfstæð stjórnardeild innan forsætisráðuneytisins, og setur forsætisráðherra henni starfsreglur í samráði við hina þingkjörnu endurskoðunarmenn ríkisreikninga.
   Fjárlaga- og hagsýslustofnunin skal starfa sem sjálfstæð stjórnardeild innan fjármálaráðuneytisins.
   Ákvæði laga þessara um ráðuneyti gilda jöfnum höndum um ofangreindar tvær stofnanir, eftir því sem við á.
   Að öðru leyti kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneyta í deildir.
3. 8. gr. falli niður (sbr. 1. brtt. d-lið), og breytist greinatala frv. og tilvísanir til greina skv. því.
4. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið hljóði svo:
   Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þeir embættismenn, sem eigi hafa hlotið veitingu forseta fyrir embætti sínu, en eiga kröfu á henni skv. 14. gr., hljóta slíka veitingu svo fljótt sem atvik leyfa.

Nd. 719. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Rekstur kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn hefur því miður gengið mun verr en vonir stóðu til. Kostnaður við fyrsta áfanga hefur farið um 100% fram úr áætlun af völdum gengislækkana, breytinga á upphaflegum áætlunum og rekstrarhalla. Vélbúnaður verksmiðjunnar hefur reynzt mun verr en til var ætlazt, og er enn óvíst, hvernig úr því verði bætt. Miklu máli skiptir, að menn geri sér sem gleggsta grein fyrir mistökum þeim, sem valdið hafa þessum stórfelldu erfiðleikum, svo að slíkir atburðir endurtaki sig ekki.

Hönnun verksmiðjunnar var falin kanadísku fyrirtæki, Kaiser. Þær framkvæmdir hafa ekki orðið í samræmi við áætlanir. Tæki verksmiðjunnar hafa reynzt mun afkastaminni en til var ætlazt; þannig varð framleiðslan á síðasta ári aðeins 2500 tonn, en átti að verða 6000 tonn, og einnig í ár er búizt við, að framleiðslan verði um 1000 tonnum undir upphaflegum áætlunum. Orðið hefur að kaupa dýran viðbótarútbúnað til þess að reyna að ráða bót á göllum. Kostnaður af þessum mistökum nemur tugum milljóna króna. Engin skýr svör hafa fengizt um það, hverjir beri ábyrgðina á þessum alvarlegu veilum. Leggur minni hluti iðnaðarnefndar þunga áherzlu á nauðsyn þess, að það mál allt verði rannsakað til fullkominnar hlítar og gengið úr skugga um það, hvort Kísiliðjan h.f. eigi rétt á skaðabótum frá Kaiser.

Erlendir verktakar önnuðust mestmegnis framkvæmdir við fyrsta áfanga verksmiðjunnar og fengu m. a. ýmis verkefni, sem íslenzkir verktakar töldu sig geta leyst af hendi. Var þessi ráðabreytni rökstudd með því, að hinir erlendu aðilar mundu skila fullkomnara verki. Reynslan hefur ekki staðfest þá kenningu; m. a. hefur einn kunnasti forustumaður í járniðnaði á Íslandi, Sveinn Guðmundsson forstjóri Héðins, lýst yfir því, að hann telji þurrkara þá, sem framleiddir voru vestanhafs handa fyrirtækinu, úrelta að gerð. Einsætt virðist, að í sambandi við stækkun verksmiðjunnar verði tekin upp sú stefna að bjóða út verkefni og taka íslenzkum tilboðum, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum; flytjum við á sérstöku þingskjali tillögu um, að ákvæði þess efnis verði tekið upp í frumvarpið. Er þar raunar um að ræða reglu, sem ætti að vera algild í öllum framkvæmdum hérlendis.

Tillagan um stækkun er studd þeim rökum, að varanlegur hallarekstur sé óhjákvæmilegur, ef framleiðslugeta verksmiðjunnar helzt óbreytt, en hún eigi að geta skilað viðunanlegum arði, ef afköstin tvöfaldast. Vonandi duga hinar nýju áætlanir betur en þær, sem upphaflega voru gerðar, og munum við ekki leggjast gegn því, að á það reyni.

Alþingi, 10. maí 1969.

Magnús Kjartansson, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 720. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til laga um breyting á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Við fyrstu málsgrein 1. greinar bætist:

Framkvæmdir við stækkunina skulu boðnar út og íslenzkum tilboðum tekið, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum.

Ed. 721. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Karl Guðjónsson.	Jón Árnason.	Páll Þorsteinsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 722. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með því að ríkisreikningurinn er lögum samkvæmt lagður fyrir Alþingi til samþykktar, viljum við undirritaðir ekki koma í veg fyrir, að þeirri lagaskyldu verði fullnægt, og leggjum því til, að frv. verði samþykkt.

Við teljum þó rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við reikning ársins 1967.

Í fyrsta lagi er það að athuga, að samkvæmt yfirliti á bls. 299 í ríkisreikningnum hefur ríkisendurskoðun ekki enn unnizt tími til að endurskoða reikninga 24 ríkisstofnana, embætta o. fl., og jafnvel eru þar í nokkrum tilfellum óendurskoðaðir reikningar frá eldri árum.

Enda þótt við vitum, að sams konar afgreiðsla hafi verið viðhöfð lengi að undanförnu, teljum við, að hér ætti að breyta til og endurskoða reikningana jafnóðum og áður en ríkisreikningurinn er lagður fyrir Alþingi.

Í öðru lagi bendum við á það, að samkvæmt gildandi lögum um ríkisbókhald er innheimtumönnum ríkissjóðs framvegis óheimilt að hafa reikninga opna fram yfir áramótin, en sú er samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra skýring þess, að um áramótin 1967—1968 voru yfir 200 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs á árinu 1967 enn í höndum innheimtumanna. Verður því fastlega að vænta þess, að ekki verði framhald á svo slælegum skilum innheimtumanna.

Í þriðja lagi vekjum við athygli á hinum 20 athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, þar á meðal að tveim athugasemdum er nú vísað til aðgerða Alþingis, en slík málsmeðferð er ekki algeng. Er hér um að ræða bókhaldsfyrirkomulag hjá Ríkisútvarpi, sem þeir telja að skýri rangt frá eignum þess og brjóti í bága við almennar reglur og höfuðstefnu ríkisreikningsins sjálfs, og greiðslur til stjórnarnefndarmanna Skipaútgerðar ríkisins, sem þeir telja þannig vaxnar, að enga hliðstæðu eigi sér um launagreiðslu fyrir slík störf hjá ríkinu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar neðri deildar hefur afgreitt fyrir sitt leyti þessar athugasemdir þannig, að athugasemdin um reikningsgerð Ríkisútvarpsins er undirstrikuð og áherzla lögð á, að Ríkisendurskoðunin sjái svo um, að eftir þeim verði farið, en telur athugasemdir við reikning Skipaútgerðar ekki gefa tilefni til sérstakrar umsagnar, þar sem skipan mála hafi þegar verið breytt.

Undirritaðir fallast á þessa málsmeðferð með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram hafa komið við meðferð málsins á Alþingi.

Í fjórða lagi viljum við taka undir þær ábendingar, sem fram hafa komið í umræðum að undanförnu, að æskilegt væri, að ýmsir liðir ríkisreikningsins væru meira sundurliðaðir en nú er, til glöggvunar fyrir alla þá, er reikninginn skoða.

Alþingi, 12. maí 1969.

Einar Ágústsson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson.

Nd. 723. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til laga um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum. Fimm þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Einn skal kosinn af búnaðarþingi og einn er kosinn af aðalfundi Stéttarsambands bænda, báðir til fjögurra ára í senn.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

Nd. 724. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls.

Undirritaðir nm. leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir eftir tímafreka og ýtarlega athugun háttv. Ed.

Einn nefndarmaður, LJós, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. maí 1969.

Birgir Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson. Eyjólfur K. Jónsson.

Guðlaugur Gíslason.

Ed. 725. Breytingartillaga [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

Við 29. gr. Í stað „1. maí“ komi: 1. júní.

Nd. **726. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 3. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

3. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 9. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

4. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 11. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

5. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. 1.—4. mgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.

b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.

b. 6. mgr. falli niður.

6. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

7. gr.

14. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

8. gr.

Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ í 2. mgr. 15. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

9. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

10. gr.

17. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og í stað orðanna „Áfengisverzlunar ríkisins“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

11. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

12. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

13. gr.

2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistarsjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.

15. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.

Nú ákveður sveitarstjórn utan Reykjavíkur að stofna félagsmálaráð, og getur þá dómsmálaráðherra með sama hætti falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

16. gr.

33. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.

b. 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.

c. Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000” komi: 1000—30000.

17. gr.

Sektarákvæði í 34. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

18. gr.

Sektarákvæði í 36. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

19. gr.

Sektarákvæði í 37. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

20. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vínteg-undir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.

21. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

22. gr.

40. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926“ í 1. mgr. komi: veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963).

b. Sektarákvæði í niðurlagi greinarinnar breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—10000.

23. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—20000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

24. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—20000, og í stað „400—16000“ komi: 1000—40000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsgr. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

25. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—10000 króna sekt og neytanda 500—5000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—20000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsgr. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

26. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

27. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 1000—5000 og í stað „800—4000“ komi: 2000—10000.

28. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16000“ komi: 500—40000.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1969.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 727. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 345 með þessari breytingu:

44. gr. hljóðar svo:

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. IV. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

Ed. 728. Frumvarp til laga [104. mál]

um tollheimtu og tolleftirlit.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

7. gr. hljóðar svo:

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík.
2. Akranes.
3. Ísafjörður.
4. Siglufjörður.
5. Akureyri.
6. Húsavík.
7. Seyðisfjörður.
8. Neskaupstaður.
9. Eskifjörður.
10. Vestmannaeyjar.
11. Keflavík.
12. Keflavíkurflugvöllur.
13. Hafnarfjörður.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes.
2. Ólafsvík.
3. Stykkishólmur.
4. Patreksfjörður.
5. Þingeyri.
6. Flateyri.
7. Suðureyri.
8. Bolungarvík.
9. Hólmavík.
10. Hvammstangi.
11. Blönduós.
12. Sauðárkrókur.
13. Ólafsfjörður.
14. Raufarhöfn.
15. Vopnafjörður.
16. Reyðarfjörður.
17. Fáskrúðsfjörður.
18. Djúpivogur.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Þorlákshöfn.

Þegar sérstaklega stendur á, geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni, að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni, og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tollgæzlustjóra og viðkomandi tollstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra, falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

10. gr. hljóðar svo:

Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

15. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar, meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing mundu ekki koma að haldi.

Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er tollgæzlumönnum að nota önnur innsigli við innsiglun í fari, nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenzkra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

17. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur, þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlur sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

18. gr. hljóðar svo:

Tollyfirvald getur krafið hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafið kaupsýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

19. gr. hljóðar svo:

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. málsgr. 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

Íslenzk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki, fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld, hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land, þar til afgreiðslu er lokið.

32. gr. hljóðar svo:

Skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda, ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæzlunni um það með hæfilegum fyrirvara.

Tollgæzlan gefur fari tollvegabréf til útlanda í fyrirskipuðu formi, þegar stjórnandi farsins hefur fullnægt öllum skyldum, sem honum ber að rækja, áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti, og ber að senda tollgæzlustjóra annað eintakið, svo fljótt sem unnt er, ásamt innsiglisskrá farsins og innanlands tollvegabréfi þess.

34. gr. hljóðar svo:

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum skv. ákvæðum þessa kafla, ber þeim að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.

37. gr. hljóðar svo:

Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæzlustjóra. Skulu það vera hús eða afgirt svæði, eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar og skal þannig frá þeim gengið, að því verði auðveldlega við komið.

Þeim, sem geyma ótollafgreiddar vörur, er skylt að láta tollgæzlunni ókeypis í té hæfilegt aðgreint rúm í vörugeymslum sínum til rannsóknar á vörum.

Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests, sem tollyfirvald tiltekur, getur tollyfirvald látið bæta úr ágöllum á kostnað hans, eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

Nú er ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði, sem er það langt frá farinu, að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæzlunnar, og ber stjórnanda fars þá að greiða þann aukakostnað, sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum, sem tollgæzlan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um vörugeymslur og vörzlu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrirmælum um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit í vörugeymslum sínum eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um geymslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki, að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði og að tollur og önnur opinber gjöld séu greidd af uppboðsandvirðinu á undan geymslugjaldinu.

Heimilt er þó ráðherra að greiða af uppboðsandvirði vöruleigu fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu hennar til landsins.

52. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47 frá 1960, og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, 1½% fyrir hvern mánuð frá gjalddaga, sbr. 50. gr., dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja.

Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

53. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann

eigi vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

56. gr. hljóðar svo:

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðrýrnun, sem orðið hefur á vörunni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda, og hann getur ekki talizt eiga sök á skemmdum.

57. gr. hljóðar svo:

Heimilt er, samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð:

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu.
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundizt að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður samkvæmt 1. mgr. 52. gr., frá því hún var flutt hingað til lands, enda sé þá sett full fjártrygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda.
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan sex mánaða frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna, enda nemi aðflutningsgjöld ekki lægri upphæð en 5000 krónum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

76. gr. hljóðar svo:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 10 000.00, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 50 000.00.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna, áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu skv. gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið, enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.

Nd. 729. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. á tveimur fundum. Skólastjóri Kvennaskólans sat síðari fundinn og lét n. í té ýmsar upplýsingar um fyrirhugaða stúdentadeild, húsnæðismál skólans o. m. fl.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmanna meiri hlutans (BK) tekur fram, að hér sé aðeins um heimild að ræða til handa ríkisstjórninni, er því aðeins beri að nota, að fé sé veitt til skólans á fjárlögum.

Minni hl. (MK) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 12. maí 1969.

Sigurvin Einarsson, frsm. Birgir Kjaran. Óskar E. Levy.

Bjartmar Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 730. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til laga um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta var flutt samkvæmt ósk menntamálaráðherra. Því fylgdi engin greinargerð frá ráðherra um þau rök, sem mæltu með því, að Kvennaskólinn í Reykjavík fengi réttindi til að brautskrá stúdenta, né heldur áætlun um það, hvernig hinni áformuðu menntadeild yrði háttað í verki. Menntamálanefnd fékk mjög nauman tíma til að fjalla um málið, og ekki komu þar heldur fram neinar röksemdir um gagnsemi þessarar ráðabreytni. Þetta mál ber því einkennilega að, einnig að því leyti, að það samrýmist mjög illa þeirri nýju skipan menntaskólanna, sem nú er fyrirhuguð, enda hafa skólastjórar allra menntaskóla á Íslandi og enn fremur rektor Háskólans og skólastjóri Kennaraskólans lagzt gegn því, að Kvennaskólinn fái þessa heimild. Er álit þeirra birt hér sem fylgiskjal.

Ég er sammála viðhorfum þessara skólamanna og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. maí 1969.

Magnús Kjartansson.

Fylgiskjal.

Tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta.

— Umsögn meiri hluta menntaskólanefndar. —

Í upphafi voru sumir nefndarmenn á þeirri skoðun, að æskilegt væri að verða við málaleitun Kvennaskólans, vegna langrar og góðrar sögu hans og þess álits, er hann nýtur. Hins vegar komu í ljós við umræður nefndarmanna ýmis veigamikil rök, er mæla á móti því að svo sé gert. Skulu hér talin hin helztu:

1. Með því móti yrði horfið frá þeirri meginreglu um aðskilnað menntaskóla og gagnfræðaskóla, sem mótuð var í fræðslulögunum 1946, reglu, sem menntaskólarnir börðust gegn á sínum tíma. Virðist því hæpið, að unnt sé að leyfa einum skóla að brjóta þessa reglu, nema því aðeins að hún sé endurskoðuð í heild og aðrir skólar látnir njóta sömu réttinda.

2. Samkvæmt fræðslulögunum og reglugerð menntaskólanna eiga þeir að vera **samskólar.** Þróunin erlendis stefnir til samskóla. Hérlendis hefur heldur ekkert komið fram, er gefi tilefni til þess að hverfa frá þeirri meginreglu, að menntaskólar séu samskólar.

3. Í áætlun skólanefndar Kvennaskólans er gert ráð fyrir að í menntadeildinni verði hver árgangur einn bekkur óskiptur, en skólinn að öðru leyti óbreyttur. Undanfarin ár hefur aðeins ein bekkjardeild Kvennaskólans lokið landsprófi á ári. Reynslan hefur leitt í ljós, að þessar stúlkur skiptast milli deilda þannig, að ½—⅔ fara í máladeild, hinar í stærðfræðideild. (Af alls 67 stúlkum, er stóðust landspróf í Kvennaskólanum árin 1964, 1965 og 1966, eru nú 52 við nám í menntaskólum í Reykjavík, þar af eru 29 í máladeild, en 23 í stærðfræðideild). Með aukinni deildaskiptingu menntaskólanna mundi þessi dreifing verða enn meiri. Eru því miklar líkur á, að réttindaveiting Kvennaskólanum til handa mundi eigi ná þeim megintilgangi, er fyrir skólanefndinni vakir: að halda nemendum í sama skóla til stúdentsprófs.

4. Nú mætti hugsa sér, að skólinn fengi aðra nemendur (stúlkur) í stað þeirra, er hverfa mundu á brott vegna deildavals (sbr. 3.). Sú tilhögun mundi skapa ný vandamál: nemendum er skipt í þá tvo menntaskóla, sem fyrir eru í Reykjavík, eftir búsetu, og hvort sem aðsókn nemenda, er ljúka landsprófi við aðra gagnfræðaskóla, að stúdentadeild Kvennaskólans yrði of mikil eða of lítil til að fylla eina bekkjardeild, yrði forráðamönnum skólanna nokkur vandi á höndum, því að mjög er vafasamt, að Kvennaskólanum bættist **réttur** fjöldi með algerlega frjálsu vali nemendanna sjálfra.

5. Á sama hátt og sú skólastærð, sem hér um ræðir, er óheppileg gagnvart nemendunum: hún býður upp á of fáar námsleiðir, þá er hún einnig óheppilega lítil miðað við góða nýtingu kennara. Hætt er við, að meiri hluti kennslunnar yrði í höndum stundakennara, vegna þess að eigi eru næg verkefni fyrir fastakennara í hverri grein.

6. Kvennaskólinn hefur um langt árabil valið nemendur inn í skólann. Væru honum fengin réttindi til þess að brautskrá stúdenta, er ekki ósennilegt að þeir menntaskólar, sem fyrir eru, mundu fara fram á slík réttindi sér til handa, eða að þeim þætti ekki allir menntaskólarnir sitja við sama borð að þessu leyti.

Með tilliti til merkrar sögu Kvennaskólans er eðlilegt, að hann leiti að hlutverki, er sé stærra og í betra samræmi við kröfur tímans um menntun kvenna en það hlutverk, sem hann nú gegnir sem almennur gagnfræðaskóli. Hins vegar virðist nefndinni, að í þeirri leit hafi forráðamenn skólans bundið sig um of við núverandi tilhögun þeirra menntaskóla, sem fyrir eru í landinu. Það skal skýrt fram tekið, að allir nefndarmenn eru sammála um að styrkja beri Kvennaskólann til þess að gegna því hlutverki sem bezt að efla menntun kvenna til munns og handa og vinna á ný brautryðjandastarf í þeim efnum. Í landinu er vaxandi þörf á vel menntuðum konum til margvíslegra starfa, sem háskólamenntun er ekki bezti undirbúningur undir, þótt þau krefjist mikillar almennrar menntunar og verulegrar sérmenntunar. Hér verða þó eigi settar fram neinar ábendingar um slíkt, þar sem það væri eigi í verkahring nefndarinnar.

13. febrúar 1968.

Jóhann S. Hannesson. Ármann Snævarr. Steindór Steindórsson.
Einar Magnússon. Guðm. Arnlaugsson. Broddi Jóhannesson.

Nd. 731. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [63. mál]

í málinu: Frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Þar sem ljóst er, að nauðsynlegur undirbúningur að setningu laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins hefur ekki átt sér stað og ýmis stærstu félagssamtök fiskiðnaðarins telja rétt að undirbúa málið betur, — og í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að málið verði undirbúið að nýju í samráði við samtök fiskiðnaðarmanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 732. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til laga um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur undirritaður meiri hluti til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Guðlaugur Gíslason.

Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara. Óskar E. Levy.

Nd. 733. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til laga um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

Frá Skúla Guðmundssyni, Óskari E. Levy og Jónasi Jónssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, þannig:

Af því fé, sem aflað verður til Norðurlandsáætlunar samkv. 1. gr., skal greiða kostnað rafmagnsveitna ríkisins við að leggja raflínur til þeirra sveitaheimila á Norðurlandi, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum og eru á svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða styttri. Framkvæmdir við raflínulagnir þessar skulu hafnar á árinu 1969 og þeim verða lokið svo fljótt sem unnt er.

Nd. 734. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til laga um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jónasi Jónssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, þannig:

Af því fé, sem aflað verður til Norðurlandsáætlunar samkv. lögum þessum, skal verja til samgöngubóta sem hér greinir:

Til Norðurlandsvegar í Hrútafirði	6	millj.	kr.
— endurbóta á vegi frá Reykjum á Reykjabraut um Svínadal að Svartárbrú	6	—	—
— að brúa Svartá hjá Daufá í Skagafirði og gera veg að henni, m. a. vegna félagsræktunar bænda í Lýtingsstaðahreppi	4.4	—	—
— Héraðsdalsvegar í Skagafirði	1	—	—
— Vesturdalsvegar í Skagafirði	1.7	—	—
— Norðurlandsvegar: Öxnadalsheiði — Hörgárdalur	5	—	—
— Ólafsfjarðarvegar: Hörgárbrú — Dalvík	5	—	—
— vega milli Akureyrar og Húsavíkur	5	—	—
— Þingeyjarsýslubrautar: Húsavík — Þórshöfn	5	—	—

Nd. 735. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til l. um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr.“ komi: Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. og Austurlandsáætlunar allt að 180 m.kr.
2. Heiti frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar, Norðurlandsáætlunar og Austurlandsáætlunar.

Nd. 736. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

2. málsgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur skv. 19. gr., örorkubætur og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 737. Lög [222. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 496.

Ed. 738. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Við 43. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
Lendi safnið í óhirðu, getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveizlu í þjóðminjasafni.

Nd. 739. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 345 með þessum breytingum:

43. gr. hljóðar svo:
Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveizlu í þjóðminjasafni.

44. gr. hljóðar svo:
Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. IV. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

Sþ.

740. Hafnargerðir.

4 ára áætlun 1969—1972.

Áætlunin er lögð fyrir sameinað Alþingi á 89. löggjafarþingi 1968—69 af ráðherra hafnamála samkvæmt lögum nr. 48/1967.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
I. KAFLI INNGANGUR	1783
A. Umboð	1783
B. Tilgangur	1783
C. Undirbúningsvinna	1784
D. Niðurstöður	1784
II. KAFLI GRUNDVÖLLUR	1784
A. Uppbygging hafna og dreifing byggðar	1784
B. Tegundir hafna og einkenni	1786
C. Fjármögnun	1787
D. Rekstur hafnanna	1788
III. KAFLI ÁÆTLUNARGERÐ	1789
IV. KAFLI FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR	1790
V. KAFLI YFIRLIT, KOSTNAÐARÁÆTLANIR OG TEIKNINGAR	1791
A. Kostnaðaryfirlit	1791
B. Hafnakort Íslands	1793
C. Einstakar hafnir	1794

Höfn	Teikn. nr.	Höfn	Teikn. nr.
Akranes	H 1	Flatey	H 39
Rif	H 2	Húsavík	H 40
Ólafsvík	H 3	Kópasker	H 41
Grundarfjörður	H 4	Raufarhöfn	H 42
Stykkishólmur	H 5	Þórshöfn	H 43
Búðardalur	H 6	Bakkafjörður	H 44
Patreksfjörður	H 9	Vopnafjörður	H 45
Tálknafjörður	H 10	Borgarfjörður	H 46
Bíldudalur	H 11	Seyðisfjörður	H 47
Þingeyri	H 12	Norðfjörður	H 49
Flateyri	H 13	Eskifjörður	H 50
Súgandafjörður	H 14	Reyðarfjörður	H 51
Bolungarvík	H 15	Fáskrúðsfjörður	H 52
Hnífsdalur	H 16	Stöðvarfjörður	H 53
Ísafjörður	H 17	Breiðdalsvík	H 54
Súðavík	H 18	Djúpivogur	H 55
Drangsnes	H 22	Hornafjörður	H 56
Hólmavík	H 23	Vestmannaeyjar	H 57
Hvammstangi	H 24	Stokkseyri	H 58
Blönduós	H 25	Eyrarbakki	H 59
Skagaströnd	H 26	Þorlákshöfn	H 60
Sauðárkrókur	H 27	Grindavík	H 61
Hofsós	H 28	Hafnir	H 62
Siglufjörður	H 29	Sandgerði	H 63
Ólafsfjörður	H 30	Gerðar	H 64
Dalvík	H 31	Keflavík	H 65
Hrísey	H 32	Njarðvík	H 66
Hauganes	H 34	Vogar	H 67
Akureyri	H 35	Hafnarfjörður	H 68
Grenivík	H 37	Kópavogur	H 69
Grímsey	H 38	Straumsvík	H 70

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

AJ/HÓ

Reykjavík, 26. apríl 1969.

Hr. hafnamálaráðherra,
Eggert G. Þorsteinsson,
Stjórnarráð Íslands,
REYKJAVÍK.

Hér með er lögð fyrir yður, hæstvirtur ráðherra, áætlun um hafnargerðir á árunum 1969 - 1972, svo sem hafnalög nr.48/1967 gera ráð fyrir.

Tæknilegum undirbúningi áætlunargerðarinnar var lokið sumarið 1968, en vegna óvissu í efnahagsmálum var fjárhagsgrundvöllur áætlunarinnar ekki lagður fyrr en nú fyrir skemmstu og seinkaði því endanlegri gerð áætlunarinnar, af þeim orsökum.

Með tillögum til fjárveitinga vegna hafnagerða fyrir árið 1968 voru lögð fram frumdrög að áætlun þeirri, er hér birtist og sömuleiðis voru tillögur mínar til fjárveitinga ársins 1969 miðaðar við að unnið yrði, í megindráttum, samkvæmt áætlun þeirri, er hér er lögð fram. Endanlegar fjárveitingar ársins 1969 og þau verkefni, sem þær voru ætlaðar til, birtast sem hluti áætlunarinnar.

Í fylgiskjölum áætlunarinnar er gerð grein fyrir hafnamálunum almennt og ástandi á hverjum stað, ásamt þeim meginsjónarmiðum, er ríkjandi voru við áætlunargerðina.

Endanleg áætlun er síðan sundurliðuð þannig, að fram koma verkþættir og kostnaður við verk, sem áætlað er að framkvæma á hvoru áranna 1969 og '70, en án skiptingar milli ára síðari tvö árin.

Allra virðingarfyllst,

Hákon Guðmundsson

I. KAFLI
INNGANGUR

A. Umboð.

Samkvæmt hafnalögum nr. 48/1967, sem gildi tóku 1. janúar 1968, ber hafnamálastjóra að gera tillögur að áætlun um hafnagerðir til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinni haustið 1968.

Í III. kafla hafnalaganna segir svo í 10. gr., er fjallar um framkvæmdaáætlanir:

„Hafnamálastjóri gerir, í samráði við hafnarstjórnir, tillögur að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Skulu slíkar tillögur miðaðar við skiptingu þess fjár, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði.

Ráðherra leggur áætlunina fyrir sameinað Alþingi til leiðbeiningar varðandi fjárútveganir og framkvæmd þessara mála. Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar. Á tveggja ára fresti skal endurskoða áætlunina og leggja hana þannig fram á Alþingi á sama hátt og hina upphaflegu áætlun."

Áætlunin hefur verið unnin af Hafnamálastofnun ríkisins í samræmi við hafnalög.

Hafa verkfræðingar hennar unnið hinn tæknilega hluta áætlunarinnar undir stjórn Daníels Gestssonar, yfirverkfræðings, sem einnig hefur haft veg og vanda af þeim búningi, er hún birtist í.

Halldór Matthíasson, skrifstofustjóri, og annað starfsfólk Vita- og hafnamálaskrifstofunnar hafa aflað mikilvægra upplýsinga um fjárhag hafnanna og unnið að úrvinnslu gagna.

Hins vegar er ekki hægt að segja, að áætlunin í núverandi mynd sé unnin í beinu samráði við hafnarstjórnir, svo sem nánar greinir síðar.

B. Tilgangur.

Svo sem segir í áðurnefndum lögum, er tilgangur áætlunarinnar að vera til leiðbeiningar um fjárveitingar og aðrar fjárútveganir til hafnagerða á landinu.

Þar sem ljóst er, að fjármagn til fjárveitinga til hafna er mjög takmarkað, er nauðsynlegt, að það nýtist sem bezt á hverjum tíma, á hverjum stað og landinu öllu. Til að auðvelda valdhöfum val verkefna hefur, jafnhliða kostnaðaráætlun og teikningum, verið gerð athugun á helztu þáttum, er ætla má, að áhrif geti haft á það val, og birtast nokkrar niðurstöður þeirra, sem hluti af þessari áætlunargerð.

Meginhluta þess fjár, sem undanfarin ár hefur verið varið til hafnagerða, hefur verið aflað með beinum ríkisframlögum eða fyrir tilstilli ríkisvaldsins. Er því mjög nauðsynlegt, að glögg mynd sé til af vandamálum hafnanna og þeim árangri, sem hægt er að ná með því fé, sem fyrir hendi er hverju sinni, svo að taka megi rökréttar ákvarðanir.

Þá er eigi síður mikilvægt, að hægt sé að gera sér grein fyrir sérhverri framkvæmd, sem hluta úr stærri heild, bæði á viðkomandi stað og, ekki síður, á landinu öllu.

Fyrir hafnarstjórnir og sveitarfélög er og mikils virði að geta gert sér nokkra grein fyrir væntanlegri fyrirgreiðslu ríkisins í sambandi við hafnaframkvæmdir og þá um leið, hver árangur er líklegur og hverjar skuldbindingar þær framkvæmdir munu hafa í för með sér.

C. Undirbúningsvinna.

Til undirbúnings áætlunargerðarinnar voru framkvæmdar ýmsar athuganir og rannsóknir auk gagnasöfnunar.

Þá voru haldnir margir fundir með hafnar- og sveitarstjórnum, auk þess sambands, sem starfsfólk Hafnamálastofnunarinnar hefur stöðugt við forráðamenn hafna.

Frumáætlanir hafa verið gerðar að fjölda mannvirkja, einnig annarra en fram koma í endanlegu áætluninni.

Samráð var haft við samgöngu- og fjármálaráðuneytin við áætlunargerðina.

D. Niðurstöður.

1. Allir kaupstaðir landsins, sem að sjó liggja, hafa nokkra hafnaraðstöðu. Á fæstum þeirra er þörf stórátaka í hafnargerð, svo að viðunandi aðstaða sé fyrir hendi til að anna núverandi þjónustuþörfum.
2. Hafnaraðstaða ýmissa kauptúna og útgerðarstaða er ófullnægjandi með tilliti til fiskveiða, vöru- og farþegaflutninga á sjó.
3. Nokkrar hafnir eru ótryggar og hættulegar fyrir báta og áhafnir, jafnvel á stöðum með þróttmikla útgerð.
4. Ekki hefur verið reynt með ákveðinni stefnu í fjárfestingum í höfnum að stuðla að myndun byggðakjarna, er drægju til sín athafnir og fólk vegna sérstaklega góðrar hafnaraðstöðu, og á þann hátt dregið úr fjárfestingarþörf í nágrannahöfnum.
5. Við gerð áætlunarinnar hefur því orðið að fylgja sömu stefnu og hingað til, það er að leitast við að tryggja, að á öllum hafnarstöðum sé aðstaða til lágmarksþjónustu við útgerð og flutninga á sjó, miðað við áætlaðar þarfir og athafnir. Þetta lágmark er fólgið í kröfunum um, að farmskip verði yfirleitt afgreidd, án tillits til sjávarfalla og í venjulegum veðrum, og fiskiskip og bátar, er veiðar stunda frá höfninni, séu í tryggri geymslu og liggi ekki undir skemmdum nema í sérstökum ofviðrum.
6. Oft hefur nokkuð skort á um endanlegan frágang mannvirkja, eftir að þau hafa komizt í nothæft ástand. Í áætluninni er því gert ráð fyrir vönduðum og fullkomnum frágangi nýrra mannvirkja og eldri, eftir því sem ástæður eru til.
7. Reynt hefur verið að velja þau verkefni, sem mesta þýðingu hafa fyrir viðkomandi byggðarlag eða þjóðarheildina. Að sjálfsögðu verða menn ekki samdóma um það val, er hér kemur fram, en þegar tekið er tillit til þess, að þau drög að áætlun, er lögð voru fyrir sveitarstjórnir, gerðu ráð fyrir framkvæmdum, er kosta myndu, á verðlagi áætlunarinnar, um 1000 millj. króna, má sjá, að mörgum þarflegum framkvæmdum hefur orðið að fresta, þar sem aðeins er talið, að til ráðstöfunar séu um 400 millj. kr. allt áætlunartímabilið.
8. Í meðfylgjandi yfirliti og kostnaðaráætlun eru settar fram tillögur um framkvæmdir fyrir hvern stað, ásamt yfirlitsuppdrætti, er sýnir helztu núverandi og fyrirhuguð mannvirki.

II. KAFLI
GRUNDVÖLLUR

A. Uppbygging hafna og dreifing byggðar.

Árið 1961 sendi Atvinnutækjanefnd, þingskipuð nefnd um atvinnumál og uppbyggingu sjávarútvegs, frá sér „nefndarálit um hafnamál og 10 ára áætlun um hafna-

framkvæmdir". Var hér um að ræða eina fyrstu tilraun, sem gerð var til athugunar á vandamálinu í heild og hverra úrbóta væri þörf.

Í nefndarálitinu er uppbyggingu hafna til ársins 1961 gerð glögg skil, og segir svo á 7. síðu:

Hafnalög og hafnaframkvæmdir s. l. 40 ár.

„Telja má, að hafnaframkvæmdir á vegum ríkisins og með ríkisframlagi, utan Reykjavíkur, hefjist ekki að ráði fyrr en nokkru síðar. Var þá lengi framan af að jafnaði unnið að þessum framkvæmdum samkv. lögum, er Alþingi setti um hverja höfn eða lendingarbót fyrir sig. Í slíkum hafnalögum var að jafnaði ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja fram nánar tiltekinn hluta stofnkostnaðar, ⅓, ⅖ eða ½, allt að tiltekinni upphæð á hverjum stað, og ríkisstjórn heimilað að veita hlutaðeigandi hafnarsjóði eða lendingarbótasjóði ábyrgð fyrir láni. Árið 1946 voru í gildi 24 slík hafnalög um einstakar hafnir utan Reykjavíkur, 24 um lendingarbætur og ein lög um bryggjugerð. En það ár voru sett ný almenn lög „um hafnargerðir og lendingarbætur" og öll hin eldri lög jafnframt felld úr gildi. Síðan hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögunum frá 1946. Eins og þau eru nú, eru þar taldir upp með nöfnum 35 hafnarstaðir og 78 lendingarbótastaðir. Er það hliðstætt upptalningu þjóðvega á vegalögum. Samkvæmt lögunum frá 1946 greiðir ríkissjóður 40% stofnkostnaðar við hafnargerð, en 50% við lendingarbót. Fari lendingarbótakostnaður yfir 1600 þús. kr. lækkar þó ríkisframlagið niður í 40% af því, sem umfram er þá upphæð. Ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast lán til greiðslu á stofnkostnaðarhluta hafnarsjóðs eða lendingarbótasjóðs. Vita- og hafnamálastjóri hefur haft umsjón með hafnargerðum þeim og lendingarbótum, sem notið hafa ríkisaðstoðar. Vitamálaskrifstofan hefur, eftir ósk hlutaðeiganda í héraði eða samkv. ályktun Alþingis, látið rannsaka hafnastæði, gert áætlun um mannvirki og kostnað við þau og oftast lagt til verkstjórn og vinnutæki. Jafnframt hefur hún þá annazt greiðslu ríkisframlagsins til framkvæmdanna og reikningshald í sambandi við stofnkostnaðinn. — Auk fyrrnefndra laga um „hafnargerðir og lendingarbætur" hafa verið sett tvenn lög um landshafnir og lög um „hafnabótasjóð".

10 ára áætlunin er þannig unnin, að gert var yfirlit yfir ástand hafnavirkja á hverjum stað, er áætlunin náði til. Nefndin gerði sér síðan grein fyrir, hverjar þarfir hafnanna yrðu næstu 10 árin, en vitamálastjóri og verkfræðingar Vitamálaskrifstofunnar gerðu síðan tillögur um, hvernig þeim árangri yrði bezt náð. Nefndin raðaði þó ekki framkvæmdum í tímaröð, eða gerði grein fyrir, hvernig fjármagns skyldi aflað til uppbyggingarinnar. Í nefndarálitinu eru hverjum stað gerð glögg skil, bæði ástandi atvinnu- og hafnamála ásamt aðstæðum til hafnargerða. Hefur að verulegu leyti verið unnið að hafnamálum síðan 1961 á grundvelli þess starfs, sem unnið var af nefndinni og í sambandi við störf hennar.

Eitt af einkennum íslenzkra hafnargerða er, hve langan tíma hver höfn hefur verið í byggingu og í hversu mörgum áföngum hefur verið unnið. Ástæðan er augljós og skiljanleg. Þarfirnar hafa verið nær óþrjótandi, en fjárhagsgeta ríkis og sveitarfélaga mjög takmörkuð og engin heildaráætlun til að styðjast við. Samtímis hefur flotinn, sem nýtir hafnirnar, gjörbreytzt og við það kröfurnar til hafnanna.

Oftast var hafnargerð hafin með óverulegum skjólgarði fyrir smábáta, á þeim stað, sem lending var bezt, án tillits til þess hvað heppilegast væri við gerð framtíðarhafnar. Við hinn fyrsta garðbút hefur síðan verið prjónað, og má jafnvel út úr mannvirkjunum lesa þróunarsögu byggðarlagsins á áfangaskiptum og mismunandi bjartsýnum áætlunum.

Ein afleiðing þessarar þróunar er, að oft eru fiskvinnslustöðvar og vörugeymslur í litlum eða engum tengslum við hafnirnar, enda annað hvort til orðnar, áður en höfnin var gerð, eða þegar til átti að taka, voru engar lóðir óbyggðar í hæfilegum tengslum við höfnina. Óhagkvæmni í ýmsum rekstri er bein afleiðing af þessum skipulagsskorti, meðal annars óhæfilegur vörubifreiðaakstur á öllum vörum, er um hafnirnar fara.

Meðan hafnavirkin voru lítil og ódýr var eðlilegt, að þau væru gerð, þar sem fólk var helzt fyrir, enda þau ekki ráðandi um þróun byggðarinnar. Allir töldu sig eiga rétt til nokkurrar hafnaraðstöðu, enda hún nauðsynleg meðan samgöngur voru stopular á landi. Fyrst þegar hafnarvirkin voru orðin mjög kostnaðarsöm og bæir farnir að vaxa með kröfum um almenna þjónustu, opnast augu manna fyrir því, að vissulega er óhagkvæmt að bæir með sams konar þjónustu rísi upp hlið við hlið. Með heppilegri byggðastefnu er hægt, með því að beina vissum framkvæmdum eftir ákveðnum brautum, að hafa mjög jákvæð áhrif á þróunina, langt út fyrir það svið, sem hinum beinu áhrifum væri beitt. Til dæmis er hægt með ákveðinni stefnu í hafnamálum að ráða mjög þróun útgerðarstaða, fjölda þeirra og legu.

Slík byggðastefna var ekki tekin upp nægilega snemma, þannig að á áætlunartímabilinu 1969—72 verður að vinna að hafnamálum á sama grundvelli og áður, það er að reyna að láta hafnaaðstöðu fylgja nokkurn veginn þróuninni, sem þegar hefur orðið í aðstöðu á landi og í bátaflota hvers staðar. Er þetta í fullkomnu samræmi við stefnu Alþingis í fjárveitingamálum til hafnargerða undanfarin ár. Miðast því áætlunin eingöngu við það að bæta aðstöðu á þeim stöðum, sem þegar hafa aðstöðu til flutninga og fiskveiða og þá að sjálfsögðu tekið tillit til væntanlegrar þróunar.

Þrátt fyrir miklar endurbætur á vegakerfi landsins og auknum flutningum með bifreiðum, er eftir sem áður jafnnauðsynlegt, að á hafnastöðum sé aðstaða til afgreiðslu flutningaskipa vegna allra þungaflutninga og ekki síður vegna hins, að fjallvegir eru enn og munu verða, um alllanga framtíð, ótryggir sem samgönguleiðir að vetrarlagi.

B. Tegundir hafna og einkenni.

Höfnum má eðlilega skipta í nokkra flokka eftir notkun, svo sem fiskihafnir, vöruflutningahafnir og fólksflutningahafnir. Flestar íslenzkar hafnir tilheyra öllum þessum flokkum, og eru til þess eðlilegar ástæður. Flestar eru þær byggðar í sambandi við útgerðarstaði, sem voru einangraðir og sjórinn því eðlilegasta samgönguleiðin. Þegar hafnarmannvirkin voru síðan byggð af litlum efnum, var eðlilegt, að reynt væri að sameina sem flesta þætti í eitt mannvirki. Var þá þýðingarmest, auk beinnar uppskipunaraðstöðu, að mynda skjól gegn ríkjandi ölduhreyfingum. Var því eðlilegt, að skjólgarðarnir væru oftast byggðir þannig, að þeir nýttust jafnframt til viðlegu. Eiginlegir hafnarbakkar, þar sem vöruskemmur og fiskvinnslustöðvar væru í beinu sambandi við viðleguaðstöðuna, eru ekki algengir. Skapar þetta mikið óhagræði á mörgum stöðum. Ástæða fyrir þessu er að verulegu leyti sú, að vöruskemmur og fiskvinnslustöðvar hafa verið byggðar af öðrum aðilum en hafnirnar og sjaldnast eða aldrei í beinu samhengi við hafnargerðir. Sú fjárfesting hefur heldur ekki lotið sömu yfirstjórn og hafnabyggingarnar.

Lögum samkvæmt má telja að hafnargerðir séu flokkaðar þannig:

1. *Einkahafnir.*
   Nokkur hafnamannvirki eru í einkaeign, þótt til undantekninga megi telja. Nokkur þeirra eru frá þeim tímum, þegar sveitarfélög voru ekki farin að láta hafnamál til sín taka, en flest munu þó byggð í sambandi við atvinnurekstur og þá helzt síldveiðar, bæði verksmiðjur og söltunarstöðvar. Um þessi mannvirki er ekki fjallað í áætlun þessari.
2. *Landshafnir.*
   Landshafnir hafa verið gerðar á þremur stöðum. Í Rifi, samkvæmt lögum nr. 38 frá 14. marz 1951, Keflavík—Njarðvík, samkvæmt lögum nr. 23 7. maí 1955 og Þorlákshöfn, samkvæmt lögum nr. 61 13. maí 1966. Í meginatriðum eru lög þessi samhljóða, og miðast við að heimila ríkissjóði að taka lán til bygginga hafna á áðurgreindum stöðum og reka þær. Eru hafnirnar á hverjum stað faldar hafnarstjórn, skipaðri af ráðherra eða kjörinni af Alþingi. Er stjórn hafn-

arinnar ábyrg fyrir rekstri hennar og öllum fjárreiðum. Hafa ábyrgðarheimildir ríkissjóðs verið notaðar til að taka lán til að standa undir byggingakostnaði hafnanna. Tekjur þeirra hafa hingað til ekki staðið undir rekstrarkostnaði, ásamt vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem tekin hafa verið, svo að ríkissjóður hefur orðið að hlaupa undir bagga með fjárútvegun. Bygging hafnanna á öllum þessum stöðum er það vel á veg komin, að eðlilegt má telja, að dregið sé úr framkvæmdum. Er þess einnig að geta í þessu sambandi, að endurbætur á höfnum í nágrenni landshafnanna hafa verið mjög miklar á seinni árum, þannig að gildi landshafnanna er ekki hið sama og það var, þegar lög um þær voru sett.

3. *Ferjuhafnir.*

Á nokkrum stöðum hafa verið gerð hafnarmannvirki, sem nær eingöngu þjóna þeim tilgangi að bæta samgöngur milli samliggjandi byggðarlaga. Hafa þessi mannvirki nær eingöngu verið byggð, þar sem vegasamband er ekkert eða mjög stopult, t. d. við Ísafjarðardjúp og Breiðafjörð, og þá skoðuð sem eins konar framhald vega. Bryggjur þessar hafa yfirleitt verið greiddar að fullu af ríkissjóði og ekki felldar í umsjón ákveðins sveitarfélags. Hefur Alþingi veitt fé sérstaklega á fjárlögum til þessara framkvæmda, og er því lítt eða ekki fjallað um þær í áætlun þessari, þar sem telja má, að þær hafi algjörlega sérstöðu í samgöngukerfinu.

4. *Almennar hafnir.*

Með áður greindum undantekningum eru hafnarmannvirki eign viðkomandi sveitarfélags, og rekin af því. Í lögum nr. 48 frá 29. apríl 1967 eru ákvæði um samskipti ríkis og sveitarfélags í hafnamálum. Eru þar ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í byggingakostnaði hafnarmannvirkja. Meginreglurnar eru, að ríkissjóður greiði 75% af kostnaði við ytri mannvirki og dýpkanir, en 40% af öðrum hafnagerðakostnaði. Einnig eru heimildarákvæði fyrir ríkissjóð að ábyrgjast lántökur, er sveitarsjóðir taka vegna hafnagerða, allt að þeim hluta, er sveitarsjóður á að leggja fram til mannvirkisins. Aðstoð ríkissjóðs er þó háð því skilyrði, að afkoma hafnarsjóðsins sé slík, að aðstoðar sé talin þörf. Telja má, að allar hafnir á landinu hafi notið laganna í fyllsta skilningi þeirra, nema Reykjavíkurhöfn og höfn sú, er nú er í byggingu í Straumsvík við Hafnarfjörð. Reykjavíkurhöfn nýtur, hvað rekstri viðvíkur, mikillar sérstöðu, þar sem um höfnina fer mikill hluti innflutnings þjóðarinnar. Hafa tekjur hafnarsjóðsins verið það miklar, að hann hefur með eigin tekjum staðið straum af allri uppbyggingu hafnarinnar, ef frá er talin fjárveiting, sem veitt var við upphaf hafnargerðar árið 1914. Síðan mun Reykjavíkurhöfn ekki hafa farið fram á ríkisaðstoð.

Höfnin við álbræðsluna í Straumsvík er á hafnarsvæði Hafnarfjarðarbæjar og eign hafnarsjóðs. Höfnin er byggð vegna álverksmiðjunnar, og með sérstökum samningum við hana eru höfninni tryggðar tekjur, er eiga að geta staðið undir þeim lánum, er tekin verða vegna hafnargerðarinnar. Mannvirkið hefur því ekki verið talið styrkhæft af ríkisfé, en ríkisábyrgð mun hins vegar verða veitt fyrir lánum.

C. Fjármögnun.

Eins og getið var um hér að framan, greiðir ríkissjóður með beinum fjárveitingum allan kostnað við gerð ferjuhafna og hefur sérstakar heimildir til lánsöflunar til landshafna. Er því fjármagn til áður nefndra framkvæmda tryggt með fyrirgreiðslu ríkisvaldsins.

Byggingakostnaður almennra hafna er hins vegar greiddur af viðkomandi sveit-

arfélagi og ríkissjóði í sameiningu. Hluti ríkissjóðs er greiddur með beinum fjárveitingum á fjárlögum, en hluti sveitarfélagsins yfirleitt fenginn með lánum, beinum framlögum af tekjuafgangi hafnarsjóðs, eða beint úr sveitarsjóði. Til skamms tíma var sá háttur á hafður, að Alþingi veitti takmarkaðar upphæðir til ákveðinna hafnagerða, og þá ekki alltaf í samræmi við áætlanir um hafnargerðir á fjárlagaárinu. Voru upphæðirnar sjaldnast nægilegar til að standa undir hluta ríkissjóðs við viðkomandi mannvirki. Ríkissjóður komst því oft í mikla skuld við sveitarfélögin vegna vangreiðslu sinnar á framlagi til hafnargerðarinnar. Fjár, er á skorti, urðu hafnarsjóðir að afla á annan hátt, annað hvort með beinu framlagi úr sveitarsjóðum eða bráðabirgðalánum. Nokkur fjárveiting var síðan veitt til að greiða niður þessar skuldir ríkissjóðs, en vexti hafa hafnarsjóðir orðið að bera. Eftir samþykkt hafnalaganna frá 1967 hefur orðið breyting á. Hefur Alþingi nú veitt fé til fullnaðargreiðslu á áætluðum hluta ríkissjóðs í þeim verkum, sem á framkvæmdaáætlun hafa verið á hverju ári. Er þetta til mikils hagræðis fyrir alla aðila og auðveldar mjög allar framkvæmdir.

Sveitarfélögin hafa yfirleitt ekki verið fær um að greiða hluta kostnaðar af fjárframlagi hafnarsjóðanna eða sveitarsjóðanna. Hefur því verulegur hluti þess fjár, er þau hafa lagt til hafnargerðanna, verið tekinn að láni til langs tíma með ríkisábyrgð. Hafnarsjóðunum hefur þó ekki tekizt að útvega fé frá hinum almennu lánastofnunum, nema að takmörkuðu leyti. Hefur því ríkisstjórnin annazt að verulegu leyti milligöngu um útvegun fjár til hafnargerða. Einkum hefur verið um að ræða erlend lán, bæði vörukaupalán og sérstök framkvæmdalán, sem ríkissjóður hefur tekið og síðan endurlánað hafnarsjóðunum. Af innlendu fjármagni hefur Atvinnuleysistryggingasjóður lánað hvað mest til hafnargerðar, annað hvort til hafnarsjóðanna beint eða með milligöngu Hafnabótasjóðs.

Með hafnalögunum frá 1967 var gert ráð fyrir, að stofnaður yrði Hafnabótasjóður, er gæti orðið veruleg lyftistöng fyrir hafnargerð á landinu, m. a. með lánveitingum. Í frumvarpi var gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun til sjóðsins, annarri en beinu ríkisframlagi, en við meðferð málsins á Alþingi var þessi tekjustofn felldur niður.

Svo sem meðfylgjandi áætlun ber með sér, er gert ráð fyrir, að hlutur sveitarsjóðanna í framkvæmdum verði um 43% heildarkostnaðar. Greinilegt er, að með núverandi rekstri hafna munu þær ekki geta lagt fram nema óverulegan hluta þess fjár af eigin tekjuafgangi og verða því, annað tveggja, sveitarsjóðirnir að standa undir þeim hluta framkvæmdakostnaðar með beinum framlögum, eða ríkisvaldið að gera sérstakar ráðstafanir til útvegunar lánsfjár til handa hafnarsjóðunum.

D. Rekstur hafnanna.

Svo sem áður segir gilda önnur lög um hverja hinna þriggja landshafna, og fer um rekstur þeirra samkvæmt þeim.

Rekstur hinna almennu hafna er aftur á móti á vegum viðkomandi sveitarfélags. Er til þess kjörin sérstök hafnarnefnd eða hafnarstjórn, er annast skal þá starfsemi á ábyrgð sveitarstjórnar. Í hverju sveitarfélagi, er rekur höfn, skal stofnaður sérstakur hafnarsjóður, og er svo ráð fyrir gert, að hann megi eingöngu nota í þágu hafnarinnar. Til að standa undir kostnaði við reksturinn, svo og til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, er hafnarsjóði heimilt að leggja gjöld á þá umferð, skip og vörur, er um höfnina fara. Einnig afla hafnarsjóðirnir tekna með annarri þjónustu, svo sem með húsa- og lóðaleigu. Á fæstum stöðum hafa tekjur hafnanna hrokkið til greiðslu á samanlögðum kostnaði af rekstri, viðhaldi og nýbyggingum, og þar sem sú hefð hefur komizt á að gera ekki þá kröfu til hafnarsjóða, að hafnagjöld væru það há, að tekjur af þeim stæðu undir öllum rekstri og nýbyggingakostnaði, hafa sveitarsjóðirnir sjálfir orðið að leggja það fé fram af öðrum tekjum. Þrátt fyrir það hefur töluvert borið á vanskilum á lánum, sem síðan hafa fallið á ríkisábyrgðasjóð. Er hér að sjálfsögðu um mjög mismunandi upphæðir að ræða á hinum ýmsu stöðum, sem

eðlilegt er, þar sem tekjumöguleikar eru bæði mjög mismunandi, og eins er byggingarkostnaður mjög misjafn á hinum ýmsu stöðum. Vegna áður nefndra vanskila eru oft erfiðleikar á eðlilegri fjáröflun til þeirra staða, er mestar þarfir hafa fyrir framkvæmdir, þar sem ríkissjóði er óheimilt að veita nýjar ábyrgðir, ef um vanskil er að ræða. Nauðsynlegt er því, að mál þessi verði endurskoðuð, þannig að tryggt verði, að það fjármagn, sem nauðsynlegt er til framkvæmda þeirra, er áætlunin gerir ráð fyrir, verði handbært, áður en viðkomandi framkvæmd er hafin.

III. KAFLI
ÁÆTLUNARGERÐ

Við gerð áætlunarinnar var nauðsynlegt að gera ýmsar athuganir og rannsóknir ásamt gagnasöfnun.

Árið 1961 var lögð fram af þingkjörinni nefnd, Atvinnutækjanefnd, „Nefndarálit um hafnamál og 10 ára áætlun hafnargerða.“ Í nefndarálitinu var gerð grein fyrir athugun á ástandi hafnarmannvirkja, notkun þeirra og líklegum þörfum á næstu 10 árum fyrir ný mannvirki. Á grundvelli athugana nefndarinnar á þeim þörfum voru gerðar af vitamálastjóra og verkfræðingum hans tillögur um þau mannvirki, er bezt gætu leyst vanda hvers byggðarlags.

Þeir annmarkar voru þó á „áætlun“ þessari, að hvorki var gerð grein fyrir fjármögnun til framkvæmdanna, né tilraun til að tímasetja eða raða framkvæmdum þannig, að ljóst væri, hverjar skyldu hafa forgang.

Þótt „áætlun“ þessi fengi ekki neina frekari opinbera meðferð, hafa þær athuganir og þær áætlanir, sem þá voru gerðar, verið sá grundvöllur, sem í flestum tilvikum hefur verið byggt á síðan.

Áætlun sú, er nú birtist, er mjög byggð á 10 ára áætluninni, að sjálfsögðu endurskoðaðri með tilliti til breyttra aðstæðna og aukinnar þekkingar.

Þess er og skylt að geta, að í lýsingum á einstökum höfnum hér á eftir, hefur mikið verið notað úr nefndarálitinu, stundum orðrétt, þótt ekki sé þess sérstaklega getið.

Við undirbúning þessarar áætlunar voru, sumarið 1967, gerð drög að 5 ára áætlun fyrir árin 1968—1972. Var við það verk stuðzt við þekkingu starfskrafta Hafnamálastofnunarinnar á aðstæðum og þörfum og óskum heimamanna um ný hafnarmannvirki á flestum hafnarstöðum landsins. Áætlunin var miðuð við bjartsýnar hugmyndir um fjármagn til hafnargerða, og það, að takast mætti á áætlunartímanum að ljúka öllum hinum mest aðkallandi verkefnum.

Þessar hugmyndir að áætlun voru síðan sendar til umsagnar hinna ýmsu hafnarstjórna veturinn 1967—68. Undirtektir voru yfirleitt jákvæðar, og frá nokkrum stöðum komu auk þess óskir um meiri framkvæmdir. Var á flestum svörum að skilja, að hafnarstjórnir og sveitarstjórnir væru tilbúnar til að taka á sig þær skuldbindingar, er áætlanirnar legðu þeim á herðar.

Við gerð áætlunarinnar í því formi, er hún birtist nú, hefur framkvæmdaupphæðin verið ákveðin í samráði við fjármálaráðuneytið, og byggt á þeim hugmyndum, er ráðuneytið hefur um það fjármagn, er verið getur til ráðstöfunar til hafnargerða á næstu fjórum árum. Framkvæmdir ársins 1969 eru og í fullu samræmi við gildandi fjárlög. Upphæðir þessar eru talsvert lægri en frumdrög áætlunarinnar gerðu ráð fyrir, þannig að verulega hefur orðið að draga úr heildarframkvæmdum og þar af leiðandi einnig framkvæmdum á hverjum stað. Við endanlega gerð áætlunarinnar hefur ekki verið hægt að hafa samráð við sveitarstjórnir, enda ekki teknar á áætlun aðrar framkvæmdir en þær, er áður hafði orðið samkomulag um. Má því frekar líta svo á, að framkvæmdir 5 ára áætlunarinnar dreifist á nokkuð lengri tíma en áætlað var 1967.

Við val framkvæmdanna og tímaröð þeirra var stuðzt við ýmsar rannsóknir á ríkjandi kringumstæðum og gagnasöfnun, svo sem:

a) Rannsókn á ölduhreyfingum innan hafna og utan.
b) Rannsókn á ríkjandi vindáttum og styrkleika veðra.
c) Rannsókn á botnlagi hafnanna vegna dýpkana og uppfyllinga.
d) Rannsóknir vegna steypuefnis og efnis í brimvarnargarða úr grjóti og uppfyllingar.
e) Gagnasöfnun vegna yfirlits yfir fólksfjölda, skipakost og sjávarafurðir og sveitarstjórnir árið 1967 (kemur fram í sérstakri bók).

Nokkuð er misjafnt, hversu ýtarlegar áætlanir eru fyrir einstaka staði, en allar byggjast á frumáætlunum um ákveðin verk og kostnaðaráætlanir gerðar samkvæmt reynslu Hafnamálastofnunarinnar um kostnað við hafnargerðir undanfarin ár.

Vegna mikilla og örra breytinga á verðlagi á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, er óhjákvæmilegt, að nokkur óvissa sé í þeim einingaverðum, er notuð voru, og talið, að gilda myndu fyrir árið 1969.

IV. KAFLI
FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

Áætluninni er ætlað að vera Alþingi til leiðbeiningar, þannig að á grundvelli hennar verði hægt að gera framkvæmdaáætlun til eins árs. Áætlunin endurskoðast á tveggja ára fresti. Hafnamálastofnun ríkisins hefur síðan umsjón með framkvæmdaáætluninni, samkvæmt hafnalögunum. Þannig sameinast umsjón með öllum þáttum hafnargerðar, fjármál, framkvæmd og hönnun.

Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir verði með sama hætti og verið hefur. Hafnamálastofnun ríkisins mun þannig hafa yfirumsjón með öllum þáttum framkvæmdanna, bæði varðandi fjármál verkanna og beina framkvæmd og hönnun.

Hafnaframkvæmdirnar má bjóða út, vinna þær af sveitarfélagi undir yfirstjórn Hafnamálastofnunar ríkisins eða af Hafnamálastofnuninni sjálfri. Farið hefur í vöxt, að framkvæmdir hafi verið boðnar út. Langflestar hafa verið gerðar í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, þannig að Hafnamálastofnun ríkisins hefur lagt til verkfræðing, verkstjóra og annað sérþjálfað starfslið, en annað starfsfólk verið ráðið á vinnustað. Ef viðkomandi sveitarfélög hafa verkfræðinga í þjónustu sinni, hafa þeir starfað við viðkomandi verk, eftir því sem hentugt þótti.

Reynslan hefur sýnt, að útboð hafnargerða eru í mörgum tilfellum mjög erfið. Íslenzkir verktakar hafa yfirleitt ekki mikla þekkingu eða reynslu á hafnargerðum eða tæki til að vinna verkin. Útboð verka er vandasamt og eftirlit með verkunum umfangsmikið. Sjálfsagt er að stefna að útboðum verka, eftir því sem fært er, en mörg verk verða betur af hendi leyst með því að vinnu þau af Hafnamálastofnun ríkisins eða af viðkomandi sveitarstjórn undir yfirstjórn og í samvinnu við Hafnamálastofnunina.

Hönnun hafnarmannvirkja má vinna af einkafyrirtækjum eða sveitarfélögum, ef þau hafa tæknilið í þjónustu sinni, eða af Hafnamálastofnun ríkisins. Allar þessar leiðir hafa verið reyndar og eðlilegt, að þær verði farnar, eftir því sem hentar.

V. KAFLI
YFIRLIT, KOSTNAÐARÁÆTLANIR OG TEIKNINGAR
A. Kostnaðaryfirlit.
Miðað við áætlað verð 1969.
Almennar hafnir.

Staðir	Verk 1969			Verk 1970			Verk 1971—1972		
	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis* millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Akranes	1,0	0,4	0,6	2,5	1,9	0,6	4,2	3,1	1,1
Borgarnes									
Arnarstapi									
Hellnar									
Hellissandur									
Ólafsvík				1,1	0,8	0,3	7,2	2,9	4,3
Grundarfjörður									
Stykkishólmur							2,2	0,9	1,3
Flatey á Breiðafirði									
Búðardalur	0,5	0,2	0,3						
Króksfjarðarnes									
Örlygshöfn									
Patreksfjörður				2,8	1,1	1,7	1,7	1,3	0,4
Tálknafjörður									
Bíldudalur				2,8	2,1	0,7	3,2	2,0	1,2
Þingeyri							2,5	1,6	0,9
Flateyri							3,6	2,5	1,1
Súgandafjörður							5,3	4,0	1,3
Bolungarvík				10,0	7,5	2,5	8,2	3,3	4,9
Hnífsdalur									
Ísafjörður	21,3	10,7	10,6	1,8	0,7	1,1	11,2	4,5	6,7
Súðavík	0,8	0,3	0,5				3,0	1,2	1,8
Norðurfjörður									
Gjögur									
Djúpavík									
Kaldrananes									
Drangsnes									
Hólmavík									
Hvammstangi				1,5	1,1	0,4			
Blönduós	0,6	0,5	0,1	3,4	2,5	0,9			
Skagaströnd							1,7	1,3	0,4
Sauðárkrókur	1,3	0,5	0,8	3,1	2,3	0,8	4,0	3,0	1,0
Hofsós	2,8	1,6	1,2				1,0	0,8	0,2
Siglufjörður							4,0	3,0	1,0
Ólafsfjörður							17,8	8,9	8,9
Hrísey				6,0	4,5	1,5			
Dalvík	3,0	1,2	1,8	2,5	1,9	0,6			
Árskógssandur									
Hauganes									
Akureyri	6,7	3,8	2,9	1,5	0,6	0,9	31,8	13,2	18,6
Grenivík							3,3	1,3	2,0
Flatey á Skjálf.									
Grímsey	4,8	3,6	1,2				3,0	1,2	1,8
Húsavík							10,0	4,0	6,0
Kópasker									
Raufarhöfn									
Þórshöfn	2,6	1,9	0,7	5,0	3,8	1,2			
Bakkafjörður									
Vopnafjörður	10,0	7,5	2,5	4,0	3,0	1,0	11,0	8,2	2,8
Borgarfjörður				6,2	4,7	1,5			

* Fjárveitingin 1969 er hluti ríkis að viðbættri innstæðu eða frádreginni skuld ríkis vegna framkvæmda 1968.

Kostnaðaryfirlit (frh.)

Staðir	Verk 1969			Verk 1970			Verk 1971—1972		
	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis* millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Seyðisfjörður	3,4	1,3	2,1	0,6	0,4	0,2			
Mjóifjörður									
Neskaupstaður	8,7	3,9	4,8	2,5	1,9	0,6	3,9	1,6	2,3
Eskifjörður							2,7	1,1	1,6
Reyðarfjörður				11,7	5,6	6,1			
Fáskrúðsfjörður									
Stöðvarfjörður									
Breiðdalsvík				7,7	5,8	1,9	8,5	3,4	5,1
Djúpivogur							16,2	9,2	7,0
Hornafjörður									
Vestmannaeyjar	1,0	0,4	0,6	12,0	4,8	7,2	4,0	1,6	2,4
Stokkseyri	4,0	3,0	1,0						
Eyrarbakki							7,3	2,9	4,4
Grindavík	5,0	3,7	1,3	6,7	5,0	1,7			
Hafnir	1,6	1,2	0,4						
Sandgerði				5,6	4,2	1,4			
Gerðar							3,5	2,6	0,9
Vogar									
Hafnarfjörður	5,6	2,5	3,1				5,7	2,3	3,4
Kópavogur									
Ýmsar hafnir, þar sem framkvæmdir eru óvissar				15,0	7,5	7,5	30,0	15,0	15,0
Samtals	84,7	48,2	36,5	116,0	73,7	42,3	221,7	111,9	109,8

Landshafnir.


Staðir	Verk 1969			Verk 1970			Verk 1971—1972		
	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis* millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Þorlákshöfn	3,0	3,0					5,6	5,6	
Keflavík-Njarðvík	2,5	2,5		3,8	3,8		6,5	6,5	
Rif	0,5	0,5		4,0	4,0		5,8	5,8	
Samtals	6,0	6,0		7,8	7,8		17,9	17,9	

Dráttarbrautir.

Staðir	Verk 1969			Verk 1970			Verk 1971—1972		
	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis* millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Heildar kostn. millj. kr.	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Stykkishólmur									
Akureyri	0,8	0,3	0,5						
Neskaupstaður									
Vestmannaeyjar									
Hafnarfjörður									
Samtals	0,8	0,3	0,5						
Alls kostn. við alm. hafnir, landshafnir og dráttarbrautir	**91,5**	**54,5**	**37,0**	**123,8**	**81,5**	**42,3**	**239,6**	**129,8**	**109,8**

* Fjárveitingin 1969 er hluti ríkis að viðbættri innstæðu eða frádreginni skuld ríkis vegna framkvæmda 1968.

B. Hafnakort Íslands.



C. Einstakar hafnir.

AKRANES

Akraneshöfn er fiskihöfn, umferðarhöfn vegna fólksflutninga milli Akraness og Reykjavíkur og útskipunarhöfn Sementsverksmiðju ríkisins, sem er á Akranesi.

Vöruflutningar til hafnarinnar eru mest hráefni vegna Sementsverksmiðjunnar, auk fiskafla, sem landað er.

Með þeim framkvæmdum, sem fram koma í áætluninni, er höfnin orðin viðunandi, miðað við þarfir í dag.

Með grjótgarði til öldudeyfingar framan síldarverksmiðjunnar myndast betra samband innan hafnarinnar og betra sjólag í brimi milli garðanna.

Dýpkun með sprengingu klappar eykur bátalægið innst í höfninni.


Framtíðarverkefni, eftir árið 1972, er lenging ytri hafnargarðs um 80 metra með steinkeri, sem nú myndar skjól í innri höfn, og bygging öldudeyfandi viðlegugarðs á kersætinu í innri höfninni, ásamt byggingu skjólveggs á enda ytri garðs.

Að þessum verkefnum loknum er höfnin orðin góð miðað við áætlaða notkun.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Grjótgarður til öldudeyfingar	1,0	40	0,4	0,6	Undirbúningur að flutningi á keri ..	2,5	75	1,9	0,6	Dýpkun með sprengingu klappar	4,2	75	3,1	1,1
Samtals	1,0		0,4	0,6	Samtals	2,5		1,9	0,6	Samtals	4,2		3,1	1,1


1:5000
DRÁTTARBRAUT ÞORGEIRS OG ELLERTS
VESTUR-FLÓS
skipalyfta
460 m
KRÓKALÓN
KIRKJA
LAMBHÚSASUND
VITI
SFA
REYKHÁFUR
S.V.R.
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971.-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971 1972
VERK EFTIR 1972
FLUTNIKER VERK EFTIR 1972
SKJÓLVEGGUR UM HARÐVIRI VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 4186
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
AKRANES
H 1-1-F4
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA 1968

RIFSHÖFN (Landshöfn)

Rifshöfn er við Rifsós milli Hellissands og Ólafsvíkur. Hefur þar, innan við um það bil 1.5 km langt rif, verið unnið að gerð landshafnar, sem þó er fyrst og fremst fyrir Hellissand. Er höfnin fyrst og fremst fiskihöfn og gert ráð fyrir, að til hennar geti leitað bátar frá öðrum landshlutum til viðlegu á vertíðum.

Helztu mannvirki í Rifi eru hafnargarðar, ytri hafnargarðurinn á sjálfu rifinu og innri hafnargarður, er gengur frá svonefndu Melnesi, þvert á stefnu rifsins. Innan þeirra er markað stórt hafnarsvæði, sem þó er að mestu grunnt, og verður ei nýtt fyrr en eftir miklar dýpkanir. Þá hefur verið gerður um 300 m langur stálþilsbakki og grafið frá honum. Einnig er trébryggja, sem þó er veikbyggð og nú aðeins notuð fyrir minni báta. Þá hefur mikið verið dýpkað á hafnarsvæðinu, þannig að þau viðlegumannvirki, sem áður voru talin, eru nú vel nýtanleg og dýpi á hafnarsvæðinu um 4 m. Efni það, sem fengizt hefur við dýpkanir, var notað til fyllingar á landi, þannig að nú er hið ákjósanlegasta athafnasvæði upp af höfninni.


Telja má, að fyrir núverandi notkun sé viðleguaðstaða nægjanleg í höfninni, en hins vegar er ekki lokið frágangi á þekju og lögnum, er verður því að leggja aðaláherzlu á í nánustu framtíð. Einnig er aðstaða í landi til hýsingar aðkomufólks mjög takmörkuð og því gert ráð fyrir í áætluninni, að byggð verði verbúð til að bæta úr þeim skorti. Þá er og nauðsynlegt að dýpka nokkuð í höfninni, og er gert ráð fyrir, að það verði gert með dýpkunarskipinu „Gretti", þar sem á nokkrum svæðum er fastur botn, sem ekki vinnst með dælingu.

Svo sem áður segir, er mjög góð aðstaða til aukningar hafnaraðstöðu í Rifi, allt eftir því sem þörf krefur, en þær framkvæmdir, er næstar mundu verða eftir lok áætlunartímabilsins, eru frekari dýpkanir, sem auðvelda myndu mjög siglingu stórra skipa til hafnarinnar, ásamt frágangi á hafnargörðum, en hvorugur þeirra er enn fullbyggður.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj.kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr
Frágangur á lögnum ...	0,5	100	0,5		Dýpkun með „Gretti" 20.000 m³ ..	4,0	100	4,0		Byggð verbúð. Frágangur á vatni, lýsingu og þekju ...	5,8	100	5,8	
Samtals	0,5		0,5		Samtals	4,0		4,0		Samtals	5,8		5,8	


SANDUR
RIF
ÓLAFSVÍK
1:100.000
DÝPKUN M/„GRETTI" 20.000 M³
BRÍMVARNARGARÐAR ÚR GRJÓTI MEÐ HAUGUM Á ENDA VERK EFTIR 1972
Snoppa
Virkisstígur
Hóarif
Vatur
BYGGÐ VERÐUR FÁRGANGUR Á VATNI RAFMAGNI OG LÝSINGU VERK 1971-1972
DÝPKUN Á 120.000 M³ VERK EFTIR 1972
FÁRGANGUR Á LÓGNUM VERK 1969
VITI Á TÖSKU VERK EFTIR 1972
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES. 1967: GI SANDUR 509
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
Á ÁRAÆTLUN HAFNAGERÐA
RIFSHÖFN
LANDSHÖFN
H 2-F4
1968
1:5000

ÓLAFSVÍK

Ólafsvík liggur á norðanverðu Snæfellsnesi milli Hellissands og Grundarfjarðar við einhver fengsælustu mið landsins. Útræði hefur verið þar mjög lengi, og var höfnin, þótt léleg væri, í vari af klettarana, svonefndri Snoppu. Eftir rana þessum voru svo hin fyrstu hafnarmannvirki byggð og þá að sjálfsögðu miðuð við þáverandi aðstæður og útgerð mjög smárra báta.

Ólafsvíkurhöfn er fyrst og fremst fiskihöfn, sem jafnframt er notuð sem flutningahöfn. Aðalflutningar til hafnarinnar eru útgerðarvörur, en frá henni fiskafurðir.

Núverandi höfn mynda tveir ytri hafnargarðar. Hinn ytri þeirra er jafnframt notaður til afgreiðslu fyrir flutningaskip, og til skamms tíma var þar einnig aðaluppskipunaraðstaða bátanna og geymsla. Garðurinn er innan til gerður úr samfelldri steinsteypu með trébryggju innan á, en ytri hluti hans er gerður úr steinsteyptum kerjum. Innri hafnargarðurinn, sem byggður var árið 1962, er gerður af stórgrýti, en engin aðstaða þar til viðlegu. Milli garðanna er síðan löndunarbryggja, byggð árið 1965. Jafnframt hefur verið dælt miklum sandi af hafnarsvæðinu, þannig að þar er nú sæmileg aðstaða fyrir allmarga fiskibáta. Segja má, að hafnarmannvirkin séu í góðu ásigkomulagi, nema hluti af trébryggju innan á ytri garðinum, sem þarfnast endurnýjunar. Aðstaða bátaflotans telst ekki fullnægjandi, hvað varðar geymslu bátanna.

Þá telja heimamenn mjög skorta aðstöðu til útskipunar, en það vandamál má að nokkru leysa með flutningi útflutningsvörunnar til nálægra hafna, bæði Rifs og Grundarfjarðar.

Þau mannvirki, sem fyrirhuguð eru á áætlunartímabilinu, eru fyrst og fremst lagfæringar á bryggjunni við ytri hafnargarðinn ásamt aukinni viðleguaðstöðu fyrir bátaflotann. Ekki er enn fullvíst, hvar slík aðstaða verður gerð, þar sem nokkrir möguleikar eru fyrir hendi, en telja má, að kostnaður við byggingu slíks mannvirkis sé ekki mjög háður staðarvali.


Með fyrirhuguðum aðgerðum ætti aðstaða bátaflotans að verða sæmileg miðað við óbreyttan fjölda báta.

Þau verkefni, sem framundan eru, en ekki má ætla, að þau verði leyst á áætlunartímabilinu, eru lenging hafnargarðsins, er ætti að veita bæði betra skjól fyrir bátana í höfninni og auðvelda flutningaskipum að athafna sig í Ólafsvík. Þá mun, í eðlilegum tengslum við þessar framkvæmdir, verða dýpkað allverulega í höfninni, þannig að hún rýmkist og aðstaða til byggingar frekari viðlegumannvirkja verði fyrir hendi, jafnframt því sem hið uppgrafna efni verður notað til stækkunar athafnasvæðis hafnarinnar með fyllingum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Frágangur með uppfyllingu á landenda Norðurgarðs	1,1	75	0,8	0,3	Harðviðarbryggja 110 m.	7,2	40	2,9	4,3
					Samtals	1,1		0,8	0,3	Samtals	7,2		2,9	4,3


GRJÓTFYLLING
LENGING GARDS
MED STEINKERI.
VERK EFTIR 1972
UPPFYLLING FRÁ
DÝPKUN EFTIR 1972
FYRIRSTÖÐUGARÐAR
DÝPKUN 70.000 M³
VERK EFTIR 1972
HARÐVIÐAR
BRYGGJA 110 M
VERK 1971-72
10 0 50 100
SANDUR
RIF
ÓLAFSVÍK
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 960
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÓLAFSVÍK
H 3
1968

GRUNDARFJÖRÐUR

Grundarfjörður skerst inn í norðanvert Snæfellsnes. Fyrir utan fjörðinn eru margir boðar og grunn, sem torvelda innsiglingu í hann. Í sjálfu fjarðarmynninu er lítil eyja, Melrakkaey, og inn af henni svonefnt Flankaskersgrunn. Grafarnes í Eyrarsveit er inni undir fjarðarbotni að vestanverðu.


Grundarfjörður er fyrst og fremst fiskihöfn, en jafnframt eru fluttar um höfnina útgerðarvörur og aðrar nauðsynjar til héraðsins ásamt öllum útfluttum sjávarafurðum. Nokkurt magn af útflutningsvörum berst einnig frá Ólafsvík.

Segja má, að hafnarmannvirkin fullnægi nokkurn veginn þessu hlutverki sínu.

Aðalmannvirki hafnarinnar er steinsteyptur garður, gerður úr kerjum, og er hvort tveggja skjól fyrir norðan báru og aðalviðlegukantur hafnarinnar. Við þennan kant fer fram meirihluti uppskipunar á fiskafurðum, og einnig er hann hafskipabryggja staðarins.

Innan garðsins er bátabryggja, að nokkru notuð til löndunar á fiskafla, en þó meira til geymslu báta. Ástand mannvirkjanna er tiltölulega gott, enda eru þau að mestu byggð á síðustu tíu árum. Helztu erfiðleikar, sem við er að etja á Grundarfirði, eru mjög hvöss sunnanveður, er þar getur gert mjög skyndilega. Er þá vart nokkurri fleytu vært við núverandi mannvirki.

Engin mannvirki eru fyrirhuguð samkvæmt áætlun þeirri, er hér er lögð fram, og ekki er talið, að í náinni framtíð verði reynt að byggja þannig, að höfnin geti talizt örugg bátum í öllum veðrum. Mest þörf er á nokkurri lengingu aðalhafnargarðsins, þannig að meira rými fáist við hann og jafnframt verði auðveldara fyrir flutningaskip að athafna sig við hann.


GRUNDARFJÖRÐUR
Flankask.
Melrakkaey
Vesturbodi
Djúpbodi
Grafarnes
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 574
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
GRUNDARFJÖRÐUR
H 4-F4
1968
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK — EFTIR 1972
LENGING MEÐ STEINKERJUM VERK EFTIR 1972.

STYKKISHÓLMUR

Stykkishólmur hefur lengi verið héraðsmiðstöð, bæði fyrir sveitir á Snæfellsnesi og mikinn hluta Dalasýslu og Breiðafjarðareyjar og að nokkru sunnanverða Barðaströnd. Höfnin er allgóð, liggur í skjóli eyja og skerja, en sigling inn til Stykkishólms er nokkrum erfiðleikum bundin fyrir stærri skip, þar sem leiðin er fremur þröng og vandrötuð ókunnugum. Fyrir minni báta eru hins vegar margar góðar leiðir til hafnarinnar. Stykkishólmur hefur verið aðalflutningamiðstöð héraðsins, og þaðan hefur verið stunduð allmikil útgerð. Nokkuð hefur þetta þó breytzt á seinni árum, síðan fiskur hvarf meira af grunnmiðum. Hefur útgerðin leitað til hinna ytri verstöðva á nesinu, en Stykkishólmur orðið meira þjónustumiðstöð fyrir héraðið.

Í Stykkishólmi er dráttarbraut, og allmikill fjöldi iðnaðarmanna er búsettur á staðnum.

Aðalhafnarmannvirkið í Stykkishólmi er mikil og vönduð trébryggja, byggð áföst við svokallað Stykki, sem er lítil eyja í sundinu milli Súgandiseyjar og lands. Bryggja þessi var í upphafi mjög öflug, en er nú farin að láta nokkuð á sjá vegna aldurs. Stykkið er tengt við land með steinsteyptri brú, sem einnig er nokkuð farin að láta á sjá, sérstaklega stöplarnir. Þá er bátabryggja innan við Stykkið, nýlega endurbyggð, hallandi bryggja, sem er notuð til löndunar á fiski. Þá er einnig á sömu slóðum gömul dráttarbraut fyrir báta allt að 100 þungalestir. Nýjasta hafnarmannvirkið í Stykkishólmi er dráttarbraut fyrir allt að 400 þungalesta skip, þ. e. a. s. vel flest önnur fiskiskip en togara. Við dráttarbrautina eru hliðarstæði fyrir fimm báta.


Með minnkandi fiskveiðum frá Stykkishólmi hefur hafnaraðstaðan verið nokkurn veginn fullnægjandi undanfarið. Þó má telja, að framundan sé endurbygging á hafskipabryggju og stækkun hennar, en mest aðkallandi verkefni mun þó vera gerð bryggju í Skipavík, við hina nýju dráttarbraut. Bryggja þessi yrði fyrst og fremst ætluð til viðgerða skipa, þannig að fullkomna viðgerðarþjónustu verði hægt að veita við dráttarbrautina. Áætlað er að byggja 30 metra langa bryggju til að þjóna þessu hlutverki. Ætti þá að vera vel séð fyrir viðgerðaraðstöðu í Stykkishólmi fyrir allan fiskiflota við Breiðafjörð.

Aðrar framkvæmdir eru ekki áætlaðar á tímabili því, er hér um ræðir, en eins og áður segir, eru ærin verkefni framundan við endurbyggingu hafskipabryggjunnar.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Viðgerðar-bryggja í Skipavík 30 x 12 m² ..	2,2	40	0,9	1,3
										Samtals	2,2		0,9	1,3


SÚGANDISEY
STÆKKUN BRYGGJU
Í STYKKINU, VERK EFTIR 1972
10 0 10 50 100 M
HJALLSEY
STAKKSEY
SÚGANDISEY
LANDEY
STYKKISHÓLMUR
SKIPAVÍK
DRÁTTARBRAUT
VIÐGERÐARBRYGGJA
V/ DRÁTTARBRAUT
Í SKIPAVÍK. (1971-'72)
HLIÐARFÆRSLUGARÐAR
V/ DRÁTTARBRAUT LOKA-
ÞÁTTUR EFTIR 1972
NESVOGUR
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 1042
MKV. 1: 20.000
HÖSKULDSEY
STYKKISHÓLMUR
HVAMMSFJÖRÐUR
GRUNDARFJÖRÐUR
KOLGRAFAFJÖRÐUR
ALFTAFJÖRÐUR
TÁKN VERKA
VERK 1969
-"- 1970
-"- 1971 - 1972
DÝPKUN 1969
-"- 1970
-"- 1971 - 1972
UPPFYLLING 1969
-"- 1970
-"- 1971 - 1972
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
STYKKISHÓLMUR
H 5-F4
1968

BÚÐARDALUR


Búðardalur er verzlunarmiðstöð fyrir Dalasýslu og innanverða Skógarströnd. Hafnaraðstaða hefur verið mjög erfið þar, enda litlir flutningar, sem hafa farið þar um á sjó. Meginsamband sitt við Reykjavík hefur Búðardalur haft landleiðina. Nokkrir þungaflutningar, svo sem áburðarflutningar, hafa þó farið fram um höfnina.

Dálítill steyptur bryggjustubbur var í Búðardal, þannig að flóabáturinn Baldur gat athafnað sig þar á hálfföllnum sjó í góðu veðri. Á síðastliðnum tveimur árum hefur verið unnið að lengingu bryggjunnar og því verki að mestu lokið. Eftir var þó að byggja síðasta hluta bryggjuhaussins, en allt efni er komið á staðinn. Með því að ljúka þeim áfanga, sem þegar er hafinn, má telja, að viðunandi aðstaða hafi fengizt á Búðardal með tilliti til þeirra flutninga, er þar fara um.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Lokafrágangur á bryggju. Lenging með stauragrind, sem er á staðnum um 10 m	0,5	40	0,2	0,3	Engar					Engar				
Samtals	0,5		0,2	0,3										


LOKA FRÁGANGUR Á BRYGGJU
LENGING MED STAURAGRIND
SEM ER Á STAÐNUM UM 10M.
BÚÐARDALUR
HVAMMSFJÖRÐUR
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
DÝPKUN 1969
UPPFYLLING 1969
" 1970
" 1970
" 1970
1971 1972
1971 1972
1971 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 162
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
BÚÐARDALUR
H 6-F4
1968

PATREKSFJÖRÐUR

Patreksfjörður liggur á milli Blakks og Tálkna. Hann er hreinn og djúpur. Aðsigling er auðveld, en í hafáttum er þó ekki ráðlegt að fara nálægt landinu að sunnanverðu, því að þar getur brotið alllangt frá landi. Kauptúnið er að norðanverðu við miðjan fjörðinn, og er höfnin á Vatneyri. Ofan við eyrina eru há fjöll og lítið undirlendi. Á eyrinni var allstór tjörn, sem nú hefur verið dýpkuð og gerð þar höfn.

Patreksfjörður er fyrst og fremst fiskihöfn en jafnframt héraðsmiðstöð og samgöngumiðstöð fyrir suðurhluta Vestfjarða. Um höfnina fara því bæði nýr fiskur til vinnslu og fiskafurðir til útflutnings og almennar neyzluvörur, sem notaðar eru í héraðinu. Vegna þess, hversu stopult vegasamband er til Patreksfjarðar frá Suðurlandi að vetri til, er höfnin mjög þýðingarmikil fyrir allar samgöngur.

Telja má, að nú sé höfnin nokkurn veginn fullnægjandi fyrir flutninga, en nokkuð meira rými til löndunar og geymslu á bátafiski væri æskilegt.

Höfnin er grafin inn í ytri hluta Vatneyrar, og er því mjög gott skjól, þegar inn er komið. Nokkrir erfiðleikar eru þó á að taka höfnina í vondu veðri.

Aðalhafnarbakkarnir eru gerðir úr stálþili. Enn er þó ekki fyllilega frá þeim gengið, þar sem þekjur hafa ekki verið steyptar meðfram þeim. Svo sem áður sagði, eru nokkrir erfiðleikar á að taka höfnina í vondu veðri. Úr því mætti nokkuð bæta með byggingu stutts hafnargarðs til lengingar á grandanum utan innsiglingarásarinnar og þá með öflugum garðhaus. Yfirleitt má telja, að hafnarmannvirkin séu í góðu ásigkomulagi, nema hvað smábátaaðstöðu viðvíkur, sem er innst í höfninni og lítið hefur verið notuð.


Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir, að fyrst og fremst verði unnið að frekari dýpkun í höfninni og gerð þekja á þann hluta hafnarbakkans, sem mest er notaður af fiskibátum.

Framundan er síðan frekari dýpkun í höfninni og bygging léttra bryggja, fyrst og fremst til geymslu fyrir báta.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	H uti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Steypt þekja 15 m br., 1. áfangi 220 m	2,8	40	1,1	1,7	Dýpkun 10.000 m³ ..	1,7	75	1,3	**0,4**
					Samtals	2,8		1,1	1,7	Samtals	1,7		1,3	0,4


DÝPKUN Í -4,0 M
50.000 M³ EFTIR '72
LÉTT
VIÐLEGUBRYGGJA
VERK EFTIR 1972
DÝPKUN
10.000 M³
VERK 1972
80 M.
1. ÁFANGI
STEYPT ÞEKJA. 15 M. Á BREIDD
2. ÁFANGI
STEYPT ÞEKJA 15 M. Á BREIDD
VERK EFTIR 1972
FRÁGANGUR
Á HAUS EFTIR -'72.
10 0 50 100m
TÁLKNAFJÖRÐUR
PATREKSFJÖRÐUR
VATNEYRI
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 1027
MKV. 1:100.000
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
PATREKSHÖFN
H9-F4
1968


TÁLKNAFJÖRÐUR

Tálknafjörður liggur milli Tálkna og Kópaness. Að norðanverðu fyrir fjarðarbotninum er löng og mjó eyri. Þar er nokkur byggð og verzlun. Innan við eyrina er skipalega, sem er örugg í öllum áttum. Leiðin inn fyrir eyraroddann liggur um mjótt og straumhart sund, en leiðin er vel merkt.

Tálknafjörður er fyrst og fremst fiskihöfn, en sveitin, sem nýtir höfnina, er mjög lítil. Höfnin er, frá náttúrunnar hendi, mjög góð, þannig að mannvirki þar hafa verið ódýr í byggingu.

Núverandi mannvirki virðast að mestu fullnægja þeim þörfum, sem eru í dag og fyrirsjáanleg á næstu árum.

Hafnarbryggjan er gerð úr stálþili hið fremra, en steinsteypu hið efra. Segja má, að mannvirki séu í mjög góðu ásigkomulagi og fullnægi þörfum, þannig að engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á áætlunartímanum.



Alþt. 1968. A. (89. löggjafarþing). 227

BÍLDUDALUR

Að sunnanverðu við innanverðan Arnarfjörð, þar sem Suðurfirðir skerast inn, er lítill vogur, Bíldudalsvogur. Við vestanverðan voginn undir háu fjalli er kauptúnið Bíldudalur í Suðurfjarðahreppi. Vogurinn er hreinn og djúpur framan til, og er aðsigling auðveld. Fjallaköst geta verið mikil, og í norðanátt getur leitt mikla kviku inn á voginn.

Bíldudalur er fyrst og fremst fiskihöfn, þó að nokkur sveit sé þar í kring. Flutningar um höfnina eru því nær eingöngu fiskafurðir og útgerðarvörur, svo og almennar neyzluvörur til íbúa staðarins.


Núverandi mannvirki eru gömul trébryggja, sem var endurbyggð fyrir nokkrum árum, og því í allsæmilegu ásigkomulagi, utan landgangur, sem þarfnast styrkingar eða endurnýjunar. Þá er nýr stálþilsgarður, sem bæði þjónar hlutverki hafskipabryggju og myndar jafnframt bátakví með skjóli fyrir norðan báru. Telja má, að mannvirkin fullnægi að mestu þörfum útgerðarinnar í dag, að öðru leyti en því, að í einstaka vindáttum gætir óróa innan stálþilsgarðsins, þannig að minni bátum er þar hætt.

Er því fyrirhugað, að gerður verði garður til varnar öldu, er kæmi innan úr botni Bíldudalsvogar. Þá er og gert ráð fyrir að gera grjótfyllingu undir landgang gömlu trébryggjunnar. Þá er og gert ráð fyrir nokkurri dýpkun á hafnarsvæðinu. Með þessum aðgerðum ætti hafnaraðstaða á Bíldudal að vera orðin mjög góð, miðað við þá útgerð, sem þar er í dag og vænta má að verði í náinni framtíð.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Brimvarnar-garður 7.900 m³	2,8	75	2,1	0,7	Dýpkun 13.000 m³ ...	1,1	75	0,8	0,3
										Fyrirstöðu-garður	1,0	40	0,4	0,6
										Grjótfylling við gamla trébryggju 3.200 m³	1,1	75	0,8	0,3
					Samtals	2,8		2,1	0,7	Samtals	3,2		2,0	1,2


ARNARFJÖRÐUR
SUÐURFJÖRÐIR
Bíldudalur
Hvassnes
MKV. 1:100.000
UPPFYLLING FRÁ DÝPKUN
FYRIRSTÖÐU-GARÐUR
KAUPFÉLAG
Hraðfrystihús
Skúr
Beinamjölverksmiðja
Muggshús
+4,2M
+4,2M
BRJÓTFYLLING V/GAMLA TRÉBRYGGJU
DÝPKUN Í -4,5M. 13.000 M³
BRIMVARNARGARÐUR
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 342
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
BÍLDUDALUR
H II - F4
1968
MKV. 1:2000

ÞINGEYRI

Dýrafjörður er milli Hafnarness og Barða. Innarlega að sunnanverðu í firðinum er malareyri, sem nefnist Þingeyri, en á eyrinni og innan við hana er samnefnt kauptún. Fjörðurinn er hreinn og innsigling auðveld.

Þingeyri byggir, eins og önnur kauptún á Vestfjörðum, tilveru sína á sjávarútvegi. Höfnin er því fyrst og fremst fiskihöfn, þótt nokkur landbúnaður sé einnig í héraðinu.

Flutningar, sem um höfnina fara, eru helzt fiskur og fiskafurðir, ásamt almennum neyzluvörum. Með núverandi mannvirkjum fullnægir höfnin að mestu þeim þörfum, sem fyrir hendi eru, en nokkur bót væri að dýpkun á hafnarsvæðinu.


Hafnarmannvirkin eru: Gömul trébryggja, byggð þó að nokkru á járnstaurum og var eina bryggja bæjarins til skamms tíma. Stálþilsbryggja var byggð fyrir nokkrum árum, en við hana er mjög góð viðleguaðstaða fyrir flutningaskip og jafnframt skjól fyrir fiskibáta. Fyrir stærri fiskibáta er þó nokkuð þröngt innan bryggjuhaussins. Er því áætlað að dýpka nokkurt svæði, jafnframt því að gerð yrði fylling, þannig að beint samband fengist milli beggja mannvirkjanna, gömlu bryggjunnar og nýju bryggjunnar.

Að loknum þessum aðgerðum ætti ekki frekari hafnarframkvæmda að vera þörf í bráð á Þingeyri, en möguleikar eru miklir til að byggja innan hafnarsvæðisins, bæði fyrir minni og stærri báta.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Dýpkun 15.000 m³ ...	1,6	75	1,2	0,4
										Fyrirstöðugarður	0,9	40	0,4	0,5
										Samtals	2,5		1,6	0,9


DÝRAFJÖRÐUR
Hlaðsnes
Hafnarnes
Þingeyri
Hafðoddi
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
-"- 1970
-"- 1971-1972
DÝPKUN 1969
-"- 1970
-"- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
-"- 1970
-"- 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 375
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÞINGEYRI
H 12-F4
1968
MKV. 1:2000
VITI HV. L. 5 SEK.
UPPFYLLING FRÁ DÝPKUN
FYRIRHUGUÐ GARÐSTÆÐI
DÝPKUN 1. ÁFH. 15.000 M³

FLATEYRI

Önundarfjörður er hreinn, en frekar grunnur fjörður milli Barða og Sauðaness. Flateyri er innarlega að norðanverðu í firðinum, og er þar samnefnt kauptún. Eyrin er lág.


Flateyri er fyrst og fremst fiskihöfn, og þær vörur, er um höfnina fara, að mestu fiskafurðir og útgerðarvörur. Jafnframt gegnir höfnin mikilvægu hlutverki, sérstaklega að vetri til, sem almenn flutningahöfn fyrir nauðsynjavörur og farþega.

Með þeim mannvirkjum, sem gerð hafa verið á síðustu árum, má telja, að þegar þau eru fullbyggð, muni höfnin fullnægja þessu hlutverki sínu. Meginmannvirkin eru gerð sem stálþilsbakkar og eru í mjög góðu ásigkomulagi. Ekki er þó lokið frágangi á þekju við hluta af stálþilinu og nauðsynlegt að grafa þá 40.000 m³, sem áætlunin gerir ráð fyrir, svo að telja megi, að full not fáist af mannvirkjunum. Æskilegt mun þó innan tíðar að gera sérstaka aðstöðu fyrir opna vélbáta.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Dýpkun 40.000 m³ ...	3,0	75	2,3	0,7
										Fyrirstöðugarður	0,6	40	0,2	0,4
										Samtals	3,6		2,5	1,1


SUÐURGATA
SUÐURBRYGGJA
SUÐURBRYGGJA
FLATEYRI
HOLTAGARÐUR
ÖRNINN
TÁKN VERKA
VERK 1969
-"- 1970
-"- 1971 - 1972
1969
1970
1971 - 1972
UPPFYLLING 1969
-"- 1970
-"- 1971 - 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 508
VITA - OG HAFNARMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNARGERÐA
FLATEYRI
H13-F4
FYRIRSTÖÐUBRIMGARÐUR
UPPFYLLING FRÁ ÝPARUN
ÝPARUN Í +5,0 M. 40.000 M²
STEYPT ÆFKJA FULLGERÐ FRÁ VATNS, RAFMAGNI OG LÝSINGU. VERK EFTIR 1972

SÚGANDAFJÖRÐUR

Súgandafjörður er milli Galtar og Sauðaness. Hann er ekki skipgengur nema yzt. Kauptúnið Suðureyri er á lágri sandeyri á suðurströnd fjarðarins undir háu fjalli, og er þar lítið undirlendi. Norðan fjarðarins, andspænis Suðureyri, er allstór eyri, Norðureyri. Sundið á milli er um 500 m breitt. Rétt innan við eyrarnar liggur grunn þvert yfir fjörðinn. Nefnist það „Hólminn" og kemur að nokkru leyti upp úr á fjöru. Í gegnum grunnið, skammt frá Suðureyri, liggur örmjó renna með um 2.5 m dýpi, og geta bátar farið um hana inn á fjörðinn, sem þar er grunnur.

Suðureyrarhöfn er, eins og aðrar Vestfjarðahafnir, fyrst og fremst fiskihöfn, en vegna mjög erfiðs vegasambands við umhverfið, sérstaklega að vetrum, er höfnin mjög þýðingarmikil fyrir alla aðra flutninga, bæði fólksflutninga og vöruflutninga. Telja má, að höfnin í dag fullnægi öllum þessum þörfum.


Hafnarmannvirkin á Suðureyri eru á tveimur stöðum. Annars vegar brimbrjóturinn, hafnargarður byggður utan til við Eyrina og nú fyrst og fremst notaður af flutningaskipum. Hins vegar bátahöfnin, sem er innan til á eyrinni og veitir mjög góða aðstöðu fyrir bátaflotann. Hafnargarðurinn er byggður úr steinsteyptum kerjum, og var hann síðast lengdur árið 1956. Síðan hefur hann látið nokkuð á sjá, og er þörf á að bæta utan á hann grjóti, bæði til að gera skipum kleift að vera við hann í verra veðri en nú er, og einnig til styrkingar. Þá er þekja brjótsins illa farin og þarfnast endurnýjunar. Bátahöfnin er grafin inn í innanvert við Suðureyrina, og er með hafnarbökkum úr stálþili. Var lokið frágangi á þeim á síðastliðnu ári, og má segja, að öll þau mannvirki séu í mjög góðu ásigkomulagi að öðru leyti en því, að lítilsháttar lagfæring væri æskileg á innri hafnargarðinum, sem gerður er úr smáu grjóti.

Að loknum þeim framkvæmdum, sem hér hefur verið minnzt á og áætlað er að vinna að á áætlunartímabilinu, ætti höfnin að teljast í mjög góðu lagi og frekari framkvæmda ekki að vera þörf, nema til komi allveruleg aukning á bátaflota. Nokkur aðstöðubót fyrir minnstu bátana, opna vélbáta, væri þó æskileg.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr
Engar					Engar					Viðgerð og þekja á brimbrjót	0,6	75	0,5	0,1
										Grjótfylling utan á brimbrjót	4,2	75	3,1	1,1
										Viðgerð á eystri garði með grjótfyllingu	0,5	75	0,4	0,1
										Samtals	5,3		4,0	1,3


SÚGANDAFJÖRÐUR
H 14-F4
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 141
VIÐGERÐ OG ÞEKJA Á BRIMBRJÓT, VERK 1971-1972
GRJÓTFYLLING UTAN Á BRIMBRJÓT
VIÐGERÐ Á EKSTRI GARÐI MEÐ GRJÓTFYLLINGU
TÁKN VERKA
VERK 1969
-//- 1970
-//- 1971-1972
DÝPKUN 1969
-//- 1970
-//- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
-//- 1970
-//- 1971-1972
ÚNUNDARFJÖRÐUR
FLATEYRI
SÚÐUREYRI
SÚGANDAFJÖRÐUR
1:100 000

BOLUNGARVÍK

Bolungarvík skerst inn í landið milli Stigahlíðar og Óshlíðar, utarlega við Ísafjarðardjúp. Víkin er grunn og opin fyrir hafsjó. Frá náttúrunnar hendi eru mjög erfið skilyrði til hafnargerðar í víkinni, höfnin óvarin í N og NA veðrum. Verða bátar frá Bolungarvík tíðum að leita hafnar á Ísafirði, og er um klukkustundar sigling þangað. Inn af víkinni eru tveir dalir, umluktir háum fjöllum. Þar er talsverð byggð.

Bolungarvíkurhöfn er fyrst og fremst fiskihöfn, en um hana fara einnig útgerðarvörur og aðrar neyzluvörur til íbúa bæjarins og næsta nágrennis. Að sjálfsögðu er mikið flutt út um höfnina, einnig þótt ekki sé hún trygg fyrir stærri skip og mikið af útflutningsvörum Bolvíkinga verði að fara um Ísafjarðarhöfn. Höfnin er hvergi nærri fullnægjandi til þessara nota, m. a. vegna þess að ekki er nægilegt skjól til geymslu á bátum, og fyrir flutningaskip er erfitt að athafna sig vegna þrengsla, svo og vegna þess, hversu höfnin er sett gagnvart vindi og veðri. Aðalhafnarmannvirkið í Bolungarvík er brimbrjóturinn svonefndi, mikill garður, byggður úr steinkerjum og með stálþili að innan. Er allt mannvirkið tiltölulega nýendurbyggt. Þá var byggður á síðastliðnu ári mikill grjótgarður, innri hafnargarður, er afmarkar framtíðarhafnarsvæði Bolungarvíkur.


Mikið verk er þó óunnið, áður en Bolungarvíkurhöfn verður talin góð fyrir bátaflotann. Er þar fyrst að telja, að allt hafnarsvæðið er mjög grunnt, og verður því að gera ráð fyrir mikilli dýpkun, áður en úrbót fæst, en þessi dýpkun er allerfið vegna þess, hvernig hluti af því efni, sem grafa þarf, er. Er hér um að ræða móhellu og grjót. Þó er gert ráð fyrir, að takast megi að dæla verulegum hluta þess magns, sem fjarlægja þarf.

Á áætlunartímabilinu er fyrirhugað að grafa um 70 þús. rúmmetra af hafnarsvæðinu, byggja nýja bátabryggju innan við nýjan grjótgarð, er myndar innri höfn. Að loknum þessum framkvæmdum ætti bátaflotinn að hafa eignazt öruggt lægi í öllum veðrum. Sömuleiðis ætti aðstaða til afgreiðslu flutningaskipa að hafa batnað allmjög. Helzta verkefnið, sem þá er óunnið við Bolungarvíkurhöfn, er gerð hauss á innri hafnargarðinum, en það verk hefur ekki verið tekið með á áætlunartímanum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar milj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Dýpkun með dælingu 55.000 m³ ...	5,0	75	3,7	1,3	Trébryggja á innri garð ..	5,0	40	2,0	3,0
					Dýpkun með „Gretti" 17.000 m³ ...	5,0	75	3,8	1,2	Lýsing, vatn og rafmagn á innri garð ..	1,0	40	0,4	0,6
										Innri garður	2,2	40	0,9	1,3
					Samtals	10,0		7,5	2,5	Samtals	8,2		3,3	4,9



LÝSING, VATN OG RAFMAGN 1971-72
DÝPKUN M. „GRETTI" 17.000 M³
ENDURBÆTUR OG VIÐBÓT Á SJÓVARNARGARÐI VERK EFTIR 1972
DÝPKUN MEÐ DÆLINGU 55.000 M³
INNRI GRJÓTGARÐUR
TRÉBRYGGJA Á INNRI GARÐI
10.0 50 100m
MÆLT 1957 OG 1963 OG 1967
JÖKULFIRÐIR
ÍSAFJARÐARDJÚP
BOLUNGAVÍK
SUÐUREYRI
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
FLATEYRI
SÚÐAVÍK
MKV. 1:250 000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 957
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
BOLUNGAVÍK
H 15-F4 Okt. 1968

HNÍFSDALUR

Hnífsdalur er við mynni Skutulsfjarðar, nokkuð norðan Ísafjarðarkaupstaðar. Hafnarskilyrði eru mjög slæm í sjálfri víkinni, sem Hnífsdalur gengur upp af, en nokkru innar hefur verið gerð um 80 m löng steinbryggja, og við hana er frystihús og fiskimjölsverksmiðja. Hafnarmannvirkin eru nær eingöngu notuð til löndunar á fiski. Allar afurðir eru fluttar með bifreiðum til Ísafjarðar til útflutnings. Sömuleiðis eru bátar yfirleitt geymdir á Ísafirði, nema í einsýnu veðri. Telja má, að mannvirkin fullnægi þeim notum, sem áður er um getið, enda er vart við því að búast, að byggð verði örugg höfn í Hnífsdal, hvorki fyrir skip eða til geymslu báta.

Garðurinn er gerður úr steinsteyptum kerjum, og er við hann viðlega fyrir bátana að innanverðu. Mannvirkið hefur látið allmjög á sjá hin seinni ár og þarfnast mjög verulegrar viðgerðar, eða gagngerðrar endurbyggingar.

Með tilliti til þess, hversu mikið þyrfti að leggja í kostnað við mannvirkin og lítill árangur mundi nást miðað við flutninga á hráefni frá Ísafirði, hefur í áætlun þessari ekki verið gert ráð fyrir, að endurbyggingin færi fram á áætlunartímabilinu.


+3,8m
10 0 10 20 30 40 50 m
MÆLT 1962
ÍSAFJARÐARDJÚP
BOLUNGAVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES. 1967: 331
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HNÍFSDALUR
H16-F4

ÍSAFJÖRÐUR

Skutulsfjörður gengur suður úr Ísafjarðardjúpi milli Valla og Arnarness. Fjörðurinn er hreinn, en innarlega í honum er eyri, næstum þvert yfir hann. Leiðin inn á höfnina er þröng og frekar grunn. Ytri hluti leiðarinnar nefnist „Sundin". Hefur innsiglingin verið dýpkuð, og er minnsta dýpi þar nú um 6.2 m. Á veturna, þegar lagís er á Pollinum, getur hann brotið upp í SV átt, rekið út Sundin og valdið erfiðleikum við innsiglingu. Ágætt er að liggja við bryggjurnar við Pollinn í allflestum veðrum. Þó getur komið allsnörp vindbára, þegar vindur stendur út fjörðinn.

Ísafjörður er miðstöð verzlunar og viðskipta miðhluta Vestfjarða. Um höfnina fara því miklir almennir vöruflutningar, þótt fiskafurðir séu þeir þýðingarmestu. Mikið er einnig flutt um Ísafjarðarhöfn af afurðum frá nærliggjandi sjávarþorpum, Súgandafirði, Hnífsdal, Bolungarvík og Súðavík. Á Ísafirði er dráttarbraut fyrir allt að 400 lesta þung skip og í sambandi við hana þjónustumiðstöð fyrir bátaflotann á Vestfjörðum.

Má telja, að aðstaða fyrir flutningaskip og vöruafgreiðslu sé allgóð, en bátafloti Ísfirðinga hefur takmarkað rými, ekki sízt vegna ásóknar báta úr nálægum verstöðvum. Mikil útgerð minni vélbáta er frá Ísafirði, einkum þegar rækjuveiðar eru stundaðar, og hafa þeir verið á nokkrum hrakhólum um höfnina. Ákveðið hefur verið nú að byggja sérstaka bátahöfn Sundamegin á eyrinni. Þá er áætlað að steypa þekju á hafskipabakkann og bæta þannig aðstöðu til vöruafgreiðslu. Einnig er ráðgerð viðgerðaraðstaða við dráttarbrautina fyrir báta á floti.

Að loknum þessum aðgerðum ætti aðstaða við Ísafjarðarhöfn að vera allgóð miðað við núverandi notkun, en möguleikar til aukningar hafnarmannvirkja eru mjög góðir, bæði utan og innan á eyrinni.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969


Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Dýpkun 17.000 m³ .	1,2	75	0,9	0,3
Fyrirstöðugarðar	2,0	40	0,8	1,2
Ytri brimvarnargarður	5,1	75	3,8	1,3
Innri garður	1,6	40	0,6	1,0
Stálþilsbakki með öllum frágangi	7,9	40	3,2	4,7
Létt trébryggja með öllum frágangi ...	3,0	40	1,2	1,8
Vegagerð o. fl.	0,5	40	0,2	0,3
Samtals	21,3		10,7	10,6

Verk 1970

Framkv.	Heild. kostn. millj kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Steypt þekja á hafskipabakka	1,8	40	0,7	1,1
Samtals	1,8		0,7	1,1

Verk 1971—1972

Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Stálþilsbakki við dráttarbraut	11,2	40	4,5	6,7
Samtals	11,2		4,5	6,7


STÁLÞILSBAKKI
STEYPT ÞEKJA
VATNSLÖGN, LÝSING
OG RAFMAGN
EFTIR 1972.
STEYPT ÞEKJA
YTRI
BRIMVARNARGARÐUR
LÉTT-TREBRYGGJA
DÝPKUN Í +3,6 M.
INNRI GARÐUR OG
STÁLÞILSBAKKI
UPPFYLLINGU FRÁ DÝPKUN
FYRIRSTÖÐUGARÐUR
UPPFYLLING
EFTIR 1972
VIÐGERÐAR
BAKKI
FLUGVÖLLUR
MKV. 1:7500
BOLUNGAVÍK
ÍSAFJARÐARDJÚP
HNÍFSDALUR
SKUTILSFJÖRÐUR
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐAVÍK
MKV. 1:100.000
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 2710
TÁKN VERKA
VERK 1969
DÝPKUN 1969
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÍSAFJÖRÐUR
H 17 - F4
1968

SÚÐAVÍK

Álftafjörður er í sunnanverðu Ísafjarðardjúpi, milli Arnarness og Kambsness. Hann er djúpur og hreinn og aðsigling auðveld. Vestanvert við mynni fjarðarins er kauptúnið Súðavík undir háu fjalli. Undirlendi er lítið. Nokkru innan við Súðavík er malareyri, Langeyri. Þar er lítil byggð önnur en hraðfrystihús, sem nú er notað til rækjuvinnslu.

Súðavíkurhöfn er fyrst og fremst fiskihöfn, en flutningar á nauðsynjum, svo og fiskafurðum fara að mestu um Ísafjarðarhöfn. Ein trébryggja er á staðnum, sem, ef nægilega sterk væri, myndi geta fullnægt þeim bátaflota, sem þaðan er gerður út, en bryggjan er gömul og veikbyggð og því alls ófullnægjandi. Á síðastliðnu ári var byggður brimvarnargarður utan við trébryggjuna, og bætir hann mjög aðstöðu bátanna við hana. Frekari viðlegukanta er þó þörf, sérstaklega þar sem bátaflotinn hefur mjög breytzt á síðastliðnum árum, bátarnir eru orðnir mun stærri en áður var. Í áætlun þeirri, sem hér er lögð fram, er gert ráð fyrir, að á sumrinu 1969 verði gamla trébryggjan lagfærð, en síðan verði byggð ný bryggja innan á brimvarnargarðinn, þannig að þar fáist góð aðstaða fyrir fiskibátana. Hugmynd er um, að brimvarnargarðurinn verði lengdur nokkuð síðar og á hann byggður haus úr stálþili, þannig að jafnframt megi nota hann sem uppskipunarbryggju fyrir flutningaskip og viðlegu fyrir minni báta, innan á garðhausnum.

Miðað við núverandi útgerð í Súðavík, ætti þessi framkvæmd þó ekki að þurfa að koma til á áætlunartímanum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969


Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Endurbygging á trébryggju	0,8	40	0,3	0,5
Samtals	0,8		0,3	0,5

Verk 1970

Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar				

Verk 1971—1972

Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr
Trébryggja 50 m innan á grjótgarði	3,0	40	1,2	1,8
Samtals	3,0		1,2	1,8



ISAFJARÐARDJÚP
HNÍFSDALUR
ISAFJ.
SÚÐAVÍK
ALFTAFJÖRÐUR
SELÁRDALSFJÖRÐUR
HESTFJÖRÐUR
SKÖTUFJÖRÐUR
BÚÐAKÍÓLI DES. 1967 205
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
SÚÐAVÍK
H 18 - F4
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
DÝPKUN 1969
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1970
—"— 1971-1972
—"— 1971-1972
—"— 1971-1972
ENDURBYGGING Á BRYGGJU (1969)
TRÉBRYGGJA SEM INNAN Á BRJÓTGARÐI VERK 1971-'72
MÆLT 1959

NORÐURFJÖRÐUR

Norðurfjörður er samastaður Kaupfélags Árneshrepps, sem er helzta verzlun á norðanverðum Ströndum. Fjörðurinn er opinn til SA og A, en gott skjól er þar í norðlægum áttum. Engin útgerð er frá Norðurfirði.

Á Norðurfirði er steinsteypt bryggja, sem notuð hefur verið til vöruflutninga. Þó er hún ekki það löng, að strandferðaskip geti athafnað sig við hana, heldur verður uppskipun að fara fram með uppskipunarbátum. Á Ingólfsfirði er gömul trébryggja í einkaeign, þar sem strandferðaskipin geta athafnað sig. Hins vegar er fjallvegurinn milli Ingólfsfjarðar og Norðurfjarðar oft ófær á vetrum, og því nauðsynlegt að uppskipunaraðstaða né nokkur á Norðurfirði. Bryggjan þar hefur nýlega verið lagfærð og er í sæmilegu ásigkomulagi.

Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum þar á áætlunartímabilinu.



HÚNAFLÓI
NORÐURFJÖRÐUR
INGÓLFSFJÖRÐUR
GJÖGUR
REYKJARFJÖRÐUR
M. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
" 1970
" 1971 - 1972
DÝPKUN 1969
" 1970
" 1971 - 1972
UPPFYLLING 1969
" 1970
" 1971 - 1972
VERK EFTIR 1972
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
NORÐURFJÖRÐUR
H 20 - F4
1358
M. 1:1000

DRANGSNES

Drangsnes liggur við utanverðan Steingrímsfjörð að norðanverðu. Er þaðan nokkur útgerð, sérstaklega opinna vélbáta. Hins vegar hefur mjög dregið úr allri starfsemi þar á seinni árum, eftir að fiskur hætti að ganga á grunnmið á Húnaflóa.

Á Drangsnesi er steinsteypt bryggja, og þar er löndunaraðstaða fyrir bátaflotann, og hin minni strandferðaskip geta einnig athafnað sig við hana. Bryggjan var endurbyggð að nokkru á árunum 1967—68, og var þá orðin í allgóðu ásigkomulagi. Einhverjar skemmdir munu hafa orðið af hafís í janúar/febrúar 1969, en þær eru ekki fullkannaðar enn þá. Líklegt má telja, að viðgerð þurfi að fara fram fljótlega.

Aðrar framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á Drangsnesi.


KALDRANANES
GRÍMSEY
DRANGSNES
HÚNAFLÓI
STEINGRÍMSFJÖRÐUR
HÓLMAVÍK
M.K. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
" 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES. 1967: 101
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
DRANGSNES
H 22-F4
1968
Bátavör
1:500

HÓLMAVÍK


Kauptúnið Hólmavík er við vestanverðan Steingrímsfjörð, á breiðri eyri norðan við litla vík, samnefnda kauptúninu. Fyrir mynni víkurinnar og SV af eyrinni er lítil eyja, svonefndur Hólmi, og dregur staðurinn nafn af honum.

Steingrímsfjörður er langur og djúpur fjörður, og er innsigling inn að Hólmavík greið. Þó ber að varast að fara of nálægt landi, því að beggja vegna eru bæði klakkar og grunn. Skipalegan á Hólmavík er talin góð og ekki hætta á, að afgreiðsla skipa tefjist vegna veðurs, nema helzt í sunnan stormi.

Hólmavík er miðstöð samgangna um innanverðar Strandir, jafnframt því að þaðan er nokkur útgerð. Höfnin hefur því tvíþættu hlutverki að gegna.

Á árunum 1961—62 voru hafnarmannvirki þar endurbyggð, og gerð var hafskipa- og bátabryggja úr stálþili. Er hafnaraðstaða þar fullnægjandi fyrir þær þarfir, sem eru þar nú. Auðvelt er einnig að bæta aðstöðuna.

Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum á áætlunartímabilinu.


N
10 0 50m
MÆLT 1936
SELSTRÖND
HÓLMAVÍK
STEINGRÍMSFJÖRÐUR
1:100.000
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 358
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HÓLMAVÍK
H 23-F4
1968

HVAMMSTANGI


Hvammstangi er við austanverðan Miðfjörð. Er kauptúnið á litlum tanga, sem gengur út í fjörðinn. Miðfjörður er hreinn fjörður, þegar inn á hann er komið, að undanteknum rifjum vestan til í honum. Innsiglingin inn að firðinum er varasöm, því að utarlega í Húnaflóa er fjöldi skerja og grynninga.

Hvammstangi er fyrst og fremst vöruflutningahöfn fyrir V.-Húnavatnssýslu. Flutningar um höfnina eru þó litlir, utan þungaflutninga til landbúnaðarins, og þá aðallega vor og haust. Hafnarmannvirkin þar eru steinsteypt bryggja, að mestu gerð úr kerjum, sem sett voru niður með nokkru millibili. Nokkrir erfiðleikar eru fyrir flutningaskipin að athafna sig við mannvirkið, þar sem það er á of grunnu vatni fyrir hin stærri þeirra. Til að bæta úr þessu eru tvær leiðir. Er gert ráð fyrir, að á áætlunartímabilinu verði grafið upp með bryggjunni, þannig að hún nýtist betur, en síðar verði svo garðurinn lengdur um 20 m, en óvíst er hvenær af því verður.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Dýpkun með Gretti 10.000 m³ ...	1,5	75	1,1	0,4	Engar				
					Samtals	1,5		1,1	0,4					



Alþt. 1968. A. (89. löggjafarþing). 230

BLÖNDUÓS

Blönduós er við SV-verðan Húnaflóa við ósa Blöndu. Skiptir Blanda kauptúninu í tvo hluta. Er staðurinn verzlunarmiðstöð fyrir A.-Húnavatnssýslu. Nokkuð norðan við þorpið hefur verið byggð bryggja undir háum og bröttum bökkum. Er hún gerð úr steinsteypu, kerjum framan til, en görðum með grjótfyllingu á milli ofan til. Um bryggjuna fara nokkrir vöruflutningar, sérstaklega þungavöruflutningar vegna landbúnaðarins í héraðinu. Einnig olíuflutningar. Útgerð er engin.


Þar sem bryggjan er of stutt til að veita verulegt skjól fyrir stórskip, hafa heimamenn lagt ríka áherzlu á að fá hana lengda. Er á áætlunartímabilinu gert ráð fyrir, að hún verði lengd um 30 m, og hafa þegar verið steypt steinker til þeirra framkvæmda, og eru þau nú geymd á Skagaströnd.

Að lokinni þessari lengingu ættu hafnarmannvirkin að gegna fullkomlega hlutverki sínu og frekari úrbóta ekki að vera þörf um fyrirsjáanlegan tíma.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Lenging hafnargarðs um 30 m með tveim kerjum (kerin eru til)	0,6	75	0,5	0,1	Frágangur á lengingu hafnargarðs .	3,4	75	2,5	0,9	Engar				
Samtals	0,6		0,5	0,1	Samtals	3,4		2,5	0,9					


LENGING GARÐS
MEÐ TVEIMUR STEINKERJUM
TVÖ KER 12×12 M
GEYMD Á SKAGASTRÖND
12
30M
FRÁGANGUR Á LENGINGU
VERK 1970.
10 0 50 100m
1:100.000
HÚNAFJÖRÐUR
BLÖNDUÓS
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 670
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
BLÖNDUÓS
H 25-F4
1968

SKAGASTRÖND

Höfðakaupstaður (Skagaströnd) er við litla vík, sunnan við Spákonufellshöfða við austanverðan Húnaflóa. Víkin er hrein og auðveld innsigling vestan frá.


Skagaströnd er frá fornu fari verzlunarstaður, en á seinni árum hefur verzlunin mjög dregizt þaðan og til Blönduóss. Hin seinni ár hefur útgerð verið helzti atvinnuvegurinn. Á árunum milli 1940—50 var ákveðin alhliða uppbygging á Skagaströnd. Var þá byggð mikil síldarverksmiðja og jafnframt lagt mikið fé til hafnarbóta. Ekki tókst þó að ljúka við öll þau verk, og standa þar enn mikil mannvirki hálflokið, en útgerð frá Skagaströnd hefur ekki verið það mikil, né skipakomur þangað, að réttlætt hafi, að stórfé væri lagt til að fullgera mannvirkin. Má þó með tiltölulega litlum kostnaði gera þar mjög góða hafnaraðstöðu. Verkefni þau, er við blasir að vinna, eru því fyrst og fremst að hindra skemmdir á þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, fremur en að byggja ný, og jafnframt koma þessum mannvirkjum í það ástand, að þau fullnægi þörfum íbúa bæjarins.

Hefur því verið ákveðið að mæla aðeins með styrkingu aðalhafnargarðsins á áætlunartímabilinu, en hann er nú þegar í talsverðri hættu.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Styrking hafnargarðs .	1,7	75	1,3	0,4
										Samtals	1,7		1,3	0,4


ENDURBYGGING Á PLANI
VERK EFTIR 1972
STYRKING HAFNARGARÐS
DÝPKUN Í +3,0 M.
20.000 M³
VERK EFTIR 1972
10,0 50 100m.
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
SKAGATÁ
RIFSNES
HÚNAFLÓI
KÁLFSHAMAR
SKAGASTRÖND
HÖFÐAKAUPSTAÐUR
HÚNAFJÖRÐUR
VATNSNES
1:250.000
(BÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 541)
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
SKAGASTRÖND
H 26-F4 1968

SAUÐÁRKRÓKUR

Sauðárkrókur er við botn Skagafjarðar að vestanverðu fyrir opnum firði. Víkin, sem kaupstaðurinn er við, er allbreið, og rennur vesturkvísl Héraðsvatna í hana austanverða. Eru um 4.5 km frá ósnum að kaupstaðnum. Höfnin var opin fyrir N og NA átt. Er oft brimasamt í þeim áttum, og geta öldur orðið miklar í aftökum. Einnig getur orðið talsverð vindbára í SA átt. Innsiglingin er auðveld.


Sauðárkrókur er fyrst og fremst vöruflutningahöfn, þar sem bærinn er verzlunarmiðstöð fyrir allan Skagafjörð, en jafnframt er þaðan stunduð nokkur útgerð, og hefur hún farið vaxandi. Meginvandamál á Sauðárkróki hefur verið mikill sandburður inn á hafnarsvæðið, en af staðsetningu hafnarinnar leiðir, að ekki verður hjá því komizt, að sandur berist að mannvirkjunum og inn á sjálft hafnarsvæðið. Til að draga úr þessu hefur verið byggður svokallaður sandfangari, en það er garður, er gengur þvert á aðalhafnargarðinn og safnar möl og sandi norðan hafnargarðsins. Viðlegukantar fyrir stór skip eru nægilegir, ef þeir nýtast vegna dýpis, en svo hefur ekki verið á undanförnum árum vegna sandburðarins. Aðstaða fyrir hina minni báta er hins vegar ekki góð vegna öldu, er kemur austan af firðinum og leggur inn á bak við aðalhafnargarðinn. Hafnargarðurinn, sem var gerður árið 1935, er að mestu í góðu ásigkomulagi, mikill hluti hans er gerður úr stálþili og á honum steypt þekja. Sandvarnargarðurinn er hins vegar gerður sem grjótfylltur stauragarður. Bátabryggjurnar innan garðsins eru léttar trébryggjur, og munu þær vart endast lengi. Þau verkefni, sem helzt eru fyrirliggjandi, eru að hindra frekari sandburð inn á hafnarsvæðið, en eftir að það var dýpkað á síðasta ári, er aðstaða fyrir flutningaskip og fiskiskip allgóð.

Áætlað er að ljúka frágangi á enda aðalhafnargarðsins, en þar eru minni háttar verk eftir, en þar er nokkur hætta á skemmdum, ef ekki verður að gert hið fyrsta. Þá er ráðgert að lengja sandfangarann um 40 m og ætti það að stuðla mjög að minnkun sandburðar inn á hafnarsvæðið. Þá er einnig gert ráð fyrir, að hafnargarðurinn verði lengdur um 50 m, og ætti það enn frekar að minnka sandburðinn inn á svæðið. Þó verður ávallt að gera ráð fyrir, að nokkurrar dýpkunar verði þörf á Sauðárkróki í framtíðinni, en með þeim aðgerðum, sem fyrirhugaðar eru á áætlunartímabilinu, ætti að geta liðið lengra á milli aðgerða, jafnframt því sem það sandmagn, er dæla þarf, ætti að fara mjög minnkandi.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Frágangur á enda garðs .	1,3	40	0,5	0,8	Lenging sandfangara .	3,1	75	2,3	0,8	Lenging hafnargarðs um 50 m með steingarði ...	4,0	75	3,0	1,0
Samtals	1,3		0,5	0,8	Samtals	3,1		2,3	0,8	Samtals	4,0		3,0	1,0


BÁTABRYGGJA MEÐFRAM
HAFNARGARÐI VERK EFTIR 1972
LENGING SANDFANGAR
STAURABR.
FYLLTAR AF
GRÝTI. VERK
EFTIR 1972
FRÁGANGUR Á ENDI
GARÐS
LENGIN
GARÐS MEÐ GRÝTI
LENGING GARÐS UM
100 M. VERK EFTIR 1972
HOFSÓS
SKAGAFJÖRÐUR
SAUÐÁRKRÓKUR
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967 : 1404
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
SAUÐÁRKRÓKUR
H27-F4
1968

HOFSÓS

Hofsós er við Skagafjörð austanverðan við Hofsárós. Aðalbyggðin er rétt sunnan við, en höfnin norðan við árósinn. Þar fyrir framan er breið vík, sem takmarkast að norðan af klettarima er nefnist Nöf. Víkin er opin fyrir NV og V átt. Áin ber með sér nokkurn sand, og hefur grynnzt nokkuð við bryggjurnar. Innsigling er auðveld.


Aðalhafnarmannvirkið er steinsteyptur garður, er veitir skjól fyrir norðlægum áttum. Þá hefur skammt fyrir innan ós Hofsár verið gerður grjótgarður, er myndar lokaða höfn. Garði þessum er þó ekki lokið. Garður þessi á síðan að enda í garðshaus, þannig að þröngt innsiglingarop verði inn á bátahöfnina.

Vegna brýnnar þarfar til að bæta þarfir bátaflotans og til að hann geti verið öruggur í öllum veðrum, hefur verið ákveðið að byggja trébryggju innan á grjótgarðinn, þótt hann hafi ekki náð fullri lengd. Með því ætti aðstaða útgerðarinnar frá Hofsósi að batna nokkuð, þótt ekki sé hægt að tala um, að endanleg lausn hafi fengizt, fyrr en grjótgarðurinn hefur verið fullbyggður og hafnarsvæðið dýpkað og aðalhafnargarðurinn lengdur nokkuð. Ekki er þó ætlað, að það verði á áætlunartímabilinu.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar milj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Lengd á grjótgarði .	1,2	75	0,9	0,3	Engar					Dýpkun 10.000 m³ ...	1,0	75	0,8	0,2
Bátabryggja 20 m	1,2	40	0,5	0,7										
Létt viðlegu-bryggja ...	0,4	40	0,2	0,2										
Samtals	2,8		1,6	1,2						Samtals	1,0		0,8	0,2


HOFSÓS
H 28-F4
1968
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 295
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
1:100.000
MÁLMEY
HÖFÐAVATN
HOFSÓS
SKAGAFJÖRÐUR
MÆLT 1961
HOFSÁ
10 0 50 m.
DÝPKUN Í +5,0 M, 10 000 M³
TRÉBRYGGJA INNAN GARÐS
FULLGENGIÐ FRÁ GRJÓTGARÐI
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972

SIGLUFJÖRÐUR

Siglufjörður er lítill fjörður milli Sigluness að austan og Sauðaness að vestan. Vestanmegin, inni í firðinum, er breið, flöt eyri, og er kaupstaðurinn þar. Há fjöll eru báðum megin fjarðarins og lítið undirlendi. Siglingaleiðin er greið. Að vestanverðu er hreint og aðdjúpt, nema innst, skammt norðan við eyrina. Í vestur frá Siglunesi eru varasamir boðar (Hellan). Í norðanátt getur leitt allmikla öldu inn á fjörðinn. Leita skip þá stundum skjóls á bótinni SV við Siglunes, og er þar ágæt lega. Fjallköst geta verið sterk í firðinum.


Mikil hafnarmannvirki eru á Siglufirði, sum í eigu bæjarfélagsins, en önnur í einkaeign. Helzta mannvirki í eigu bæjarfélagsins er öldubrjótur, yzt á eyrinni, sem bærinn stendur á. Veitir hann skjól fyrir norðanátt við þau mannvirki, sem næst eru, en það eru fyrst og fremst löndunarbryggjur Síldarverksmiðja ríkisins. Á innanverðu eyrarhorninu er aðalhafskipabryggja bæjarins. Þá eru enn innar, í fjarðarbotninum, mikil ófrágengin mannvirki, einnig í eigu bæjarins. Þess utan eru margar síldarbryggjur, svokölluð plön, í einkaeign, en flest þeirra í lélegu ásigkomulagi.

Öldubrjóturinn er byggður sem grjótgarður með stálþili að innanverðu og fyllt með sandi á milli. Járnið er orðið mjög ryðbrunnið, og hafa komið á það nokkur göt, sem sandur hefur síðan runnið út um. Einnig er grjótgarðurinn ekki nægilega þéttur til að halda sandinum, þannig að þekja brjótsins hefur víða fallið niður. Til að forða frekari skemmdum og einnig til að koma í veg fyrir slysahættu, er nauðsynlegt að endurbyggja brjótinn. Er áætlað, að það verði gert á árunum 1971—72. Hafskipabryggjan er í góðu ásigkomulagi og ætti ekki að þurfa frekari aðgerða í þeim efnum. Á Siglufirði er einnig lítil dráttarbraut, gömul og mjög úr sér gengin. Hefur komið til tals að endurnýja hana, en engar ákvarðanir hafa verið teknar í því máli. Hins vegar má telja, að dráttarbraut fyrir minni báta gæti verið heppilegt að hafa á Siglufirði vegna þeirrar útgerðar, sem þar er. Breyttar síldargöngur gætu orðið til þess, að þær áætlanir, sem nú eru uppi, yrði að endurskoða.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Endurbygging á öldubrjóti .	4,0	75	3,0	1,0
										Samtals	4,0		3,0	1,0


ENDURBYGGING
Á ÖLDUBRJÓT, VERK '71 - '72
100 50 100 150 200 m
MÆLT 1960 - 1964 - 1966
SIGLUFJÖRÐUR
HEÐINSFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN. 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 2361
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
SIGLUFJÖRÐUR
H 29-F4
1968

ÓLAFSFJÖRÐUR

Ólafsfjörður er lítill, fremur grunnur fjörður, milli Ólafsfjarðarmúla að sunnan og Hvanndalabjarga að norðan, vestan til við mynni Eyjafjarðar. Að norðanverðu og miðfirðis er fjörðurinn hreinn, en yzt að sunnanverðu getur brotið alllangt út. Að sunnanverðu við fjarðarbotninn er samnefndur kaupstaður. Þar fyrir innan er langt og mjótt lón, Ólafsfjarðarvatn. Í gegnum lónið rennur á, og er ósinn rétt vestan við kaupstaðinn. Dalur gengur inn af Ólafsfirði, og er bæði dalur og fjörður umluktur háum, bröttum fjöllum. Byggð er í dalnum. Í N og NA átt leggur fljótt inn kviku, og þegar hvasst er úr þeim áttum, getur innsigling í höfnina orðið ófær.

Ólafsfjarðarhöfn er fyrst og fremst fiskihöfn, en gegnir jafnframt þýðingarmiklu hlutverki sem flutningahöfn, sérstaklega að vetri til, þar sem aðkomuleiðir á landi lokast yfirleitt í nokkra mánuði. Höfnin er þó hvergi nærri tryggt lægi fyrir alla heimabáta, vegna þess hversu fjörðurinn er opinn fyrir NA-átt.

Aðalhafnargarðurinn er gerður úr stórgrýti með steinkerjum í enda og trébryggjum innan á. Er þar aðalhafskipakantur staðarins. Innri hluti hafnarinnar myndar litla bátakví, sem þó er, eins og áður segir, ekki trygg fyrir allan flotann. Hefur því verið hafizt handa um byggingu nýrrar innri-bátakvíar vestur úr aðalhöfninni. Hefur þar verið gerður brimvarnargarður, en eftir er að grafa innan garðsins og koma þar fyrir viðleguaðstöðu.

Telja má, að ástand hafnarmannvirkjanna á Ólafsfirði sé sæmilegt, en allmikil dýpkun þarf að fara fram í gömlu höfninni, áður en hægt er að nýta hina nýju bátakví. Þá þarf einnig að gera nokkrar trébryggjur við eldri hafnargarðinn.


Fyrirhugað er, að á áætlunartímanum verði það unnið að gerð nýju bátakvíarinnar, að hún komist í full not, og ætti bátaflotinn þá að hafa eignazt öruggt lægi. Ráðgert er, að á tímabilinu verði, auk dýpkunar í bátakvínni og gömlu höfninni, gert um 115 m langt stálþil og op inn á nýja svæðið í gegnum gamla vestri-hafnargarðinn.

Að þessum framkvæmdum loknum verður Ólafsfjarðarhöfn svo trygg sem hún getur orðið fyrir núverandi bátaflota og aðrar aðgerðir í hafnamálum ekki framundan, utan gerð áður nefndra bryggja innan í ytri hafnargarðinn.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Innsiglingar-op í bátakví .	1,2	40	0,5	0,7
										Viðgerð á eystri hafnar-garði	2,0	40	0,8	1,2
										Dýpkun ca. 70.000 m³ ...	5,0	75	3,8	1,2
										Stálþil í báta-kví 115 m ..	9,6	40	3,8	5,8
										Samtals	17,8		8,9	8,9


DÝPKUN 70.000 M³
TRÉBRYGGJUR
+4,5 M
NÝ BÁTAKVÍ
OP GERT Á GARÐ 1971-72
STÁLÞIL 115 M.
10 0 50 100m
SIGLUFJ.
ÓLAFSFJÖRÐUR
EYJAFJÖRÐUR
HRÍSEY
DALVÍK
1:250.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972.
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 1054
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÓLAFSFJÖRÐUR
H 30-F4 1968

DALVÍK

Dalvík er breið og hrein vík, utarlega í vestanverðum Eyjafirði. Inn af víkinni er Svarfaðardalur, langur og þéttbýll. Kauptúnið er á undirlendi fyrir botni víkurinnar, rétt norðan við Svarfaðardalsós. Víkin er opin fyrir norðan- og austanveðrum.

Höfnin í Dalvík er aðallega fiskihöfn, þótt nokkrir vöruflutningar fari þar um einnig, einkum þungavörur og unnar sjávarafurðir. Höfnin má teljast allgóð, þar sem tveir garðar mynda lokaða bátakví. Garðarnir eru báðir gerðir úr stórgrýti, en innan á þeim sterkar trébryggjur og viðlegukantar, gerðir úr stálþili.


Má telja, að eftir síðustu framkvæmdir séu mannvirkin fullnægjandi fyrir þá útgerð, sem nú er á Dalvík. Þó er nauðsynlegt, að nokkuð sé dýpkað innan garðanna og er ráðgert, að svo verði á áætlunartímabilinu. Minni háttar grjótfylling til öldudeyfingar er einnig ráðgerð í botni hafnarinnar.

Ekki er fyrirsjáanlegt, að frekari framkvæmdir verði á næstunni á Dalvík, en möguleikar til frekari aukningar viðlegurýmis eru miklir.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Grjótfylling til öldudeyfingar	0,5	40	0,2	0,3	Dýpkun við þil ca. 15.000 m³ með Gretti ..	2,5	75	1,9	0,6	Engar				
Steypt þekja á garð	2,5	40	1,0	1,5										
Samtals	3,0		1,2	1,8	Samtals	2,5		1,9	0,6					


BREIKKUN YTRIGARÐS
MEÐ GRJÓTFYLLINGU
VERK EFTIR 1972
DÝPKUN Í -5,5M, 15.000M³
GRJÓTFYLLING TIL
ÖLDUDEYFINGAR
MÆLT 1964
10 0 50 100m.
ÓLAFSFJÖRÐUR
EYJAFJÖRÐUR
HRÍSEY
DALVÍK
LITLI ÁRSKÓGSSANDUR
GRENIVÍK
MKV.1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 1012
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
DALVÍK
H 31-F4
1968

HRÍSEY

Hrísey er löng og mjó eyja, sem liggur utarlega í miðjum Eyjafirði. Eyjan er allhá að norðanverðu, en smálækkar og breikkar til suðvesturs. Kauptúnið er syðst á eyjunni. Hafskipabryggjan liggur í vestur út frá litlum tanga syðst á eyjunni.

Höfnin í Hrísey er fyrst og fremst fiskihöfn, en gegnir jafnframt að sjálfsögðu hlutverki flutningahafnar fyrir allar vörur til og frá eyjunni. Ekki er hægt að telja, að núverandi mannvirki fullnægi þörfum staðarins fyrir hafnarmannvirki, og eru það sérstaklega erfiðleikar á lestun og losun farmskipa, er skapa alvarlegt vandamál. Einnig er viðleguaðstaða fyrir báta lítil og mun minni en eðlilegt má teljast.


Núverandi hafskipabryggja er í sæmilegu ásigkomulagi, en of stutt fyrir stór skip til að athafna sig. Hafnargarður var byggður norðan bryggjunnar fyrir tveimur árum, og hefur hann mjög bætt aðstöðu, með tilliti til sandburðar inn á hafnarsvæðið, en hann var mikill.

Er fyrirhugað, að á áætlunartímabilinu verði hafskipabryggjan lengd um 20 m með stálþili, en jafnframt er æskilegt, að innan ekki allt of langs tíma verði dýpkað á hafnarsvæðinu og byggðar léttar bryggjur við hafnargarðinn til geymslu fyrir opna vélbáta.

KOSTNAÐARÁÆTLUN


Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr
Engar					Lenging stálþilsgarðs um 20 m með öllum frágangi .	6,0	75	4,5	1,5	Engar				
					Samtals	6,0		4,5	1,5					


EYJAFJÖRÐUR
HRÓLFSSKER
HRÍSEY
DALVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 291
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HRÍSEY
H32-F4
1968
MKV. 1:100.000
DÝPKUN EFTIR 1972
LÉTT TRÉGRINDAVERK EFTIR 1972
LENGING STÁLÞILSGARÐS MEÐ ÓLUM FRÁGANGI
20 M.
TÁKN VERKA
VERK 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
0 10 50 100 m.

HAUGANES

Í Árskógshreppi eru tveir hafnastaðir, Litli-Árskógssandur og Hauganes. Á Árskógssandi er nýleg steinsteypt bryggja, sem auk þess að vera aðstaða fyrir nokkra minni fiskibáta, er jafnframt ferjubryggja fyrir ferjuleiðina til Hríseyjar. Á Hauganesi er einnig vandaður steinsteyptur garður, sem lengdur var um rúma 20 m á síðastliðnu ári. Má því telja, að hafnaaðstaðan á báðum stöðunum sé fullnægjandi miðað við þarfirnar í dag.


10 0 50m
MÆLT 1961
VITI
HRÍSEY
EYJAFJÖRÐUR
DALVÍK
GRENIVÍK
LITLÍ ÁRSKÓGSSANDUR
HAUGANES
M.K.V 1.100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
-H- 1970
-H- 1971-1972
DÝPKUN 1969
-H- 1970
-H- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
-H- 1970
-H- 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 123
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HAUGANES
H 34-F4
1968

AKUREYRI

Innst að vestanverðu í Eyjafirði, er Oddeyri, og nefnist fjörðurinn fyrir innan hana „Pollurinn“. Á Pollinum er ágæt skipalega. Oftast leggur Pollinn einhvern tíma á veturna. Siglingaleiðin inn Pollinn er greið, því að hreint er yzt að Oddeyri og eins að landinu austan megin.


Akureyrarhöfn er fyrst og fremst flutningahöfn, enda miðstöð verzlunar og samgangna fyrir allt Norðurland. Jafnframt er þar rekin togaraútgerð, og miklar skipasmíðar og skipaviðgerðir fara þar fram. Vegna auðveldrar aðstöðu til byggingar hafnarmannvirkja hafa þau verið gerð víða með strandlengjunni, þannig að nú má tala um nokkuð aðskilin hafnasvæði.

Með tilliti til þýðingar Akureyrarbæjar sem flutningamiðstöðvar fyrir Norðurland, er nauðsynlegt, að komið verði upp góðri aðstöðu til afgreiðslu venjulegrar stykkjavöru í bænum. Eru uppi hugmyndir um að byggja hafskipabakka sunnan á Oddeyrinni með vörugeymslum og tilheyrandi útigeymslusvæði á bak við. Jafnframt er nauðsynlegt, að innan tíðar verði hafizt handa um byggingu nýrrar bátahafnar, þar sem núverandi bátakví við Torfunef hlýtur að hverfa mjög bráðlega. Nokkrum verkum er og ólokið við endurbyggingu dráttarbrautarinnar.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Dýpkun framan þils v/dráttarbrautar og innsiglingarrennu ca. 35.000 m³ .	2,3	75	1,7	0,6	Lokafrágangur stálþilsbakka við dráttarbraut	1,5	40	0,6	0,9	120 m stálþilsbakki sunnan Oddeyrar með kanti, lýsingu, lögnum og þekju	15,3	40	6,1	9,2
Frágangur á stálþili við dráttarbraut ásamt lýsingu ...	1,7	40	0,7	1,0						Dýpkun við 120 m stálþil	1,5	75	1,1	0,4
Dýpkun við Togarabryggju 14.000 m³ .	1,0	75	0,7	0,3						Bátahöfn ...	15,0	40	6,0	9,0
Frágangur við Togarabryggju ...	1,7	40	0,7	1,0										
Framlenging dráttarbrautar um 12 m o. fl. ..	1,8	40	0,7	1,1										
Hafnargerð	6,7		3,8	2,9	Hafnargerð .	1,5		0,6	0,9	Hafnargerð .	31,8		13,2	18,6
Dráttarbr. .	0,8		0,3	0,5	Dráttarbr. ..	0,0		0,0	0,0	Dráttarbr. ..	0,0		0,0	0,0


EYJAFJÖRÐUR
HJALTEYRI
SVALBARÐSEYRI
AKUREYRI
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
AKUREYRI
H 35-F4
1968
ODDEYRI
TOGARBR.
TORFUNEFSBR.
TULINIUSARBR.
DÝPKUN
BÁTAHÖFN (1971-1972)

GRENIVÍK

Grenivík er lítil vík norðan við Höfða, rétt utan við miðjan Eyjafjörð austanverðan. Þar er samnefnt kauptún. Innsiglingin inn á víkina er auðveld og hrein, er víkin opin fyrir norðan- og vestanátt.


Grenivíkurhöfn er eingöngu fiskihöfn og engin aðstaða til afgreiðslu farmskipa.

Út í miðja víkina er gömul, steinsteypt bátabryggja, sem bátarnir notuðu til uppskipunar. En vegna þess, hversu opin víkin er fyrir norðanátt, varð að geyma bátana við legufæri norður með austurlandinu. Nú hefur verið byggður hafnargarður úr sprengdu grjóti frá austurlandinu nokkuð vestur á víkina. Bak við garð þennan er gott var fyrir bátana, og eru þeir nú geymdir þar á legufærum, en innan á garðinn hefur verið gerð létt löndunarbryggja. Upp af garðinum hefur verið reist hraðfrystihús. Þar sem bryggja þessi er mjög veikbyggð, geta bátar ekki legið við hana í vondum veðrum, og sömuleiðis er engin aðstaða til útskipunar. Er því fyrirhugað, að byggð verði trébryggja innan á garðinn, þannig að bátarnir fái aukið viðlegurými og jafnframt verði nokkrir möguleikar á, að útskipun fiskafurða geti átt sér stað.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Létt trébryggja 65 m að lengd ...	2,5	40	1,0	1,5
										Steypt þekja á garð	0,8	40	0,3	0,5
										Samtals	3,3		1,3	2,0


GRENIVÍK
EYJAFJÖRÐUR
HRÍSEY
LITLI ÁRSKÓGSSANDUR
HAUGANES
DALVÍK
M.K.V. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
1970
1971-1972
DÝPKUN 1969
1970
1971-1972
UPPFYLLING 1969
1970
1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES. 1967: 155
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
GRENIVÍK
H 37-F4
1968
650 M LÉTT TRÉBRYGGJA
STEYPT BEKJA Á GARÐ
1968

GRÍMSEY

Grímsey liggur norður af Skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfandaflóa. Höfn er þar í svonefndri Sandvík suðvestan á eynni.


Hafnarmannvirkin eru hafnargarður, gerður úr steinsteypukerjum og grjóti utan á. Innan garðsins er lítið hafnarsvæði, og gengur þar fram smábátabryggja. Hafnargarðurinn þarfnast verulegra styrkinga, auk þess sem viðleguaðstaða fyrir báta Grímseyinga er mjög takmörkuð.

Er því ráðgert, að á áætlunartímabilinu verði byggður hafnargarður utan núverandi garðs. Garður þessi verður úr stórgrýti. Ætti það að minnka mjög álag á núverandi garð, auk þess sem mun betra skjól fæst við hann á eftir. Þá er ráðgert að styrkja nokkuð gamla garðinn. Síðar á áætlunartímabilinu er ráðgert, að byggðar verði trébryggjur til bættrar aðstöðu fyrir bátaflotann. Að loknum þessum framkvæmdum ætti hafnaraðstaða í Grímsey að vera sæmileg, miðað við notkun.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Brimvarnar-garður.....	4,3	75	3,2	1,1	Engar					Trébryggjur	3,0	0	1,2	1 8
Grjótvörn á innri garð .	0,5	75	0,4	0,1										
Samtals	4,8		3,6	1,2						Samtals	3,0		1,2	1,8



GRÍMSEY
SANDVÍK
GRÍMSEYJARGRUNN
FLATEY
EYJAFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
ÍSAFJÖLDI 1. DES. 1967: 87
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
GRÍMSEY
H 38 - F4
1:250.000
TRÉSMÍÐAVÖLLUR
GRJÓTGARÐUR
BRIMNESBRYGGJUR
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
MÆLT 1968

FLATEY Á SKJÁLFANDA

Flatey á Skjálfanda er lág eyja vestarlega í mynni Skjálfandaflóa. Austurströnd hennar er sums staðar snarbrött og klettótt. Á suðausturhorni eyjarinnar, Skarfatanga, er kauptúnið. Steinsteyptur viðlegugarður er sunnan við kauptúnið. Er hann í skjóli í norðlægum áttum, en oft er óliggjandi við hann. Innsiglingin inn Flateyjarsund er frekar grunn, sérstaklega undan suðurströnd eyjarinnar, en þar er siglingaleið inn á Skjálfanda. Í mikilli norðanátt brýtur yfir sundið vestast, og verður þá að fara inn á höfnina að austanverðu.

Á árunum 1966—67 var byggð ný bátahöfn í Flatey. Grafin var lokuð kví inn í lítið vatn vestan viðlegugarðsins og byggðar harðviðarbryggjur í kvínni. Bátafloti nálægra staða hefur nú góða aðstöðu í Flatey við vor- og sumarveiðar. Höfnin er einnig líf- og öryggishöfn fyrir smærri fiskibáta á Skjálfandaflóa og Grímseyjarsundi.

Áætlunin gerir ekki ráð fyrir frekari framkvæmdum í Flatey.


FLATEY
H39-F4
1968
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÍBÚAFJÖLDI 1/DES. 1967: 41
1:1000
TÁKN VERKA
VERK 1969
— " — 1970
— " — 1971-1972
DÝPKUN 1969
— " — 1970
— " — 1971-1972
UPPFYLLING 1969
— " — 1970
— " — 1971-1972
Tjörn
Landgangur
55 m.
40 m.
Hafnarbakki
1: 250.000
FLATEY
EYJAFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR

HÚSAVÍK

Húsavík er sunnan við Húsavíkurhöfða, austan til við Skjálfanda, og er þar samnefndur kaupstaður. Nálægt miðju bæjarins rennur lítil á, Búðará, til sjávar. Víkin er opin fyrir norðvestan- og vestanátt. Innsiglingin er góð að öðru leyti en því, að óhreint er með landinu norður með Húsavíkurhöfða. Stærð hafnarinnar innan hafnargarða og utan við stórstraumsfjöruborð er um 11.6 ha.

Á verzlunarsvæði Húsavíkur eru, auk bæjarins, Tjörneshreppur, Reykjahreppur, Aðaldælahreppur, Reykdælahreppur, Skútustaðahreppur og að verulegu leyti Bárðdælahreppur og Ljósavatnshreppur.

Fiskveiðar og vinnsla fiskafurða eru, ásamt verzlun og vinnslu landbúnaðarafurða, aðalatvinnuvegur Húsvíkinga.

Viðlegugarðar eru gerðir úr grjótfylltum steinkerjum. Garðarnir eru þvert á landið norðanmegin og vestanmegin og mynda lokað hafnarsvæði. Töluverðan sjó leiðir inn í höfnina í vondum veðrum.


Fyrirhugað er á árunum 1971 til 1972 að byggja hafskipabakka og smábátakví inni í aðalhöfninni. Fullnægjandi rannsóknir eru ekki fyrir hendi til ákvörðunar á staðsetningu hafskipabakkans eða smábátakvíarinnar. Hafskipabakkinn bætir aðstöðu til afgreiðslu flutningaskipa, en flutningar hafa aukizt mikið vegna Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, en kísilgúrnum er skipað út á Húsavík. Smábátakvíin mun skapa öruggt lægi fyrir smábáta á Húsavík og bætir þar úr brýnni þörf.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eftir 1972 er lenging vestari garðsins til skjólmyndunar, grjótvörn utan á garðinn og gerð grjótgarðs til varnar sandburði þvert á eystri garðinn.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Hafskipabakki	9,0	40	3,6	5,4
										Smábátakví .	1,0	40	0,4	0,6
										Samtals	10,0		4,0	6,0


SKJÁLFANDI
HÚSAVÍK
ÍBÚAFJÖLDI Í DES. 1967: 1888
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 'ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HUSAVIK
H 40 - F 4
1968
MKV. 1:100.000
HAFSKIPABRYGGJA VERK 1972
SMÁBÁTAHÖFN VERK 1972
LENGING GRJÓTGARÐS, EFTIR '72
60 M.
GRJÓTVÖRN VERK EFTIR 1972
LENGING Á GARÐI MEÐ STÁLÞILI MEÐ ÖLLUM ÞRÁGANGI EFTIR 1972
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971 - 1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971 - 1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971 - 1972

KÓPASKER


Kópasker er að norðanverðu við litla vík austan Axarfjarðar. Suður af tanga vestan kauptúnsins, er sker það, sem kauptúnið dregur nafn af. Suður af skerinu eru grynningar, en innan við þær er hreinn innsiglingaráll, þannig að aðsigling er fremur auðveld. Skipalega er opin fyrir norðvestan- og vestanátt.

Á Kópaskeri er steinsteyptur viðlegugarður, nothæfur fyrir minni vöruflutningaskip.

Flutningar til Kópaskers hafa minnkað á undanförnum árum, og fara nú vöruflutningar Axarfjarðar og nágrennis að mestu um Húsavík.

Engin teljandi útgerð er frá Kópaskeri, en nokkrar trillur eru á staðnum.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum.



AXARFJÖRÐUR
KÓPASKER
KÓPASKER
RÖND
HERMÓÐSFLJÓ
KOLLA
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
MKV. 1:100 000
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
KÓPASKER
H41-F4
1968

RAUFARHÖFN

Raufarhöfn er á austanverðri Melrakkasléttu. Höfði allstór og lágt eiði milli höfðans og strandarinnar mynda höfnina. Er hinn eiginlegi hafnarpollur í krikanum sunnan við eiðið. Suður af höfðanum er lítill hólmi, og er um 60 m sund milli hólmans og höfðans, svonefnd Rauf. Raufin er þurr á stórum fjörum. Suður af hólmanum er Hólmaflúð. Myndast þar allgott var fyrir innri og grynnsta hluta siglingaleiðarinnar. Má fullyrða, að aldrei brjóti á sundinu. Þar sem sundið er þrengst, er um 5 m dýpi, og þar er breidd þess um 150 m. Sundið er hreint og hallar botninum jafnt út, þannig að vestur af Raufinni er dýpið 5 m, en út af Hólmaflúð er dýpið orðið um 9 m.

Vinnsla og verkun síldar er aðalatvinnuvegur á Raufarhöfn. Hafnarmannvirki eru mest trébryggjur við söltunarstöðvar, en steinsteypt hafskipabryggja var byggð árið 1964. Árið 1968 var höfnin dýpkuð, og er hún nú fullnægjandi, nema hvað bæta þyrfti aðstöðu fyrir smábáta.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á áætlunartímabilinu.


RIFSTANGI
RAUFARHÖFN
TÁKN VERKA
VERK
1969
1970
1971-1972
DÝPKUN
1969
1970
1971-1972
UPPFYLLING
1969
1970
1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 472
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
RAUFARHÖFN
H 42-F4
1968

ÞÓRSHÖFN

Þórshafnarkauptún stendur á lágri eyri í austanverðum Lónafirði. Höfnin á Þórshöfn hefur að miklu leyti verið byggð upp á seinustu árum. Ytri hafnargarður er úr grjótfyllingu, en við enda hans er viðlegugarður úr steinkerjum. Dýpkað hefur verið innan garðsins og renna að garðinum.

Höfnin er bæði vöruflutningahöfn og fiskihöfn, en smábátaútvegur er töluverður frá Þórshöfn og fer vaxandi.

Höfnin er ekki fullnægjandi, og er mestur skortur á viðlegurými, en með þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru í áætluninni, verður aðstaðan góð, bæði fyrir vöruflutningaskip og fiskiskip.


Fyrirhuguð er, árið 1970, lenging hafnargarðsins um 25 metra með steinkerjum.

Næsti áfangi eftir áætlunartímabilið er bygging trébryggja inn í hafnarkvínni, eftir því sem þörf krefur.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Steypt 2 ker	2,6	75	1,9	0,7	Lenging hafnargarðs með 2 kerjum	5,0	75	3,8	1,2	Engar				
Samtals	2,6		1,9	0,7	Samtals	5,0		3,8	1,2					


ÞISTILFJÖRÐUR
ÞÓRSHÖFN
LÓNAFJÖRÐUR
MKV. 1:100.000
Síldar geymar
DÝPKUN Í +4,0M. 3000M² VERK. EFTIR 1972
70M. TRÉBRYGGJA VERK EFTIR 1972
15M
25M
LENGING MEÐ 2 KERJUM MEÐ ÖLLUM FRÁGANGI.
VERK 1969: STEYPT 2 KER
MKV. 1:1000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 435
DÝPKUN 1969
—II— 1970
—II— 1971 1972
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÞÓRSHÖFN
H 43-F4
1968

BAKKAFJÖRÐUR


Bakkafjörður er syðst í Bakkaflóa, vestan Digraness. Á litlum, fremur háum klettatanga, austan fjarðarmynnisins, er kauptúnið Höfn. Hafnarmannvirkin eru vestan við kauptúnið undir háum klettum. Undir klettunum er stórgrýtt fjara. Innsiglingin að viðlegugarðinum er auðveld. Í norðan- og norðaustan hvassviðrum er oft óliggjandi við garðinn.

Frá Bakkafirði eru gerðir út opnir vélbátar á sumrin, en ekki er talið fært að gera þaðan út stærri vélbáta. Í hvassri norðan- og norðaustanátt verður að setja bátana á land. Aflabrögð á Bakkafirði eru því algerlega háð fiskisæld á nálægustu miðum. Síldarverksmiðja er á staðnum.

Höfnin hefur þýðingu vegna almennra flutninga til héraðsins, sérstaklega að vetri til.

Mjög erfitt yrði að gera góða höfn á Bakkafirði. Aðdjúpt er framan garðsins og lokuð kví mundi kosta tugi milljóna króna. Vegna þess hve staðurinn er opinn fyrir norðaustanátt, þurfa mannvirki að vera mjög traust.

Fyrirhuguð er lenging hafnargarðsins um 15 metra, með steinkeri. Sú lenging mundi bæta mjög aðstöðu síldarbáta og flutningaskipa.


LENGING GARÐS UM 15 M. MEÐ KERI 12×12 M
KERIÐ ER TIL. VERK EFTIR 1972.
MÆLT 1957
12M
15M
LANGANES
SKÁLAR
BAKKAFLÓI
BAKKAFJÖRÐUR
MKV. 1:250.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—II— 1970
—II— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 60
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HÁFNAGERÐA
BAKKAFJÖRÐUR
H44-F4
1968

VOPNAFJÖRÐUR

Höfnin í Vopnafirði er fyrir framan kauptúnið, innan hólma og skerja, norðan til í firðinum innarlega. Nyrðri hluti hafnarsvæðisins er djúpur og hreinn, en fullþröngur sem legusvæði fyrir stór skip. Syðri hluti hafnarinnar, svæðið milli svonefnds Skiphólma og lands, er töluvert grynnri og þrengri, en þar er nú hafskipabryggja út frá svonefndum Akkerishólma. Bryggjur eru við Síldarverksmiðjuna og nýr viðlegugarður, gerður úr grjótfylltum steinkerjum með bryggju skjólmegin, er norðar í höfninni. Enda þótt hólmarnir veiti hafnarsvæðinu gott skjól að utanverðu, leiðir þó inn á það nokkra öldu í hafátt, og í sunnan hvassviðrum verður óliggjandi við bryggjurnar.


Vinnsla og verkun síldarafla er aðalatvinnuvegur staðarins, en útgerð til bolfiskveiða er í örum vexti.

Fyrirhugað er að ljúka byggingu brimvarnargarðs árin 1971—72. Brimvarnargarðurinn er byggður úr grjóti á skerjum, sem liggja í boga um höfnina. Garðurinn mun gjörbreyta höfninni til batnaðar. Verkið við fyrri hluta garðsins var boðið út 1968, og var fyrirhugað, að því yrði lokið það ár. Verkið er nú, í marz 1969, aðeins hálfnað. Kostnaður við verkið var að mestu greiddur með skuldabréfum, sem greiðast með fjárveitingum þessa árs.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis milj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj kr	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Lokið áfanga, sem byrjað var á 1968	10,0	75	7,5	2,5	Fyrri hluti 2. áfanga brimvarnargarðs	4,0	75	3,0	1,0	Lokaverk við brimvarnargarð	11,0	75	8,2	2,8
Samtals	10,0		7,5	2,5	Samtals	4,0		3,0	1,0	Samtals	11,0		8,2	2,8


ÞESSUM HLUTA GARÐSINS ÁTTI AÐ LJÚKA ÁRIÐ 1968 SAMKVÆMT SAMNINGI VIÐ VERKTAKA. VERKINU LÝKUR 1969.
SEINNI ÁFANGI BRIMVARNARGARÐS
OZP-21
NÝPSFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
NÝPSLÓN
VOPNAFJÖRÐUR
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERKI 1969
-"- 1970
-"- 1971-1972
DÝPKUN 1969
-"- 1970
-"- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
-"- 1970
-"- 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 513
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
VOPNAFJÖRÐUR
H 45-F4
1968

BORGARFJÖRÐUR EYSTRI

Borgarfjörður eystri er sunnan Héraðsflóa, milli Landsenda og Hafnartanga. Sitt hvoru megin fjarðarins eru háir fjallgarðar, en upp frá fjarðarbotninum er nokkurt láglendi, og er þar samnefnd sveit. Siglingaleiðin inn fjörðinn er greið, því að hann er alveg hreinn miðfirðis, en hins vegar er óhreint sums staðar með landinu. Bakkagerði er kauptún, að vestanverðu í fjarðarbotninum, við lítinn vog, vestan við svonefnd Kiðubjörg. Hafnargarður er að vestanverðu í vognum. Voguinn er grunnur og illa varinn fyrir hafátt, og verður þá fljótt óliggjandi við garðinn. Í norðan- og austanátt leiðir þangað inn mikla öldu. Bakkagerði er hluti af Borgarfjarðarhreppi.


Höfnin er bæði útgerðar- og vöruflutningahöfn. Útgerðin er eingöngu stunduð með trillum. Síldarverksmiðja er á staðnum.

Fyrirhuguð er lenging hafnargarðsins um 20 metra með steinkerjum árið 1970. Mun þessi lenging bæta mjög aðstöðu skipa og stærri báta í höfninni.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Lenging garðs um 20 m með steinkeri	6,2	75	4,7	1,5	Engar				
					Samtals	6,2		4,7	1,5					


BORGARFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
NJARÐVÍK
HÉRAÐSFLÓI
MKV. 1:100.000
LENGING GARÐS UM 20 M
MEÐ STEINKERJUM.
20
TÁKN VERKA
VERK 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES. 1967: 155
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
BORGARFJÖRÐUR
EYSTRI
H 46-F4
1968
MKV. 1:2000

SEYÐISFJÖRÐUR

Seyðisfjörður er langur, hreinn og djúpur fjörður milli Borgarness og Skálaness. Að honum liggja há og brött fjöll og inn af honum lítill dalur. Kaupstaðurinn er fyrir botni fjarðarins. Á rennur út í fjarðarbotninn og skilur kaupstaðinn í tvennt. Heitir sá hluti, sem er fyrir vestan ána, Alda, en hinn Búðareyri.

Fyrrum var Seyðisfjörður verzlunarstaður og uppskipunarhöfn alls Fljótsdalshéraðs, en nú hefur verzlunin færzt að mestu í Egilsstaðakauptún og uppskipun á Reyðarfjörð.

Höfnin er mjög góð. Seyðisfjörður hefur verið miðstöð síldveiðanna undanfarin ár. Lítil útgerð til bolfiskveiða er á staðnum. Trébryggjur eru meðfram ströndinni báðum megin fjarðarins.


Árið 1967 var byggð ný hafnarkví á leirum í botni fjarðarins. Fyrirhugað er að ljúka þeim framkvæmdum árið 1969.

Framkvæmdir eftir 1972 eru fólgnar í frekari dýpkun og uppbyggingu hafnarkvíarinnar.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis milj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Steypt þekja 15 m á breidd. Gengið frá öllum lögnum	3,4	40	1,3	2,1	Varnargarður í Fjarðará ..	0,6	75	0,4	0,2	Engar				
Samtals	3,4		1,3	2,1	Samtals	0,6		0,4	0,2					


VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
SEYÐISFJÖRÐUR
H47-F4
1968
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 929
N
STEYPT ÞEKJA 15 M. Á BREIÐD GENGIÐ FRÁ ÖLLUM LÓGNUM OG ÞYRÐUM.
VARNARGARÐUR I FJARÐARÁ
FULLGERÐ SKIPA-OG BÁTAKVÍ MEÐ UPPFYLLINGUM OG DÝPKUN VERK EFTIR 1972.
ESKIFJÖRÐUR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
NORÐFJÖRÐUR
MJÓFJÖRÐUR
SEYÐISFJÖRÐUR
LODMUNDARFJÖRÐUR
1:250.000
1:10.000

NESKAUPSTAÐUR

Norðfjörður er nyrzt í Norðfjarðarflóa. Við fjörðinn norðanverðan, innan við lítinn tanga, er Neskaupstaður. Innsiglingin er djúp og hrein, en fjörðurinn stuttur og höfnin ekki eins örugg og víða annars staðar á Austfjörðum. Hún er illa varin fyrir austan- og norðaustan veðrum, og einnig getur orðið ófært við bryggjur í hvassri suðvestan- og vestanátt.

Neskaupstaður er þróttmikill útgerðarbær. Á síðustu árum hefur síldarútvegur verið aðalatvinnuvegur staðarins.

Hafnarmannvirki eru trébryggjur og stálþilsbakki. Byggð hefur verið ný dráttarbraut, við hlið gömlu dráttarbrautarinnar, fyrir skip allt að 450 rúmlestum.


Vegna erfiðra hafnarskilyrða við ströndina var hafin árið 1966 bygging lokaðrar hafnarkvíar innst í botni fjarðarins, og mun kvíin grafin inn í landið og hafnarbakkar gerðir úr stálþiljum. Framkvæmdir hafa legið niðri síðan 1966. Áformað er á þessu ári að reka niður 180 metra stálþil, sem er til á staðnum, og dýpka framan þils með krana. Árið 1970 verði innsiglingin inn í kvína dýpkuð með Gretti. Árin 1971—1972 verði fullgengið frá stálþilinu. Með þessum framkvæmdum er skapað öruggt læi fyrir skip og báta.

Framtíðarverkefni er m. a. frekari stækkun kvíarinnar, sem auka má við eftir þörfum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Stálþil 180 m með kanti án þekju og lagna. Þilið er til	7,7	40	3,1	4,6	Dýpkun innsiglingar í kvína t. d. með „Gretti" 10.000 m³ ...	2,5	75	1,9	0,6	Frágangur á stálþili, þ. e. þekja, lagnir og lýsing	3,9	40	1,6	2,3
Dýpkun með krana við þil 15.000 m³ .	1,0	75	0,8	0,2										
Samtals	8,7		3,9	4,8	Samtals	2,5		1,9	0,6	Samtals	3,9		1,6	2,3


SEYÐISFJÖRÐUR
MJÓIFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
NORÐFJ.
ESKIFJÖRÐUR.
1:250.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971 - 1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971 - 1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971 - 1972
VERK EFTIR 1972
DRÁTTARBRAUT
200
150
LOKAFRÁGANGUR Á BÁTA-OG SKIPAKVÍ VERK EFTIR 1972.
Flugvöllur
VERK 1969
STÁLÞIL 180 M. MEÐ KANTI ÁN ÞEKJU OG LAGNA. ÞILIÐ ER TIL.
DÝPKUN MEÐ KRANA MEÐFRAM STÁLÞILI Í 15 M. BREIDD, 15.000 M³
VERK 1970
DÝPKUN INNSIGLINGAR Í KVÍNA, T.D. MEÐ GRETTI, 10.000 M³
VERK 1971 - 1972
FRÁGANGUR Á STÁLÞILI Þ.E. ÞEKJA, LAGNIR OG LÝSING.
VERK EFTIR 1972
HLIÐARFÆRSLUR VIÐ DRÁTTARBRAUT.
STÁLÞIL MEÐ ÖLLUM FRÁGANGI
DÝPKUN MEÐ DÆLINGU
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 1552.
1:10.000
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
NORÐFJÖRÐUR
H 49 - F4
1968

ESKIFJÖRÐUR

Eskifjörður gengur inn úr Reyðarfirði norðan við Hólmanes. Þar er samnefnt kauptún innan við svonefnda Mjóeyri, að austanverðu við fjörðinn. Há fjöll eru báðum megin fjarðarins og undirlendi er lítið. Mjór dalur gengur inn af firðinum, en byggð er þar lítil.

Á Eskifirði er þróttmikil útgerð, en á síðustu árum hefur síldarútvegur verið aðalatvinnuvegur staðarins.

Byggð hefur verið ný hafnarkví með stálþiljum á leirum í botni fjarðarins. Er þar nú mjög góð höfn með miklum stækkunarmöguleikum og nægu landi. Trébryggjur eru meðfram ströndinni.


Fyrirhugað er, árin 1971—1972, að steypa þekju á bakkana og ganga frá lýsingu, vatnskerfi og rafbúnaði.

Framtíðaráfangar eru m. a. stækkun kvíarinnar eftir þörfum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Steypt þekja, gengið frá öllum lögnum .	2,7	40	1,1	1,6
										Samtals	2,7		1,1	1,6


ESKIFJÖRÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
1970
1971-1972
DÝPKUN 1969
1970
1971-1972
UPPFYLLING 1969
1970
1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 889
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ESKIFJÖRÐUR
H 50 F 4
1968
UPPFYLLING FRÁ DÝPKUN VERK EFTIR 1972
VERK EFTIR 1972
DÝPKUN 45.000 M³ EFTIR 1972
STEYPT ÞEKJA GENGIÐ FRÁ ÖLLUM LÓÐUM.
MKV. 1:10.000

REYÐARFJÖRÐUR

Reyðarfjörður er langur og djúpur fjörður milli Krossaness og Vattarness. Hið innra greinir Hólmanes hann í tvennt, Eskifjörð og Innri-Reyðarfjörð. Að firðinum liggja há og brött fjöll, og er undirlendi því frekar lítið, en byggð töluverð á ströndinni.

Kauptúnið Búðareyri er að norðanverðu við botn Innri-Reyðarfjarðar. Skipalega er þarna alldjúp og marbakkinn brattur. Innsiglingin hrein og djúp.

Reyðarfjörður er nú aðaluppskipunarstaður og verzlunarstaður fyrir byggðir á Fljótsdalshéraði og Jökuldal. Útgerð er ekki mikil, en talsverð síldarverkun á síðustu árum.

Árið 1960 var byggð hafnarkví með stálþilsgörðum. Trébryggja er utar með ströndinni.

Fyrirhugað er árið 1970 að reka niður 110 metra stálþilsbakka og fullganga frá þekju og lögnum, dýpka framan þils og gera fyrirstöðugarða vegna efnis, sem dælt er á land við dýpkunina.


Stálþilsbakkinn mun bæta mjög alla aðstöðu fyrir stór flutningaskip.

Framtíðaráfangar eru frekari stálþilsbakkar, eftir því sem þörf krefur.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					110 m stálþil með öllum frágangi. Efnið er til, en þilið ógreitt og því reiknað með í kostnaði	9,2	40	3,7	5,5	Engar				
					Dýpkun	1,8	75	1,4	0,4					
					Fyrirstöðugarðar	0,7	75	0,5	0,2					
					Samtals	11,7		5,6	6,1					


ESKIFJÖRÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
-II- 1970
-II- 1971-1972
DÝPKUN 1969
-II- 1970
-II- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
-II- 1970
-II- 1971-1972
BRYGGJA
BERGS PLAN
ALDEN PLAN
110M.
130M.
UPPFYLLING, MYNDUÐ VIÐ DÝPKUN
STÁLÞIL MEÐ ÖLLUM FRÁGANGI AÐ ÞEKJU OG LÁGNUM.
DÝPKUN 1°-7,5M, 25.000M³
FYRIRSTÖÐUGARÐAR
0 10 50 100 m.
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 572
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
REYÐARFJÖRÐUR
H 51-F4
MÆLT 1966


FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Fáskrúðsfjörður er milli Hafnarness og Gvendarness. Hann er alllangur og hreinn miðfirðis, nema yzt. Þar eru eyjar, hólmar og sker frá norðurströndinni út í mitt fjarðarmynni. Að sunnanverðu er fjörðurinn hins vegar nær alveg hreinn. Að firðinum liggja há fjöll, og er undirlendi lítið. Búðakauptún er að norðanverðu við fjarðarbotninn.

Vélbátaútvegur er allmikill á Fáskrúðsfirði og hefur lengi verið. Nokkur fiskur gengur í fjörðinn, en oftast verður þó að sækja langt út, og stærri bátarnir sækja oft suður að Hvalbak og Berufjarðarál og jafnvel lengra suður með landi. Straumar við sunnanverða Austfirði torvelda sjósókn á þessum slóðum, þegar stórstreymt er. Fáskrúðsfjarðarbátar stunda flestir veiðar frá heimahöfn.

Á síðustu árum hefur aðalatvinnuvegur verið verkun síldar. Viðlegurými er nægilegt á Fáskrúðsfirði. Hafnarmannvirkin eru trébryggjur.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á áætlunartímabilinu, en framtíðarverkefnin eru bygging hafskipabryggju fyrir þungaumferð, bátakví og endurbygging þeirra mannvirkja, sem fyrir eru.



TÁKN VERKA
VERK 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
ANDEY
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
1:100.000
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES. 1967: 707
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
H52-F4
10.0
50
100m

STÖÐVARFJÖRÐUR

Stöðvarfjörður er lítill fjörður milli Gvendarness og Kambaness. Fjörðurinn sjálfur er alveg hreinn og djúpur, en innsigling til hans er varasöm, þar eð allmargir boðar og grynningar eru út af fjarðarmynninu, og auk þess er þar mjög straumhart. Há fjöll liggja að firðinum á alla vegu, og undirlendi er frekar lítið. Kauptúnið er norðan fjarðar.

Á Stöðvarfirði er viðlegugarður gerður af steinkerjum og bryggja við síldarverksmiðju.

Engar hafnarframkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum.


FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
KIRKJUBÓL
STÖÐVARFJÖRÐUR
BREIÐDALSVÍK
MKV. 1:100.000
10 0 50 100m.
MÆLT 1983
TÁKN VERKA
VERK 1969
-II- 1970
-II- 1971-1972
DÝPKUN 1969
-II- 1970
-II- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
-II- 1970
-II- 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 198
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
STÖÐVARFJÖRÐUR
H53-F4 1968

BREIÐDALSVÍK

Breiðdalsvík er stór, opin og skerjótt vík milli Kambaness og Streitishvarfs. Að henni liggja há og brött fjöll, en upp frá henni stór og breiður dalur, Breiðdalur, sem hún dregur nafn sitt af. Kauptúnið Breiðdalsvík er fyrir botni lítils vogs, innst í víkinni, milli Selsness og Stapa. Innsigling í víkina er ekki auðveld, því að bæði er fjöldi hættulegra boða í víkurmynninu og auk þess miklir straumar. Í miðju mynni vogsins, sem verzlunarstaðurinn er við, er grunn með 1.8 metra dýpi. Þar fyrir innan er vogurinn hreinn og grunnur. Töluverðan sjó leiðir inn í höfnina.

Útgerð er í vexti á Breiðdalsvík, en á undanförnum árum hefur síldarvinnsla verið aðalatvinnuvegur.


Á staðnum er trébryggja með 25 metra viðlegukanti að framan.

Árið 1970 er fyrirhugað að byggja brimvarnargarð þvert á Selnes. Með garðinum myndast gott skjól á hafnarsvæðinu. Á árunum 1971—1972 er ráðgert að byggja bryggju.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Brimvarnar-garður	7,7	75	5,8	1,9	Bryggja innan garðs .	8,5	40	3,4	5,1
					Samtals	7,7		5,8	1,9	Samtals	8,5		3,4	5,1


BRYGGJA INNAN GARÐS
BRIMVARNAR-
GARÐUR
STÖÐVARFJÖRÐUR
BREIÐDALSVÍK
BREIÐDALSVÍK
0 50 100m
MÆLT 1963
1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
--"-- 1970
--"-- 1971-1972
DÝPKUN 1969
--"-- 1970
--"-- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
--"-- 1970
--"-- 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 144
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
BREIÐDALSVÍK
H 54-F4

DJÚPIVOGUR

Djúpivogur er lítill vogur, sem skerst inn í Búlandsnes að norðan, milli Langatanga og Fiskitanga. Samnefnt kauptún er við voginn. Leiðin að voginum er vandfarin, þar sem sker og grynningar eru þar úti fyrir. Innsiglingarleiðin getur lokazt í norðan- og norðaustan stormi, en ekki er hætta á, að afgreiðsla skipa tefjist við bryggjuna vegna veðurs, eftir að komið er upp að henni. Vogurinn er mjög þröngur, og eiga skip af þeim sökum erfitt með að nota höfnina.


Lítil útgerð er á Djúpavogi, en síldarvinnsla töluverð á undanförnum árum. Nokkur verzlun er á staðnum. Á Djúpavogi er hafskipabryggja úr timbri.

Fyrirhugað er á árunum 1971—1972 að byggja viðlegugarð út frá Fiskitanga. Ráðgert er að byggja garðinn úr grjóti, en trébryggja eða stálþil að innan. Með garðinum skapast skjól í höfninni og góð aðstaða fyrir flutningaskip.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Grjótgarður .	7,7	75	5,8	1,9
										Bryggja innan garðs með öllum frágangi	8,5	40	3,4	5,1
										Samtals	16,2		9,2	7,0


TÁKN VERKA
VERK 1969
" 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
GRJÓTGARÐUR
BRYGGJA INNAN GARÐS MEÐ ÁLUR FRÁGANGI
BERUFJÖRÐUR
DJÚPIVOGUR
HAMARSFJÖRÐUR
1:100.000
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 321
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
DJÚPIVOGUR
H 55-F4
1968


HORNAFJÖRÐUR

Kauptúnið Höfn er á lágu nesi framarlega í Hornafjarðarfljóti. Vestan við nesið er fljótið breitt og fremur straumlygnt með miklum grynningum. Sá hluti fljótsins heitir Hornafjörður. Austan við nesið er Skarðsfjörður, sem er allstórt grunnt lón. Í suður og austur af nesinu eru nokkrar eyjar, flestar smáar. Helztar þeirra eru Ósland, sunnan við kauptúnið, en Álaugarey og Mikley að austan. Í tveim síðarnefndu eyjunum voru fyrrum verbúðir með bátabryggjum, en þær hafa nú verið lagðar niður. Úr Skarðsfirði gengur nokkuð djúpur áll á milli Álaugareyjar og Mikleyjar og áfram í hlykkjum út í ós. Þar sem þessi áll er nógu djúpur fyrir vélbáta og flutningaskip allt að 1000 rúml., hafa hafnarframkvæmdir á Hornafirði aðallega verið fólgnar í því að halda opinni skipaleið frá Höfn út í fyrrnefndan ál. Innsiglingin inn á fljótið er erfið, vegna þess að Hornafjarðarós er straumþungur og þröngur. Fara stærri skip helzt ekki inn, nema um liggjandann. Hornafjarðarfljót er jökulvatn, og sezt framburður úr því ýmist að í mynni fljótsins eða berst burtu. Er siglingaleiðin því stöðugum breytingum háð.

Kauptúnið er í örum vexti. Á 19. öld var um hríð verzlunarstaður við Papós, en er nú lagður niður. Hornafjörður var um skeið aðalvetrarverstöð Austfjarðabáta, en lítil útgerð heima fyrir. Á síðari árum hefur vélbátaútgerð farið mjög vaxandi í Höfn. Fiskur gengur oft grunnt á þessum slóðum, og er stutt á miðin. Innsigling í Hornafjarðarós getur lokazt vegna brims í sunnan- og austanátt, og hamlar það sjósókn, en vertíðarafli er þá oft góður hjá Hornafjarðarbátum.

Trébryggjur eru meðfram uppfyllingum sunnan undir Heppu, en þar eru fiskvinnslustöðvar. Á árunum 1967 til 1968 var byggt nýtt hafnarsvæði sunnan Álaugareyjar. Rekið var niður stálþil, öll höfnin dýpkuð með dælingu og land myndað með efni frá dýpkuninni. Á þessu nýja hafnarsvæði er nú afgreiðsla fyrir flutningaskip, og er vöruskemma í byggingu á hafnarbakkanum. Með þessum framkvæmdum er öll aðstaða fyrir flutningaskip og báta orðin góð á Hornafirði, innan þeirra takmarka, sem ósinn og Hornafjarðarfljót setja.

Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á áætlunartímabilinu.


VERK EFTIR 1972
90 M
DÝPKUN
40.000 M³
VERK EFTIR 1972
10 0 50 100
ALÖGAREY
MIKLEY
HÖFN
ÖSLAND
HELLIR
HORNAFJARÐARÓS
HVANNEY
100 0 500 1000 1500
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 783
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HORNAFJÖRÐUR
H56-F4
1968

VESTMANNAEYJAR

Vestmannaeyjar eru stærsta vélbátaverstöð landsins. Höfnin hefur verið byggð upp á löngum tíma, en hafnarbakkar og viðlegugarðar eru úr stálþiljum. Höfnin er mjög góð og að mestu fullnægjandi, miðað við núverandi þarfir. Erfiðleikar eru þó við innsiglingu stærri skipa vegna þrengsla í innsiglingu, og soga gætir í vondum veðrum inni í höfninni.

Áformað er 1969 að ganga frá enda stálþils í Friðarhöfn með 15 metra þili. 1970 er áætlað að endurbyggja Básaskersbryggju. Stálþilið þar var rekið niður 1931 og er nú mjög tært við fjöruborðið.


1971—1972 er áformað að gera grjótfyllingu framan síldarverksmiðjunnar til þess að bæta sjólagið í innsiglingunni. Grjótfyllingin deyfir ölduna, en endurkastar henni ekki, og bætir þannig sjólagið.

Verkefni eftir 1972 er bygging dráttarbrautar fyrir báta. Dráttarbraut fyrir báta í Vestmannaeyjum er mjög þýðingarmikil fyrir útveginn og virðist eiga öruggan rekstrargrundvöll.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
15 m stálþil	1,0	40	0,4	0,6	Endurbygging Básaskersbryggju	12,0	40	4,8	7,2	Grjótfylling til deyfingar á öldufrákasti .	4,0	40	1,6	2,4
Samtals	1,0		0,4	0,6	Samtals	12,0		4,8	7,2	Samtals	4,0		1,6	2,4


15M STÁLÞIL
GRJÓTVÖRN
FRIDARHAFNARBRYGGJA
ENDURBYGGING BÁSASKERSBRYGGJU
BÁSASKERS BRYGGJA
NAUSTHAMARSBRYGGJA
DRÁTTARBRAUT FYRIR SKIP ALLT AÐ 450 BRT. VERK EFTIR 1972
GRJÓTFYLLING TIL DEYFINGAR Á ÖLDUFRÁKASTI.
10 0 50 100 m.
KROSSSANDUR
FAXASKER
ELLIDAEY
BJARNAREY
HEIMAEY
ALFSEY
BRANDUR
SUÐUREY
HELLISEY
GELDUNGUR
SÚLNASKER
GEIRFUGLASKER
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 5016
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
VESTMANNAEYJAR
H57-F4
MKV. 1:100.000

STOKKSEYRI

Kauptúnið er um 8 kílómetra austan Ölfusár, 5 kílómetra austan við Eyrarbakka. Úti fyrir ströndinni er skerjagarður. Innsigling í gegnum skerjagarðinn er mjó og grunn og því ekki fær stærri bátum. Hún lokast iðulega vegna brims.


Á Stokkseyri er steyptur viðlegugarður, en bátar verða oftast að liggja fyrir festum á legunni framan garðsins. Hafnargerð á Stokkseyri er mjög erfið. Til þess að gera höfnina örugga fyrir smærri báta þyrfti að dýpka innsiglinguna og hafnarsvæðið með því að sprengja botnklöppina og byggja skjólgarða. Verk þetta myndi kosta yfir 100 milljónir króna, samkvæmt lauslegri áætlun.

Áformað er árið 1969 að dýpka hafnarsvæðið framan garðsins. Engar aðrar framkvæmdir eru áformaðar á áætlunartímabilinu.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Dýpkun með sprengingu klappar ...	4,0	75	3,0	1,0	Engar					Engar				
Samtals	4,0		3,0	1,0										


DÝPKUN M/SPRENGINGUM
VERK 1969
EYRARBAKKI
STOKKSEYRI
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
10 0 50 100 m
MÆLT 1964
MKV. 1:50.000
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 398
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
STOKKSEYRI
H 58 - F 4
1968

EYRARBAKKI

Eyrarbakki er um 3 kílómetra austan við ósa Ölfusár, en 5 kílómetra vestan Stokkseyrar.

Höfnin er við lón innan skerjagarðsins, en þar er steyptur bakki til viðlegu.

Byggður hefur verið steyptur brimvarnargarður á skerjunum framan lónsins, og er nú öruggt bátalægi í höfninni, þó ekki við bakkann. Innsiglingin er vestan hafnarinnar, um sund í skerjagarðinum. Sú leið er ófær í vondum veðrum.

Áformað er 1971—1972 að stækka viðlegubakkann og breikka garðinn niður að bakkanum. Þessi verk bæta aðstöðuna fyrir bátana, og eru verkin liður í heildaráætlun um byggingu hafnarinnar.


Verk eftir 1972 er lenging brimvarnargarðsins á skerjunum, gerð sand- og brimvarnargarðs vestan hafnarbakkans, dýpkun innsiglingarrennunnar og dýpkun með sanddælingu á hafnarsvæðinu.

Miðað við verðlag 1969 kosta þessi verk eftir 1972 nálægt 20 milljónum króna, og er þá komin örugg höfn fyrir smærri báta eða báta allt að 100 tonnum, en auka má við viðlegubakka eftir þörfum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Bryggja og breikkun á garði	7,3	40	2,9	4,4
										Samtals	7,3		2,9	4,4


TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 458
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
EYRARBAKKI
H59-F4
BREIMVARNARGARÐUR ÚR GRJÓTFYLLINGU VERK EFTIR 1972
BREKKAN Á GARÐI
BRYGGJA
DÝPKUN VERK EFTIR 1972
STEYPTUR BRIMVARNARGARÐUR. VERK EFTIR 1972
GRÁKOLLA
VARÐA
LANDSUÐURSKER
BÓNDASKER
EYRARBAKKI
STOKKSEYRI
1:50000

ÞORLÁKSHÖFN (Landshöfn)

Vestan við ósa Ölfusár er breið vík, Hafnarvík, við Hafnarnes, sem er lágt og sandorpið, um 8 km frá ósnum. Á norðaustanverðu Hafnarnesi var ein af elztu verstöðvum landsins, Þorlákshöfn. Þar er nú samnefnt kauptún, eitt hið yngsta á landinu. Þorlákshöfn er hvort tveggja flutninga- og fiskihöfn, staðsett við mjög góð fiskimið og er eina hafskipahöfnin á Suðurlandsundirlendi. Á síðastliðnu ári var lokið að mestu við hafnarframkvæmdir, er ákveðnar voru og boðnar út árið 1962. Er nú góð aðstaða fyrir nokkurn bátaflota í höfninni, auk þess sem flutningaskip geta athafnað sig þar í flestum veðrum.


Ytri hafnargarðurinn hefur verið byggður í mörgum áföngum á löngum tíma, og er eldri hluti hans nokkuð farinn að láta á sjá. Er því nauðsynlegt, að hið fyrsta verði unnið að nokkrum endurbótum á honum, og er áætlað að gera það þannig, að ekið verði stórgrýti utan á garðinn. Við það ætti að vinnast tvennt, garðurinn fái nægilegan styrk, og mjög ætti að draga úr skvettum, sem algengar eru í öllum austlægum áttum og eru til mikilla óþæginda við alla umferð um garðinn. Áætlað er, að þetta verk, ásamt endanlegum frágangi á öðrum verkum í höfninni, verði unnið árið 1969.

Að þessum aðgerðum loknum ætti höfnin í Þorlákshöfn að vera mjög góð fyrir núverandi notkun. Þó má gera ráð fyrir, að innan tíðar verði æskilegt að dæla sandi af hafnarsvæðinu til að auka þar rými og bæta aðstöðu bátanna. Þar eð útgerð fer vaxandi frá Þorlákshöfn, má búast við, að frekari hafnarbætur verði að gera þar á næstu árum, en til þess eru öll skilyrði.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr
Grjótvörn utangarðs .	2,0	100	2,0		Engar					Grjótvörn utan garðs .	4,0	100	4,0	
Uppgjör vegna verkloka útboðsvinnu	1,0	100	1,0							Ýmis frágangur	0,6	100	0,6	
										Hafnarhús ..	1,0	100	1,0	
Samtals	3,0		3,0							Samtals	5,6		5,6	


EYRARBAKKI
ÞORLÁKSHÖFN
1:100000
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
ÞORLÁKSHÖFN
LANDSHÖFN
H 60 - F 4
GRJÓTVÖRN UTAN GAMLA VEGAR 1965

GRINDAVÍK

Grindavíkurkauptún er að vestanverðu við svonefnda Járngerðarstaðavík, sem liggur milli Hóps og Malarenda, utarlega á sunnanverðum Reykjanesskaga.

Miklar framkvæmdir hafa verið við höfnina á síðustu árum, enda er Grindavík nú mesti útgerðarstaður á Suðurnesjum. Hafnarmannvirki inni í höfninni eru trébryggjur, viðlegubakki gerður með steinkerjum og nýr hafnarbakki úr stálþili, en frágangi er ekki lokið við hann. Höfnin er varin með grjótgarði austanmegin innsiglingar, en garði byggðum úr grjótfylltum steinkerjum, vestanmegin.

Höfnin, þegar inn er komið, er örugg, en innsigling er erfið. Höfnin er ekki fær stærri skipum, en skip allt að 1500 tonnum hafa þó komið í höfnina.


Áformað er 1969 að dýpka hafnarsvæðið með dælingu. Árið 1970 er áformað að dýpka innsiglinguna og hafnarsvæðið með sprengingu á klöppum og uppmokstri. Með þessum framkvæmdum verður höfnin orðin tiltölulega góð, miðað við núverandi þarfir.

Framtíðarverkefni er frágangur á hafnarbökkum, þekjur og raf- og vatnslagnir, ásamt frekari lengingu hafnarbakka eftir þörfum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Dýpkun með dælingu 50.000 m³ ..	5,0	75	3,7	1,3	Dýpkun 50.000 m³ ...	5,0	75	3,7	1,3	Engar				
					Dýpkun innsiglingar með sprengingu klappar	1,7	75	1,3	0,4					
Samtals	5,0		3,7	1,3	Samtals	6,7		5,0	1,7					


UPPFYLLING, MYNDUÐ VIÐ DÝPKUN
STÁLÞIL
VERK EFTIR 1972
DÝPKUN 50.000 M³
MEÐ DÆLINGU.
STEYPT ÞEKJA MEÐ FULLUM
FRÁGANGI Þ.E. VATNI RAF-
MAGNI OG LÝSINGU.
VERK EFTIR 1972
DÝPKUN MEÐ DÆLINGU 50.000 M³
ENDURBYGGING
BRYGGJU
VERK EFTIR 1972
DÝPKUN INNSIGLINGAR
10 0 50 100 m
SANDVÍK
GRINDAVÍK
REYKJANES
STAÐARBÓT
JÁRNGERÐARSTAÐAVÍK
BÓRKÓTLUSTAÐIR
MKV 1 100 000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 990
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
GRINDAVÍK
H 61-F4
1968

HAFNIR

Kirkjuvogur er stór og grunn vík, sem skerst inn í Reykjanesskaga mitt á milli Reykjanestáar og Garðskaga. Víkin er um 3 kílómetra löng og 1 kílómetri á breidd og nær rétthyrnd í lögun. Í víkinni er mikið af skerjum og grynningum. Við sunnanvert mynni víkurinnar er kauptúnið Hafnir. Höfnin er opin fyrir suðvestan- og vestanátt, og lokar brim innsiglingunni, þegar hvessir úr þeim áttum.


Hafnarmannvirki er steyptur viðlegugarður með skjólvegg. Dýpi er lítið, og geta aðeins smábátar legið við garðinn. Fyrirhugað er 1969 að lengja haus viðlegugarðsins um 12 metra með steyptum grjótfylltum hliðarveggjum. Þessi lenging eykur viðlegurýmið og skapar meira skjól.

Framtíðarverkefni er dýpkun með sprenginu botnklappar.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Lenging á garði um 12 m	1,6	75	1,2	0,4	Engar					Engar				
Samtals	1,6		1,2	0,4										


GARÐSKAGI
GERÐAR
SANDGERÐI
KEFLAVÍK
YTRI-NJARÐVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
HAFNIR
KIRKJUVOGUR
SANDVÍKUR
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 152
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÆTLUN HAFNAGERÐA
HAFNIR
H62 - F4
1968
1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
--"-- 1970
--"-- 1971-1972
DÝPKUN 1969
--"-- 1970
--"-- 1971-1972
UPPFYLLING 1969
--"-- 1970
--"-- 1971-1972
LENGING Á GARÐI UM 12 M.
DÝPKUN MEÐ SPRENGINGUM.
MÆLT 1959

SANDGERÐI

Kauptúnið Sandgerði er á vestanverðu Miðnesi, rétt sunnan við Garðskaga. Höfnin er fremur ótrygg, opin fyrir norðan- og norðvestan átt, og leiðin inn er vandfarin, þar sem sker liggja þar langt út frá landi.

Sandgerði er eitt af yngri kauptúnum landsins. Fjölsótt vélbátaverstöð hefur verið þar, síðan á fyrstu árum vélbátaútvegsins, en kauptúnið hefur aðallega byggzt eftir 1930. Sandgerði er venjulega ein aflahæsta vetrarverstöð landsins, og liggur sérlega vel við hinum aflasælu fiskimiðum í Miðnessjó og út með Eldeyjarskerjum.

Í Sandgerði er viðlegugarður gerður úr grjótfylltum steinkerjum. Þessi viðlegugarður veitir skjól í norðan- og norðvestan átt.

Um 800 m fyrir sunnan garðinn gengur skerjaklasi fram, fyrst ca. 1000 m til vesturs, síðan ca. 500 m til norðvesturs. Þegar lágsjávað er, leggur allmikla öldu inn á höfnina, ef vindur er hvass úr þessum áttum, einkum gegnum tvö sund, sem verða í skerjagarðinn, Músarsund og Eyrarsund. Á háflæði verður dýpi á skerjaklassanum víða 1—1.5 m, svo að nokkra öldu leggur þá einnig þar yfir.

Innsiglingin inn í höfnina er eftir afmarkaðri rennu um 600 metra á lengd, um það bil 800 metra frá landi. Þessi renna hefur nýlega verið dýpkuð, og er nú sæmilega greiðfær fyrir báta, en flutningaskip geta ekki tekið höfnina.

Árið 1970 er fyrirhugað að dýpka höfnina með sprengingu botnklappar.


Verkefni eftir 1972 er gerð brimvarnargarðs úr grjóti í boga sunnan hafnarinnar, dýpkun hafnarinnar og gerð bryggju fram úr uppfyllingu.

Að þessum framkvæmdum loknum er höfnin orðin fullnægjandi fyrir núverandi bátaflota, innan þeirra takmarka, sem innsiglingin setur, en unnt er að auka við bryggjurými eftir þörfum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Dýpkun með sprengingu klappar 10.000 m³ ...	5,6	75	4,2	1,4					
					Samtals	5,6		4,2	1,4					


GARÐSSKAGI
GERÐAR
SANDGERÐI
KEFLAVÍK
YTRI-NJARÐVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
KIRKJUVOGUR
1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—//— 1970
—//— 1971 1972
—·—·— VERK EFTIR 1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 880
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
SANDGERÐI
H63-F4
1968
SANDGERÐI
HAMAR
UPPFYLLING VERK EFTIR 1972
ÁRVEGJA Á VERK EFTIR 1972
DÝPKUN 1970
LENGING MEÐ STEINKERJUM VERK EFTIR 1972
SKIPANAUSTAR ÚR GRJÓTI VERK EFTIR 1972
SELBIKER
KLETTUR
BÚÐ
BÚÐARSUND
VARPHÓLMI
MIÐKASETUR
KRÓKASUND
EYRARSUND
GRASEYRI
SKARFAKLETTAR
BIK 3/4
1000 M
500
0
100
MÆLT 1965

GERÐAR

Garður eða Gerðahreppur er á innanverðum Garðskaga. Viðlegugarður er við svonefnda Gerðavör eða Gerðaós. Myndast vörin af tveim hleinum, sem koma upp úr á fjöru, og er fremur mjó skor á milli þeirra. Framan við vörina dýpkar, er fjær dregur landi. Höfnin er opin fyrir austan- og suðaustanátt. Aðsigling er auðveld.


Út- og uppskipun á vörum er engin teljandi í Garði, og afla hinna stærri báta er nær öllum landað í Sandgerði eða Keflavík og ekið á bifreiðum til vinnslu í þorpinu (5—6 km vegalengd), en smábátar leggja afla sinn á land í Gerðavör.

Áformað er 1971—1972 að dýpka meðfram viðlegugarðinum með sprengingu botnklappar.

KOSTNAÐARÁÆTLUN


Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Engar					Engar					Dýpkun meðfram garði með sprengingu klappar	3,5	75	2,6	0,9
										Samtals	3,5		2,6	0,9


TÁKN VERKA
VERK 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—//— 1970
—//— 1971-1972
DÝPKUN MEÐFRAM GARÐI
MEÐ SPRENGINGU KLAPPAR
10 0 50 100m
MÆLT 1960
1:100.000
GARÐSSKAGI
GERÐAR
SANDGERÐI
KEFLAVIK
STAKKSFJÖRÐUR
YTRI-NJARÐVIK
INNRI-NJARÐVIK
VOGAR
KIRKJUVOGUR
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 625
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
GERÐAR
H64-F4
1968

KEFLAVÍK—NJARÐVÍK (Landshöfn)

Landshöfnin Keflavík—Njarðvík er í tveimur hlutum. Annars vegar innanvert við svokallað Vatnsnes í Keflavík og hins vegar í Ytri-Njarðvík. Eru 2 km á milli hafnarsvæðanna. Höfnin í Njarðvík hefur lítið verið notuð til þessa, enda aðstaða þar lítil þar til nú, að verið er að ljúka framkvæmdum við uppbyggingu bátahafnar á staðnum. Keflavík hefur verið einn aðalútgerðarstaður landsins, en hafnarmannvirki þar hafa verið mjög takmörkuð, miðað við þá miklu sjósókn, sem þaðan hefur verið og þá miklu flutninga, sem um höfnina hafa farið. Jafnframt því að vera útgerðarhöfn hafa miklir flutningar, sérstaklega á olíu og olíuafurðum, farið um Keflavíkurhöfn. Einnig fer þar um útflutningur frá nálægum útgerðarstöðum, svo sem Sandgerði, Garði og Grindavík.


GARÐSSKAGI
SANDGERÐI
STAKKSFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
YTRI-NJARÐVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
VOGAR
MKV. 1:100.000
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 5428
VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
KEFLAVÍK
LANDSHÖFN
H65-F4
1968
MÆLT 1955 og 1963
0 50 100m.

Á undanförnum 5 árum hefur verið unnið að hafnargerð í Njarðvík, og er þeim hluta hennar, sem boðinn var út, nú að ljúka. Höfnin í Njarðvík var fyrst og fremst hugsuð sem bátahöfn, og þegar verk var þar hafið, var fyrst og fremst miðað við báta af þeirri stærð, er þá var algengust á Suðurnesjum, þ. e. um 60 tonna tréskip. Var dýpi á hafnarsvæðinu miðað við það. Síðan hefur sú breyting á orðið, að bátastærð hefur vaxið mjög, þannig að hið fyrirhugaða dýpi er nú talið of lítið. Verður því ekki Njarðvíkurhöfn að sama gagni og ella hefði orðið, nema þar fari fram veruleg og kostnaðarsöm dýpkun.


Annars má telja, að framkvæmdir í landshöfninni séu nokkuð óráðnar, að öðru en því, að gera má ráð fyrir, að byggður verði í Keflavík viðlegukantur með landinu gegnt aðalhafnargarðinum. Viðleguaðstaða þessi mundi að vísu ekki nýtast í öllum veðrum, en auk þess sem uppskipunarrými mundi mjög aukast, yrði mikið öryggi að mannvirkinu með tilliti til siglinga stærri skipa inn á hafnarsvæðið. Með þeim stórauknu hafnarmannvirkjum, sem gerð hafa verið á öðrum útgerðarstöðum á Suðurnesjum hin seinni ár, hefur þýðing hafnarinnar í Keflavík—Njarðvík minnkað nokkuð, þannig að ekki mun ástæða til að gera ráð fyrir, að mjög mikil aukning þurfi að verða á hafnarmannvirkjum í landshöfninni á næstu árum.

KOSTNAÐARÁÆTLUN*)

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Uppgjör vegna verkloka útboðsvinnu	0,8	100	0,8		Dýpkun	3,8	100	3,8		Grjótvörn utan garðs ..	3,0	100	3,0	
Grjótvörn utan garðs .	1,7	100	1,7							Dýpkun	2,5	100	2,5	
										Ýmsar lagfæringar	1,0	100	1,0	
Samtals	2,5		2,5		Samtals	3,8		3,8		Samtals	6,5		6,5	

* Allur kostnaður er í Njarðvík.


GARÐSSKAGI
GERÐAR
SANDGERÐI
STAKKSFJÖRÐUR
KEFLAVIK
YTRI-NJARÐVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
VOGAR
1:100.000
UPPFYLLING MILLI GARÐA
VERK EFTIR 1972
GRJÓTVÖRN TIL ÖLDUDEYFINGAR
100 50 100 150 200m
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 1.493
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
NJARÐVÍK
LANDSHÖFN
H66-F4
1968


VOGAR

Vogar í Vogavík eru á norðanverðu Reykjanesi, austan við Vogastapa og ná miðja vegu milli Hafnarfjarðar og Garðskaga. Aðalbyggðin er austan við víkina. Höfnin er í góðu skjóli fyrir sunnan og austanátt, en opin fyrir norðvestanátt. Innsiglingin í höfnina er greið.

Höfnin er nú eingöngu útgerðarhöfn, en allir vöruflutningar fara landleiðis frá Reykjavík eða Keflavík.

Hafnarmannvirki eru grjótgarður út í sker, Þórusker, og viðlegugarður úr grjótfylltum steinkerjum þar þvert á.

Framtíðarverkefni eru lenging viðlegugarðsins og dýpkun. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á áætlunartímabilinu.


TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
ÍBÚAFJÖLDI 1.DES.1967: 239
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
VOGAR
H67-F4 1968
LENGING HAFNARGARÐS OG DÝPKUN MEÐ SPRENGINGU. VERK EFTIR 1972.
MÆLT 1962 OG 1964
STRAUMSVÍK
VATNSLEYSUVÍK
VOGAR
STAKKSFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
YTRI-NJARÐVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
MKV. 1:100.000

HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður er stuttur fjörður á milli Hvaleyrar og Álftaness. Norðan og sunnan fjarðarins eru sker og grunn, en miðfirðis er djúpt og hreint, og er innsiglingin auðveld. Tveir hafnargarðar loka höfninni að mestu, og er þar því sæmilega kyrrt, nema í norðvestanátt, en þá getur verið ókyrrt við norðurbryggjurnar. Hafnarsvæðið innan garða er um 3.5 hektarar miðað við stórstraumsfjöruborð. Breidd hafnarsvæðisins frá austri til vesturs er um 700 metrar, en frá norðri til suðurs um 500 metrar.

Höfnin er bæði vöruflutningahöfn og fiskihöfn, en gerðir eru út bæði togarar og bátar.

Norðanmegin í höfninni er stálþilsbakki, byggður 1960, og gamlar trébryggjur, sem eru í mjög slæmu ástandi. Sunnanmegin er hin eiginlega bátahöfn, byggð með steinkerjum. Afgreiðsla olíuskipa er við enda suðurgarðsins.


Haustið 1968 hófust framkvæmdir við lengingu stálþilsbakkans um 78 metra til vesturs. Því verki lýkur 1969. Vestari trébryggjan verður rifin um leið og dýpkað er framan þilsins. Við þessar framkvæmdir batnar aðstaða til afgreiðslu flutningaskipa.

Fyrirhugað er að byggja smábátahöfn árið 1971—1972. Sú höfn bætir úr brýnni þörf, en smábátar eru margir í Hafnarfirði.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Miðað er við áætluð verð 1969.

Verk 1969					Verk 1970					Verk 1971—1972				
Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.	Framkv.	Heild. kostn. millj. kr.	Hluti ríkis %	Hluti ríkis millj. kr.	Hluti bæjar millj. kr.
Frágangur við þil	5,0	40	2,0	3,0	Engar					Smábátahöfn	5,7	40	2,3	3,4
Dýpkun við þil	0,6	75	0,5	0,1										
Samtals	5,6		2,5	3,1						Samtals	5,7		2,3	3,4


SNJÓBRÆÐSLA
VERK 1971-'72
FRÁGANGUR Á STÁLÞILS-
BAKKA Á E. KANTUR NÆSTA
VATN OG RAFMAGN.
VESTURGATA
NÝJA HAFNARGATAN
DÝPKUN
TRÉBRYGGJA RIFIN 1969
TÁKN VERKA
VERK 1969
— " — 1970
— " — 1971-1972
DÝPKUN 1969
— " — 1970
— " — 1971-1972
UPPFYLLING 1969
— " — 1970
— " — 1971-1972
KÁRSNES
ÁLFTANES
LAMBHÚSATJÖRN
ARNARNESVOGUR
SKÓGTJÖRN
HAFNAR-
FJÖRÐUR
HAFNARFJÖRÐUR
HRAUNA
VÍK
STRAUMSVÍK
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 8959
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
HAFNARFJÖRÐUR
H 68 - F4
MKV. 1:35.000


KÓPAVOGUR

Innst í Skerjafirði eru tveir vogar, Fossvogur og Kópavogur. Á milli þeirra er Kársnes. Frá Kársnesi gengur inn í landið til austurs allhár háls. Heitir hann Kópavogsháls framan til, en Digranesháls, þegar innar dregur. Á þessum hálsum og í hlíðum þeirra er Kópavogskaupstaður. Kaupstaðurinn er næstum samvaxinn Reykjavík, og hafa margir Kópavogsbúar atvinnu í borginni. Kópavogur og Fossvogur eru fremur grunnir og lítt hæfir til siglinga, en hafskipadýpi er þó upp að Kársnesi að framan. Innsiglingin á firðinum er mjög skerjótt, en leiðin er vel merkt og auðfarin.

Steinsteyptur viðlegugarður, 70 metra langur, er vestur úr Kársnesinu. Geta smærri skip lagt upp að garðinum.

Engin teljandi not eru nú af höfninni. Útgerð er nær engin og vöruflutningar eru ekki um höfnina.

Grundvöllur til áætlunar um hafnarframkvæmdir í Kópavogi liggur ekki fyrir. Vegna legu sinnar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hlýtur öll uppbygging að eiga að samrýmast höfnunum á þessu svæði og framtíðaráætlunum þeirra.


HOFSVÍK
KOLLAFJÖRÐUR
VIÐEY
REYKJAVÍK
FOSSVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
1:100.000
ÍBÚAFJÖLDI 1. DES. 1967: 10396
VITA - OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ÁRA ÁÆTLUN HAFNAGERÐA
KÓPAVOGUR
H69 - F4
1968
KÓPAVOGSBRAUT
TÁKN VERKA
VERK 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
DÝPKUN 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
UPPFYLLING 1969
—"— 1970
—"— 1971-1972
0 10 50 100m
MÆLT 1969

STRAUMSVÍK

Straumsvík er lítil, en mjög djúp vík, sem skerst inn í hraunið um 5 kílómetra fyrir sunnan Hafnarfjörð.


Við Straumsvík rís nú álverksmiðja Hins íslenzka álfélags, ÍSAL. Vegna flutninga á hráefni til verksmiðjunnar og áli frá verksmiðjunni ásamt öðrum flutningum til og frá verksmiðjunni, er nú í byggingu viðlegugarður fyrir skip allt að 65.000 rúmlestum.

Viðlegugarðurinn er byggður úr hringlaga grjótfylltum steinkerjum með hraunfyllingu bak við kerin, varinn með stórgrýti. Lengd viðlegugarðsins er 220 metrar og dýpt við garðinn á meðalstórstraumsfjöru er í fyrsta áfanga 10.5 metrar, en hægt er að dýpka niður í 12 metra síðar, ef þörf krefur.

Höfnin er eign Hafnarfjarðar og telst á hafnarsvæði Hafnarfjarðar. Fé til framkvæmda þar er fengið með erlendum lántökum.

Hið íslenzka álfélag, ÍSAL, greiðir vörugjöld, sem svara til vaxta og afborgana af lánum.

Hafnarmálastofnun ríkisins sér um framkvæmdir fyrir hönd Hafnarfjarðar.


VITA- OG HAFNAMÁLASTOFNUNIN
4 ARA ÆTLUN HAFNABERÐA
STRAUMSVÍK
H70-F4
1968
MKV. 1:5000
REYKJAVÍK
KEFLAVÍK

Ed. 741. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. á fundi og er sammála um stuðning við frumv., eins og það liggur fyrir á þingskjali 706.

Einn nm. (ÁB) er með fyrirvara um að fylgja eða flytja brtt., ef fram kæmu. Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Jón Árnason, Karl Guðjónsson og Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 13. maí 1969.

Jón Árm. Héðinsson, form., frsm. Jónas G. Rafnar. Steinþór Gestsson.

Ásgeir Bjarnason.

Ed. 742. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá 3. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Fyrirætlanir um heildarendurskoðun á vinnulöggjöfinni hafa ætíð runnið út í sandinn, enda er það vitað, að hin íhaldssama verkalýðshreyfing á Íslandi er slíkri endurskoðun andvíg. Augljósir annmarkar þessarar löggjafar blasa nú við augum þjóðarinnar á degi hverjum. Með auknu sáttastarfi má stuðla að því, að launþegar geti bætt kjör sín án fórnfrekrar verkfallsbaráttu, sem veldur allri þjóðinni skaða í einhverri mynd. Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1969.

Jón Þorsteinsson.

Ed. 743. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Karl Guðjónsson. Ásgeir Bjarnason. Jónas G. Rafnar.

Jón Árnason.

Nd. 744. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum. Pétur Eiríksson, ftr. í Efnahagsstofnuninni, kom á fund nefndarinnar og gaf ýmsar upplýsingar varðandi frv.
Nefndin mælir með samþykkt frv. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 12. maí 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason.
Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	Vilhjálmur Hjálmarsson, með fyrirvara.	Óskar E. Levy.
	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.	

Ed. 745. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. maí 1969.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Benediktsson, frsm.
Auður Auðuns.	Björn Fr. Björnsson.	Karl Guðjónsson.
	Einar Ágústsson.	

Nd. 746. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn vill vísa því til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nefndarmenn telja það ástæðulaust.
Ljóst er, að með ört vaxandi verðbólgu hefur þróazt ójafnvægi í skattfrádrætti giftra kvenna á milli þeirra, er vinna við fyrirtæki fjölskyldunnar, og hinna, er aðra vinnu stunda utan heimilis, þar sem hámarksfrádráttur hinna fyrrnefndu, 15 000 kr., hefur staðið óbreyttur um árabil. Verður að teljast eðlilegt að leiðrétta þetta. — Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.	Lúðvík Jósefsson.	Skúli Guðmundsson.

Nd. 747. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 8. maí 1965, um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að málinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem menntamálaráðuneytið hefur nú staðfest reglugerð samkvæmt lögum um fuglafriðun frá 1966, sbr. 7. og 25. gr., og með hliðsjón af lögum um eyðingu svartbaks frá 1965, 4. gr., sem heimilar varpeigendum að nota svæfingarlyfið phenemalnatrium til að verja varplönd á vori fyrir vargi, þ. e. hrafni og veiðibjöllu, telur deildin ekki tímabært að breyta lögunum um eyðingu svartbaks, meðan ekki er fengin reynsla af verkunum lyfsins, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. maí 1969.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Jónas Pétursson. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Stefán Valgeirsson. Þorfinnur Bjarnason.

Ed. 748. Frumvarp til laga [2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Forseti lýðveldisins skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.

Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar starfsmann forsætisráðuneytis ritara ráðherrafunda.

Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók, er ráðherrar hafa staðfest fundargerðina.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:

Forsætisráðuneyti,
dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
félagsmálaráðuneyti,
fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,

heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
iðnaðarráðuneyti,
landbúnaðarráðuneyti,
menntaráðuneyti,
samgönguráðuneyti,
sjávarútvegsráðuneyti,
utanríkisráðuneyti og
viðskiptaráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

5. gr.

Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

6. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun, er lúta fjármálaráðherra, eru sjálfstæðar stjórnardeildir innan fjármálaráðuneytis.

Ákvæði laga þessara um ráðuneyti gilda jöfnum höndum um fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun, eftir því sem við á.

7. gr.

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum.

8. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyri, og sker forsætisráðherra þá úr.

9. gr.

Ráðuneyti hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana.

II. KAFLI

10. gr.

Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

Ríkisendurskoðandi stýrir ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 6. gr.

Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

Slíka skipan sem í 5. mgr. greinir getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

11. gr.

Starfsdeild ráðuneytis, sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis, og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans.

Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri eða skrifstofustjóri þess ráðuneytis, og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.

Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

12. gr.

Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra.

13. gr.

Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem deildarstjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

15. gr.

Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 3. október 1903, 1. gr.

Lög nr. 1 2. jan. 1917 um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Auglýsing um breyting á konungsúrskurði 12. febrúar 1917 um skipting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands nr. 1 5. janúar 1922.

Lög nr. 58 11. júní 1938 um breyting á lögum nr. 17 3. október 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Önnur lagaboð, er fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, skulu ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar, sem þá eru fastir starfsmenn án skipunar í embætti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr., sjálfkrafa hljóta veitingu embætta sinna samkvæmt nefndu lagaboði.

Ed. 749. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um Stjórnarráð Íslands.

Frá Pétri Benediktssyni og Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Í stað „menntaráðuneyti“ komi: menntamálaráðuneyti.
2. Við 9. gr. Orðin „og eignum á vegum þeirra stofnana“ falli niður.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðið „sjálfkrafa“ falli niður.

Nd. 750. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til laga um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við sjáum enga ástæðu til að afnema einkaheimild ríkisstjórnarinnar til að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger, en Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins hefur undanfarið annazt innflutning og framleiðslu á þessum vörum og skilað verulegum hagnaði í ríkissjóð af þeirri starfsemi.

Breytingartillaga okkar um, að einkaheimild ríkisstjórnarinnar til innflutnings og framleiðslu á slíkum vörum skuli haldast, er fram borin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1969.

Skúli Guðmundsson, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 751. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til laga um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (SkG og VH).

Við 1. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ein má flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.

Nd. 752. Lög [108. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 449.

Nd. 753. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Fyrir orðin „hinn 1. maí 1969“ komi: hinn 1. júlí 1969.
2. Við 13. gr. Fyrir „30. apríl 1969“ komi: 30. júní 1969, og fyrir „hinn 1. maí 1969“ komi: hinn 1. júlí 1969.
3. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Hinn 1. júlí 1969 falla hlutabréf o. s. frv.
4. Við 15. gr. Fyrir orðin „frá 1. maí 1969 til greiðsludags“ komi: frá 1. júlí 1969 til greiðsludags.

Nd. **754. Frumvarp til laga** [203. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. maí.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu. Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er völ á.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. hinn 1. júlí 1969 og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Hlutafélagið Áburðarverksmiðjan er jafnframt leyst upp miðað við sama tíma og hlutabréf, sem þá verða í eign annarra aðila en ríkisins, tekin eignarnámi skv. ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Ríkissjóður leggur verksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum.

5 gr.

Að því leyti, sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skulu eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfilegum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til að verksmiðjan geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

10 gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11 gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h.f., á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. júní 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. júlí 1969.

14. gr.

Hinn 1. júlí 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f. úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er Hæstiréttur tilnefnir. Skipar Hæstiréttur einn þeirra formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Mat nefndarinnar er endanlegt.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 9% ársvaxta af matsverðinu frá 1. júlí 1969 til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h.f., er hlutafélagið hættir störfum.

18. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h.f. skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

19. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f. fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og lög nr. 47 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Nd. 755. Breytingartillaga [138. mál]

við brtt. á þskj. 733 [Lántaka vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar].

Frá Sigurvin Einarssyni og Steingrími Pálssyni.

Á eftir orðinu „sveitaheimili“ komi: í Strandasýslu og.

Ed. 756. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skal, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska, skipta eftir ákvæðum laga nr. 41 17. maí 1955, og gilda ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968—1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 757. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Einar Ágústsson.	Hjalti Haraldsson.	Pétur Benediktsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 758. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1969.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, með fyrirvara.
Einar Ágústsson, með fyrirvara.	Hjalti Haraldsson, með fyrirvara.	Pétur Benediktsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 759. Frumvarp til laga [2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. maí.)

Samhljóða þskj. 748 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:
Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:

Forsætisráðuneyti,
dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
félagsmálaráðuneyti,
fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,
heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
iðnaðarráðuneyti,
landbúnaðarráðuneyti,
menntamálaráðuneyti,
samgönguráðuneyti,
sjávarútvegsráðuneyti,
utanríkisráðuneyti og
viðskiptaráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, skulu ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar, sem þá eru fastir starfsmenn án skipunar í embætti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr., hljóta veitingu embætta sinna samkvæmt nefndu lagaboði.

Ed. 760. Lög [234. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 553.

Ed. 761. Lög [250. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 706.

Nd. 762. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um frv. þetta. Meiri hl. n. vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en við teljum ástæðu til að breyta því eða fella það. Í frumvarpi þessu eru ákvæði um að lækka framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs úr ⅓ í ¼ af framlögum útvegsmanna. Árið 1962 var dregið úr þessu hlutfalli, framlag útvegsmanna hækkað, en framlag ríkissjóðs lækkað úr hálfum í einn þriðja, miðað við framlag útvegsmanna. Tilgangurinn með þessu frv. er að sjálfsögðu sá að draga úr útgjöldum ríkisins. Vel er, að ríkisstj. sér, að þau eru of há, og væri betur, ef hún hefði fyrr komið auga á það. Hins vegar eru það nær einu ráðstafanirnar, sem stjórnin gerir til að draga úr útgjöldum, að lækka framlag ríkisins til aflatryggingasjóðs og fiskveiðasjóðs. Jafnframt lofar stjórnin því munnlega að útvega þessum sjóðum fé, ef með þarf, til þess að þeir geti innt af hendi hlutverk sitt. Fé hefur eigi safnazt í aflatryggingasjóð undanfarin ár. Vetrarvertíð hefur verið góð víðast hvar í ár, þó hefur afli verið lítill á Breiðafirði. Fljótræði er að draga endanlega ályktun af afla tveggja til þriggja mánaða. Litlar líkur eru til, að síldarvertíð verði jákvæð, og haustvertíð er óviss. Með tilliti til loforðs ríkisstjórnarinnar um útvegun fjár, ef með þarf, virðist því eigi vera um raunhæfan sparnað að ræða.

Í frumvarpinu eru ákvæði um að taka 1% af útflutningsverðmæti sjávarafla og leggja í áhafnadeild hjá aflatryggingasjóði. Deildin endurgreiðir svo þetta fé upp í fæðiskostnað lögskráningarskyldra sjómanna, sem þýðir það, að sjómenn á bátum innan við 12 tonn fá enga greiðslu upp í fæðiskostnað. Eigi er ólíklegt, að það ákvæði valdi óánægju, og oft er reynt að misnota styrki og endurgreiðslur. Útvegurinn þarf þegar að greiða í yfir 20 sjóði og stofnanir. Nú á að bæta þessum fæðissjóði við. Frekar væri þörf að fækka en fjölga þessum útgjaldaliðum, en á því virðast of fáir hafa áhuga. Réttlátara og einfaldara væri a. m. k., þegar til lengdar lætur, að hver

útvegsmaður greiddi fæðiskostnað sjómanna af óskiptum afla hvers báts. Það kemur hvort sem er í hlut þeirra, beint eða óbeint, í framtíðinni, en væri réttlátara og fyrirhafnarminna en að fást við þessa sjóðsstofnun.

Að þessu athuguðu sjáum við ekki ástæðu til að vera með frumvarpinu.

Alþingi, 14. maí 1969.

Björn Pálsson, frsm. Jón Skaftason.

Nd. 763. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá Benedikt Gröndal, Birgi Kjaran, Ragnari Arnalds og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 4. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Innflutningsleyfi fyrir loðdýrum má aðeins veita að fengnu samþykki yfirdýralæknis.

Nd. 764. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Mál þetta var til meðferðar á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Þá var það sent — eins og venja er um slík mál — til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra. Var umsögn landnámsstjóra jákvæð, en jarðeignadeildar neikvæð.

Þá gerðu þrír nefndarmenn ferð sína austur að Holti til þess að kynna sér með eigin augum legu jarðarinnar og hvernig landamerki milli Holts og nágrannajarða liggja. Ekki varð séð, að neinir sérstakir annmarkar væru á því að selja jörð þessa vegna ólögulegra landamerkja milli hennar og ríkisjarðarinnar Fells, sem einnig er í eyði, en jarðeignadeild hefur talið sölu Holts óráðlega vegna þess, hvernig lönd þessara jarða skiptast. Út af því má taka fram, að ekki er vitað, að til ágreinings hafi komið milli ábúenda Fells og Holts, þegar búið var á báðum jörðunum, og voru landamerki þá hin sömu og nú.

Á árunum um og upp úr 1930 gekk Hafursá mjög á land Holts og spillti því, meðal annars vegna framkvæmda Vegagerðar ríkisins. Þorsteinn Einarsson og Jóhanna Sæmundsdóttir, sem þá voru eigendur og ábúendur Holts, gátu ekki af þessum sökum fengið lán til nauðsynlegra húsabóta, þar eð Búnaðarbankinn taldi jörðina ekki veðhæfa vegna ágangshættu af völdum Hafursár. Neyddust þau því til að selja ríkinu jörðina og urðu að flytja af henni. Voru það þung spor fyrir þau, þar sem Holt hafði lengi verið í eigu Þorsteins og forfeðra hans.

Nú hefur svo til skipazt, að ekki er lengur talin hætta á landskemmdum af völdum Hafursár, enda eru líka komin til sögu úrræði til varnar, ef á þyrfti að halda, sem ekki voru áður fyrir hendi.

Jóhanna Sæmundsdóttir, ekkja Þorsteins Einarssonar, sem nú er orðin öldruð kona, hefur mikinn hug á því að ná aftur eignarrétti á Holti, svo að það megi eftirleiðis verða í eigu niðja þeirra hjóna, en þrír synir þeirra búa í Dyrhólahreppi og sumir þeirra við of lítið jarðnæði og þurfa á Holtinu að halda, en allt er í óvissu um not þeirra af því, þegar hennar missir við, þar sem jörðin er ekki leigð í erfðafestuábúð.

Landbúnaðarnefnd fékk í hendur ýmis gögn um viðskipti ríkisins við Jóhönnu Sæmundsdóttur í sambandi við jörðina Holt, meðal annars hæstaréttardóm, þar sem

Jóhönnu var dæmd lífstíðarábúð á jörðinni. Ekki þykir ástæða til að birta þau gögn með þessu nefndaráliti, en þau eru í vörzlu landbúnaðarnefndar, og að sjálfsögðu geta þeir þingmenn, sem það vilja, fengið aðgang að þeim.

Meiri hlutinn fær ekki séð, að ríkinu geti verið það til nokkurs gagns að eiga Holtið, og þykir það réttlætismál, að Jóhönnu Sæmundsdóttur verði seld jörðin, og er þá einnig haft í huga, að synir hennar, sem bændur eru í nágrenni Holts, geti í framtíðinni fengið að njóta ættaróðalsins, þar sem þeir stigu sín fyrstu spor.

Mælir meiri hlutinn með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Þetta sjónarmið var viðurkennt í efri deild við meðferð málsins, og átti það greiða leið gegnum þá hv. deild nú.

Meiri hlutinn mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1969.

Stefán Valgeirsson. frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Benedikt Gröndal.

Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 765. Þingsályktun [23. mál]

um skóla- og námskostnað.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera yfirlit um kostnað ríkisins við skyldunám og framhaldsskóla. Skal af yfirlitinu mega sjá, hver hann er:

a) við heimavistarskóla,
b) við aðra skóla.

Einnig komi fram af yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist.

Stefnt verði að því, að yfirlit þetta verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 766. Þingsályktun [149. mál]

um veðurathugunarstöðvar í grennd við landið.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta gera áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar í grennd við landið, þar sem helzt er talin þörf á, í því skyni að veita skipstjórnarmönnum sem nákvæmasta veðurlýsingu og upplýsingar um veðurhorfur.

Sþ. 767. Þingsályktun [151. mál]

um rannsóknir á loðnugöngum.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að láta rannsaka og fylgjast með loðnugöngum að landinu og með ströndum fram.

Ríkisstjórninni er heimilt að leigja á þessu ári skip til rannsóknar-, leitar- og tilraunastarfa í allt að sex mánuði til viðbótar þeirri fiskileit, sem þegar hefur verið veitt fé til.

Sþ. 768. Breytingartillögur [181. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—72.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1969	1970	1971	1972
1.1 Benzíngjaldi	364.1	418.8	450.0	483.3
1.2 Þungaskatti	130.1	138.8	147.4	156.0
1.3 Gúmmígjaldi	39.4	47.6	53.6	58.0
Brúttó tekjur	533.6	605.2	651.0	697.3
Endurgreiðslur af:				
1.1.1 Benzíngjaldi	11.5	13.6	14.5	14.5
1.2.1 Þungaskatti	8.0	8.0	8.0	8.0
Nettó tekjur	514.1	583.6	628.5	674.8

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

	1969		1970		1971		1972	
2.1 Stjórn og undirbúningur:								
2.1.1 Launagreiðslur	10.9		12.1		12.8		13.5	
2.1.2 Eftirlaunagreiðslur	1.3		1.3		1.5		1.5	
2.1.3 Skrifstofukostnaður	4.8		5.0		5.0		5.0	
2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur	4.0		4.0		4.0		4.0	
2.1.5 Umferðartalning og eftirlit	1.5		1.5		1.5		1.5	
		22.5		23.9		24.8		25.5
2.2 Viðhald þjóðvega:								
2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega	175.0		197.4		206.9		211.9	
2.2.2 Vegmerkingar	1.5		1.5		1.5		1.5	
2.2.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	5.7		6.1		6.4		6.6	
		182.2		205.0		214.8		220.0
2.3 Til nýrra þjóðvega:								
2.3.1 Til hraðbrauta	50.0		85.0		100.0		125.0	
2.3.2 Til þjóðbrauta	45.1		50.7		55.3		72.5	
2.3.3 Til landsbrauta	30.9		57.4		63.3		56.9	
2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu	4.0		4.0		4.0		4.0	
2.3.5 Tryggingagj., orlof o. fl.	4.4		5.9		6.8		8.2	
2.3.6 Til rannsókna á Skeiðarársandi	3.5		1.8		1.1		1.2	
		137.9		204.8		230.5		267.8
2.4 Til fjallvega o. fl.:								
2.4.1 Til aðalfjallvega	1.0		1.1		1.1		1.1	
2.4.2 Til annarra fjallvega	1.4		1.5		1.5		1.6	
2.4.3 Til reiðvega	0.2		0.2		0.2		0.2	
2.4.4 Tryggingagj., orlof o. fl.	0.1		0.1		0.1		0.1	
		2.7		2.9		2.9		3.0
2.5 Til brúargerða:								
2.5.1 Til brúa 10 m og lengri	34.7		38.0		40.6		38.0	
2.5.2 Til smábrúa	6.1		6.1		6.8		8.5	
2.5.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	1.5		1.2		1.4		1.5	
		42.3		45.3		48.8		48.0

	1969	1970	1971	1972	
2.6 Til sýsluvegasjóða:	17.1	18.5	18.5	18.5	
2.7 Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	58.0	62.3	66.1	68.7	
2.8 Til véla- og áhaldakaupa:					
2.8.1 Til véla- og verkfærakaupa	14.0	14.0	15.0	16.0	
2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa	3.0	4.0	4.0	4.0	
	17.0	18.0	19.0	20.0	
2.9 Til tilrauna í vegagerð:	2.6	2.9	3.1	3.3	
2.10 Til greiðsluhalla á vegáætlun 1968:	31.8				
Samtals	514.1	583.6	628.5	674.8	

Sundurliðun.

2.3 Til nýrra þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:

Fjárhæðir í millj. kr.

	1969	1970	1971	1972	Samt.
1. Reykjanesbraut (A 2):					
1. Vextir af afborganir lána	6.8	6.8	6.8	6.8	27.2
2. Vesturlandsvegur (B 1):					
1. Miklabraut—Rofabær	7.0	38.0	25.0	—	—
2. Rofabær—Höfðabakki	12.0	11.0	10.0	—	—
3. Höfðabakki—Korpa	—	—	36.0	44.0	—
4. Um Skeiðhól	3.5	2.6	0.9	—	—
5. Um Hafnará	1.6	—	—	—	—
6. Um Seleyrargil ytra	0.8	—	—	—	—
7. Um Brynjudalsá	—	—	2.7	10.9	—
8. Til rannsókna á Hvalf. og Borgarf. samkv. þál.till.	0.7	0.9	0.4	0.1	208.1
3. Borgarnesbraut (B 24):					
1. Við Borgarnes	0.2	—	—	—	0.2
4. Norðfjarðarvegur (F 26):					
1. Um Egilsstaðakauptún	—	—	2.2	—	2.2
5. Suðurlandsvegur (G 1):					
1. Vextir og afborganir lána	0.9	0.8	—	—	—
2. Lækjarbotnar—Svínahraun	3.7	—	—	6.0	—
3. Svínahraun—Reykjarfell	—	—	—	17.3	—
4. Hveragerði—Bakkarholtsá	—	—	—	18.7	—
5. Bakkarholtsá—Selfoss	7.5	20.9	12.0	16.1	—
6. Um Skeggjastaði	—	—	—	1.1	—
7. Við Lyngás	0.4	—	—	—	—
8. Um Eystri-Rangá (við nýja brú)	0.8	—	—	—	—
9. Skuld vegna flutnings raflína ..	0.1	—	—	—	106.3
6. Verkfræðilegur undirbúningur	4.0	4.0	4.0	4.0	16.0
Fært á 2. 3. 1	50.0	85.0	100.0	125.0	360.0

2. Til þjóðbrauta:

Fjárhæðir í þús. kr.

	1969	1970	1971	1972	Samt.
1. Grindavíkurvegur (A 5):					
1. Gígháð—Svartengi	—	—	—	500	—
2. Ofan Grindavíkur	500	560	560	—	2120
2. Garðskagavegur (A 7):					
1. Keflavík—Garður	—	530	400	—	930

	Fjárhæðir í þús. kr.				
	1969	1970	1971	1972	Samt.
3. Vesturlandsvegur (B 1):					
1. Um Hraunsnef	—	480	—	1200	—
2. Um Austurá	—	640	—	—	—
3. Um Tunguá	—	—	—	290	—
4. Um Haukadalsá	—	1800	2230	—	—
5. Um Laxá	500	—	—	—	—
6. Fellsendi—Nesoddi	—	—	700	1100	—
7. Brekka—Hvoll	400	—	—	—	—
8. Um Neðri-Brunná	—	—	—	1080	—
9. Kleifahlíð	460	—	—	—	—
10. Í Gilsf. um Drífandahamar	540	—	—	—	—
11. Í Gilsfirði	460	—	—	—	—
12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir—Kollabúðir	—	1000	1500	1500	15880
4. Stykkishólmsvegur (B 26):					
1. Um Borg á Mýrum	—	—	1900	—	—
2. Um Grundarlæk	—	—	450	—	—
3. Skjálg—Kolbeinsstaðir	—	—	520	1600	—
4. Á Kerlingarskarði	500	—	—	—	—
5. Um Nesvog	—	2800	—	—	7770
5. Ólafsvíkurvegur (B 36):					
1. Rif—Enni	—	—	480	800	—
2. Enni	1850	—	—	—	3130
6. Grundarfjarðarvegur (B 41)	150	—	—	—	150
7. Vestfjarðavegur (C 1):					
1. Sunnan Þingmannaheiðar	1500	600	600	600	—
2. Gemlufallsheiði	—	650	650	650	—
3. Breiðadalsheiði	1300	2000	1400	1000	—
4. Um Tunguá í Skutulsfirði	—	—	—	480	11430
8. Barðastrandarvegur (C 7):					
1. Kleifaheiði	940	1620	1640	2030	—
2. Í Vatnsfirði	—	—	—	1000	7230
9. Strandavegur (C 28):					
1. Í Bæjarhreppi	90	—	—	—	—
2. Kjörseyri—Laxá—Hlaðhamar	—	1750	—	—	—
3. Húsavíkurkleif—Hrófártún	—	—	—	2200	—
4. Hrófártún—Víðidalsá	—	—	1800	—	5840
10. Sauðárkróksbraut (D 23):					
1. Um Grófargil	—	—	—	1680	—
2. Um Staðará	—	—	—	1790	3470
11. Siglufjarðarvegur (D 33):					
1. Norðan Sauðárkróksflugv.	500	500	—	—	—
2. Um Vatn	430	900	—	—	—
3. Um Haganesvík	—	—	1300	—	—
4. Ketilás—Lambanesás	—	—	2000	—	—
5. Um Lambanesá	—	—	1600	—	—
6. Um Almenninga	11840	—	—	—	19070
12. Norðurlandsvegur (E 1):					
1. Um Norðurá í Heiðarsporði	—	—	—	1170	—
2. Biskupsbeygja á Holtavörðuh.	430	—	—	—	—
3. Hæðarsteinsbrekka	1450	—	—	—	—
4. Um Síká	400	4000	—	—	—
5. Um Sporðshús	—	—	440	4000	—

	Fjárhæðir í þús. kr.				
	1969	1970	1971	1972	Samt.
6. Um Laxá á Ásum	—	1160	—	—	—
7. Um Langadal	—	1010	2000	4000	—
8. Um Bólstaðarhlíðarbrekku	300	—	—	—	—
9. Við Löngumýri	—	530	—	—	—
10. Um Djúpadalsá	—	1850	—	—	—
11. Um Úlfsstaðagil	—	—	—	930	—
12. Á Öxnadalsheiði	—	3000	—	—	—
13. Um Fnjóská	1130	—	—	—	—
14. Norðan Lauga	230	—	—	—	—
15. Kárhóll—Reykjadalsá	—	1000	1500	—	—
16. Norðan Mývatns	—	500	—	—	—
17. Á Mývatnsöræfum	300	—	—	—	31330
13. Ólafsfjarðarvegur (E 2):					
1. Reistará—Hagaás	—	—	1740	1260	—
2. Brimnesá—Karlsá	—	—	1000	2500	—
3. Um Ólafsfjarðarmúla	2020	—	2220	—	—
4. Um Lágheiði	—	—	—	1000	11740
14. Kinnarvegur (E 21):					
1. Halldórsstaðir—Fellssel	—	—	1350	—	—
2. Um Ófeigsstaði	—	—	300	800	—
3. Um Húsabakka	—	1610	1190	—	5250
15. Þingeyjarsýslubraut (E 25):					
1. Norðan Vestmannsvatns	—	—	—	4000	—
2. Í Aðaldalshrauni	510	490	—	—	—
3. Einarsstaðir—Húsavík	1550	—	—	—	—
4. Sunnan Húsavíkur	360	—	—	—	—
5. Norðan Húsavíkur	800	—	—	—	—
6. Um Köldukvísl	—	—	1200	—	—
7. Um Auðbjargarstaðabrekku	350	—	—	—	—
8. Lindarbrekka—Hóll	—	—	900	—	—
9. Kópasker—Klifshagi	—	1000	500	1500	—
10. Norðan Kópaskers	750	—	—	—	—
11. Á Ytra-Hálsi	350	—	—	—	—
12. Kollavík—Sævarland	—	—	—	9440	—
13. Um Svalbarð	—	400	2100	—	—
14. Um Ytri-Brekkur	650	—	—	—	26850
16. Austurlandsvegur (F 1):					
1. Á Jökuldalsheiði	1800	3400	—	—	—
2. Á Jökuldal	—	—	—	900	—
3. Um Rangá	890	—	—	—	—
4. Í Skriðdal	—	1500	—	2500	—
5. Í Breiðdal	1440	—	—	1560	—
6. Ós—Starmýri	900	4000	4100	5000	—
7. Í Lóni	—	1000	—	—	28990
17. Stranda- og Jökulsárhlíðarv. (F 2):					
1. Í Bakkafirði	—	1000	—	900	—
2. Í Vopnafirði	—	441	586	1380	—
3. Á Hellisheiði	—	500	—	—	—
4. Í Hlíð	—	—	1500	—	6307
18. Norðfjarðarvegur (F 26):					
1. Egilsstaðir—Eskifjörður	586	1000	1900	1800	—
2. Um Oddsskarð	650	1400	2500	2450	12286

	Fjárhæðir í þús. kr.				
19. Suðurfjarðavegur (F 31):	1969	1970	1971	1972	Samt.
1. Um Vattarnes	2200	—	—	—	—
2. Í Stöðvarfirði	500	—	1600	—	4300
20. Suðurlandsvegur (G 1):					
1. Við Rauðalæk	110	—	—	—	—
2. Við Steinslæk	—	—	—	1460	—
3. Þverá—Eyland	—	—	—	1300	—
4. Affall—Vorsabær	—	1000	—	—	—
5. Við Kattarnef	1800	—	—	—	—
6. Holtsá—Þorvaldseyri	—	—	650	1071	—
7. Við Svaðbælisá	—	—	420	—	—
8. Við Bakkakotsá	—	—	220	—	—
9. Við Kaldaklifsá	—	—	1780	—	—
10. Í Mýrdal	—	1460	500	—	11771
21. Þingvallavegur (G 3):					
1. Í þjóðgarði	140	170	340	—	650
22. Biskupstungnabraut (G 9):					
1. Við Kerið	—	—	2500	—	—
2. Við Borgargil	—	880	—	—	—
3. Við Minni-Borg	—	—	—	550	3930
23. Skeiðavegur (G 23):					
1. Laugarás—Biskupst.br.	—	—	—	1000	—
2. Suðurlandsvegur—vegamót við Reyki	540	540	540	540	3160
Fært á 2. 3. 2	45096	50671	55306	72511	223584

3. Til landsbrauta:	Fjárhæðir í þús. kr.				
1. Nesvegur (A 6):	1969	1970	1971	1972	Samt.
1. Flugv.—Reykjanesviti	—	1010	1940	910	—
2. Við Grindavík	—	—	—	900	4760
2. Meðalfellsvegur (A 14):					
1. Vesturlandsv.—Bugða	450	160	—	—	—
2. Eyjatjörn—Laxá	—	430	—	—	1040
3. Kjósarskarðsvegur (A 15):					
1. Vesturlandsv.—Laxá	—	—	300	—	—
2. Fremri-Háls—Fellsendi	—	200	—	—	500
4. Dragavegur (B 2):					
1. Um Kornahlíð	120	90	—	—	—
2. Um Geldingadraga	—	1060	—	1450	2720
5. Svínadalsvegur (B 3)	40	—	—	—	40
6. Leirársveitarvegur (B 6)	150	—	—	—	150
7. Melasveitarvegur (B 7):					
1. Um Belgsholt	550	—	—	—	550
8. Mófellsstaðavegur (B 8):					
1. Um Hrepp	—	220	—	—	220
9. Skorradalsvegur (B 9):					
1. Háafell—Fitjar	—	700	900	—	1600
10. Borgarfjarðarbraut (B 11):					
1. Um Norðurá hjá Haugum	—	—	2290	—	—
2. Hjá Síðumúlaveggjum	—	—	—	950	3240
11. Reykdælavegur (B 16):					
1. Um Logaland	150	—	—	—	150

	Fjárhæðir í þús. kr.				
	1969	1970	1971	1972	Samt.
12. Hálsasveitarvegur (B 17):					
1. Um Deildargil	450	—	—	—	—
2. Hringsgil—Húsafell	—	—	1000	—	1450
13. Hvítársíðuvegur (B 18):					
1. Um Kalmanstungu	—	—	—	500	—
2. Um Hvítá hjá Bjarnast.	—	640	—	—	—
3. Kinnargil	—	—	—	300	—
4. Um Þorgautsstaði	—	—	—	450	1890
14. Þverárhlíðarvegur (B 19):					
1. Um Örnólfsdalsá	170	—	480	—	650
15. Norðurárdalsvegur (B 22):					
1. Hóll—Hafþórsstaðir	700	—	—	—	—
2. Hafþórsstaðir—Skarðshamrar	—	2000	1000	—	3700
16. Þursstaðavegur (B 27)	50	—	—	—	50
17. Hraunhreppsvegur (B 30):					
1. Um Akra	30	—	—	—	—
2. Akrar—Kálfalækur	—	—	—	1000	1030
18. Heydalsvegur (B 33)	1470	1840	1850	4500	9660
19. Útnesvegur (B 40)	—	1280	1450	—	2730
20. Hörðudalsvegur (B 44)	200	—	—	500	700
21. Hálsabæjavegur (B 45)	—	200	—	200	400
22. Hlíðarvegur (B 46)	60	—	—	—	60
23. Haukadalsvegur (B 47)	—	200	400	—	600
24. Laxárdalsvegur (B 48)	200	500	450	1500	2650
25. Klofningsvegur (B 49)	1050	1540	1500	1300	5390
26. Neðribyggðarvegur (B 50)	40	—	200	—	240
27. Efribyggðarvegur (B 51)	320	340	—	—	660
28. Staðarhólsvegur (B 52)	20	—	—	—	20
29. Sælingsdalsvegur (B 53)	40	—	—	—	40
30. Tröllatunguheiði (C 3)	—	—	1000	—	1000
31. Reykhólasveitarvegur (C 4):					
1. Um Berufjörð	—	400	—	—	—
2. Um Barmahlíð	—	—	900	—	—
3. Um Hrafnanes	—	—	—	660	1960
32. Örlygshafnarvegur (C 9):					
1. Að flugvelli og Hafnarfj.	550	—	—	—	—
2. Vörðubrekka	—	—	170	290	1010
33. Rauðasandsvegur (C 10)	—	900	—	500	1400
34. Kollsvíkurvegur (C 11)	—	330	—	—	330
35. Bíldudalsvegur (C 12):					
1. Um Hálfdán	480	—	—	—	—
2. Reykjarfjörður—Trostansfjörður—Helluskarð	—	—	—	1000	1480
36. Tálknafjarðarvegur (C 14):					
1. Frá Bíldudalsvegi að Tunguþorpi	150	1000	800	—	1950
37. Ingjaldssandsvegur (C 17):					
1. Sandsheiði	—	400	—	—	—
2. Um Núp	—	—	—	800	1200
38. Valþjófsdalsvegur (C 18):					
1. Frá Þórustöðum að Grundarenda	—	—	—	350	350

		Fjárhæðir í þús. kr.				
		1969	1970	1971	1972	Samt.
39.	Flateyrarvegur (C 20):					
	1. Frá Selakirkjubóli að Hvilft ..	—	—	1200	2000	3200
40.	Súgandafjarðarvegur (C 21)	—	460	460	460	1380
41.	Bolungarvíkurvegur (C 22)	400	2000	2300	2000	6700
42.	Djúpvegur (C 24)	2280	4000	4500	4500	15280
43.	Vatnsfjarðarvegur (C 25):					
	1. Frá Djúpvegi að Hörgshl. og Bjarnarskarð	—	440	—	—	—
	2. Í Ísafirði	—	—	900	—	1340
44.	Snæfjallastrandarvegur (C 27):					
	1. Utan við Mórillu	920	380	—	—	1300
45.	Strandavegur (C 28):					
	1. Balar—Kaldbakskleif	1040	200	—	—	—
	2. Brattabrekka	—	—	—	341	1581
46.	Laxárdalsvegur (B 48):					
	1. Um brú á Laxá	—	470	—	—	470
47.	Drangsnesvegur (C 31):					
	1. Norður úr Drangsnesþorpi ..	580	—	—	—	—
	2. Hálsg.—Sandnes, Drangsnes—Kaldrananes	—	660	—	—	—
	3. Vestan Kaldrananess	—	—	410	—	1650
48.	Norðurfjarðarvegur (C 32):					
	1. Urðarhlíð	—	—	600	—	600
49.	Heggstaðanesvegur (D 1):					
	1. Mýrar—Bessastaðir	—	—	—	1000	—
	2. Um Grímsá	—	—	—	110	—
	3. Um Sanda	200	—	—	—	1310
50.	Vesturárdalsvegur (D 3):					
	1. Kollafoss—Húkur	50	—	—	—	50
51.	Fitjavegur (D 4):					
	1. Norðurlandsvegur—Fitjaá	—	640	—	—	640
52.	Vatnsnesvegur (D 5):					
	1. Um Þórsá	—	—	110	—	110
	2. Norðan Hvammstanga	—	480	1000	100	—
	3. Í Vestur-Hópi	—	—	—	1000	2580
53.	Þorgrímsstaðadalsvegur (D 6):					
	1. Vatnsnesvegur—Tunguá	—	—	1330	—	1330
54.	Borgarvegur (D 7):					
	1. Síða—Reyðarlækur	340	—	—	—	—
	2. Gottorp—Borg	—	—	—	900	1240
55.	Vatnsdalsvegur (D 9):					
	1. Kornsá—Miðhús	150	—	300	—	450
56.	Reykjabraut (D 11):					
	1. Beinakelda—Reykir	2830	2940	—	—	5770
57.	Svínvetningabraut (D 13):					
	1. Tindar—Langamýri	—	800	—	—	—
	2. Tindar—Blönduós	—	600	—	—	1400
58.	Svartárdalsvegur (D 17)	—	400	350	—	750
59.	Skagavegur (D 18):					
	1. Tjörn—Tjarnarklif	550	—	—	—	—
	2. Um Digramúla	—	220	—	—	—
	3. Bergskáli—Kleifargil	—	—	—	1250	—
	4. Í Gönguskörðum	—	—	3800	—	5820

		Fjárhæðir í þús. kr.				
		1969	1970	1971	1972	Samt.
60.	Þverárfjallsvegur (D 21):					
	1. Um Njálsstaðabrúnir	720	—	—	—	720
61.	Sæmundarhlíðarvegur (D 24)	50	400	—	—	450
62.	Skagafjarðarvegur (D 25):					
	1. Á Kjálka	—	600	—	—	—
	2. Álfagerði—Mælifell	—	—	—	1000	1600
63.	Hegranesvegur (D 34)	—	—	—	1000	1000
64.	Deildardalsvegur (D 37)	—	1500	—	—	1500
65.	Bæjarvegur (D 40)	—	—	900	—	900
66.	Sléttuhlíðarvegur (D 41)	300	—	—	—	300
67.	Flókadalsvegur vestri (D 42):					
	1. Um Sigríðarstaði	—	1000	—	—	1000
68.	Kleifavegur (E 3):					
	1. Sunnan Syðri-Ár	—	210	—	—	210
69.	Ólafsfjarðarvegur eystri (E 4):					
	1. Hóll—Vatnsendi	40	—	—	500	540
70.	Svarfaðardalsvegur (E 5):					
	1. Um Klaufabrekku	100	—	—	—	—
	2. Klaufabrekka—Dalvík	—	—	1600	—	1700
71.	Hauganesvegur (E 7):					
	1. Ólafsfjarðarvegur—Hauganes	—	—	1670	—	1670
72.	Hörgárdalsvegur (E 11):					
	1. Um Dunhaga	300	—	—	—	—
	2. Dunhagi—Myrká	—	—	400	—	700
73.	Dagverðareyrarvegur (E 12):					
	1. Ólafsfjarðarvegur—Endurvarpsst.	—	700	500	—	—
	2. Um Glæsibæjarflóa	—	200	—	—	1400
74.	Blómsturvallavegur (E 13)	30	—	—	—	30
75.	Eyjafjarðarbraut (E 14):					
	1. Um Rifkelsstaði	—	—	—	3320	—
	2. Við Finnastaðaá	—	530	—	—	—
	3. Við Torfufellsá	200	—	—	—	—
	4. Norðurlandsv.—Hrafnagil	—	—	2200	—	6250
76.	Svalbarðsstrandarvegur (E 17):					
	1. Um Þórisstaði	300	2130	—	—	2430
77.	Fnjóskadalsvegur vestri (E 18):					
	1. Sunnan Skóga	520	—	—	—	520
78.	Vaglaskógarvegur (E 19):					
	1. Um Mörk	150	—	—	—	150
79.	Fnjóskadalsvegur eystri (E 20):					
	1. Um Ytri-Klauf	—	2300	—	—	—
	2. Pálsgerði—Borgargerði	—	—	600	500	3400
80.	Fremstafellsvegur (E 22):					
	1. Vestan Fremstafells	170	—	—	—	170
81.	Út-Kinnarvegur (E 23):					
	1. Ófeigsstaðir—Skálaá	320	180	—	—	500
82.	Bárðardalsvegur (E 24):					
	1. Lundarbrekka—Víðiker	250	500	—	—	—
	2. Sunnan Halldórsstaða	—	750	—	—	1500
83.	Hvammavegur (E 27):					
	1. Um Daufhyl	—	690	—	—	—
	2. Við Grenjaðarstað	50	—	1100	—	1840

		Fjárhæðir í þús. kr.				
		1969	1970	1971	1972	Samt.
84.	Sandsvegur (E 30):					
	1. Þingeyjarsýslubr.—Hraunkot .	250	—	—	—	250
85.	Austurhlíðarvegur (E 31):					
	1. Um Stóru-Laugar	—	—	110	—	110
86.	Stafnsvegur (E 32):					
	1. Narfastaðir—Stafn	—	200	—	—	200
87.	Mývatnssveitarvegur (E 33):					
	1. Um Garðsgrundir	300	—	—	—	—
	2. Lagfæringar á hættulegum st. .	150	—	—	—	450
88.	Baldursheimsvegur (E 34):					
	1. Um Litlu-Strönd	—	—	110	—	110
89.	Vestursandsvegur (E 35):					
	1. Um Seyrur	200	—	—	—	200
90.	Vopnafjarðarvegur (F 7)	—	1400	1900	—	3300
91.	Jökuldalsvegur efri (F 11)	—	800	—	700	1500
92.	Jökuldalsvegur eystri (F 12)	—	—	—	400	400
93.	Hróarstunguvegir (F 13 og F 14)	—	1000	1000	1000	3000
94.	Upphéraðsvegur (F 16)	210	—	1000	1600	2810
95.	Fljótsdalsvegir (F 17—19)	—	—	200	—	200
96.	Fjarðarheiðarvegur (F 20)	800	1800	1800	1500	5900
97.	Seyðisfjarðarvegur (F 21)	180	220	—	—	400
98.	Úthéraðs- og Borgarfjv. (F 22) ..	1100	—	2300	2600	6000
99.	Lagarfossvegur (F 23)	—	300	—	—	300
100.	Hjaltastaðarvegur (F 24)	—	—	300	—	300
101.	Mjóafjarðarvegur (F 27)	200	300	200	300	1000
102.	Viðfjarðarvegur (F 28)	—	—	—	500	500
103.	Vallanesvegur (F 29)	60	—	—	340	400
104.	Skriðdalsvegur (F 30)	—	—	200	—	200
105.	Norðurdalsvegur í Breiðd. (F 34)	—	—	500	—	500
106.	Breiðdalsvegur syðri (F 35)	—	—	—	200	200
107.	Axarvegur (F 36)	—	200	—	200	400
108.	Austurlandsvegur í Skaftaf. (F 1):					
	1. Austan Jökulsár á Breiðams. .	1300	2100	1900	1300	6600
	2. Vestan Jökulsár á Breiðams. .	800	600	600	—	2000
109.	Suðurlandsvegur (G 1):					
	1. Í Hrífunesbrekkum	—	—	—	1000	—
	2. Við Kálfá	150	—	—	—	—
	3. Við Ásakvíslar	300	—	—	—	—
	4. Við Geirlandsá	—	—	—	900	—
	5. Við Brunná	—	810	—	—	3160
110.	Þorlákshafnarvegur (G 5):					
	1. Sunnan við vegamót í Grímslækjart.	—	—	1255	—	1255
111.	Tjarnarvegur (G 16):					
	1. Ofan Vatnsleysu	—	—	—	280	280
112.	Geysisvegur (G 18):					
	1. Kjóastaðir—Brattholt	2000	1600	—	—	3600
113.	Hrunamannavegur (G 26):					
	1. Norðan Laxárbrúar	200	—	—	—	200
114.	Langholtsvegur (G 28):					
	1. Efra-Langholt—Auðsholtsv. ..	—	—	—	1000	1000
115.	Hrunavegur (G 29):					
	1. Við Hruna	100	—	—	—	100

		Fjárhæðir í þús. kr.				
		1969	1970	1971	1972	Samt.
116.	Þjórsárdalsvegur (G 31):					
	1. Sandlækjarholt—Sandá	1060	1060	1060	1060	4240
117.	Gaulverjabæjarvegur (G 39):					
	1. Eyrarbakkav.—Stokkseyri	—	—	850	—	850
118.	Hamarsvegur (G 42):					
	1. Skóganes—Sýrlækur	—	—	—	500	500
119.	Ásmundarstaðavegur (G 47):					
	1. Ásmundarstaðir—Þykkvabæjarv.	—	—	780	—	780
120.	Þykkvabæjarvegur (G 49):					
	1. Háfshverfi—Sandhólaferja ...	—	—	—	500	—
	2. Í Þykkvabæ	50	—	—	—	—
	3. Við Ægissíðu	—	1200	—	—	1750
121.	Landvegur (G 51):					
	1. Brúarlundur—Skarð	—	—	1150	1340	2490
122.	Árbæjarvegur (G 53):					
	1. Af Suðurlandsv. til norðurs ..	—	1160	—	—	1160
123.	Efri Rangárvallavegur (G 55):					
	1. Við Geldingalæk	—	680	—	—	680
124.	Fljótshlíðarvegur (G 58):					
	1. Við Moshvol	—	—	480	—	480
125.	Út-Landeyjavegur (G 60)	100	—	—	—	100
126.	Þúfnavegur (G 61)	—	—	540	—	540
127.	Reynishverfisvegur (G 74)	—	—	220	—	220
128.	Álftaversvegur (G 76):					
	1. Við Norðurhjáleigu	130	—	640	—	770
129.	Meðallandsvegur (G 79):					
	1. Ásabrú—Leiðvellir	—	—	—	1300	—
	2. Fljótakrókur—Efri-Fljótar ...	—	—	1000	—	—
	3. Við Langholt	150	—	—	—	2450
130.	Stórhöfðavegur (G 81)	290	146	385	320	1141
131.	Til greiðslu skulda á vegum, sem falla úr tölu þjóðvega	590	—	—	—	590
	Fært á 2. 3. 3	30950	57396	63340	56881	208567

2.4.1 Til aðalfjallvega.

	Fjárhæðir í þús. kr.			
	1969	1970	1971	1972
1. Kaldadalsvegur	100	100	100	100
2. Kjalvegur	400	400	400	400
3. Fjallabaksvegur	150	150	150	150
4. Sprengisandsleið	350	450	450	450
Fært á 2.4.1	1000	1100	1100	1100

2.5 Til brúargerða.

	Fjárhæðir í þús. kr.			
	1969	1970	1971	1972
1. Til brúa 10 m og lengri:				
1. Hafnará í Melasveit (B 1)	2300	—	—	—
2. Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18)	1000	1860	2200	—

		Fjárhæðir í þús. kr.			
		1969	1970	1971	1972
3.	Laxá hjá Búðardal (B 1)	5100	—	—	—
4.	Staðarhólsá hjá Kjarlaksv., sýsluv.	130	—	—	—
5.	Þingmannaá á Hjarðarnesv., sýsluv.	420	—	—	—
6.	Bjarnardalsá í Bjarnardal (C 1)	1400	—	—	—
7.	Langá í Skutulsfirði (C 24)	1216	—	—	—
8.	Hólsá í Bolungarvík (C 22)	1373	—	—	—
9.	Mórilla í Kaldalóni (C 27)	856	—	—	—
10.	Svartá hjá Fossum, sýsluv.	784	—	—	—
11.	Jökulsá eystri við Austurbug, fjallv.	400	—	—	—
12.	Strandhafnará í Vopnaf., sýsluv.	800	—	—	—
13.	Rangá hjá Flúðum (F 1)	3500	—	—	—
14.	Hólá í Öræfum (F 1)	2100	—	—	—
15.	Stigá í Öræfum (F 1)	2300	—	—	—
16.	Holtsá hjá Álftagróf, sýsluv.	165	—	—	—
17.	Fljótsvegur í Landeyjum (G 62)	1296	—	—	—
18.	Ytri-Rangá ofan við Galtalæk, fjallv.	600	—	—	—
19.	Eystri-Rangá hjá Djúpadal (G 1)	8300	—	—	—
20.	Til endurgr. á geymslufé Hvítár	710	—	—	—
21.	Austurá í Sökkólfsdal (B 1)	—	1400	—	—
22.	Laxá hjá Kjörseyri (C 28)	—	2700	—	—
23.	Síká í Hrútafirði (E 1)	—	3300	—	—
24.	Laxá á Ásum (E 1)	—	8800	—	—
25.	Djúpadalsá í Skagafirði (E 1)	—	5100	—	—
26.	Finnastaðaá í Eyjafirði (E 14)	—	1900	—	—
27.	Þverá í Borgarfirði, sýsluv.	—	1000	—	—
28.	Holtakíll á Mýrum (F 1)	—	5700	—	—
29.	Brunná í Fljótshverfi (G 1)	—	2900	—	—
30.	Hvammsá í Mýrdal (G 1)	—	1200	—	—
31.	Strandarsíki (G 1)	—	2200	—	—
32.	Norðurá hjá Haugum (B 11)	—	—	14300	—
33.	Haukadalsá (B 1)	—	—	5100	—
34.	Þórsá á Vatnsnesi (D 5)	—	—	2000	—
35.	Kaldakvísl á Tjörnesi (E 25)	—	—	7000	—
36.	Geitdalsá í Skriðdal, sýsluv.	—	—	2300	—
37.	Laxá í Nesjum (F 1)	—	—	3000	—
38.	Jökulkvísl á Álftaversafrétti, fjallv.	—	—	450	—
39.	Svaðbælisá (G 1)	—	—	1900	—
40.	Bakkakotsá (G 1)	—	—	2100	—
41.	Rimhúsaáll hjá Holti, einkav.	—	—	190	—
42.	Norðurá í Heiðarsporði (E 1)	—	—	—	2500
43.	Laxá á Breið (B 36)	—	—	—	2070
44.	Tunguá hjá Sauðafelli (B 1)	—	—	—	3000
45.	Tunguá í Skutulsfirði (C 1)	—	—	—	3100
46.	Austurá hjá Skárastöðum, sýsluv.	—	—	—	1900
47.	Grófargil í Skagafirði (D 23)	—	—	—	1600
48.	Staðará í Skagafirði (D 23)	—	—	—	2700
49.	Úlfsstaðagil í Skagafirði (E 1)	—	—	—	1600
50.	Jökulsá á Dal hjá Merki, sýsluv.	—	—	—	1000
51.	Fagradalsá (F 27)	—	—	—	1000
52.	Geirlandsá (G 1)	—	—	—	10700
53.	Kaldaklifsá (G 1)	—	—	—	3100

	Fjárhæðir í þús. kr.			
	1969	1970	1971	1972
54. Steinslækur (G 1)	—	—	—	2100
55. Flóaáveituskurður (G 1)	—	—	—	1600
Fært á 2.5.1	34750	38060	40540	37970
2. Til smábrúa (4—9 m)	6060	6100	6800	8500
Fært á 2.5.2	6060	6100	6800	8500

3. Á eftir II. kafla, um skiptingu útgjalda, komi nýr kafli, svo hljóðandi (kaflatala þar á eftir breytist þessu til samræmis):

III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR OG LANDSBRAUTIR, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna, talið í millj. kr.

	1969—1972	
1. Hraðbrautir:		
1.1 Hafnarfjarðarvegur	115.0	
1.2 Suðurlandsvegur	500.0	
1.3 Vesturlandsvegur	165.0	
1.4 Verkfræðilegur undirbúningur	20.0	
		800.0
2. Þjóðbrautir		21.9
3. Landsbrautir		9.8
		Alls 831.7

4. Við III:
   a. Fyrirsagnirnar „a. Almennir þjóðvegir“ og b-liðirnir (Hliðarvegir) í heild falli brott (sbr. nýsamþykkta breytingu á vegalögum).
   b. Heimilt er við prentun þingsályktunar um vegáætlun að færa tölusetningu vega í samfellda töluröð.
5. Lokaákvæði tillgr. (4. Framkvæmdir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs o. s. frv.) falli brott, sbr. 3. brtt. hér að framan.

Sþ. 769. Nefndarálit [181. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—72.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á tillögunni, þegar eftir að málinu var vísað til nefndarinnar. Alls hefur nefndin rætt málið á 18 fundum.

Undir afgreiðslu tillögunnar hefur nefndin átt ýtarlegar viðræður við vegamálastjóra um málið og fengið ýmsar mikilsverðar upplýsingar.

Auk þeirrar aðstoðar, sem vegamálastjóri hefur veitt nefndinni, hefur hún einnig notið aðstoðar starfsmanna vegamálaskrifstofunnar varðandi heildarafgreiðslu áætlunarinnar.

Þá áttì nefndin fund með þeim starfsmönnum Efnahagsstofnunarinnar, sem unnið höfðu að tillögugerð varðandi tekjubálk vegáætlunarinnar. Gerðu þeir nefndinni grein fyrir vinnubrögðum sínum í sambandi við áætlunargerð um heildartekjur vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Af þeim upplýsingum var nefndinni ljóst, að með tilliti til þess samdráttar, sem nú á sér stað í bifreiðainnflutningi til landsins, getur svo farið, að tekjur, sem miðaðar eru við bifreiðaspá stofnunarinnar, kunni að raskast nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Hins vegar telur nefndin, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um benzínnotkunina, megi gera ráð fyrir, að áætlun stofnunarinnar standist fullkomlega.

Hinn 21. apríl bárust nefndinni tillögur vegamálastjóra um skiptingu á einstökum fjárveitingum til hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og brúargerða. Við athugun nefndarinnar á þessum tillögum vegamálastjóra, varð nefndinni ljósara en áður, að í þeim fólst verulegur samdráttur í framkvæmdum þjóðbrauta og landsbrauta, einkum með tilliti til áhvílandi skulda. Með hliðsjón af þessari staðreynd taldi nefndin, að tvennt kæmi til greina: Annars vegar að draga úr fjárveitingu til hraðbrauta og flytja þá fjármagn yfir til þjóðbrauta og landsbrauta, eða þá að athuga möguleika á aukningu heildartekna vegasjóðs. Að athuguðu máli taldi nefndin rétt að velja síðari leiðina.

Það varð því úr, að nefndin samþykkti einróma að mæla með því, að flutt yrði frumvarp til laga um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, og hækka innflutningsgjald af benzíni um kr. 1.00 af hverjum lítra. Umrætt frumvarp er nú orðið að lögum, og er því gert ráð fyrir, að tekjuaukning vegasjóðs á áætlunartímabilinu verði sem hér segir:

Árið 1969 (miðað við 1. júní)	31.2	millj. kr.
Árið 1970	73.1	— —
Árið 1971	77.4	— —
Árið 1972	83.3	— —
eða samtals á áætlunartímabilinu	265.0	millj. kr.

Auk þessa hefur verið fallizt á, að ríkissjóður taki að sér greiðslur afborgana og vaxta af föstum lánum vegna þjóðbrauta og landsbrauta, sem til falla samkvæmt vegáætlun á árunum 1970—1972. Nemur sú upphæð sem hér segir:

Árið 1970	11.0	millj. kr.
Árið 1971	13.0	— —
Árið 1972	14.6	— —
Samtals	38.6	millj. kr.

Verður því aukið fjármagn til ráðstöfunar á áætlunartímabilinu samtals 303.6 millj. króna.

Þá hefur verið gerð sú breyting á vegalögum, að nú falla allir vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum undir sýsluvegi, og þótti því rétt að hækka framlag til sýsluvegasjóða um eina millj. króna, fyrir hvert ár 1970—1972.

Um ágreining um afgreiðslu málsins innan fjárveitinganefndar var ekki að ræða. Nefndin flytur því allar breytingartillögur við tillöguna sameiginlega, svo sem fram kemur á sérstöku þingskjali. Um skiptingu einstakra fjárveitinga til þjóðbrauta og landsbrauta hafði nefndin samráð við þingmenn í viðkomandi kjördæmum.

En þrátt fyrir einróma afgreiðslu nefndarinnar á öllum breytingartillögum við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 og heildaraf-

greiðslu málsins óskar minni hluti nefndarinnar að skila sérálíti um málið, þar sem hann mun skýra afstöðu sína til vegamála almennt.

Alþingi, 14. maí 1969.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Eyjólfur Konr. Jónsson. Óskar E. Levy.

Ed. 770. Breytingartillögur [216. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

Frá Einari Ágústssyni, Bjarna Guðbjörnssyni og Hjalta Haraldssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „75 millj. kr." komi: 110 millj. kr.
2. Við greinina bætist: enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana á árinu 1969.
3. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.
4. Við 8. gr. Á eftir „Lögreglustöð í Reykjavík" bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Til atvinnuaukningar framhaldsskólanema sumarið 1969 ..... 35.0

Nd. 771. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Birgi Finnssyni.

Við 3. gr. (17. gr.)
Á eftir orðunum „lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum" komi: og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir.

Ed. 772. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:
I. kafli. — Um aflatryggingar.

2. gr.

2. töluliður 9. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráðabirgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 **brúttórúmlest** að stærð og stærri: 100 **krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.
b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 **brúttórúmlest** að stærð: 85 **krónur** á úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórðungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryggingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til útflutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Sþ. 773. Nefndarálit [181. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—72.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og ljóst er af breytingartillögum fjárveitinganefndar við þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1969—1972, stendur nefndin öll að flutningi þeirra, þar sem samstaða varð í nefndinni um þá tekjuöflun, sem gerð var og að dómi fjárveitinganefndar var óumflýjanleg, eins og hag vegasjóðs var komið. Alger samstaða var meðal þingmanna í öllum kjördæmum landsins um skiptingu fjárins milli vegaframkvæmda innan kjördæmanna, og fjárveitinganefnd hafði ekki önnur afskipti af því en að staðfesta þá skiptingu.

Í nefndaráliti okkar viljum við undirritaðir hins vegar leggja áherzlu á þau atriði, er varða aðstöðu til vegagerða og framkvæmdir í þeim.

Um áætlunargerð þá, sem hér hefur verið tekin upp, þar sem ákvarðanir eru teknar til lengri tíma en áður var, viljum við vekja athygli á því, að forsenda slíkrar áætlunargerðar er stöðugt verðlag og stöðugt gengi peninga. Þetta hefur skort í efnahagsmálum okkar Íslendinga, svo sem kunnugt er, og ber vegasjóður þess glögg merki, þar sem skuldir hans nema yfir hálfan milljarð í lok síðastliðins árs, og er

það hærri fjárhæð en varið hefur verið til framkvæmda í stórum verkefnum, eins og Keflavíkurvegi, Siglufjarðarskarði og Ólafsvíkurenni. Gengistap vegasjóðs er orðið um 150 millj. kr., er það hrikaleg fjárhæð. Við teljum, að þessi reynsla sanni þrennt: Í fyrsta lagi, að hafa verði fullkomna aðgæzlu um erlendar lántökur til vegagerðar. Í öðru lagi verði alltaf að leggja vegasjóði fé frá ríkissjóði, m. a. til að halda jafnvægi um framkvæmd vegáætlana og forða sjóðnum frá stórum fjárhagsáföllum, álíka og þeim, sem hann hefur orðið fyrir á undanförnum árum og lamað hafa starfsemi hans. Í þriðja lagi: Ríkissjóður verður að leggja vegasjóði til fé árlega vegna vegaviðhalds, sem aldrei er séð svo vel fyrir á áætlunartímabilinu, að ekki þurfi þar aukið fjármagn að koma til.

Þá viljum við undirstrika þá skoðun okkar, að vegagerðin eigi að fá tekjur af umferðinni, alla sérskatta beint í ríkissjóð og framlög frá ríkissjóði vegna tekna hans af umferðinni.

Eins og áður er að vikið í nefndaráliti þessu, var fjárhag vegasjóðs svo komið, að fjárveitinganefnd stóð frammi fyrir þeim vanda að dreifa þeim litlu fjárhæðum, er verja átti til hraðbrauta, til allrar vegagerðar í landinu, og þar með hefðu hraðbrautaframkvæmdir litlar eða engar orðið á tímabilinu, eða standa að því, að benzínskatturinn yrði hækkaður um eina krónu á lítra. Okkur var ljóst, að skattlagning er ekki æskileg, ekki sízt eins og nú er komið málum þjóðarinnar, en enn þá fráleitara var þó að standa að því, að vegagerð félli að mestu niður, eins og verið hefði, ofan á það atvinnuástand, sem nú er í landinu, til viðbótar við ástandið í vegamálunum. Af þeim ástæðum völdum við síðari kostinn. Þar til viðbótar kom það, er miklu máli skipti í okkar huga, að það ávannst, er við höfðum barizt fyrir á undanförnum þingum, að ríkissjóður taki þátt í vegagerð landsins með fjárveitingu til vegasjóðs, sem er ákveðin með því, að ríkissjóður tekur að sér greiðslu vaxta og afborgana af lánum til vegasjóðs á þessu vegáætlunartímabili, er nemur verulegri fjárhæð.

Þá viljum við lýsa þeirri skoðun okkar, að vegagerðin eigi sjálf að annast framkvæmdir í vegagerð, a. m. k. svo að næg verkefni séu að jafnaði fyrir vélar og önnur tæki hennar til vegagerðar, en annist aðrir vegaframkvæmdir fyrir vegagerð ríkisins, þá verði það að undangengnum tilboðum.

Við viljum að lokum leggja áherzlu á það, að með þeirri ákvörðun fjárveitinganefndar að standa þannig að vegamálum, sem gert er með afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1969—1972, er gert verulegt átak til að þoka vegamálum landsins í rétta átt, þó að okkur sé ljóst, að til þess að það megi verða að varanlegum notum fyrir þjóðina, verður að hverfa frá þeirri verðbólgu- og gengislækkunarstefnu, er hefur verið óskabarn núverandi valdhafa. En sérstaklega er rík skylda valdhafa að tryggja stöðugt gengi gjaldmiðilsins eftir svo stórfelldar erlendar lántökur sem fyrirhugaðar eru til hraðbrautaframkvæmda með vegáætlun þessari.

Alþingi, 15. maí 1969.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Geir Gunnarsson. Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 774. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 31 25. apríl 1964.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og vitnar til væntanlegrar heildarendurskoðunar á viðkomandi lögum.

Undirritaður minni hluti nefndarinnar sér enga ástæðu til þeirrar afgreiðslu, enda er málið mjög einfalt.

Lán til íbúðabygginga verkamanna eru nú 455 þús. kr. og hækka væntanlega innan skamms vegna hækkandi vísitölu. Lán til íbúðarhúsa í sveitum hafa nýlega verið hækkuð í 300 þús. kr. Við þá ákvörðun var höfð hliðsjón af því, að styrkur til þeirra, er þrengstan fjárhag hafa, hækkaði einnig, en hann hefur verið óbreyttur síðan 1964.

Engin ástæða er til að ætla, að hér sé um stór útgjöld að ræða á næstunni, því að fáir munu treystast til að hefja byggingarframkvæmdir nú um sinn, og enginn gerir slíkt að gamni sínu.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Stefán Valgeirsson.

Nd. 775. Lög [2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 759 (sbr. 748).

Nd. 776. Þjóðminjalög. [100. mál]

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 739 (sbr. 345).

Nd. 777. Lög [104. mál]

um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 728 (sbr. 133).

Nd. 778. Lög [120. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 726.

Nd. **779. Lög** [218. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 756.

Nd. **780. Lög** [63. mál]

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 629.

Nd. **781. Lög** [186. mál]

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 652.

Ed. **782. Nefndarálit** [215. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Karl Guðjónsson var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 16. maí 1969.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. **783. Breytingartillaga** [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

Við 3. gr. (17. gr.). Orðin „og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á“ falli niður.

Nd. 784. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á einum fundi. Mættu á fundinum félagsmálaráðherra Eggert G. Þorsteinsson og ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, Hjálmar Vilhjálmsson, sem var formaður nefndar þeirrar, sem frv. samdi. Veitti hann upplýsingar um málið og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndin telur, að allt of lítill tími hafi gefizt til að athuga málið, en undirritaðir nefndarmenn eru þó sammála um að mæla með samþykkt frv. með tiltekinni breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali, í trausti þess, að endurskoðun málsins haldi áfram og það verði tekið til frekari athugunar þegar á næsta þingi.

Alþingi, 16. maí 1969.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Matthías Bjarnason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 785. Breytingartillaga [249. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 2. gr. Orðin „eða í skólaleyfum“ 5. málslið b-liðar falli niður.

Nd. 786. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 16. maí 1969.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Matthías Bjarnason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 787. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21 27. apríl 1968, um breyt. á lögum nr. 19. 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirlitið frv., og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 16. maí 1969.

Guðlaugur Gíslason, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Jón Skaftason, frsm.
Friðjón Þórðarson. Hannibal Valdimarsson. Matthías Bjarnason.

Sþ. 788. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um sumaratvinnu framhaldsskólanema.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þessi tillaga hefur ekki hlotið náð hjá meiri hluta allsherjarnefndar. Hér er þó um að ræða eitt alvarlegasta vandamál þjóðfélagsins um þessar mundir.

Ef svo fer sem horfir, að fjöldi framhaldsskólanema verði atvinnulaus í sumar, þá er það mikið áfall fyrir einstaklinginn og þjóðina alla.

Sumarleyfi framhaldsskólanema eru hér yfirleitt lengri en í öðrum nálægum löndum. Sumaratvinna skólafólks ræður þráfaldlega úrslitum um möguleika þess til áframhaldandi náms. Er það vitanlega óbætanlegt tjón, ef hópar efnilegra ungmenna þurfa að hætta námi vegna fjárskorts. Íslenzkt samfélag má ekki við slíku, þegar framþróun siðmenntaðra þjóða byggist í æ ríkari mæli á aukinni þekkingu og margháttaðri tæknimenntun. Og ekki þarf orðum að því að eyða, hversu óheppileg áhrif það hlýtur að hafa á viðhorf unga fólksins til þjóðfélagsins, ef hlutskipti þess í sumar á að verða atvinnuleysi með þeim afleiðingum, sem þegar er að vikið.

Þinglið hæstv. ríkisstjórnar hefur fellt tillögur um heimild til lántöku til þess að leysa að nokkru fyrirsjáanlegan vanda í atvinnumálum framhaldsskólanema í sumar.

Undirritaður minni hluti allsherjarnefndar telur það siðferðilega skyldu ríkisstjórnarinnar að grípa hér í taumana og leggur til, að þingsályktunartillagan á þskj. 326 verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Geir Gunnarsson. Jónas Jónsson.

Ed. 789. Lög [203. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 754.

Ed. 790. Lög [210. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 685.

Sþ. 791. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um sumaratvinnu framhaldsskólanema.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um tillöguna. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. maí 1969.

Unnar Stefánsson, form., frsm. Jónas Pétursson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Matthías Bjarnason.

Ed. 792. Lög [211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 454.

Ed. 793. Lög [216. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 631.

Ed. 794. Lög [159. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 308.

Ed. 795. Lög [188. mál]

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 772.

Ed. 796. Lög [215. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 460.

Nd. 797. Lög [198. mál]

um loðdýrarækt.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 403.

Nd. 798. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um Norðvesturlandsvirkjun.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. og sent það til umsagnar eftirgreindum aðilum:

1. Orkumálastjóra.
2. Rafmagnsveitum ríkisins.
3. Sambandi íslenzkra rafveitna.

Svör hafa þegar borizt. Orkumálastjóri og Rafmagnsveitur ríkisins mæla gegn samþykkt frumvarpsins, en meiri hluti stjórnar Sambands íslenzkra rafveitna tjáir sig fylgjandi málinu. Umsagnirnar eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Í ýtarlegri greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, er rakinn undirbúningur málsins heima í héraði, og kemur fram algjör samstaða þeirra fulltrúa, er um málið hafa fjallað af hálfu Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna og Sauðárkrókskaupstaðar.

Í fjárhagsnefnd voru skiptar skoðanir um þetta frumvarp. Hins vegar voru nefndarmenn sammála um nauðsyn þess, að ákvarðanir verði teknar um það hið bráðasta, á hvern veg raforkuvinnslu á Norðurlandi vestra verði hagkvæmlegast fyrir komið.

Raforkumálaráðherra hefur nýverið skipað nefnd til að íhuga að nýju raforkuöflun fyrir Norðurland vestra og Austurland. Fjárhagsnefnd telur eðlilegt, að álit þeirrar nefndar liggi fyrir, áður en Alþingi tekur ákvarðanir um, á hvern hátt leysa beri raforkuþörf einstakra landshluta.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að nefnd þessi skili áliti, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, leggur fjárhagsnefnd til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 16. maí 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Skúli Guðmundsson.	Guðlaugur Gíslason.
	Óskar E. Levy.	

Fylgiskjal I.

ORKUSTOFNUN

1. apríl 1969.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

Norðvesturlandsvirkjun.

Með bréfi, dags. 28. marz 1969, sendir hæstvirt fjárhagsnefnd Orkustofnun til umsagnar frumvarp til laga um Norðvesturlandsvirkjun.

Meginefni frumvarpsins fjallar um skipulagsbreytingu á vinnslu, flutningi og dreifingu raforku í vesturhluta Norðurlands, þ. e. Skagafjarðar- og Húnavatnssýsl-

um. Að undanskildum kaupstöðunum Sauðárkróki og Siglufirði annast Rafmagnsveitur ríkisins nú raforkuiðnaðinn í þessum héruðum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að þessu verði breytt á þann veg, að sérstakt sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga í landshlutum þessum taki við hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins.

Að auki eru í frumvarpinu ákvæði um sérstaka heimild fyrir Norðvesturlandsvirkjun til þess að ráðast í 6 MW virkjun í Svartá í Skagafirði og til að leggja aðalorkuveitur til annarra orkusvæða til öflunar raforku.

Varðandi þetta síðara atriði framkvæmdaheimildar frumvarpsins vill Orkustofnun benda á, að fyrir um það bil tveimur árum gerði stofnunin mjög nákvæman og ýtarlegan samanburð á hagkvæmni Svartárvirkjunar annars vegar og línulögn milli Akureyrar og Sauðárkróks, þ. e. tengingu við Laxársvæðið, hins vegar. Voru niðurstöðurnar lagðar fyrir Raforkunefnd Norður- og Austurlands, sem þá starfaði og vikið er að í greinargerð með frumvarpinu. Voru þær alveg ótvírætt á þá leið, að tenging við Laxársvæðið væri hagkvæmari. Var það og álit allra nefndarmanna, þeirra er sérfróðir mega teljast í raforku- og/eða efnahagsmálum, nema eins, rafmagnsveitustjóra ríkisins, að fremur bæri að velja tengingu við Laxársvæðið. Í frumvarpinu eru ekki færð fram nein rök, er raski niðurstöðu þessarar athugunar. Af þeim sökum telur Orkustofnun heimildarákvæðið til virkjunar Svartár óheppilegt og vill ráða frá samþykkt slíks ákvæðis um valkost, sem nákvæm athugun hefur sýnt að á ekki rétt á sér frá hagkvæmnissjónarmiði og er því ekki í þágu raforkunotenda að valinn sé.

Þessar athuganir Orkustofnunar á hagkvæmni Svartárvirkjunar annars vegar og tengingar við Laxársvæðið hins vegar sýna, að tenging milli þessara landshluta er þegar tímabær eftir þeim forsendum um þróun raforkunotkunar, sem þar var gengið út frá. Eru ekki sjáanleg nein rök gegn því að stíga nú þegar þetta skref til framfara í raforkuiðnaðinum (rafveitumálum), að tengja Norðurland vestra og Norðurland eystra í eitt samveitusvæði, nema þau, að almenn þróun í efnahags- og atvinnumálum Norðurlands vestra kunni að verða mjög hæg næsta áratuginn eða staðna alveg.

Fyrra atriði frumvarpsins, skipulagsbreytingin, er að sjálfsögðu veigamesta atriði þess. Um það vill Orkustofnun láta í ljós þetta álit:

Það er samdóma álit allra dómbærra manna, að þróunin í raforkuiðnaðinum sé hvarvetna í átt til stærri rekstrareininga. Eitt vandamálið í raforkuiðnaði okkar Íslendinga, eins og raunar í efnahagslífi okkar yfirleitt, er einmitt smáar og máttlitlar rekstrareiningar. Jafnvel stærstu raforkufyrirtæki okkar eru lítil, eftir því sem annars staðar gerist, en til þeirra eru þó gerðar — og umfram allt verða gerðar í framtíðinni — sömu kröfur um verð, gæði og þjónustu og til miklu stærri fyrirtækja erlendis. Enda þótt fleira en stærðin ein komi til, er meta skal styrk raforkufyrirtækis og hæfni þess til að veita þjónustu, þá væri það samt barnaskapur að ímynda sér, að stærðin skipti þar ekki verulegu máli.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hluti af starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins sé skilinn frá þeim og sérstöku fyrirtæki — sem ríkið á þó aðild að — verði falin þessi starfsemi. Með öðrum orðum, að núverandi starfsemi Rafmagnsveitnanna verði framvegis í höndum tveggja fyrirtækja í stað eins.

Slík skipan mála væri í beinni andstöðu við þá þróun til stærri rekstrareininga, sem að framan er lýst. Að dómi Orkustofnunar væri slíkt spor aftur á bak — ekki áfram.

Í umræðum um þessi mál hefur verið lögð áherzla á, að nýta þurfi frumkvæði og áhuga heimamanna í raforkumálum. Orkustofnun telur, að þetta frumkvæði og þessi áhugi séu mikilsverðir þættir og geti verið raforkumálunum til mikils framdráttar, ef þeir beinast í réttan farveg. Segja má kannske, að finna þurfi slíkan réttan eða heppilegan farveg. En stofnunin telur það ekki réttan farveg að búta sundur rekstrareiningar í raforkuiðnaðinum, sem þegar eru í minnsta lagi. Slíkt væri að stefna í öfuga átt. Stofnunin telur, að unnt eigi að vera að beina áhuga

og frumkvæði heimamanna — sem vissulega er lofsvert og mikilvægt — inn á jákvæðar brautir til gagns fyrir þróun raforkuiðnaðarins í framtíðinni, í stað þess sem nú er, að þessi viðleitni virðist helzt beinast að því að tefja eða trufla alveg óhjákvæmilega þróun.

Í þessu sambandi vill Orkustofnun geta þess, að henni er kunnugt um, að hjá Rafmagnsveitum ríkisins eru uppi áform, sem sumpart eru komin til framkvæmda, um meiri áhrif heimamanna á stjórn og rekstur Rafmagnsveitnanna með skipun ráðgjafanefnda o. þ. h. Þetta mun þó enn vera mjög í mótun. Orkustofnun telur, að með góðum vilja beggja, forráðamanna Rafmagnsveitnanna og heimamanna, megi finna form á samvinnu, sem báðir geti við unað; form þar sem áhugi og frumkvæði heimamanna fær notið sín í jákvæðu samstarfi við þróun, sem okkur er mjög mikilvægt að fái að ganga sem truflanaminnst, þróun, sem hefur að markmiði sem lægstan raforkukostnað — handa heimamönnum sjálfum í hverju héraði. Orkustofnun er fyrir sitt leyti fús að aðstoða við að finna slíkt samstarfsform. En okkar litlu rekstrareiningar í raforkuiðnaðinum má að dómi hennar með engu móti gera enn minni.

Með hliðsjón af framanrituðu leyfir Orkustofnun sér að ráða frá því að lögfesta frumvarp þetta.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Fylgiskjal II.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

14. apríl 1969.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

Með bréfi fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 28. marz 1969, hefur verið óskað umsagnar um frv. til laga um Norðvesturlandsvirkjun.

Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að benda á eftirfarandi:

1. Raforkukerfi Rafmagnsveitnanna í þessum landshluta nær að austan um 5 km norður fyrir Hofsós og að vestan til Borðeyrar í Strandasýslu. Fyrirhugað er að auka kerfið að austanverðu til tengingar við línur Rafmagnsveitnanna, sem liggja í vesturátt frá Skeiðsfossvirkjun, og enn fremur að auka það vestan Hrútafjarðar, í Strandasýslu til býla í Fellshreppi, Óspakseyrarhreppi og Bæjarhreppi. Hér er því um að ræða hagsmuni sveita víðar en í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

   Á orkuveitusvæðinu, eins og það nú er, eru rafstöðvar Rafmagnsveitnanna Laxárvatnsvirkjun 480 kW vatnsafl og 1000 kW dísilafl, Gönguskarðsárvirkjun 1064 kW vatnsafl og 1200 kW dísilafl og á Skagaströnd 200 kW dísilafl. Samtals 3944 kW.

   Aðalorkuflutningslínur, þ. e. með 30 kV spennu, eru Laxárvatn—Gönguskarðsárvirkjun 40.15 km og Laxárvatn—Víðidalur 34.11 km. Samtals 74.26 km.

   Frumvarpið gerir ráð fyrir, að Norðvesturlandsvirkjun eigi aðeins hluta þessa vinnslu- og aðalflutningskerfis, eða aðeins Laxárvatnsvirkjun, Gönguskarðsárvirkun og tengilínu þar á milli.

   Slíka skiptingu má telja óæskilega með tilliti til heildarrekstrar kerfisins.
2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sveitarfélög sýslnanna verði helmingseigendur að sameignarfyrirtækinu Norðvesturlandsvirkjun.

   Hér mun þá vera um að ræða 31 hreppsfélag, auk Sauðárkrókskaupstaðar, og eru þá ekki meðtaldir þeir 3 hreppar í Strandasýslu, sem tengdir eru — og verða, — inn á kerfið.

   Það verður ekki séð á frumvarpinu né greinargerð, að þessi hreppsfélög hafi gert neinar samþykktir um að taka á sig þær fjárhagslegu skuldbindingar, sem felast í frumvarpinu.

Varðandi þetta atriði má benda á, að með raforkulögum frá 1946 var gert ráð fyrir, að sýslufélög landsins, ásamt með Rafmagnsveitum ríkisins, tækju þátt í rafvæðingu hinna einstöku byggðarlaga. Reynt var þá að haga málum í samræmi við þetta lagaákvæði, en reyndin varð sú, að sýslufélögin voru ófús til að taka á sig þær fjárhagslegu skuldbindingar, sem þessu voru samfara, og lenti því öll rafvæðingin í hlut Rafmagnsveitna ríkisins.

Af þessum sökum var, með tilkomu orkulaga, fellt úr ákvæði um þátttöku sýslufélaga í rafvæðingarmálunum.

Nokkur hætta mun vera á því, að þátttaka hinna mörgu sveitarfélaga, allt að 35 að tölu, á þessu einangraða svæði verði jafnvel enn erfiðari í framkvæmd en sýslufélaganna áður.

3. Varðandi virkjun Svartár má geta þess, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa nú í athugun aukningu raforkuvinnslu fyrir Norðvesturland frá innlendum orkulindum. Í þessu sambandi kemur til athugunar, auk virkjunar Svartár, tenging við kerfi Laxárvirkjunar, eða virkjun í Húnavatnssýslu, t. d. virkjun Víðidalsár, sem mun verða nokkru orkumeiri en Svartá, eða jarðvarmavirkjun. Í sambandi við þessi mál verður að taka nokkurt tillit til þess öryggisatriðis að hafa orkuvinnslu á vesturhluta svæðisins, en segja má, að Vestur-Húnavatnssýsla sé allafskipt í þessum efnum, svo og áðurnefnd svæði Strandasýslu. Eins og áður er getið, er virkjun nú þegar í Skagafjarðarsýslu og önnur í Austur-Húnavatnssýslu. Ef litið er til nefndra öryggismála einna, má telja, að virkjun Svartár sé frekar fyrir Sauðárkrók og Skagafjarðarsýslu, en síður fyrir Húnavatnssýslu og vesturhluta hennar.
4. Ef áðurnefndur þáttur raforkukerfis Norðvesturlands verður slitinn úr tengslum við heildarkerfið, með Norðvesturlandsvirkjun, standa eftir tveir aðilar um dreifingu og sölu, en það er Rafveita Sauðárkróks um sölu innan bæjarmarka Sauðárkróks og Rafmagnsveitur ríkisins á öðrum svæðum sýslnanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hin einstöku sveitarfélög kunni að stofna sérstakar héraðsrafmagnsveitur, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins nú annast sölu og dreifingu, og að Norðurlandsvirkjun geti um lengri eða skemmri tíma tekið að sér rekstur þeirra.

   Nú er allverulegur mismunur á kostnaði við dreifingu og sölu í þéttbýli og strjálbýli. Í þessum efnum stendur Sauðárkrókur bezt að vígi, og þar næst koma minni þéttbýliskjarnar, svo sem Blönduós. Önnur svæði kjördæmisins standa verr að vígi. Við sundurgreiningu í smærri rafveitueiningar verður hætta á mismunandi raforkuverði í hinum einstöku byggðarlögum.

   Við núverandi skipan þessara mála er sama raforkuverð, verðjöfnun alls staðar á landinu, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa á hendi dreifingu og sölu, þ. e. í öllu dreifbýli landsins. Hins vegar er Sauðárkrókur og fleiri kaupstaðir utan þessa verðjöfnunarsvæðis, því þeir hafa sínar eigin bæjarrafveitur og ákveða útsöluverð sitt eftir tilkostnaði og ákvörðun bæjarstjórna á hverjum stað. Undantekningarlaust er tilkostnaður bæjarrafveitna lægri en á dreifbýlissvæðum Rafmagnsveitna ríkisins.
5. Rafveita Sauðárkróks nýtur nú þeirrar sérstöðu að geta selt raforkuna við lægra verði en gildir annars staðar í sýslunum. Þetta stafar annars vegar af því, að ódýrara er að dreifa raforku innan þéttbýlis eins kaupstaðar en í dreifðum byggðum sveitanna, og hins vegar af því, að Rafmagnsveitur ríkisins selja Rafveitu Sauðárkróks raforkuna undir kostnaðarverði, og töluvert lægra en inn á dreifikerfi Rafmagnsveitnanna sjálfra um sýslurnar.

   Til þess síðarnefnda eru ástæður þessar:

   Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í heildsölu til 16 bæjarrafveitna í landinu, og er eitt og sama heildsöluverð látið gilda til allra þeirra. Þetta heildsöluverð er hins vegar nær eingöngu ákveðið út frá kröfum bæjarrrafveitna á Suðvesturlandi, sem ekki vilja sætta sig við mjög hærra verð en Reykjavík

nýtur, en hún fær raforku í heildsölu frá Landsvirkjun, flutta að sínum bæjardyrum, án sérstaks reiknaðs kostnaðar við flutning raforkunnar.

Þetta heildsöluverð, þannig miðað við Suðvesturland, er síðan látið gilda til annarra bæjarrafveitna í landinu, óháð tilkostnaði á hverjum stað, og er þar Rafveita Sauðárkróks í flokki með raforkuinnkaupum undir kostnaðarverði þeirrar raforkuvinnslu, sem á sér stað í sýslunum.

Fyrir Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, og raunar einnig fyrir Sauðárkrók til frambúðar, er það meira hagsmunamál að stuðla að einu og sama raforkuverði í kjördæminu, frekar en að stofna til þeirrar misjöfnunar, sem óhjákvæmilega mun sigla í kjölfar þeirrar tilhögunar, sem hugsuð er með stofnun Norðvesturlandsvirkjunar.

6. Til hliðsjónar um hugmyndina um Norðvesturlandsvirkjun hefur verið bent á Andakílsárvirkjun, sem er sameign sýslusjóðs Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraneskauptúns. Þess er þó að geta, að sú virkjun hefur ekki tekið þátt í rafvæðingu dreifbýlis í sveitum sýslnanna. Það hafa Rafmagnsveitur ríkisins annazt, en þrátt fyrir eignarhluta sýslnanna í virkjuninni selur hún raforkuna á hærra verði inn á strjálbýliskerfi sýslnanna en til Akraness og Borgarness, auk þess sem virkjunin tekur ekkert aukagjald fyrir flutning orkunnar til þessara tveggja kauptúna.

Hér er eigendum mismunað og þéttbýlinu ívilnað á kostnað dreifbýlisins.

7. Eitt mjög mikilvægt mál í öllum rafveiturekstri er öryggi gegn truflunum og straumrofi, en slíkt getur, sem kunnugt er, valdið miklu tjóni við hvers konar starfrækslu, sem háð er raforku. Það ber því brýna nauðsyn til, að þeir, sem starfa við gæzlu og viðhald raforkumannvirkja, hafi sem víðtækasta þekkingu og reynslu í þessum efnum.

Lítið raforkufyrirtæki á mjög erfitt með, vegna kostnaðar, að hafa á að skipa starfsliði til þessara hluta.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa byggt og starfrækt 35 rafstöðvar og nálægt 5000 km af háspennulínum víðs vegar um landið. Staðarmenn annast gæzlu þessara mannvirkja, en sérþjálfaðir menn Rafmagnsveitnanna heimsækja á vissum fresti allar rafstöðvar þeirra til eftirlits, viðhalds og stillingar hinna margbrotnu tækja, sem í stöðvunum eru. Þessir menn fá því meiri þjálfun og afla sér víðtækari þekkingar á stöðvar- og línubúnaði en hægt er að vænta að aðrir menn hér á landi öðlist. Truflanir og straumrof vegna sjálfs rafstöðvarrekstrarins eru því mjög fátitt fyrirbrigði hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Stofnun sérstaks fyrirtækis, Norðvesturlandsvirkjunar, úr tengslum við þetta kerfi Rafmagnsveitnanna, gæti því á þessu sviði haft alvarlegar afleiðingar.

8. Þegar rekstrareiningar eru litlar, skapast margvísleg vandamál, sem hagkvæmara er að leysa úr við stærri rekstrarheildir.

Hér má telja hvers konar birgðamál, varaefni í búnað rafstöðva og orkuflutningskerfi, skýrslugerðir og margvísleg fjárhags- og bókhaldsmál.

Þar sem stórar rekstrarheildir eru, þarf minni tilkostnað á hverjum stað, en hver staður nýtur þess fjárhagslega að vera liður í stærra orkuvinnslu- og orkuveitukerfi.

9. Það hefur verið bent á, að tengsli milli raforkukaupenda og stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins séu ekki svo náin sem æskilegt væri og þess vegna sé hagkvæmara að hafa sérstaka rafveitu í hverju héraði, og mun þetta vera ein af ástæðum til framkomu þessa frumvarps.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa að undanförnu unnið að því að ráða bót á þessu og unnið að skipulagsbreytingum í því skyni.

Rafmagnsveitum hefur nú verið skipt í rekstrarsvæði, eftir kjördæmum, og verður skipaður rafveitustjóri fyrir hverju, búsettur á viðkomandi svæði. Þessi skipan er þegar á komin í þremur kjördæmum landsins.

Til enn nánari tengsla við notendur er hverju kjördæmi skipt í undirsvæði með svonefndum rafveitustjóra II fyrir hverju.

Þá hefur enn fremur, í samræmi við orkulög frá 1967, verið ákveðið að tilnefna ráðgjafanefnd Rafmagnsveitnanna, skipaða einum manni frá hverju kjördæmi, búsettum þar, en hlutverk nefndarinnar er að koma á framfæri við yfirstjórn Rafmagnsveitnanna hvers konar ábendingum um málefni, sem þeir og almennir raforkukaupendur kynnu að telja, að betur mættu fara í raforkumálum hvers héraðs eða þeirra í heild. Nefnd þessi verður skipuð af ráðherra eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Með þessari skipulagsbreytingu má vænta þess, að hlutur Norðvesturlands í raforkumálum verði ekki fyrir borð borinn.

10. Þróun í raforkumálum allra landa Evrópu hefur stefnt í þá átt að sameina þessi mál í stærri heildir en áður var. Í þeim efnum má vísa til meðfylgjandi greinargerðar „Um skipulag raforkuiðnaðar í ýmsum löndum Evrópu".

Sem dæmi um slíka þróun má benda á, að í Danmörku voru árið 1936 starfandi 540 rafveitur, en á árinu 1966 var tala þeirra komin niður í 175. Í Englandi, Írlandi, Frakklandi og Ítalíu hefur þróunin runnið sitt skeið á enda, og er þar í hverju landi aðeins ein rafveita.

Slík þróun hefur skapazt af hagkvæmnisástæðum, þegar raforkukerfin hafa aukizt og tengzt saman og nauðsynlegt orðið að starfrækja þau sem eina heild. Þessi þróun hefur einnig orðið sem afleiðing vaxandi krafna íbúanna um eitt og sama raforkuverð, hvar sem þeir eru búsettir í landinu. Reynslan var áður sú, að þar sem mörg raforkufyrirtæki voru starfandi, voru jafnmörg mismunandi raforkuverð, því hvert þeirra hafði mismunandi hagstæða aðstöðu til raforkuöflunar og dreifingar, auk ýmissa annarra atriða bundinna sjónarmiðum eigenda.

Það verður ekki annað séð en að frumvarpið um Norðvesturlandsvirkjun stefni í andstæða átt við þá þróun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum, þar sem til þekkist í öðrum löndum. Enn fremur má telja mjög sennilegt, að samþykkt frumvarpsins verði til þess að auka ójöfnuð í raforkuverði til notenda, sérstaklega til hækkunar í Húnavatnssýslu og á vestasta hluta svæðisins. Afleiðingin mundi einnig almennt verða örvun til þeirra staða víðar á landinu, sem góða aðstöðu hafa til raforkuöflunar og dreifingar, um að skera sig út úr heildarkerfi, til tjóns fyrir þá, sem við lakari aðstöðu búa.

Virðingarfyllst,

Valgarð Thoroddsen.

Fylgiskjal III.

SAMBAND ÍSLENZKRA RAFVEITNA

Reykjavík, 9. apríl 1969.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Stjórn Sambands íslenzkra rafveitna þakkar bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 28. marz 1969, þar sem óskað er umsagnar SÍR um frumvarp til laga um Norðvesturlandsvirkjun.

Stjórnin sendir yður hjálagt umsögn um stofnun Norðvesturlandsvirkjunar, sem Steingrímur Jónsson, f. rafmagnsstjóri, hefur tekið saman að beiðni stjórnarinnar. Mælir meiri hluti stjórnarinnar með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar SÍR

Haukur Pálmason.

Umsögn um stofnun Norðvesturlandsvirkjunar.

Lagt hefur verið fram fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp til laga um Norðvesturlandsvirkjun (190. mál, 1969). Er hugmyndin með því sú, að Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur ásamt Skagafjarðarsýslu og kaupstaðnum Sauðárkróki stofni í sameiningu rafvæðingarstjórn innan héraðs, að hálfu á móti ríkisstjórninni. Má segja, að fyrirmynd sé fyrir þessari tilhögun hér á landi, þar sem er Andakílsárvirkjunin, enda þótt ríkissjóður sé þar eigi þátttakandi.

Fyrir Alþingi 1966 var lagt fram frumvarp til laga um Austurlandsvirkjun (93. mál, 1966), þar sem ætlunin var á sama hátt, að sýslur og kaupstaðir á Austurlandi ásamt ríkisstjórninni tækju að sér að koma upp raforkuverum og veitum um svæðið og annast rekstur þeirra. Það frumvarp dagaði uppi, enda höfðu aðilar í héraði ekki tekið afstöðu til þessa samstarfs, þegar frumvarpið var borið fram.

Þá hefur einnig verið lagt fram á Alþingi áður frumvarp til laga um virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði, þar sem Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur tækju að sér, með ábyrgð ríkissjóðs, að annast byggingu og rekstur Reykjafossvirkjunar fyrir héraðið. Það frumvarp dagaði einnig uppi. Má segja, að núverandi frumvarp sé framhald þessa virkjunarfrumvarps, en með þeirri framför, að Húnavatnssýslurnar eru með í fyrirtækinu, enda er þegar komin á samveita þar í milli undir stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. Þetta frumvarp er og framför frá hinu fyrra um Austurlandsvirkjun að því leyti, að aðilar innan héraðsins eru sammála um þetta samstarf.

Frumvarp þetta ber vott um mikinn áhuga héraðsstjórna um að efla rafvæðingu innan héraðs og að þeim þykir seint ganga framkvæmdir í því efni í höndum Rafmagnsveitna ríkisins. Eru héraðsstjórnir þessar reiðubúnar til að taka þátt í framkvæmdum á þessu sviði að sínu leyti. Ber að fagna þeim áhuga og, ef svo mætti segja, virkja hann, til þess að allir aðilar sameinist um framkvæmdirnar, en ekki verði áfram haldið, eins og nú, að Rafmagnsveitur ríkisins standi einar að þessu, því þótt stjórnendur þeirra séu allir af vilja gerðir um að efla þróunina sem bezt, þá verður þeim ekki unnt að fullnægja öllum þörfum í þessu efni nema fleiri aðilar komi til, og allir tiltækir kraftar verða að sameinast um framgang rafvæðingarinnar.

Samband íslenzkra rafveitna (SÍR) hefur í meira en áratug rætt þessi mál á fundum sínum, og hafa skoðanir verið skiptar um stjórn og tilhögun framkvæmda í þessu mikla fyrirtæki, sem er rafvæðing Íslandsbyggða. Hefur einkum borið á milli tilhögun á stjórn héraðsveitnanna, og hefur meiri hluti stjórnar SÍR og fulltrúa rafveitnanna verið á þeirri skoðun, að stjórn héraðsveitnanna ætti að vera í höndum héraðsstjórnanna sjálfra, einkum að því er varðar sölu og umsjón með dreifingu orkunnar innanhéraðs, en hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins yrði fremur á sviði orkuöflunar frá hagstæðum virkjunum og orkuflutning frá þeim til héraðsveitnanna, að svo miklu leyti sem héruðin gætu ekki annazt orkuöflunina sjálf. Enn fremur yrði hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins að sjá um samrekstur milli veitukerfa héraðanna um aðalorkuflutningslínur, þegar þær kæmu til, eftir því sem þróunin innan einstakra héraða krefst.

Þá hefur einnig, einkum hin síðari árin, borið á öðrum ágreiningi, um virkjunarstaði, og málum blandað saman við stórvirkjanir, á okkar mælikvarða, til orkufreks iðnaðar. Að vísu geta nálægir landshlutar stórvirkjana notið góðs af þeirri orkuöflun við rafvæðingu sína, en rafvæðing byggðanna, sem fjær liggja, má ekki byggja á langlínum einum, án virkjana í héruðum víða í landinu, þar sem hagstæð virkjunarskilyrði eru.

Eitt slíkt hérað er Norðvesturland. Þótt Laxá úr Mývatni yrði virkjuð til fulls og línur lagðar þaðan til Norðvesturlands, mundi virkjun innanhéraðs, helzt á fleiri stöðum, verða því meiri nauðsyn sem lengur líður, og notendur verða háðari raforkunni í daglegum störfum. Þótt sums staðar hagi svo til, að áhöld verði um, hvort lína skuli koma annars staðar að eða virkjun í héraði, þá verður víst, að hvort tveggja þarf að koma, þegar til lengdar lætur.

Það er ekki ágreiningur um það, að dísilstöðvar eru hentugar til vara og nauðsynlegar í því skyni í viðáttumiklu veitukerfi, en þær eru ekki æskilegar til orkuöflunar að öðru leyti en því að aðstoða í vatnsþurrðarárum og til að vinna upp orkumarkaðinn tiltölulega stutt tímabil. Eru allir á einu máli um það, að rafvæðinguna beri að byggja fyrst og fremst á innlendri orku og þá einkum frá vatnsafli, sem nóg er fyrir um allt land, og þegar að því kemur, á jarðvarma, þar sem hann er tiltækur. Hann hefur þann kost, sem dísilvélarnar hafa, að aukningarnar má gera í tiltölulega smáum skrefum og þá að sama skapi viðráðanlegri, eftir því sem orkunotkunin vex.

Í fylgiskjali með þessari umsögn er gerð áætlun um vöxt orkuþarfarinnar innanhéraðs á Norðvesturlandi. Má af henni sjá, að mikið starf er fyrir höndum til að vinna fyrir eflingu rafvæðingarinnar innanhéraðs, sem telja má að stjórn Norðvesturlandsvirkjunar geti unnið að ötullegar í þágu héraðsins en Rafmagnsveitur ríkisins eru færar um að gera í þágu þessa héraðs sérstaklega, þegar þær þurfa jafnframt að líta til annarra landshluta. Má einnig orða þetta svo, að með þessari skipan, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, má ná auknum framkvæmdum í rafvæðingu landsins en Rafmagnsveitur ríkisins eru færar um með einni miðstjórn.

Það má þó ekki búast við góðum árangri með þessari skipan, nema Orkumálastjórn ríkisins og ríkisstjórnin sjálf veiti henni stuðning og verði fúsar til að auka þau framlög, sem þurfa til hraðari framkvæmda fyrir héraðið.

Um frumvarpið sjálft er óþarfi að fara mörgum orðum. Í 5. grein er heimilt að leggja aðalorkuveitur til tengingar við önnur orkuveitusvæði ... og gera gagnkvæma samninga ... við önnur virkjunarfyrirtæki. Þetta atriði er, þegar fram í sækir, mikilvægara en svo, að það sé aðeins heimild, þegar samveitukerfi er á komið milli héraða. Mætti jafnvel setja þetta samstarfsákvæði inn sem 5. lið í tilgangi fyrirtækisins, en hann er talinn í 2. gr. Mætti t. d. bæta við: 5. að hafa samstarf við Rafmagnsveitur ríkisins og nágrannahéruð um samrekstur rafveitnanna um orkuflutning til eða frá Norðvesturlandsvirkjun.

Þá má segja, að í 6. gr. sé fullþröngt tiltekið um aðeins eitt: „6 MW orkuver í Svartá eða öðru fallvatni.“ Samkvæmt orkuspánni á þetta aðeins við um fyrstu virkjun, en nær ekki til síðari virkjana, sem þó þurfa að koma.

Það má fara um þetta mál fleiri orðum og ræða það frá ýmsum hliðum, svo sem þeirri, að ef þessi héraðsstjórn Norðvesturlandsvirkjunar yrði skipuð, mundi Austurlandsveitan koma á eftir, svo ekki sé lengra rakið. En orsökin fyrir því, að þessar óskir koma fram, er í rauninni sú, að of lengi hafa dregizt framkvæmdir vatnsaflsvirkjana úti um landið. Hafa engar virkjanir verið framkvæmdar þar um mörg ár á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, fyrr en nú í ár, Smyrlabjargaá í Hornafirði, eftir mikinn drátt, en héruðin búa víða við raforku af tiltölulega skornum skammti, sem sums staðar er aflað með dísilorku að hlutfallslega miklu leyti. Hefur þessi dráttur á virkjunarframkvæmdum orðið til þess, að nú er komin mikil þörf á að virkja á fleiri stöðum í senn, bæði á Austur- og Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi. Æskilegast hefði verið, að þetta hefði getað gerzt jafnara og hver virkjunin rekið aðra, í stað þess að þurfa að vera á ferðinni með margar í senn.

Þótt frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, sé ekki ætlað að leysa þetta mál nema fyrir einn landshluta, er það þó spor í áttina til aukinna framkvæmda, sem nauðsyn ber til að styðja og efla.

Reykjavík, 5. apríl 1969.

Steingrímur Jónsson.

Til stjórnar Sambands íslenzkra rafveitna, Reykjavík.

Sþ. **799. Fjáraukalög** [221. mál]

fyrir árið 1967.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 495.

Nd. **800. Nefndarálit** [249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á nokkrum mínútum í heilbrigðis- og félagsmálanefnd í dag var frv. tekið til athugunar. Auk nefndarmanna sátu fundinn félagsmálaráðherra og Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndar, er skipuð var af félagsmálaráðherra 19. febr. s.l. til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun.

Var upplýst á fundinum, að nefnd þessi hefði ekki lokið verkefni sínu, en nauðsyn bæri til þess að fá þetta frv. samþ. á þessu þingi, þar sem bráðabirgðalög nr. 81/1968 væru meingölluð. Kom enginn ágreiningur fram um það atriði.

Í nefndinni var meiri hluti fyrir því að fella niður það ákvæði í b-lið 2. gr. frv., að skólafólk í skólaleyfum geti notið atvinnuleysisbóta að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þetta þýðir, að skólafólk, sem ekki hefur lokið námi og enga sumaratvinnu fær, er útilokað frá því að njóta atvinnuleysisbóta. Þó hefur verið í það látið skína af talsmönnum ríkisstjórnarinnar, að sú leið væri í athugun til þess að hjálpa framhaldsskólanemum með að halda áfram námi, ef við atvinnuleysi væri að stríða.

Ég tel aðdraganda og undirbúningi þessa frv. þann veg farið, að ég vil ekki styðja það. Bráðabirgðalögin nr. 81/1968, sem nú eru talin svo gölluð, að ekki megi láta þau halda gildi sínu, þar til endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar lýkur, eru sett af félagsmálaráðherra nokkrum dögum eftir að þingmenn fóru í jólaleyfi. Hafa þau nú verið í gildi tæpa 5 mánuði og þá væntanlega á ábyrgð þess þingmeirihluta, er ráðherrann styður. Sá þingmeirihluti nægir til þess að koma þessu frv. í gegn án aðstoðar annars staðar frá.

Auk þess tel ég þá breytingu, sem meiri hlutinn varð sammála um að gera á frv. og vikið er að hér að framan, ósanngjarna. Gert er ráð fyrir, að endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar ljúki það tímanlega, að nýtt frv. um þau efni komi fyrir næsta þing. Með vísan til þess og svo þeirrar staðreyndar, að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur ekkert sérstakt verið gert til þess að bæta úr atvinnuskorti framhaldsskólanema, tel ég, að réttlætanlegt sé að greiða atvinnuleysisbætur í sumar til framhaldsskólanema í námi.

Alþingi, 16. maí 1969.

Jón Skaftason.

Nd. 801. Frumvarp til laga [249. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 666 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

15. gr. hljóði svo:

Rétt til bóta samkv. lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:

a. eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.

b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu í a. m. k. 1144 dagvinnustundir, eða 572 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfsdagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kauptaxta verkalýðsfélaga eða kjarasamningi. Bótaþegi, sem fullnægir ákvæðum þessa stafliðs, missir ekki rétt sinn til bóta, þó að hann taki starfi, sem ekki er tryggingaskylt samkv. lögum þessum, og stundi það allt að 24 mánuðum. Bótaréttur glatast heldur ekki þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Enginn getur þó öðlazt bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingarskyld, eða atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans. Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði. Sá sem öðlast bótarétt, samkvæmt grein þessari, heldur honum, þó að hann síðar fullnægi ekki ákvæði þessa stafliðs um vinnustundun vegna skráðs atvinnuleysis á tímabilinu. Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.

c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum, eða í 9 daga virka, ef um algert og samfellt atvinnuleysi er að ræða. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

